ÍSLENSK útgáfa

EES-viðbætir

við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 55

22. árgangur

17.9.2015

I EES-STOFNANIR

1. Sameiginlega EES-nefndin

2015/EES/55/01 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 349/2011 frá 11. apríl 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1338/2008 um hagskýrslur Bandalagsins um lýðheilsu og heilbrigði og öryggi á vinnustað, að því er varðar tölfræðigögn um vinnuslys 1

2015/EES/55/02 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 24. apríl 2014 um að samþykkja ekki tiltekin sæfandi, virk efni samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (2014/227/ESB) 7

2015/EES/55/03 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 18. nóvember 2011 um að koma á reglum og reikniaðferðum til að sannreyna að staðið sé við markmiðin sem sett eru í 2. mgr. 11. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB (2011/753/ESB) 10

2015/EES/55/04 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 18. mars 2014 um tilhögun tímabundinnar tilraunar varðandi tilteknar undanþágur sem varða markaðssetningu á stofnum plöntutegundanna hveitis, byggs, hafra og maíss samkvæmt tilskipun ráðsins 66/402/EBE (2014/150/ESB) 16

2015/EES/55/05 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 25. júní 2014 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir dífeþíalóni og dífenakúmi til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 (2014/397/ESB) 24

2015/EES/55/06 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 25. júní 2014 varðandi takmarkanir á leyfum fyrir sæfivörum sem innihalda 3-joð-2-própýnýlbútýlkarbamat (IPBC) sem Þýskaland tilkynnti um í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB (2014/402/ESB) 26

2015/EES/55/07 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 15. maí 2014 um að heimila aðildarríkjum að framlengja bráðabirgðaleyfi sem voru veitt fyrir virku efnunum pínoxadeni og meptýldínókapi (2014/289/ESB) 29

2015/EES/55/08 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 23. júní 2014 um frekari fyrri losun frá flugi og viðbótarlosunarheimildir vegna flugs með tilliti til aðildar Króatíu að Evrópusambandinu (2014/389/ESB) 31

2015/EES/55/09 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 3. apríl 2014 um breytingu á ákvörðun 2009/821/EB að því er varðar skrárnar yfir skoðunarstöðvar á landamærum og dýralæknaeiningar í Traces-tölvukerfinu (2014/187/ESB) 34

2015/EES/55/10 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 7. júlí 2014 um breytingu á ákvörðun 2003/467/EB að því er varðar yfirlýsingu um að Eistland sé opinberlega laust við smitandi hvítblæði í nautgripum (2014/441/ESB) 39

2015/EES/55/11 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 31. júlí 2014 um leyfi fyrir rannsóknarstofur í Suður-Kóreu til að framkvæma sermiprófanir til að vakta skilvirkni bóluefna við hundaæði (2014/514/ESB). 41

2015/EES/55/12 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20. mars 2014 um að fella úr gildi skrár yfir starfsstöðvar í þriðju löndum þaðan sem aðildarríkin heimila innflutning á tilteknum afurðum úr dýraríkinu sem eru samþykktar á grundvelli ákvörðunar ráðsins 95/408/EB (2014/160/ESB) 43

2015/EES/55/13 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 13. júní 2014 um breytingu á ákvörðun 2009/109/EB um tilhögun tímabundinnar tilraunar varðandi tilteknar undanþágur sem varða markaðssetningu á fræblöndum sem eru ætlaðar til notkunar sem fóðurjurtir samkvæmt tilskipun ráðsins 66/401/EBE (2014/362/ESB) 48

2015/EES/55/14 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 8. október 2014 um breytingu á I. og II. viðauka við ákvörðun 2004/558/EB að því er varðar að samþykkja varnaráætlun til að útrýma smitandi nef- og barkabólgu í nautgripum í Belgíu og staðfestingu á því að sambandsríkið Thüringen í Þýskalandi hafi þá stöðu að það sé laust við smitandi nef- og barkabólgu í nautgripum (2014/703/ESB) 50

2015/EES/55/15 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20. október 2014 um breytingu á ákvörðun 2007/453/EB að því er varðar stöðu Búlgaríu, Eistlands, Króatíu, Lettlands, Lúxemborgar, Ungverjalands, Möltu, Portúgal og Slóvakíu með tilliti til kúariðu (2014/732/ESB). 53

2015/EES/55/16 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 29. október 2014 varðandi takmarkanir á leyfum fyrir sæfivörum sem innihalda 3-joð-2-própýnýlbútýlkarbamat (IPBC) og própíkónasól sem Þýskaland tilkynnti um í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB (2014/756/ESB) 57

2015/EES/55/17 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/103/ESB frá 21. nóvember 2014 um þriðju aðlögun á viðaukunum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB um flutning á hættulegum farmi á landi og skipgengum vatnaleiðum að framförum á sviði vísinda og tækni 60

2015/EES/55/18 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 9. október 2014 um breytingu á ákvörðun 2003/467/EB að því er varðar yfirlýsingu um að tiltekin svæði í Póllandi séu opinberlega laus við smitandi hvítblæði í nautgripum (2014/708/ESB) 62

2015/EES/55/19 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 18. apríl 2013 um ársskýrslur um skoðanir án mismununar sem fara fram samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2005 um vernd dýra í flutningi og tengdar aðgerðir og um breytingu á tilskipunum 64/432/EBE og 93/119/EB og reglugerð (EB) nr. 1255/97 (2013/188/ESB). 65

2015/EES/55/20 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/249 frá 10. febrúar 2015 um framlengingu á gildistíma ákvörðunar 2006/502/EB þar sem þess er krafist að aðildarríkin geri ráðstafanir til að tryggja að einungis barnheldir kveikjarar verði settir á markað og banni að kveikjarar með óhefðbundið útlit verði settir á markað . . . 73

2015/EES/55/21 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/45/ESB frá 3. apríl 2014 um reglubundnar prófanir á akstursháfni vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra og um niðurfellingu á tilskipun 2009/40/EB 75

2015/EES/55/22 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 frá 26. nóvember 2014 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði (endurútgefin) 153

2015/EES/55/23 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 13. júní 2014 um breytingu á ákvörðun 2007/742/EB um rafknúnar eða gasknúnar varmadælur eða gasísogsvarmadælur (2014/363/ESB) . . . 347

2015/EES/55/24 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 frá 20. september 2001 um ítarlegar reglur um að gera tilteknar upplýsingar aðgengilegar almenningi og um verndun upplýsinga sem lagðar eru fram samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 . . . 349

2015/EES/55/25 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/640 frá 23. apríl 2015 um viðbótarlofthæfisforskriftir fyrir tiltekna tegund starfrækslu og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 . . . 351

2015/EES/55/26 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 6. desember 2013 um að ákvarða snið til að tilkynna upplýsingar varðandi samþykki og umtalsverðar breytingar á úrgangsstjórnunaráætlunum og áætlunum um forvarnir gegn myndun úrgangs (2013/727/ESB) . . . 356

2015/EES/55/27 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/394 frá 10. mars 2015 um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið túlatrómýsín . . . 361

2015/EES/55/28 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/490 frá 23. mars 2015 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 297/95 að því er varðar leiðréttingu á gjöldum til Lyfjastofnunar Evrópu með tilliti til verðbólgu . . . 364

2015/EES/55/29 Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/573 frá 30. janúar 2015 um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í pólývínýlklóríðnema í lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum . . . 367

2015/EES/55/30 Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/574 frá 30. janúar 2015 um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir kvikasilfur í kerfi til innæðaómskoðunar, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum . . . 369

2015/EES/55/31 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 317/2014 frá 27. mars 2014 um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi efnum sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) . . . 371

2015/EES/55/32 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/628 frá 22. apríl 2015 um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi blýi og efnasamböndum þess) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) . . . 375

2015/EES/55/33 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/326 frá 2. mars 2015 um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi fjölhringa, arómatískum vetniskolefnum og þalötum) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2009 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) . . . 379

2015/EES/55/34 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/140 frá 29. janúar 2015 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 að því er varðar starfsfrið í stjórnklefa og leiðréttingu þeirrar reglugerðar . . . 382

2015/EES/55/35 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/310 frá 26. febrúar 2015 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 29/2009 um kröfur um gagnatengingaþjónustu fyrir samevrópska loftrýmið og um niðurfellingu framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 441/2014. 388

2015/EES/55/36 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/18/ESB frá 4. júlí 2012 um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna og um breytingu og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 96/82/EB 391

2015/EES/55/37 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/19/ESB frá 4. júlí 2012 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang (endurútgefin) 428

2015/EES/55/38 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1708/2005 frá 19. október 2005 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 að því er varðar sameiginlegt vísitölutímabil samræmdrar vísitölu neysluverðs og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2214/96 462

2015/EES/55/39 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 698/2006 frá 5. maí 2006 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 530/1999 að því er varðar gæðamat á hagskýrslum um uppbyggingu launa og launakostnaðar 464

2015/EES/55/40 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/99/EB frá 19. nóvember 2008 um vernd umhverfisins með refsiákvæðum 470

2015/EES/55/41 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/123/EB frá 21. október 2009 um breytingu á tilskipun 2005/35/EB um mengun sem á upptök sín um borð í skipum og innleiðingu viðurlaga við brotum. 480

2015/EES/55/42 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 12. nóvember 2013 um vöktun og skýrslugjöf varðandi þol gegn sýkingalyfjum hjá bakteríum, sem valda sjúkdómi sem berst milli manna og dýra, og hjá gistilífsbakteríum (2013/652/ESB). 484

2015/EES/55/43 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 14. nóvember 2012 um sameiginlegt snið fyrir framlagningu upplýsinga samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/63/ESB um vernd dýra sem eru notuð í vísindaskyni (2012/707/ESB). 498

2015/EES/55/44 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 28. mars 2014 um breytingu á ákvörðun 98/536/EB að því er varðar skrána yfir landsbundnar tilvísunarrannsóknarstofur (2014/745/ESB) 516

2015/EES/55/45 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/416 frá 12. mars 2015 um að samþykkja dínótefúran sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 . . 526

2015/EES/55/46 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/417 frá 12. mars 2015 um að samþykkja *Bacillus sphaericus* 2362, sermigerð H5a5b, stofn ABTS1743, sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 529

2015/EES/55/47 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/489 frá 23. mars 2015 um leyfi fyrir selenmeþíóníni, sem er framleitt með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R645, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir 532

2015/EES/55/48 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/502 frá 24. mars 2015 um leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R404 sem fóðuraukefni fyrir mjólkurkýr (handhafi leyfis er Micro Bio-System Ltd). 536

2015/EES/55/49 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/518 frá 26. mars 2015 um leyfi fyrir blöndu með *Enterococcus faecium* NCIMB 10415 sem fóðuraukefni fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur, aukategundir alifugla til eldis og aukategundir alifugla sem eru aldar til varps og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 361/2011 að því er varðar samrýmanleika við hnísalyf (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi er DSM Nutritional products Sp. z o.o) 539

2015/EES/55/50 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/553 frá 7. apríl 2015 um samþykki fyrir virka efninu serevísan, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 542

2015/EES/55/51 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/108/ESB frá 12. desember 2014 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB að því er varðar skrána yfir varnartengdar vörur 545

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III ESB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 349/2011 **2015/EES/55/01**

frá 11. apríl 2011

um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1338/2008 um hagskýrslur Bandalagsins um lýðheilsu og heilbrigði og öryggi á vinnustað, að því er varðar tölfræðigögn um vinnuslys (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1338/2008 frá 16. desember 2008 um hagskýrslur Bandalagsins um lýðheilsu og heilbrigði og öryggi á vinnustað ([1]), einkum 1. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 1338/2008 var settur sameiginlegur rammi fyrir kerfisbundna hagskýrslugerð í Evrópu um lýðheilsu og heilbrigði og öryggi á vinnustað.

2) Framkvæmdarráðstafanir er nauðsynlegar skv. 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1338/2008 til að ákvarða gögnin og lýsigögnin sem veita á um vinnuslys, sem falla undir IV. viðauka við þá reglugerð, og einnig til að ákvarða viðmiðunartímabil, millibil og tímamörk um útvegun gagna.

3) Trúnaðargögn sem aðildarríki senda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) skulu meðhöndluð í samræmi við meginreglu um trúnaðarkvaðir í hagskýrslum, eins og mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 frá 11. mars 2009 um evrópskar hagskýrslur ([2]) og í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([3]).

4) Kostnaðar- og ábatagreining hefur farið fram og verið metin í samræmi við 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1338/2008.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) ‚Vinnuslys': einstakt atvik sem verður meðan á vinnu stendur og leiðir til líkamlegs eða andlegs tjóns. Orðasambandið ‚meðan á vinnu stendur': þegar atvinnustarfsemi er stunduð eða þegar á vinnutíma stendur. Í þessu felast umferðarslys sem verða á vinnutíma en undanskilin eru ferðaslys til og frá vinnu, þ.e. umferðarslys sem verða á leiðinni milli heimilis og vinnustaðar,

b) ‚banaslys': slys sem leiðir til andláts tjónþola innan árs frá því að slysið varð,

c) ‚atvinnustarfsemi vinnuveitandans': helsta ‚atvinnu'starfsemi á starfsstöð í fyrirtæki tjónþolans,

d) ‚aldur': aldur tjónþola þegar slysið varð,

e) ‚tegund áverka': líkamlegar afleiðingar fyrir tjónþola,

f) ‚landfræðileg staðsetning": svæðisbundin eining þar sem slysið hefur orðið,

g) ‚stærð fyrirtækisins': fjöldi starfsmanna (samsvarar fullum störfum) sem starfa á starfsstöð fyrirtækis tjónþola,

h) ‚þjóðerni tjónþola': ríkisfangsland,

i) ‚dagar frá vinnu': fjöldi almanaksdaga þar sem tjónþoli er óvinnufær vegna afleiðinga vinnuslyss,

j) ‚vinnustöð': hefðbundið eða, að öðrum kosti, tímabundið eðli stöðu/starfs sem tjónþoli hefur þegar slysið á sér stað,

k) ‚vinnuumhverfi': vinnustaðurinn, athafnasvæði við vinnu eða almennt umhverfi þar sem slysið varð,

l) ‚tegund vinnu': helsta tegund vinnu eða verkefnis (almenn starfsemi) sem tjónþoli stundaði þegar slysið varð,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 34, 9.2.2011, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 189/2012 frá 28. september 2012 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 70, 13.12.2012, bls. 31.

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 70.

([2]) Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2009, bls. 164.

([3]) Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.

m) ‚sértæk hreyfing': nákvæm hreyfing tjónþola á andartakinu þegar slysið varð,

n) ‚efnislegur hlutur sem tengist sértæku hreyfingunni': tæki, hlutur eða verkfæri sem tjónþoli notaði þegar slysið varð,

o) ‚frávik': síðasti atburður sem vék frá því eðlilega og leiddi til slyssins,

p) ‚efnislegur hlutur sem tengist frávikinu': tæki, hlutur eða verkfæri sem kom við sögu í hinu afbrigðilega atviki,

q) ‚snerting – hvernig áverkar urðu': hvernig tjónþoli meiddist (líkamlegur eða andlegur skaði) af völdum hins efnislega hlutar sem olli áverkunum,

r) ‚efnislegur hlutur sem tengist snertingunni – hvernig áverkar urðu': tæki, hlutur eða verkfæri sem tjónþoli komst í snertingu við eða sálræn tegund áverka.

2. gr.

Nauðsynleg gögn

1. Aðildarríki skulu senda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) einstaklingsbundin gögn um aðila sem lent hafa í slysi við vinnu sína á viðmiðunartímabilinu og tengd lýsigögn. Skráin yfir breyturnar sem sendar verða til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins), skyldubundin eða valkvæð staða breytunnar og fyrsta gagnasendingarárið er sett fram í I. viðauka.

2. Afhending gagna um vinnuslys sem varða sjálfstætt starfandi aðila, þá sem vinna við fyrirtæki eigin fjölskyldu og námsmenn skal vera valkvæð.

3. Afhending gagna um vinnuslys, sem falla undir trúnaðarkvöð samkvæmt landslöggjöf, sem skráð eru í II. viðauka, skal vera valkvæð.

4. Æskilegt er að gögn um vinnuslys sem urðu á viðmiðunarárinu séu byggð á skrám og öðrum stjórnsýsluheimildum. Þegar þessu er ekki komið við er heimilt að nota matsgerð og tilreikning, jafnvel ef byggt er á könnunum en ekki gögnum frá hverju tilviki fyrir sig, til að fylla í eyður í gagnaþekjunni.

3. gr.

Viðmiðunartímabil

Viðmiðunartímabilið skal vera almanaksárið þegar tilkynnt er um slysin til lögbærra landsyfirvalda.

4. gr.

Lýsigögn

1. Aðildarríki skulu senda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) árlega sannprófun og uppfærslu á lýsigögnum ásamt gögnunum.

2. Senda skal lýsigögnin samkvæmt stöðluðu sniðmáti sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) tilgreinir og skal fela í sér þættina sem um getur í III. viðauka.

5. gr.

Sending gagna og lýsigagna til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins)

1. Aðildarríki skulu senda gögn og lýsigögn í samræmi við skiptistaðal, sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) tilgreinir, innan 18 mánaða frá lokum viðmiðunartímabilsins.

2. Senda skal gögn og lýsigögn til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins) með rafrænum hætti með því að nota miðlæga gagnagrunnsþjónustu framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins).

6. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. apríl 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

I. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR BREYTUR

Evrópskar hagskýrslur um vinnuslys (ESAW) – breytur á fösum I og II

Breytur	Nákvæm skilgreining	Fyrsta gagnasendingarárið
Málsnúmer	Sérstakt málsnúmer til að auðkenna hverja einstaka skýrslu og tryggja að hver skýrsla standi fyrir ákveðið vinnuslys. Valið málsnúmer verður að hafa fjögurra tölustafa forvalsnúmer fyrir árið þegar slysið var tilkynnt til lögbærra landsyfirvalda.	2013
Atvinnustarfsemi vinnuveitanda	fjögurra tölustafa sundurliðun atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 2. endursk.)([1])	2013 fyrir atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins (NACE 2. endursk.) A og C–N 2015 fyrir atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins (NACE 2. endursk.) B og O–S.
Starf tjónþola	Tveggja tölustafa sundurliðunarstig alþjóðlegu starfaflokkunarinnar (ISCO-08)	2013
Starf tjónþola	Tveggja tölustafa númer	2013
Kynferði tjónþola	Eins tölustafs númer	2013
Tegund áverka	Þriggja tölustafa útgáfa af flokkun evrópskra hagskýrslna um vinnuslys á ‚tegund áverka' samkvæmt aðferðafræði evrópskra hagskýrslna um vinnuslys.	2013
Skaddaður líkamshluti	Tveggja tölustafa útgáfa af flokkun á ‚skaddaður líkamshluti' samkvæmt aðferðafræði evrópskra hagskýrslna um vinnuslys.	2013
Landfræðileg staðsetning slyssins	Fimm tölustafa kóðun samkvæmt sameiginlegri flokkun hagskýrslusvæða.([2])	2013
Dagsetning slyssins	Töluleg breyta sem er gefin upp sem ár, mánuður og dagur	2013
Tími slyssins	Tveggja tölustafa breyta sem tiltekur tímabil í klukkustundum samkvæmt aðferðafræði evrópskra hagskýrslna um vinnuslys	valfrjálst
Stærð fyrirtækisins	Flokkar samkvæmt aðferðafræði evrópskra hagskýrslna um vinnuslys	valfrjálst
Þjóðerni tjónþola	Flokkar samkvæmt aðferðafræði evrópskra hagskýrslna um vinnuslys	valfrjálst
Atvinnustaða tjónþola	Flokkar samkvæmt aðferðafræði evrópskra hagskýrslna um vinnuslys	2013
Dagar frá vinnu (alvarleiki)	Flokkar samkvæmt aðferðafræði evrópskra hagskýrslna um vinnuslys Sértækir kóðar sem notaðir eru til að tákna varanlega óvinnufærni og banaslys.	2013
Vægi safns evrópskra hagskýrslna um vinnuslys	Verður notað þegar aðildarríkið notar úrtak fyrir gagnasöfnun um slys og/eða vill leiðrétta þegar of fáar skýrslur hafa borist. Sjálfgefinn stuðull 1 er notaður þegar þetta á ekki við.	2013

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 frá 20. desember 2006 um stofnun atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90, og einnig tilteknum EB-reglugerðum um sérstök hagskýrslusvið (Stjtíð. ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1059/2003 frá 26. maí 2003 um að taka upp sameiginlega flokkun hagskýrslusvæða (NUTS). (Stjtíð. ESB L 154, 21.6. 2003, bls. 1.)

Evrópskar hagskýrslur um vinnuslys – breytur á fasa III um ástæður og aðstæður		
Breytur	Nákvæm skilgreining	Fyrsta gagnasendingarár
1. Vinnustöð	Flokkar samkvæmt aðferðafræði evrópskra hagskýrslna um vinnuslys	2015(*)
2. Vinnuumhverfi	Þriggja tölustafa útgáfa af flokkun á ‚vinnuumhverfi' samkvæmt aðferðafræði evrópskra hagskýrslna um vinnuslys	2015(*)
3. Tegund vinnu	Tveggja tölustafa útgáfa af flokkun á ‚tegund vinnu' samkvæmt aðferðafræði evrópskra hagskýrslna um vinnuslys	2015(*)
4. Sértæk hreyfing	Tveggja tölustafa útgáfa af flokkun á ‚sértækri hreyfingu' samkvæmt aðferðafræði evrópskra hagskýrslna um vinnuslys	2015(*)
5. Frávik	Tveggja tölustafa útgáfa af flokkun á ‚fráviki' samkvæmt aðferðafræði evrópskra hagskýrslna um vinnuslys	2015(*)
6. Snerting – hvernig áverkar urðu	Tveggja tölustafa útgáfa af flokkun á ‚snertingu – hvernig áverkar urðu' samkvæmt aðferðafræði evrópskra hagskýrslna um vinnuslys	2015(*)
7. Efnislegur hlutur sem tengist sértækri hreyfingu	Fjögurra tölustafa flokkun á ‚efnislegum hlut' samkvæmt aðferðafræði evrópskra hagskýrslna um vinnuslys	2015(*)
8. Efnislegur hlutur sem tengist frávikinu	Fjögurra tölustafa flokkun á ‚efnislegum hlut' samkvæmt aðferðafræði evrópskra hagskýrslna um vinnuslys	2015(*)
9. Efnislegur hlutur sem tengist snertingu – hvernig áverkar urðu	Fjögurra tölustafa flokkun á ‚efnislegum hlut' samkvæmt aðferðafræði evrópskra hagskýrslna um vinnuslys	2015(*)
Vægi orsaka og aðstæðna	Verði notað þegar aðildarríki beitir viðbótarúrtaki við kóðun á evrópskum hagskýrslum um vinnuslys – breytum á fasa III um orsakir og aðstæður. Sjálfgefinn stuðull 1 er notaður þegar þetta á ekki við	2015

(*) Skyldubundin afhending að minnsta kosti þriggja af níu breytum

II. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR STARFSGREINAR SEM FALLA UNDIR TRÚNAÐARKVÖÐ FYRIR VALKVÆÐA AFHENDINGU

Samkvæmt alþjóðlegu starfaflokkuninni (ISCO-08)

– 0 Störf hjá her
– 3351 Toll- og landamæraverðir
– 3355 Lögreglumenn og rannsóknarlögreglumenn
– 541 Gæslu-, eftirlits- og björgunarstörf
  a. 5411 Slökkviliðsmenn
  b. 5412 Lögreglumenn
  c. 5413 Fangaverðir
  d. 5414 Öryggisverðir
  e. 5419 Önnur gæslu-, eftirlits- og björgunarstörf, ekki flokkuð annars staðar

Samkvæmt atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins (NACE 2. endursk.):

– 84.22 Varnarmál
– 84.23 Dómstólar og fangelsi
– 84.24 Löggæsla og almannaöryggi
– 84.25 Slökkviliðs- og björgunarstarfsemi

III. VIÐAUKI

LÝSIGÖGN

Lýsigögnin lýsa eftirfarandi þáttum, eftir atvikum og þegar viðeigandi er, til að skilja að fullu gögn evrópsku hagskýrslnanna um vinnuslys:

– mannfjöldi sem náð er yfir með tilliti til geira og hugsanlega undirgeira atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins (NACE 2. endursk.) og atvinnustöðu,

– upplýsingar um starfsgreinar/atvinnugreinar þar sem gögn um vinnuslys falla undir trúnaðarkvöð samkvæmt landslöggjöf og er ekki hægt af afhenda,

– tilkynningarhlutfall vinnuslysa sem nota á til leiðréttingar þegar of fáar skýrslur hafa borist.

– umfang mismunandi tegunda slysa eins og útskýrt er í aðferðafræði evrópskra hagskýrslna um vinnuslys,

– sýnatökuaðferðin – ef við á – sem er notuð við uppsetningu á safni um einstaklingsbundin gögn,

– sýnatökuaðferðin – ef við á – sem er notuð við kóðun breytna um ástæður og aðstæður,

– fjöldi banaslysa í umferðinni og banaslysa um borð í hvers konar flutningatæki á ferð við vinnu einstaklinga sem hafa störf utan við H-bálk atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins (NACE 2. endursk.), ‚Flutningur‘,

– upplýsingar um landsbundna sérstöðu sem nauðsynlegar eru við túlkun og samantekt á samanburðarhæfum hagtölum og vísum.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2015/EES/55/02

frá 24. apríl 2014

um að samþykkja ekki tiltekin sæfandi, virk efni samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012

(2014/227/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 ([2]) er komið á fót skrá yfir virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegar færslu þeirra á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB([3]).

2) Að því er varðar nokkur efni eða samsetningar efna og vöruflokka, sem eru tilgreind í skránni, hafa allir þátttakendur annaðhvort hætt þátttöku í endurskoðunaráætluninni eða engin fullnaðarmálsskjöl höfðu borist aðildarríkinu, sem var tilnefnt sem skýrslugjafi fyrir matið, áður en frestirnir, sem tilgreindir eru í 9. gr. og 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007, runnu út.

3) Af þessum sökum og skv. 11. gr. (2. mgr.), 12. gr. (1. mgr.) og 13. gr. (5. mgr.) reglugerðar (EB) nr. 1451/2007 hefur framkvæmdastjórnin tilkynnt aðildarríkjunum um það. Þessar upplýsingar voru einnig birtar opinberlega með rafrænum hætti.

4) Innan þriggja mánaða frá téðri birtingu höfðu nokkur fyrirtæki látið í ljós áhuga á að taka við hlutverki þátttakanda að því er varðar eitt eða fleiri efni og einn eða fleiri vöruflokka sem um ræðir. Þessi fyrirtæki lögðu hins vegar hvorki fram fullnaðarmálsskjöl né drógu sig til baka.

5) Samkvæmt 4. og 5. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007 ætti því ekki að samþykkja viðkomandi efni og vöruflokka í samræmi við 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Efnin, sem tilgreind eru í viðaukanum við þessa ákvörðun, skulu ekki samþykkt í vöruflokkana sem þar eru tilgreindir.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 124, 25.4.2014, bls. 27. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 218/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 52, 3.9.2015, bls. 16.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 frá 4. desember 2007 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð. ESB L 325, 11.12.2007, bls. 3).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 24. apríl 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Efni og völuflokkar sem ekki á að samþykkja

Heiti	EB-númer	CAS-númer	Völuflokkur	Skýrslugjafar-aðildarríki
Bis[1-sýklóhexýl-1,2-dí(hýdroxý-κ-O)-díaseníumató(2-)]-kopar	—	312600-89-8	7	AT
Bis[1-sýklóhexýl-1,2-dí(hýdroxý-κ-O)-díaseníumató(2-)]-kopar	—	312600-89-8	9	AT
Bis[1-sýklóhexýl-1,2-dí(hýdroxý-κ-O)-díaseníumató(2-)]-kopar	—	312600-89-8	10	AT
Nónansýra	203-931-2	112-05-0	10	AT
Glútaral	203-856-5	111-30-8	1	FI
Glútaral	203-856-5	111-30-8	13	FI
Dísilfuroxíð	243-957-1	20667-12-3	11	SE
4,4-dímetýloxasólidín	257-048-2	51200-87-4	6	UK
4,4-dímetýloxasólidín	257-048-2	51200-87-4	12	UK
4,4-dímetýloxasólidín	257-048-2	51200-87-4	13	UK
2-bútanon, peroxíð	215-661-2	1338-23-4	3	HU
2-bútanon, peroxíð	215-661-2	1338-23-4	6	HU
Fjölliða formaldehýðs og akrólíns	Fjölliða	26781-23-7	3	HU
Silfurklóríð	232-033-3	7783-90-6	3	SE
Silfurklóríð	232-033-3	7783-90-6	4	SE
Silfurklóríð	232-033-3	7783-90-6	5	SE
Silfurklóríð	232-033-3	7783-90-6	13	SE
Furutré, kjarni	304-455-9	94266-48-5	10	LV
Tríklósan	222-182-2	3380-34-5	2	DK
Tríklósan	222-182-2	3380-34-5	7	DK
Tríklósan	222-182-2	3380-34-5	9	DK
2-fenoxýetanól	204-589-7	122-99-6	3	UK

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2015/EES/55/03**

frá 18. nóvember 2011

um að koma á reglum og reikniaðferðum til að sannreyna að staðið sé við markmiðin sem sett eru í 2. mgr. 11. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB

(tilkynnt með númeri C(2011) 8165)

(2011/753/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana ([1]), einkum 3. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að tryggja skilvirka framkvæmd markmiðanna, sem sett eru í 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 2008/98/EB, er rétt að skilgreina reglur um beitingu þessara markmiða.

2) Einnig er nauðsynlegt að ákvarða aðferðir við útreikning á hluta heimilis- og rekstrarúrgangs og úrgangs frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi, sem er undirbúinn fyrir endurnotkun, endurunninn eða efnislega endurheimtur, til að sannreyna og vakta að staðið sé við markmiðin sem sett eru í 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 2008/98/EB.

3) Með a-lið 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 2008/98/EB er aðildarríkjunum veittur tiltekinn sveigjanleiki að því er varðar strauma heimilis- og rekstrarúrgangs sem markmiðunum er beitt um. Þó þykir rétt að skilgreina ýmsa valkosti fyrir aðildarríkin til að skýra nánar beitingu þess að sannreyna í reynd að staðið sé við þessi markmið.

4) Til að forðast aukið stjórnsýsluálag ætti að nota gögn úr hagskýrslum um úrgang, sem tilkynnt er um samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2150/2002 frá 25. nóvember 2002 um hagskýrslur um úrgang ([2]), eins og framast er unnt til að sannreyna að staðið sé við markmiðin sem sett eru í 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 2008/98/EB.

5) Ef úrgangur er fluttur út úr Sambandinu og áreiðanlegar sannanir eru fyrir því að undirbúningur fyrir endurnotkun, endurvinnslu eða endurheimt hafi farið fram við skilyrði sem eru jafngild þeim sem lýst er í löggjöf Sambandsins ætti að taka tillit til þessa úrgangs þegar sannreynt er að staðið sé við markmiðin sem sett eru í 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 2008/98/EB.

6) Nauðsynlegt kann að reynast að endurskoða þessa ákvörðun ef gripið er til aðgerða til að styrkja markmiðin eða ef sett eru markmið fyrir aðra strauma úrgangs.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 39. gr. tilskipunar 2008/98/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Skilgreiningar

Til viðbótar við þær skilgreiningar, sem mælt er fyrir um í 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB, gilda eftirfarandi skilgreiningar í þessari ákvörðun:

1) „húsasorp“: úrgangur frá heimilum,

2) „svipaður úrgangur“: úrgangur sem vegna eðlis síns og samsetningar er sambærilegur húsasorpi, að undanskildum úrgangi úr framleiðslu og úrgangi úr landbúnaði og skógrækt,

3) „heimilis- og rekstrarúrgangur“: húsasorp og svipaður úrgangur,

4) „úrgangur frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi“: úrgangur sem svarar til úrgangskóðanna í 17. kafla viðaukans við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB ([3]), að undanskildum hættulegum úrgangi og náttúrulegum efnivið eins og skilgreint er í flokki 17 05 04,

5) „endurnýting efnis“: hvers kyns endurnýtingaraðgerð, að undanskilinni endurnýtingu orku og endurvinnslu í efniviði sem á að nota sem eldsneyti,

6) „fylling“: endurnýtingaraðgerð þar sem hentugur úrgangur er endurnýttur á graftarsvæðum eða á tæknilegan hátt við landmótun og þar sem úrgangurinn er staðgönguefni fyrir efniviði sem eru ekki úrgangsefni.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 310, 25.11.2011, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 240/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 52, 3.9.2015, bls. 46.

([1]) Stjtíð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3.

([2]) Stjtíð. EB L 332, 9.12.2002, bls. 1.

([3]) Stjtíð. EB L 226, 6.9.2000, bls. 3.

2. gr.

Almennar kröfur

Í því skyni að sannreyna að staðið sé við markmiðin sem sett eru í 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 2008/98/EB gilda eftirfarandi reglur:

1) Aðildarríkin skulu sannreyna að staðið sé við markmiðin sem sett eru í 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 2008/98/EB með því að reikna út þyngd úrgangsstraumanna sem myndast og úrgangsstraumanna sem eru undirbúnir fyrir endurnotkun, endurunnir eða hafa farið í aðra endurnýtingu efnis á fyrsta almanaksárinu.

2) Þyngd úrgangsins, sem er undirbúinn fyrir endurnotkun, endurunninn eða efnislega endurheimtur, skal ákvörðuð með því að reikna út ílagsúrganginn sem er notaður við undirbúning til endurnotkunar eða í endanlega endurvinnslu eða aðra endanlega endurnýtingu efnis. Undirbúningsaðgerð áður en úrgangur er settur í endurnýtingar- eða förgunaraðgerð er ekki endanleg endurvinnsla eða önnur endanleg endurnýting efnis. Ef úrgangi er safnað sérstaklega eða ef framleiðsla sem fer út frá flokkunarstöð er send í endurvinnslu eða aðra endurnýtingu efnis án umtalsverðs taps má líta á þennan úrgang sem þyngd úrgangs sem er undirbúinn fyrir endurnotkun, endurunninn eða hefur farið í aðra endurnýtingu efnis.

3) Magn úrgangs sem er undirbúinn fyrir endurnotkun skal talið með í magni endurunnins úrgangs og skal ekki greina sérstaklega frá því.

4) Ef úrgangur er sendur í undirbúning fyrir endurnotkun, endurvinnslu eða aðra endurnýtingu efnis í öðru aðildarríki má einungis telja hann með í markmiðum aðildarríkisins þar sem honum var safnað.

5) Ef úrgangur er fluttur út frá Sambandinu til undirbúnings fyrir endurnotkun, endurvinnslu eða annarrar endurnýtingar efnis skal því aðeins telja hann sem tilbúinn til endurnotkunar, endurunninn eða að hann hafi farið í aðra endurnýtingu efnis ef áreiðanlegar sannanir sýna að sendingin er í samræmi við ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 ([4]), einkum 2. mgr. 49. gr. hennar.

6) Ef markmiðsútreikningum er beitt á loftháða eða loftfirrta meðhöndlun á lífbrjótanlegum úrgangi er heimilt að telja ílagið í loftháðu eða loftfirrtu meðhöndlunina sem endurunnið ef meðhöndlunin myndar moltu eða meltu sem er notuð, í kjölfar hvers kyns endurvinnslu sem þörf er á, sem endurunnin afurð, efniviður eða efni til meðhöndlunar í jarðvegi sem hefur í för með sér ábata fyrir landbúnað eða vistfræðilegar úrbætur.

([4]) Stjtíð. ESB L 190, 12.7.2006, bls. 1.

3. gr.

Heimilis- og rekstrarúrgangur

1. Í því skyni að sannreyna að staðið sé við markmiðin um heimilis- og rekstrarúrgang, sem sett eru í a-lið 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 2008/98/EB, skulu aðildarríkin beita markmiðunum á eitt af eftirfarandi:

a) undirbúning fyrir endurnotkun og endurvinnslu á pappír, málmi, plasti og gleri úr húsasorpi,

b) undirbúning fyrir endurnotkun og endurvinnslu á pappír, málmi, plasti og gleri úr húsasorpi og öðrum stökum tegundum húsasorps eða á svipuðum úrgangi af öðrum uppruna,

c) undirbúning fyrir endurnotkun og endurvinnslu á húsasorpi,

d) undirbúning fyrir endurnotkun og endurvinnslu á heimilis- og rekstrarúrgangi.

2. Markmiðið á við um heildarmagn úrgangs í úrgangsstraumum í þeim valkosti sem aðildarríkið hefur valið skv. 1. mgr. þessarar greinar.

3. Aðildarríkin skulu beita reikniaðferðinni, sem sett er fram í I. viðauka við þessa ákvörðun, sem svarar til valkostarins sem aðildarríkið valdi skv. 1. mgr.

4. Framkvæmdaskýrslur aðildarríkjanna um heimilis- og rekstrarúrgang skulu uppfylla sértækar kröfur sem settar eru fram í I. og II. viðauka.

5. Aðildarríkin skulu upplýsa framkvæmdastjórnina um valkostinn sem er valinn skv. 1. mgr. þessarar greinar í fyrstu framkvæmdaskýrslunni sem um getur í 1. mgr. 37. gr. tilskipunar 2008/98/EB.

6. Aðildarríki er heimilt að breyta valkostinum fram að framlagningu framkvæmdaskýrslunnar, sem tekur til ársins 2020, að því tilskildu að það geti tryggt samræmi í gögnunum sem gefin er skýrsla um.

4. gr.

Úrgangur frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi

1. Að því er varðar útreikning á markmiðinu sem sett er í b-lið 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 2008/98/EB, að því er varðar úrgang frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi, skulu aðildarríkin beita reikniaðferðinni sem sett er fram í III. viðauka við þessa ákvörðun.

2. Framkvæmdaskýrslur aðildarríkjanna um úrgang frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi skulu uppfylla sértækar kröfur í III. viðauka.

3. Greina skal frá magni úrgangs, sem notað er í fyllingaraðgerðir, á aðskilinn hátt frá magni úrgangs sem er undirbúið fyrir endurnotkun eða endurunnið eða notað í aðra endurnýtingaraðgerð efniviðar. Einnig skal greina frá uppvinnslu úrgangs í efnivið, sem á að nota í fyllingaraðgerðir, sem fyllingu.

5. gr.

Skýrslugjöf aðildarríkjanna

1. Aðildarríkin skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um árangur sinn, að því er varðar að ná markmiðunum sem sett eru í 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 2008/98/EB, með framkvæmdaskýrslunni sem um getur í 37. gr. tilskipunarinnar.

2. Aðildarríkin skulu leggja fram gögn í framkvæmdaskýrslunum sem varða stöðu undirbúnings fyrir endurnotkun, endurvinnslu og endurnýtingu efniviðar í viðkomandi úrgangsstraumum, annaðhvort fyrir hvert ár þriggja ára skýrslutímabilsins eða fyrir ár skýrslutímabilanna sem mælt er fyrir um í 5. þætti I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2150/2002.

3. Í framkvæmdaskýrslunni sem tekur til ársins 2020 skulu aðildarríkin sýna fram á að markmiðunum, sem sett eru í 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 2008/98/EB, sé náð að því er varðar magn viðkomandi úrgangsstrauma sem voru myndaðir og endurunnir eða endurheimtir á árinu 2020.

4. Aðildarríkin skulu senda gögn og lýsigögn, sem krafist er samkvæmt þessari ákvörðun, til framkvæmdastjórnarinnar á rafrænu formi með staðli um gagnaskipti sem Hagstofa Evrópusambandsins kom á fót.

6. gr.

Viðtakendur

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. nóvember 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Janez POTOČNIK

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

AÐFERÐIR VIÐ ÚTREIKNING Á MARKMIÐI FYRIR HEIMILIS- OG REKSTRARÚRGANG SKV. 3. MGR. 3. GR. ÞESSARAR ÁKVÖRÐUNAR

Valkostur sem um getur í 1. mgr. 3. gr. þessarar ákvörðunar	Reikniaðferð	Sértækar kröfur varðandi framkvæmdaskýrslur aðildarríkis
Undirbúningur fyrir endurnotkun og endurvinnslu á pappír, málmi, plasti og gleri úr húsasorpi	Reikniaðferð 1 Endurvinnsluhlutfall pappírs, málms, plasts og glers í húsasorpi, í % = $\frac{\text{Endurunnið magn pappírs, málms, plasts og glers í húsasorpi}}{\text{Heildarmagn sem hefur myndast af pappír, málmi, plasti og gleri í húsasorpi}}$	Aðildarríkin skulu nota landsgögn. Hægt er að nota gögn úr öðrum skuldbindingum um skýrslugjöf vegna úrgangs og laga þau að landsbundnum skilyrðum. Aðildarríkin skulu leggja fram skýrslu ásamt gögnunum þar sem útskýrt er hvernig magnið, sem myndaðist og var endurunnið, var reiknað út og hvernig þetta magn tengist gögnum um húsasorp sem á að gefa skýrslu um samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2150/2002.
Undirbúningur fyrir endurnotkun og endurvinnslu á pappír, málmi, plasti og gleri úr húsasorpi og öðrum stökum tegundum húsasorps eða svipuðum úrgangi	Reikniaðferð 2 Endurvinnsluhlutfall húsasorps og svipaðs úrgangs, í % $\frac{\text{Endurunnið magn pappírs-, málm-, plast- og glerúrgangs og aðrir stakir úrgangsstraumar frá heimilum eða svipaðir úrgangsstraumar}}{\text{Heildarmagn pappírs-, málm-, plast- og glerúrgangs sem myndast og aðrir stakir úrgangsstraumar frá heimilum eða svipaður úrgangur}}$	Aðildarríkin skulu nota landsgögn. Hægt er að nota gögn úr öðrum skuldbindingum um skýrslugjöf vegna úrgangs og laga þau að landsbundnum skilyrðum. Aðildarríkin skulu leggja fram skýrslu ásamt gögnunum þar sem útskýrt er hvaða efniviður fellur þar undir, frá hvaða starfsemi hann kemur með því að merkja í viðeigandi reiti í töflunni í II. viðauka við þessa ákvörðun og hvernig magnið sem myndaðist og var endurunnið var reiknað út. Ef aðildarríki telur heimamyltaðan úrgang með í útreikningnum skal það útskýra hvernig magnið sem myndaðist og var endurunnið var reiknað út. Í skýrslunni skal einnig útskýra hvernig þetta magn tengist gögnum um húsasorp og aðra atvinnustarfsemi sem gefa skal skýrslu um samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2150/2002.
Undirbúningur fyrir endurnotkun og endurvinnslu á húsasorpi	Reikniaðferð 3 Endurvinnsluhlutfall húsasorps í % $\frac{\text{Endurunnið magn húsasorps}}{\text{Heildarmagn húsasorps að undanskildum tilteknum flokkum úrgangs}}$	Aðildarríkin skulu nota landsgögn til að greina frá magni endurunnins húsasorps. Aðildarríkin skulu leggja fram skýrslu ásamt gögnunum þar sem útskýrt er hvaða efniviður fellur þar undir með því að merkja í viðeigandi reiti í töflunni í II. viðauka við þessa ákvörðun og hvernig magnið sem var endurunnið var reiknað út. Í skýrslunni skal einnig útskýra hvernig þetta magn tengist gögnum um húsasorp og aðra atvinnustarfsemi sem gefa skal skýrslu um samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2150/2002. Draga skal heildarmagn húsasorps frá gögnunum sem gefa skal skýrslu um samkvæmt lið 1.2 í 8. þætti I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2150/2002. Úrgangur með eftirtalda úrgangskóða skal undanskilinn útreikningunum: 08.1. — Aflögð ökutæki 11–13 — Eðja og jarðefnaúrgangur
Undirbúningur fyrir endurnotkun og endurvinnslu á heimilis- og rekstrarúrgangi	Reikniaðferð 4 Endurvinnsla heimilis- og rekstrarúrgangs, í % = $\frac{\text{Endurunninn heimilis- og rekstrarúrgangur}}{\text{Endurnýttur heimilis- og rekstrarúrgangur}}$	Aðildarríkin skulu byggja á hagskýrslugögnum um heimilis- og rekstrarúrgang sem framkvæmdastjórnin fær árlega skýrslu um (Hagstofa Evrópusambandsins).

II. VIÐAUKI

EFNIVIÐUR HEIMILIS- OG REKSTRARÚRGANGS OG VIÐEIGANDI MYNDUNARSTAÐIR VEGNA REIKNIAÐFERÐA 1, 2 OG 3 Í I. VIÐAUKA

		Myndað af				
Úrgangsefni	Úrgangskóði samkvæmt ákvörðun 2000/532/EB	Heimili	Lítil fyrirtæki	Veitingahús, mötuneyti	Almenningssvæði	Annað (tilgreinið)
Pappír og pappi	20 01 01, 15 01 01					
Málmar	20 01 40, 15 01 04					
Plast	20 01 39, 15 01 02					
Gler	20 01 02, 15 01 07					
Lífbrjótanlegur úrgangur frá eldhúsum og mötuneytum	20 01 08					
		Tilgreinið hvort heimamyltaður úrgangur er talinn með:				
Lífbrjótanlegur úrgangur úr görðum og almenningsgörðum	20 02 01					
		Tilgreinið hvort heimamyltaður úrgangur er talinn með:				
Ólífbrjótanlegur úrgangur úr görðum og almenningsgörðum	20 02 02, 20 02 03					
Timbur	20 01 38, 15 01 03					
Textílefni	20 01 10, 20 01 11, 15 01 09					
Rafgeymar	20 01 34, 20 01 33*					
Aflagður búnaður	20 01 21*, 20 01 23*, 20 01 35*, 20 01 36					
Annar heimilis- og rekstrarúrgangur	20 03 01, 20 03 02, 20 03 07, 15 01 06					
Heimilis- og rekstrarúrgangur sem ekki er getið hér að framan (tilgreinið)						

III. VIÐAUKI

AÐFERÐIR VIÐ ÚTREIKNING Á MARKMIÐI FYRIR ÚRGANG FRÁ BYGGINGAR- OG NIÐURRIFSSTARFSEMI SEM UM GETUR Í 1. MGR. 4. GR. ÞESSARAR ÁKVÖRÐUNAR

Reikniaðferð	Sértækar kröfur varðandi framkvæmdaskýrslur aðildarríkis
Endurnýtingarhlutfall úrgangs frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi, í % = $\frac{\text{Efnislega endurheimt magn úrgangs frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi}}{\text{Heildarmagn úrgangs frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi}}$	1) Skýrslugjöf um efnislega endurheimt magn úrgangs frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi (deilistofn formúlunnar) skal einungis ná yfir eftirfarandi kóða í viðaukanum við ákvörðun 2000/532/EB: Skrá yfir úrgang, 17. kafli – Úrgangur frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi: 17 01 01, 17 01 02, 17 01 03, 17 01 07, 17 02 01, 17 02 02, 17 02 03, 17 03 02, 17 04 01, 17 04 02, 17 04 03, 17 04 04, 17 04 05, 17 04 06, 17 04 07, 17 04 11, 17 05 08, 17 06 04, 17 08 02, 17 09 04 Skrá yfir úrgang, undirkafli 19 12 – Úrgangur frá vélrænni meðhöndlun úrgangs, (t.d. flokkun, mulningur, þjöppun, kögglun), ef hann myndast við meðhöndlun úrgangs frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi: 19 12 01, 19 12 02, 19 12 03, 19 12 04, 19 12 05, 19 12 07, 19 12 09 Aðildarríkin skulu útskýra, í skýrslu sem leggja skal fram ásamt gögnunum, hvernig komist er hjá tvítalningu úrgangs. 2) Greina skal frá myndun úrgangs frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2150/2002 (nefnarinn í formúlunni) sem inniheldur: a) úrgang sem myndast samkvæmt bálki F í kóða atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins, 2. endurskoðun, eins og getið er í lið nr. 17 í 8. þætti I. viðauka við þá reglugerð, og samanstendur af eftirfarandi úrgangskóðum eins og skilgreint er í 2. þætti I. viðauka við þá reglugerð: 06.1. – Málmúrgangur, inniheldur járn 06.2. – Málmúrgangur, inniheldur aðra málma en járn 06.3. – Málmúrgangur, blandaður 07.1. – Glerúrgangur 07.4. – Plast 07.5. – Timbur b) flokkur úrgangs samtals (öll atvinnustarfsemi): — Jarðefnaúrgangur frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi eins og skilgreint er í III. viðauka við þá reglugerð. 3) Aðildarríkin mega einnig gefa skýrslu um endurvinnslu og endurnýtingu efnis úr úrgangi frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi á grundvelli eigin skýrslugjafarkerfis. Í því tilviki skulu þau leggja fram skýrslu ásamt gögnunum þar sem útskýrt er hvaða efniviður fellur þar undir og hvernig gögnin tengjast gögnum um úrgang frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi sem gefa skal skýrslu um samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2150/2002. Ef gögn, sem byggjast á skýrslugjafarkerfi aðildarríkis, eru nákvæmari en gögn sem lögð eru fram samkvæmt þeirri reglugerð skal meta hvort staðið er við markmiðið á grundvelli gagna úr skýrslugjafarkerfi aðildarríkisins.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2015/EES/55/04

frá 18. mars 2014

um tilhögun tímabundinnar tilraunar varðandi tilteknar undanþágur sem varða markaðssetningu á stofnum plöntutegundanna hveitis, byggs, hafra og maíss samkvæmt tilskipun ráðsins 66/402/EBE (*)

(tilkynnt með númeri C(2014) 1681)

(2014/150/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/402/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns ([1]), einkum 13. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 66/402/EBE eru settar fram sértækar kröfur varðandi framleiðslu og markaðssetningu á fræi kornstegunda. Þessi ákvæði koma í veg fyrir markaðssetningu fræja sem ekki tilheyra yrki.

2) Nýjar rannsóknir í Sambandinu á fjölgunarefni plantna, sem uppfyllir ekki skilgreininguna á yrki að því er varðar einsleitni, sýna hins vegar fram á það gæti falist ávinningur í því að nota þetta fjölbreytta efni, einkum að því er varðar lífræna framleiðslu eða landbúnað með minni aðföngum, t.d. í því skyni að draga úr útbreiðslu sjúkdóma.

3) Til að unnt sé að setja fræ af þessum stofnum á markað er nauðsynlegt að breyta E-, F- og G-liðum 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 66/402/EBE með því að bæta við þeim möguleika að setja fræ, sem uppfylla ekki kröfurnar um þætti er varða yrki, á markað. Til að ákveða slíka breytingu á tilskipun 66/402/EBE er nauðsynlegt að afla upplýsinga um setningu fræs úr stofnum á markað. Einkum verður að sannprófa hvort unnt sé að tryggja sanngreiningu á stofnum tiltekinna tegunda með svipuðum ábyrgðum og þeim sem leiða af kröfum um þætti er varða yrki, á grundvelli upplýsinga um aðferðir við ræktun þeirra og framleiðslu. Enn fremur ætti með þessari tilraun að meta hvort hægt sé að tryggja sanngreiningu á fræi, sem er sett á markað sem fræ af þessum stofnum, og að upplýsingarnar til notanda séu réttar, með svipuðum ábyrgðum og leiða af 1. mgr. 3. gr. og 10. gr., á grundvelli krafna um rekjanleika og auðkenningu framleiðslustaða.

4) Með hliðsjón af eiginleikum stofna gæti vottun fræs úr stofnum haft í för með sér óhóflega fyrirhöfn fyrir yfirvöld og rekstraraðila. Það er því viðeigandi að afla upplýsinga um möguleikann á því að innleiða kerfi til að stýra framleiðslu og setningu fræs úr stofnum, sem þurfa ekki vottun, á markað.

5) Í ljósi mikilvægis þeirra fyrir kornmarkaðinn og fyrirliggjandi rannsóknarniðurstaðna eru hveiti, bygg, hafrar og maís þær tegundir sem ættu að vera viðfangsefni þessarar tilraunar.

6) Til þess að fá skýrari mynd af eðli stofna í samanburði við yrki er nauðsynlegt að mæla fyrir um kröfur um fjölda yrkja sem skal nota í krossvíxlun við ræktun stofna.

7) Ábyrgir, opinberir aðilar ættu að vakta þessa tilraun með opinberu eftirliti með framleiðslu og setningu fræs úr stofnum og magni þeirra á markað, með aðilunum sem viðhalda þessum stofnum og afkastagetu þessara stofna á tilteknum svæðum.

8) Samkvæmt þessari ákvörðun ætti að koma á skilyrðum fyrir framlagningu umsókna og veitingu leyfis fyrir stofni, framlagningu viðmiðunarsýnis, nafngift stofnsins og skráningu aðila sem framleiða þessa stofna og setja þá á markað. Mikilvægt er að meta þessi skilyrði til að tryggja auðkenni og rekjanleika meðan framleiðsla og setning slíkra stofna á markað stendur yfir, skilvirkt eftirlit af hálfu ábyrgra, opinberra aðila og að komið sé í veg fyrir stofnun markaðar samhliða þeim sem komið var á fót samkvæmt tilskipun 66/402/EBE.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 82, 20.3.2014, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 255/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 125, 11.7.1966, bls. 2309/66.

9) Enn fremur þykir rétt að kveða á um sérstakar kröfur varðandi framleiðslu og setningu á markað til að tryggja megi að fræ stofna uppfylli sömu kröfur í öllum þátttökuaðildarríkjunum. Þessar kröfur ættu að byggjast á skilyrðunum sem eru sett fram í þessari ákvörðun. Í því skyni að tryggja heilbrigði og gæði fræsins ættu þessar kröfur að samsvara þeim kröfum sem eru settar fram fyrir vottuð fræ í tilskipun 66/402/EBE í því skyni að tryggja sambærileg gæði.

10) Vegna tilraunakennds eðlis þeirrar ráðstöfunar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, skal ákveða hámarksmagn stofna sem setja má á markað, að teknu tilliti til þess að prófa þarf mismunandi gerðir stofna og nota til þess þá aðstöðu sem er fyrir hendi. Magnið ætti að vera nægilegt til að unnt sé að fá áreiðanlegar og dæmigerðar niðurstöður úr tilrauninni. Þó ætti það ekki að fara yfir tiltekin mörk til að koma í veg fyrir myndun markaðar fyrir fræ, samhliða þeim sem komið var á fót samkvæmt tilskipun 66/402/EBE.

11) Í því skyni að tryggja gegnsæi og upplýstar ákvarðanir notenda þessara stofna og til að koma í veg fyrir sviksamlegt athæfi ætti að samþykkja ákveðin skilyrði varðandi merkingar vegna setningar fræs úr þessum stofnum á markað meðan tilraunin stendur yfir. Vegna sérstaks eðlis stofnanna ættu þessi skilyrði að víkja frá ákvæðum V. viðauka við tilskipun 66/402/EBE. Kanna ætti hvort tryggja megi fullnægjandi og viðeigandi upplýsingar til notanda hráefnisins með kröfunum um að heiti stofnana gefi greinilega til kynna að þeir eru stofnar og að merkingin gefi til kynna ræktunarhéraðið.

12) Til að ákvarða efnahagslegt, landbúnaðarfræðilegt og umhverfisfræðilegt gildi betri staðgöngukosta fyrir ofangreind ákvæði tilskipunar 66/402/EBE er mikilvægt að tryggja heildstætt mat á nokkrum þáttum og niðurstöðum þessarar tilraunar. Í því skyni ættu aðildarríki að skrá viðeigandi upplýsingar, þ.e. tegundir og heiti stofna, sem eru notaðir í tilrauninni, gerðir stofna, fyrirkomulag og kostnað vegna leyfis fyrir stofna, niðurstöður prófana, árangursniðurstöður, stærð viðkomandi rekstraraðila, tegund notenda og reynslu þeirra.

13) Rekstraraðilar, sem stefna á framleiðslu slíkra stofna, ættu að tilkynna hlutaðeigandi aðildarríkjum um magn af fræi úr stofnum sem þau hyggjast framleiða til þess að aðildarríkin geti sannreynt að ekki sé framleitt umfram hámarksmagn.

14) Tilraunin ætti að standa yfir í a.m.k. þrjú markaðssetningartímabil til að mögulegt sé fyrir rekstraraðila að framleiða og setja nægilegt magn fræs á markað og gefa lögbærum yfirvöldum færi á að skoða þetta hráefni og safna nægilegum og samanburðarhæfum upplýsingum til að nota við gerð skýrslunnar.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Efni

1. Á vettvangi Sambandsins er skipulögð tímabundin tilraun til að meta hvort framleiðsla á fræi, með það fyrir augum að setja það á markað, og setning á markað við tiltekin skilyrði, úr stofnum eins og um getur í 2. gr., sem tilheyra tegundunum *Avena* spp., *Hordeum* spp., *Triticum* spp. og *Zea mays* L, geti verið betri valkostur en útilokun á setningu fræs á markað sem uppfyllir ekki kröfurnar í E-, F- og G-liðum 1. mgr. 2. gr tilskipunar 66/402/EBE varðandi þætti er varða yrki tiltekinna frætegunda og kröfurnar í 1. mgr. 3. gr. varðandi setningu á markað með opinberri vottun sem „vottað fræ“, „vottað fræ af fyrsta ættlið“ eða „vottað fræ af öðrum ættlið“.

2. Meta skal eftirfarandi þætti:

a) hvort mögulegt sé að sanngreina stofna þessara tegunda á grundvelli upplýsinga um aðferðir við ræktun þeirra og framleiðslu, yrki sem eru notuð við krossvíxlunina og helstu eiginleika þessara stofna og

b) hvort sanngreining á fræjum úr þessum stofnum, sem sett eru á markað, geti grundvallast á kröfum um rekjanleika og auðkenningu á framleiðslustöðum.

2. gr.

Gildissvið

Ákvörðun þessi skal taka til plöntuhópa sem uppfylla allar eftirfarandi kröfur:

a) þeir eru afleiðing tiltekinnar samsetningar arfgerða,

b) þeir teljast einingar með tilliti til þess hversu vel þeir henta til fjölgunar óbreyttir eftir að hafa fest sig í sessi í tilteknu ræktunarhéraði við tiltekin landbúnaðarloftslagsskilyrði,

c) þeir eru búnir til með einni af eftirfarandi aðferðum:

i. með krossvíxlun fimm eða fleiri yrkja í öllum samsetningum og því næst samsöfnun (e. *bulking*) afkvæmanna þar sem hver ný kynslóð er látin mæta náttúrulegu vali,

ii. sameiginleg ræktun a.m.k. fimm yrkja, einkum víxlfrjóvgaðra tegunda, samsöfnun afkvæmanna, endurtekin endursáning og stofninn látinn fara gegnum náttúrulegt val þar til plöntur af upprunalega yrkinu eru ekki lengur til staðar,

iii. víxlfrjóvgun sömu yrkja þar sem notast er við aðrar víxlfrjóvgunaraðferðir en þær í i- eða ii-lið í því skyni að framleiða álíka margbreytilegan stofn sem inniheldur ekki yrki.

Hér á eftir eru slíkir plöntuhópar nefndir „stofnar“.

3. gr.

Þátttaka aðildarríkja

1. Öll aðildarríki geta tekið þátt í tilrauninni. Þau geta hafið þátttöku í síðasta lagi í janúar 2017.

2. Aðildarríki, sem ákveða að taka þátt í tilrauninni, (hér á eftir nefnd „þátttökuaðildarríki“) skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum um þátttöku sína, tilgreina tegundir og landsvæði sem falla undir þátttöku þeirra og ráðstafanir sem er beitt samkvæmt þessari ákvörðun.

3. Þátttökuaðildarríkjunum er heimilt að hætta þátttöku sinni hvenær sem er með því að tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

4. gr.

Lausn undan skuldbindingum

Þátttökuaðildarríkin eru leyst undan þeim skyldum sem kveðið er á um í 2. gr. (E-, F- og G-lið 1. mgr.), 3. gr. (1. mgr.) og 10. gr. tilskipunar 66/402/EBE, að því er varðar framleiðslu með það fyrir augum að setja á markað og setningu stofna á markað.

5. gr.

Sanngreining stofna

Stofn skal vera sanngreinanlegur á grundvelli eftirfarandi þátta:

a) yrkja sem eru notuð í krossvíxluninni til að rækta stofninn,

b) ræktunaráætlana eins og skilgreint er í viðkomandi aðferðarlýsingu,

c) ræktunarhéraðsins,

d) misleitnihlutfalls, einkum meðal tegunda með sjálffrævun, og

e) eiginleika, eins og um getur í f-lið 2. mgr. 7. gr.

6. gr.

Skilyrði fyrir framleiðslu og setningu fræja úr stofnum á markað

Að því er varðar þessa tilraun skulu aðildarríki tryggja að framleiðsla fræja úr stofninum, með það fyrir augum að setja þau á markað, og setning á markað séu heimil ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) fræið tilheyrir leyfilegum stofni,

b) fræið samræmist ákvæðum 9. gr.,

c) heiti stofnsins samræmist ákvæðum 8. gr.,

d) stofninn er ræktaður og fræið er framleitt af aðilum sem eru skráðir skv. 10. gr.

7. gr.

Leyfi fyrir stofnum

1. Aðildarríki skulu leyfa stofna í samræmi við 2., 3. og 4. mgr.

2. Umsókn um leyfi skal lögð fyrir frævottunaryfirvaldið. Í umsókninni skulu koma fram eftirfarandi þættir:

a) heiti og heimilisfang umsækjandans,

b) tegundir og heiti stofnsins,

c) lýsing á aðferðinni sem notuð var við ræktun stofnsins, með tilvísun, eftir því sem við á, í i., ii. eða iii. lið c-liðar 2. gr.,

d) markmið ræktunaráætlunarinnar,

e) ræktunar- og framleiðsluaðferð: ræktunaráætlun eins og hún er skilgreind í viðkomandi aðferðarlýsingu, yrki notuð við ræktun og framleiðslu stofnsins og eigin framleiðslu-eftirlitsáætlun sem viðkomandi rekstraraðili notar,

f) lýsing á eiginleikum stofnsins:

i. gögn um eiginleika hans sem umsækjandi telur mikilvæga að því er varðar afrakstur, gæði, nothæfi, nothæfi í kerfum þar sem aðföng eru lítil, þol gegn sjúkdómum, stöðugleika uppskeru, bragð eða lit,

ii. niðurstöður úr tilraunum að því er varðar eiginleikana sem um getur í i. lið,

g) ræktunarhérað,

h) yfirlýsing umsækjanda varðandi réttleika þáttanna sem um getur í 1. mgr. 5. gr.,

i) dæmigert sýni af stofninum,

j) nafn og heimilisfang aðila sem ber ábyrgð á ræktun, framleiðslu og viðhaldi.

3. Frævottunaryfirvaldið skal kanna eftirfarandi þætti:

a) að umsóknin sé í samræmi við ákvæði 2. mgr., og

b) að stofninn sé í samræmi við sanngreiningarkröfurnar í 5. gr.

Samræmi við sanngreiningarkröfurnar í 5. gr. skal metið á grundvelli framlagðra gagna og eftirlits á athafnasvæðinu þar sem stofninn er framleiddur.

4. Tilkynna skal öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni um leyfi fyrir stofni og um þættina sem eru settir fram í 2. mgr.

8. gr.

Heiti stofna

1. Stofnar skulu bera heiti. Reglur um nafngiftir yrkja, eins og mælt er fyrir um í 6. mgr. 9. gr. tilskipunar ráðsins 2002/53/EB ([2]), skulu gilda um heiti stofna til samræmis við það.

2. Bæta skal orðinu „stofn“ aftan við hvert heiti.

9. gr.

Kröfur að því er varðar uppskeru, fræ og þyngd framleiðslueininga og sýna

1. Ákvæði 1. og 6. liðar I. viðauka við tilskipun 66/402/EBE skulu gilda.

2. Við framleiðslu og setningu fræs sem tilheyrir stofnum á markað skal fræið uppfylla ákvæði 2. og 3. liðar II. viðauka við tilskipun 66/402/EBE varðandi vottuð fræ af öðrum ættlið, ef um er að ræða stofna *Avena nuda* L., *Avena sativa* L., *Avena strigosa* Schreb., *Hordeum vulgare* L., *Triticum aestivum* L., *Triticum durum* L. og *Triticum spelta* L., og vottuð fræ um ef um er að ræða stofna *Zea mays* L..

3. Við framleiðslu og setningu fræs sem tilheyrir stofnum á markað skal þyngd framleiðslueininga og sýna uppfylla ákvæði III. viðauka við tilskipun 66/402/EBE og, ef um er að ræða *Zea mays* L., ákvæði viðaukans varðandi vottuð fræ af þeirri tegund.

10. gr.

Skráning á ræktendum, framleiðendum og aðilum sem bera ábyrgð á viðhaldi stofna

1. Hvert aðildarríki skal skrásetja aðila, sem rækta stofna eða rækta eða viðhalda fræi úr stofnum á sínu yfirráðasvæði, í skrá, ef þeir uppfylla kröfurnar í 2. mgr.

([2]) Tilskipun ráðsins 2002/53/EB frá 13. júní 2002 um sameiginlega skrá yfir yrki nytjaplantna í landbúnaði (Stjtíð. EB L 193, 20.7.2002, bls. 1).

2. Ræktendur, framleiðendur og aðilar sem bera ábyrgð á viðhaldi stofna skulu leggja fram umsókn til frævottunaryfirvaldsins um færslu á skrána. Í umsókninni skulu koma fram eftirfarandi þættir:

a) heiti þeirra, heimilisfang og samskiptaupplýsingar,

b) heiti stofna sem um er að ræða.

3. Skráin skal innihalda eftirfarandi þætti:

a) heiti, heimilisfang og samskiptaupplýsingar, eins og sett er fram í a-lið 2. mgr.,

b) heiti stofnsins, sem um getur í b-lið 2. mgr., sem á að framleiða eða viðhalda.

11. gr.

Merkingar

Umbúðir eða ílát með fræjum skulu vera með merkimiða sem framleiðandinn festir á þau. Á merkimiðanum skulu koma fram upplýsingarnar sem settar eru fram í I. viðauka.

12. gr.

Magntakmarkanir

1. Magn fræs af leyfðum stofnum hverrar tegundar, sem er sett á markað, fyrir hvert þátttökuaðildarríki á hverju ári skal ekki fara yfir 0,1% af fræi af sömu tegund sem er framleitt á því ári í þátttökuaðildarríkinu.

2. Hver framleiðandi skal tilkynna frævottunaryfirvaldinu um það magn sem hann ætlar að framleiða á hverju ári.

3. Aðildarríki er heimilt að banna setningu fræs úr stofni á markað ef það telur, með hliðsjón af tilganginum með tilrauninni, að ekki sé heppilegt að meira magn af fræi úr viðkomandi stofni verði sett á markað. Það skal þegar í stað tilkynna þetta hlutaðeigandi framleiðanda eða framleiðendum.

13. gr.

Rekjanleiki

1. Allir aðilar sem setja fræ úr stofnum á markað skulu tryggja rekjanleika þessara fræja.

2. Aðili, sem setur fræ úr stofnum á markað, skal geyma upplýsingar sem gera honum kleift að sanngreina aðilana sem hafa afhent honum og sem hann hefur afhent fræ úr stofni.

3. Þessar upplýsingar skulu gerðar aðgengilegar frævottunaryfirvaldinu, sé þess óskað.

14. gr.

Opinbert eftirlit

Frævottunaryfivöld þátttökuaðildarríkjanna skulu annast opinbert eftirlit með framleiðslu og setningu fræja úr stofnum á markað. Opinbert eftirlit skal a.m.k. fela í sér:

a) akurskoðun, töku sýna og athugun á stofnum, eins og mælt er fyrir um í 1. lið II. viðauka,

b) eftirlit með skipulagningu samanburðarprófana á vettvangi í þessu skyni, eins og mælt er fyrir um í 2. lið II. viðauka,

c) eftirlit með framleiddu magni og magni sem er sett á markað,

d) eftirlit með því hvort framleiðandi og hver sá aðili sem setur fræ á markað fari að ákvæðum þessarar ákvörðunar.

Eftirlitið, sem um getur í d-lið, skal fara fram a.m.k. einu sinni á ári. Það skal fela í sér skoðun á athafnasvæði hlutaðeigandi aðila og ökrunum sem notaðir eru við framleiðslu stofnanna.

15. gr.

Viðhald stofna

1. Aðilinn, sem ber ábyrgð á viðhaldi stofnsins, skal viðhalda stofninum meðan tilraunin stendur yfir.

Viðhaldið skal vera í samræmi við viðurkenndar venjur fyrir viðkomandi tegundir.

2. Aðilinn, sem ber ábyrgð á viðhaldi stofnsins, skal halda skrár varðandi viðhald stofnanna og sjá til þess að þessar skrár séu aðgengilegar ábyrgum opinberum aðila til skoðunar hvenær sem er.

3. Ábyrgi, opinberi aðilinn skal hafa eftirlit með því með hvaða hætti stofnunum er viðhaldið og er heimilt í því skyni að taka sýni af fræi úr viðkomandi stofnum.

16. gr.

Tilkynningarskylda framleiðanda

Framleiðendur skulu árlega senda frævottunaryfirvöldunum upplýsingarnar sem eru settar fram í a-, b-, c-, f-, g-, h- og i-lið III. viðauka.

17. gr.

Skráning upplýsinga

Þátttökuaðildarríki skulu skrá upplýsingar, eins og tilgreint er í III. viðauka, varðandi framleiðslu og setningu stofna á markað. Sé þess óskað skulu þau veita hvort öðru aðstoð við skrásetningu þessara upplýsinga.

18. gr.

Kvöð um skýrslugjöf

1. Þátttökuaðildarríkin skulu, eigi síðar en 31. mars árið eftir, leggja skýrslu fyrir hvert ár fyrir framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin sem inniheldur eftirfarandi þætti:

a) upplýsingar um gerðir og fjölda stofna, sem eru leyfðir fyrir hverja tegund sem er framleidd og sett á markað samkvæmt tilrauninni, og

b) það magn sem var framleitt og sett á markað af hverjum stofni og tegund og, eftir því sem við á, heiti aðildarríkisins sem fræið var ætlað.

Þátttökuaðildarríkjunum er heimilt að tilgreina í skýrslunni allar aðrar upplýsingar sem þau telja að skipt geti máli.

2. Þátttökuaðildarríkin skulu leggja fyrir framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin, eigi síðar en 31. mars 2018, skýrslu þar sem settar eru fram upplýsingarnar sem um getur í III. viðauka. Sú skýrsla skal innihalda mat á tilraunaskilyrðunum og áhuga á framlengingu tilraunarinnar, ef við á, með tilvísun í hverja tegund fyrir sig. Í skýrslunni mega koma fram fleiri upplýsingar sem þau telja að skipt geti máli með hliðsjón af tilganginum með tilrauninni.

3. Aðildarríki sem hættir þátttöku sinni fyrir 31. desember 2017 skal skila skýrslu sinni fyrir 31. mars árið eftir að það hættir þátttöku.

19. gr.

Tímabil

Tilraunin skal hefjast 1. mars 2014 og henni skal ljúka 31. desember 2018.

20. gr.

Viðtakendur

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. mars 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Tonio BORG

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR SEM SEM SETJA SKAL FRAM Á MERKIMIÐANUM SEM KVEÐIÐ ER Á UM Í 11. GR.

Eftirfarandi skal koma fram á merkimiða á umbúðum eða ílátum sem innihalda fræin:

1) orðin „Tímabundin tilraun samkvæmt ESB-reglum og -stöðlum“,

2) frævottunaryfirvald og aðildarríki, eða skammstöfun á heiti þeirra,

3) heiti og heimilisfang framleiðandans sem ber ábyrgð á að festa merkimiðana á eða skrásetningarkóði hans,

4) ræktunarhérað,

5) tilvísunarnúmer framleiðslueiningarinnar,

6) mánuður og ár lokunar umbúða, gefið upp á eftirfarandi hátt: „lokað ... “ (mánuður og ár) eða mánuður og ár síðustu opinberu sýnatöku í eftirlitsskyni, gefið upp á eftirfarandi hátt: „sýni tekið ... “ (mánuður og ár),

7) tegund, tilgreind a.m.k. með grasafræðiheiti sínu sem má vera stytt heiti og án höfundarnafns með latnesku letri,

8) heiti stofns,

9) framleiðsluaðildarríki, ef það er annað en það sem tilgreint er í lið 2,

10) uppgefin eigin þyngd eða heildarþyngd eða uppgefinn fjöldi fræja,

11) tegund aukefnis og einnig nálgunarhlutfall milli þyngdar hreinna fræja og heildarþyngdar þegar þyngd er tilgreind og notuð eru kornuð varnarefni, húðunarefni eða önnur aukefni í föstu formi,

12) hafi a.m.k. spírunarhæfni verið endurprófuð: yfirlýsing á merkimiðanum um umfang spírunarinnar. Slíkar upplýsingar má setja á sjálflímandi miða sem er festur á merkimiðann.

———

II. VIÐAUKI

SÝNATAKA OG EFTIRLIT SEM UM GETUR Í 14. GR.

Eftirfarandi sýnataka og rannsókn skulu fara fram:

1) Opinberir fræsýnatökumenn skulu skoða framleiðsluakra og taka slembisýni með óreglulegu millibili á hverju ári af a.m.k. 5% allra framleiðslueininga fræja úr stofnum og framleiðsluökrum sem tilraunin tekur til.

   Hver framleiðsluakur skal sæta opinberu eftirliti a.m.k. tvisvar á meðan tímabundna tilraunin stendur yfir.

   Þessi sýni skulu notuð til að hafa eftirlit með því að farið sé að ákvæðum 5. gr., að því er varðar auðkenni, og að ákvæðum 9. gr., að því er varðar gæði fræsins.

2) Samanburðarprófanir á vettvangi skulu fara fram á hverjum leyfðum stofni, sem er settur á markað, sem tilraunin tekur til.

   Lögbær yfirvöld, rannsóknastofnanir eða ræktendur eða framleiðendur skulu framkvæma prófanir á vettvangi. Ef um er að ræða ræktendur og framleiðendur skulu aðildarríkin hafa umsjón með prófununum.

———

III. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR SEM SKULU SKRÁÐAR EINS OG UM GETUR Í 17. GR.

Skrá skal eftirfarandi upplýsingar:

a) nafn tegundar og heiti sem er notað fyrir hvern leyfðan stofn sem tilraunin tekur til,

b) gerðir stofna eins og um getur í c-lið 2. gr.,

c) það magn sem var framleitt og sett á markað af hverjum stofni og tegund og heiti aðildarríkisins sem fræið var ætlað,

d) fyrirkomulag aðildarríkja vegna leyfa fyrir stofnum og tengdur kostnaður fyrir umsækjandann,

e) lýsing á og niðurstöður úr prófunum sem voru framkvæmdar í samræmi við 1. lið II. viðauka,

f) niðurstöður úr samanburðarprófunum á vettvangi eins og um getur í 2. lið II. viðauka,

g) stærð ræktenda og framleiðanda sem taka þátt: örfyrirtæki, lítil fyrirtæki, meðalstór fyrirtæki eða stór fyrirtæki,

h) mat notenda á stofnum, að því er varðar eiginleika skv. f-lið 2. mgr. 7. gr.

———

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2015/EES/55/05

frá 25. júní 2014

um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir dífeþíalóni og dífenakúmi til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14

(2014/397/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum 5. mgr. 14 gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Virku efnunum dífeþíalóni og dífenakúmi var bætt við í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ([2]) til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 og teljast samþykkt skv. 86. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 með fyrirvara um forskriftir og skilyrði sem sett eru fram í I. viðauka við þá tilskipun.

2) Samþykki fyrir þeim fellur úr gildi 31. október 2014 annars vegar og 31. mars 2015 hins vegar. Í samræmi við 1. mgr. 13. gr reglugerðar (EB) nr. 528/2012 voru lagðar fram umsóknir um endurnýjun á samþykki fyrir þessum virku efnum.

3) Vegna tilgreindra áhættuþátta og eiginleika virku efnanna dífeþíalóns og dífenakúms, sem gera þau hugsanlega þrávirk, líkleg til að safnast fyrir í lífverum og eitruð eða mjög þrávirk og mjög líkleg til að safnast fyrir í lífverum, er endurnýjun á samþykki þeirra háð mati á öðru virku efni eða efnum. Vegna þessara eiginleika má auk þess eingöngu endurnýja samþykki fyrir þessum virku efnum ef sýnt er fram á að a.m.k. eitt af skilyrðum fyrstu undirgreinar 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 hafi verið uppfyllt.

4) Framkvæmdastjórnin hefur hafið rannsókn á ráðstöfunum til að draga úr áhættu, sem hægt er að beita á blóðstorkuheftandi nagdýraeitur (e. *anticoagulant rodenticides*), með það fyrir augum að leggja til ráðstafanir sem henta best til að draga úr áhættum sem tengjast eiginleikum þessara virku efna.

5) Rannsóknin stendur nú yfir og umsækjendur um endurnýjun á samþykki fyrir þessum virku efnum ættu að fá möguleika til að fjalla um niðurstöður rannsóknarinnar í umsóknum sínum. Ennfremur ætti að taka tillit til niðurstöðva rannsóknarinnar þegar teknar eru ákvarðanir um endurnýjun á samþykki fyrir öll blóðstorkuheftandi nagdýraeitur.

6) Til að greiða fyrir endurskoðun og samanburði á áhættu og ávinningi í tengslum við allt blóðstorkuheftandi nagdýraeitur sem og ráðstöfunum sem er beitt að því er þau varðar til að draga úr áhættu, ætti að fresta mati á dífeþíalóni og dífenakúmi þar til síðasta umsóknin um endurnýjun fyrir síðasta blóðstorkuheftandi nagdýraeitrið hefur verið lögð fram. Búist er við að umsóknir um endurnýjun á samþykki fyrir síðustu blóðstorkuheftandi nagdýraeitrin, þ.e. bródífakúm, varfarín og varfarínnatríum, verði lagðar fram eigi síðar en 31. júlí 2015.

7) Af þessum sökum, af ástæðum sem umsækjandinn fær ekki ráðið við, er líklegt að að samþykkið fyrir dífeþíalóni og dífenakúmi renni út áður en ákvörðun um endurnýjun þeirra hefur verið tekin. Því er viðeigandi að fresta lokadegi samþykkis fyrir þessi virku efni í nægilega langan tíma til að unnt sé að taka umsóknirnar til meðferðar.

8) Samþykki fyrir þessi efni ættu að gilda áfram, með fyrirvara um forskriftirnar og skilyrðin sem sett eru fram í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB, burtséð frá lokadegi samþykkis.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 186, 26.6.2014, bls. 111. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 267/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Lokadegi samþykkis fyrir dífeþíalón og dífenakúm, til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14, er frestað til 30. júní 2018.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 25. júní 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2015/EES/55/06

frá 25. júní 2014

varðandi takmarkanir á leyfum fyrir sæfivörum sem innihalda 3-joð-2-própýnýlbútýlkarbamat (IPBC) sem Þýskaland tilkynnti um í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB

(tilkynnt með númeri C(2014) 4167)

(2014/402/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum 3. mgr. 36 gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ([2]) er skrá yfir virk efni sem eru samþykkt á vettvangi Sambandsins til notkunar í sæfivörur. Með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/79/EB ([3]) var virka efninu 3-joð-2-própýnýlbútýlkarbamati (IPBC) bætt við skrána, til notkunar í vörur sem tilheyra vöruflokki 8, viðarvarnarefni, eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við tilskipun 98/8/EB. Samkvæmt 86. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 er 3-joð-2-própýnýlbútýlkarbamat (IPBC) því samþykkt virkt efni í skránni sem um getur í 2. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar.

2) Breska konungsríkið hefur veitt leyfi fyrir vörum sem innihalda 3-joð-2-própýnýlbútýlkarbamat (IPBC) til notkunar á við í iðnaðar- og atvinnuskyni með sjálfvirkri böðun sem felst í dýfingu í böðunartank sem inniheldur viðarvarnarefnið. Leyfin hafa síðan hlotið gagnkvæma viðurkenningu annarra aðildarríkja.

3) Lögbærum yfirvöldum í Þýskalandi sem bera ábyrgð á sæfivörum bárust umsóknir um gagnkvæma viðurkenningu á leyfum, skv. 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 98/8/EB, fyrir sumar af þessum vörum („umdeildu vörurnar“). Umdeildu vörurnar eru taldar upp í viðaukanum við þessa ákvörðun.

4) Hinn 4. október 2012 og 6. nóvember 2012 tilkynnti Þýskaland framkvæmdastjórninni, öðrum aðildarríkjum og umsækjendum um tillögu sína um að takmarka leyfi fyrir umdeildar vörur í samræmi við 4. mgr. 4. gr. tilskipunar 98/8/EB. Þýskaland lagði til að vörum fyrir sjálfvirka böðun yrði ekki veitt leyfi þar eð það taldi að vörurnar stæðust ekki kröfurnar í 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 98/8/EB að því er varðar áhrif á heilbrigði manna við slíkar aðstæður. Samkvæmt tilkynningunum tilgreindi Þýskaland tiltekin áhyggjuefni að því er varðar váhrif í gegnum húð af völdum 3-joð-2-própýnýlbútýlkarbamats (IPBC) á þá sem nota efnin í atvinnuskyni þegar vörurnar eru notaðar með sjálfvirkri böðun. Þessi áhyggjuefni hafa sérstaka þýðingu fyrir Þýskaland þar sem greint hefur verið frá því að umtalsverður hluti athafnasvæða sem beita þessari notkunaraðferð beiti sjálfvirkni að litlu leyti og því séu miklar líkur á að meðhöndlaður viður eða mengað yfirborð komist í snertingu við húð.

5) Framkvæmdastjórnin bauð öðrum aðildarríkjum og umsækjendunum að leggja fram skriflegar athugasemdir varðandi hverja tilkynningu innan 90 daga í samræmi við 1. mgr. 27. gr. tilskipunar 98/8/EB. Nokkur aðildarríki og umsækjendurnir lögðu fram athugasemdir áður en fresturinn rann út. Framkvæmdastjórnin og lögbær yfirvöld aðildarríkjanna, sem bera ábyrgð á sæfivörum, og, eftir því sem við á, umsækjendurnir ræddu tilkynningarnar einnig sín á milli á fundum hópsins til að greiða fyrir vöruleyfi og gagnkvæmri viðurkenningu (e. *Product Authorisation and Mutual Recognition Facilitation Group*) og samræmingarhópsins sem um getur í 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 188, 27.6.2014, bls. 85. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 267/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/79/EB frá 28. júlí 2008 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu 3-joð-2-própýnýlbútýlkarbamati (IPBC) við í I. viðauka við hana (Stjtíð. ESB L 200, 29.7.2008, bls. 12).

6) Af þessum umræðum og athugasemdum sem bárust leiðir að aðlaga ætti þau líkön sem til eru til að meta váhrif á menn af völdum böðunarferla. Sérfræðingahópur um váhrif á menn (e. *Human Exposure Expert Group*) þróaði aðlöguð líkön til að meta váhrif á þá sem meðhöndla í atvinnuskyni við í iðnaði með alsjálfvirkri böðun og álit hópsins var samþykkt á tæknilegum fundi um sæfiefni 16.-20. september 2013 ([4]). Aðlöguðu líkönin sýna að ef umdeildu vörurnar eru notaðar í alsjálfvirkum ferlum er ekki búist við að váhrif af völdum 3-joð-2-própýnýlbútýlkarbamats (IPBC) á þá sem nota efnin í atvinnuskyni hafi óviðunandi áhrif á heilbrigði manna í skilningi 1. mgr. 5.gr. tilskipunar 98/8/EB.

7) Af þessum sökum ætti að leyfa umdeildu vörurnar með fyrirvara um leiðbeiningar á merkimiða sem takmarka notkunina við alsjálfvirka böðun.

8) Reglugerð (ESB) nr. 528/2012 gildir um umdeildu vörurnar í samræmi við ákvæði 2. mgr. 92. gr. þeirrar reglugerðar. Þar eð lagagrundvöllur þessarar ákvörðunar er 3. mgr. 36. gr. þeirrar reglugerðar ætti að beina þessari ákvörðun til allra aðildarríkjanna í samræmi við 4. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Tillögu Þýskalands um að leyfa ekki sæfivörurnar, sem eru tilgreindar í viðaukanum fyrir sjálfvirka böðun, er hafnað.

2. gr.

Leyfin fyrir sæfivörurnar, sem eru tilgreindar í viðaukanum, skulu fela í sér þau skilyrði að eftirfarandi leiðbeiningar komi fram á merkimiða vörunnar:

„Varan (tilgreinið heiti vörunnar) skal aðeins notuð í alsjálfvirkum böðunarferlum þar sem öll skref í meðhöndlunar- og þurrkunarferlinu eru vélknúin og án beinnar snertingar, þ.m.t. þegar meðhöndlaðir hlutir eru fluttir gegnum böðunartankinn þangað sem látið er drjúpa af þeim/þeir þurrkaðir og settir í geymslu (ef yfirborð hlutarins er ekki þegar þurrt áður en hann er fluttur til geymslu). Þar sem það á við, skal tryggja að viðarhlutirnir sem á að meðhöndla séu tryggilega festir (t.d. með ólum eða klemmubúnaði) fyrir meðhöndlun og meðan á dýfingu stendur og ekki má handleika meðhöndlaða hluti fyrr en yfirborð þeirra er þurrt.“

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. júní 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Janez POTOČNIK

framkvæmdastjóri

([4]) Aðgengilegt á: http://echa.europa.eu/documents/10162/19680902/heeg_opinion_18_fully_automated_dipping_en.pdf

VIÐAUKI

Til sæfivaranna sem um getur í 1. og 2. gr. þessarar ákvörðunar teljast sæfivörurnar sem eru tilgreindar í töflunni hér á eftir, auðkenndar með tilvísunarnúmeri umsóknarinnar í sæfivöruskránni, sem og allar vörur sem umsókn um gagnkvæma viðurkenningu á leyfum fyrir þessar vörur á við um:

2010/7969/7206/UK/AA/8794	2010/7969/7232/UK/AA/8805	2010/8209/8150/UK/AA/10438
2010/7969/7206/UK/AA/9165	2010/7969/7232/UK/AA/9172	
2010/7969/7226/UK/AA/8795	2010/7969/7233/UK/AA/8806	
2010/7969/7226/UK/AA/9166	2010/7969/7233/UK/AA/9173	
2010/7969/7227/UK/AA/8796	2010/7969/7234/UK/AA/8807	
2010/7969/7227/UK/AA/9167	2010/7969/7234/UK/AA/9174	
2010/7969/7228/UK/AA/8797	2010/7969/7759/UK/AA/8808	
2010/7969/7228/UK/AA/9168	2010/7969/7786/UK/AA/8825	
2010/7969/7229/UK/AA/8798	2010/7969/7786/UK/AA/9176	
2010/7969/7229/UK/AA/9169	2010/7969/7787/UK/AA/8826	
2010/7969/7230/UK/AA/8799	2010/7969/7787/UK/AA/9177	
2010/7969/7230/UK/AA/9170	2010/7969/7788/UK/AA/8827	
2010/7969/7231/UK/AA/8800	2010/7969/7788/UK/AA/9175	
2010/7969/7231/UK/AA/9171	2010/1349/8153/UK/AA/10515	

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2015/EES/55/07

frá 15. maí 2014

um að heimila aðildarríkjum að framlengja bráðabirgðaleyfi sem voru veitt fyrir virku efnunum pínoxadeni og meptýldínókapi

(tilkynnt með númeri C(2014) 3059)

(2014/289/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna ([1]), einkum fjórðu undirgrein 1. mgr. 8. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([2]), einkum a-lið 1. mgr. 80. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við a-lið 1. mgr. 80. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 á tilskipun 91/414/EBE að gilda áfram um virk efni sem ákvörðun hefur verið samþykkt um í samræmi við 3. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/414/EBE fyrir 14. júní 2011.

2) Í samræmi við 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/414/EBE barst yfirvöldum í Bretlandi umsókn frá Syngenta Crop Protection AG í mars 2004 um færslu virka efnisins pínoxadens á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE. Staðfest var með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/459/EB ([3]) að málsskjölin væru fullnægjandi og að þau uppfylltu í aðalatriðum gagna- og upplýsingakröfurnar í II. og III. viðauka við tilskipunina.

3) Í samræmi við 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/414/EBE barst yfirvöldum í Bretlandi umsókn frá Dow Agrosciences í ágúst 2005 um færslu virka efnisins meptýldínókaps á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE. Staðfest var með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/589/EB ([4]) að málsskjölin væru fullnægjandi og að þau uppfylltu í aðalatriðum gagna- og upplýsingakröfurnar í II. og III. viðauka við tilskipunina.

4) Staðfesting á heilleika málsskjalanna var nauðsynleg til hægt væri að framkvæma nákvæma athugun á þeim og gera aðildarríkjunum kleift að veita bráðabirgðaleyfi í allt að þrjú ár fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda viðkomandi virk efni en uppfylla jafnframt skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 8. gr. tilskipunar 91/414/EBE og einkum skilyrðin varðandi ítarlegt mat á virka efninu og plöntuverndarvörunum í ljósi krafnanna sem mælt er fyrir um í þeirri tilskipun.

5) Áhrif þessara virku efna á heilbrigði manna og umhverfið hafa verið metin, í samræmi við ákvæði 2. og 4. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/414/EBE, með tilliti til þeirrar notkunar sem umsækjendurnir fyrirhuga. Skýrslugjafaraðildarríkið lagði drögin að matsskýrslunum fyrir framkvæmdastjórnina, annars vegar 30. nóvember 2005 (pínoxaden) og hins vegar 25. október 2006 (meptýldínókap).

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 147, 17.5.2014, bls. 114. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 274/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1

([2]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([3]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/459/EB frá 22. júní 2005 um að viðurkenna í grundvallaratriðum heilleika málsskjalanna sem lögð voru fram til nákvæmrar athugunar með tilliti til hugsanlegar færslu pínoxadens á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 160, 23.6.2005, bls. 32).

([4]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/589/EB frá 31. ágúst 2006 um að viðurkenna í grundvallaratriðum heilleika málsskjalanna sem lögð voru fram til nákvæmrar athugunar með tilliti til hugsanlegrar færslu aviglýsíns HCl, mandípropamíðs og meptýldínókaps á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 240, 2.9.2006, bls. 9).

6) Eftir að skýrslugjafaraðildarríkin lögðu fram drögin að matsskýrslunum hefur komið í ljós að nauðsynlegt er að óska eftir frekari upplýsingum frá umsækjendunum og láta skýrslugjafaraðildarríkin athuga þessar upplýsingar og leggja fram mat. Athugunin á málsskjölunum er því enn í gangi og ekki verður hægt að ljúka matinu innan þess tímaramma sem kveðið er á um í tilskipun 91/414/EBE, með hliðsjón af framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/191/ESB ([5]).

7) Þar sem ekkert hefur komið fram í matinu fram að þessu sem gefur tilefni til áhyggna þegar í stað ættu aðildarríki að eiga möguleika á því að framlengja bráðabirgðaleyfi, sem veitt hafa verið fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda viðkomandi virk efni, um 24 mánuði í samræmi við ákvæði 8. gr. tilskipunar 91/414/EBE til að hægt sé að halda áfram athuguninni á málsskjölunum. Búist er við því að matinu og ákvarðanatökuferlinu að því er varðar ákvörðun um hugsanlegt samþykki í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 fyrir pínoxaden og meptýldínókap verði lokið innan 24 mánaða.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Aðildarríkjum er heimilt að framlengja bráðabirgðaleyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda pínoxaden og meptýldínókap um tímabil sem lýkur eigi síðar en 31. maí 2016.

2. gr.

Ákvörðun þessi falli úr gildi 31. maí 2016.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. maí 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Tonio BORG

framkvæmdastjóri.

([5]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/191/ESB frá 10. apríl 2012 um að heimila aðildarríkjum að framlengja bráðabirgðaleyfi sem voru veitt fyrir nýju, virku efnunum amísúlbrómi, klórantranilípróli, meptýldínókapi, pínoxadeni, silfurþíósúlfati og tembótríóni (Stjtíð. ESB L 102, 12.4.2012, bls. 15).

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2015/EES/55/08

frá 23. júní 2014

um frekari fyrri losun frá flugi og viðbótarlosunarheimildir vegna flugs með tilliti til aðildar Króatíu að Evrópusambandinu

(2014/389/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af lögum um aðild Króatíu ([1]), einkum a-lið 1. liðar í I. lið 10 þáttar V. viðauka,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í i. lið a-liðar í 1. lið I. liðar 10. þáttar í V. viðauka við lögin um aðild Króatíu, sem varðar allt flug milli tveggja flugvalla sem eru staðsettir á yfirráðasvæði Króatíu og öll flug milli flugvallar sem er staðsettur á yfirráðasvæði Króatíu og flugvallar sem er staðsettur í landi utan EES-svæðisins (hér á eftir nefnd viðbótarflugstarfsemi), kemur fram að þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 3. gr. c í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ([2]) eigi tímabilið, sem um getur í 1. mgr. 13. gr. þeirrar tilskipunar og hefst 1. janúar 2013, að hefjast 1. janúar 2014 að því er varðar viðbótarflugstarfsemina.

2) Samkvæmt ii. lið a-liðar í 1. lið I. liðar 10. þáttar V. viðauka við lögin um aðild Króatíu, þrátt fyrir 4. mgr. 3. gr. c í tilskipun 2003/87/EB, skal framkvæmdastjórnin ákvarða, samkvæmt málsmeðferðinni sem um getur í sama ákvæði, um fyrri losun frá flugi að því er varðar viðbótarflugstarfsemi innan sex mánaða frá aðildardegi.

3) Heildarfjöldi losunarheimilda sem á að úthluta til umráðenda loftfara er skilgreindur sem hlutfall af fyrri losun frá flugi. Í s-lið 3. gr. tilskipunar 2003/87/EB er fyrri losun frá flugi skilgreind sem meðaltal árlegrar losunar á almanaksárunum 2004, 2005 og 2006 frá loftförum í flugstarfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við þá tilskipun. Í 2. mgr. 3. gr. c í þeirri tilskipun er kveðið á um að reikna eigi heildarfjölda losunarheimilda, sem úthluta á til umráðenda loftfara, á grundvelli þessa meðaltals fyrri losunar.

4) Framkvæmdastjórnin hefur notið aðstoðar Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu, í samræmi við 18. gr. b í tilskipun 2003/87/EB, við útreikning á fyrri losun frá flugi vegna viðbótarflugstarfseminnar. Ítarleg gögn um flugumferð úr gagnagrunni Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu, frá aðalskrifstofu sem sér um að innheimta leiðargjöld og frá yfirstjórn flæðisstjórnunardeildar, voru talin bestu tiltæku gögnin til útreiknings á fyrri losun. Þar kemur fram raunveruleg lengd flugleiðar fyrir hverja einstaka flugferð. Losun var síðan reiknuð út fyrir hverja flugferð fyrir sig með því að nota aðferð 3 til að draga úr óþægindum af völdum flutninga í lofti (e. *Abatement of Nuisances Caused by Air Transport 3 methodology*) og aðferð við útreikning á losun með valvísu jafngildi (e. *Calculation of Emissions by Selective Equivalence methodology*). Þessi aðferð við útreikning á fyrri losun var þróuð frekar með því að nota upplýsingar um raunverulega eldsneytiseyðslu, sem dæmigerður fjöldi af umráðendum loftfara veitti sjálfviljugur, til að fullgilda niðurstöðurnar.

5) Á almanaksárinu 2004 var árleg losun frá viðbótarflugstarfsemi, frá loftförum í flugstarfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB talin vera 114 024 tonn af koltvísýringi. Árlega losunin frá slíkum loftförum á almanaksárinu 2005 er talin vera 126 827 tonn af koltvísýringi og árlega losunin frá slíkum loftförum á almanaksárinu 2006 er talin vera 127 120 tonn af koltvísýringi. Fyrri losun frá flugi er 122 657 tonn af koltvísýringi.

6) Samkvæmt viii. lið a-liðar í 1. lið I. liðar 10. þáttar V. viðauka við lögin um aðild Króatíu, þrátt fyrir 3. gr. e (d-liður 3. mgr.) í tilskipun 2003/87/EB, að því er varðar viðbótarflugstarfsemina, á að reikna

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 183, 24.6.2014, bls. 135. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 294/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 112, 24.4.2012, bls. 6.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB (Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32).

út fjölda losunarheimilda sem á að úthluta án endurgjalds með því að margfalda viðmiðunina, sem um getur í 3. gr. e (e-liður 3. mgr.) í þeirri tilskipun, með summu tonnkílómetragagna sem tilgreind eru í umsóknum sem lagðar eru fyrir framkvæmdastjórnina í samræmi við vi. lið a-liðar í 1. lið I. liðar 10. þáttar V. viðauka við lögin um aðild Króatíu.

7) Framkvæmdastjórnin greindi umsóknir í tengslum við viðbótarflugstarfsemi, sem Króatía lagði fram í samræmi við vi. lið a-liðar í 1. lið I. liðar 10. þáttar V. viðauka við lögin um aðild Króatíu, og útreikningana á fyrri losun frá flugi vegna viðbótarflugstarfsemi, sem Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu lagði fram, og komst að þeirri niðurstöðu að viðmiðanirnar, sem eru tilgreindar í 3. gr. e (e-liður 3. mgr.) í tilskipun 2003/87/EB, ættu ekki að falla undir samræmdan leiðréttingarstuðul eins og kveðið er á um í viii. lið a-liðar í 1. lið I. liðar 10. þáttar V. viðauka við lögin um aðild Króatíu.

8) Samkvæmt iii. lið a-liðar í 1. lið I. liðar 10. þáttar V. viðauka við lögin um aðild Króatíu, þrátt fyrir ákvæði 3. gr. d (2. mgr.) í tilskipun 2003/87/EB, á, frá 1. janúar 2014, sá hundraðshluti losunarheimilda, sem á að bjóða upp vegna viðbótarflugstarfsemi, að vera sá hundraðshluti losunarheimilda sem eftir stendur þegar reiknaður hefur verið sá fjöldi losunarheimilda sem úthluta skal án endurgjalds skv. 3. gr. e (d-liður 3. mgr.) í sömu tilskipun og sá fjöldi losunarheimilda sem er settur til hliðar í sérstakan varasjóð skv. 3. gr. f. í sömu tilskipun.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, hafa verið teknar til athugunar innan nefndarinnar um loftslagsbreytingar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Frekari fyrri losun frá flugi vegna viðbótarflugstarfseminnar er 122 657 tonn af koltvísýringi.

2. gr.

Heildarfjöldi losunarheimilda í öllu Sambandinu, að því er varðar viðbótarflugstarfsemi sem varðar hvert ár á tímabilinu frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2020, er 116 524.

3. gr.

Við útreikning á fjölda losunarheimilda, sem á að úthluta vegna viðbótarflugstarfsemi í samræmi við viðmiðunina sem um getur í e-lið 3. mgr. 3. gr. e í tilskipun 2003/87/EB, skal námunda að næstu losunarheimild.

4. gr.

Heildarfjöldi losunarheimilda sem á að úthluta án endurgjalds í öllu Sambandinu, að því er varðar viðbótarflugstarfsemi sem varðar hvert ár á tímabilinu frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2020, er 41 584.

5. gr.

Heildarfjöldi viðbótarlosunarheimilda í öllu Sambandinu, sem á að setja til hliðar í sérstakan varasjóð, er 3 495.

6. gr.

Heildarfjöldi viðbótarlosunarheimilda í öllu Sambandinu, sem á að bjóða upp ár hvert á tímabilinu frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2020, er 71 445.

7. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 23. júní 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2015/EES/55/09

frá 3. apríl 2014

um breytingu á ákvörðun 2009/821/EB að því er varðar skrárnar yfir skoðunarstöðvar á landamærum og dýralæknaeiningar í Traces-tölvukerfinu

(tilkynnt með númeri C(2014) 2094)

(2014/187/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan Bandalagsins með tiltekin dýr á fæti [og afurðir] til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á ([1]), einkum 1. og 3. mgr. 20. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/496/EBE frá 15. júlí 1991 um setningu meginreglna um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits með dýrum sem eru flutt til Bandalagsins frá þriðju löndum og breytingu á tilskipunum 89/662/EBE, 90/425/EBE og 90/675/EBE ([2]), einkum öðrum málslið annarrar undirgreinar 4. mgr. og 5. mgr. 6. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum ([3]), einkum 2. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/821/EB ([4]) er mælt fyrir um skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum sem eru samþykktar í samræmi við tilskipanir 91/496/EBE og 97/78/EB. Umrædd skrá er sett fram í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB.

2) Í kjölfar orðsendinga frá Spáni og Portúgal ætti að breyta færslunum fyrir skoðunarstöðvarnar á landamærum á flugvöllunum í Madrid og Tenerife Sur á Spáni og á flugvellinum í Porto og við höfnina og á flugvellinum í Ponta Delgaða í Portúgal í skránni sem sett er fram í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB.

3) Í ákvörðun ráðsins 2011/408/ESB ([5]) er mælt fyrir um einfaldaðar reglur og aðferðir varðandi framkvæmd heilbrigðiseftirlits með lagarafurðum, samlokum, skrápdýrum, möttuldýrum, sæsniglum og aukaafurðum úr þeim og afurðum sem fást úr þeim aukaafurðum, sem eru upprunnar á Grænlandi eða fluttar inn til Grænlands frá þriðju löndum og eftir það fluttar frá Grænlandi inn í Sambandið. Í 5. gr. þessarar ákvörðunar er gerð grein fyrir kröfunum um heilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum varðandi þessar afurðir á skoðunarstöðvum á landamærum og fyrir því að færa eigi skrána yfir samþykktar skoðunarstöðvar á landamærum Grænlands inn í skrána yfir samþykktar skoðunarstöðvar á landamærum aðildarríkjanna sem er samþykkt í samræmi við tilskipanir 91/496/EBE og 97/78/EB.

4) Endurskoðunarþjónusta framkvæmdastjórnarinnar (áður nefnd skoðunarþjónusta framkvæmdastjórnarinnar), Matvæla- og dýraheilbrigðisskrifstofan, gerði úttekt á á tveimur tillögðum skoðunarstöðvum á landamærum á Grænlandi og lagði í kjölfarið fram nokkur tilmæli til landsins. Grænland fylgdi þessum tilmælum á fullnægjandi hátt með aðgerðaáætlun og bæta ætti þessum tveimur tillögðu skoðunarstöðvum á landamærum í skrána í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 102, 5.4.2014, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/2015 frá 25. febrúar 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 224, 18.8.1990, bls. 29.

([2]) Stjtíð. EB L 268, 24.9.1991, bls. 56.

([3]) Stjtíð. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9.

([4]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/821/EB frá 28. september 2009 um að taka saman skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum, um að mæla fyrir um tilteknar reglur um skoðanir, sem framkvæmdar eru af heilbrigðissérfræðingum framkvæmdastjórnarinnar á sviði dýra og dýraafurða og um að mæla fyrir um dýralæknaeiningar í Traces-tölvukerfinu (Stjtíð. ESB L 296, 12.11.2009, bls. 1).

([5]) Ákvörðun ráðsins 2011/408/ESB frá 28. júní 2011 um einfaldaðar reglur og aðferðir varðandi heilbrigðiseftirlit með lagarafurðum, lifandi samlokum, skrápdýrum, möttuldýrum, sæsniglum, aukaafurðum þeirra, og afurðum sem fást úr þeim aukaafurðum, sem koma frá Grænlandi (Stjtíð. ESB L 182, 12.7.2011, bls. 24).

5) Þar eð einfölduðu reglurnar og aðferðirnar vegna eftirlits með innflutningi gilda einungis um tilteknar afurðir ætti að bæta neðanmálsgrein, sem tilgreinir lagarafurðir, samlokur, skrápdýr, möttuldýr og sæsnigla og aukaafurðir úr þeim og afurðir sem fást úr þeim aukaafurðum, við sérstöku athugasemdirnar í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB.

6) Úttekt á vegum Matvæla- og dýraheilbrigðisskrifstofunnar var gerð á skoðunarstöðvum á landamærum á Ítalíu í nóvember 2011 og í kjölfarið voru allnokkur tilmæli lögð fram til aðildarríkisins. Ítalía fylgdi þessum tilmælum á fullnægjandi hátt með aðgerðaáætlun og með því að breyta samþykkisflokkum skoðunarstöðvana á landamærum við hafnirnar í Livorno-Písa, Trieste og Feneyjum og því ætti, til samræmis við það, að breyta þeim í skránni í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB að því er það aðildarríki varðar.

7) Holland hefur tilkynnt að bætt hafi verið við nýrri skoðunarmiðstöð á skoðunarstöðinni á landamærunum við höfnina í Rotterdam. Til samræmis við það ætti að breyta skránni yfir færslur fyrir það aðildarríki í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB.

8) Í II. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB er mælt fyrir um skrá yfir miðlægar einingar, svæðisbundnar einingar og staðareiningar í samþætta, tölvuvædda upplýsingakerfinu um heilbrigði dýra og dýraafurða (Traces-kerfinu).

9) Í samræmi við ákvörðun leiðtogaráðsins 2012/419/ESB ([6]) er Mayotte ekki lengur land handan hafsins eða yfirráðasvæði og varð ysta svæði Sambandsins, í skilningi 349. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, frá og með 1. janúar 2014. Því ætti að breyta færslunum fyrir staðareiningarnar fyrir Frakkland í II. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB til samræmis við það.

10) Því ætti að breyta ákvörðun 2009/821/EB til samræmis við það.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. og II. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. apríl 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Tonio BORG

framkvæmdastjóri.

([6]) Ákvörðun leiðtogaráðsins 2012/419/ESB frá 11. júlí 2012 um breytingu á stöðu Mayotte að því er varðar Evrópusambandið (Stjtíð. ESB L 204, 31.7.2012, bls. 131).

VIÐAUKI

Ákvæðum I. og II. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi athugasemd (15) bætist við sérstöku athugasemdirnar:

„15) = Само за рибни продукти, клас миди, бодлокожи, мантийни, морски коремоноги, странични продукти и производни продукти, получени от тези странични продукти — pouze pro produkty rybolovu, mlže, ostnokožce, pláštěnce, mořské plže, vedlejší produkty a produkty získané z těchto vedlejších produktů — kun for fiskevarer, toskallede bløddyr, pighuder, sækdyr og havsnegle samt biprodukter og produkter fremstillet af disse biprodukter — nur Fischereierzeugnisse, Muscheln, Stachelhäuter, Manteltiere und Meeresschnecken, Nebenprodukte und aus diesen Nebenprodukten gewonnene Produkte — Ainult kalandustoodete, kahepoolmeliste molluskite, okasnahksete, mantelloomade ja meritigude, nende kõrvalsaaduste ja kõrvalsaadustest saadud toodete puhul — μόνο για προϊόντα αλιείας, δίθυρα μαλάκια, εχινόδερμα, χιτωνόζωα, θαλάσσια γαστερόποδα, τα υποπροϊόντα τους και τα προϊόντα που προέρχονται από τα υποπροϊόντα αυτά — only for fishery products, bivalve molluscs, echinoderms, tunicates, marine gastropods, by-products and products derived from these by-products — Solo en relación con productos de la pesca, moluscos bivalvos, equinodermos, tunicados, gasterópodos marinos, sus subproductos y productos derivados de estos — Uniquement pour les produits de la pêche, les mollusques bivalves, les échinodermes, les tuniciers, les gastéropodes marins, les sous-produits et les produits dérivés de ces sous-produits — samo za riblje proizvode, školjkaše, bodljikaše, plaštenjake, morske puževe, nusproizvode i proizvode dobivene od tih nusproizvoda — soltanto per i prodotti della pesca, i molluschi bivalvi, gli echinodermi, i tunicati, i gasteropodi marini, i loro sottoprodotti e i prodotti derivati da tali sottoprodotti — tikai attiecībā uz zivsaimniecības produktiem, gliemenēm, adatādaiņiem, tunikātiem, jūras gliemežiem, blakusproduktiem un no šiem blakusproduktiem iegūtiem produktiem — tik žuvininkystės produktai, dvigeldžiai moliuskai, dygiaodžiai, gaubtagyviai, jūros pilvakojai, šalutiniai produktai ir iš šių šalutinių produktų pagaminti produktai — Kizárólag halászati termékek, kéthéjú kagylók, tüskésbőrűek, zsákállatok, tengeri haslábúak, valamint ezek melléktermékei és a melléktermékekből származó termékek — għal prodotti tas-sajd, molluski bivalvi, ekinodermi, tunikati, gasteropodi tal-baħar, prodotti sekondarji u prodotti ġejjin minn dawn il-prodotti sekondarji biss — uitsluitend voor visserijproducten, tweekleppige weekdieren, stekelhuidigen, manteldieren, mariene buikpotigen, bijproducten daarvan en van die bijproducten afgeleide producten — wyłącznie w odniesieniu do produktów rybołówstwa, małży, szkarłupni, osłonic, ślimaków morskich, produktów ubocznych oraz produktów pochodnych tych produktów ubocznych — Apenas para produtos da pesca, moluscos bivalves, equinodermes, tunicados, gastrópodes marinhos, subprodutos e produtos derivados desses subprodutos — doar pentru produse pescărești, specii de moluște bivalve, echinoderme, tunicate, gasteropode marine, subproduse și produse derivate din aceste subproduse — Len pre produkty rybolovu, lastúrniky, ostnatokožce, plášťovce, morské ulitníky, vedľajšie produkty a produkty získané z týchto vedľajších produktov — samo za ribiške proizvode, školjke, iglokožce, plaščarje, morske polže, stranske proizvode in proizvode iz teh stranskih proizvodov — Koskee vain kalastustuotteita, simpukoita, piikkinahkaisia, vaippaeläimiä ja merikotiloita sekä sivutuotteita ja näistä sivutuotteista johdettuja tuotteita — endast för fiskeriprodukter, musslor, tagghudingar, manteldjur, marina snäckor, biprodukter och produkter framställda av dessa biprodukter.“

b) Þeim hluta sem varðar Spán er breytt sem hér segir:

i. Í stað færslunnar fyrir Madrid-flugvöll komi eftirfarandi:

„Madrid	ES MAD 4	A	Iberia	HC-T(FR)(2)(*), HC-NT(2)(*), NHC(2)	U, E, O
			Swissport	HC(2), NHC-T(CH)(2), NHC-NT(2)	O
			PER4	HC-T(CH)(2)	
			WFS: World Wide Flight Services	HC(2), NHC-T(CH)(2), NHC-NT	O“

ii. Í stað færslunnar fyrir flugvöllinn í Tenerife Sur komi eftirfarandi:

„Tenerife Sur	ES VIT 4	A	Productos	HC(2), NHC(2)	
			Animales		U(*), E(*), O“

c) Á eftir hlutanum sem varðar Frakkland skal bæta eftirfarandi hluta við sem varðar Grænland:

‘**Страна:** Гренландия — **Země:** Grónsko — **Land:** Grønland — **Land:** GRÖNLAND — **Riik:** Gröönimaa — **Χώρα:** Γροιλανδία — **Country:** GREENLAND — **País:** Groenlandia — **Pays:** Groenland — **Zemlja:** Grenland — **Paese:** Groenlandia — **Valsts:** Grenlande — **Šalis:** Grenlandija — **Ország:** Grönland — **Pajjiż:** Greenland — **Land:** Groenland — **Kraj:** Grenlandia — **País:** Gronelândia — **Țara:** Groenlanda — **Krajina:** Grónsko — **Država:** Grenlandija — **Maa:** Grönlanti — **Land:** Grönland

Nuuk	GL GOH 1	P		HC(1)(2)(15), NHC-T(2)(15)	
Sisimiut	GL JHS 1	P		HC-T(FR)(1)(2)(15)“	

d) Þeim hluta sem varðar Ítalíu er breytt sem hér segir:

i. Í stað færslunnar fyrir Livorno-Pisa-höfn komi eftirfarandi:

„Livorno-Pisa	IT LIV 1	P	Porto Commerciale	HC-T(FR), NHC-NT	
			Sintemar(*)	HC(*), NHC(*)	
			Lorenzini	HC, NHC-NT	
			Terminal Darsena Toscana	HC, NHC“	

ii. Í stað færslunnar fyrir höfnina í Trieste komi eftirfarandi:

„Trieste	IT TRS 1	P	Hangar 69	HC, NHC-NT, NHC-T(CH)“	

iii. Í stað færslunnar fyrir höfnina í Feneyjum komi eftirfarandi:

„Venezia	IT VCE 1	P		HC, NHC“	

e) Í þeim hluta sem varðar Holland komi eftirfarandi í stað færslunnar fyrir höfnina í Rotterdam:

„Rotterdam	NL RTM 1	P	Eurofrigo Karimatastraat	HC, NHC-T(FR), NHC-NT	
			Eurofrigo, Abel Tasmanstraat	HC	
			Frigocare Rotterdam B.V.	HC-T(2)	
			Coldstore Wibaco B.V.	HC-T(FR)(2), HC-NT(2)	
			Kloosterboer Delta Terminal	HC(2)“	

f) Í þeim hluta sem varðar Portúgal komi eftirfarandi í stað færslanna fyrir flugvöllinn og höfnina í Ponta Delgada og færsluna fyrir flugvöllinn í Porto:

„Ponta Delgada (Açores)	PT PDL 4	A		NHC-NT(2)	
Ponta Delgada (Açores)	PT PDL 1	P		HC-T(FR)(3)	
Porto	PT OPO 4	A		HC-T(CH)(2), NHC-NT(2)	O“

2) Í þeim hluta sem varðar Frakkland í II. viðauka bætist við eftirfarandi færsla fyrir nýja staðareiningu á eftir færslunni fyrir Martiník:

„MAYOTTE

FR10100	MAYOTTE“

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2015/EES/55/10

frá 7. júlí 2014

um breytingu á ákvörðun 2003/467/EB að því er varðar yfirlýsingu um að Eistland sé opinberlega laust við smitandi hvítblæði í nautgripum

(tilkynnt með númeri C(2014) 4547)

(2014/441/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 64/432/EBE frá 26. júní 1964 um vanda á sviði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með nautgripi og svín ([1]), einkum E-lið í I. hluta viðauka D,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun 64/432/EBE gildir um viðskipti innan Sambandsins með nautgripi og svín. Þar er mælt fyrir um skilyrðin fyrir því að lýsa megi aðildarríki eða svæði í aðildarríki opinberlega laust við smitandi hvítblæði í nautgripum að því er varðar nautgripahjarðir.

2) Í III. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/467/EB ([2]) er skrá yfir aðildarríki og svæði þeirra sem eru opinberlega lýst laus við smitandi hvítblæði í nautgripum.

3) Eistland hefur lagt gögn fyrir framkvæmdastjórnina þar sem sýnt er fram á að skilyrðin, sem mælt er fyrir um í tilskipun 64/432/EBE, fyrir því að vera lýst opinberlega laust við smitandi hvítblæði í nautgripum, eru uppfyllt að því er varðar allt yfirráðasvæðið.

4) Í kjölfar mats á gögnunum, sem Eistland lagði fram, ætti að lýsa það aðildarríki sem opinberlega laust við smitandi hvítblæði í nautgripum.

5) Því ber að breyta III. viðauka við ákvörðun 2003/467/EB til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við ákvörðun 2003/467/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 7. júlí 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Tonio BORG

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 200, 9.7.2014, bls. 19. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/2015 frá 25. febrúar 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB 121, 29.7.1964, bls. 1977/64.

([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/467/EB frá 23. júní 2003 um að staðfesta að tiltekin aðildarríki eða héruð aðildarríkja séu opinberlega laus við berkla, öldusótt og smitandi hvítblæði í nautgripahjörðum (Stjtíð. ESB L 156, 25.6.2003, bls. 74).

VIÐAUKI

Í stað 1. kafla III. viðauka við ákvörðun 2003/467/EB komi eftirfarandi:

„**1. KAFLI**

Aðildarríki sem eru opinberlega laus við smitandi hvítblæði í nautgripum

ISO-kóði	Aðildarríki
BE	Belgía
CZ	Tékkland
DK	Danmörk
DE	Þýskaland
EE	Eistland
IE	Írland
ES	Spánn
FR	Frakkland
CY	Kýpur
LV	Lettland
LT	Litháen
LU	Lúxemborg
NL	Holland
AT	Austurríki
SI	Slóvenía
SK	Slóvakía
FI	Finnland
SE	Svíþjóð
UK	Bretland“

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2015/EES/55/11

frá 31. júlí 2014

um leyfi fyrir rannsóknarstofur í Suður-Kóreu til að framkvæma sermiprófanir til að vakta skilvirkni bóluefna við hundaæði

(tilkynnt með númeri C(2014) 5352)

(2014/514/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 2000/258/EB frá 20. mars 2000 um tilnefningu á sérstakri stofnun sem sér um að ákveða nauðsynlegar viðmiðanir við stöðlun sermiprófa til að fylgjast með árangri af notkun bóluefnis við hundaæði ([1]), einkum 2. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með ákvörðun 2000/258/EB er rannsóknarstofa frönsku matvælaöryggisstofnunarinnar (fr. *Agence française de sécurité sanitaire des aliments*) (AFSSA) í Nancy, Frakklandi (sameinuð *Agence nationale de sécurité sanitaire de l'alimentation, de l'environnement et du travail*, ANSES, frá 1. júlí 2010), tilnefnd sem sérstök stofnun sem ber ábyrgð á að ákveða nauðsynlegar viðmiðanir við stöðlun sermiprófana til að vakta skilvirkni bóluefna við hundaæði.

2) Í þeirri ákvörðun er kveðið á um að ANSES beri að skjalfesta mat á rannsóknarstofum í þriðju löndum sem hafa sótt um að framkvæma sermiprófanir til að vakta skilvirkni bóluefna við hundaæði.

3) Lögbæra yfirvaldið í Suður-Kóreu hefur lagt fram umsókn, sem er dagsett 16. september 2013, um samþykki fyrir rannsóknarstofunni KBNP, INC í Sinam-myeon, sem er studd af hagstæðri matsskýrslu ANSES fyrir þessa rannsóknarstofu.

4) Í kjölfar óhagstæðrar matsskýrslu frá ANSES, sem er dagsett 16. september 2013, var leyfið sem rannsóknarstofunni Komipharn International CO. Ltd í Siheung-si var veitt 1. mars 2011, í samræmi við ákvörðun 2000/258/EB, afturkallað í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/436/ESB ([2]).

5) Lögbæra yfirvaldið í Suður-Kóreu hefur lagt fram umsókn, sem er dagsett 24. apríl 2014, um endursamþykki fyrir rannsóknarstofunni Komipharm International Co. Ltd í Siheung-si, sem er studd af hagstæðri matsskýrslu frá ANSES fyrir þessa rannsóknarstofu.

6) Þessar rannsóknarstofur ættu því fá leyfi til að framkvæma sermiprófanir til að vakta skilvirkni bóluefna við hundaæði í hundum, köttum og frettum.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í samræmi við 2. mgr. 3. gr. ákvörðunar 2000/258/EB hafa eftirfarandi rannsóknarstofur heimild til að framkvæma sermiprófanir til að vakta skilvirkni bóluefna við hundaæði í hundum, köttum og frettum:

a) KBNP, INC
235-9, Chusa-ro, Sinam-myeon
Yesan-gun, Chungcheongnam-do
Lýðveldið Kórea

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 231, 2.8.2014, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/2015 frá 25. febrúar 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, birtur birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 79, 30.3.2000, bls. 40.

([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/436/ESB frá 9. ágúst 2010 um framkvæmd ákvörðunar ráðsins 2000/258/EB að því er varðar hæfnisprófanir í þeim tilgangi að viðhalda leyfum rannsóknarstofa til að framkvæma sermiprófanir til að vakta skilvirkni bóluefna við hundaæði (Stjtíð. ESB L 209, 10.8.2010, bls. 19).

b) Komipharm International Co. Ltd
17 Gyeongje-ro,
Siheung-si, Gyeonggi-do,
429-848
Lýðveldið Kórea

2. gr.

Ákvörðun þessi gildir frá 15. ágúst 2014.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 31. júlí 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Tonio BORG

framkvæmdastjóri.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2015/EES/55/12

frá 20. mars 2014

um að fella úr gildi skrár yfir starfsstöðvar í þriðju löndum þaðan sem aðildarríkin heimila innflutning á tilteknum afurðum úr dýraríkinu sem eru samþykktar á grundvelli ákvörðunar ráðsins 95/408/EB

(tilkynnt með númeri C(2014) 1742)

(2014/160/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 frá 29. apríl 2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis ([1]), einkum 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/41/EB ([2]) breytti ákvörðun ráðsins 95/408/EB ([3]) og þar var kveðið á um að bráðabirgðaskrár yfir þriðju lönd og stofnanir í þriðju löndum, sem gerðar eru í samræmi við ákvörðun 95/408/EB, ættu að gilda áfram að breyttu breytanda meðan þess er beðið að samþykkt verði nauðsynleg ákvæði á grundvelli reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 ([4]), reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 ([5]), reglugerðar (EB) nr. 854/2004 eða tilskipunar ráðsins 2002/99/EB ([6]). Ákvörðunin var í gildi þangað til reglugerð (EB) nr. 852/2004, reglugerð (EB) 853/2004 og reglugerð (EB) nr. 854/2004 komu til framkvæmda, þ.e.a.s. 1. janúar 2006.

2) Skrár yfir starfsstöðvar í þriðju löndum þaðan sem aðildarríkin heimila innflutning á tilteknum afurðum úr dýraríkinu, sem voru samþykktar á grundvelli ákvörðunar 95/408/EB, eru enn fyrir hendi.

3) Í 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 854/2004 er mælt fyrir um verklagsreglur varðandi samningu og uppfærslu á skránni yfir starfstöðvar þaðan sem innflutningur á tilteknum afurðum úr dýraríkinu er heimilaður. Á grundvelli ákvæða þessarar greinar, einkum 5. málsgreinar þar sem kveðið er á um að framkvæmdastjórnin eigi að sjá til þess að almenningur hafi aðgang að nýjustu útgáfum af öllum skrám sem eru samdar eða uppfærðar, eru skrár yfir starfsstöðvar, þaðan sem aðildarríkin heimila innflutning á tilteknum afurðum úr dýraríkinu til manneldis, birtar á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar ([7]).

4) Til glöggvunar á löggjöf Sambandsins og í því skyni að semja skrár yfir starfsstöðvar í þriðju löndum þaðan sem innflutningur á tilteknum afurðum úr dýraríkinu er heimilaður urðu fyrri skrár, sem voru samþykktar á grundvelli ákvörðunar 95/408/EB, úreltar og því er nauðsynlegt að fella þær formlega úr gildi í þágu réttarvissu.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 87, 22.3.2014, bls. 104. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/2015 frá 25. febrúar 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 206.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/41/EB frá 21. apríl 2004 um niðurfellingu tiltekinna tilskipana sem varða hollustuhætti í tengslum við matvæli og heilbrigðisskilyrði við framleiðslu og markaðssetningu tiltekinna afurða úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis og um breytingu á tilskipunum ráðsins 89/662/EBE og 92/118/EBE og ákvörðun ráðsins 95/408/EB (Stjtíð. ESB L 157, 30.4.2004, bls. 33).

([3]) Ákvörðun ráðsins 95/408/EB frá 22. júní 1995 um skilyrði fyrir gerð bráðabirgðaskráa, á tilteknu aðlögunartímabili, yfir starfsstöðvar þriðju landa sem aðildarríkjunum er heimilt að flytja inn tilteknar afurðir úr dýraríkinu, fiskafurðir og lifandi samlokur (Stjtíð. EB L 243, 11.10.1995, bls. 17).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti sem varða matvæli (Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 1).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55).

([6]) Tilskipun ráðsins 2002/99/EB frá 16. desember 2002 um heilbrigðisreglur um framleiðslu, vinnslu, dreifingu og aðflutning á afurðum úr dýraríkinu til manneldis (Stjtíð EB L 18, 23.1.2003, bls. 11).

([7]) https://webgate.ec.europa.eu/sanco/traces/output/non_eu_listsPerCountry_en.htm

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar sem skráðar eru í viðaukanum eru hér með felldar úr gildi.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. mars 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Tonio BORG

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 81/91/EBE ([8])

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 81/92/EBE ([9])

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 81/713/EBE ([10])

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 82/913/EBE ([11])

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 83/384/EBE ([12])

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 83/402/EBE ([13])

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 83/423/EBE ([14])

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 84/24/EBE ([15])

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 85/539/EBE ([16])

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 86/65/EBE ([17])

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 86/414/EBE ([18])

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 86/473/EBE ([19])

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 87/119/EBE ([20])

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 87/124/EBE ([21])

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 87/257/EBE ([22])

([8]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 81/91/EBE frá 30. janúar 1981 um skrá yfir starfsstöðvar í Lýðveldinu Argentínu sem hafa verið samþykktar með tilliti til innflutnings á nýju nautakjöti, kálfakjöti, kindakjöti og kjöti af einhófa húsdýrum til Bandalagsins (Stjtíð. EB L 58, 5.3.1981, bls. 39).

([9]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 81/92/EBE frá 30. janúar 1981 um skrá yfir starfsstöðvar í Lýðveldinu Úrúgvæ sem hafa verið samþykktar með tilliti til innflutnings á nýju nautakjöti, kálfakjöti, kindakjöti og kjöti af einhófa húsdýrum til Bandalagsins (Stjtíð. EB L 58, 5.3.1981, bls. 43).

([10]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 81/713/EBE frá 28. júlí 1981 um skrá yfir starfsstöðvar í Sambandslýðveldinu Brasilíu sem hafa verið samþykktar með tilliti til innflutnings á nýju nautakjöti, kálfakjöti og kjöti af einhófa húsdýrum til Bandalagsins (Stjtíð. EB L 257, 10.9.1981, bls. 28).

([11]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 82/913/EBE frá 16. desember 1982 um skrá yfir starfsstöðvar í Lýðveldinu Suður-Afríku sem hafa verið samþykktar með tilliti til innflutnings á nýju kjöti til Bandalagsins (Stjtíð. EB L 381, 31.12.1982, bls. 28).

([12]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 83/384/EBE frá 29. júlí 1983 um skrá yfir starfsstöðvar í Ástralíu sem hafa verið samþykktar með tilliti til innflutnings á nýju kjöti til Bandalagsins (Stjtíð. EB L 222, 13.8.1983, bls. 36).

([13]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 83/402/EBE frá 29. júlí 1983 um skrá yfir starfsstöðvar á Nýja-Sjálandi sem hafa verið samþykktar með tilliti til innflutnings á nýju kjöti til Bandalagsins (Stjtíð. EB L 233, 24.8.1983, bls. 24).

([14]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 83/423/EBE frá 29. júlí 1983 um skrá yfir starfsstöðvar í Lýðveldinu Paragvæ sem hafa verið samþykktar með tilliti til innflutnings á nýju kjöti til Bandalagsins (Stjtíð. EB L 238, 27.8.1983, bls. 39).

([15]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 84/24/EBE frá 23. desember 1983 um skrá yfir starfsstöðvar á Íslandi sem hafa verið samþykktar með tilliti til innflutnings á nýju kjöti til Bandalagsins (Stjtíð. EB L 20, 25.1.1984, bls. 21).

([16]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 85/539/EBE frá 29. nóvember 1985 um skrá yfir starfsstöðvar á Grænlandi sem hafa verið samþykktar með tilliti til innflutnings á nýju kjöti til Bandalagsins (Stjtíð. EB L 334, 12.12.1985, bls. 25).

([17]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 86/65/EBE frá 13. febrúar 1986 um skrá yfir starfsstöðvar í Marokkó sem hafa verið samþykktar með tilliti til innflutnings á nýju kjöti til Bandalagsins (Stjtíð. EB L 72, 15.3.1986, bls. 40).

([18]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 86/414/EBE frá 31. júlí 1986 um skrá yfir starfsstöðvar í Argentínu sem hafa verið samþykktar með tilliti til innflutnings á kjötafurðum til Bandalagsins (Stjtíð. EB L 237, 23.8.1986, bls. 36).

([19]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 86/473/EBE frá 10. september 1986 um skrá yfir starfsstöðvar í Úrúgvæ sem hafa verið samþykktar með tilliti til innflutnings á kjötafurðum til Bandalagsins (Stjtíð. EB L 279, 30.9.1986, bls. 53).

([20]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 87/119/EBE frá 13. janúar 1987 um skrá yfir starfsstöðvar í Brasilíu sem hafa verið samþykktar með tilliti til innflutnings á kjötafurðum til Bandalagsins (Stjtíð. EB L 49, 18.2.1987, bls. 37).

([21]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 87/124/EBE frá 19. janúar 1987 um skrá yfir starfsstöðvar í Síle sem hafa verið samþykktar með tilliti til innflutnings á nýju kjöti til Bandalagsins (Stjtíð. EB L 51, 20.2.1987, bls. 41).

([22]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 87/257/EBE frá 28. apríl 1987 um skrá yfir starfsstöðvar í Bandaríkjum N-Ameríku sem hafa verið samþykktar með tilliti til innflutnings á nýju kjöti til Bandalagsins (Stjtíð. EB L 121, 9.5.1987, bls. 46).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 87/258/EBE ([23])

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 87/424/EBE ([24])

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(89) 1686 ([25])

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 90/165/EBE ([26])

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 90/432/EBE ([27])

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/26/EBE ([28])

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/40/EB ([29])

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/465/EB ([30])

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/45/EB ([31])

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/427/EB ([32])

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(95) 2899 ([33])

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/4/EB ([34])

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/252/EB ([35])

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/365/EB ([36])

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/467/EB ([37])

([23]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 87/258/EBE frá 28. apríl 1987 um skrá yfir starfsstöðvar í Kanada sem hafa verið samþykktar með tilliti til innflutnings á nýju kjöti til Bandalagsins (Stjtíð. EB L 121, 9.5.1987, bls. 50).

([24]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 87/424/EBE frá 14. júlí 1987 um skrá yfir starfsstöðvar í Bandaríkjum Mexíkó sem hafa verið samþykktar með tilliti til innflutnings á nýju kjöti til Bandalagsins (Stjtíð. EB L 228, 15.8.1987, bls. 43).

([25]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(89) 1686 frá 2. október 1989 um skrá yfir starfsstöðvar í Svasílandi sem hafa verið samþykktar með tilliti til innflutnings á nýju kjöti til Bandalagsins (Stjtíð. EB L 252, 5.10.1989, bls. 4).

([26]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 90/165/EBE frá 28. mars 1990 um skrá yfir starfsstöðvar í Madagaskar sem hafa verið samþykktar með tilliti til innflutnings á nýju kjöti til Bandalagsins (Stjtíð. EB L 91, 6.4.1990, bls. 34).

([27]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 90/432/EBE frá 30. júlí 1990 um skrá yfir starfsstöðvar í Lýðveldinu Namibíu sem hafa verið samþykktar með tilliti til innflutnings á nýju kjöti til Bandalagsins (Stjtíð. EB L 223, 18.8.1990, bls. 19).

([28]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/26/EBE frá 11. desember 1992 um skrá yfir starfsstöðvar í Lýðveldinu Króatíu sem hafa verið samþykktar með tilliti til innflutnings á nýju kjöti til Bandalagsins (Stjtíð. EB L 16, 25.1.1993, bls. 24).

([29]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/40/EB frá 25. janúar 1994 um skrá yfir starfsstöðvar í Simbabve sem hafa verið samþykktar með tilliti til innflutnings á kjötafurðum til Bandalagsins (Stjtíð. EB L 22, 27.1.1994, bls. 50).

([30]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/465/EB frá 12. júlí 1994 um skrá yfir starfsstöðvar í Botsvana sem hafa verið samþykktar með tilliti til innflutnings á kjötafurðum til Bandalagsins (Stjtíð. EB L 190, 26.7.1994, bls. 25).

([31]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/45/EB frá 20. febrúar 1995 um skrá yfir starfsstöðvar í Makedóníu, fyrrum lýðveldi Júgóslavíu, sem hafa verið samþykktar með tilliti til innflutnings á nýju kjöti til Bandalagsins (Stjtíð. EB L 51, 8.3.1995, bls. 13).

([32]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/427/EB frá 16. október 1995 um skrá yfir starfsstöðvar í Lýðveldinu Namibíu sem hafa verið samþykktar með tilliti til innflutnings á kjötafurðum til Bandalagsins (Stjtíð. EB L 254, 24.10.1995, bls. 28).

([33]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(95) 2899 frá 30. nóvember 1995 um skrá yfir starfsstöðvar í Botsvana sem hafa verið samþykktar með tilliti til innflutnings á nýju kjöti til Bandalagsins (Stjtíð. EB L 338, 16.12.1995, bls. 3).

([34]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/4/EB frá 12. desember 1996 um bráðabirgðaskrár um starfsstöðvar í þriðju löndum sem aðildarríkin heimila innflutning frá á nýju alifuglakjöti (Stjtíð. EB L 2, 4.1.1997, bls. 6).

([35]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/252/EB frá 25. mars 1997 um bráðabirgðaskrár um starfsstöðvar í þriðju löndum sem aðildarríkin heimila innflutning frá á mjólk og mjólkurafurðum til neyslu (Stjtíð. EB L 101, 18.4.1997, bls. 46).

([36]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/365/EB frá 26. mars 1997 um bráðabirgðaskrár um starfsstöðvar í þriðju löndum sem aðildarríkin heimila innflutning frá á vörum sem unnar eru úr nauta-, svína-, hrossa-, kinda- og geitakjöti (Stjtíð. EB L 154, 12.6.1997, bls. 41).

([37]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/467/EB frá 7. júlí 1997 um bráðabirgðaskrár um starfsstöðvar í þriðju löndum sem aðildarríkin heimila innflutning frá á kanínukjöti og kjöti af öldum veiðidýrum (Stjtíð. EB L 199, 26.7.1997, bls. 57).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/468/EB ([38])

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/569/EB ([39])

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/8/EB ([40])

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/10/EB ([41])

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/120/EB ([42])

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/710/EB ([43])

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/556/EB ([44])

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/987/EB ([45])

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/689/EB ([46])

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/229/EB ([47])

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/628/EB ([48])

([38]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/468/EB frá 7. júlí 1997 um bráðabirgðaskrár um starfsstöðvar í þriðju löndum sem aðildarríkin heimila innflutning frá á kjöti af villtum veiðidýrum (Stjtíð. EB L 199, 26.7.1997, bls. 62).

([39]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/569/EB frá 16. júlí 1997 um bráðabirgðaskrár um starfsstöðvar í þriðju löndum sem aðildarríkin heimila innflutning frá á kjötafurðum (Stjtíð. EB L 234, 26.8.1997, bls. 16).

([40]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/8/EB frá 16. desember 1997 um skrá yfir starfsstöðvar í Sambandslýðveldinu Júgóslavíu sem eru viðurkenndar að því er varðar innflutning á nýju kjöti til Bandalagsins (Stjtíð. EB L 2, 6.1.1998, bls. 12).

([41]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/10/EB frá 16. desember 1997 um bráðabirgðaskrár um starfsstöðvar í þriðju löndum sem aðildarríkin heimila innflutning frá á vörum sem unnar eru úr nauta-, svína-, hrossa-, kinda- og geitakjöti (Stjtíð. EB L 3, 7.1.1998, bls. 14).

([42]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/120/EB frá 27. janúar 1999 um bráðabirgðaskrár um starfsstöðvar í þriðju löndum sem aðildarríkin heimila innflutning frá á görnum, mögum og þvagblöðrum úr dýrum (Stjtíð. EB L 36, 10.2.1999, bls. 21).

([43]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/710/EB frá 15. október 1999 um bráðabirgðaskrár um starfsstöðvar í þriðju löndum sem aðildarríkin heimila innflutning frá á hökkuðu kjöti og unnum kjötvörum (Stjtíð. EB L 281, 4.11.1999, bls. 82).

([44]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/556/EB frá 11. júlí 2001 um bráðabirgðaskrár um starfsstöðvar í þriðju löndum sem aðildarríkin heimila innflutning frá á gelatíni til manneldis (Stjtíð. EB L 200, 25.7.2001, bls. 23).

([45]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/987/EB frá 13. desember 2002 um skrána yfir starfsstöðvar á Falklandseyjum sem hafa verið samþykktar með tilliti til innflutnings á nýju kjöti til Bandalagsins (Stjtíð. EB L 344, 19.12.2002, bls. 39).

([46]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/689/EB frá 2. október 2003 um skrá yfir starfsstöðvar í Eistlandi sem hafa verið samþykktar með tilliti til innflutnings á nýju kjöti til Bandalagsins (Stjtíð. ESB L 251, 3.10.2003, bls. 21).

([47]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/229/EB frá 5. mars 2004 um skrá yfir starfsstöðvar í Lettlandi sem hafa verið samþykktar með tilliti til innflutnings á nýju kjöti til Bandalagsins (Stjtíð. ESB L 70, 9.3.2004, bls. 39).

([48]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/628/EB frá 2. september 2004 um skrá yfir starfsstöðvar í Nýju-Kaledóníu sem aðildarríkin geta veitt leyfi til innflutnings frá á nýju kjöti til Bandalagsins (Stjtíð. ESB L 284, 3.9.2004, bls. 4).

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2015/EES/55/13

frá 13. júní 2014

um breytingu á ákvörðun 2009/109/EB um tilhögun tímabundinnar tilraunar varðandi tilteknar undanþágur sem varða markaðssetningu á fræblöndum sem eru ætlaðar til notkunar sem fóðurjurtir samkvæmt tilskipun ráðsins 66/401/EBE

(tilkynnt með númeri C(2014) 3788)

(2014/362/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fóðurjurtafræja ([1]), einkum 13. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/109/EB ([2]) er sett fram skipulagning á tímabundinni tilraun til 31. maí 2014 til markaðssetningar fræblandna, sem nota á til ræktunar fóðurjurta, sem nær einnig yfir tilteknar tegundir sem eru ekki á skrá í tilskipun ráðsins 66/401/EBE, tilskipun ráðsins 66/402/EBE ([3]), tilskipun ráðsins 2002/55/EB ([4]) eða tilskipun ráðsins 2002/57/EB ([5]) í þeim tilgangi að sannprófa hvort slíkar tegundir uppfylli skilyrði fyrir skráningu í A-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 66/401/EBE.

2) Upplýsingar varðandi framleiðslu, skilyrði fyrir vottun og viðurkenningu á markaði að því er varðar fræblöndur til notkunar í fóður eru enn ófullnægjandi og þarf að ljúka við þær og sameina. Því er nauðsynlegt að framlengja tímabundnu tilraunina.

3) Eftir að tímabundna tilraunin hófst og í kjölfar rannsókna- og þróunarverkefna hafa nokkrar aðrar tegundir, sem taldar eru koma til greina fyrir síðari blöndur, verið teknar til rannsókna. Því ættu tegundirnar *Lathyrus cicera, Medicago doliata* og *Trifolium isthmocarpum* einnig að falla undir tilraunina.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2009/109/EB er breytt sem hér segir:

1) Í stað 1. gr. komi eftirfarandi:

„*1. gr.*

Efni

Tímabundin tilraun er fyrirhuguð á vettvangi Sambandsins til að meta hvort eftirfarandi tegundir: *Biserrula pelecinus, Lathyrus cicera, Lotus glaber, Lotus uliginosus, Medicago doliata, Medicago italica, Medicago littoralis, Medicago murex, Medicago polymorpha, Medicago rugosa, Medicago scutelatta, Medicago truncatula, Ornithopus compressus, Ornithopus sativus, Plantago lanceolata, Trifolium fragiferum, Trifolium glanduliferum, Trifolium hirtum, Trifolium isthmocarpum, Trifolium michelianum, Trifolium squarrosum, Trifolium subterraneum, Trifolium vesiculosum* og *Vicia benghalensis* (hér á eftir nefndar tegundirnar sem um getur í 1. gr), megi setja á markað sem fræblöndur eða í fræblöndum, í þeim tilgangi að ákveða hvort nokkrar eða allar tegundirnar ættu að vera í skránni yfir fóðurjurtir í A-lið 1. mgr. 2 gr. tilskipunar 66/401/EBE.“

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 177, 17.6.2014, bls. 58. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/2015 frá 25. febrúar 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 125, 11.7.1966, bls. 2298/66.

([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/109/EB frá 9. febrúar 2009 um skipulagningu tímabundinnar tilraunar með tilteknar undanþágur á markaðssetningu fræblandna, sem nota á til ræktunar fóðurjurta samkvæmt tilskipun ráðsins 66/401/EBE, til að ákvarða hvort tilteknar tegundir, sem eru ekki á skrá í tilskipun ráðsins 66/401/EBE, 66/402/EBE, 2005/55/EB eða 2002/57/EB, uppfylla skilyrði fyrir skráningu í A-hluta 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 66/401/EBE (Stjtíð. ESB L 40, 11.2.2009, bls. 26).

([3]) Tilskipun ráðsins 66/402/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns (Stjtíð. EB L 125, 11.7.1966, bls. 2309/66).

([4]) Tilskipun ráðsins 2002/55/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu grænmetisfræs (Stjtíð. EB L 193, 20.7.2002, bls. 33).

([5]) Tilskipun ráðsins 2002/57/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu olíu- og trefjaplöntufræs (Stjtíð. EB L 193, 20.7.2002, bls. 74).

2) Í 9. gr. komi „31. maí 2016“ í stað „31. maí 2014“.

3) Í I. viðauka bætist eftirfarandi færslur við töfluna:

1	2	3	4	5	6	7
„*Lathyrus cicera*	80	95	1,0	(c) (d) (e)	25	1000
Medicago doliata	70	98	2,0	(c) (d) (e)	10	100
Trifolium isthmocarpum	70 (að meðtöldu hörðu fræi)	98	1,0	(c) (d) (e)	10	100“

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. júní 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Tonio BORG

framkvæmdastjóri.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2015/EES/55/14

frá 8. október 2014

um breytingu á I. og II. viðauka við ákvörðun 2004/558/EB að því er varðar að samþykkja varnaráætlun til að útrýma smitandi nef- og barkabólgu í nautgripum í Belgíu og staðfestingu á því að sambandsríkið Thüringen í Þýskalandi hafi þá stöðu að það sé laust við smitandi nef- og barkabólgu í nautgripum

(tilkynnt með númeri C(2014) 7113)

(2014/703/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 64/432/EBE frá 26. júní 1964 um vanda á sviði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með nautgripi og svín ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 64/432/EBE er mælt fyrir um reglur um viðskipti innan Sambandsins með nautgripi. Í 9. gr. hennar er kveðið á um að aðildarríki, sem er með lögboðna, landsbundna varnaráætlun að því er varðar einn þeirra smitsjúkdóma sem eru skráðir í II. þætti viðauka E við tilskipunina, sé heimilt að leggja áætlun sína fyrir framkvæmdastjórnina til samþykkis. Sú skrá nær yfir smitandi nef- og barkabólgu í nautgripum. Smitandi nef- og barkabólga í nautgripum er lýsingin á helstu klínísku einkennum sýkingar af völdum nautgripaherpesveiru af stofni 1 (e. *bovine herpes virus type 1*) (BHV1).

2) Í 9. gr. tilskipunar 64/432/EBE er einnig kveðið á um skilgreiningar á viðbótarábyrgðum sem kunna að vera nauðsynlegar í viðskiptum innan Sambandsins.

3) Auk þess er í 10. gr. tilskipunar 64/432/EBE kveðið á um að ef aðildarríki telur að yfirráðasvæði þess eða hluti af yfirráðasvæði þess sé laust við einn þeirra sjúkdóma sem eru tilgreindir í II þætti viðauka E við þá tilskipun eigi aðildarríkið að leggja viðeigandi gögn því til stuðnings fyrir framkvæmdastjórnina. Í þeirri grein er einnig kveðið á um skilgreiningar á viðbótarábyrgðum sem kunna að vera nauðsynlegar í viðskiptum innan Sambandsins.

4) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/558/EB ([2]) voru samþykktar áætlanir um varnir gegn og útrýmingu á nautgripaherpesveiru af stofni 1 sem aðildarríkin, sem eru skráð í I. viðauka við þá ákvörðun, lögðu fram fyrir svæðin sem eru skráð í þann viðauka og sem viðbótarábyrgðir gilda um í samræmi við 9. gr. tilskipunar 64/432/EBE.

5) Í II. viðauka við ákvörðun 2004/558/EB eru auk þess tilgreind þau svæði aðildarríkjanna sem teljast laus við nautgripaherpesveiru af stofni 1 og sem viðbótarábyrgðir gilda um í samræmi við 10. gr. tilskipunar 64/432/EBE.

6) Belgía hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina áætlun með það að markmiði að útrýma nautgripaherpesveiru af stofni 1 á öllu yfirráðasvæði sínu. Þessi áætlun er í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 64/432/EBE. Í þessari áætlun er einnig kveðið á um reglur um innanlandsflutninga á nautgripum, sem eru sambærilegar þeim reglum sem var áður framfylgt í tilteknum aðildarríkjum eða á svæðum innan þeirra, þar sem tókst að útrýma sjúkdómnum.

   Samþykkja ætti áætlunina sem Belgía lagði fram og viðbótarábyrgðirnar sem lagðar voru fram í samræmi við 9. gr. tilskipunar 64/432/EBE.

7) Því ber að breyta I. viðauka við ákvörðun 2004/558/EB til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 294, 10.10.2014, bls. 43. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/2015 frá 20. mars 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 121, 29.7.1964, bls. 1977/64.

([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/558/EB frá 15. júlí 2004 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 64/432/EBE um viðbótarábyrgðir, að því er varðar smitandi kverka- og barkabólgu í nautgripum, vegna viðskipta innan Bandalagsins með nautgripi og samþykkt áætlana um útrýmingu sjúkdómsins sem tiltekin aðildarríki hafa lagt fram (Stjtíð. ESB L 249, 23.7.2004, bls. 20).

8) Öll svæði Þýskalands, að undanskildu sambandsríkinu Bæjaralandi, eru sem stendur skráð í I. viðauka við ákvörðun 2004/558/EB. Sambandsríkið Bæjaraland er laust við nautgripaherpesveiru af stofni 1 og er því skráð í II. viðauka við þá ákvörðun.

9) Þýskaland hefur nú lagt fyrir framkvæmdastjórnina gögn því til stuðnings að sambandsríkið Thüringen teljist laust við nautgripaherpesveiru af stofni 1 og um viðbótarábyrgðir í samræmi við 10. gr. tilskipunar 64/432/EBE.

Í kjölfar mats á stuðningsgögnunum sem aðildarríkið lagði fram, ætti sambandsríkið Thüringen ekki að vera lengur á skrá í I. viðauka við ákvörðun 2004/558/EB en þess í stað skráð í II. viðauka við ákvörðunina og útvíkka ætti beitingu viðbótarábyrgðanna, í samræmi við 10. gr. tilskipunar 64/432/EBE, þannig að þær nái yfir sambandsríkið.

10) Því ber að breyta II. viðauka við ákvörðun 2004/558/EB til samræmis við það.

11) Því ber að breyta ákvörðun 2004/558/EB til samræmis við það.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað I. og II. viðauka við ákvörðun 2004/558/EB komi textinn í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 8. október 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Tonio BORG

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Í stað I. og II. viðauka við ákvörðun 2004/558/EB komi eftirfarandi:

„I. VIÐAUKI

Aðildarríki	Svæði í aðildarríkjum þar sem viðbótarábyrgðir, að því er varðar smitandi nef- og barkabólgu í nautgripum, gilda í samræmi við 9. gr. tilskipunar 64/432/EBE
Belgía	Öll svæði
Tékkland	Öll svæði
Þýskaland	Öll svæði, að undanskildu sambandsríkinu Bæjaralandi og sambandsríkinu Thüringen
Ítalía	Héraðið Friuli-Venezia Giulia Héraðið Valle d'Aosta Sjálfstjórnarsýslan Trento

II. VIÐAUKI

Aðildarríki	Svæði í aðildarríkjum þar sem viðbótarábyrgðir, að því er varðar smitandi nef- og barkabólgu í nautgripum, gilda í samræmi við 10. gr. tilskipunar 64/432/EBE
Danmörk	Öll svæði
Þýskaland	Sambandsríkið Bæjaraland Sambandsríkið Thüringen
Ítalía	Sjálfstjórnarsýslan Bolzano
Austurríki	Öll svæði
Finnland	Öll svæði
Svíþjóð	Öll svæði

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2015/EES/55/15

frá 20. október 2014

um breytingu á ákvörðun 2007/453/EB að því er varðar stöðu Búlgaríu, Eistlands, Króatíu, Lettlands, Lúxemborgar, Ungverjalands, Möltu, Portúgal og Slóvakíu með tilliti til kúariðu

(tilkynnt með númeri C(2014) 7516)

(2014/732/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrörnunar ([1]), einkum þriðju undirgrein 2. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 999/2001 er kveðið á um að aðildarríki, þriðju lönd eða svæði innan þeirra (lönd eða svæði) skuli flokkuð samkvæmt stöðu þeirra með tilliti til kúariðu í einn af þremur flokkum: áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg, áhættu í tengslum við kúariðu er haldið í skefjum og áhætta í tengslum við kúariðu er óskilgreind.

2) Í viðaukanum við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/453/EB ([2]) er skrá yfir stöðu landa eða svæða með tilliti til kúariðu.

3) Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin gegnir forystuhlutverki við flokkun landa eða svæða út frá áhættu í tengslum við kúariðu. Skráin í viðaukanum við ákvörðun 2007/453/EB er tekin saman með hliðsjón af ályktun nr. 20 — Viðurkenning á stöðu aðildarríkja með tilliti til áhættu í tengslum við kúariðu — sem Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin samþykkti í maí 2013.

4) Í maí 2014 samþykkti Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin ályktun nr. 18 — Viðurkenning á stöðu aðildarríkja með tilliti til áhættu í tengslum við kúariðu ([3]). Auk aðildarríkjanna, sem nú þegar eru skráð í viðaukann við ákvörðun 2007/453/EB, eru Búlgaría, Eistland, Króatía, Lettland, Lúxemborg, Ungverjaland, Malta, Portúgal, Rúmenía og Slóvakía viðurkennd í þeirri ályktun sem lönd þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg.

5) Í júní 2014 dró Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin tímabundið til baka stöðu Rúmeníu að því er varðar að áhætta í tengslum við kúariðu væri óveruleg ([4]), frá og með 27. júní 2014, í kjölfar skýrslu sem barst frá fulltrúa Alþjóðadýra heilbrigðisstofnunarinnar í Rúmeníu um að greinst hefði tilvik kúariðu í landinu.

6) Því ætti að breyta skránni í viðaukanum við ákvörðun 2007/453/EB svo hún verði í samræmi við ályktun nr. 18 sem Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin samþykkti í maí 2014 og til að taka mið af síðari ákvörðun Alþjóðadýraheilbrigðis stofnunarinnar um að draga tímabundið til baka stöðu Rúmeníu að því er varðar að áhætta í tengslum við kúariðu sé óveruleg.

7) Því ber að breyta ákvörðun 2007/453/EB til samræmis við það.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við ákvörðun 2007/453/EB komi textinn í viðaukanum við þessa ákvörðun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 302, 22.10.2014, bls. 58. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2015 frá 20. mars 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/453/EB frá 29. júní 2007 um að ákvarða stöðu aðildarríkja, þriðju landa eða tiltekinna svæða innan þeirra með tilliti til kúariðu út frá áhættu á sjúkdómnum (Stjtíð. ESB L 172, 30.6.2007, bls. 84).

([3]) http://www.oie.int/fileadmin/Home/eng/Animal_Health_in_the_World/docs/pdf/2014_A_RESO-18_BSE.pdf

([4]) http://www.oie.int/animal-health-in-the-world/official-disease-status/bse/lossreinstatement-of-status/

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. október 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Tonio BORG

framkvæmdastjóri.

„VIÐAUKI

SKRÁ YFIR LÖND EÐA SVÆÐI

A. **Lönd eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg**

Aðildarríki

— Belgía

— Búlgaría

— Króatía

— Danmörk

— Eistland

— Ungverjaland

— Ítalía

— Lettland

— Lúxemborg

— Malta

— Holland

— Portúgal

— Austurríki

— Slóvenía

— Slóvakía

— Finnland

— Svíþjóð

EFTA-lönd

— Ísland

— Noregur

Þriðju lönd

— Argentína

— Ástralía

— Brasilía

— Síle

— Kólumbía

— Indland

— Ísrael

— Japan

— Nýja-Sjáland

— Panama

— Paragvæ

— Perú

— Singapúr

— Bandaríkin

— Úrúgvæ

B. **Lönd eða svæði þar sem áhættu í tengslum við kúariðu er haldið í skefjum**

Aðildarríki

— Tékkland, Þýskaland, Írland, Grikkland, Spánn, Frakkland, Kýpur, Litháen, Pólland, Rúmenía, Bretland

EFTA-lönd

— Liechtenstein

— Sviss

Þriðju lönd

— Kanada

— Kostaríka

— Mexíkó

— Níkaragva

— Suður-Kórea

— Taívan

C. **Lönd eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óskilgreind**

— Lönd eða svæði sem ekki eru skráð í A- eða B-lið.“

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2015/EES/55/16

frá 29. október 2014

varðandi takmarkanir á leyfum fyrir sæfivörum sem innihalda 3-joð-2-própýnýlbútýlkarbamat (IPBC) og própíkónasól sem Þýskaland tilkynnti um í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB

(tilkynnt með númeri C(2014) 7909)

(2014/756/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum 3. mgr. 36 gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ([2]) er skrá yfir virk efni sem eru samþykkt á vettvangi Sambandsins til notkunar í sæfivörur. Með tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2008/78/EB ([3]) og 2008/79/EB ([4]) var virku efnunum própíkónasóli og 3-joð-2-própýnýlbútýlkarbamati bætt við til notkunar í vörur sem tilheyra vöruflokki 8, viðarvarnarefni, eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við tilskipun 98/8/EB. Samkvæmt 86. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 eru þessi efni því samþykkt virk efni í skránni sem um getur í 2. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar.

2) Í samræmi við 8. gr. tilskipunar 98/8/EB lagði fyrirtækið Janssen PMP umsóknir fyrir Bretland um leyfi fyrir þremur viðarvarnarefnum (sæfivörur) sem innihalda 3-joð-2-própýnýlbútýlkarbamat (IPBC) og própíkónasól („umdeildu vörurnar“). Vöruleyfin sem Bretland veitti taka til mismunandi notkunaraðferða, þ.m.t. sjálfvirkrar böðunar til notkunar í iðnaði og úðunar (innan- og utanhúss), bæði til notkunar í atvinnuskyni og til annarrar notkunar. Í kjölfarið hafa nokkur aðildarríki veitt leyfi fyrir umdeildu vörunum með gagnkvæmri viðurkenningu.

3) Janssen PMP („umsækjandinn“) lagði fullgerðar umsóknir fyrir Þýskaland um gagnkvæma viðurkenningu á leyfunum sem Bretland veitti fyrir umdeildu vörunum.

4) Hinn 28. ágúst 2013 tilkynnti Þýskaland framkvæmdastjórninni, hinum aðildarríkjunum og umsækjandanum um tillögu sína um að takmarka leyfin í samræmi við 4. mgr. 4. gr. tilskipunar 98/8/EB. Þýskaland telur að umdeildu vörurnar uppfylli ekki kröfurnar í 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 98/8/EB að því er varðar heilbrigði manna og umhverfið.

5) Samkvæmt Þýskalandi lagði Bretland ekki viðeigandi mat á leyfið fyrir notkunaraðferðinni við úðun utanhúss að því er varðar umhverfisáhættu. Niðurstöður matsins, sem Þýskaland framkvæmdi varðandi vörurnar þrjár, sýndu fram á óviðunandi áhættu fyrir fjarlæg jarðvegshólf.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 311, 31.10.2014, bls. 69. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 54/2015 frá 20. mars 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6. 2012, bls. 1.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/78/EB frá 25. júlí 2008 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu própíkónasóli við í I. viðauka við hana (Stjtíð. ESB L 198, 26.7.2008, bls. 44).

([4]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/79/EB frá 28. júlí 2008 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu 3-joð-2-própýnýlbútýlkarbamati (IPBC) við í I. viðauka við hana (Stjtíð. ESB L 200, 29.7.2008, bls. 12).

6) Þýskaland telur einnig, að því er varðar eina vöruna, að takmarka ætti notkun hennar við sjálfvirka böðun við kerfi sem eru nægilega sjálfvirk, vegna óviðunandi áhættu fyrir heilbrigði notenda í atvinnuskyni.

7) Framkvæmdastjórnin gaf hinum aðildarríkjunum og umsækjandanum færi á að leggja fram skriflegar athugasemdir við tilkynningarnar innan 90 daga í samræmi við 1. mgr. 27. gr. tilskipunar 98/8/EB. Þýskaland, Bretland og umsækjandinn lögðu fram athugasemdir innan þessa frests. Enn fremur ræddu framkvæmdastjórnin og lögbær yfirvöld aðildarríkjanna, sem bera ábyrgð á sæfivörum, tilkynninguna 24. september 2013 á fundi samráðshópsins sem stofnaður var skv. 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

8) Að teknu tilliti til áhættu fyrir umhverfið er ljóst, eftir þessar umræður og athugasemdir, að niðurstöður umhverfismatsins sem Bretland framkvæmdi voru byggðar á viðkomandi sviðsmynd úr röð skjala Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) varðandi losunarsviðsmyndir ([5]) sem var aðgengileg þegar matið fór fram.

9) Af því leiðir einnig að niðurstöðurnar frá Þýskalandi eru byggðar á endurskoðaðri sviðsmynd í röð skjala Efnahags- og framfarastofnunarinnar varðandi losunarsviðsmyndir ([6]) sem hefur verið aðgengileg eftir að Bretland veitti leyfin og einnig eftir að tilkynningin kom frá Þýskalandi.

10) Samkvæmt samþykktum leiðbeiningum frá 47. fundi fulltrúa lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum vegna framkvæmdar tilskipunar 98/8/EB um markaðssetningu sæfivara ([7]) er að auki einungis hægt að taka mið af nýjum leiðbeiningum ef þær voru aðgengilegar fyrir framlagningu umsóknar um leyfi fyrir vöru nema vísindalegar framfarir sýni að það gefi tilefni til alvarlegra efasemda að reiða sig á gamlar leiðbeiningar. Þessar leiðbeiningar renna frekari stoðum undir það að alvarlegar efasemdir myndu hrinda af stað endurskoðun á gildandi leyfum. Hvorki Bretland né hin aðildarríkin, sem samþykktu vörurnar með gagnkvæmri viðurkenningu, töldu hins vegar að efasemdirnar væru af þeirri stærðargráðu að það réttlætti endurskoðun á gildandi leyfum.

11) Í ljósi ofangreindra athugasemda styður framkvæmdastjórnin niðurstöður matsins sem Bretland og önnur aðildarríki, sem samþykktu vörurnar með gagnkvæmri viðurkenningu, framkvæmdu að teknu tilliti til þess að umdeildu vörurnar uppfylli kröfurnar í 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 98/8/EB að því er varðar umhverfið. Framkvæmdastjórnin telur því að beiðni Þýskalands um að takmarka leyfin sé ekki réttlætanleg á þeim forsendum sem voru lagðar fram.

12) Að því er varðar notkun með sjálfvirkri böðun telur framkvæmdastjórnin að umdeildu vörurnar ættu að falla undir ákvæðin sem komið var á með fyrri ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar ([8]) sem fjallar um að vernda heilbrigði notenda í atvinnuskyni við notkun á vörum, sem innihalda 3-joð-2-própýnýlbútýlkarbamat, með þessari notkunaraðferð. Þar af leiðandi ætti að leyfa umdeildu vörurnar með fyrirvara um leiðbeiningar á merkimiða sem takmarka notkunina við alsjálfvirk böðunarferli og breyta ætti leyfinu fyrir vörunni til samræmis við það.

13) Reglugerð (ESB) nr. 528/2012 gildir um umdeildu vörurnar í samræmi við ákvæði 2. mgr. 92. gr. þeirrar reglugerðar. Þar eð lagagrundvöllur fyrir þessa ákvörðun er 3. mgr. 36. gr. þeirrar reglugerðar ætti að beina þessari ákvörðun til allra aðildarríkja í samræmi við 4. mgr. 36. gr. þeirrar reglugerðar.

14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

([5]) Sjá „Emission scenarios for outdoor treatments from Part II of OECD Emission Scenario Document (ESD) for Wood Preservatives (2003)“ (losunarsviðsmyndir fyrir meðhöndlun utanhúss úr II. hluta skjals Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) varðandi losunarsviðsmyndir fyrir viðarvarnarefni), aðgengilegt á vefsetrinu http://echa.europa.eu/documents/10162/16908203/pt8_wood_preservatives_2_en.pdf

([6]) Sjá „Outdoor spraying emission scenario from OECD Revised Emission Scenario Document for Wood Preservatives (ENV/JM/MONO(2013)21)“ (losunarsviðsmynd fyrir úðun utanhúss úr endurskoðuðu skjali Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) varðandi losunarsviðsmyndir fyrir viðarvarnarefni), aðgengilegt á vefsetrinu http://search.oecd.org/officialdocuments/displaydocumentpdf/?cote=env/jm/mono(2013)21&doclanguage=en

([7]) Sjá skjal CA-July12-Doc.6.2d — „Final on Relevance of new guidance becoming available during the process of authorisation and mutual recognition of authorisations of biocidal products“, aðgengilegt á vefsetrinu https://circabc.europa.eu/w/browse/03bce60b-cf04-49aa-8172-e9c6a75205a7

([8]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/402/ESB frá 25. október 2014 varðandi takmarkanir á leyfum fyrir sæfivörum sem innihalda 3-joð-2-própýnýlbútýlkarbamat (IPBC) sem Þýskaland tilkynnti um í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB (Stjtíð. ESB L 188, 27.6.2014, bls. 85).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Þessi ákvörðun gildir um vörur sem eru auðkenndar með eftirfarandi tilvísunarnúmerum umsóknarinnar í tilvísunaraðildarríkinu, eins og kveðið er á um í sæfivöruskránni:

2010/2709/7626/UK/AA/8666
2010/2709/8086/UK/AA/9499
2010/2709/7307/UK/AA/8801

2. gr.

Tillögu Þýskalands um að heimila ekki sæfivörurnar, sem um getur í 1. gr., til úðunar utanhúss er synjað.

3. gr.

Leyfi fyrir sæfivörum, sem eru auðkenndar með tilvísunarnúmeri umsóknar 2010/2709/7626/UK/AA/8666, skulu fela í sér skilyrði um að merkimiði á vörunum innihaldi eftirfarandi leiðbeiningar ef þær eru notaðar við sjálfvirka böðun:

„Varan (tilgreinið heiti vörunnar) skal aðeins notuð í alsjálfvirkum böðunarferlum þar sem öll skref í meðhöndlunar- og þurrkunarferlinu eru vélknúin og án beinnar snertingar, þ.m.t. þegar meðhöndlaðir hlutir eru fluttir gegnum böðunartankinn þangað sem látið er drjúpa af þeim/þeir þurrkaðir og settir í geymslu (ef yfirborð hlutarins er ekki þegar þurrt áður en hann er fluttur til geymslu). Þar sem það á við skal tryggja að viðarhlutirnir sem á að meðhöndla séu tryggilega festir (t.d. með ólum eða klemmubúnaði) fyrir meðhöndlun og meðan á dýfingu stendur og ekki má handleika meðhöndlaða hluti fyrr en yfirborð þeirra er þurrt.“

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 29. október 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Janez POTOČNIK

framkvæmdastjóri.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2014/103/ESB **2015/EES/55/17**

frá 21. nóvember 2014

um þriðju aðlögun á viðaukunum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB um flutning á hættulegum farmi á landi og skipgengum vatnaleiðum að framförum á sviði vísinda og tækni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB frá 24. september 2008 um flutning á hættulegum farmi á landi og skipgengum vatnaleiðum([1]), einkum 1. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í þætti I.1 í I. viðauka, þætti II.1 í II. viðauka og þætti III.1 í III. viðauka við tilskipun 2008/68/EB er vísað til ákvæða, sem sett eru fram í alþjóðasamningum um flutninga á hættulegum farmi á vegum, járnbrautum og skipgengum vatnaleiðum eins og skilgreint er í 2. gr. þeirrar tilskipunar.

2) Ákvæði þessara alþjóðasamninga eru uppfærð á tveggja ára fresti. Því skulu síðustu, breyttar útgáfur þessara samninga gilda frá og með 1. janúar 2015, með umbreytingarfresti til 30. júní 2015.

3) Því ætti að breyta þætti I.1 í I. viðauka, þætti II.1 í II. viðauka og þætti III.1 í III. viðauka við tilskipun 2008/68/EB til samræmis við það.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flutning á hættulegum farmi.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 2008/68/EB

Tilskipun 2008/68/EB er breytt sem hér segir:

1) Í stað þáttar I.1 í I. viðauka komi eftirfarandi:

„I.1. **ADR-samningurinn**

Viðaukar A og B við ADR-samninginn, í útgáfunni sem öðlaðist gildi 1. janúar 2015, þar sem gengið er út frá því að orðið „aðildarríki“ komi í stað orðsins „samningsaðili“, eftir því sem við á.“

2) Í stað þáttar II.1 í II. viðauka komi eftirfarandi:

„II.1. **RID**

Viðauki við RID-reglurnar, sem birtar eru í viðbæti C við samninginn um millilandaflutninga með járnbrautum (COTIF), í útgáfunni sem öðlaðist gildi 1. janúar 2015, þar sem gengið er út frá því að orðið „aðildarríki“ komi í stað orðsins „samningsaðili“, eftir því sem við á.“

3) Í stað þáttar III.1 í III. viðauka komi eftirfarandi:

„III.1. **ADN-samningurinn**

Reglur sem fylgja með í viðauka við ADN-samninginn, í útgáfunni sem öðlaðist gildi 1. janúar 2015, og einnig f-liður 3. gr., h-liður 3. gr., 1. mgr. 8. gr. og 3. mgr. 8. gr. ADN-samningsins, þar sem gengið er út frá því að orðið „aðildarríki“ komi í stað orðsins „samningsaðili“, eftir því sem við á.“

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 335, 22.11.2014, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/2015 frá 20. mars 2015 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 260, 30.9.2008, bls. 13.

2. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til þess að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 2015. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. nóvember 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2015/EES/55/18

frá 9. október 2014

um breytingu á ákvörðun 2003/467/EB að því er varðar yfirlýsingu um að tiltekin svæði í Póllandi séu opinberlega laus við smitandi hvítblæði í nautgripum

(tilkynnt með númeri C(2014) 7141)

(2014/708/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 64/432/EBE frá 26. júní 1964 um vanda á sviði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með nautgripi og svín ([1]), einkum E-lið í I. hluta viðauka D,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun 64/432/EBE gildir um viðskipti innan Sambandsins með nautgripi og svín. Þar er mælt fyrir um skilyrðin fyrir því að lýsa megi aðildarríki eða svæði í aðildarríki opinberlega laust við smitandi hvítblæði í nautgripum að því er varðar nautgripahjarðir.

2) Í III. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/467/EB ([2]) er skrá yfir aðildarríki og svæði þeirra sem eru opinberlega lýst laus við smitandi hvítblæði í nautgripum.

3) Pólland hefur lagt gögn fyrir framkvæmdastjórnina þar sem sýnt er fram á að skilyrðin, sem mælt er fyrir um í tilskipun 64/432/EBE fyrir því að vera lýst opinberlega laust við smitandi hvítblæði í nautgripum, eru uppfyllt að því er varðar tólf stjórnsýslusvæði (powiaty) innan yfirstjórnsýslueiningarinnar (voivodship) Zachodniopomorskie.

4) Í kjölfar mats á gögnunum, sem Pólland lagði fram, ætti að viðurkenna svæðin, sem um er að ræða, sem opinberlega laus við smitandi hvítblæði í nautgripum.

5) Því ætti að breyta III. viðauka við ákvörðun 2003/467/EB til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við ákvörðun 2003/467/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 9. október 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Tonio BORG

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 295, 11.10.2014, bls. 60. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 75/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB 121, 29.7.1964, bls. 1977/64.

([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/467/EB frá 23. júní 2003 um að staðfesta að tiltekin aðildarríki eða héruð aðildarríkja séu opinberlega laus við berkla, öldusótt og smitandi hvítblæði í nautgripahjörðum (Stjtíð. ESB L 156, 25.6.2003, bls. 74).

VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir Pólland í 2. kafla III. viðauka við ákvörðun 2003/467/EB komi eftirfarandi:

„Í Póllandi:

— Héraðið Dolnośląskie

Powiaty:	bolesławiecki, dzierżoniowski, głogowski, górowski, jaworski, jeleniogórski, Jelenia Góra, kamiennogórski, kłodzki, legnicki, Legnica, lubański, lubiński, lwówecki, milicki, oleśnicki, oławski, polkowicki, strzeliński, średzki, świdnicki, trzebnicki, wałbrzyski, Wałbrzych, wołowski, wrocławski, Wrocław, ząbkowicki, zgorzelecki, złotoryjski.

— Héraðið Lubelskie

Powiaty:	bialski, Biała Podlaska, biłgorajski, chełmski, Chełm, hrubieszowski, janowski, krasnostawski, kraśnicki, lubartowski, lubelski, Lublin, łęczyński, łukowski, opolski, parczewski, puławski, radzyński, rycki, świdnicki, tomaszowski, włodawski, zamojski, Zamość.

— Héraðið Lubelskie

Powiaty:	gorzowski, Gorzów Wielkopolski, krośnieńsko-odrzański, międzyrzecki, nowosolski, słubicki, strzelecko–drezdenecki, sulęciński, świebodziński, Zielona Góra, zielonogórski, żagański, żarski, wschowski.

— Héraðið Kujawsko-Pomorskie

Powiaty:	aleksandrowski, brodnicki, bydgoski, Bydgoszcz, chełmiński, golubsko-dobrzyński, grudziądzki, inowrocławski, lipnowski, Grudziądz, mogileński, nakielski, radziejowski, rypiński, sępoleński, świecki, toruński, Toruń, tucholski, wąbrzeski, Włocławek, włocławski, żniński.

— Héraðið Łódzkie

Powiaty:	bełchatowski, brzeziński, kutnowski, łaski, łęczycki, łowicki, łódzki, Łódź, opoczyński, pabianicki, pajęczański, piotrkowski, Piotrków Trybunalski, poddębicki, radomszczański, rawski, sieradzki, skierniewicki, Skierniewice, tomaszowski, wieluński, wieruszowski, zduńskowolski, zgierski.

— Héraðið Małopolskie

Powiaty:	brzeski, bocheński, chrzanowski, dąbrowski, gorlicki, krakowski, Kraków, limanowski, miechowski, myślenicki, nowosądecki, nowotarski, Nowy Sącz, oświęcimski, olkuski, proszowicki, suski, tarnowski, Tarnów, tatrzański, wadowicki, wielicki.

— Héraðið Mazowieckie

Powiaty:	białobrzeski, ciechanowski, garwoliński, grójecki, gostyniński, grodziski, kozienicki, legionowski, lipski, łosicki, makowski, miński, mławski, nowodworski, ostrołęcki, Ostrołęka, ostrowski, otwocki, piaseczyński, Płock, płocki, płoński, pruszkowski, przasnyski, przysuski, pułtuski, Radom, radomski, Siedlce, siedlecki, sierpecki, sochaczewski, sokołowski, szydłowiecki, Warszawa, warszawski zachodni, węgrowski, wołomiński, wyszkowski, zwoleński, żuromiński, żyrardowski.

— Héraðið Opolskie

Powiaty:	brzeski, głubczycki, kędzierzyńsko-kozielski, kluczborski, krapkowicki, namysłowski, nyski, oleski, opolski, Opole, prudnicki, strzelecki.

— Héraðið Podkarpackie

Powiaty:	bieszczadzki, brzozowski, dębicki, jarosławski, jasielski, kolbuszowski, krośnieński, Krosno, leski, leżajski, lubaczowski, łańcucki, mielecki, niżański, przemyski, Przemyśl, przeworski, ropczycko-sędziszowski, rzeszowski, Rzeszów, sanocki, stalowowolski, strzyżowski, Tarnobrzeg, tarnobrzeski.

— Héraðið Podlaskie

Powiaty:	augustowski, białostocki, Białystok, bielski, grajewski, hajnowski, kolneński, łomżyński, Łomża, moniecki, sejneński, siemiatycki, sokólski, suwalski, Suwałki, wysokomazowiecki, zambrowski.

— Héraðið Pomorskie

Powiaty:	bytowski, chojnicki, człuchowski, Gdańsk, gdański, Gdynia, kartuski, kościerski, kwidzyński, lęborski, malborski, nowodworski, pucki, Słupsk, słupski, Sopot, starogardzki, sztumski, tczewski, wejherowski.

— Héraðið Śląskie

Powiaty:	będziński, bielski, Bielsko-Biała, bieruńsko-lędziński, Bytom, Chorzów, cieszyński, częstochowski, Częstochowa, Dąbrowa Górnicza, gliwicki, Gliwice, Jastrzębie Zdrój, Jaworzno, Katowice, kłobucki, lubliniecki, mikołowski, Mysłowice, myszkowski, Piekary Śląskie, pszczyński, raciborski, Ruda Śląska, rybnicki, Rybnik, Siemianowice Śląskie, Sosnowiec, Świętochłowice, tarnogórski, Tychy, wodzisławski, Zabrze, zawierciański, Żory, żywiecki.

— Héraðið Świętokrzyskie

Powiaty:	buski, jędrzejowski, kazimierski, kielecki, Kielce, konecki, opatowski, ostrowiecki, pińczowski, sandomierski, skarżyski, starachowicki, staszowski, włoszczowski.

— Héraðið Warmińsko-Mazurskie

Powiaty:	bartoszycki, braniewski, działdowski Elbląg, elbląski, ełcki, giżycki, gołdapski, iławski, kętrzyński, lidzbarski, mrągowski, nidzicki, nowomiejski, olecki, olsztyński, ostródzki, Olsztyn, piski, szczycieński, węgorzewski.

— Héraðið Wielkopolskie

Powiaty:	chodzieski, czarnkowsko-trzcianecki, gnieźnieński, gostyński, grodziski, jarociński, kaliski, Kalisz, kępiński, kolski, koniński, Konin, kościański, krotoszyński, leszczyński, Leszno, międzychodzki, nowotomyski, obornicki, ostrowski, ostrzeszowski, pilski, pleszewski, Poznań, poznański, rawicki, słupecki, szamotulski, średzki, śremski, turecki, wągrowiecki, wolsztyński, wrzesiński, złotowski.

— Héraðið Zachodniopomorskie

Powiaty:	gryficki, gryfiński, kamieński, Koszalin, koszaliński, myśliborski, policki, sławieński, Szczecin, szczecinecki, świdwiński, Świnoujście.“

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2015/EES/55/19

frá 18. apríl 2013

um ársskýrslur um skoðanir án mismununar sem fara fram samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2005 um vernd dýra í flutningi og tengdar aðgerðir og um breytingu á tilskipunum 64/432/EBE og 93/119/EB og reglugerð (EB) nr. 1255/97

(tilkynnt með númeri C(2013) 2098)

(2013/188/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2005 frá 22. desember 2004 um vernd dýra í flutningi og tengdar aðgerðir og um breytingu á tilskipunum 64/432/EBE og 93/119/EB og reglugerð (EB) nr. 1255/97 ([1]), einkum 2. mgr. 30. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1/2005 er mælt fyrir um reglur um flutning á lifandi hryggdýrum sem fer fram innan Sambandsins, þ.m.t. markvisst eftirlit sem embættismenn eiga að hafa með sendingum sem koma inn í eða fara út af tollsvæði Sambandsins. Í 1. mgr. 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2005 er kveðið á um að lögbært yfirvald eigi að hafa eftirlit með því hvort farið hafi verið að kröfum reglugerðarinnar með því að framkvæma skoðanir án mismununar á dýrum, flutningatækjum og fylgiskjölum (skoðanir án mismununar).

2) Auk þess er í 2. mgr. 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2005 kveðið á um að aðildarríki eigi að leggja ársskýrslu fyrir framkvæmdastjórnina, eigi síðar en 30. júní á hverju ári, um skoðanir án mismununar á næstliðnu ári (ársskýrslur). Ársskýrslunum á að fylgja greining á meiri háttar annmörkum sem komu í ljós og aðgerðaáætlun til að takast á við þá.

3) Í skýrslu framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins um áhrifin af reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2005 um vernd dýra í flutningi ([2]) er talið að samþykkja ætti framkvæmdarráðstafanir varðandi eftirlit sem lögbær yfirvöld aðildarríkjanna eiga að framkvæma í samræmi við 1. mgr. 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2005.

4) Í skýrslunni var einnig komist að þeirri niðurstöðu að samræma ætti uppbyggingu skýrslukerfisins enn frekar því það gæfi betri og samanburðarhæfari gögn

5) Til samræmis við það ætti með þessari ákvörðun að koma á samræmdri fyrirmynd að eyðublaði fyrir ársskýrslurnar og einnig, í því skyni að draga úr stjórnsýsluálagi aðildarríkjanna, að kveða á um að senda eigi ársskýrslurnar á rafrænan hátt til framkvæmdastjórnarinnar.

6) Lögbært yfirvald framkvæmir skoðanir án mismununar á mismunandi stigum ferðarinnar. Þær fara fram fyrir brottför, meðan á ferðinni stendur, við komu á viðtökustað og eftir að ferðinni er lokið. Meðan á skoðun án mismununar stendur er lögbæru yfirvaldi heimilt að framkvæma fjölda skoðana til að sannreyna að farið sé að ákvæðum í löggjöf Sambandsins. Þetta getur falið í sér skoðun á því hvort dýrin séu í hæfu ástandi til flutnings, skoðun á því hvort flutningatæki uppfylli kröfur í löggjöf Sambandsins eða hvort flutningsaðilinn hafi tilskilin leyfi. Flutningsaðilinn er e.t.v. upplýstur um það fyrirfram.

7) Flutningsaðilar gera oft ráð fyrir því að skoðanir án mismununar fari fram fyrir brottför í langar ferðir milli aðildarríkja og til og frá þriðju löndum og eftir komu á viðtökustað, þegar um er að ræða sláturhús, og slíkar skoðanir án mismununar taka oft til athugana á miklum fjölda af dýrum. Til samræmis við það ætti að skrá þessar skoðanir án mismununar aðskilið í ársskýrslurnar frá skoðunum af handahófi og áhættutengdum skoðunum án mismununar sem yfirleitt er ekki gert ráð fyrir og geta tekið til færri dýra.

8) Skoðanir án mismununar, sem fara fram fyrir ferð eða meðan á henni stendur, fela í sér skoðanir lögbærs yfirvalds á öllum fylgiskjölum sem krafist er að séu yfirvaldinu aðgengileg. Gera skal grein fyrir þessum skoðunum án mismununar aðskilið frá skoðunum án mismununar, sem fara fram eftir að ferð er lokið, sem fela í sér skoðanir á leiðarbókum eða útprentunum úr leiðsögukerfum í þeim tilgangi einum að staðfesta að farið sé að kröfunum, sem settar eru fram í liðum 1.4, 1.5, 1.7 og 1.8 í 1. þætti V. kafla I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1/2005, sem varða ferðatíma og hvíldartíma.

9) Til samræmis við það, til að tryggja réttan samanburð á upplýsingum sem safnað er í þessum skoðunum án mismununar, ætti í þessari ákvörðun að kveða á um þrjár tegundir mismunandi skoðana án mismununar sem gefa skal aðskildar skýrslur um í tengslum við ársskýrslurnar. Þessar þrjár tegundir mismunandi skoðana án mismununar ættu að taka til: a) skoðana án mismununar sem fara fram á brottfararstað áður en dýrin eru flutt langar leiðir milli

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 111, 23.4.2013, bls. 107. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 3, 5.1.2005, bls. 1.

([2]) COM(2011) 700, lokagerð.

aðildarríkja og til og frá þriðju löndum og eftir að dýrin eru affermd úr flutningatækinu á viðtökustað, þegar um er að ræða sláturhús, b) skoðana án mismununar sem fara fram meðan á flutningi stendur og c) skoðana án mismununar sem fara fram eftir að flutningi lýkur til að staðfesta að farið sé að kröfum um ferðatíma og hvíldartíma.

10) Meðan skoðun án mismununar stendur yfir er lögbæru yfirvaldi heimilt að skoða eitt eða fleiri dýr, flutningatæki og fylgiskjöl. Niðurstaða skoðunar án mismununar getur leitt til tilvika þar sem lögbært yfirvald uppgötvar að ekki hafi verið farið að kröfum í reglugerð (EB) nr. 1/2005 og grípur til aðgerða til að takast á við vanefndirnar. Réttur samanburður á niðurstöðum slíkra skoðana án mismununar í aðildarríkjunum krefst þess að gerð sé grein fyrir þeim og tilkynnt um þær með samræmdum hætti.

11) Þessi tilskipun ætti að gilda frá 1. janúar 2015 til að gefa aðildarríkjunum nægan tíma til að laga landsbundin gagnasöfnunarkerfi sín að þeim upplýsingum sem krafist er að komi fram í ársskýrslunum í samræmi við þessa ákvörðun.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

Í þessari ákvörðun er mælt fyrir um reglur um ársskýrslur um skoðanir án mismununar sem aðildarríkin skulu leggja fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 30. júní á hverju ári í samræmi við 2. mgr. 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2005 (ársskýrslur).

Þessar reglur varða upplýsingar sem aðildarríkin skulu láta koma fram í ársskýrslum um skoðanir án mismununar á dýrum, flutningatækjum og fylgiskjölum, sem lögbært yfirvald skal framkvæma í samræmi við 1. mgr. 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2005 (skoðanir án mismununar) og hvernig eigi að leggja þær fyrir framkvæmdastjórnina.

2. gr.

Upplýsingar sem eiga að koma fram í ársskýrslum og fyrirmynd að eyðublaði

1. Ársskýrslurnar skulu innihalda eftirfarandi upplýsingar um skoðanir án mismununar, skipt niður eftir dýrategundum og tegund skoðunar án mismununar og eins og um getur í I. viðauka við þessa ákvörðun og í skýringunum sem settar eru fram í II. viðauka við hana:

a) heildarfjölda mismunandi tegunda skoðana án mismununar, sem lögbært yfirvald framkvæmir, þar sem dýr, flutningatæki eða fylgiskjöl hafa verið skoðuð eins og um getur í A-þætti töflu 1 í 2. hluta I. viðauka og í 1. hluta II. viðauka,

b) fjölda dýra, flutningatækja eða fylgiskjala sem lögbært yfirvald skoðaði með fullnægjandi hætti meðan skoðanir án mismununar stóðu yfir, eins og um getur í B-þætti töflu 1 í 2. hluta I. viðauka, sem skal einungis taka til:

   i. fjölda dýra sem hafa verið skoðuð með athugun,

   ii. fjölda flutningatækja sem hafa verið skoðuð með athugun; skoðanir sem eru hluti af málsmeðferð við samþykki í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2005 skulu þó ekki taldar með,

   iii. fjölda fylgiskjala, sem um getur í 4. gr. (2. mgr.) og 6 gr. (1. 5., 8., og 9. mgr.) reglugerðar (EB) nr. 1/2005 og í 5. og 8. lið II. viðauka við reglugerðina, sem lögbært yfirvald hefur fengið aðgang að og skoðað.

   Þegar fleiri en eitt fylgiskjal hefur verið skoðað meðan ein skoðun stendur yfir má lýsa því yfir að um sé að ræða skoðun á einu skjali,

c) flokk og fjölda tilvika þar sem lögbært yfirvald uppgötvar, meðan á skoðun án mismununar stóð, að ekki hafi verið farið að kröfum í reglugerð (EB) nr. 1/2005, eins og um getur í töflu 2 í 2. hluta I. viðauka og í 2. hluta II. viðauka við þessa ákvörðun,

d) flokk og fjölda aðgerða sem lögbært yfirvald hefur gripið til í kjölfar þess að hafa uppgötvað tilvik þar sem ekki hefur verið farið að kröfum í reglugerð (EB) nr. 1/2005, eins og um getur í töflu 3 í 2. hluta I. viðauka og í 3. hluta II. viðauka við þessa ákvörðun,

e) greiningu á meiri háttar annmörkum sem komu í ljós við skoðanir án mismununar og aðgerðaáætlun til að takast á við þá, eins og um getur í 3. hluta I. viðauka.

2. Leggja skal ársskýrsluna fyrir framkvæmdastjórna á rafrænu formi, í samræmi við fyrirmyndina að ársskýrslunni sem sett er fram í I. viðauka, og fylla hana út í samræmi við skýringarnar sem settar eru fram í II. viðauka.

3. gr.

Beiting

Ákvörðun þessari skal beitt frá 1. janúar 2015.

4. gr.

Viðtakendur

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. apríl 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Tonio BORG

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

Fyrirmynd að ársskýrslum sem aðildarríkin eiga að leggja fyrir framkvæmdastjórnina eins og um getur í 1. og 2. gr.

ÁRSSKÝRSLA

um skoðun án mismununar á dýrum, flutningatæki og fylgiskjölum sem fer fram skv. 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2005

1. HLUTI

— Aðildarríki: *[Aðildarríki]*

— Árið þegar lögbært yfirvald framkvæmdi skoðun án mismununar sem um getur í þessari ársskýrslu: *[áááá]*

Samskiptaupplýsingar lögbærs yfirvalds sem ber ábyrgð á framkvæmd skoðana án mismununar, sem um getur í þessari ársskýrslu, eða ábyrgð á að leggja skýrsluna fram:

Heiti og hlutverk ábyrgs embættismanns lögbæra yfirvaldsins ...

.....

Lögbært yfirvald .....

Heimilisfang .....

Tölvupóstfang .....

Símanúmer .....

2. HLUTI

[Aðildarríki]

[áááá]

Tafla 1

Tegundir skoðana án mismununar sem fara fram skv. 1. mgr. 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2005

A-þáttur**: fjöldi skoðana án mismununar sem lögbært yfirvald framkvæmir**

B-þáttur**: fjöldi dýra, flutningatækja og fylgiskjala sem eru skoðuð meðan skoðun án mismununar stendur yfir**

Tegund(*):	Nautgripir			Svín			Sauðfé ~ geitur			Dýr af hestaætt			Aðrar tegundir (tilgreinið og bætið við dálkum eftir þörfum)		
Tegundir skoðana án mismununar (**)	1	2	3	1	2	3	1	2	3	1	2	3	1	2	3
A-þáttur															
Fjöldi skoðana án mismununar															
B-þáttur															
Dýr															
Flutningatæki															
Fylgiskjöl															

(*) Tilgreinið fjölda skoðana án mismununar í A-þætti og tilgreinið fjölda dýra, flutningatækja og fylgiskjala sem eru skoðuð í B-þætti, aðskilið fyrir mismunandi dýrategundir.
(**) Sjá 1. hluta skýringanna sem settar eru fram í II. viðauka.

Tafla 2

Flokkur og fjöldi tilvika, þar sem ekki hefur verið farið að ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 1/2005, sem komu í ljós við skoðanir án mismununar sem kveðið er á um í 1. mgr. 27. gr. sömu reglugerðar

Flokkur vanefndar (*)															
1. Hæfi dýra til flutnings															
2. Aðferðir við flutninga, rými, hæð															
3. Flutningatæki og viðbótarákvæði varðandi búfjárskip eða skip sem flytja gáma og varðandi langar ferðir															

Flokkur vanefndar (*)															
4. Brynning og fóðrun, ferðatími og hvíldartími															
5. Skjöl															
6. Önnur tilvik vanefnda															
Heildarfjöldi vanefnda	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—

(*) Sjá 2. hluta skýringanna sem settar eru fram í II. viðauka.

Tafla 3

Flokkur og fjöldi aðgerða sem lögbært yfirvald hefur gripið til eftir að í ljós komu tilvik þar sem ekki hefur verið farið að ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 1/2005

Flokkur vanefndar (*)															
A. Viðurlögum sem hefur verið beitt															
B. Framkvæmd og upplýsingaskipti															

(*) Sjá 3. hluta skýringanna sem settar eru fram í II. viðauka.

3. HLUTI

Greining á meiri háttar annmörkum sem komu í ljós við skoðanir án mismununar og aðgerðaáætlun til að takast á við þá, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2005

[Aðildarríki]

[áááá]

1. **GREINING Á MEIRI HÁTTAR ANNMÖRKUM SEM KOMU Í LJÓS VIÐ SKOÐANIR ÁN MISMUNUNAR**

Að því er varðar þessa ársskýrslu telst eftirfarandi til meiri háttar annmarka:

.....

.....

.....

.....

.....

.....

2. **AÐGERÐAÁÆTLUN TIL AÐ TAKAST Á VIÐ ANNMARKANA SEM LÝST ER Í 1. LIÐ**

II. VIÐAUKI

Skýringar með fyrirmynd að ársskýrslu, sem sett er fram í I. viðauka, eins og um getur í 2. gr.

1. HLUTI

Tegundir skoðana án mismununar sem lögbært yfirvald framkvæmir

Tegundir skoðana án mismununar	Skoðanir sem fara fram:
1. Á brottfararstað, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2005 og eftir að dýrin eru affermd af flutningatækinu á viðtökustað, þegar um er að ræða sláturhús.	Dýr Flutningatæki Fylgiskjöl
2. Í flutningi	Dýr Flutningatæki Fylgiskjöl
3. Eftir að flutningi er lokið til að staðfesta að farið sé að kröfum um ferðatíma og hvíldartíma.	Fylgiskjöl - leiðarbækur eða útprentanir úr leiðsögukerfum

2. HLUTI

Flokkar þar sem ekki hefur verið farið að kröfum í reglugerð (EB) nr. 1/2005

Hver skoðun án mismununar, sem lögbært yfirvald framkvæmir, getur leitt til þess að fleira en eitt tilvik uppgötvist þar sem ekki hefur verið farið að kröfum í reglugerð (EB) nr. 1/2005

Flokkur vanefndar	Samsvarandi ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1/2005
1. Hæfi til flutnings	Ákvæði b-liðar 3. gr. Ákvæði I. kafla og liðar 1.9 í VI. kafla I. viðauka
2. Aðferðir við flutninga, rými, innri hæð	Ákvæði d-, e- og g-liðar 3. gr. Ákvæði liðar 1.2 í II. kafla og III. og VII. kafli I. viðauka
3. Flutningatæki og viðbótarákvæði varðandi búfjárskip eða skip sem flytja gáma og varðandi langar ferðir.	Ákvæði c- og h-liðar 3. gr. Ákvæði II., IV. og VI. kafla I. viðauka
4. Brynning og fóðrun, ferðatími og hvíldartími.	Ákvæði a-, f- og h-liðar 3. gr. Ákvæði V. kafla I. viðauka
5. Flutningsskjöl; flutningsheimildir; hæfisskírteini ökumanns og samþykki fyrir flutningatæki. Leiðarbækur, aðrar en vanefndir sem um getur í 4. flokki.	Ákvæði 4. gr., 5. gr. (4. mgr.), 6. gr. (1., 5. og 8. mgr.), 17. gr. (2. mgr.) II. viðauki
6. Allar aðrar vanefndir sem ekki eru taldar með í fyrri flokkum.	

3. HLUTI

Flokkar aðgerða sem lögbært yfirvald grípur til í því skyni að takast á við tilvik þar sem ekki er farið að kröfum í reglugerð (EB) nr. 1/2005

Aðgerðaflokkur	Aðgerðir sem lögbært yfirvald hefur gripið til
A	Viðurlögum sem beitt er í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í landslöggjöf skv. 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2005.
B	Framkvæmd og upplýsingaskipti í samræmi við 23. og 26. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2005.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/249 **2015/EES/55/20**

frá 10. febrúar 2015

um framlengingu á gildistíma ákvörðunar 2006/502/EB þar sem þess er krafist að aðildarríkin geri ráðstafanir til að tryggja að einungis barnheldir kveikjarar verði settir á markað og banni að kveikjarar með óhefðbundið útlit verði settir á markað

(tilkynnt með númeri C(2015) 603) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB frá 3. desember 2001 um öryggi vöru ([1]), einkum 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/502/EB ([2]) er þess krafist að aðildarríkin geri ráðstafanir til að tryggja að einungis barnheldir kveikjarar verði settir á markað og banni að kveikjarar með óhefðbundið útlit verði settir á markað.

2) Ákvörðun 2006/502/EB var samþykkt í samræmi við ákvæði 13. gr. tilskipunar 2001/95/EB sem takmarkar gildistíma ákvörðunarinnar við eitt ár hið mesta en veitir leyfi til þess að lengja gildistímann með viðbótartímabilum sem hvert um sig skal ekki vera lengra en eitt ár.

3) Gildistími ákvörðunar 2006/502/EB var framlengdur um eitt ár í senn, fyrst með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/231/EB ([3]) til 11. maí 2008, í annað sinn með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/322/EB ([4]) til 11. maí 2009, í þriðja sinn með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/298/EB ([5]) til 11. maí 2010, í fjórða sinn með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/157/ESB ([6]) til 11. maí 2011, í fimmta sinn með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/176/ESB ([7]) til 11. maí 2012, í sjötta sinn með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/53/ESB ([8]) til 11. maí 2013, í sjöunda sinn með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/113/ESB ([9]) til 11. maí 2014 og í áttunda sinn með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/61/ESB ([10]) til 11. maí 2015.

4) Enn er verið að setja kveikjara, sem eru ekki barnheldir, á markað. Með efldu markaðseftirliti, allt frá markvissri sýnatöku til skilvirkra takmarkandi ráðstafana, ætti að vera hægt að fækka þeim á markaði.

5) Þar sem ekki hafa verið gerðar aðrar fullnægjandi ráðstafanir varðandi öryggi barna í tengslum við kveikjara er nauðsynlegt að framlengja gildistíma ákvörðunar 2006/502/EB um tólf mánuði til viðbótar.

6) Því ætti að breyta ákvörðun 2006/502/EB til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með tilskipun 2001/95/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað 2. mgr. 6. gr. ákvörðunar 2006/502/EB komi eftirfarandi:

„2. Ákvörðun þessi gildir til 11. maí 2016.“

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 41, 17.2.2015, bls. 41. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.
([1]) Stjtíð. EB L 11, 15.1.2002, bls. 4.
([2]) Stjtíð. ESB L 198, 20.7.2006, bls. 41.
([3]) Stjtíð. ESB L 99, 14.4.2007, bls. 16.
([4]) Stjtíð. ESB L 109, 19.4.2008, bls. 40.
([5]) Stjtíð. ESB L 81, 27.3.2009, bls. 23.
([6]) Stjtíð. ESB L 67, 17.3.2010, bls. 9.
([7]) Stjtíð. ESB L 76, 22.3.2011, bls. 99.
([8]) Stjtíð. ESB L 27, 31.1.2012, bls. 24.
([9]) Stjtíð. ESB L 61, 5.3.2013, bls. 11.
([10]) Stjtíð. ESB L 38, 7.2.2014, bls. 43.

2. gr.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að ákvörðun þessari eigi síðar en 11. maí 2015 og birta þessar ráðstafanir. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Věra JOUROVÁ

framkvæmdastjóri.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2014/45/ESB **2015/EES/55/21**

frá 3. apríl 2014

um reglubundnar prófanir á akstursháefni vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra og um niðurfellingu á tilskipun 2009/40/EB (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 91. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í hvítbók sinni frá 28. mars 2011, sem ber titilinn „Vegvísir að samevrópsku flutningasvæði – í átt að samkeppnishæfu og auðlindanýtnu flutningakerfi“, setti framkvæmdastjórnin fram markmið um „núllsýn“ en samkvæmt því ætti Sambandið nánast að koma alveg í veg fyrir dauðaslys í flutningum á vegum eigi síðar en 2050. Í því skyni að ná þessu markmiði er talið að tækni ökutækja muni eiga stóran þátt í því að stuðla að úrbótum á sviði öryggis við flutninga á vegum.

2) Í orðsendingu sinni, sem ber titilinn „Leiðin til evrópsks umferðaröryggissvæðis: stefnumið um umferðaröryggi 2011-2020“, lagði framkvæmdastjórnin enn fremur til að dauðaslysum á vegum í Sambandinu yrði fækkað um helming eigi síðar en 2020, þar sem upphafsárið er 2010. Í því skyni að ná þessu markmiði setti framkvæmdastjórnin fram sjö stefnumarkmið og tilgreindi aðgerðir til að gera ökutæki öruggari, áætlun til að fækka slysum og ráðstafanir til að bæta öryggi óvarinna vegfarenda, einkum ökumanna bifhjóla.

3) Prófun á akstursháefni er hluti af víðtækara kerfi sem tryggir að ástand ökutækja sé öruggt og viðunandi, með tilliti til umhverfisins, á meðan þau eru í notkun. Þetta kerfi ætti að ná til reglubundinna prófana á akstursháefni ökutækja og tæknilegs eftirlits á vegum með ökutækjum, sem notuð eru til vöruflutninga á vegum, ásamt því að kveða á um aðferð við skráningu ökutækja, sem heimilar tímabundna niðurfellingu á leyfi til notkunar ökutækis í umferð á vegum, ef ökutækið er hættulegt umferðaröryggi. Reglubundin prófun ætti að vera helsta aðferðin til að tryggja akstursháefni. Tæknilegt eftirlit á vegum með atvinnuökutækjum ætti aðeins að vera viðbót við reglubundna prófun.

4) Heimila ætti aðildarríkjum að ákvarða strangari prófunarstaðla en þá sem settir eru í þessari tilskipun.

5) Framfylgd ráðstafana vegna akstursháefni getur falið í sér herferðir til vitundarvakningar, með áherslu á eigendur ökutækja og með það að markmiði að þróa góðar starfsaðferðir og venjur í kjölfar grunnskoðana ökutækja þeirra.

6) Bilanir í tæknikerfum bíla hafa áhrif á umferðaröryggi og geta valdið árekstrum á vegum sem hafa í för með sér áverka eða dauðsföll. Hægt væri að draga úr þessum áhrifum með því að gera fullnægjandi úrbætur á prófunarkerfum fyrir akstursháefni. Það myndi hjálpa ef annmarki á akstursháefni ökutækis kæmi snemma í ljós, svo mögulegt sé að ráða bót á þessum annmarka og koma þar með í veg fyrir slys.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 127, 29.4.2014, bls. 51. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 44, 15.2.2013, bls. 128.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 11. mars 2014 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 24. mars 2014.

7) Ökutæki með biluð mengunarvarnarkerfi hafa meiri áhrif á umhverfið en ökutæki sem er viðhaldið á tilhlýðilegan hátt. Því myndi reglubundið fyrirkomulag prófana á akstursháefni einnig stuðla að bættri umhverfisvernd með því að dregið yrði úr meðaltalslosun ökutækja.

8) Aðildarríkin ættu að íhuga viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að átt sé við eða hróflað við, með neikvæðum afleiðingum, hlutum og íhlutum ökutækis sem gæti haft neikvæð áhrif á eiginleika ökutækisins, með tilliti til öryggis- umhverfisverndar, einkum með reglubundnum prófunum á akstursháefni, þ.m.t. skilvirk viðurlög sem eru í réttu hlutfalli við brotið, letjandi og án mismununar.

9) Síðastliðna tvo áratugi hafa kröfur, sem varða losun ökutækja vegna gerðarviðurkenningar, sífellt orðið strangari. Loftgæði hafa þó ekki aukist eins mikið og spáð var fyrir um að strangari losunarstaðlar fyrir ökutæki myndu hafa í för með sér, sérstaklega að því er varðar köfnunarefnisoxíð (NOx) og fíngerðar efnisagnir. Skoða ætti vandlega möguleikann á því að gera endurbætur á prófunarlotum, svo þær líkist aðstæðum á vegum, til að þróa framtíðarlausnir, þ.m.t. að ákveða prófunaraðferðir við mælingar á magni NOx og viðmiðunarmörk fyrir losun NOx.

10) Innbyggð greiningarkerfi verða sífellt skilvirkari við mat á losun, að því er varðar ökutæki sem uppfylla losunarflokk Euro 6 og Euro VI, sem réttlætir að þau séu notuð sem jafngildi hefðbundinnar prófunarlosunar að því er varðar prófanir á akstursháefni. Í því skyni að kveða á um notkun innbyggðra greiningarkerfa við prófanir á akstursháefni ökutækja í losunarflokkum upp að Euro 5 og Euro V ættu aðildarríkin að geta heimilað þessa prófunaraðferð í samræmi við tilmæli framleiðandans og aðrar kröfur um slík ökutæki þar sem óháðir aðilar hafa sannprófað jafngildið, með tilliti til allrar viðeigandi löggjafar um gerðarviðurkenningu, eftir því sem við á.

11) Nokkrir tæknistaðlar og kröfur, sem varða öryggi ökutækja, hafa verið samþykkt í Sambandinu. Nauðsynlegt er að tryggja að ökutæki uppfylli áfram öryggisstaðla fyrir tilstuðlan fyrirkomulags um reglubundnar prófanir á akstursháefni. Þetta fyrirkomulag ætti að gilda um tiltekna flokka ökutækja eins og skilgreint er í tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2002/24/EB ([3]), 2003/37/EB ([4]) og 2007/46/EB ([5]).

12) Dráttarvélar á hjólum með hámarkshönnunarhraða yfir 40 km/klst. eru í auknum mæli notaðar í stað vörubifreiða í staðbundinni flutningastarfsemi og flutningum á vegum í atvinnuskyni. Hugsanleg áhætta af starfsemi þeirra er sambærileg þeirri sem stafar af vörubifreiðum og ökutæki í þeim flokki, sem eru aðallega notuð á opinberum vegum, ættu því að gangast undir prófun á akstursháefni.

13) Ökutæki, sem hafa sögulegt gildi, eiga að varðveita arfleifð þess tíma þegar þau voru framleidd og er litið svo á að þau séu nánast ekkert notuð á opinberum vegum. Það ætti að vera ákvörðun hvers aðildarríkis hversu oft prófanir á akstursháefni slíkra ökutækja eru framkvæmdar. Það ætti einnig að vera á ábyrgð hvers aðildarríkis að setja reglur um prófanir á akstursháefni annarra tegunda sérstakra ökutækja.

14) Ökutæki, sem eru eingöngu notuð á afskekktum yfirráðasvæðum aðildarríkja, einkum á litlum eyjum með færri en 5 000 íbúa eða á strjálbýlum svæðum þar sem búa færri en fimm íbúar á ferkílómetra, eru notuð við skilyrði sem geta krafist sérstaks fyrirkomulags fyrir prófanir á akstursháefni. Aðildarríkin ættu því að hafa vald til að veita slíkum ökutækjum undanþágu frá gildissviði þessarar tilskipunar.

15) Prófun á akstursháefni er í höndum hvers ríkis og því ættu aðildarríkin að framkvæma þá starfsemi eða opinberir aðilar eða einkaaðilar sem falið er að framkvæma slíkar prófanir undir þeirra eftirliti. Aðildarríkin skulu ávallt bera ábyrgð á prófun á akstursháefni, jafnvel þótt kerfi í hverju ríki heimili einkaaðilum, þ.m.t. þeim sem framkvæma einnig viðgerðir á ökutækjum, að framkvæma prófun á akstursháefni.

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/24/EB frá 18. mars 2002 um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/61/EBE (Stjtíð. EB L 124, 9.5.2002, bls. 1).

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/37/EB frá 26. maí 2003 um gerðarviðurkenningu á dráttarvélum fyrir landbúnað eða skógrækt, eftirvögnum þeirra og útskiptanlegum, dregnum tækjum ásamt kerfum þeirra, íhlutum og aðskildum tæknieiningum og um niðurfellingu á tilskipun 74/150/EBE (Stjtíð. ESB L 171, 9.7.2003, bls. 1.).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (Stjtíð. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1).

16) Aðildarríkin ættu að hafa vald til að tilnefna prófunarstöðvar, sem eru staðsettar utan yfirráðasvæðis þeirra, til að framkvæma prófanir á akstursháefni ökutækja sem eru skráð á yfirráðasvæði þeirra, ef þessar prófunarstöðvar hafa þegar fengið leyfi aðildarríkisins, þar sem þær eru staðsettar, til að framkvæma prófanir á ökutækjum.

17) Afar áríðandi er að hafa aðgang að tækniforskriftum hvers ökutækis við skoðun á ökutækjum, sérstaklega að því er varðar íhluti sem snerta rafrænan öryggisbúnað þeirra. Af þessum sökum ættu framleiðendur ökutækja að veita aðgang að gögnum sem eru nauðsynleg við sannprófun á virkni íhluta sem tengjast öryggis- og umhverfismálum. Að sama skapi ætti að beita ákvæðunum um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald í þessum tilgangi og veita skoðunarmiðstöðvum aðgang að öllum nauðsynlegum upplýsingum um prófanir á akstursháefni. Gögnin ættu að innihalda upplýsingar sem gera kleift að vakta virkni öryggiskerfa ökutækisins þannig að mögulegt sé að prófa slík kerfi reglulega með tækniskoðun. Þetta er afar mikilvægt, sérstaklega að því er varðar rafeindastjórnkerfi, og ætti að ná til allra þeirra þátta sem framleiðandinn hefur komið fyrir.

18) Þess er krafist að ökutæki, sem eru notuð á opinberum vegum, séu akstursháef þegar þau eru í notkun. Handhafi skráningarvottorðs og, eftir atvikum, rekstraraðili ökutækisins, ættu að bera ábyrgð á að halda því í akstursháefu ástandi.

19) Mikilvægt er fyrir umferðaröryggi og áhrif þess á samfélagið að ökutæki, sem eru notuð á vegum, séu í viðeigandi tæknilegu ástandi. Því ætti ekki að koma í veg fyrir að aðildarríkin leyfi frekari prófanir á akstursháefni ef þau kjósa það.

20) Til að gera ákveðinn sveigjanleika mögulegan fyrir handhafa skráningarvottorða og ökumenn ættu aðildarríkin að geta tilgreint nokkrar vikur þar sem reglubundnar prófanir á akstursháefni eiga að fara fram.

21) Á endingartíma ökutækis ættu prófanir að vera tiltölulega einfaldar, fljótlegar og ódýrar en á sama tíma skilvirkar þannig að þær uppfylli markmið þessarar tilskipunar.

22) Prófanir á akstursháefni skulu taka til allra atriða sem skipta máli fyrir sértæka hönnun, smíði og búnað ökutækisins sem prófað er. Ganga ætti út frá því að samhæfi á milli hluta og íhluta, eins og á milli hjóla og hjólnafa, sé afar mikilvægt öryggisatriði sem ætti að skoða við prófun á akstursháefni. Með skírskotun til þessara atriða og að teknu tilliti til núverandi stöðu í ökutækjatækni ætti að fella nútímarafeindakerfi ökutækja inn í skrána yfir þau atriði sem á að prófa. Í því skyni að samhæfa prófun á akstursháefni ætti að ákveða þær prófunaraðferðir sem mælt er með fyrir hvern prófunaratriði. Uppfæra ætti þessa atriði með tilliti til þróunar í rannsóknum og tækniframfara á sviði öryggis ökutækja.

23) Til að greiða fyrir samhæfingu og tryggja samræmda staðla ætti að leggja fram skrá, sem er ekki tæmandi, yfir helstu ástæður fyrir bilun að því er varðar öll prófunaratriðin. Til að öðlast samræmt mat á ástandi ökutækisins, sem er prófað, ætti að meta bilanirnar, sem koma í ljós, á grunni sameiginlegs staðals.

24) Til að beiting meginreglunnar um frjálsa för innan Sambandsins verði betri, að því er varðar endurskráningu ökutækis, ættu aðildarríki að viðurkenna skírteini um akstursháefni sem önnur aðildarríki gefa út. Þetta ætti ekki að hafa áhrif á rétt aðildarríkis til að sannreyna skírteini um akstursháefni og auðkenni ökutækis við endurskráningu og að krefjast þess að ný prófun á akstursháefni fari fram samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

25) Fölsun kílómetramæla telst vera brot sem varðar viðurlög þar sem þegar átt er við kílómetramælir getur haft í för með sér að mat á akstursháefni ökutækis verði rangt. Skráning vegalengdar í skírteini um akstursháefni og aðgangur skoðunarmanna að þeim upplýsingum ætti að greiða fyrir því hvort í ljós komi hvort hróflað hafi verið við kílómetramæli eða átt við hann með einhverjum hætti. Framkvæmdastjórnin ætti að hafa eftirlit með skiptum á upplýsingum varðandi álestur kílómetramæla á milli lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum.

26) Gefa ætti út skírteini um akstursháefni eftir hverja prófun. Það ætti m.a. að innihalda upplýsingar um auðkenni ökutækis og niðurstöður prófunarinnar. Niðurstöður úr prófun ættu að vera tiltækar á rafrænu formi. Aðildarríkin ættu að safna saman og geyma þessar upplýsingar í gagnagrunni, í því skyni að tryggja viðeigandi eftirfylgni með prófunum á akstursháefni, einkum að því er varðar greiningu á niðurstöðum úr reglubundnum prófunum á akstursháefni.

27) Handhafi skráningarvottorðs og, eftir atvikum, rekstraraðili ökutækisins, sem gengst undir prófun á akstursháefni þar sem annmarkar koma í ljós, ætti að bæta úr slíkum annmörkum án tafar, einkum ef í ljós kemur að umferðaröryggi stafar hætta af þeim. Ef um er að ræða hættulega annmarka getur verið nauðsynlegt að takmarka notkun ökutækisins þar til ráðin hefur verið bót á þessum annmörkum að fullu.

28) Þegar ökutæki, sem hefur verið prófað, tilheyrir ökutækjaflokki, sem ekki ber að skrá í aðildarríkinu þar sem það hefur verið tekið í notkun, ætti að heimila því aðildarríki að fara fram á að sönnun fyrir því að prófun hafi farið fram sé sýnileg á ökutækinu.

29) Til að tryggja að prófanir í öllu Sambandinu séu af miklum gæðum ætti að sannprófa prófunarbúnað, sem nota á í prófunum, viðhald hans og kvörðun, með vísan til forskrifta aðildarríkjanna eða framleiðenda.

30) Mögulegt ætti að vera að nota annan búnað, sem endurspeglar tækniframfarir og -nýjungar, að því tilskildu að sambærilegar strangar gæðakröfur gildi um prófanirnar.

31) Þegar aðildarríki veita leyfi fyrir prófunarstöðvum á sínu yfirráðasvæði ættu þau að taka tillit til þess að þjónusta í almannaþágu á sviði flutningastarfsemi er undanþegin gildissviði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB ([6]).

32) Prófunarstöðvar ættu að tryggja hlutlægni og strangar gæðakröfur við prófanir á ökutækjum. Prófunarstöðvar ættu því, til að uppfylla lágmarkskröfur með tilliti til gæðastjórnunar, að uppfylla kröfurnar sem aðildarríkið, sem veitir leyfi fyrir prófunarstöðvar, mælir fyrir um.

33) Strangar kröfur um prófanir á akstursháefni gera ráð fyrir að starfsfólkið, sem framkvæmir prófanir, búi yfir mikilli færni og hæfni. Innleiða ætti starfsmenntakerfi, þ.m.t. grunnþjálfun og reglubundna upprifjunarþjálfun eða viðeigandi próf. Setja ætti ákvæði um umbreytingartímabil til að auðvelda snurðulaus umskipti fyrir starfsfólk núverandi prófunarfyrirkomulags yfir í reglubundin upprifjunarnámskeið eða próf. Til að tryggja strangar kröfur um þjálfun, hæfni og prófun ætti að heimila aðildarríkjunum að mæla fyrir um viðbótarhæfni og samsvarandi kröfur um þjálfun.

34) Við prófun á akstursháefni ættu skoðunarmenn að starfa með sjálfstæðum hætti og hagsmunaárekstrar ættu ekki að hafa áhrif á álit þeirra, þ.m.t. mál sem eru efnahagslegs eða persónulegs eðlis. Því ætti ekki að vera beint samband á milli þeirra launa sem skoðunarmenn fá og niðurstaðna þeirra úr prófunum á akstursháefni. Aðildarríkin ættu að eiga kost á að mæla fyrir um kröfur um aðgreiningu starfsemi eða að heimila einkaaðila að framkvæma bæði prófanir á akstursháefni og viðgerðir á ökutækjum, jafnvel á sama ökutækinu, ef eftirlitsaðilinn hefur staðfest að hann telji að sýnt hafi verið fram á með fullnægjandi hætti að strangrar hlutlægni sé gætt.

35) Ekki ætti að breyta niðurstöðum prófunar á akstursháefni í viðskiptalegum tilgangi. Einungis ef niðurstöður prófunar á akstursháefni, sem skoðunarmaður framkvæmir, eru augljóslega rangar, ætti eftirlitsaðilinn að geta breytt niðurstöðum þeirrar prófunar.

36) Aðildarríkin ættu að koma á fót gæðatryggingarkerfi sem nær yfir leyfi, eftirlit, afturköllun, tímabundna niðurfellingu eða niðurfellingu leyfis til að framkvæma prófun á akstursháefni, í því skyni að tryggja að ströngum gæðakröfum við prófanir sé viðhaldið til langs tíma.

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB frá 12. desember 2006 um þjónustu á innri markaðnum (Stjtíð. ESB L 376, 27.12.2006, bls. 36).

37) Ekki ætti að líta svo á að faggilding prófunarstöðva, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 ([7]), sé skylda fyrir aðildarríkin.

38) Í nokkrum aðildarríkjum eru fjölmargar prófunarstöðvar í einkaeigu sem hafa leyfi til að framkvæma prófanir á akstursháfni. Til að tryggja skilvirkni upplýsingaskipta í þessu tilliti á milli aðildarríkjanna ætti að tilnefna tengiliði í hverju ríki.

39) Prófun á akstursháfni myndar hluta af umfangsmeira reglufyrirkomulagi fyrir ökutæki á endingartíma þeirra, frá viðurkenningu þeirra með skráningu og skoðunum þar til þau eru úreld. Skipti á upplýsingum, sem finna má í rafrænu gagnasafni í hverju ríki og rafrænu gagnasafni framleiðenda, ættu að meginreglu til að vera viðleitni til að gera allt umsýsluferli ökutækja skilvirkara í því skyni að daga úr kostnaði og stjórnsýslubyrði. Framkvæmdastjórnin ætti að skoða hagkvæmni, kostnað og ávinning þess að koma á fót rafrænum vettvangi fyrir upplýsingar um ökutæki, með því að nýta sér þær lausnir í upplýsingatækni sem fyrir eru og hafa þegar verið teknar í notkun að því er varðar alþjóðleg gagnaskipti, til að lágmarka kostnað og koma í veg fyrir tvíverknað. Við þessa skoðun ætti framkvæmdastjórnin að íhuga hvernig væri best að tengja saman fyrirliggjandi kerfi í hverju ríki í því skyni að auðvelda lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjunum, sem bera ábyrgð á prófunum, skráningu og viðurkenningu ökutækja, prófunarstöðva, framleiðenda búnaðar og ökutækjaframleiðenda, að skiptast á upplýsingum um gögn sem tengjast prófunum á akstursháfni og álestur kílómetramæla. Framkvæmdastjórnin ætti einnig að skoða hagkvæmni, kostnað og ávinning af því að safna saman og geyma fyrirliggjandi upplýsingar um helstu öryggistengda íhluti ökutækja, sem hafa átt hlut að máli í alvarlegum slysum, ásamt möguleikanum á því að gera upplýsingar um slysasögu og álestur kílómetramæla tiltækar á nafnlausu formi fyrir skoðunarmenn ökutækja, handhafa skráningarvottorða og þá sem koma að rannsókn slysa.

40) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar tilskipunar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011([8]).

41) Framkvæmdastjórnin ætti ekki að samþykkja framkvæmdargerðir í tengslum við upplýsingarnar, sem ökutækjaframleiðendur eiga að hafa tiltækar vegna prófunar á akstursháfni, ef nefndin, sem komið var á fót samkvæmt þessari tilskipun, gefur ekki álit sitt á drögunum að framkvæmdargerðinni sem framkvæmdastjórnin leggur fram.

42) Til að uppfæra ökutækjaflokkana, sem tilgreindir eru í 1. mgr. 2. gr. og 1. og 2. mgr. 5. gr., og til að uppfæra 3. lið I. viðauka, að því er varðar aðferðir, og breyta 3. lið I. viðauka, að því er varðar skrá yfir prófunaratriði, aðferðir og mat á annmörkum, ætti að fela framkvæmdastjórninni umboð til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða ætti framkvæmdastjórnin að tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

43) Akstursháfni hefur bein áhrif á umferðaröryggi og ætti því að endurskoða reglulega. Framkvæmdastjórnin ætti að gefa skýrslu um skilvirkni ákvæða þessarar tilskipunar, þ.m.t. þau sem tengjast gildissviði hennar, tíðni prófana, frekari úrbótum á kerfi fyrir akstursháfni með því að nýta rafræn upplýsingaskipti og möguleika í framtíðinni á gagnkvæmri viðurkenningu skírteina um akstursháfni.

44) Prófunaraðstaða og -búnaður, sem notuð eru á prófunarstöðvunum, ættu að uppfylla kröfurnar sem settar eru um framkvæmd prófana á akstursháfni. Þar sem þetta krefst umtalsverðrar fjárfestingar og breytinga, sem hugsanlega er ekki unnt að hrinda í framkvæmd tafarlaust, ætti að veita fimm ára frest til að uppfylla þessar kröfur. Einnig ætti að veita fimm ára frest til að gera eftirlitsaðilum kleift að uppfylla allar viðmiðanir og kröfur um leyfi fyrir prófunarstöðvar og eftirlit með þeim.

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 frá 9. júlí 2008 um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum og um niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 339/93 (Stjtíð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30).

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

45) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. að auka umferðaröryggi með því að mæla fyrir um sameiginlegar lágmarkskröfur og samræmdar reglur um prófanir á akstureiginleikum ökutækja í Sambandinu, með samræmdum hætti í öllum aðildarríkjunum, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs aðgerðarinnar er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná því markmiði.

46) Í þessari tilskipun er tekið tillit til þeirra grundvallarréttinda og þeim meginreglum fylgt sem einkum eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, eins og um getur í 6. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.

47) Með þessari tilskipun eru samþættar og uppfærðar reglur í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2010/378/EB ([9]) í því skyni að bæta reglusetningu um niðurstöður úr prófunum á akstureiginleikum.

48) Í þessari tilskipun eru tæknilegar kröfur, sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/40/EB ([10]), uppfærðar og gildissvið hennar útvíkkað til að ná sérstaklega til ákvæða um uppsetningu prófunarstöðva og eftirlitsaðila þeirra ásamt því að tilnefna skoðunarmenn sem falið er að framkvæma prófanir á akstureiginleikum. Því ætti að fella þá tilskipun úr gildi.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

EFNI, SKILGREININGAR OG GILDISSVIÐ

1. gr.

Efni

Með þessari tilskipun eru settar lágmarkskröfur um fyrirkomulag reglubundinna prófana á akstureiginleikum ökutækja sem eru notuð á opinberum vegum.

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi tilskipun gildir um ökutæki með hönnunarhraða yfir 25 km/klst., í eftirfarandi flokkum, eins og um getur í tilskipun 2002/24/EB, tilskipun 2003/37/EB og tilskipun 2007/46/EB:

— vélknúin ökutæki sem eru hönnuð og smíðuð einkum í þeim tilgangi að flytja fólk og farangur og þar sem ekki eru fleiri en átta sæti til viðbótar við sæti ökumanns – ökutækjaflokkur M_1,

— vélknúin ökutæki sem eru hönnuð og smíðuð einkum í þeim tilgangi að flytja fólk og farangur og þar sem ekki eru fleiri en átta sæti til viðbótar við sæti ökumanns – ökutækjaflokkar M_2 og M_3,

— vélknúin ökutæki sem eru hönnuð og smíðuð einkum í þeim tilgangi að flytja vörur, með hámarksmassa ekki yfir 3,5 tonnum – ökutækjaflokkur N_1,

— vélknúin ökutæki, sem eru hönnuð og smíðuð einkum í þeim tilgangi að flytja vörur, með hámarksmassa yfir 3,5 tonnum – ökutækjaflokkar N_2 og N_3,

— eftirvagnar, sem eru hannaðir og smíðaðir til að flytja vörur eða fólk og sem íverustaðir fyrir fólk, með hámarksmassa yfir 3,5 tonnum – ökutækjaflokkar O_3 og O_4,

— frá og með 1. janúar 2022, ökutæki á tveimur eða þremur hjólum – ökutækjaflokkar L3e, L4e, L5e og L7e, með slagrými hreyfils meira en 125 cm^3,

— dráttarvélar á hjólum í flokki T5, sem eru aðallega notaðar á opinberum vegum með hámarkshönnunarhraða yfir 40 km/klst.

([9]) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2010/378/ESB frá 5. júlí 2010 um mat vegna vanbúnaðar sem kemur í ljós við prófanir á akstureiginleikum í samræmi við tilskipun 2009/40/EB (Stjtíð. ESB L 173, 8.7.2010, bls. 74).

([10]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/40/EB frá 6. maí 2009 um prófanir á akstureiginleikum vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra (Stjtíð. ESB L 141, 6.6.2009, bls. 12).

2. Aðildarríkin mega undanskilja eftirfarandi ökutæki, sem eru skráð á yfirráðasvæði þeirra, gildissviði þessarar tilskipunar:

— ökutæki sem eru starfrækt eða notuð við óvenjulegar aðstæður og ökutæki sem eru aldrei eða mjög sjaldan í umferð á opinberum vegum, t.d. ökutæki sem hafa sögulegt gildi eða keppnisökutæki,

— ökutæki sem falla undir friðhelgisréttindi sendierindreka,

— ökutæki sem notuð eru í hernaði, löggæsluþjónustu, slökkviliðsþjónustu, almannavarnaþjónustu og neyðar- og björgunarþjónustu,

— ökutæki sem notuð eru í landbúnaði, garðyrkju, skógrækt, eldis- eða fiskvinnslu og eru aðeins notuð á yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkis og aðallega á því landsvæði þar sem starfsemin fer fram, þ.m.t. á landbúnaðarvegum, vegum í skógum eða á landbúnaðarökrum,

— ökutæki sem eru eingöngu notuð á litlum eyjum eða strjálbýlum svæðum,

— sérhæfð ökutæki til flutninga á búnaði fyrir fjölleikahús og skemmtigarða, með hámarkshönnunarhraða 40 km/klst. eða þar undir og sem eru aðeins starfrækt á yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkis,

— ökutæki í flokkum L3e, L4e, L5e og L7e, með slagrými hreyfils yfir 125 cm^3, þar sem aðildarríki hefur gert skilvirkar umferðaröryggisráðstafanir fyrir ökutæki á tveimur eða þremur hjólum, með sérstöku tilliti til viðkomandi tölfræðilegra upplýsinga um umferðaröryggi síðastliðinna fimm ára. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um slíkar undanþágur.

3. Aðildarríkin mega innleiða sínar eigin kröfur um prófanir á akstureiginleikum ökutækja, sem eru skráð á yfirráðasvæði þeirra og sem falla ekki undir gildissvið þessarar tilskipunar, og ökutækja sem eru talin upp í 2. mgr.

3. gr.

Skilgreiningar

Aðeins í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „ökutæki“: vélknúið ökutæki eða eftirvagn þess sem er ekki á járnbrautarteinum,

2) „vélknúið ökutæki“: aflknúið ökutæki á hjólum, sem gengur fyrir eigin afli, með hámarkshönnunarhraða yfir 25 km/klst.,

3) „eftirvagn“: ökutæki á hjólum sem er ekki sjálfknúið en er hannað og smíðað til þess að vera dregið af vélknúnu ökutæki,

4) „festivagn“: eftirvagn sem er hannaður til að tengjast vélknúnu ökutæki þannig að hluti hans hvíli á vélknúna ökutækinu og talsverður hluti af þyngd hans og þyngd farmsins hvíli á vélknúna ökutækinu,

5) „ökutæki á tveimur eða þremur hjólum“: aflknúið ökutæki á tveimur hjólum, með eða án hliðarvagns, og öll bifhjól með þremur hjólum eða fjórhjól,

6) „ökutæki skráð í aðildarríki“: ökutæki sem er skráð eða tekið í notkun í aðildarríki,

7) „ökutæki sem hefur sögulegt gildi“: ökutæki sem skráningaraðildarríkið eða einhver af viðurkenndum aðilum þess telur að hafi sögulegt gildi og sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

   — það var framleitt eða skráð í fyrsta skipti fyrir a.m.k. 30 árum,

   — þessi tiltekna tegund, eins og hún er skilgreind í viðkomandi löggjöf Sambandsins eða landslögum, er ekki lengur framleidd,

   — það er sögulega varðveitt og því viðhaldið í upphaflegu ástandi og ekki hafa verið gerðar umtalsverðar breytingar á tæknilegum eiginleikum helstu íhluta þess,

8) „handhafi skráningarvottorðs“: sá lögaðili eða einstaklingur sem er skráður fyrir ökutækinu,

9) „prófun á akstursháefni“: skoðun í samræmi við I. viðauka, gerð til að tryggja að öruggt sé að nota ökutækið á opinberum vegum og að það uppfylli tilskilda og skyldubundna eiginleika með tilliti til öryggis- og umhverfisverndar,

10) „viðurkenning“: aðferð aðildarríkis til að votta að ökutæki uppfylli viðkomandi stjórnsýsluákvæði og tæknilegu kröfurnar sem um getur í tilskipun 2002/24/EB, tilskipun 2003/37/EB og tilskipun 2007/46/EB,

11) „annmarkar“: tæknibilanir eða önnur tilvik þar sem í ljós kemur við prófun á akstursháefni að kröfur hafa ekki verið uppfylltar,

12) „skírteini um akstursháefni“: skýrsla um prófun á akstursháefni sem lögbært yfirvald eða prófunarstöð gefur út og inniheldur niðurstöður prófunar á akstursháefni,

13) „skoðunarmaður“: einstaklingur, sem hefur heimild aðildarríkis eða lögbærs yfirvalds þess til að framkvæma prófanir á akstursháefni á prófunarstöð, eða, eftir því sem við á, fyrir hönd lögbærs yfirvalds,

14) „lögbært yfirvald“: yfirvald eða opinber aðili sem aðildarríki felur ábyrgðina á að stjórna kerfi fyrir prófun á akstursháefni, þ.m.t., eftir því sem við á, framkvæmd prófana á akstursháefni,

15) „prófunarstöð“: opinber aðili eða einkaaðili eða fyrirtæki sem hefur heimild aðildarríkis til að framkvæma prófanir á akstursháefni,

16) „eftirlitsaðili“: aðili eða aðilar á vegum aðildarríkis sem bera ábyrgð á eftirliti með prófunarstöðvum; eftirlitsaðili getur verið hluti af lögbæru yfirvaldi eða lögbærum yfirvöldum,

17) „lítil eyja“: eyja með færri en 5 000 íbúa sem tengist ekki öðrum hlutum yfirráðasvæðis með vegabrúm eða veggöngum,

18) „strjálbýlt svæði“: fyrirframskilgreint svæði þar sem búa færri en fimm íbúar á ferkílómetra,

19) „opinber vegur“: vegur sem er ætlaður almenningi til notkunar, t.d. staðbundinn, svæðisbundinn eða landsbundinn vegur, þjóðvegur, stofnvegur með vegamótum í plani eða stofnvegur með mislægum vegamótum.

II. KAFLI

ALMENNAR SKULDBINDINGAR

4. gr.

Ábyrgðarsvið

1. Hvert aðildarríki skal tryggja að ökutæki, sem eru skráð á yfirráðasvæði þess, séu reglulega prófuð í samræmi við þessa tilskipun á prófunarstöðvum sem hafa til þess heimild aðildarríkisins þar sem þessi ökutæki eru skráð.

2. Skráningaraðildarríki ökutækis, opinber aðili, sem er tilnefndur af aðildarríkinu, eða aðilar eða fyrirtæki, sem þetta aðildarríki tilnefnir og hefur yfirumsjón með, skulu framkvæma prófanir á akstursháefni, þ.m.t. einkaaðilar sem hafa til þess heimild.

3. Í samræmi við meginreglurnar, sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 ([11]) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 ([12]), skal framkvæmdastjórnin samþykkja eftirfarandi með framkvæmdargerðum, fyrir 20. maí 2018:

([11]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 frá 20. júní 2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja (Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2007, bls. 1).

([12]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 frá 18. júní 2009 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja og hreyfla með tilliti til losunar frá þungum ökutækjum (Euro VI) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 715/2007 og tilskipun 2007/46/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 80/1269/EBE, 2005/55/EB og 2005/78/EB (Stjtíð. ESB L 188, 18.7.2009, bls. 1).

a) tæknilegar upplýsingar um hemlabúnað, stýrisbúnað, útsýn, ljósker, glitaugu, rafbúnað, ása, hjól, hjólbarða, fjöðrun, undirvagn, viðfestan búnað undirvagns, annan búnað og óþægindi, sem nauðsynlegar eru fyrir prófun á akstursháefni varðandi atriðin, sem á að prófa, og varðandi notkun á prófunaraðferðunum, sem mælt er með í samræmi við 3. lið I. viðauka, og

b) ítarlegar reglur um gagnaeyðublöð og málsmeðferðarreglur um að fá aðgang að viðkomandi tæknilegum upplýsingum.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr.

Framleiðendur skulu gera tæknilegu upplýsingarnar, sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar, aðgengilegar, án endurgjalds eða á sanngjörnu verði, fyrir prófunarstöðvar og viðkomandi lögbær yfirvöld, á jafnréttisgrundvelli.

Framkvæmdastjórnin skal skoða hagkvæmni þess að hafa einn aðgang að þessum tæknilegu upplýsingum.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að ábyrgðin á því að halda ökutæki í öruggu og akstursháefu ástandi sé skilgreind í lögum hvers ríkis.

III. KAFLI

LÁGMARKSKRÖFUR UM PRÓFANIR Á AKSTURSHÆFNI

5. gr.

Dagsetning og tíðni prófunar

1. Ökutæki skulu gangast undir prófun á akstursháefni a.m.k. innan eftirfarandi fresta, án þess að það hafi áhrif á sveigjanlegu frestina sem eru notaðir í aðildarríkjunum skv. 3. mgr.:

a) ökutæki í flokki M_1 og N_1: fjórum árum eftir að ökutækið var fyrst skráð og á tveggja ára fresti eftir það,

b) ökutæki í flokki M_1, sem eru notuð sem leigubifreiðar eða sjúkrabifreiðar, ökutæki í flokkum M_2, M_3, N_2, N_3, O_3 og O_4: einu ári eftir að ökutækið var fyrst skráð og á hverju ári eftir það,

c) ökutæki í flokki T5 sem eru aðallega notuð til flutninga í atvinnuskyni á opinberum vegum: fjórum árum eftir að ökutækið var fyrst skráð og á tveggja ára fresti eftir það.

2. Aðildarríkin skulu ákveða innan hvaða fresta ökutæki í flokki L3e, L4e, L5e og L7e, sem hafa slagrými hreyfils yfir 125 cm^3, eigi að gangast undir prófun á akstursháefni.

3. Aðildarríkin eða lögbær yfirvöld mega ákveða hæfilegan frest, sem líður á milli prófana á akstursháefni, en ekki má fara umfram þá fresti sem mælt er fyrir um í 1. mgr.

4. Þrátt fyrir dagsetningu síðustu prófunar á akstursháefni getur hlutaðeigandi aðildarríki eða lögbært yfirvald krafist þess að ökutæki gangist undir prófun á akstursháefni fyrir þann tíma sem um getur í 1. og 2. mgr., í eftirfarandi tilvikum:

— eftir slys, sem hefur áhrif á helstu öryggistengda íhluti ökutækisins, t.d. hjól, fjöðrun, aflögunarsvæði, öryggispúðakerfi, stýrisbúnað eða hemla,

— ef kerfum og íhlutum ökutækisins, sem tengjast öryggi og umhverfi, hefur verið breytt,

— ef handhafi skráningarskírteinis fyrir ökutæki hefur breyst,

— þegar ökutæki hefur verið keyrt meira en 160 000 km,

— í tilvikum þar sem umferðaröryggi hefur orðið fyrir alvarlegum áhrifum.

6. gr.

Inntak og aðferðir prófunar

1. Að því er varðar ökutækjaflokka, sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar, að undanskildum flokkum L3e, L4e, L5e og L7e, með slagrými hreyfils yfir 125 cm^3, skulu aðildarríkin tryggja að prófanir á akstursháefni nái a.m.k. til þeirra sviða sem um getur í 2. lið I. viðauka.

2. Að því er varðar hvert svið, sem um getur í 1. mgr., skulu lögbær yfirvöld aðildarríkjanna eða prófunarstöð framkvæma prófun á akstursháefni, sem nær a.m.k. til atriðanna, sem um getur í 3. lið I. viðauka, og þar sem notaðar eru þær aðferðir sem mælt er með eða sambærilegar aðferðir, sem lögbært yfirvald samþykkir að eigi við prófun á þessum atriðum, eins og sett er fram í 3. lið I. viðauka. Prófunin getur einnig falið í sér sannprófun á því hvort viðkomandi hlutar og íhlutir ökutækis samrýmast tilskildum eiginleikum, með tilliti til öryggis- og umhverfisverndar, sem voru í gildi á þeim tíma sem viðurkenningin átti sér stað, eða, ef við á, ísetningu endurbótarhlutar.

Prófanir skulu gerðar með aðferðum og búnaði, sem eru nú þegar til staðar, án þess að verkfæri séu notuð til að taka í sundur eða fjarlægja nokkurn hluta ökutækisins.

3. Að því er varðar ökutækjaflokka L3e, L4e, L5e og L7e, með slagrými hreyfils meira en 125 cm^3, skulu aðildarríkin ákveða hvaða svið og atriði eigi að prófa og hvaða aðferðir skuli nota við prófunina.

7. gr.

Mat á annmörkum

1. Í I. viðauka er skrá yfir hugsanlega lágmarksannmarka og alvarleikastig þeirra að því er varðar hvert atriði sem á að prófa.

2. Flokka skal annmarkana, sem koma í ljós við reglubundnar prófanir á ökutækjum, í einn af eftirfarandi flokkum:

a) minniháttar annmarkar, sem hafa ekki marktæk áhrif á öryggi ökutækisins eða á umhverfið, ásamt öðrum minniháttar frávikum,

b) meiriháttar annmarkar, sem geta haft áhrif á öryggi ökutækis eða á umhverfið eða stofnað öðrum vegfarendum í hættu eða önnur alvarlegri frávik,

c) alvarlegir annmarkar sem skapa beina og tafarlausa hættu fyrir umferðaröryggi eða hafa áhrif á umhverfið sem réttlætir að aðildarríki eða lögbær yfirvöld geti bannað notkun ökutækisins á opinberum vegum.

3. Ef annmarkar ökutækis falla undir fleiri en einn af flokkunum fyrir annmarkana, sem um getur í 2. mgr., skal setja ökutækið í þann flokk sem samsvarar alvarlegustu annmörkunum. Flokka má ökutæki, þar sem greinst hafa nokkrir annmarkar innan sömu skoðunarsviða, eins og skilgreint er innan prófsins, sem um getur í 2. lið I. viðauka, í þann flokk sem hefur næstalvarlegustu annmarkana ef unnt er að sýna fram á að samanlögð áhrif þessara annmarka leiði til meiri áhættu fyrir umferðaröryggi.

8. gr.

Skírteini um akstursháefni

1. Aðildarríkin skulu tryggja að prófunarstöðvar eða, ef við á, lögbær yfirvöld, sem hafa framkvæmt prófun á akstursháefni á ökutæki, gefi út skírteini um akstursháefni fyrir það ökutæki þar sem fram koma a.m.k. stöðluð atriði samræmdra tákntala Sambandsins eins og mælt er fyrir um í II. viðauka.

2. Aðildarríki skulu tryggja að prófunarstöðvar eða, ef við á, lögbær yfirvöld sjái til þess að skírteini um akstursháefni eða, ef um er að ræða rafrænt skírteini um akstursháefni, staðfest útprentað eintak af slíku skírteini, sé aðgengilegt þeim sem koma með ökutækið til prófunar.

3. Með fyrirvara um 5. gr., ef um er að ræða endurskráningu ökutækis, sem þegar hefur verið skráð í öðru aðildarríki, skal hvert aðildarríki viðurkenna skírteini um akstursháefni, sem gefið er út af hinu aðildarríkinu, eins og það hafi sjálft gefið út þetta skírteini, að því tilskildu að skírteinið um akstursháefni sé enn í gildi með tilliti til tíðni þeirra fresta sem aðildarríkið, sem sér um endurskráningu, kveður á um varðandi reglubundnar prófanir á akstursháefni. Ef um vafamál er að ræða getur aðildarríkið, sem sér um endurskráningu, sannprófað gildi skírteinisins um akstursháefni áður en það viðurkennir það. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni lýsingu á skírteininu um akstursháefni fyrir 20. maí 2018. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna þetta nefndinni sem um getur í 19. gr. Þessi málsgrein gildir ekki um ökutækjaflokkana L3e, L4e, L5e og L7e.

4. Með fyrirvara um 4. mgr. 5. gr. og 3. mgr. þessarar greinar, skulu aðildarríkin, að meginreglu til, viðurkenna gildi skírteinis um akstursháefni ef eignarhald ökutækis – sem hefur gilda sönnun um reglubundna prófun á akstursháefni – breytist.

5. Frá og með 20. maí 2018 og eigi síðar en 20. maí 2021 skulu prófunarstöðvar senda lögbæru yfirvaldi hlutaðeigandi aðildarríkis upplýsingarnar, sem fram koma í skírteinum um akstursháefni sem þær gefa út, með rafrænum hætti. Senda skal slíkar upplýsingar innan hæfilegs frests eftir útgáfu hvers skírteinis um akstursháefni. Fram að síðari dagsetningunni geta prófunarstöðvar sent viðkomandi upplýsingar til lögbærs yfirvalds með hvers konar öðrum hætti. Aðildarríkin skulu ákveða hversu lengi lögbært yfirvald eigi að geyma þessar upplýsingar. Þetta tímabil skal vera a.m.k. 36 mánuðir, sbr. þó skattkerfi aðildarríkjanna.

6. Aðildarríki skulu tryggja að, að því er varðar eftirlit með kílómetramæli, þar sem kílómetramælir er venjulega settur upp, skulu upplýsingarnar úr fyrri prófun á akstursháefni gerðar aðgengilegar skoðunarmönnum um leið og þær eru tiltækar á rafrænu formi. Ef í ljós kemur að átt hefur verið við kílómetramæli í því skyni að fækka kílómetrum eða rangfæra skráningu vegalengdar ökutækis, skal slík fölsun varða við refsingu með skilvirkum og letjandi viðurlögum sem eru án mismununar.

7. Aðildarríki skulu tryggja að tilkynnt sé um niðurstöður prófunar á akstursháefni eða þær gerðar aðgengilegar á rafrænu formi, eins fljótt og unnt er, fyrir það stjórnvald sem ber ábyrgð á skráningu ökutækisins. Þessi tilkynning skal innihalda upplýsingarnar sem fram koma á skírteininu um akstursháefni.

9. gr.

Eftirfylgni með annmörkum

1. Ef einungis er um að ræða minniháttar annmarka skal litið svo á að ökutækið hafi staðist prófunina, ráða skal bót á annmörkunum og ekki skal endurprófa ökutækið.

2. Ef um er að ræða meiriháttar annmarka skal litið svo á að ökutækið hafi ekki staðist prófunina. Aðildarríki eða lögbært yfirvald skal ákveða hversu lengi má nota umrætt ökutæki áður en þess er krafist að það gangist undir aðra prófun á akstursháefni. Síðari prófunin skal eiga sér stað á þeim tíma sem aðildarríkið eða lögbært yfirvald ákveður en eigi síðar en tveimur mánuðum eftir upphafsprófunina.

3. Ef um er að ræða hættulega annmarka skal litið svo á að ökutækið hafi fallið á prófinu. Aðildarríki eða lögbært yfirvald getur ákveðið að ekki eigi að nota umrætt ökutæki á opinberum vegum og að heimild til að nota það í umferðinni skuli felld tímabundið úr gildi í takmarkaðan tíma án þess að gerð sé krafa um nýtt skráningarferli, þar til ráðin hefur verið bót á annmörkunum og nýtt skírteini um akstursháefni hefur verið gefið út þar sem staðfest er að ökutækið sé í akstursháefu ástandi.

10. gr.

Sönnun um prófun

1. Prófunarstöðin og lögbært yfirvald aðildarríkis, ef við á, sem hefur framkvæmt prófun á akstursháefni ökutækis, sem er skráð á yfirráðasvæði þess, skal leggja fram sönnun, t.d. uppáskrift á skráningarskjali ökutækisins, sjálflímandi miða, skírteini eða aðrar auðfengnar upplýsingar, fyrir hvert ökutæki sem hefur staðist slíka prófun. Í sönnuninni skal gefa upp hvenær næsta prófun á akstursháefni eigi að fara fram.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni lýsingu á þessari sönnun fyrir 20. maí 2018. Framkvæmdastjórnin skal síðan tilkynna þetta nefndinni sem um getur í 19. gr.

2. Þegar ökutæki, sem hefur verið prófað, tilheyrir ökutækjaflokki, sem ekki ber að skrá í aðildarríkinu þar sem það hefur verið tekið í notkun, getur það aðildarríki farið fram á að sönnun um prófun sé sýnileg á því ökutæki.

3. Í þágu frjáls flæðis skal hvert aðildarríki viðurkenna sönnunina, sem prófunarstöð eða lögbært yfirvald annars aðildarríkis leggur fram, í samræmi við 1. mgr.

IV. KAFLI

STJÓRNSÝSLUÁKVÆÐI

11. gr.

Prófunaraðstaða og -búnaður

1. Aðildarríki skulu tryggja að prófunaraðstaða og -búnaður, sem er notaður til að framkvæma prófun á akstursháefni, uppfylli tæknilegar lágmarkskröfur sem mælt er fyrir um í III. viðauka.

2. Aðildarríki skulu tryggja að prófunarstöðvar eða, ef við á, lögbært yfirvald viðhaldi prófunaraðstöðu og -búnaði í samræmi við forskriftir sem framleiðendur leggja fram.

3. Reglulega skal kvarða búnað, sem notaður er til mælinga, í samræmi við III. viðauka og sannprófa hann í samræmi við forskriftir sem hlutaðeigandi aðildarríki eða framleiðandi búnaðarins leggur fram.

12. gr.

Prófunarstöðvar

1. Prófunarstöðvar þar sem skoðunarmenn framkvæma prófanir á akstursháfni skulu hafa leyfi aðildarríkis eða lögbærs yfirvalds þess.

2. Til að uppfylla lágmarkskröfur með tilliti til gæðastjórnunar skulu prófunarstöðvarnar uppfylla kröfurnar sem aðildarríkið, sem veitir leyfið, mælir fyrir um. Prófunarstöðvar skulu tryggja hlutlægni og strangar gæðakröfur við prófanir á akstursháfni.

13. gr.

Skoðunarmenn

1. Aðildarríki skulu tryggja að skoðunarmenn, sem uppfylla lágmarkskröfur um hæfni og þjálfun, sem mælt er fyrir um í IV. viðauka, framkvæmi prófanir á akstursháfni. Aðildarríki mega mæla fyrir um viðbótarkröfur um hæfni og samsvarandi þjálfun.

2. Lögbær yfirvöld eða viðurkenndar þjálfunarstöðvar, eftir atvikum, skulu gefa út skírteini fyrir skoðunarmenn sem uppfylla lágmarkskröfur um hæfni og þjálfun. Á þessu skírteini skulu vera a.m.k. þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 3. lið IV. viðauka.

3. Skoðunarmenn, sem starfa fyrir eða eru viðurkenndir af lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna eða prófunarstöðvum 20. maí 2018, skulu undanþegnir kröfunum sem mælt er fyrir um í 1. lið IV. viðauka.

4. Skoðunarmaður skal vera laus við hagsmunaárekstra þegar hann framkvæmir prófun á akstursháfni til að tryggja að fyllstu óhlutdrægni og hlutlægni sé gætt að mati hlutaðeigandi aðildarríkis eða lögbærs yfirvalds.

5. Tilkynna skal einstaklingnum, sem kemur með ökutæki til prófunar, um alla þá annmarka sem koma í ljós á ökutækinu og sem ráða þarf bót á.

6. Einungis má gera breytingar á niðurstöðum prófunar á akstursháfni, eftir því sem við á, ef niðurstöðurnar eru augljóslega rangar og breytingarnar mega einungis vera í höndum eftirlitsaðila eða í samræmi við málsmeðferðina sem lögbært yfirvald ákveður.

14. gr.

Eftirlit með prófunarstöðvum

1. Aðildarríki skulu tryggja að eftirlit sé haft með prófunarstöðvum.

2. Eftirlitsaðili skal a.m.k. inna af hendi verkefnin, sem kveðið er á um í 1. lið V. viðauka, og uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. og 3. lið þess viðauka.

Aðildarríki skulu birta opinberlega reglur og verklag, sem varða skipulag, verkefni og kröfur, þ.m.t. kröfur um óhæði starfsfólks eftirlitsaðila.

3. Prófunarstöðvar, sem eru undir beinni stjórn lögbærs yfirvalds, skulu undanþegnar kröfunum um leyfi og eftirlit þegar eftirlitsaðilinn er hluti af lögbæra yfirvaldinu.

4. Líta má svo á að aðildarríkin, sem fara fram á að prófunarstöðvar séu faggiltar, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 765/2008, uppfylli kröfurnar í 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

V. KAFLI

SAMVINNA OG UPPLÝSINGASKIPTI

15. gr.

Samvinna milli aðildarríkjanna á sviði stjórnsýslu

1. Aðildarríki skulu tilnefna sinn eigin tengilið sem ber ábyrgð á upplýsingaskiptum við hin aðildarríkin og framkvæmdastjórnina að því er varðar beitingu þessarar tilskipunar.

2. Aðildarríki skulu áframsenda framkvæmdastjórninni nöfn og samskiptaupplýsingar tengiliða sinna, eigi síðar en 20. maí 2015, og upplýsa án tafar um allar breytingar á þeim. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skrá yfir alla tengiliðina og senda hana til aðildarríkjanna.

16. gr.

Rafrænn vettvangur fyrir upplýsingar um ökutæki

Framkvæmdastjórnin skal skoða hagkvæmni, kostnað og ávinning af því að koma á fót rafrænum vettvangi fyrir upplýsingar um ökutæki, með því að nýta sér þær lausnir í upplýsingatækni sem fyrir eru og hafa þegar verið teknar í notkun að því er varðar alþjóðleg gagnaskipti, til að lágmarka kostnað og koma í veg fyrir tvíverknað. Við skoðun á málinu skal framkvæmdastjórnin íhuga bestu leiðina til að tengja saman fyrirliggjandi kerfi í hverju ríki með það fyrir augum að greiða fyrir upplýsingaskiptum um gögn sem tengjast prófunum á akstursháfni og álestri kílómetramæla á milli lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna sem bera ábyrgð á prófunum, skráningu og viðurkenningu ökutækja ásamt prófunarstöðvum, framleiðendum prófunarbúnaðar og ökutækjaframleiðendum.

Framkvæmdastjórnin skal einnig skoða hagkvæmni, kostnað og ávinning af því að safna saman og geyma fyrirliggjandi upplýsingar um helstu öryggistengda íhluti ökutækja, sem hafa átt hlut að máli í alvarlegum slysum, ásamt möguleikanum á því að gera upplýsingar um slysasögu og álestur kílómetramæla tiltækar á nafnlausu formi fyrir skoðunarmenn ökutækja, handhafa skráningarvottorða og þá sem koma að rannsókn slysa.

VI. KAFLI

FRAMSELDAR GERÐIR OG FRAMKVÆMDARGERÐIR

17. gr.

Framseldar gerðir

Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 18. gr., til að:

— uppfæra einungis skilgreiningar á ökutækjaflokkunum, sem um getur í 1. mgr. 2. gr. og 1. og 2. mgr. 5. gr., eins og við á, ef breytingar verða á ökutækjaflokkunum vegna breytinga á löggjöfinni um gerðarviðurkenningu, sem um getur í 1. mgr. 2. gr., án þess að það hafi áhrif á gildissvið og tíðni prófana,

— uppfæra 3. lið I. viðauka, að því er varðar aðferðir, í því tilviki þegar skilvirkari og árangursríkari prófunaraðferðir verða aðgengilegar, án þess að fjölga atriðum í skránni sem á að prófa,

— aðlaga 3. lið I. viðauka í kjölfar jákvæðs mats á þeim kostnaði og ávinningi sem um er að ræða, að því er varðar skrána yfir prófunaratriði, prófunaraðferðir, ástæður fyrir bilun og mat á annmörkum, ef um er að ræða breytingu á lögboðnum kröfum sem skipta máli fyrir gerðarviðurkenningu í löggjöf Sambandsins um öryggis- og umhverfismál.

18. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sbr. þó skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldu gerðirnar, sem um getur í 17. gr., í fimm ár á tímabili sem hefst 19. maí 2014. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu, að því er varðar framsal valds, eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valds skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er, hvenær sem er, heimilt að afturkalla framsal valdsins sem um getur í 17. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endi á framsal valdsins sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 17. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

19. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar („akstursháefnisnefndarinnar“). Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011. Skili nefndin ekki áliti skal framkvæmdastjórnin ekki samþykkja drögin að framkvæmdargerðinni og þriðja undirgrein 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 skal gilda.

VII. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

20. gr.

Skýrslugjöf

1. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 30. apríl 2020, skal leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um framkvæmd og áhrif þessarar tilskipunar, einkum að því er varðar stöðu samhæfingar á reglubundnum prófunum á akstursháefni, skilvirkni ákvæðanna um gildissvið, tíðni prófana, gagnkvæma viðurkenningu á skírteinum um akstursháefni ef um er að ræða endurskráningu ökutækja sem koma frá öðrum aðildarríkjum og niðurstöðu skoðana sem varða hagkvæmni þess að innleiða rafrænan vettvang fyrir upplýsingar um ökutækin sem um getur í 16. gr. Í skýrslunni skal einnig greina hvort þörf sé á því að uppfæra viðaukana, einkum í ljósi tækniframfara og starfsaðferða. Skýrslan skal lögð fram að höfðu samráði við nefndina, sem um getur í 19. gr., og henni skal fylgja, ef við á, tillögur að nýrri löggjöf.

2. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 30. apríl 2019, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið, sem byggist á óháðum rannsóknum á skilvirkni þess að fella létta eftirvagna og ökutæki á tveimur eða þremur hjólum undir gildissvið þessarar tilskipunar. Í skýrslunni skal meta þróun umferðaröryggis í Sambandinu og bera saman niðurstöður ráðstafana, sem hafa verið gerðar í hverju ríki varðandi umferðaröryggi, að því er varðar hvern undirflokk ökutækja í L-flokki, með tilliti til þeirrar meðalvegalengdar sem þessum ökutækjum hefur verið ekið. Framkvæmdastjórnin skal einkum meta hvort staðlar um og kostnaður við reglubundnar prófanir á akstursháefni fyrir hvern ökutækjaflokk séu í réttu hlutfalli við þau markmið um umferðaröryggi sem hafa verið sett. Skýrslunni skal fylgja ítarlegt mat á áhrifum með greiningu á kostnaði og ávinningi í öllu Sambandinu, þ.m.t. sérstakar aðstæður í aðildarríkjunum. Skýrslan skal gerð aðgengileg a.m.k. sex mánuðum áður en tillaga að nýrri löggjöf er lögð fram, ef við á, til að fella nýja flokka undir gildissvið þessarar tilskipunar.

21. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn ákvæðum þessarar tilskipunar og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Þessi viðurlög skulu vera árangursrík, í réttu hlutfalli við brotið, letjandi og án mismununar.

22. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Aðildarríki geta heimilað notkun prófunaraðstöðu og -búnaðarins, sem um getur í 11. gr. og sem uppfyllir ekki lágmarkskröfurnar um prófanir á akstursháefni, sem mælt er fyrir um í III. viðauka, í að hámarki fimm ár eftir 20. maí 2018.

2. Aðildarríki skulu beita kröfunum, sem mælt er fyrir um í V. viðauka, eigi síðar en frá og með 1. janúar 2023.

23. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 20. maí 2017. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ráðstöfunum frá 20. maí 2018.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

24. gr.

Niðurfelling

Tilskipun 2009/40/EB er felld úr gildi frá og með 20. maí 2018.

25. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

26. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. apríl 2014.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
M. SCHULZ	D. KOURKOULAS
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

LÁGMARKSKRÖFUR UM INNTAK PRÓFANA OG PRÓFUNARAÐFERÐIR SEM MÆLT ER MEÐ

1. ALMENNT

Í þessum viðauka eru kerfi og íhlutir ökutækja, sem á að prófa, auðkennd, gefnar eru upplýsingar um prófunaraðferðirnar, sem mælt er með, og viðmiðanir sem á að nota við að ákvarða hvort ástand ökutækisins sé viðunandi.

Prófunin verður að ná a.m.k. til atriðanna, sem talin eru upp í 3. lið, að því tilskildu að um sé að ræða búnað fyrir það ökutæki sem verið er að prófa í hlutaðeigandi aðildarríki. Prófunin getur einnig falið í sér sannprófun á því hvort viðeigandi hlutar og íhlutir ökutækis samrýmist tilskildum eiginleikum með tilliti til öryggis- og umhverfisverndar, sem voru í gildi á þeim tíma sem viðurkenningin átti sér stað, eða, ef við á, við ísetningu endurbótarhlutar.

Þegar hönnun ökutækisins leyfir ekki notkun þeirra prófunaraðferða sem mælt er fyrir um í þessum viðauka skal prófunin framkvæmd í samræmi við þær prófunaraðferðir sem lögbær yfirvöld hafa samþykkt. Fullvissa þarf lögbæra yfirvaldið um að öryggis- og umhverfisstaðlar verði virtir.

Prófun á öllum atriðunum, sem tilgreind eru hér á eftir skal teljast skyldubundin við reglubundnar prófanir á akstursháefni, nema þau sem merkt eru með „X“, sem tengjast ástandi ökutækisins og nothæfi þess á vegum en sem teljast ekki mikilvæg við prófun á akstursháefni.

„Ástæður bilunar“ gilda hvorki í tilvikum þar sem þær vísa til krafna, sem ekki er mælt fyrir um í viðkomandi löggjöf um viðurkenningu ökutækis þegar það var fyrst skráð eða tekið í notkun, né til krafna um ísetningu endurbótarhlutar.

Ef tilgreind skoðunaraðferð er sjónræn þýðir það að auk þess að horfa á viðkomandi atriði skal skoðunarmaður einnig, ef við á, taka á þeim, meta hávaða frá þeim eða nota aðrar viðeigandi skoðunaraðferðir án þess að nota búnað.

2. UMFANG PRÓFUNAR

Prófunin skal a.m.k. taka til eftirfarandi sviða:

0) Auðkenningu ökutækis

1) Hemlabúnaðar

2) Stýrisbúnaðar

3) Útsýnar

4) Ljósabúnaðar og hluta rafkerfis

5) Ása, hjóla, hjólbarða, fjöðrunar

6) Undirvagns og viðfests búnaðar

7) Annars búnaðar

8) Óþæginda

9) Viðbótarprófana fyrir ökutæki til farþegaflutninga í flokkum M_2 og M_3.

3. INNTAK PRÓFANA OG PRÓFUNARAÐFERÐIR, MAT Á ANNMÖRKUM ÖKUTÆKJA

Prófunin skal hið minnsta ná yfir atriðin og nota lágmarksstaðlana og ráðlögðu aðferðirnar sem tilgreind eru í töflunni hér á eftir.

Framkvæma skal mat, í hverju tilviki fyrir sig, á annmörkum hvers kerfis og íhlutar í ökutækjum, sem gengst undir prófun í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í þeirri töflu.

Meta skal annmarkana, sem ekki eru taldir upp í þessum viðauka, með tilliti til áhættunnar sem þeir hafa í för með sér fyrir umferðaröryggi.

At riði	Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
			Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
0. AUÐKENNING ÖKUTÆKISINS					
0.1. Skráningarmerki (ef gerð er krafa um slíkt[1])	Sjónræn skoðun	a) Númeraplötu eða númeraplötur vantar eða þær eru festar á svo ótryggan hátt að þær geta dottið af.		X	
		b) Áletrun vantar eða er ólæsileg.		X	
		c) Ekki í samræmi við skjöl eða skrár ökutækis.		X	
0.2. Verksmiðjunúmer/ raðnúmer ökutækis.	Sjónræn skoðun.	a) Vantar eða finnst ekki.		X	
		b) Ófullnægjandi, ólæsilegt, augljóslega falsað eða ekki í samræmi við skjöl ökutækisins.		X	
		c) Skjöl ökutækisins eru ólæsileg eða textinn ónákvæmur.	X		
1. HEMLABÚNAÐUR					
1.1. Vélrænt ástand og virkni					
1.1.1. Snúningsteinn akstursheimilsfetils/handfangs	Sjónræn skoðun íhluta meðan hemlakerfið er notað. Athugasemd: Skoða ætti ökutæki með hemlakerfi með hjálparafli þegar slökkt er á hreyflinum.	a) Snúningsteinn of stífur.		X	
		b) Mjög mikið slit/hlaup.		X	
1.1.2. Ástand handfangs/fetils og færsla hemlastjórnbúnaðar	Sjónræn skoðun íhluta meðan hemlakerfið er notað. Athugasemd: Ökutæki með hemlakerfi með hjálparafli ætti að skoða þegar slökkt er á hreyflinum.	a) Of mikil eða of lítil umframfærsla.		X	
		b) Hemlastjórnbúnaðurinn sleppir ekki á réttan hátt.	X		
		Ef það kemur niður á virkni hans.		X	
		c) Hrjúft yfirborð á hemlafetli vantar, er laust eða orðið slétt af sliti.		X	

At riði	Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
			Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
1.1.3. Sogdæla eða þjappa og geymar	Sjónræn skoðun íhluta við venjulegan vinnuþrýsting. Eftirlit er haft með því hversu langan tíma það tekur fyrir lofttæmi eða loftþrýsting að ná öruggu vinnslugildi og virkni viðvörunarbúnaðar, fjölrása varloka og þrýstiöryggisloka.	a) Ónógur loftþrýstingur/lofttæmi til að beita hemlinum a.m.k. fjórum sinnum eftir að viðvörunarbúnaður hefur farið í gang (eða mælir sýnir að hættumörkum er náð). Hemlinum beitt a.m.k. tvisvar eftir að viðvörunarbúnaður hefur farið í gang (eða mælir sýnir að hættumörkum er náð).		X	 X
		b) Tíminn sem það tekur að ná upp loftþrýstingi/lofttæmi að öruggu vinnslugildi er of langur samkvæmt kröfunum[1].		X	
		c) Fjölrása varloki eða þrýstiöryggisloki virkar ekki.		X	
		d) Loftleki veldur sýnilegu þrýstingsfalli eða loft heyrist streyma út.		X	
		e) Skemmdir á ytra byrði eru líklegar til að hafa áhrif á virkni hemlakerfisins. Virkni neyðarhemils er ekki í samræmi við kröfur.		X	 X
1.1.4. Viðvörunarbúnaður eða mælir sem gefur til kynna of lágan þrýsting	Athugun á virkni.	Bilaður eða gallaður mælir eða vísir. Ekki hægt að greina lágan þrýsting.	X	 X	
1.1.5. Handvirkur hemlastjórnloki	Sjónræn skoðun íhluta meðan hemlakerfið er notað.	a) Brotinn, skemmdur eða mjög mikið slitinn stjórnbúnaður.		X	
		b) Stjórnbúnaður er ekki nógu vel festur við lokann eða lokinn er laus.		X	
		c) Tengingar eru lausar eða leki í kerfinu.		X	
		d) Ónóg virkni.		X	

At riði	Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
			Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
1.1.6. Stöðuhemilshandfang eða -fetill, stöðuhemilsarmur, stöðuhemilshak, rafrænn stöðuhemill	Sjónræn skoðun íhluta meðan hemlakerfið er notað.	a) Hak heldur ekki nægilega vel.		X	
		b) Slit á snúningsteini eða tannkambi. Mjög mikið slit.	X	 X	
		c) Of mikil færsla á stöðuhemilsarmi sem bendir til rangrar stillingar.		X	
		d) Búnað vantar, hann er skemmdur eða óvirkur.		X	
		e) Röng virkni, viðvörunarbúnaður sýnir bilun.		X	
1.1.7. Lokar (hemlalokar, stjórnlokar, stillar)	Sjónræn skoðun íhluta meðan hemlakerfið er notað.	a) Skaddaður loki eða of mikið loftútstreymi. Ef það kemur niður á virkni hans.		X	 X
		b) Of mikil olíueyðsla í þjöppunni.	X		
		c) Ótrygg/ófullnægjandi festing á loka.		X	
		d) Vökvakerfisvökvi lekur. Ef það kemur niður á virkni hans.		X	 X
1.1.8. Tengingar fyrir hemla eftirvagna (raf- og loftknúna)	Tengingar hemlakerfis á milli dráttarbifreiðar og eftirvagns aftengdar og tengdar.	a) Bilaður krani eða sjálflokandi loki. Ef það kemur niður á virkni hans.	X	 X	
		b) Ótrygg/ófullnægjandi festing á krana eða loka. Ef það kemur niður á virkni hans.	X	 X	
		c) Mjög mikill leki. Ef það kemur niður á virkni hans.		X	 X

At riði	Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
			Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
		d) Röng virkni. Áhrif á hemlavirkni.		X	 X
1.1.9. Orkugeymir eða þrýstiloftsgeymir	Sjónræn skoðun.	a) Geymir er lítillega skemmdur eða lítillega tærður. Geymir er mjög mikið skemmdur, tærður eða lekur.	X	 X	
		b) Áhrif á virkni afrennslisbúnaðar. Afrennslisbúnaður er óvirkur.	X	 X	
		c) Ótrygg/ófullnægjandi festing á geymi.		X	
1.1.10. Hemlaafflíði, höfuðdæla (vökvakerfi)	Sjónræn skoðun íhluta meðan hemlakerfið er notað, ef mögulegt er.	a) Bilaður eða óvirkur afflíði. Ef hann starfar ekki.		X	 X
		b) Höfuðdælan er biluð en hemlar virka ennþá. Höfuðdælan er biluð eða lek.		X	 X
		c) Höfuðdælan er ekki nægilega vel fest en hemlar virka ennþá. Höfuðdælan er ekki nægilega vel fest.		X	 X
		d) Hemlavökvi er ekki nægur, undir lágmarksmörkum. Hemlavökvi er töluvert undir lágmarksmörkum. Enginn sjáanlegur hemlavökvi.	X	 X	 X
		e) Lok á höfuðdælu vantar.	X		
		f) Gaumljós fyrir hemlavökva logar eða er bilað.	X		
		g) Viðvörunarbúnaður fyrir hemlavökva virkar ekki rétt.	X		

At riði	Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
			Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
1.1.11. Hemlarör	Sjónræn skoðun íhluta meðan hemlakerfið er notað, ef mögulegt er.	a) Yfirvofandi hætta á bilun eða broti.			X
		b) Leki frá rörum eða tengingum (lofthemlakerfi). Leki frá rörum eða tengingum (vökvahemlakerfi).		X	 X
		c) Rör eru skemmd eða mjög mikið tærð. Virkni hemla verður fyrir áhrifum af völdum fyrirstöðu eða yfirvofandi hættu á leka.		X	 X
		d) Rangar tengingar á rörum. Hætta á skemmdum.	X	 X	
1.1.12. Hemlaslöngur	Sjónræn skoðun íhluta meðan hemlakerfið er notað, ef mögulegt er.	a) Yfirvofandi hætta á bilun eða broti.			X
		b) Slöngur eru skemmdar, slitnar, snúnar eða of stuttar. Slöngur eru skemmdar eða slitnar.	X	 X	
		c) Leki frá slöngum eða tengingum (lofthemlakerfi). Leki frá slöngum eða tengingum (vökvahemlakerfi).		X	 X
		d) Slöngur þenjast út undir þrýstingi. Snúran er skemmd.		X	 X
		e) Slöngur eru gropnar.		X	
1.1.13. Hemlaborðar og hemlaklossar	Sjónræn skoðun.	a) Mjög mikið slit á borða eða klossum (lágmarksmörkum náð). Mjög mikið slit á borða eða klossum (lágmarksmörk ekki sýnileg).		X	 X

At riði	Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
			Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
		b) Óhreinindi á borða eða klossum (olía, feiti o.s.frv.). Áhrif á hemlaafköst.		X	 X
		c) Borða eða klossa vantar eða eru ekki festir með réttum hætti.			X
1.1.14. Hemlaskálar, hemladiskar	Sjónræn skoðun.	a) Mikið slit á skálum eða diskum. Mjög mikið slit eða rispur, sprungur, brot eða lélegar festingar á skálum eða diskum.		X	 X
		b) Óhreinindi á skálum eða diskum (olía, feiti o.s.frv.). Áhrif á hemlaafköst.		X	 X
		c) Skálar eða diska vantar.			X
		d) Festingarplata er laus.		X	
1.1.15. Hemlaleiðslur, stangir, armar, tengingar	Sjónræn skoðun íhluta meðan hemlakerfið er notað, ef mögulegt er.	a) Leiðslur eru skemmdar eða með ójöfnum. Áhrif á hemlaafköst.		X	 X
		b) Íhlutur mjög mikið slitinn eða tærður. Áhrif á hemlaafköst.		X	 X
		c) Tengingar við leiðslur eða stangir eru ótryggar.		X	
		d) Bilun í leiðslustýringum.		X	
		e) Stirðleiki í hemlakerfinu.		X	
		f) Óeðlileg hreyfing á örmum eða tengingum sem bendir til rangrar stillingar eða mjög mikils slits.		X	

At riði	Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
			Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
1.1.16. Hemlastrokkar (m.a. gormhemlar eða vökvastrokkar)	Sjónræn skoðun íhluta meðan hemlakerfið er notað, ef mögulegt er.	a) Strokkar brotnir eða skemmdir. Áhrif á hemlaafköst.		X	 X
		b) Strokkar lekir. Áhrif á hemlaafköst.		X	 X
		c) Ótrygg/ófullnægjandi festing á strokkum. Áhrif á hemlaafköst.		X	 X
		d) Strokkar eru mjög mikið tærðir. Líklegt að þeir brotni.		X	 X
		e) Of lítil eða of mikil færsla á bullu eða blöðku. Hefur áhrif á hemlaafköst (skortur á fríhlaupi).		X	 X
		f) Rykvarnarhlíf er skemmd. Rykvarnarhlíf vantar eða hún er mjög mikið skemmd.	X	 X	
1.1.17. Hleðslustýrður hemlajöfnunarloki	Sjónræn skoðun íhluta meðan hemlakerfið er notað, ef mögulegt er.	a) Biluð tenging.		X	
		b) Röng stilling tengingar.		X	
		c) Loki fastur eða virkar ekki (læsivarða hemlakerfið (ABS-kerfið) virkar). Loki fastur eða virkar ekki.		X	 X
		d) Loka vantar (ef hans er krafist).			X
		e) Gagnaplötu vantar.	X		

At riði	Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
			Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
		f) Gögn eru ólæsileg eða ekki í samræmi við kröfur [1].	X		
1.1.18. Stillibúnaður og -vísar	Sjónræn skoðun.	a) Stillibúnaður er skemmdur, fastur eða hreyfist óeðlilega, mjög mikið slit eða röng stilling.		X	
		b) Stillibúnaður er bilaður.		X	
		c) Rangt uppsettur eða skipt út.		X	
1.1.19. Hamlarakerfi (ef það er til staðar eða þess er krafist)	Sjónræn skoðun.	a) Ótryggar tengingar eða festingar. Ef þær virka ekki rétt.	X	 X	
		b) Kerfi augljóslega bilað eða það vantar.		X	
1.1.20. Sjálfvirk beiting hemla eftirvagna	Hemlatengi á milli dráttarbifreiðar og eftirvagns aftengd.	Hemlar eftirvagns eru ekki sjálfkrafa virkjaðir þegar tengið er aftengt.			X
1.1.21. Hemlakerfi í heild	Sjónræn skoðun	a) Skemmdir að utan eða mjög mikil tæring í öðrum kerfisbúnaði (t.d. dælu fyrir ísvara, loftþurrkunartæki o.s.frv.) sem hefur skaðleg áhrif á hemlakerfið. Áhrif á hemlaafköst.		X	 X
		b) Loft eða ísvari lekur. Hefur áhrif á virkni kerfis.	X	 X	
		c) Ótrygg/ófullnægjandi festing íhluta.		X	
		d) Ótrygg breyting á íhlut [3]. Áhrif á hemlaafköst.		X	 X

At riði	Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
			Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
1.1.22. Prófunartengi (ef þau eru uppsett eða þeirra krafist)	Sjónræn skoðun	a) Vantar.		X	
		b) Skemmd.	X		
		Ónothæf eða lek.		X	
1.1.23. Ágangshemlar	Sjónræn skoðun og við notkun.	Ófullnægjandi skilvirkni.		X	
1.2. Afköst og skilvirkni akstursheimils					
1.2.1. Afköst	Meðan prófun á hemlaprófara stendur eða, ef það er ekki mögulegt, prófun á vegi er hemlum beitt með stigvaxandi hætti þar til hámarksátaki er náð.	a) Ófullnægjandi hemlunarátak á eitt eða fleiri hjól.		X	
		Ekkert hemlunarátak á eitt eða fleiri hjól.			X
		b) Hemlunarátak á hjól er undir 70% af hámarksátaki sem er skráð á hitt hjólið á sama ási. Við prófun á vegi víkur ökutækið verulega frá beinni stefnu.		X	
		Hemlunarátak á hjól er undir 50% af hámarksátaki, sem er skráð á hitt hjólið á sama ási, ef um er að ræða stýriása.			X
		c) Hemlunarátak eykst ekki jafnt (tekur skarpt í).		X	
		d) Hemlunartími er óeðlilega langur á hjól.		X	
		e) Mjög miklar sveiflur í hemlunarátaki í hverjum heilum snúningi hjólsins.		X	

At riði	Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
			Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
1.2.2. Skilvirkni	Prófun með hemlaprófara eða, ef það er ekki unnt af tæknilegum ástæðum, prófun á vegi með hraðaminnkunartæki sem skráir niðurstöður til að ákvarða hemlunarhlutfall miðað við leyfilegan hámarksmassa, eða, ef um er að ræða festivagna, summu leyfilegrar hleðslu. Ökutæki eða eftirvagn með leyfilegan hámarksmassa yfir 3,5 tonn verður að skoða í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í ISO-staðli 21069 eða jafngildar aðferðir. Prófanir á vegi skulu gerðar við þurr skilyrði á sléttum, beinum vegi.	Uppfyllir ekki eftirfarandi lágmarksgildi ([1]): 1. Ökutæki sem skráð eru í fyrsta skipti eftir 1. janúar 2012: — Flokkur M_1: 58% — Flokkar M_2 og M_3: 50% — Flokkur N_1: 50% — Flokkar N_2 og N_3: 50% — Flokkar O_2, O_3 og O_4: — fyrir festivagna: 45% ([2]) — fyrir tengivagna: 50%		X	
		2. Ökutæki sem skráð eru í fyrsta skipti fyrir 1. janúar 2012: — Flokkar M_1, M_2 og M_3: 50 % ([3]) — Flokkur N_1: 45% — Flokkar N_2 og N_3: 43% ([4]) — Flokkar O_2, O_3 og O_4: 40% ([5])		X	
		3. Aðrir flokkar Flokkur L (báðir hemlar): — Flokkur L1e: 42% — Flokkur L2e, L6e: 40% — Flokkur L3e: 50% — Flokkur L4e: 46% — Flokkur L5e, L7e: 44% Flokkur L (hemlar á afturhjólum): allir flokkar: 25% af heildarmassa ökutækis. Innan við 50% af framangreindum gildum sem hafa náðst.		X	X

At riði	Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
			Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
1.3. Afköst og skilvirkni neyðarhemils (ef um sérstakt kerfi er að ræða)					
1.3.1. Afköst	Ef neyðarhemlakerfi er aðskilið frá akstursheimlakerfi skal nota aðferðina sem tilgreind er í lið 1.2.1.	a) Ófullnægjandi hemlunarátak á eitt eða fleiri hjól. Ekkert hemlunarátak á eitt eða fleiri hjól.		X	X
		b) Hemlunarátak á hjól er undir 70% af hámarksátaki sem er skráð á hitt hjólið á sama tilgreinda ásnum. Við prófun á vegi víkur ökutækið verulega frá beinni stefnu. Hemlunarátak á hjól er undir 50% af hámarksátaki, sem er skráð á hitt hjólið á sama ásnum, ef um er að ræða stýriása.		X	X
		c) Hemlunarátak eykst ekki jafnt (tekur skarpt í).		X	
1.3.2. Skilvirkni	Ef neyðarhemlakerfi er aðskilið frá akstursheimlakerfi skal nota aðferðina sem tilgreind er í lið 1.2.2.	Hemlunarátak er undir 50% ([6]) af afköstum akstursheimils, samkvæmt skilgreiningu í lið 1.2.2, miðað við leyfilegan hámarksmassa. Minna en 50% af framangreindum gildum fyrir hemlunarátak hafa náðst.		X	X
1.4. Afköst og skilvirkni stöðuheimils					
1.4.1. Afköst	Hemlum er beitt meðan á prófun hemlaprófara stendur.	Hemlar eru óvirkir öðru megin eða ökutækið víkur verulega frá beinni stefnu við prófun á vegi. Minna en 50% af gildunum fyrir hemlunarátak, eins og um getur í lið 1.4.2, hafa náðst í tengslum við massa ökutækis meðan á prófun stendur.		X	X

At riði	Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
			Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
1.4.2. Skilvirkni	Prófun með hemlaprófara. Ef það er ekki mögulegt þá með prófun á vegi með hraðaminnkunarmæli, sem skráir niðurstöður, eða með álestri eða með ökutækið í halla með þekktri hallatölu.	Að því er varðar öll ökutæki er hemlunarhlutfall minnst 16%, miðað við leyfilegan hámarksmassa, eða, að því er varðar vélknúin ökutæki, minnst 12%, miðað við leyfilegan, samanlagðan hámarksmassa ökutækis, hvort sem reynist hærra. Minna en 50% af framangreindum gildum fyrir hemlunarátak hafa náðst.		X	X
1.5. Afköst hamlarakerfis	Sjónræn skoðun og, ef hægt er, prófun á því hvort kerfið virki.	a) Átak eykst ekki jafnt (á ekki við um útblástursheimlakerfi).		X	
		b) Kerfi virkar ekki.		X	
1.6. Læsivarið hemlakerfi (ABS)	Sjónræn skoðun og skoðun á viðvörunarbúnaði og/eða með því að nota rafrænan skilflöt ökutækis.	a) Viðvörunarbúnaður er bilaður.		X	
		b) Viðvörunarbúnaður sýnir bilun í kerfi.		X	
		c) Hraðaskynjara við hjól vantar eða hann er skemmdur.		X	
		d) Leiðslur skemmdar.		X	
		e) Aðra íhluti vantar eða þeir eru skemmdir.		X	
		f) Kerfið gefur til kynna bilun fyrir tilstuðlan rafræns skilflatar ökutækis.		X	

At riði	Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
			Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
1.7. Rafrænt hemlakerfi (EBS)	Sjónræn skoðun og skoðun á viðvörunarbúnaði og/eða með því að nota rafrænan skilflöt ökutækis.	a) Viðvörunarbúnaður er bilaður.		X	
		b) Viðvörunarbúnaður sýnir bilun í kerfi.		X	
		c) Kerfið gefur til kynna bilun fyrir tilstuðlan rafræns skilflatar ökutækis.		X	
1.8. Hemlavökvi	Sjónræn skoðun	Hemlavökvi er mengaður eða með botnfalli. Yfirvofandi hætta á bilun.		X	 X
2. STÝRISBÚNAÐUR					
2.1. Vélrænt ástand					
2.1.1. Ástand stýrisvélar	Með ökutækið yfir gryfju eða á lyftubúnaði og með hjólin á lofti eða á snúningsborði er stýrishjóli snúið borð í borð. Sjónræn skoðun á virkni stýrisvélar.	a) Stirðleiki þegar stýrisvél er snúið.		X	
		b) Sektorsás undinn eða rílur slitnar. Hefur áhrif á virkni.		X	 X
		c) Sektorsás mjög mikið slitinn. Hefur áhrif á virkni.		X	 X
		d) Mjög mikil hreyfing á sektorsás. Hefur áhrif á virkni.		X	 X
		e) Leki. Dropamyndun.	X	 X	

At riði	Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
			Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
2.1.2. Festing stýrisvélar	Með ökutæki yfir gryfju eða í lyftubúnaði og með þyngd hjóla ökutækisins á jörðu niðri, er stýri snúið réttsælis og rangsælis eða sérstaklega útbúinn skynjari fyrir hlaup í stýri notaður. Sjónræn skoðun á festingu stýrisvélar við undirvagninn.	a) Stýrisvél ekki fest á tilhlýðilegan hátt. Festingar eru hættulega lausar eða vart er við sýnilega hreyfingu við undirvagn/yfirbyggingu.		X	X
		b) Aflöng festingargöt á undirvagni. Alvarleg áhrif á festingar.		X	X
		c) Boltar til að festa með vantar eða þeir eru brotnir. Alvarleg áhrif á festingar.		X	X
		d) Stýrisvél brotin. Áhrif á stöðugleika eða festingar hlífar.		X	X
2.1.3. Ástand stýristengibúnaðar	Með ökutæki yfir gryfju eða á lyftubúnaði og með hjólin á jörðu, er stýri ruggað réttsælis og rangsælis eða sérstaklega útbúinn skynjari fyrir hlaup í stýri notaður. Sjónræn skoðun á íhlutum stýris með tilliti til slits, brota og öryggis.	a) Hreyfing á milli íhluta sem eiga að vera fastir. Mjög mikil hreyfing eða hætta er á að festingar losni.		X	X
		b) Mjög mikið slit við tengingar. Mjög mikil hætta á að tengingar losni.		X	X
		c) Brot eða aflögun íhluta. Áhrif á virkni.		X	X
		d) Læsibúnaður ekki fyrir hendi.		X	
		e) Íhlutir færast til (t.d. millistöng eða togstöng).		X	
		f) Ótrygg breyting [3]. Áhrif á virkni.		X	X

At riði	Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
			Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
		g) Rykvarnarhlíf er skemmd eða hún er slitin. Rykvarnarhlíf vantar eða hún er verulega slitin.	X	X	
2.1.4. Virkni stýristanga og arma	Með ökutæki yfir gryfju eða á lyftubúnaði og með hjólin á jörðu, er stýri ruggað réttsælis og rangsælis eða sérstaklega útbúinn skynjari fyrir hlaup í stýri notaður. Sjónræn skoðun á íhlutum stýris með tilliti til slits, brota og öryggis.	a) Stýrisstangir eða armar rekast utan í undirvagninn við færslu.		X	
		b) Stýrisstopp óvirk eða vantar.		X	
2.1.5. Aflstýrisbúnaður	Kanna hvort stýrisbúnaður leki og vökvamagn í hringrásargeymi vökvakerfis (ef sýnilegt). Með hjólin á jörðu og hreyfilinn í gangi skal athuga hvort aflstýrisbúnaður sé virkur.	a) Vökvaleki eða áhrif á virkni.		X	
		b) Vökvi er ekki nægur (undir lágmarksmörkum). Geymir er ekki fullnægjandi.	X	X	
		c) Búnaður virkar ekki. Áhrif á stýrisbúnað.		X	X
		d) Búnaður brotinn eða ótryggur. Áhrif á stýrisbúnað.		X	X
		e) Íhlutir færast til eða krækjast í. Áhrif á stýrisbúnað.		X	X
		f) Ótrygg breyting [3]. Áhrif á stýrisbúnað.		X	X

At riði	Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
			Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
		g) Kaplar/slöngur skemmdar, mjög mikið tærðar. Áhrif á stýrisbúnað.		X	X
2.2. Stýrishjól, stýrisstöng og stýri					
2.2.1. Ástand stýris	Með ökutækið yfir gryfju eða á lyftubúnaði og massa ökutækisins á jörðinni, er ýtt og togað í stýrishjólið í stefnu súlunnar, ýtt á stýrið í mismunandi áttir hornrétt á súluna/gafflana. Sjónræn skoðun á hlaupi og ástandi mjúkra liða eða hjöruliða.	a) Hreyfing á milli stýris og stangar sem gefur til kynna los. Mjög mikil hætta á að tengingar losni.		X	X
		b) Viðhaldsbúnað vantar á stýrisnaf. Mjög mikil hætta á að tengingar losni.		X	X
		c) Stýrisnaf, brún eða teinar brotnir. Mjög mikil hætta á að tengingar losni.		X	X
2.2.2. Stýrisstöng/klafar og gafflar og stýrishöggdeyfar.	Með ökutækið yfir gryfju eða á lyftubúnaði og massa ökutækisins á jörðinni, er ýtt og togað í stýrishjólið í stefnu súlunnar, ýtt á stýrishjólið í mismunandi áttir hornrétt á súluna/gafflana. Sjónræn skoðun á hlaupi og ástandi mjúkra liða eða hjöruliða.	a) Mikil hreyfing á miðju stýrishjóls upp eða niður.		X	
		b) Mikil hreyfing á efsta hluta súlu í geisla út frá ás súlunnar.		X	
		c) Slit í mjúkum liðum.		X	
		d) Festing biluð. Mjög mikil hætta á að tengingar losni.		X	X
		e) Ótrygg breyting [3].			X

At riði	Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
			Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
2.3. Hlaup í stýri	Með ökutækið yfir gryfju eða á lyftubúnaði, massa ökutækisins á hjólunum, hreyfilinn, ef mögulegt er, í gangi í ökutækjum með aflstýrisbúnaði og með hjólin vísandi beint fram er stýrinu snúið létt réttsælis og rangsælis eins langt og hægt er án þess að hreyfa veghjólin. Sjónræn skoðun á hreyfingu.	Of mikið hlaup í stýri (t.d. ef punktur á brúninni hreyfist meira en einn fimmta af þvermáli stýrishjólsins) eða ekki í samræmi við kröfurnar [1]. Áhrif á öryggi stýrisbúnaðar.		X	X
2.4. Hjólastaða (x)[2]	Staða stýrðra hjóla yfirfarin með viðeigandi búnaði.	Staða ekki í samræmi við gögn framleiðanda ökutækisins eða kröfur [1]. Áhrif á beinan akstur; stefnustöðugleiki skertur.	X	X	
2.5. Stýriás snúningsskífu eftirvagns	Sjónræn skoðun eða skoðun með sérstaklega útbúnum skynjara fyrir hlaup í hjólum.	a) Íhlutur lítillega skemmdur. Íhlutur mjög skemmdur eða sprunginn.		X	X
		b) Of mikið hlaup. Áhrif á beinan akstur; stefnustöðugleiki skertur.		X	X
		c) Festing biluð. Alvarleg áhrif á festingar.		X	X
2.6. Rafknúinn aflstýrisbúnaður	Sjónræn skoðun og eftirlit með samkvæmni á milli stefnu stýrishjóls og stefnu hjólanna þegar slökkt/kveikt er á hreyflinum og/eða rafrænn skilflötur ökutækis notaður.	a) Gaumljós bilanavísis fyrir rafknúinn aflstýrisbúnað gefur til kynna hvers konar bilun í kerfinu.		X	
		b) Ósamræmi á milli stefnu stýrishjóls og stefnu hjólanna. Áhrif á stýrisbúnað.		X	X

At riði	Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
			Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
		c) Hjálparafl virkar ekki.		X	
		d) Kerfið gefur til kynna bilun fyrir tilstuðlan rafræns skilflatar ökutækis.		X	
3. ÚTSÝN					
3.1. Sjónsvið	Sjónræn skoðun úr ökumannssæti.	Skerðing á sjónsviði ökumanns sem hefur áhrif á útsýn hans fram á við eða til hliða (utan svæðisins sem framrúðuþurrkur hreinsa).	X		
		Útsýn innan svæðisins, sem framrúðuþurrkur hreinsa, skerðist eða ytri speglar eru ekki sýnilegir.		X	
3.2. Ástand glerja	Sjónræn skoðun.	a) Sprungið eða upplitað gler eða gagnsæ klæðning (ef það er leyft) (utan svæðisins sem framrúðuþurrkur hreinsa).	X		
		Útsýn innan svæðisins, sem framrúðuþurrkur hreinsa, skerðist eða ytri speglar eru ekki sýnilegir.		X	
		b) Gler eða gagnsæ klæðning (þ.m.t. speglandi eða lituð filma) sem samrýmist ekki forskriftum í kröfunum[1], (utan svæðisins sem framrúðuþurrkur hreinsa).	X		
		Útsýn innan svæðisins, sem framrúðuþurrkur hreinsa, skerðist eða ytri speglar eru ekki sýnilegir.		X	
		c) Gler eða gagnsæ klæðning er í óviðunandi ástandi.		X	
		Útsýn innan svæðisins, sem framrúðuþurrkur hreinsa, skerðist mjög mikið.			X
3.3. Baksýnisspeglar eða -búnaður	Sjónræn skoðun.	a) Spegil eða búnað vantar eða hann er ekki settur upp samkvæmt kröfum[1] (a.m.k. tveir baksýnisspeglar til staðar).		X	
		Færri en tveir baksýnisspeglar til staðar.		X	

At riði	Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
			Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
		b) Spegill eða búnaður lítillega skemmdur eða laus.	X		
		Spegill eða búnaður óvirkur, mikið skemmdur, laus eða ótryggur.		X	
		c) Nauðsynlegt sjónsvið er ekki fyrir hendi.		X	
3.4. Framrúðuþurrkur	Sjónræn skoðun og við notkun.	a) Rúðuþurrkur virka ekki eða þær vantar eða samrýmast ekki kröfum [1].		X	
		b) Þurrkublað er bilað.	X		
		Þurrkublað vantar eða er augljóslega bilað.		X	
3.5. Framrúðusprautur	Sjónræn skoðun og við notkun.	Sprautur virka ekki með fullnægjandi hætti (sprautuvökva vantar en dælan virkar eða vatnsbunan er ekki rétt stillt).	X		
		Sprautur virka ekki.		X	
3.6. Móðuhreinsunarkerfi (X)[2]	Sjónræn skoðun og við notkun.	Kerfi óvirkt eða augljóslega bilað.	X		
4. LJÓSKER, GLITAUGU OG RAFBÚNAÐUR					
4.1. Aðalljósker					
4.1.1. Ástand og virkni	Sjónræn skoðun og við notkun.	a) Ljós eða ljósgjafi bilaður eða vantar (mörg ljós eða ljósgjafar; fyrirkomulag með díóðuljósum þar sem 1/3 ljósanna virka ekki).	X		
		Eitt ljós eða ljósgjafar; fyrirkomulag með díóðuljósum þar sem útsýn skerðist til mikilla muna.		X	
		b) Vörpunarkerfi lítillega bilað (endurkastari og gler).	X		
		Vörpunarkerfi mikið bilað eða vantar (endurkastari og gler).		X	

At riði	Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
			Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
		c) Ljósker ekki tryggilega fest.		X	
4.1.2. Stilling	Lárétt mið hvors aðalljóskers fyrir sig með lágum geisla ákvarðað með miðunarbúnaði eða skerm eða með rafrænum skilfleti ökutækis.	a) Mið aðalljóskera er ekki innan þeirra marka sem mælt er fyrir um í kröfunum. [1]		X	
		b) Kerfið gefur til kynna bilun fyrir tilstuðlan rafræns skilflatar ökutækis.		X	
4.1.3. Rofar	Sjónræn skoðun og við notkun eða með því að nota rafrænan skilflöt ökutækis.	a) Rofi virkar ekki í samræmi við kröfur [1] (fjöldi aðalljóskera sem lýsa upp á sama tíma). Hámarksbirta ljósa að framan er umfram það sem leyfilegt er.	X	X	
		b) Skert virkni stjórnbúnaðar.		X	
		c) Kerfið gefur til kynna bilun fyrir tilstuðlan rafræns skilflatar ökutækis.		X	
4.1.4. Farið að kröfum[1].	Sjónræn skoðun og við notkun.	a) Ljósker, litur ljóss, staðsetning, ljósstyrkur eða merking samrýmist ekki kröfum [1].		X	
		b) Vörur á gleri eða ljósgjafa sem draga augljóslega úr styrkleika ljóssins eða breyta lit þess.		X	
		c) Ljósgjafi og ljósker ekki samrýmanleg.		X	
4.1.5. Hallastillingarbúnaður (ef hann er lögboðinn)	Sjónræn skoðun og við notkun, ef mögulegt er, eða með því að nota rafrænan skilflöt ökutækis.	a) Búnaður virkar ekki.		X	
		b) Ekki er hægt að nota handvirkan búnað úr sæti ökumanns.		X	
		c) Kerfið gefur til kynna bilun fyrir tilstuðlan rafræns skilflatar ökutækis.		X	

At riði	Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
			Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
4.1.6. Hreinsunarbúnaður fyrir aðalljósker (ef hann er lögboðinn)	Sjónræn skoðun og við notkun ef hægt er.	Búnaður virkar ekki. Ef um er að ræða gasúrhleðsluljósker.	X	 X	
4.2. Stöðuljósker að framan og aftan, hliðarljósker, breiddarljósker og ljósker fyrir dagljósabúnað.					
4.2.1. Ástand og virkni	Sjónræn skoðun og við notkun.	a) Bilaður ljósgjafi.		X	
		b) Bilað gler.		X	
		c) Ljósker ekki tryggilega fest. Mjög mikil hætta á að það detti af.	X	 X	
4.2.2. Rofar	Sjónræn skoðun og við notkun.	a) Rofi virkar ekki í samræmi við kröfur [1]. Hægt að slökkva á stöðuljóskerum að aftan og hliðarljóskerum þegar kveikt er á aðalljóskerum.		X X	
		b) Skert virkni stjórnbúnaðar.		X	
4.2.3. Farið að kröfum [1].	Sjónræn skoðun og við notkun.	a) Ljósker, litur ljóss, staðsetning, ljósstyrkur eða merking samrýmist ekki kröfum [1]. Rautt ljós að framan eða hvítt ljós að aftan; mjög mikið dregið úr styrk ljóssins.	X	 X	
		b) Vörur á gleri eða ljósgjafa sem draga úr styrkleika ljóssins eða breyta lit þess. Rautt ljós að framan eða hvítt ljós að aftan, mjög mikið dregið úr styrk ljóssins.	X	 X	

At riði	Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
			Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
4.3. Hemlaljósker					
4.3.1. Ástand og virkni	Sjónræn skoðun og við notkun.	a) Ljósgjafi bilaður (fyrirkomulag með mörgum díóðuljóskerum þar sem allt að 1/3 ljósanna virkar ekki).	X		
		Einn ljósgjafi; fyrirkomulag með díóðuljóskerum þar sem minna en 2/3 ljósanna virka.		X	
		Allir ljósgjafar óvirkir.			X
		b) Lítilsháttar bilað gler (engin áhrif á styrk ljóss).	X		
		Mjög mikið bilað gler (áhrif á styrk ljóss).		X	
		c) Ljósker ekki tryggilega fest.	X		
		Mjög mikil hætta á að það detti af.		X	
4.3.2. Rofar	Sjónræn skoðun og við notkun eða með því að nota rafrænan skilflöt ökutækis.	a) Rofi virkar ekki í samræmi við kröfur [1].	X		
		Seinkun á virkni.		X	
		Engin virkni.			X
		b) Skert virkni stjórnbúnaðar.		X	
		c) Kerfið gefur til kynna bilun fyrir tilstuðlan rafræns skilflatar ökutækis.		X	
		d) Neyðarhemlaljós virkar ekki eða virkar ekki rétt.		X	
4.3.3. Farið að kröfum. [1]	Sjónræn skoðun og við notkun.	Ljósker, litur ljóss, staðsetning, ljósstyrkur eða merking samrýmist ekki kröfum [1].	X		
		Hvítt ljós að aftan, mjög mikið dregið úr styrk ljóssins.		X	

At riði	Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
			Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
4.4. Stefnuljós og hættuljósker					
4.4.1. Ástand og virkni	Sjónræn skoðun og við notkun.	a) Ljósgjafi bilaður (margir ljósgjafar; fyrirkomulag með mörgum díóðuljóskerum þar sem allt að 1/3 ljósanna virkar ekki). Einn ljósgjafi; fyrirkomulag með díóðuljósum þar sem minna en 2/3 ljósanna virka.	X	 X	
		b) Lítilsháttar bilað gler (engin áhrif á styrk ljóss). Mjög mikið bilað gler (áhrif á styrk ljóss).	X	 X	
		c) Ljósker ekki tryggilega fest. Mjög mikil hætta á að það detti af.	X	 X	
4.4.2. Rofar	Sjónræn skoðun og við notkun.	Rofi virkar ekki í samræmi við kröfur [1]. Engin virkni.	X	 X	
4.4.3. Farið að kröfum. [1]	Sjónræn skoðun og við notkun.	Ljósker, litur ljóss, staðsetning, ljósstyrkur eða merking samrýmist ekki kröfum [1].		X	
4.4.4. Blikktíðni	Sjónræn skoðun og við notkun.	Blikktíðni samrýmist ekki kröfum (frávik á tíðni meira en 25%).	X		
4.5. Þokuljósker að framan og aftan					
4.5.1. Ástand og virkni	Sjónræn skoðun og við notkun.	a) Bilaður ljósgjafi (margir ljósgjafar; fyrirkomulag með mörgum díóðuljóskerum þar sem allt að 1/3 ljósanna virkar). Einn ljósgjafi; fyrirkomulag með díóðuljósum þar sem minna en 2/3 ljósanna virka.	X	 X	
		b) Lítilsháttar bilað gler (engin áhrif á styrk ljóss). Mjög mikið bilað gler (áhrif á styrk ljóss).	X	 X	

At riði	Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
			Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
		c) Ljósker ekki tryggilega fest. Mjög mikil hætta á að það detti af eða blindi umferð sem kemur á móti.	X	X	
4.5.2. Stilling (X) [2]	Við notkun og með miðunarbúnað fyrir aðalljósker.	Þokuljósker að framan utan við lárétta stillingu þegar ljóskeilan er með ljósmörk (e. *cut-off line*) (ljósmörk eru of lág). Ljósmörk eru fyrir ofan lágljósker.	X	X	
4.5.3. Rofar	Sjónræn skoðun og við notkun.	Rofi virkar ekki í samræmi við kröfur [1]. Virkar ekki.	X	X	
4.5.4. Farið að kröfum [1].	Sjónræn skoðun og við notkun.	a) Ljósker, litur ljóss, staðsetning, ljósstyrkur eða merking samrýmist ekki kröfum[1].		X	
		b) Kerfi virkar ekki í samræmi við kröfur [1].		X	
4.6. Bakkljósker					
4.6.1. Ástand og virkni	Sjónræn skoðun og við notkun.	a) Bilaður ljósgjafi.	X		
		b) Bilað gler.	X		
		c) Ljósker ekki tryggilega fest. Mjög mikil hætta á að það detti af.	X	X	
4.6.2. Farið að kröfum [1].	Sjónræn skoðun og við notkun.	a) Ljósker, litur ljóss, staðsetning, ljósstyrkur eða merking samrýmist ekki kröfum [1].		X	
		b) Kerfi virkar ekki í samræmi við kröfur [1].		X	

At riði	Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
			Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
4.6.3. Rofar	Sjónræn skoðun og við notkun.	Rofi virkar ekki í samræmi við kröfur [1]. Hægt að kveikja á bakkljóskeri án þess að vera í bakkgír.	X	X	
4.7. Ljósker við skráningarmerki að aftan					
4.7.1. Ástand og virkni	Sjónræn skoðun og við notkun.	a) Ljósker beinir ljósi beint eða hvítu ljósi aftur.	X		
		b) Bilaður ljósgjafi (margir ljósgjafar). Bilaður ljósgjafi (einn ljósgjafi).	X	X	
		c) Ljósker ekki tryggilega fest. Mjög mikil hætta á að það detti af.	X	X	
4.7.2. Farið að kröfum [1].	Sjónræn skoðun og við notkun.	Kerfi virkar ekki í samræmi við kröfur [1].	X		
4.8. Glitaugu, viðvörunarglitmerkingar (með endurskini) og aftari skráningarplötur					
4.8.1. Ástand	Sjónræn skoðun.	a) Endurskinsbúnaður bilaður eða skemmdur. Áhrif á endurskin.	X	X	
		b) Glitauga ekki tryggilega fest. Líklegt til að detta af.	X	X	
4.8.2. Farið að kröfum [1].	Sjónræn skoðun.	Búnaður, litur endurkasts eða staðsetning samrýmist ekki kröfum [1]. Vantar eða endurkastar rauðum lit fram eða hvítum lit aftur.	X	X	

At riði	Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
			Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
4.9. Lögboðinn gaumbúnaður fyrir ljósabúnað					
4.9.1. Ástand og virkni	Sjónræn skoðun og við notkun.	Virkar ekki. Virkar ekki fyrir háljósker eða þokuljósker að aftan.	X	X	
4.9.2. Farið að kröfum [1].	Sjónræn skoðun og við notkun.	Ekki í samræmi við kröfur [1].	X		
4.10. Raftengingar milli dráttarbifreiðar og eftirvagns eða festivagns	Sjónræn skoðun: ef hægt er skal skoða hvort raf-straumurinn í tengingunni sé samfelldur.	a) Fastir íhlutir ekki tryggilega festir. Laus tengill.	X	X	
		b) Skemmd eða eydd einangrun. Getur valdið skammhlaupi.	X	X	
		c) Raftengi eftirvagns eða dráttarbifreiðar virka ekki rétt. Hemlaljós á eftirvagni virka alls ekki.		X	X
4.11. Rafmagnsleiðslur	Sjónræn skoðun með ökutæki yfir gryfju eða á lyftubúnaði, einnig inni í vélarrými (ef við á).	a) Leiðslur ófullnægjandi eða ekki tryggilega festar. Festingar eru lausar, snerta skarpar brúnir, tengibúnaður líklegur til að losna. Leiðslur líklegar til að snerta heita hluta, hluta sem snúast eða jörðina, tengibúnaður getur losnað (hlutar sem skipta máli fyrir hemla, stýrisbúnað).	X	X	X
		b) Leiðslur eru lítilsháttar slitnar. Leiðslur eru mikið slitnar. Leiðslur eru mjög mikið slitnar (hlutar sem skipta máli fyrir hemla, stýrisbúnað).	X	X	X

At riði	Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
			Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
		c) Skemmd eða eydd einangrun. Líkleg til að valda skammhlaupi. Yfirvofandi eldhætta og hætta á að neistar myndist.	X	X	X
4.12. Ljósker og glitaugu sem ekki eru skyldubundin (X) [2].	Sjónræn skoðun og við notkun.	a) Uppsett ljósker/glitauga samrýmist ekki kröfum [1]. Gefur frá sér eða endurkastar rauðu ljósi fram eða hvítu ljósi aftur.	X	X	
		b) Virkni ljóskers samrýmist ekki kröfum [1]. Sá fjöldi aðalljóskera sem er notaður samtímis gerir það að verkum að lýsing verður meiri en leyfilegt er; gefur frá sér rautt ljós fram eða hvítt ljós aftur.	X	X	
		c) Ljósker/glitauga ekki tryggilega fest. Mjög mikil hætta á að það detti af.	X	X	
4.13. Rafgeymir/rafgeymar	Sjónræn skoðun.	a) Ótryggilega festir. Ekki rétt festir; líklegir til að valda skammhlaupi.	X	X	
		b) Leki. Hættuleg efni leka.	X	X	
		c) Bilaður rofi (ef hans er krafist).		X	
		d) Bilað var (ef þess er krafist).		X	
		e) Ófullnægjandi loftræsting (ef hennar er krafist).		X	

At riði	Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
			Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
5. ÁSAR, HJÓL, HJÓLBARÐAR OG FJÖÐRUN					
5.1. Ásar					
5.1.1. Ásar	Sjónræn skoðun með ökutæki yfir gryfju eða á lyftubúnaði. Nota má skynjara fyrir hlaup í hjólum og er mælt með því fyrir ökutæki með hámarksmassa yfir 3,5 tonnum.	a) Ás brotinn eða aflagaður.			X
		b) Ótrygg festing við ökutæki. Stöðugleiki skertur, áhrif á virkni. Of mikil hreyfing miðað við festingar.		X	X
		c) Ótrygg breyting [3]. Stöðugleiki skertur, áhrif á virkni, ófullnægjandi fjarlægð frá öðrum hlutum ökutækis eða frá jörðu.		X	X
5.1.2. Hjólvelir	Sjónræn skoðun með ökutæki yfir gryfju eða á lyftubúnaði. Nota má skynjara fyrir hlaup í hjólum og er mælt með því fyrir ökutæki með hámarksmassa yfir 3,5 tonnum. Lóðréttu afli eða hliðarafli beitt á hvert hjól og kannað hversu mikil hreyfing er á milli ásbita og hjólvalar.	a) Hjólvölur brotinn.			X
		b) Mjög mikið slit í spindilbolta og/eða fóðringum. Líklegt að losni. Stefnustöðugleiki skertur.		X	X
		c) Mjög mikil hreyfing á milli hjólvalar og ásbita. Líklegt að losni. Stefnustöðugleiki skertur.		X	X
		d) Hjólvalarbolti laus í ás. Líklegt að losni; stefnustöðugleiki skertur.		X	X
5.1.3. Hjólalegur	Sjónræn skoðun með ökutækið yfir gryfju eða á lyftubúnaði. Nota má skynjara fyrir hlaup í hjólum og er mælt með því fyrir ökutæki með hámarksmassa yfir 3,5 tonnum. Hjólinu ruggað eða hliðarafli beitt á hvert hjól og kannað hversu mikið hjólið hreyfist upp samanborið við hjólvölinn.	a) Mikið hlaup í hjólalegu. Stefnustöðugleiki skertur; hætta á eyðileggingu.		X	X
		b) Hjólalega of þröng, föst. Hætta á ofhitun; hætta á eyðileggingu.		X	X

At riði	Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
			Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
5.2. Hjól og hjólbarðar					
5.2.1. Hjólnöf	Sjónræn skoðun.	a) Felguró eða bolta vantar eða hann er laus. Vantar festingar eða þær eru lausar að því marki að það getur haft alvarleg áhrif á umferðaröryggi.		X	X
		b) Nöf slitin eða skemmd. Nöf slitin eða skemmd sem hefur áhrif á örugga festingu hjóla.		X	X
5.2.2. Hjól	Sjónræn skoðun á báðum hliðum hvers hjóls með ökutæki yfir gryfju eða á lyftubúnaði.	a) Brot eða galli í suðu.			X
		b) Felguhringir ekki festir á réttan hátt. Líklegir til að detta af.		X	X
		c) Hjól mikið aflagað eða slitið. Áhrif á örugga festingu við nöf; áhrif á örugga festingu hjólbarða.		X	X
		d) Stærð, tæknileg hönnun, samrýmanleiki eða gerð hjóla samrýmist ekki kröfum[1] og hefur áhrif á umferðaröryggi.		X	
5.2.3. Hjólbarðar	Sjónræn skoðun á öllum hjólbarðanum með því að snúa hjólinu meðan það snertir ekki jörðina og ökutækið er yfir gryfju eða á lyftubúnaði, eða með því að ýta ökutækinu fram og aftur yfir gryfju.	a) Stærð, burðargeta, viðurkenningarmerki eða hraðaflokkur hjólbarða samrýmast ekki kröfum[1] og hafa áhrif á umferðaröryggi. Burðargeta eða hraðaflokkur er ekki fullnægjandi fyrir raunverulega notkun, hjólbarði snertir aðra fasta hluta ökutækis sem hefur áhrif á öryggi í akstri.		X	X
		b) Hjólbarðar á sama ási eða á tvöföldum hjólum misstórir.		X	

At riði	Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
			Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
		c) Hjólbarðar á sama ási með ólíka uppbyggingu (þverbanda/skábanda).		X	
		d) Alvarlegar skemmdir eða skurður á hjólbarða. Snúra er sýnileg eða skemmd.		X	X
		e) Vísir um slit á hjólbarðasóla verður sýnilegur. Mynsturdýpt hjólbarða samrýmist ekki kröfum [1].		X	X
		f) Hjólbarðar nuddast við aðra íhluti (sveigjanlegur aurhlífabúnaður). Hjólbarðar nuddast við aðra íhluti (hefur ekki áhrif á öryggi í akstri).	X	X	
		g) Endurmynstraðir hjólbarðar samrýmast ekki kröfum [1]. Hefur áhrif á snúruvörn.		X	X
		h) Vöktunarkerfi fyrir þrýsting í hjólbörðum bilað eða augljóslega ekki nægt loft í hjólbarða. Augljóslega óvirkt.	X	X	
5.3. Fjöðrunarkerfi					
5.3.1. Fjaðrir og jafnvægisstillir	Sjónræn skoðun með ökutæki yfir gryfju eða á lyftubúnaði. Nota má skynjara fyrir hlaup í hjólum og er mælt með því fyrir ökutæki með hámarksmassa yfir 3,5 tonnum.	a) Ótrygg festing fjaðra við undirvagn eða ás. Hreyfing er sýnileg; festingar eru hættulega lausar.		X	X
		b) Skemmdur eða brotinn íhlutur í fjöður. Aðalfjöður (blaðfjöður) eða viðbótarfjaðrir sem verða fyrir mjög alvarlegum áhrifum.		X	X

At riði	Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
			Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
		c) Fjöður vantar. Aðalfjöður (blaðfjöður), eða mjög alvarleg áhrif á viðbótarblöð.		X	X
		d) Ótrygg breyting [3]. Fjarlægð frá öðrum hlutum ökutækis ekki næg, fjaðrakerfi er óvirkt.		X	X
5.3.2. Höggdeyfar	Sjónræn skoðun með ökutæki yfir gryfju eða á lyftubúnaði eða með því að nota sérstakan búnað ef hann er til staðar.	a) Ótrygg festing höggdeyfa við undirvagn eða ás. Höggdeyfir er laus.	X	X	
		b) Höggdeyfir er skemmdur og sýnir merki um alvarlegan leka eða bilun.		X	
5.3.2.1. Skilvirkni deyfingar prófuð (X) [2]	Nota skal sérstakan búnað og bera saman mismun á hægri/vinstri.	a) Þýðingarmikill munur á vinstri og hægri.		X	
		b) Uppgefin lágmarksgildi nást ekki.		X	
5.3.3. Lokuð drifsköft, sveifluarmar, klofspyrnur og fjaðraarmar	Sjónræn skoðun með ökutæki yfir gryfju eða á lyftubúnaði. Nota má skynjara fyrir hlaup í hjólum og er mælt með því fyrir ökutæki með hámarksmassa yfir 3,5 tonnum.	a) Ótrygg festing íhluta við undirvagn eða ás. Líklegt að losni. Stefnustöðugleiki skertur.		X	X
		b) Skemmdur eða mikið tærður íhlutur. Áhrif á stöðugleika íhlutar eða íhlutur er brotinn.		X	X
		c) Ótrygg breyting [3]. Fjarlægð frá öðrum hlutum ökutækis ekki næg, kerfi er óvirkt.		X	X

At riði	Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
			Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
5.3.4. Fjöðrunarliðir	Sjónræn skoðun með ökutæki yfir gryfju eða á lyftubúnaði. Nota má skynjara fyrir hlaup í hjólum og er mælt með því fyrir ökutæki með hámarksmassa yfir 3,5 tonnum.	a) Mjög mikið slit í snúningsbolta og/eða fóðringum eða við fjöðrunarliði.		X	
		Líklegt að losni. Stefnustöðugleika ógnað.			X
		b) Rykvarnarhlíf er verulega slitin.	X		
		Rykvarnarhlíf vantar eða hún er brotin.		X	
5.3.5. Loftfjöðrun	Sjónræn skoðun	a) Kerfi óvirkt.			X
		b) Íhlutir skemmdir, breyttir eða spilltir þannig að það myndi hafa truflandi áhrif á virkni kerfisins.		X	
		Alvarleg áhrif á virkni kerfis.			X
		c) Heyranlegur leki í kerfinu.		X	
6. UNDIRVAGN OG VIÐFESTUR BÚNAÐUR					
6.1. Undirvagn eða grind og viðfestur búnaður					
6.1.1. Almennt ástand	Sjónræn skoðun með ökutæki yfir gryfju eða á lyftubúnaði.	a) Lítið brot eða aflögun í lang- eða þverbita.		X	
		Alvarlegt brot eða aflögun í lang- eða þverbita.			X
		b) Ótryggar styrkingarplötur eða festingar.		X	
		Meiri hluti festinga eru lausar; styrkleiki hluta er ekki fullnægjandi.			X
		c) Mikil tæring sem hefur áhrif á styrk samsetningar.		X	
		Styrkleiki hluta er ekki fullnægjandi.			X

At riði	Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
			Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
6.1.2. Útblástursrör og hljóðdeyfar	Sjónræn skoðun með ökutæki yfir gryfju eða á lyftubúnaði.	a) Ótrygg eða lek útblásturskerfi.		X	
		b) Reykur kemst í stýrishús eða farþegarými. Hættulegt heilbrigði einstaklinga um borð.		X	 X
6.1.3. Eldsneytisgeymir og -leiðslur (þ.m.t. hitunareldsneytisgeymir og -leiðslur)	Sjónræn skoðun með ökutæki yfir gryfju eða á lyftubúnaði, nota skal lekaleitarbúnað ef um er að ræða kerfi fyrir fljótandi jarðolíugas, þjappað jarðgas eða fljótandi jarðgas.	a) Ótryggur geymir eða leiðslur sem skapa einkum eldhættu.			X
		b) Eldsneyti lekur eða eldsneytisgeymislok vantar eða er óvirkt. Eldhætta; mjög mikið efnistap vegna hættulegra efna.		X	 X
		c) Núnar leiðslur. Skemmdar leiðslur.	X	 X	
		d) Eldsneytisloki (ef hans er krafist) virkar ekki rétt.		X	
		e) Eldhætta vegna: — eldsneytisleka, — þess að eldsneytisgeymir eða útblástursrör eru ekki með réttum hlífum, — ástands vélarrýmis.			X
		f) Kerfi fyrir fljótandi jarðolíugas, þjappað jarðgas eða fljótandi jarðgas eða vetni samrýmast ekki kröfum; allir hlutar kerfisins eru bilaðir [1].			X
6.1.4. Stuðarar, hliðarvörn og undirakstursvarnarbúnaður að aftan	Sjónræn skoðun.	a) Los eða skemmdir líklegar til að valda áverka við snertingu eða þegar strokist er við. Hlutar líklegir til að detta af. Mjög mikil áhrif á virkni.		X	 X
		b) Búnaður augljóslega ekki í samræmi við kröfur [1].		X	

At riði	Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
			Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
6.1.5. Festing varahjóls (ef hún er til staðar)	Sjónræn skoðun.	a) Festing ekki í góðu ásigkomulagi.	X		
		b) Festing brotin eða ótrygg.		X	
		c) Varahjól ekki tryggilega fest með festingunni. Mjög mikil hætta á að það detti af.		X	 X
6.1.6. Véltengi og dráttarbúnaður	Sjónræn skoðun á sliti og réttri notkun með sérstaka áherslu á öryggisbúnað, sem komið hefur verið fyrir, og/eða notkun mælitækja.	a) Íhlutur skemmdur, bilaður eða sprunginn (ef hann er ekki í notkun). Íhlutur skemmdur, bilaður eða sprunginn (ef hann er í notkun).		X	 X
		b) Íhlutur mikið slitinn. Undir mörkum fyrir slit.		X	 X
		c) Festing biluð. Festingar lausar og mjög mikil hætta á að þær detti af.		X	 X
		d) Öryggisbúnað vantar eða hann virkar ekki rétt.		X	
		e) Vísir fyrir tengi virkar ekki.		X	
		f) Skyggir á skráningarmerki eða ljósker (þegar hann er ekki í notkun). Skráningarmerki ekki læsilegt (þegar hann er ekki í notkun).	X	 X	
		g) Ótrygg breyting [3] (varahlutir). Ótrygg breyting [3] (aðalhlutir).		X	 X
		h) Tengi of veikburða.		X	

At riði	Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
			Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
6.1.7. Gírskipting	Sjónræn skoðun.	a) Festiboltar lausir eða vantar. Festiboltar lausir eða vantar að því marki að umferðaröryggi er stefnt í alvarlega hættu.		X	X
		b) Mikið slit í legu á drifskafti. Mjög mikil hætta á að það losni eða að sprungur myndist í því.		X	X
		c) Mikið slit í hjöruliðum eða drifkeðjum eða -reimum. Mjög mikil hætta á að þau losni eða að sprungur myndist í þeim.		X	X
		d) Slit í mjúkum liðum. Mjög mikil hætta á að þeir losni eða að sprungur myndist í þeim.		X	X
		e) Skemmt eða bogið drifskaft.		X	
		f) Sprunga í liðhúsi eða það er ekki tryggilega fest. Mjög mikil hætta á að það losni eða að sprungur myndist í því.		X	X
		g) Rykvarnarhlíf er verulega slitin. Rykvarnarhlíf vantar eða hún er brotin.	X	X	
		h) Ólögleg breyting á aflrás.		X	
6.1.8. Hreyfilfestingar	Sjónræn skoðun, ekki nauðsynlega yfir gryfju eða á lyftubúnaði.	Slitnar, augljóslega og verulega skemmdar festingar. Lausar eða brotnar festingar.		X	X
6.1.9. Hreyfilafköst (X) [2]	Sjónræn skoðun og/eða með því að nota rafrænan skilflöt.	a) Stýrieiningu breytt þannig að það hefur áhrif á öryggi og/eða umhverfi.		X	

At riði	Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
			Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
		b) Hreyfli breytt þannig að það hefur áhrif á öryggi og/eða umhverfi.			X
6.2. Stýrishús og yfirbygging					
6.2.1. Ástand	Sjónræn skoðun	a) Laus eða skemmd plata eða hluti sem er líklegur til að valda áverka. Líkleg til að detta af.		X	X
		b) Ótrygg stoð í yfirbyggingu. Skertur stöðugleiki.		X	X
		c) Reykur frá hreyfli eða útblástursröri kemst inn. Hættulegt heilbrigði einstaklinga um borð.		X	X
		d) Ótrygg breyting [3]. Fjarlægð á milli hluta, sem snúast eða hreyfast, og vegarins er ófullnægjandi.		X	X
6.2.2. Festingar	Sjónræn skoðun yfir gryfju eða á lyftubúnaði.	a) Yfirbygging eða stýrishús í ótryggu ástandi. Hefur áhrif á stöðugleika.		X	X
		b) Yfirbygging/stýrishús augljóslega ekki rétt staðsett á undirvagni.		X	
		c) Ótryggar festingar eða festingar vantar fyrir yfirbyggingu/stýrishús á undirvagni eða þverbita og spurning hvort þær séu samhverfar. Ótryggar festingar eða festingar vantar fyrir yfirbyggingu/stýrishús á undirvagni eða þverbita, að því marki að umferðaröryggi er stefnt í mjög mikla hættu.		X	X
		d) Mikil tæring festipunkta heilla yfirbygginga. Skertur stöðugleiki.		X	X

At riði	Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
			Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
6.2.3. Hurðir og hurðarlásar	Sjónræn skoðun.	a) Hurð opnast og lokast ekki rétt.		X	
		b) Hurð er líkleg til að opnast fyrir slysni eða helst ekki lokuð (rennihurðir).		X	
		Hurð er líkleg til að opnast fyrir slysni eða helst ekki lokuð (snúningshurðir).			X
		c) Hurð, hjarir, lásar eða stoð er gengin úr sér.	X		
		Hurð, hjarir, lásar eða stoð vantar eða er laus.		X	
6.2.4. Gólf	Sjónræn skoðun yfir gryfju eða á lyftubúnaði.	Gólf ótryggt eða mikið skemmt.		X	
		Stöðugleiki er ekki fullnægjandi.			X
6.2.5. Ökumannssæti	Sjónræn skoðun.	a) Sæti er með bilaða grind.		X	
		Laust sæti.			X
		b) Stillibúnaður virkar ekki rétt.		X	
		Sæti hreyfist eða ekki er hægt að festa bakstoð.			X
6.2.6. Önnur sæti	Sjónræn skoðun.	a) Sæti biluð eða ótrygg (varahlutir).	X		
		Sæti biluð eða ótrygg (aðalhlutir).		X	
		b) Uppsetning sæta samrýmist ekki kröfum [1].	X		
		Fjöldi sæta er umfram það sem leyfilegt er; staðsetning er ekki í samræmi við viðurkenningu.		X	
6.2.7. Stjórntæki til aksturs	Sjónræn skoðun og við notkun.	Stjórntæki sem nauðsynleg eru fyrir örugga notkun ökutækisins virka ekki rétt.		X	
		Áhrif á örugga notkun.			X

At riði	Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
			Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
6.2.8. Þrep upp í stýrishús	Sjónræn skoðun.	a) Þrep eða fótstigsrim ótrygg. Stöðugleiki er ekki fullnægjandi.	X	X	
		b) Þrep eða rim í ástandi sem er líklegt til að valda notendum áverkum.		X	
6.2.9. Aðrar innri eða ytri innréttingar og búnaður	Sjónræn skoðun.	a) Festing annarra innréttinga eða búnaðar biluð.		X	
		b) Aðrar innréttingar eða búnaður samrýmist ekki kröfum [1]. Líklegt er að uppsettir hlutar valdi áverkum; áhrif á örugga notkun.	X	X	
		c) Vökvaknúinn búnaður lekur. Mikið magn af hættulegum efnum tapast.	X	X	
6.2.10. Aurbretti (aurhlíf), hjól- og aurhlífabúnaður	Sjónræn skoðun.	a) Vantar, laus eða illa tærð. Líklegt til að valda áverkum; líklegt til að detta af.	X	X	
		b) Ófullnægjandi fjarlægð frá hjólbarða/hjóli (hjól- og aurhlífabúnaður). Ófullnægjandi fjarlægð frá hjólbarða/hjóli (aurbretti).	X	X	
		c) Ekki í samræmi við kröfur [1]. Stærðin á slitfleti hjólbarða er ófullnægjandi.	X	X	
6.2.11. Stoð	Sjónræn skoðun.	a) Vantar, laus eða illa tærður.		X	
		b) Ekki í samræmi við kröfur [1].		X	
		c) Hætta á að hún losni þegar ökutæki er á hreyfingu.			X

At riði	Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
			Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
6.2.12. Handföng og fóthvílur	Sjónræn skoðun.	a) Vantar, laus eða illa tærð.		X	
		b) Ekki í samræmi við kröfur [1].		X	
7. ANNAR BÚNAÐUR					
7.1. Öryggisbelti/lássylgjur og aðhaldsbúnaður					
7.1.1. Öryggi festinga fyrir öryggisbelti/lássylgjur	Sjónræn skoðun.	a) Festipunktur illa tærður. Hefur áhrif á stöðugleika.		X	X
		b) Festing laus.		X	
7.1.2. Ástand öryggisbelta/lássylgna.	Sjónræn skoðun og við notkun.	a) Lögboðið öryggisbelti vantar eða hefur ekki verið komið fyrir.		X	
		b) Öryggisbelti skemmt. Merki um að beltið sé rifið eða að teygt hafi verið of mikið á því.	X	X	
		c) Öryggisbelti samrýmist ekki kröfum [1].		X	
		d) Lássylgja öryggisbeltis skemmd eða virkar ekki rétt.		X	
		e) Inndráttarbúnaður öryggisbeltis skemmdur eða virkar ekki rétt.		X	
7.1.3. Álagstakmarkari fyrir öryggisbelti	Sjónræn skoðun og/eða með því að nota rafrænan skilflöt.	a) Álagstakmarkara vantar augljóslega eða hann hæfir ekki ökutæki.		X	
		b) Kerfið gefur til kynna bilun fyrir tilstuðlan rafræns skilflatar ökutækis.			X

At riði	Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
			Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
7.1.4. Öryggisbeltis-strekkjarar	Sjónræn skoðun og/eða með því að nota rafrænan skilflöt.	a) Öryggisbeltisstrekkjara vantar augljóslega eða hann hæfir ekki ökutæki.		X	
		b) Kerfið gefur til kynna bilun fyrir tilstuðlan rafræns skilflatar ökutækis.			X
7.1.5. Öryggispúði	Sjónræn skoðun og/eða fyrir tilstuðlan rafræns skilflatar.	a) Öryggispúða vantar augljóslega eða þeir hæfa ekki ökutæki.		X	
		b) Kerfið gefur til kynna bilun fyrir tilstuðlan rafræns skilflatar ökutækis.			X
		c) Öryggispúði augljóslega ekki virkur.		X	
7.1.6. Öryggispúðakerfi (e. *SRS System*)	Sjónræn skoðun á gaumljósi bilanavísis og/eða með því að nota rafrænan skilflöt.	a) Gaumljós bilanavísis fyrir öryggispúðakerfi gefur til kynna hvers konar bilun í kerfinu.		X	
		b) Kerfið gefur til kynna bilun fyrir tilstuðlan rafræns skilflatar ökutækis.			X
7.2. Slökkvitæki (X) [2]	Sjónræn skoðun.	a) Vantar.		X	
		b) Ekki í samræmi við kröfur [1]. Ef þess er krafist (t.d. leigubílar, hópbifreiðar o.s.frv.).	X	 X	
7.3. Læsingar og þjófavarnarbúnaður	Sjónræn skoðun og við notkun.	a) Búnaður virkar ekki en hindrar þó ekki akstur ökutækis.	X		
		b) Bilun Læsir eða hindrar aðgang fyrir slysni.		X	 X
7.4. Viðvörunarþríhyrningur (ef hans er krafist) (X) [2]	Sjónræn skoðun.	a) Vantar eða ófullnægjandi.	X		
		b) Ekki í samræmi við kröfur [1].	X		

At riði	Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
			Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
7.5. Sjúkrakassi (ef hans er krafist) (X) [2]	Sjónræn skoðun.	Vantar, ófullnægjandi eða samrýmist ekki kröfum [1].	X		
7.6. Hjólaskorður (fleygar) (ef þeirra er krafist) (X) [2]	Sjónræn skoðun.	Vantar eða ekki í góðu ástandi; ófullnægjandi stöðugleiki eða stærð.		X	
7.7. Hljóðmerkjabúnaður	Sjónræn skoðun og við notkun.	a) Virkar ekki rétt. Virkar alls ekki.	X	 X	
		b) Stjórnbúnaður ótryggur.	X		
		c) Ekki í samræmi við kröfur [1]. Hægt að rugla hljóðmerkinu saman við opinberar sírenur.	X	 X	
7.8. Hraðamælir	Sjónræn skoðun eða við notkun í prófun á vegi eða með rafeindatækni.	a) Ekki komið fyrir í samræmi við kröfur [1]. Vantar (ef hans er krafist).	X	 X	
		b) Hefur áhrif á virkni. Virkar alls ekki.	X	 X	
		c) Ekki hægt að lýsa upp með fullnægjandi hætti. Alls ekki hægt að lýsa upp.	X	 X	
7.9. Ökuriti (ef honum hefur verið komið fyrir/hans er krafist)	Sjónræn skoðun.	a) Ekki komið fyrir í samræmi við kröfur [1].		X	
		b) Ekki virkur.		X	
		c) Innsigli biluð eða þau vantar.		X	

At riði	Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
			Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
		d) Uppsetningarplötu vantar, hún er ólæsileg eða útrunnin.		X	
		e) Augljóslega verið fiktað eða átt við búnaðinn.		X	
		f) Stærð hjólbarða ekki í samræmi við kvörðunarmæliþætti.		X	
7.10. Hraðatakmörkunarbúnaður (ef honum hefur verið komið fyrir/ hans er krafist)	Sjónræn skoðun og við notkun ef búnaður er til staðar.	a) Ekki komið fyrir í samræmi við kröfur [1].		X	
		b) Augljóslega ekki virkur.		X	
		c) Rangur hraði valinn (ef það er athugað).		X	
		d) Innsigli biluð eða þau vantar.		X	
		e) Merki vantar eða er ólæsilegt.		X	
		f) Stærð hjólbarða ekki í samræmi við kvörðunarmæliþætti.		X	
7.11. Kílómetramælir ef hann er til staðar (X) [2]	Sjónræn skoðun og/eða með því að nota rafrænan skilflöt.	a) Augljóslega hefur verið átt við mælinn (svik) til að stytta skráða vegalengd ökutækis eða gefa rangar upplýsingar um hana.		X	
		b) Augljóslega óvirkur.		X	
7.12. Rafrænn stöðugleikabúnaður ef hann er til staðar/hans er krafist	Sjónræn skoðun og/eða með því að nota rafrænan skilflöt.	a) Hraðaskynjara við hjól vantar eða hann er skemmdur.		X	
		b) Leiðslur skemmdar.		X	
		c) Aðra íhluti vantar eða þeir eru skemmdir.		X	

At riði	Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
			Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
		d) Rofi skemmdur eða virkar ekki rétt.		X	
		e) Gaumljós bilanavísis fyrir rafrænan stöðugleikabúnað gefur til kynna bilun í kerfinu.		X	
		f) Kerfið gefur til kynna bilun fyrir tilstuðlan rafræns skilflatar ökutækis.		X	
8. ÓÞÆGINDI					
8.1. Hávaði					
8.1.1. Hávaðadeyfikerfi	Huglægt mat (nema skoðunarmaður telji hávaða, sem kyrrstætt ökutæki gefur frá sér, vera að nálgast efri mörk en þá má mæla hávaðann með því að nota hljóðstigsmæli).	a) Hávaði meiri en leyfilegt er samkvæmt kröfum [1].		X	
		b) Einhver hluti hávaðadeyfikerfis er laus, skemmdur, rangt uppsettur, vantar eða hefur augljóslega verið breytt sem hefur neikvæð áhrif á hávaðastig. Mjög mikil hætta á að það detti af.		X	X
8.2. Losun með útblæstri					
8.2.1. Losun frá hreyfli með rafkveikju					
8.2.1.1. Mengunarvarnar-búnaður	Sjónræn skoðun	a) Mengunarvarnarbúnaður, sem framleiðandi hefur komið fyrir, er ekki til staðar, hefur verið breytt eða er augljóslega bilaður.		X	
		b) Leki sem myndi hafa áhrif á losunarmælingar.		X	

At riði	Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
			Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
8.2.1.2. Losun lofttegunda	— Að því er varðar ökutæki í losunarflokkum upp að Euro 5 og Euro V ([7]): mælingar með því að nota greiningartæki fyrir útblástursloft í samræmi við kröfur [1] eða með aflestri af innbyggðu greiningarkerfi. Prófun við útblástursrörið skal fara fram með algengustu aðferðinni við mat á losun með útblæstri. Á grundvelli mats á jafngildi og með tilliti til viðeigandi löggjafar um gerðarviðurkenningu geta aðildarríkin heimilað notkun á innbyggðu greiningarkerfi í samræmi við tilmæli framleiðanda og aðrar kröfur. — Að því er varðar ökutæki í losunarflokkum allt að Euro 6 og Euro VI ([8]): mælingar með því að nota greiningartæki fyrir útblástursloft í samræmi við kröfur[1] eða með aflestri af innbyggðu greiningarkerfi í samræmi við tilmæli framleiðandans og aðrar kröfur. Mælingar eiga ekki við um tvígengishreyfla.	a) Annaðhvort er losun lofttegunda meiri en það magn sem framleiðandi gefur upp		X	
		b) eða, ef þessar upplýsingar liggja ekki fyrir, losun kolsýrings er meiri en, i. fyrir ökutæki þar sem losun er ekki stjórnað með þróuðu mengunarvarnarkerfi, — 4,5% eða — 3,5% samkvæmt dagsetningu fyrstu skráningar eða notkunar sem tilgreind er í kröfum [1], ii. fyrir ökutæki þar sem losun er stjórnað með þróuðu mengunarvarnarkerfi, — í lausagangi: 0,5% — í hröðum lausagangi: 0,3% eða — í lausagangi: 0,3% ([7]) — í hröðum lausagangi: 0,2% samkvæmt dagsetningu fyrstu skráningar eða notkunar sem tilgreind er í kröfum [1].		X	
		c) Stuðull fyrir Lambda-gildið liggur utan sviðsins 1 ± 0,03 eða er ekki í samræmi við forskriftir framleiðanda.		X	
		d) Aflestur af innbyggðu greiningarkerfi gefur til kynna umtalsverða bilun.		X	

At riði	Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
			Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
8.2.2. Losun frá þjöppukveikjuhreyfli					
8.2.2.1. Mengunarvarnarbúnaður	Sjónræn skoðun	a) Mengunarvarnarbúnaður, sem framleiðandi hefur komið fyrir, er ekki til staðar eða augljóslega bilaður.		X	
		b) Leki sem myndi hafa áhrif á mælingar á losun.		X	
8.2.2.2. Reykþéttni Ökutæki, sem eru skráð eða tekin í notkun fyrir 1. janúar 1980, eru undanþegin þessari kröfu.	— Að því er varðar ökutæki í losunarflokkum upp að Euro 5 og Euro V ([9]): mæla skal reykþéttni útblásturslofts við hröðun (frá lausagangi og upp í marksnúningshraða, án álags) í hlutlausum gír og með tengslin virk eða með aflestri af innbyggðu greiningarkerfi. Prófun við útblástursrörið skal fara fram með algengustu aðferðinni við mat á losun með útblæstri. Á grundvelli mats á jafngildi geta aðildarríkin heimilað notkun á innbyggðu greiningarkerfi í samræmi við tilmæli framleiðanda og aðrar kröfur. — Að því er varðar ökutæki í losunarflokkum frá og með Euro 6 og Euro VI ([10]): mæla skal reykþéttni útblásturslofts við hröðun (frá lausagangi og upp í marksnúningshraða, án álags) í hlutlausum gír og með tengslin virk eða með aflestri af innbyggðu greiningarkerfi í samræmi við tilmæli framleiðanda og aðrar kröfur [1]. Formeðhöndlun ökutækis: 1. Prófa má ökutæki án formeðhöndlunar jafnvel þótt rétt sé, af öryggisástæðum, að ganga úr skugga um að hreyfillinn sé heitur og í viðunandi ásigkomulagi.	a) Fyrir ökutæki sem voru fyrst skráð eða tekin í notkun eftir þann dag sem tilgreindur er í kröfum [1]; reykþéttni er meiri en skráð er á plötu framleiðanda ökutækisins.		X	

At riði	Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
			Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
	2. Formeðhöndlunarkröfur: i. Hreyfillinn skal vera orðinn heitur, t.d. skal hiti smurolíunnar vera a.m.k. 80 °C þegar hann er mældur með nema í olíukvarðarörinu eða vera við eðlilegan ganghita ef hann er lægri eða vélarblokkin skal vera a.m.k. jafnheit þegar hiti hennar er mældur, miðað við stig innrauðrar geislunar. Ef þessi mæling er óhagkvæm vegna lögunar ökutækis má komast að því eftir öðrum leiðum hver eðlilegur ganghiti hreyfilsins er, t.d. með því að setja kæliviftu hreyfilsins í gang. ii. Útblásturskerfi skal hreinsa með a.m.k. þremur hröðunarferlum eða annarri samsvarandi aðferð.				
		b) Þar sem þessar upplýsingar liggja ekki fyrir eða kröfur[1] heimila ekki notkun viðmiðunargilda, — fyrir hreyfla með innsogi: 2,5 m^{-1} — fyrir hreyfla með hverfiþjöppu: 3,0 m^{-1} eða — fyrir ökutæki sem tilgreind eru í kröfum [1] eða fyrst skráð eða tekin í notkun eftir þann dag sem tilgreindur er í kröfum [1]: 1,5 m^{-1} ([11]) 0,7 m^{-1} ([12])		X	

At riði	Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
			Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
	Prófunaraðferð: 1. Hreyfill og hverfiþjappa, ef hún er tengd, eiga að vera í lausagangi áður en hvert hröðunarferli hefst. Þegar um er að ræða þung, dísilknúin ökutæki þýðir þetta að bíða þarf í a.m.k. 10 sekúndur eftir að eldsneytisgjöfinni er sleppt. 2. Við upphaf hvers hröðunarferlis verður að gefa eldsneytið alveg í botn tafarlaust og óslitið (á innan við einni sekúndu), en ekki harkalega, til að ná fram hámarksafköstum eldsneytisdælunnar. 3. Á meðan hröðunarferlið stendur yfir skal hreyfillinn ná markhraða eða, þegar um er að ræða ökutæki með sjálfskiptingu, þeim hraða sem framleiðandinn tiltekur eða, ef þær upplýsingar liggja ekki fyrir, tveimur þriðju af markhraðanum áður en eldsneytisgjöfinni er sleppt. Hægt er að hafa eftirlit með þessu, t.d. með því að vakta snúningshraðann eða með því að láta nægan tíma líða frá því að eldsneytisgjöfinni er fyrst gefið inn og þar til henni er sleppt, en það ættu að vera a.m.k. tvær sekúndur ef um er að ræða ökutæki sem tilheyra flokkum M_2, M_3, N_2 og N_3. 4. Einungis má dæma ökutæki ónothæf ef meðaltal þriggja síðustu hröðunarferla hið minnsta er hærra en viðmiðunarmörkin. Þetta má reikna út með því að taka ekki með í reikninginn þær mælingar sem víkja verulega frá mælda meðaltalinu eða með því að nota niðurstöður annarra tölfræðiútreikninga þar sem ekki er tekið tillit til dreifingar í mælingum. Aðildarríkin mega takmarka hámarksfjölda prófunarferla.				

At riði	Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
			Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
	5. Til að forðast óþarfar prófanir geta aðildarríkin dæmt ökutæki ónothæf ef mæligildi þeirra eru verulega hærri en viðmiðunarmörkin segja til um eftir færri en þrjú hröðunarferli eða eftir hreinsunarferlin. Til að forðast óþarfar prófanir geta aðildarríkin að sama skapi samþykkt ökutæki sem eru með verulega lægri mæligildi en viðmiðunargildin segja til um eftir færri en þrjú hröðunarferli eða eftir hreinsunarferlin.				
8.3. Deyfing rafsegultruflana					
Rafsegultruflanir (X) [2]		Ein af gildandi kröfum[1] hefur ekki verið uppfyllt.	X		
8.4. Önnur umhverfistengd atriði					
8.4.1. Vökvaleki		Mjög mikill leki annarra vökva en vatns sem er líklegur til að skaða umhverfið eða skapa hættu fyrir öryggi vegfarenda.		X	
		Stöðug dropamyndun sem mjög mikil hætta stafar af.			X
9. VIÐBÓTARPRÓFANIR FYRIR ÖKUTÆKI TIL FARÞEGAFLUTNINGA Í FLOKKUM M_2 og M_3.					
9.1. Hurðir					
9.1.1. Inn- og útgönguhurðir	Sjónræn skoðun og við notkun.	a) Virka ekki rétt.		X	
		b) Í lélegu ástandi.	X		
		Líklegar til að valda áverkum.		X	
		c) Biluð neyðarstýring.		X	
		d) Fjarstýring á hurðum eða viðvörunarbúnaður bilaður.		X	
		e) Ekki í samræmi við kröfur [1].	X		
		Hurð er ekki nægilega breið.		X	

At riði	Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
			Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
9.1.2. Neyðarútgangar	Sjónræn skoðun og við notkun (eftir því sem við á).	a) Virka ekki rétt.		X	
		b) Merki við neyðarútgang er ólæsilegt. Merki við neyðarútgang vantar.	X	X	
		c) Hamar til að brjóta rúður vantar.	X		
		d) Ekki í samræmi við kröfur[1]. Ófullnægjandi breidd eða aðgangur er hindraður.	X	X	
9.2. Móðuhreinsunar- og afísingarkerfi (X) [2]	Sjónræn skoðun og við notkun.	a) Virkar ekki rétt. Hefur áhrif á örugga notkun ökutækis.	X	X	
		b) Losun eitraðra lofttegunda eða útblásturs í stýrishúsi eða farþegarými. Hættulegt heilbrigði einstaklinga um borð.		X	X
		c) Bilaður afísingarbúnaður (ef hann er skyldubundinn).		X	
9.3. Loftræsting og hitakerfi (X) [2]	Sjónræn skoðun og við notkun.	a) Virka ekki rétt. Hættulegt heilbrigði einstaklinga um borð.	X	X	
		b) Losun eitraðra lofttegunda eða útblásturs inn í stýrishús eða farþegarými. Hættulegt heilbrigði einstaklinga um borð.		X	X
9.4. Sæti					
9.4.1. Farþegasæti (þ.m.t. sæti fyrir fylgdarfólk)	Sjónræn skoðun	Fellisæti (ef þau eru heimiluð) virka ekki sjálfkrafa. Hindra aðgang að neyðarútgangi.	X	X	
9.4.2. Ökumannssæti (viðbótarkröfur)	Sjónræn skoðun	a) Bilun í sérstökum búnaði eins og glampavörn. Skert sjónsvið.	X	X	
		b) Varnir ökumanns ótryggar eða samrýmast ekki kröfum[1]. Líklegt til að valda áverkum.	X	X	

At riði	Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
			Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
9.5. Innilýsing og leiðsögubúnaður (X) [2]	Sjónræn skoðun og við notkun.	Bilun í búnaði eða hann samrýmist ekki kröfum [1]. Virkar alls ekki.	X	 X	
9.6. Gangar, rými fyrir standandi farþega	Sjónræn skoðun	a) Ótryggt gólf. Hefur áhrif á stöðugleika.		X	 X
		b) Bilaðar slár eða höld. Ótryggar eða ónothæfar.	X	 X	
		c) Ekki í samræmi við kröfur [1]. Breidd eða rými ekki fullnægjandi.	X	 X	
9.7. Stigar og tröppur	Sjónræn skoðun og við notkun (eftir því sem við á).	a) Í lélegu ástandi. Skemmdar. Hefur áhrif á stöðugleika.	X	 X	 X
		b) Uppdræg þrep virka ekki rétt.		X	
		c) Ekki í samræmi við kröfur [1]. Breidd ekki fullnægjandi eða of mikil hæð.	X	 X	
9.8. Farþegaboðskiptabúnaður (X) [2]	Sjónræn skoðun og við notkun.	Bilað kerfi. Virkar alls ekki.	X	 X	
9.9. Tilkynningar (X) [2]	Sjónræn skoðun.	a) Tilkynningu vantar, hún er röng eða ólæsileg.	X		
		b) Ekki í samræmi við kröfur [1]. Rangar upplýsingar.	X	 X	
9.10. Kröfur varðandi flutninga á börnum (X) [2]					
9.10.1. Hurðir	Sjónræn skoðun	Verndun hurða samrýmist ekki kröfum [1] varðandi þennan flutningsmáta.		X	
9.10.2. Merkjabúnaður og sérstakur búnaður	Sjónræn skoðun	Merkjabúnað eða sérstakan búnað vantar eða samrýmist ekki kröfum [1].	X		

At riði	Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
			Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
9.11. Kröfur varðandi flutninga á hreyfihömluðum einstaklingum (X) [2]					
9.11.1. Hurðir, skábrautir og lyftur	Sjónræn skoðun og notkun.	a) Virka ekki rétt. Áhrif á örugga notkun.	X	X	
		b) Í lélegu ástandi. Áhrif á stöðugleika; líklegar til að valda áverkum.	X	X	
		c) Biluð stjórntæki. Áhrif á örugga notkun.	X	X	
		d) Bilaður viðvörunarbúnaður. Virkar alls ekki.	X	X	
		e) Ekki í samræmi við kröfur [1].		X	
9.11.2. Aðhaldsbúnaður fyrir hjólastóla.	Sjónræn skoðun og við notkun, ef við á.	a) Virka ekki rétt. Áhrif á örugga notkun.	X	X	
		b) Í lélegu ástandi. Áhrif á stöðugleika; líklegur til að valda áverkum.	X	X	
		c) Biluð stjórntæki. Áhrif á örugga notkun.	X	X	
		d) Ekki í samræmi við kröfur [1].		X	
9.11.3. Merkjabúnaður og sérstakur búnaður	Sjónræn skoðun	Merkjabúnað eða sérstakan búnað vantar eða samrýmist ekki kröfum [1].		X	
9.12. Annar sérstakur búnaður (X) [2]					
9.12.1. Búnaður til matargerðar	Sjónræn skoðun	a) Búnaður samrýmist ekki kröfum[1].		X	
		b) Búnaður skemmdur að því marki að notkun hans er hættuleg.		X	

At riði	Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
			Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
9.12.2. Hreinlætisbúnaður	Sjónræn skoðun	Búnaður samrýmist ekki kröfum [1]. Líklegur til að valda áverkum.	X	 X	
9.12.3. Annar búnaður (t.d. hljóð- og myndmiðlunarbúnaður)	Sjónræn skoðun	Ekki í samræmi við kröfur [1]. Áhrif á örugga notkun ökutækis.	X	 X	

([1]) Ökutækjaflokkar, sem eru utan gildissviðs þessarar tilskipunar, eru hafðir með til leiðbeiningar.
([2]) 43% fyrir festivagna sem eru viðurkenndir fyrir 1. janúar 2012.
([3]) 48% fyrir ökutæki sem ekki eru búin læsivörðu hemlakerfi eða voru gerðarviðurkennd fyrir 1. október 1991.
([4]) 45% fyrir ökutæki sem voru skráð eftir 1988 eða þann dag sem er tilgreindur í kröfum og skal síðari dagurinn gilda.
([5]) 43% fyrir festivagna og tengivagna sem voru skráðir eftir 1988 eða þann dag sem er tilgreindur í kröfum og skal síðari dagurinn gilda.
([6]) T.d. 2,5 m/s^2 fyrir ökutæki í flokkum N1, N2 og N3 sem eru skráð í fyrsta skipti eftir 1. janúar 2012.
([7]) Gerðarviðurkennd í samræmi við tilskipun 70/220/EBE, töflu 1 í I. viðauka (Euro 5) við reglugerð (EB) nr. 715/2007, tilskipun 88/77/EBE og tilskipun 2005/55/EB.
([8]) Gerðarviðurkennd í samræmi við töflu 2 í I. viðauka (Euro 6) við reglugerð (EB) nr. 715/2007 og reglugerð (EB) nr. 595/2009 (Euro VI).
([9]) Gerðarviðurkennd í samræmi við tilskipun 70/220/EBE, töflu 1 í I. viðauka (Euro 5) við reglugerð (EB) nr. 715/2007, tilskipun 88/77/EBE og tilskipun 2005/55/EB.
([10]) Gerðarviðurkennd í samræmi við töflu 2 í I. viðauka (Euro 6) við reglugerð (EB) nr. 715/2007 og reglugerð (EB) nr. 595/2009 (Euro VI).
([11]) Gerðarviðurkennd í samræmi við viðmiðunarmörkin, sem eru sett fram í línu B í lið 5.3.1.4 í I. viðauka við tilskipun 70/220/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 98/69/EB eða síðar; línu B1, B2 eða C í lið 6.2.1 í I. viðauka við tilskipun 88/77/EBE eða fyrst skráð eða tekin í notkun eftir 1. júlí 2008.
([12]) Gerðarviðurkennd í samræmi við töflu 2 í I. viðauka (Euro 6) við reglugerð (EB) nr. 715/2007. Gerðarviðurkennd í samræmi við reglugerð (EB) nr. 595/2009 (Euro VI).

ATH.:
1 Mælt er fyrir um „kröfur“ með gerðarviðurkenningu við samþykki, fyrstu skráningu eða þegar fyrst er tekið í notkun og jafnframt með skuldbindingum um ísetningu endurbótarhluta eða löggjöf skráningarlands. Þessar ástæður fyrir því að ekki sé mögulegt að viðurkenna ökutækið gilda aðeins þegar gengið hefur verið úr skugga um hvort kröfur hafi verið uppfylltar.
2 (X) Auðkennir atriði sem eru tengd ástandi ökutækis og nothæfi þess á vegum en teljast ekki mikilvæg við prófun á akstursháefni.
3 Ótrygg breyting merkir breytingu sem hefur skaðleg áhrif á umferðaröryggi ökutækisins eða hefur hlutfallslega skaðleg áhrif á umhverfið.

II. VIÐAUKI

LÁGMARKSKRÖFUR UM INNTAK SKÍRTEINIS UM AKSTURSHÆFNI

Skírteini um akstursh æfni, sem gefið er út í kjölfar prófunar á akstursh æfni, skal a.m.k. ná yfir eftirfarandi atriði en á undan þeim skulu koma samsvarandi samræmdar táknt ölur Sambandsins:

1) verksmiðjunúmer ökutækis (e. *VIN number* eða *chassis number*),

2) númer skráningarmerkis ökutækis og tákn skráningarríkis,

3) stað og dagsetning prófunarinnar,

4) stöðu kílómetramælis þegar prófun fór fram, ef hún er tiltæk,

5) flokk ökutækis, ef hann er tiltækur,

6) annmarka, sem finnast, og alvarleikastig þeirra,

7) niðurstöðu prófunar á akstursh æfni,

8) dagsetningu næstu prófunar á akstursh æfni eða hvenær núgildandi skírteini rennur út, ef þessar upplýsingar eru ekki veittar með öðrum hætti,

9) heiti prófunarfyrirtækis eða -stöðvar og undirritun eða auðkenni skoðunarmannsins sem ber ábyrgð á prófuninni,

10) aðrar upplýsingar.

III. VIÐAUKI

LÁGMARKSKRÖFUR UM AÐSTÖÐU TIL PRÓFANA Á AKSTURSHÆFNI OG PRÓFUNARBÚNAÐ

I. Aðstaða og búnaður

Prófanir á akstureshæfni, sem fara fram í samræmi við aðferðirnar, sem mælt er með og tilgreindar eru í I. viðauka, skulu framkvæmdar í viðeigandi aðstöðu og með viðeigandi búnaði. Þetta getur, eftir atvikum, falið í sér notkun færanlegra prófunareininga. Nauðsynlegur prófunarbúnaður fer eftir því hvaða ökutækjaflokka á að prófa eins og lýst er í töflu I. Aðstaða og búnaður skal vera í samræmi við eftirfarandi lágmarkskröfur:

1) prófunaraðstaða með fullnægjandi rými til að meta ökutækin og sem uppfyllir nauðsynlegar kröfur um heilbrigði og öryggi.

2) Nægilega stór akrein til að nota við hverja prófun, gryfja eða lyfta og, að því er varðar ökutæki með hámarksmassa yfir 3,5 tonnum, búnaður til að lyfta ökutæki á öðrum ásnum, með viðeigandi lýsingu og, ef nauðsyn krefur, loftunarbúnaði.

3) Að því er varðar prófun á ökutæki, keflahemlaprófari, sem getur mælt, sýnt og skráð hemlunarkrafta og loftþrýsting í lofthemlakerfi, í samræmi við viðauka A við ISO-staðal 21069-1 um tæknilegar kröfur um keflahemlaprófara eða jafngilda staðla,

4) Að því er varðar prófun á ökutækjum með hámarksmassa undir 3,5 tonnum, keflahemlaprófari í samræmi við 3. lið, sem þarf ekki að geta skráð og sýnt hemlunarkrafta, fetilkraft og loftþrýsting í lofthemlakerfum,

eða

plötuhemlaprófari, sem er sambærilegur keflahemlaprófara í samræmi við 3. lið, sem þarf ekki að geta skráð hemlunarkrafta, fetilkraft og sýnt loftþrýsting í lofthemlakerfum.

5) Hraðaminnkunarmælir, sem skráir niðurstöður á meðan mælitæki, sem mæla ekki samfellt, verða að skrá/geyma mælingar á a.m.k. 10 sekúndna fresti.

6) Búnaður til prófunar á lofthemlakerfum, eins og þrýstimælar, tengibúnaður og slöngur,

7) Álagsskynjari fyrir hjól eða ás til að ákvarða álag á ásinn (valkvæður búnaður til að mæla tveggja hjóla álag, eins og þyngdarpúða hjóls og þyngdarpúða áss).

8) Tæki, sem prófar fjöðrun á milli hjóls og áss (skynjari fyrir hlaup í hjólum) án þess að lyfta ásnum, sem uppfyllir eftirfarandi kröfur:

   a) tækið verður að vera búið a.m.k. tveimur vélknúnum plötum, sem geta færst í sitthvora áttina, bæði langsum og þversum,

   b) stjórnandinn verður að geta stýrt hreyfingu platnanna frá staðsetningu prófunarinnar,

   c) að því er varðar ökutæki með hámarksmassa yfir 3,5 tonnum skulu plöturnar vera í samræmi við eftirfarandi tæknilegar kröfur:

      — þær skulu geta færst um a.m.k. 95 mm langsum og þversum,

      — hraði hreyfingarinnar, langsum og þversum, skal vera á bilinu 5–15 cm/s.

9) Hljóðstigsmælir í II. flokki, ef hljóðstig er mælt.

10) Greiningartæki fyrir fjórar lofttegundir (e. *4-gas analyser*) í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/22/EB ([1]).

11) Tæki til að mæla gleypnistuðul með nægilegri nákvæmni.

12) Einn miðunarbúnaður fyrir aðalljósker, sem gerir kleift að prófa stillingar aðalljóskersins í samræmi við ákvæðin um stillingu aðalljóskera vélknúinna ökutækja (tilskipun 76/756/EBE); auðvelt þarf að vera að greina skilin á milli birtu og myrkurs í dagsljósi (án þess að um sé að ræða beint sólarljós).

13) Tæki til að mæla mynsturdýpt hjólbarða.

14) Tæki til að tengjast rafrænum skilfleti ökutækis, eins og skönnunartæki fyrir innbyggt greiningartæki.

15) Tæki til að greina leka fljótandi jarðolíugass/þjappaðs jarðgass/fljótandi jarðgass, ef slík ökutæki eru prófuð.

Hægt er að sameina öll framangreind tæki í eitt samsett tæki, að því tilskildu að það hafi ekki áhrif á nákvæmni hvers tækis.

II. Kvörðun búnaðar sem notaður er til mælinga

Ef annað er ekki tilgreint í viðkomandi löggjöf Sambandsins skal tíminn sem líður á milli tveggja kvarðana ekki vera lengri en:

i. 24 mánuðir varðandi mælingu þyngdar, þrýstings og hljóðstigs,

ii. 24 mánuðir varðandi mælingu krafta,

iii. 12 mánuðir varðandi mælingu losun lofttegunda.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/22/EB frá 31. mars 2004 um mælitæki (Stjtíð. ESB L 135, 30.4.2004, bls. 1).

Tafla I ([1])

Tilskilinn lágmarksbúnaður við framkvæmd prófunar á akstureiginleikum																		
Ökutæki		Flokkur		Tilskilinn búnaður fyrir hvert atriði sem talið er upp í I. hluta														
	Hámarksmassi			1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15
1. Bifhjól			1															
		L1e	P	x								x	x		x	x	x	
		L3e, L4e	P	x								x	x		x	x	x	
		L3e, L4e	D	x								x		x	x	x	x	
		L2e	P	x	x							x	x		x	x	x	
		L2e	D	x	x							x		x	x	x	x	
		L5e	P	x	x							x	x		x	x	x	
		L5e	D	x	x							x		x	x	x	x	
		L6e	P	x	x							x	x		x	x	x	
		L6e	D	x	x							x		x	x	x	x	
		L7e	P	x	x							x	x		x	x	x	
		L7e	D	x	x							x		x	x	x	x	
2. Ökutæki til fólksflutninga																		

Tilskilinn lágmarksbúnaður við framkvæmd prófunar á akstureiginleikum																		
Ökutæki		Flokkur		Tilskilinn búnaður fyrir hvert atriði sem talið er upp í I. hluta														
	Hámarksmassi			1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15
	Allt að 3 500 kg	M_1, M_2	P	x	x		x					x	x		x	x	x	x
	Allt að 3 500 kg	M_1, M_2	D	x	x		x					x		x	x	x	x	
	> 3 500 kg	M_2, M_3	P	x	x	x		x	x	x	x	x	x		x	x	x	x
	> 3 500 kg	M_2, M_3	D	x	x	x		x	x	x	x	x		x	x	x	x	
3. Ökutæki til vöruflutninga																		
	Allt 3 500 kg	N_1	P	x	x		x					x	x		x	x	x	x
	Allt að 3 500 kg	N_1	D	x	x		x					x		x	x	x	x	
	> 3500 kg	N_2, N_3	P	x	x	x		x	x	x	x	x	x		x	x	x	x
	> 3 500 kg	N_2, N_3	D	x	x	x		x	x	x	x	x		x	x	x	x	
4. Sérstök ökutæki sem byggð eru á ökutæki í flokki N, T5																		
	Allt að 3 500 kg	N_1	P	x	x		x					x	x		x	x	x	x
	Allt að 3 500 kg	N_1	D	x	x		x					x		x	x	x	x	

Tilskilinn lágmarksbúnaður við framkvæmd prófunar á akstursháefni																		
Ökutæki		Flokkur		Tilskilinn búnaður fyrir hvert atriði sem talið er upp í I. hluta														
	Hámarksmassi			1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15
	> 3 500 kg	N_2, N_3, T5	P	x	x	x		x	x	x	x	x	x		x	x	x	x
	> 3 500 kg	N_2, N_3, T5	D	x	x	x		x	x	x	x	x		x	x	x	x	
5. Eftirvagnar	Allt að 750 kg	O_1		x												x		
	> 750–3 500 kg	O_2		x	x		x									x		
	> 3 500 kg	O_3, O_4		x	x	x			x	x	x					x		

([1]) Ökutækjaflokkar, sem eru utan gildissviðs þessarar tilskipunar, eru hafðir með til leiðbeiningar.

[1] P…bensín (rafkveikja), D…dísilolía (þjöppukveikja)

IV. VIÐAUKI

LÁGMARKSKRÖFUR UM HÆFNI, ÞJÁLFUN OG VOTTUN SKOÐUNARMANNA

1. Hæfni

Áður en umsækjanda um stöðu skoðunarmanns er heimilað að framkvæma reglubundnar prófanir á akstursháefni skulu aðildarríkin eða lögbær yfirvöld staðfesta að sá einstaklingur:

a) hafi vottaða þekkingu og skilning á eftirfarandi sviðum sem skipta máli fyrir ökutæki:

— aflfræði,

— hreyfifræði,

— hreyfifræði ökutækis,

— brunahreyflum,

— efnum og efnavinnslu,

— rafeindatækni,

— rafkerfum,

— rafeindaíhlutum ökutækis,

— upplýsingatæknibúnaði,

b) hafi a.m.k. þriggja ára skjalfesta reynslu eða jafngildi þess, eins og skjalfesta handleiðslu eða nám og viðeigandi þjálfun á framangreindum sviðum ökutækja.

2. Grunnþjálfun og upprifjunarþjálfun

Aðildarríki eða lögbær yfirvöld skulu tryggja að skoðunarmenn fái viðeigandi grunnþjálfun og upprifjunarþjálfun eða gangist undir viðeigandi próf, þ.m.t. í bóklegum og verklegum þáttum, til að gera þeim kleift að fá heimild til að framkvæma prófanir á akstursháefni.

Grunnþjálfun og upprifjunarþjálfun eða viðeigandi próf skulu að lágmarki fela í sér eftirfarandi viðfangsefni:

a) Grunnþjálfun eða viðeigandi próf

Grunnþjálfun, sem aðildarríki eða viðurkennd námsmiðstöð í aðildarríkis veita, skal a.m.k. fela í sér eftirfarandi viðfangsefni:

i. ökutækjatækni:

— hemlakerfi,

— stýrisbúnað,

— sjónsvið,

— uppsetningu ljósa, ljósabúnaðar og rafeindaíhluta,

— ása, hjóla og hjólbarða,

— undirvagn og yfirbyggingu,

— óþægindi og útblástur,

— viðbótarkröfur um sérstök ökutæki,

ii. prófunaraðferðir,

iii. mat á annmörkum,

iv. lagaskilyrði um ástand ökutækis sem á að viðurkenna,

v. lagaskilyrði um próf á akstursháfni,

vi. stjórnsýsluákvæði um viðurkenningu ökutækis, skráningu og próf á akstursháfni,

vii. upplýsingatæknibúnað sem tengist próf og stjórnsýslu.

b) Upprifjunarþjálfun eða viðeigandi próf

Aðildarríki skulu tryggja að skoðunarmenn fái reglulega upprifjunarþjálfun eða gangist undir viðeigandi próf sem aðildarríki eða viðurkennd námsmiðstöð aðildarríkis veitir eða ákvarðar.

Aðildarríki skulu tryggja að inntak upprifjunarþjálfunar eða viðeigandi prófs geri skoðunarmönnum kleift að viðhalda og rifja upp tilskilda þekkingu og færni sem tengist viðfangsefnunum sem um getur í i.–vii. lið a-liðar hér að framan.

3. Hæfisskírteini

Skírteini eða jafngilt skjal, sem gefið er út til handa skoðunarmanni, sem hefur heimild til að framkvæma prófanir á akstursháfni, skal innihalda a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

— auðkenni skoðunarmanns (eiginnafn, kenninafn),

— ökutækjaflokka þar sem skoðunarmaður hefur heimild til að framkvæma prófanir á akstursháfni,

— heiti útgáfuyfirvalds,

— útgáfudag.

V. VIÐAUKI

EFTIRLITSAÐILAR

Reglur og verklag um eftirlitsaðila, sem aðildarríkin koma á fót í samræmi við 14. gr., skulu a.m.k. fela í sér eftirfarandi lágmarkskröfur:

1. Verkefni og starfsemi eftirlitsaðilanna

Eftirlitsaðilarnir skulu a.m.k. inna af hendi eftirfarandi verkefni:

a) hafa eftirlit með prófunarstöðvum:

— athuga hvort athafnasvæði og prófunarbúnaður uppfylli lágmarkskröfur,

— sannreyna hvort viðurkenndur aðili uppfylli lögboðnar kröfur,

b) hafa eftirlit með þjálfun og prófum skoðunarmanna:

— sannreyna grunnþjálfun skoðunarmanna,

— sannreyna reglubundna upprifjunarþjálfun skoðunarmanna,

— veita prófdómurum eftirlitsaðila reglubundna upprifjunarþjálfun,

— framkvæma eða hafa umsjón með prófum,

c) gera úttekt:

— gera úttekt á prófunarstöðvum áður en þær eru viðurkenndar,

— gera reglubundnar endurúttektir á prófunarstöðvum,

— gera sérstaka úttekt ef um er að ræða frávik frá kröfum,

— gera úttekt á þjálfunar-/prófmiðstöðvum,

d) vakta, t.d. með eftirfarandi ráðstöfunum:

— endurprófa tölfræðileg gildi hluta prófaðra ökutækja,

— fara í „hulduheimsókn“ (e. *mystery shopper*) (valkvætt að nota bílað ökutæki),

— greina niðurstöður prófana á akstursháefni (tölfræðiaðferðir),

— leggja fram kæru vegna prófana,

— rannsaka kvartanir,

e) fullgilda niðurstöðu mælinga vegna prófana á akstursháefni,

f) leggja fram tillögu að afturköllun eða tímabundinni niðurfellingu viðurkenningar prófunarstöðva og/eða skoðunarmanna:

— þegar stöð eða viðkomandi skoðunarmaður uppfyllir ekki þýðingarmikla kröfu um viðurkenningu,

— þegar meiriháttar frávik frá kröfum koma í ljós,

— þegar niðurstöður úttekta eru hvað eftir annað neikvæðar,

— þegar óflekkað mannorð stöðvarinnar eða viðkomandi skoðunarmanns skaðast.

2. Kröfur sem varða eftirlitsaðilann

Kröfur, sem gilda um starfsfólk eftirlitsaðilans, skulu taka til eftirfarandi sviða:

— tæknilegrar færni,

— óhlutdrægni,

— staðla sem varða gæði og þjálfun.

3. Reglur og verklag

Hvert aðildarríki eða lögbært yfirvald þess skal mæla fyrir um viðeigandi reglur og verklag sem skal a.m.k. fela í sér eftirfarandi þætti:

a) kröfur um viðurkenningu prófunarstöðva og eftirlit með þeim:

— umsókn um leyfi til að starfa sem prófunarstöð,

— ábyrgðarsvið prófunarstöðva,

— heimsókn eða heimsóknir áður en leyfi er veitt til að sannprófa hvort allar kröfur séu uppfylltar,

— leyfi prófunarstöðva,

— reglubundnar endurprófanir/-úttektir á prófunarstöðvum,

— reglubundið eftirlit með prófunarstöðvum til að athuga hvor þær fari áfram að viðeigandi reglum og verklagi,

— gagnreyndar athuganir eða úttektir á prófunarstöðvum án fyrirvara,

— greining prófunargagna til að athuga hvort sannanir séu fyrir hendi að farið sé að viðeigandi reglum og verklagi,

— afturköllun eða tímabundin niðurfelling leyfis prófunarstöðva,

b) skoðunarmenn prófunarstöðva:

— kröfur til að geta orðið vottaður skoðunarmaður,

— grunnþjálfun, upprifjunarþjálfun og próf,

— afturköllun eða tímabundin niðurfelling á vottun skoðunarmanna,

c) búnaður og athafnasvæði:

— kröfur um prófunarbúnað,

— kröfur um athafnasvæði þar sem prófun fer fram,

— kröfur um skilti,

— kröfur um viðhald og kvörðun prófunarbúnaðar,

— kröfur um tölvukerfi,

d) eftirlitsaðilar:

— valdsvið eftirlitsaðila,

— kröfur sem gilda um starfsfólk eftirlitsaðila,

— kærur og kvartanir.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1321/2014 **2015/EES/55/22**

frá 26. nóvember 2014

um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði

(endurútgefin)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB ([1]), einkum 5. mgr. 5. gr. og 3. mgr. 6. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003 frá 20. nóvember 2003 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði ([2]) hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum ([3]). Þar sem um frekari breytingar verður að ræða er rétt að endurútgefa hana til glöggvunar.

2) Með reglugerð (EB) nr. 216/2008 eru settar fram sameiginlegar grunnkröfur þar sem kveðið er á um samræmt öryggi í almenningsflugi og umhverfisvernd á háu stigi. Samkvæmt henni á framkvæmdastjórnin að samþykkja nauðsynlegar framkvæmdarreglur til að tryggja samræmda beitingu grunnkrafnanna. Með reglugerðinni er einnig stofnuð Flugöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Flugöryggisstofnunin“) til að aðstoða framkvæmdastjórnina við samningu þessara framkvæmdarreglna.

3) Nauðsynlegt er að mæla fyrir um sameiginlegar tækni- og stjórnsýslukröfur til að tryggja áframhaldandi lofthæfi framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs sem falla undir reglugerð (EB) nr. 216/2008.

4) Fyrirtæki og starfsfólk, sem annast viðhald á framleiðsluvörum, hlutum og búnaði, skulu uppfylla tilteknar tæknikröfur og sanna getu sína og hæfni til að leysa af hendi þær skyldur sem fylgja réttindum þeirra og ber framkvæmdastjórninni að mæla fyrir um ráðstafanir þar sem tilgreind eru skilyrði fyrir því að gefa út, viðhalda, breyta, ógilda tímabundið eða afturkalla vottorð sem staðfesta að þessar kröfur hafi verið uppfylltar.

5) Ef tryggja á samræmi í beitingu sameiginlegra tæknikrafna á sviði áframhaldandi lofthæfis hluta og búnaðar til flugs verða lögbær yfirvöld að nota sameiginlegar verklagsreglur til að meta hvort þessar kröfur hafi verið uppfylltar og Flugöryggisstofnunin ætti að semja vottunarforskriftir til að greiða fyrir nauðsynlegri samræmingu reglna.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 362, 17.12.2014, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 111/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 315, 28.11.2003, bls. 1.

([3]) Sjá V. viðauka.

6) Það er nauðsynlegt að viðurkenna áframhaldandi gildi vottorða, sem gefin voru út fyrir gildistöku reglugerðar (EB) nr. 2042/2003, í samræmi við 69. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

7) Ákvæði 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, þar sem fjallað er um lofthæfi, voru rýmkuð til að fella þætti, sem varða mat á öruggri starfrækslu, inn í framkvæmdarreglurnar um tegundarvottun.

8) Flugöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Flugöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt væri að breyta reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 ([4]) í því skyni að gera Flugöryggisstofnuninni kleift að samþykkja gögn um örugga starfrækslu sem hluta af ferlinu við tegundarvottun.

9) Gögnin um örugga starfrækslu ættu að innihalda skyldubundna þjálfunarþætti að því er varðar þjálfun viðhaldsvotta til tegundarréttinda. Þessir þættir ættu að skapa grunn að þróun námskeiða fyrir tegundarþjálfun.

10) Nauðsynlegt er að breyta kröfunum um að koma á fót þjálfunarnámskeiðum til tegundarréttinda fyrir viðhaldsvotta þannig að þær vísi til gagna um örugga starfrækslu.

11) Flugöryggisstofnunin samdi drög að framkvæmdarreglum um hugtakið „gögn um örugga starfrækslu“ og lagði þau fyrir framkvæmdastjórnina sem álit ([5]) í samræmi við 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndar Flugöryggisstofnunar Evrópu ([6]) sem komið var á fót með 1. mgr. 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Markmið og gildissvið

1. Í þessari reglugerð er kveðið á um sameiginlegar tæknikröfur og stjórnsýslumeðferð til að tryggja áframhaldandi lofthæfi loftfara, þ.m.t. íhlutir til ísetningar í þau, sem:

a) eru skráð í aðildarríki eða

b) eru skráð í þriðja landi en aðildarríki ber ábyrgð á eftirliti með rekstri flugrekandans sem notar þau.

2. Fyrsta málsgrein gildir ekki ef lögbundið öryggiseftirlit með loftfari hefur verið falið þriðja landi og ef flugrekandi í ESB notar ekki loftfarið og ekki um loftför sem um getur í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008.

3. Ákvæði þessarar reglugerðar um flutningaflug gilda um flugrekendur sem hafa flugrekstrarleyfi í samræmi við lög ESB.

2. gr.

Skilgreiningar

Innan ramma reglugerðar (EB) nr. 216/2008 er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) ‚loftfar‘: sérhvert tæki sem haldist getur á flugi vegna verkana loftsins, annarra en loftpúðaáhrifa við yfirborð jarðar,

b) ‚viðhaldsvottar‘: starfsfólk sem gefur út viðhaldsvottorð að loknu viðhaldi loftfars eða íhlutar,

c) ‚íhlutur‘: hreyfill, loftskrúfa, hlutur eða búnaður,

d) ‚áframhaldandi lofthæfi‘: allt ferlið sem tryggir að loftfar uppfylli ávallt, á þeim tíma sem það er starfrækt, gildandi kröfur um lofthæfi og sé öruggt í starfrækslu,

e) „JAA“ (e. *Joint Aviation Authorities*): „Flugöryggissamtök Evrópu“,

f) „JAR“ (e. *Joint Aviation Requirements*): kröfur Flugöryggissamtaka Evrópu, JAR-kröfur,

([4]) Stjtíð. ESB L 224, 21.8.2012, bls. 1.
([5]) Álit Flugöryggisstofnunar Evrópu nr. 07/2011 frá 13. desember 2011, aðgengilegt á: http://easa.europa.eu/agency-measures/opinions.php
([6]) Álit nefndar Flugöryggisstofnunar Evrópu frá 23. september 2003.

g) ‚stórt loftfar': loftfar, sem er flokkað sem flugvél með hámarksflugtaksmassa yfir 5700 kg, eða fjölhreyfla þyrla,

h) ‚viðhald': hvert eftirfarandi atriða eitt sér eða sambland þeirra: grannskoðun, viðgerð, skoðun, endurnýjun, breyting eða lagfæring á galla í loftfari eða íhlut, að undanskilinni fyrirflugsskoðun,

i) ‚fyrirtæki': einstaklingur, lögaðili eða hluti lögaðila. Koma má upp slíkum fyrirtækjum á fleiri en einum stað, hvort sem er innan eða utan yfirráðasvæðis aðildarríkjanna,

j) ‚fyrirflugsskoðun': skoðun, sem er framkvæmd fyrir flug, til að ganga úr skugga um að loftfarið sé hæft til fyrirhugaðs flugs,

k) ‚ELA1-loftfar': eftirfarandi mönnuð létt evrópsk loftför:

   i. flugvél með hámarksflugtaksmassa (MTOM) sem er 1200 kg eða minni og flokkast ekki sem flókið, vélknúið loftfar,

   ii. sviffluga eða vélsviffluga með hámarksflugtaksmassa sem er 1200 kg eða minni,

   iii. loftbelgur sem er hannaður þannig að hámarksrúmmál burðargass eða hitalofts er ekki meira en 3400 m^3 í hitaloftbelg, 1050 m^3 í gasbelg og 300 m^3 í tjóðruðum gasbelg,

   iv. loftskip sem er ætlað fjórum eða færri og er hannað þannig að hámarksrúmmál burðargass eða hitalofts er ekki meira en 3400 m^3 fyrir hitaloftskip og 1000 m^3 fyrir gasloftskip,

l) ‚LSA-loftfar': léttar sportflugvélar sem hafa alla eftirfarandi eiginleika:

   i. hámarksflugtaksmassi er í mesta lagi 600 kg,

   ii. mesti ofrishraði í lendingarham (VSO) er að hámarki 45 hnúta leiðréttur hraði (CAS) við skráðan hámarks-flugtaksmassa loftfarsins og viðkvæmustu þyngdarmiðjuna,

   iii. hámarkssætarými er fyrir tvo, þ.m.t. flugmaðurinn,

   iv. einn hreyfil sem er ekki hverfihreyfill og búinn skrúfu,

   v. farþegarými sem er án jafnþrýstibúnaðar,

m) ‚höfuðstöðvar': aðalskrifstofa eða skráð skrifstofa fyrirtækis þar sem aðalumsýsla fjármuna og rekstrarstjórn þeirrar starfsemi, sem um getur í þessari reglugerð fer fram.

3. gr.

Kröfur um áframhaldandi lofthæfi

1. Tryggja ber áframhaldandi lofthæfi loftfars og íhluta í samræmi við ákvæði I. viðauka (M-hluti).

2. Fyrirtæki og starfsfólk, sem kemur að áframhaldandi lofthæfi loftfars og íhluta, þ.m.t. viðhaldi, skulu uppfylla ákvæði I. viðauka (M-hluta) og, ef við á, ákvæðin sem tilgreind eru í 4. og 5. gr.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal tryggja áframhaldandi lofthæfi loftfara, sem hafa flugleyfi, á grundvelli sérstaks fyrirkomulags um áframhaldandi lofthæfi eins og þeir eru skilgreindir í flugleyfi sem gefið er út í samræmi við I. viðauka (21. hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 ([7]).

4. gr.

Samþykki fyrir viðhaldsfyrirtækjum

1. Fyrirtæki, sem sjá um viðhald stórra loftfara eða loftfara, sem eru notuð í flutningaflugi, og viðhald íhluta, sem eru ætlaðir til ísetningar í þau, skulu samþykkt í samræmi við ákvæði II. viðauka (145. hluta).

2. Viðhaldssamþykki, sem aðildarríki hefur gefið út eða viðurkennt í samræmi við kröfur og málsmeðferð Flugöryggis-samtaka Evrópu (JAA) og gilti fyrir gildistöku reglugerðar (EB) nr. 2042/2003, telst gefið út í samræmi við þessa reglugerð.

([7]) Stjtíð. ESB L 224, 21.8.2012, bls. 1.

3. Starfsfólki, sem hefur menntun og hæfi til að framkvæma og/eða hafa eftirlit með prófunum, með tilliti til áframhaldandi lofthæfi, án eyðileggingar á burðarvirkjum loftfara og/eða íhlutum loftfara á grundvelli staðals sem aðildarríki viðurkenndi áður en reglugerð (EB) nr. 2042/2003 öðlaðist gildi og sem felur í sér sambærilegar kröfur um hæfi, er áfram heimilt að framkvæma og/eða hafa eftirlit með slíkum prófunum.

4. Viðhaldsvottorð og opinber viðhaldsvottorð, sem viðhaldsfyrirtæki, sem hefur hlotið samþykki samkvæmt kröfum aðildarríkisins, gefur út fyrir gildistökudag reglugerðar (EB) nr. 1056/2008, skulu teljast jafngild þeim sem krafist er samkvæmt M.A.801 annars vegar og M.A.802 hins vegar í I. viðauka (M-hluta).

5. gr.

Viðhaldsvottar

1. Viðhaldsvottar skulu hafa starfsréttindi í samræmi við ákvæði III. viðauka (66. hluta) nema í þeim tilvikum sem kveðið er á um í h-lið M.A.606, b-lið M.A.607, d-lið M.A.801 og í M.A.803 í I. viðauka (M-hluta) og í j-lið 145.A.30 og IV. viðbæti við II. viðauka (145. hluta).

2. Skírteini flugvéltæknis og tæknilegar takmarkanir í því, ef einhverjar eru, sem aðildarríki gefur út eða viðurkennir í samræmi við kröfur og málsmeðferð Flugöryggissamtaka Evrópu og er í gildi þegar reglugerð (EB) nr. 2042/2003 öðlaðist gildi, telst gefið út í samræmi við þessa reglugerð.

3. Viðhaldsvottar sem hafa skírteini í tilteknum flokki/undirflokki sem gefið er út í samræmi við III. viðauka (66. hluta) teljast hafa réttindin sem lýst er í a-lið 66.A.20 sama viðauka og samsvara þeim flokki/undirflokki. Grunnkröfur um þekkingu sem samsvarar nýjum réttindum skulu teljast uppfylltar að því er varðar viðbótaráritanir við slík réttindi fyrir nýjan flokk/undirflokk.

4. Viðhaldsvottar sem hafa skírteini, þ.m.t. fyrir loftför sem ekki er gerð krafa um sérstök tegundarréttindi fyrir, mega áfram neyta réttinda sinna þar til kemur að fyrstu endurnýjun eða breytingu en þá skal skírteininu breytt, samkvæmt verklagsreglunni sem lýst er í 66.B.125 í III. viðauka (66. hluta), yfir í réttindin sem skilgreind eru í 66.A.45 í sama viðauka.

5. Umbreytingar- og námsmatsskýrslur sem eru í samræmi við kröfurnar sem voru í gildi áður en reglugerð (ESB) nr. 1149/2011 tók gildi skulu teljast í samræmi við þessa reglugerð.

6. Þar til settar verða fram sértækar kröfur í þessari reglugerð um viðhaldsvotta:

i. fyrir önnur loftför en flugvélar og þyrlur,

ii. fyrir íhluti,

skulu kröfurnar sem í gildi eru í viðeigandi aðildarríki gilda áfram, nema hvað varðar viðhaldsfyrirtæki sem staðsett eru utan Evrópusambandsins en þar skulu kröfurnar samþykktar af Flugöryggisstofnuninni.

6. gr.

Kröfur sem gerðar eru til þjálfunarfyrirtækja

1. Fyrirtæki, sem þjálfa starfsfólkið sem um getur í 5. gr., skulu hafa hlotið samþykki, í samræmi við IV. viðauka (147. hluta), fyrir réttindum til að:

a) halda viðurkennd grunnþjálfunarnámskeið og/eða

b) halda viðurkennd tegundarþjálfunarnámskeið og

c) halda próf og

d) gefa út vottorð um þjálfun.

2. Telja skal að samþykki fyrir viðhaldskennslufyrirtæki, sem aðildarríki gefur út eða viðurkennir í samræmi við kröfur og málsmeðferð Flugöryggissamtaka Evrópu og sem er í gildi þegar reglugerð (EB) nr. 2042/2003 öðlaðist gildi, hafi verið gefið út í samræmi við þessa reglugerð.

3. Námskeið fyrir tegundarþjálfun, sem samþykkt eru áður en lágmarksnámsefni fyrir tegundarréttindi viðhaldsvotta hefur verið samþykkt, samkvæmt gögnum um örugga starfrækslu fyrir viðeigandi tegund í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, skulu fela í sér viðeigandi atriði sem skilgreind eru í skyldubundnum þáttum þessara gagna um örugga starfrækslu, eigi síðar en 18. desember 2017 eða innan tveggja ára frá því að gögn um örugga starfrækslu voru samþykkt, hvort sem síðar verður.

7. gr.

Reglugerð (EB) nr. 2042/2003 er felld úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í VI. viðauka.

8. gr.

Gildistaka

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. geta aðildarríkin kosið að beita ekki:

a) vegna viðhalds á flugvélum sem knúnar eru með strokkhreyfli en hafa ekki jafnþrýstibúnað og eru með 2000 kg hámarksflugtaksmassa eða þar undir og eru ekki notaðar í flutningaflugi,

kröfunni um að viðhaldsvottar hafi hlotið starfsréttindi í samræmi við III. viðauka (66. hluta) og eftirfarandi ákvæði fyrr en 28. september 2014:

– g-lið M.A.606 og 2. lið b-liðar M.A.801 í I. viðauka (M-hluta),

– g- og h-lið 145.A.30 í II. viðauka (145. hluta),

b) vegna viðhalds á ELA1-flugvélum sem ekki eru notaðar í flutningaflugi, fyrr en 28. september 2015:

i. kröfunni um að lögbært yfirvald gefi út skírteini flugvéltæknis í samræmi við III. viðauka (66. hluta) sem nýtt eða umbreytt skírteini samkvæmt lið 66.A.70 í sama viðauka,

ii. kröfunni um að viðhaldsvottar hafi hlotið starfsréttindi í samræmi við III. viðauka (66. hluta) og eftirfarandi ákvæði:

– g-lið M.A.606 og 2. lið b-liðar M.A.801 í I. viðauka (M-hluta),

– g- og h-lið 145.A.30 í II. viðauka (145. hluta).

3. Þegar aðildarríki nýtir sér ákvæði 2. mgr. skal það tilkynna framkvæmdastjórninni og Flugöryggisstofnuninni um það.

4. Að því er varðar tímamörkin sem gefin eru upp í 66.A.25 og 66.A.30 og í III. viðbæti við III. viðauka (66. hluta) varðandi próf í grunnþekkingu, grunnreynslu, bóklega tegundarþjálfun og -próf, verklega þjálfun og mat, tegundarpróf og þjálfun á vinnustað sem lokið er áður en reglugerð (EB) nr. 2042/2003 tók gildi, skal upphaf tímamarka vera dagurinn sem reglugerð (EB) nr. 2042/2003 tók gildi.

5. Flugöryggisstofnun skal leggja álit fyrir framkvæmdastjórnina sem felur í sér tillögur um einfalt og hóflegt kerfi fyrir leyfisveitingar til viðhaldsvotta sem koma að viðhaldi á ELA1-flugvélum og loftförum öðrum en flugvélum og þyrlum.

9. gr.

Ráðstafanir Flugöryggisstofnunar

1. Flugöryggisstofnun skal þróa viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur sem lögbær yfirvöld, stofnanir og starfsfólk geta nýtt til að sýna fram á að farið sé að ákvæðum viðaukanna við þessa reglugerð.

2. Þær viðurkenndu aðferðir til að uppfylla kröfur sem Flugöryggisstofnun gefur út skulu hvorki innleiða nýjar kröfur né veita tilslakanir á kröfur viðaukanna við þessa reglugerð.

3. Með fyrirvara um 54. og 55. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008 skulu viðeigandi kröfur viðaukanna við þessa reglugerð teljast uppfylltar, án þess að frekar sé sýnt fram á það, ef þær viðurkenndu aðferðir til að uppfylla kröfur sem Flugöryggisstofnun gaf út eru nýttar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. nóvember 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

JEAN-CLAUDE JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

(M-hluti)

EFNISYFIRLIT

M.1

A-ÞÁTTUR – TÆKNILEGAR KRÖFUR

A-KAFLI – ALMENN ÁKVÆÐI

M.A.101 Gildissvið

B-KAFLI – ÁBYRGÐARSKYLDA

M.A.201 Ábyrgð

M.A.202 Tilkynning atvika

C-KAFLI – ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI

M.A.301 Verkefni í tengslum við áframhaldandi lofthæfi

M.A.302 Viðhaldsáætlun fyrir loftför

M.A.303 Lofthæfifyrirmæli

M.A.304 Gögn í tengslum við breytingar og viðgerðir

M.A.305 Skráakerfi fyrir áframhaldandi lofthæfi loftfara

M.A.306 Tækniflugbók flugrekanda

M.A.307 Afhending skráa loftfara yfir áframhaldandi lofthæfi

D-KAFLI – VIÐHALDSSTAÐLAR

M.A.401 Viðhaldsgögn

M.A.402 Framkvæmd viðhalds

M.A.403 Bilun í loftfari

E-KAFLI – ÍHLUTIR

M.A.501 Ísetning

M.A.502 Viðhald íhluta

M.A.503 Íhlutir með tiltekinn endingartíma

M.A.504 Eftirlit með ónothæfum íhlutum

F-KAFLI – VIÐHALDSFYRIRTÆKI

M.A.601 Gildissvið

M.A.602 Umsókn

M.A.603 Umfang samþykkis

M.A.604 Handbók viðhaldsfyrirtækja

M.A.605 Aðstaða

M.A.606 Kröfur varðandi starfsfólk

M.A.607 Viðhaldsvottar

M.A.608 Íhlutir, búnaður og verkfæri

M.A.609 Viðhaldsgögn

M.A.610 Verkbeiðnir um viðhald

M.A.611 Viðhaldsstaðlar

M.A.612 Viðhaldsvottorð fyrir loftför

M.A.613 Viðhaldsvottorð fyrir íhluti

M.A.614 Viðhaldsskrár

M.A.615 Réttindi fyrirtækisins

M.A.616 Skipulagsúttekt

M.A.617 Breytingar á samþykktu viðhaldsfyrirtæki

M.A.618 Áframhaldandi gildi samþykkis

M.A.619 Frávik

G-KAFLI – FYRIRTÆKI SEM ANNAST STJÓRNUN Á ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI

M.A.701 Gildissvið

M.A.702 Umsókn

M.A.703 Umfang samþykkis

M.A.704 Starfsemislýsing fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi

M.A.705 Aðstaða

M.A.706 Kröfur varðandi starfsfólk

M.A.707 Starfsfólk sem annast staðfestingu á lofthæfi

M.A.708 Stjórnun á áframhaldandi lofthæfi

M.A.709 Skjöl

M.A.710 Staðfesting á lofthæfi

M.A.711 Réttindi fyrirtækisins

M.A.712 Gæðakerfi

M.A.713 Breytingar á samþykktu fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi

M.A.714 Skráahald

M.A.715 Áframhaldandi gildi samþykkis

M.A.716 Frávik

H-KAFLI – VIÐHALDSVOTTORÐ

M.A.801 Viðhaldsvottorð fyrir loftför

M.A.802 Viðhaldsvottorð fyrir íhluti

M.A.803 Heimild flugmanns sem er jafnframt eigandi loftfars

I-KAFLI – LOFTHÆFISTAÐFESTINGARVOTTORÐ

M.A.901 Staðfesting á lofthæfi loftfara

M.A.902 Gildi lofthæfistaðfestingarvottorðs

M.A.903 Yfirfærsla á skráningu loftfara innan ESB

M.A.904 Staðfesting á lofthæfi loftfars sem er flutt inn til ESB

M.A.905 Frávik

B-ÞÁTTUR – VERKLAGSREGLUR FYRIR LÖGBÆR YFIRVÖLD

A-KAFLI – ALMENN ÁKVÆÐI

M.B.101 Gildissvið

M.B.102 Lögbært yfirvald

M.B.104 Skráahald

M.B.105 Gagnkvæm skipti á upplýsingum

B-KAFLI – ÁBYRGÐARSKYLDA

M.B.201 Ábyrgð

C-KAFLI – ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI

M.B.301 Viðhaldsáætlun

M.B.302 Undanþágur

M.B.303 Eftirlit með áframhaldandi lofthæfi loftfara

M.B.304 Afturköllun, tímabundin ógilding og takmarkanir

D-KAFLI – VIÐHALDSSTAÐLAR

E-KAFLI – ÍHLUTIR

F-KAFLI – VIÐHALDSFYRIRTÆKI

M.B.601 Umsókn

M.B.602 Fyrsta samþykki

M.B.603 Útgáfa samþykkis

M.B.604 Samfellt eftirlit

M.B.605 Frávik

M.B.606 Breytingar

M.B.607 Afturköllun, tímabundin ógilding og takmörkun samþykkis

G-KAFLI – FYRIRTÆKI SEM ANNAST STJÓRNUN Á ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI

M.B.701 Umsókn

M.B.702 Fyrsta samþykki

M.B.703 Útgáfa samþykkis

M.B.704 Samfellt eftirlit

M.B.705 Frávik

M.B.706 Breytingar

M.B.707 Afturköllun, tímabundin ógilding og takmörkun samþykkis

H-KAFLI – VIÐHALDSVOTTORÐ

I-KAFLI – LOFTHÆFISTAÐFESTINGARVOTTORÐ

M.B.901 Mat á tilmælum

M.B.902 Staðfesting lögbæra yfirvaldsins á lofthæfi

M.B.903 Frávik

I. viðbætir – Verksamningur um áframhaldandi lofthæfi

II. viðbætir – Opinbert viðhaldsvottorð – EASA-eyðublað nr. 1

III. viðbætir – Lofthæfistaðfestingarvottorð – EASA-eyðublað nr. 15

IV. viðbætir – Flokka- og réttindakerfi fyrir samþykki viðhaldsfyrirtækja sem um getur í F-kafla í I. viðauka (M-hluta) og II. viðauka (145. hluta)

V. viðbætir – Samþykkisvottorð fyrir viðhaldsfyrirtæki sem um getur í F-kafla í I. viðauka (M-hluta)

VI. viðbætir – Samþykkisvottorð fyrir fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, sem um getur í G-kafla í I. viðauka (M-hluta)

VII. viðbætir – Flókin viðhaldsverkefni

VIII. viðbætir – Takmarkað viðhald af hálfu flugmannsins sem á loftfarið

M.1

Í þessum hluta merkir ‚lögbært yfirvald':

1. þegar um er að ræða eftirlit með áframhaldandi lofthæfi einstakra loftfara og útgáfu lofthæfistaðfestingarvottorða, yfirvald sem skráningaraðildarríkið tilnefnir,

2. þegar um er að ræða eftirlit með viðhaldsfyrirtækjum sem tilgreind eru í F-kafla A-þáttar í þessum viðauka (M-hluta):

   i. yfirvald sem aðildarríkið, þar sem höfuðstöðvarnar eru staðsettar, tilnefnir,

   ii. Flugöryggisstofnunin ef stöðin er staðsett í þriðja landi,

3. þegar um er að ræða eftirlit með fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi eins og tilgreint er í G-kafla í A-þætti í þessum viðauka (M-hluta):

   i. yfirvald sem aðildarríkið, þar sem höfuðstöðvarnar eru staðsettar, tilnefnir, ef flugrekandaskírteini inniheldur ekki samþykki,

   ii. yfirvald sem aðildarríki flugrekandans tilnefnir, ef flugrekandaskírteini inniheldur samþykki,

   iii. Flugöryggisstofnunin ef stöðin er staðsett í þriðja landi,

4. þegar um er að ræða samþykki fyrir viðhaldsáætlunum:

   i. yfirvald sem skráningaraðildarríkið tilnefnir,

   ii. þegar um er að ræða flutningaflug og aðildarríki flugrekandans er annað en skráningarríkið, yfirvald sem þessi tvö framangreindu ríki koma sér saman um áður en viðhaldsáætlunin er samþykkt,

   iii. þrátt fyrir i. lið 4. liðar, í þeim tilvikum þar sem áframhaldandi lofthæfi loftfars, sem ekki er notað í flutningaflugi, er undir stjórn fyrirtækis sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, sem samþykkt er í samræmi við G-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta) og er ekki háð eftirliti skráningaraðildarríkisins og aðeins ef skráningaraðildarríkið hefur gefið samþykki áður en viðhaldsáætlunin er samþykkt:

      a) yfirvald, sem er tilnefnt af aðildarríkinu sem ber ábyrgð á eftirliti með fyrirtækinu sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, eða

      b) Flugöryggisstofnunin ef fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, er staðsett í þriðja landi.

A-ÞÁTTUR

TÆKNILEGAR KRÖFUR

A-KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

M.A.101 **Gildissvið**

Í þessum þætti er kveðið á um ráðstafanir sem ber að gera til að tryggja að lofthæfi sé haldið við, þ.m.t. viðhald. Einnig eru tilgreind þau skilyrði sem aðilar eða fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, þurfa að uppfylla.

B-KAFLI

ÁBYRGÐARSKYLDA

M.A.201 **Ábyrgð**

a) Eigandi loftfars ber ábyrgð á áframhaldandi lofthæfi þess og skal tryggja að ekkert flug fari fram nema:

   1. loftfarinu sé haldið við í lofthæfu ástandi og

   2. öll rekstrartæki og neyðarbúnaður séu rétt ísett og nothæf eða skýrt auðkennd sem ónothæf og

3. lofthæfivottorðið sé áfram í gildi og

4. viðhald á loftfarinu sé í samræmi við samþykkta viðhaldsáætlun sem tilgreind er í M.A.302.

b) Þegar loftfarið er leigt flyst ábyrgð eigandans til leigutakans ef:

1. leigutakinn er tilgreindur á skrásetningarskjalinu eða

2. það er tekið fram í leigusamningnum.

Þegar vísað er til ‚eiganda' í þessum hluta á hugtakið við eiganda eða leigutaka, eftir því sem við á.

c) Sérhver aðili eða fyrirtæki, sem annast viðhald, ber ábyrgð á þeim verkefnum sem eru leyst af hendi.

d) Flugstjórinn eða, ef um flutningaflug er að ræða, flugrekandinn ber ábyrgð á að fyrirflugsskoðun sé framkvæmd á fullnægjandi hátt. Flugmaðurinn eða annar aðili með tilskilin starfsréttindi skal annast skoðunina en ekki er nauðsynlegt að samþykkt viðhaldsfyrirtæki eða viðhaldsvottar með samþykki skv. 66. hluta annist hana.

e) Til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt a-lið

i. getur eigandi loftfars gert samning við fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, sem hefur hlotið samþykki samkvæmt G-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta). Í slíkum tilvikum tekur fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, á sig ábyrgð á því að ljúka þessum verkefnum á réttan hátt,

ii. getur eigandi, sem ákveður að annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi á eigin ábyrgð án samnings í samræmi við I. viðbæti, samt sem áður gert takmarkaðan samning við fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, sem hefur samþykki samkvæmt G-hluta A-þáttar þessa viðauka (M-hluta) um að útbúa viðhaldsáætlun og samþykki hennar í samræmi við M.A.302. Í því tilviki færist ábyrgðin á þróun viðhaldsáætlunarinnar og samþykki hennar yfir á fyrirtækið sem samið var við um að annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi.

f) Þegar um er að ræða stór loftför skal eigandi loftfars, til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt a-lið, sjá til þess að samþykkt fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, framkvæmi þau verkefni sem tengjast áframhaldandi lofthæfi. Gera skal skriflegan samning í samræmi við I. viðbæti. Í slíkum tilvikum tekur fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, á sig ábyrgð á því að ljúka þessum verkefnum á réttan hátt.

g) Viðhaldsfyrirtæki með samþykki skv. 145. hluta skal annast viðhald á stórum loftförum, loftförum sem notuð eru í flutningaflugi og íhlutum þeirra.

h) Þegar um er að ræða flutningaflug ber flugrekandinn ábyrgð á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins sem hann starfrækir og skal hann:

1. hafa samþykki, sem er hluti af flugrekandaskírteininu sem lögbært yfirvald gefur út samkvæmt G-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta) fyrir loftfarið sem hann starfrækir og

2. hafa samþykki skv. II. viðauka (145. hluta) eða gera verksamning við fyrirtæki með slíkt samþykki og

3. sjá til þess að ákvæði a-liðar séu uppfyllt.

i) Fari aðildarríki fram á að flugrekandi hafi skírteini fyrir annan atvinnurekstur en flutningaflug skal flugrekandi:

1. hafa tilhlýðilegt samþykki samkvæmt G-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta), til að annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfars, sem hann starfrækir, eða gera verksamning við slíkt fyrirtæki og

2. hafa tilhlýðilegt samþykki samkvæmt F-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta) eða II. viðauka (145. hluta) eða gera verksamning við fyrirtæki með slíkt samþykki og

3. sjá til þess að ákvæði a-liðar séu uppfyllt.

j) Eigandinn/flugrekandinn ber ábyrgð á því að lögbæru yfirvaldi sé veittur aðgangur að fyrirtækinu/loftfarinu til að ganga úr skugga um að það fullnægi áfram ákvæðum þessa hluta.

M.A.202 **Tilkynning atvika**

a) Sérhver aðili eða fyrirtæki, sem ber ábyrgð samkvæmt M.A.201, skal tilkynna lögbæra yfirvaldinu, sem skráningarríkið tilnefnir, fyrirtækinu, sem ber ábyrgð á tegundarhönnun eða viðbótartegundarhönnun, og, ef við á, aðildarríki flugrekandans um sérhvert ástand loftfars eða íhlutar sem viðkomandi verður áskynja um og stofnar flugöryggi í hættu.

b) Tilkynningar skulu skráðar á þann hátt sem Flugöryggisstofnunin ákveður og hafa að geyma allar viðeigandi upplýsingar um ástandið sem aðilinn eða fyrirtækið hefur öðlast vitneskju um.

c) Þegar eigandi eða flugrekandi hefur gert verksamning við aðila eða fyrirtæki um að annast viðhald loftfars skal aðilinn eða fyrirtækið, sem annast viðhald loftfarsins, einnig tilkynna eigandanum, flugrekandanum eða fyrirtækinu, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, um hvert það ástand sem hefur áhrif á loftfar eða íhlut eigandans eða flugrekandans.

d) Tilkynningum skal skilað svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en 72 klukkustundum eftir að aðilinn eða fyrirtækið verður áskynja um það ástand sem tilkynningin fjallar um.

C-KAFLI

ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI

M.A.301 **Verkefni í tengslum við áframhaldandi lofthæfi**

Tryggja skal áframhaldandi lofthæfi loftfara og að rekstrartæki og neyðarbúnaður séu nothæf með því að:

1. láta fara fram fyrirflugsskoðun,

2. lagfæra, samkvæmt gögnunum sem tilgreind eru í M.A.304 og/eða M.A.401 eftir því sem við á, hvers kyns bilanir og skemmdir sem hafa áhrif á öryggi í starfrækslu, með hliðsjón, þegar um er að ræða öll stór loftför eða loftför sem eru notuð í flutningaflugi, af listanum yfir lágmarksbúnað og listanum yfir leyfð frávik í ytri búnaði loftfars fyrir flug, ef við á, fyrir viðkomandi tegund loftfars,

3. láta framkvæma allt viðhald í samræmi við samþykkta viðhaldsáætlun loftfara samkvæmt M.A.302,

4. gera úttekt á skilvirkni viðhaldsáætlunarinnar, sem samþykkt er samkvæmt M.A.302, að því er varðar öll stór loftför eða loftför sem eru notuð í flutningaflugi,

5. hlíta, eftir því sem við á:

   i. lofthæfifyrirmælum,

   ii. rekstrarfyrirmælum sem hafa áhrif á áframhaldandi lofthæfi,

   iii. kröfum sem Flugöryggisstofnunin setur um áframhaldandi lofthæfi,

   iv. ráðstöfunum, sem lögbært yfirvald hefur gefið fyrirmæli um, til að bregðast tafarlaust við öryggisvanda,

6. framkvæma breytingar og viðgerðir í samræmi við M.A.304,

7. marka stefnu um framkvæmd valfrjálsra breytinga og/eða skoðana á öllum stórum loftförum eða loftförum sem eru notuð í flutningaflugi,

8. láta fara fram reynsluflug vegna viðhalds þegar þörf krefur.

M.A.302 **Viðhaldsáætlun fyrir loftför**

a) Skipuleggja skal viðhald allra loftfara í samræmi við viðhaldsáætlun fyrir loftför.

b) Viðhaldsáætlunin fyrir loftför og síðari breytingar á henni verða að hljóta samþykki lögbærs yfirvalds.

c) Þegar fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og hefur hlotið samþykki samkvæmt G-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta), sér um áframhaldandi lofthæfi loftfarsins er heimilt að samþykkja viðhaldsáætlunina fyrir loftför og breytingar á henni með málsmeðferð við óbeint samþykki.

i. Í því tilviki skal fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, taka málsmeðferð við óbeint samþykki upp sem hluta af starfsemislýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og skal það samþykkt af því lögbæra yfirvaldi sem ber ábyrgð á fyrirtækinu sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi.

ii. Fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, skal ekki nota málsmeðferðina við óbeint samþykki þegar þetta fyrirtæki er ekki undir eftirliti skráningaraðildarríkisins nema samkomulag sé til staðar skv. ii. eða iii. lið 4. liðar M.1, eftir því sem við á, þar sem ábyrgðin á samþykki viðhaldsáætlunarinnar fyrir loftför færist til lögbæra yfirvaldsins sem ber ábyrgð á fyrirtækinu sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi.

d) Viðhaldsáætlunin fyrir loftför skal vera í samræmi við:

i. leiðbeiningar sem lögbært yfirvald gefur út,

ii. leiðbeiningar um áframhaldandi lofthæfi:

– sem gefnar eru út af handhöfum tegundarvottorðs, takmarkaðs tegundarvottorðs, viðbótartegundarvottorðs, samþykkis fyrir hönnun meiri háttar viðgerðar, evrópskrar tækniforskriftarheimildar eða hvers konar annarra viðeigandi samþykkja sem eru gefin út samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 748/2012 og I. viðauka hennar (21. hluta) og

– sem tilgreindar eru í vottunarforskriftunum sem um getur í lið 21A.90B eða 21A.431B í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, ef við á,

iii. viðbótarleiðbeiningar eða aðrar leiðbeiningar, sem eru lagðar fram af eigandanum eða fyrirtækinu sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, eftir að það hefur hlotið samþykki í samræmi við M.A.302, að undanskildum tímabilum milli öryggistengdra verkefna, eins og um getur í e-lið, sem gætu aukist, að því tilskildu að endurskoðanir séu framkvæmdar með fullnægjandi hætti í samræmi við g-lið og aðeins þegar hlotist hefur beint samþykki í samræmi við b-lið M.A.302.

e) Í viðhaldsáætluninni fyrir loftför skulu koma fram upplýsingar um allt viðhald sem framkvæma skal og hversu oft það skal framkvæmt, þ.m.t. öll verkefni sem tengjast tegund og sérhæfni rekstrarins.

f) Þegar um er að ræða stór loftför skal áreiðanleikaáætlun vera innifalin í viðhaldsáætluninni fyrir loftför þegar hún byggist á reglum viðhaldsstýrihóps eða vöktun ásigkomulags.

g) Viðhaldsáætlunin fyrir loftför skal háð reglubundinni endurskoðun og skal henni breytt til samræmis við það, þegar þörf krefur. Þessar endurskoðanir skulu tryggja að áætlunin haldi gildi sínu í ljósi reynslu af starfrækslu og leiðbeiningum frá lögbæru yfirvaldi á sama tíma og tillit er tekið til nýrra og/eða breyttra viðhaldsleiðbeininga sem handhafar tegundarvottorða og viðbótartegundarvottorða koma á framfæri og allra annarra fyrirtækja sem birta slíkar upplýsingar í samræmi við I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.

M.A.303 **Lofthæfifyrirmæli**

Framkvæma skal öll viðeigandi lofthæfifyrirmæli í samræmi við kröfur í lofthæfifyrirmælunum nema Flugöryggisstofnunin tilgreini annað.

M.A.304 **Gögn í tengslum við breytingar og viðgerðir**

Við mat á skemmdum og við breytingar og viðgerðir skal styðjast við eftirfarandi, eins og við á:

a) gögn sem Flugöryggisstofnunin samþykkir eða

b) gögn sem hönnunarfyrirtæki með samþykki skv. 21. hluta samþykkir eða

c) gögn sem finna má í vottunarforskriftunum sem um getur í 21A.90B eða 21A.431B í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.

M.A.305 **Skráakerfi fyrir áframhaldandi lofthæfi loftfara**

a) Að loknu viðhaldi skal færa tilheyrandi viðhaldsvottorð, sem krafist er samkvæmt M.A.801 eða 145.A.50, inn í skrár loftfara um áframhaldandi lofthæfi. Færslur skulu settar inn svo fljótt sem auðið er en aldrei síðar en 30 dögum eftir daginn sem viðhaldið fór fram.

b) Í skrá loftfara yfir áframhaldandi lofthæfi skal vera:

1. viðhaldsskrá loftfars, viðhaldsskrá eða viðhaldsskrár hreyfils eða spjaldskrár yfir notkunartíma hreyfilhluta, viðhaldsskrá eða viðhaldsskrár loftskrúfu, spjaldskrár fyrir alla íhluti með tiltekinn endingartíma og

2. tækniflugbók flugrekandans þegar þess er krafist samkvæmt M.A.306 fyrir flutningaflug eða þegar aðildarríkið krefst þess vegna annars atvinnureksturs en flutningaflugs.

c) Færa skal tegund og skráningarmerki loftfarsins og dagsetningu inn í viðhaldsskrá loftfarsins ásamt heildarflugtíma og/eða notkunarskiptum í flugi og/eða lendingum, eftir því sem við á.

d) Í skrá loftfara yfir áframhaldandi lofthæfi skal vera:

1. gildandi staða lofthæfifyrirmæla og ráðstafana, sem lögbært yfirvald hefur gefið fyrirmæli um, til að bregðast tafarlaust við öryggisvanda,

2. gildandi staða breytinga og viðgerða,

3. gildandi staða samræmis við viðhaldsáætlun,

4. gildandi staða íhluta með tiltekinn endingartíma,

5. gildandi massa- og jafnvægisskýrsla,

6. gildandi skrá yfir seinkað viðhald.

e) Auk opinbers viðhaldsvottorðs, sem er EASA-eyðublað nr. 1 eða sambærilegt skjal, skal færa eftirfarandi upplýsingar, sem eiga við um alla ísetta íhluti (hreyfil, loftskrúfu, hreyfilhluta eða íhlut með tiltekinn endingartíma), inn í viðeigandi viðhaldsskrá hreyfils eða loftskrúfu eða í spjaldskrá hreyfilhluta eða íhluta með tiltekinn endingartíma:

1. auðkenni íhlutarins og

2. tegund, raðnúmer og skráningarmerki loftfarsins, hreyfilsins, loftskrúfunnar, hreyfilhlutans eða íhlutarins með tiltekinn endingartíma sem tiltekinn íhlutur er settur í, ásamt tilvísun í ísetningu og úrtöku íhlutarins og

3. dagsetningu ásamt uppsöfnuðum heildarflugtíma og/eða notkunarskiptum í flugi og/eða lendingum og/eða almanaksdögum tiltekins íhlutar, eftir því sem við á, og

4. gildandi upplýsingar samkvæmt d-lið sem eiga við um íhlutinn.

f) Aðilinn, sem ber ábyrgð á stjórn verkefna í tengslum við áframhaldandi lofthæfi samkvæmt B-kafla A-þáttar í þessum viðauka (M-hluta), skal hafa eftirlit með skránum, sem tilgreindar eru í þessum lið, og láta lögbærum yfirvöldum þær í té að beiðni þeirra.

g) Allar færslur í skrár loftfara yfir áframhaldandi lofthæfi skulu vera skýrar og nákvæmar. Þegar nauðsynlegt er að leiðrétta færslu skal leiðréttingin gerð á þann hátt að upprunalega færslan komi skýrt fram.

h) Eigandi eða flugrekandi skal sjá um að komið sé upp kerfi þar sem eftirfarandi er skráð og geymt svo lengi sem hér segir:

1. allar sundurliðaðar viðhaldsskrár yfir loftfarið og íhluti með tiltekinn endingartíma sem settir eru í það, þar til nýjar upplýsingar, sem eru sambærilegar að því er varðar umfang og nákvæmni, hafa komið í stað upplýsinganna sem þar er að finna en eigi skemur en í 36 mánuði eftir að viðhaldsvottorð hefur verið gefið út fyrir loftfarið eða íhlutinn og

2. heildartími notkunar loftfarsins og allra íhluta með tiltekinn endingartíma (klukkustundir, almanaksdagar, notkunarskipti og lendingar), í a.m.k. 12 mánuði eftir að loftfarið eða íhluturinn er endanlega tekinn úr umferð og

3. notkunartími (klukkustundir, almanaksdagar, notkunarskipti og lendingar) eftir því sem við á, frá síðasta reglubundna viðhaldi íhlutar með tiltekinn endingartíma, a.m.k. þar til farið hefur fram nýtt, áætlað viðhald á íhlutnum, jafn umfangsmikið og nákvæmt og hið fyrra og

4. gildandi staða samræmis við viðhaldsáætlun þannig að staðfesting fáist á því að samþykktri viðhaldsáætlun loftfara hafi verið framfylgt, a.m.k. þar til farið hefur fram nýtt reglubundið viðhald á loftfarinu eða íhlutnum, jafn umfangsmikið og nákvæmt og hið fyrra og

5. gildandi staða lofthæfifyrirmæla er varða loftfarið og íhlutina, í a.m.k. 12 mánuði eftir að loftfarið eða íhluturinn er endanlega tekinn úr umferð og

6. ítarleg lýsing á nýjustu breytingum og viðgerðum sem hafa farið fram á loftfari, hreyflum, loftskrúfum og öllum öðrum íhlutum sem eru nauðsynlegir vegna flugöryggis, í a.m.k. 12 mánuði eftir að þeir eru endanlega teknir úr umferð.

M.A.306 **Tækniflugbók flugrekanda**

a) Þegar um er að ræða flutningaflug skal flugrekandi, auk þess að uppfylla kröfurnar í M.A.305, færa kerfisbundið í tækniflugbók loftfars eftirfarandi upplýsingar um hvert loftfar:

1. upplýsingar sem nauðsynlegar eru um hvert flug til að tryggja áframhaldandi flugöryggi og

2. gildandi viðhaldsvottorð loftfarsins og

3. gildandi viðhaldsyfirlýsingu sem sýnir stöðuna á viðhaldi loftfarsins í tengslum við áætlað reglubundið og óreglubundið viðhald samkvæmt áætlun en þó getur lögbært yfirvald samþykkt að viðhaldsyfirlýsingin sé geymd annars staðar og

4. allar lagfæringar bilana eða skemmda sem hefur verið slegið á frest og geta haft áhrif á starfrækslu loftfarsins og

5. allar nauðsynlegar leiðbeiningar um stuðningsfyrirkomulag fyrir viðhald.

b) Tækniflugbók loftfars og allar breytingar sem eru gerðar á henni verða að hljóta samþykki lögbærs yfirvalds.

c) Flugrekandi skal sjá til þess að tækniflugbók loftfars sé varðveitt í 36 mánuði eftir að síðast var fært inn í hana.

M.A.307 **Afhending skráa loftfara yfir áframhaldandi lofthæfi**

a) Eigandi eða flugrekandi skal sjá til þess að þegar loftfar er endanlega fært frá einum eiganda eða flugrekanda til annars séu einnig afhentar skrár samkvæmt M.A.305 yfir áframhaldandi lofthæfi og, eftir því sem við á, tækniflugbók flugrekanda samkvæmt M.A.306.

b) Geri eigandi verksamning við fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, um að það taki að sér verkefni sem tengjast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi skal hann sjá til þess að skrár yfir áframhaldandi lofthæfi samkvæmt M.A.305 séu afhentar fyrirtækinu.

c) Fyrirskipaðar tímaáætlanir um varðveislu skráa gilda áfram hjá nýja eigandanum, flugrekandanum eða fyrirtækinu sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi.

D-KAFLI

VIÐHALDSSTAÐLAR

M.A.401 **Viðhaldsgögn**

a) Aðili eða fyrirtæki, sem annast viðhald á loftfari, skal hafa aðgang að og nota einungis viðeigandi, gildandi viðhaldsgögn við framkvæmd viðhalds, þ.m.t. breytingar og viðgerðir.

b) Í þessum hluta er merking hugtaksins ‚viðeigandi viðhaldsgögn‘:

1. viðeigandi kröfur, verklagsreglur, staðlar eða upplýsingar sem lögbæra yfirvaldið eða Flugöryggisstofnunin gefur út,

2. viðeigandi lofthæfifyrirmæli,

3. viðeigandi leiðbeiningar um áframhaldandi lofthæfi sem handhafar tegundarvottorða og viðbótartegundarvottorða gefa út sem og önnur fyrirtæki sem birta gögn í samræmi við I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.

4. öll viðeigandi gögn sem eru gefin út í samræmi við d-lið 145.A.45.

c) Aðili eða fyrirtæki, sem annast viðhald á loftfari, skal sjá til þess að öll viðeigandi viðhaldsgögn séu í gildi og ávallt tiltæk þegar þeirra er þörf. Aðilinn eða fyrirtækið skal koma á kerfi vinnukorta eða vinnublaða og skal annaðhvort yfirfæra nákvæmlega viðhaldsgögnin á slík vinnukort eða vinnublöð eða vísa nákvæmlega til tiltekins viðhaldsverkefnis eða verkefna sem skráð eru í viðhaldsgögnin.

M.A.402 **Framkvæmd viðhalds**

a) Starfsfólk með tilskilin starfsréttindi skal framkvæma allt viðhald samkvæmt þeim aðferðum, tækni, stöðlum og leiðbeiningum sem eru tilgreind í viðhaldsgögnunum sem um getur í M.A.401. Enn fremur skal fara fram sérstök skoðun að loknum öllum viðhaldsverkefnum sem tengjast flugöryggi nema annað sé tekið fram í II. viðauka (145. hluta) eða samþykkt af lögbæru yfirvaldi.

b) Framkvæma skal allt viðhald með verkfærum, búnaði og efnum sem tilgreind eru í viðhaldsgögnum samkvæmt M.A.401 nema annað sé tilgreint í II. viðauka (145. hluta). Ef þörf krefur skal prófa og kvarða verkfæri og búnað til samræmis við opinberlega viðurkenndan staðal.

c) Svæðið, þar sem viðhald fer fram, skal vera vel skipulagt og laust við óhreinindi og mengun.

d) Framkvæma skal allt viðhald innan takmarkana sem varða umhverfið og eru tilgreindar í viðhaldsgögnunum samkvæmt M.A.401.

e) Ef um er að ræða slæmt veður eða langvarandi viðhald skal nota viðeigandi aðstöðu.

f) Eftir að viðhaldi lýkur skal fara fram almennt eftirlit til að tryggja að loftfarið eða íhluturinn sé laus við öll verkfæri, búnað og alla aðra framandi hluti eða efni og að öll lok af aðgangslúgum, sem tekin voru burt, hafi verið fest á aftur.

M.A.403 **Bilun í loftfari**

a) Allar bilanir í loftfari, sem stofna flugöryggi í hættu, skulu lagfærðar fyrir frekara flug.

b) Einungis viðurkenndir viðhaldsvottar skv. 1. og 2. lið b-liðar M.A.801 og c- og d-lið M.A.801 eða skv. II. viðauka (145. hluta) geta ákvarðað, á grundvelli viðhaldsgagna samkvæmt M.A.401, hvort bilun í loftfari stofni flugöryggi í hættu og þar með ákvarðað hvaða lagfæringar skuli gera fyrir frekara flug og hvenær og hvaða lagfæringum megi slá á frest. Þó gildir þetta ekki þegar:

1. flugmaðurinn notar listann yfir lágmarksbúnað sem lögbæra yfirvaldið hefur gefið fyrirmæli um eða

2. lögbæra yfirvaldið skilgreinir bilanir í loftfarinu sem þolanlegar.

c) Lagfæra skal allar bilanir í loftfari, sem stofna ekki flugöryggi í hættu, eins fljótt og gerlegt er eftir að bilunarinnar í loftfarinu verður fyrst vart og innan þeirra marka sem tilgreind eru í viðhaldsgögnunum.

d) Allar bilanir, sem eru ekki lagfærðar fyrir flug, skal skrá í viðhaldsskrár loftfara samkvæmt M.A.305 eða tækniflugbók flugrekanda samkvæmt M.A.306 eftir því sem við á.

E-KAFLI

ÍHLUTIR

M.A.501 **Ísetning**

a) Ekki má setja íhlut í nema hann sé í fullnægjandi ásigkomulagi, gefið hafi verið út viðhaldsvottorð fyrir hann á EASA-eyðublaði nr. 1 eða sambærilegu eyðublaði og hann sé merktur í samræmi við Q-kafla I. viðauka (21. hluta), nema annað sé tilgreint í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, II. viðauka (145. hluta) eða F-kafla í A-þætti við I. viðauka þessarar reglugerðar.

b) Áður en íhlutur er settur í loftfar skal aðilinn eða samþykkta viðhaldsfyrirtækið sjá til þess að viðkomandi íhlutur hæfi til ísetningar ef um er að ræða tilvik þar sem mismunandi samskipan breytinga og/eða lofthæfifyrirmæla kemur til greina.

c) Einungis skal festa staðlaðan hlut á loftfar eða íhlut þegar staðlaði hlutinn er tilgreindur í viðhaldsgögnunum. Einungis skal festa staðlaðan hlut á þegar honum fylgja gögn um samræmi sem hægt er að heimfæra til gildandi staðals.

d) Efni, hvort heldur sem er hráefni eða rekstrarvörur, má einungis nota í loftfar eða íhlut þegar framleiðandi loftfarsins eða íhlutarins tekur það fram í viðeigandi viðhaldsgögnum eða það er tilgreint í II. viðauka (145. hluta). Einungis skal nota slík efni þegar þau eru í samræmi við tilskildar forskriftir og hægt er að rekja feril þeirra. Öllu efni skulu fylgja gögn sem varða greinilega viðkomandi efni og innihalda yfirlýsingu um að forskriftum sé fylgt auk upplýsinga um framleiðanda og birgi.

M.A.502 **Viðhald íhluta**

a) Að undanskildum þeim íhlutum sem um getur í c-lið 21A.307 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 skal viðhald íhluta vera í höndum viðhaldsfyrirtækja sem hafa viðeigandi samþykki í samræmi við F-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta) eða í samræmi við II. viðauka (145. hluta).

b) Þrátt fyrir a-lið er fyrirtækjum með heimildir í A-flokki samkvæmt F-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta) eða í samræmi við II. viðauka (145. hluta), svo og viðhaldsvottum, sem um getur í 2. lið b-liðar M.A.801, heimilt að framkvæma viðhald á íhlut samkvæmt viðhaldsgögnum loftfars eða samkvæmt viðhaldsgögnum íhlutar, ef lögbært yfirvald hefur samþykkt það, en einungis þegar íhlutirnir eru fastir á loftfarinu. Engu að síður er slíkum fyrirtækjum eða viðhaldsvottum heimilt að fjarlægja íhlutinn tímabundið til viðhalds til að bæta aðgengi að honum nema þegar slíkt hefur í för með sér þörf á viðbótarviðhaldi sem fellur ekki undir ákvæði þessa liðs. Að því er varðar viðhald íhluta sem fram fer í samræmi við þennan lið er ekki heimilt að gefa út EASA-eyðublað nr. 1 og skal það falla undir kröfur M.A.801 um viðhaldsvottorð.

c) Þrátt fyrir a-lið er fyrirtæki með heimildir í B-flokki, sem hefur hlotið samþykki samkvæmt F-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta) eða skv. II. viðauka (145. hluta), heimilt að framkvæma viðhald á íhlut í hreyfli/aukaaflstöð (APU) í samræmi við viðhaldsgögn hreyfils/aukaaflstöðvar eða, ef lögbært yfirvald hefur samþykkt það, í samræmi við viðhaldsgögn íhlutar en einungis þegar íhlutirnir eru fastir á hreyflinum/aukaaflstöðinni. Engu að síður getur fyrirtæki með heimildir í B-flokki fjarlægt íhlutinn tímabundið til viðhalds til að bæta aðgengi að honum nema þegar slíkt hefur í för með sér þörf á viðbótarviðhaldi sem fellur ekki undir ákvæði þessa liðar.

d) Þrátt fyrir a-lið og 2. lið b-liðar M.A.801 er viðhaldsvottum, sem um getur í 2. lið b-liðar M.A.801, heimilt að framkvæma viðhald á íhlut, hvort sem hann er fastur á ELA1-loftfari, sem ekki er notað í flutningaflugi, eða fjarlægður þaðan tímabundið samkvæmt viðhaldsgögnum íhlutar, nema þegar um er að ræða:

1. grannskoðun á íhlutum öðrum en hreyflum og skrúfum og

2. grannskoðun á hreyflum og skrúfum loftfara sem ekki teljast til CS-VLA-, CS-22- og LSA-loftfara.

Að því er varðar viðhald íhluta, sem fram fer í samræmi við d-lið, er ekki heimilt að gefa út EASA-eyðublað nr. 1 og skal það falla undir kröfur M.A.801 um viðhaldsvottorð.

e) Viðhald íhluta, sem um getur í c-lið 21A.307 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, skal framkvæmt af viðhaldsfyrirtækjum með heimildir í A-flokki, sem samþykkt eru í samræmi við F-kafla í A-þætti við þennan viðauka (M-hluta) eða í samræmi við 145. hluta, af viðhaldsvottum, sem um getur í 2. lið b-liðar M.A.801, eða af flugmanninum sem er í senn eigandi loftfarsins, sem um getur í 3. lið b-liðar M.A.801, ef íhluturinn er fastur á loftfarinu eða hann fjarlægður tímabundið til að bæta aðgengi. Að því er varðar viðhald íhluta sem fram fer í samræmi við þennan lið er ekki heimilt að gefa út EASA-eyðublað nr. 1 og skal það falla undir kröfur M.A.801 um viðhaldsvottorð.

M.A.503 **Íhlutir með tiltekinn endingartíma**

a) Ísettir íhlutir með tiltekinn endingartíma skulu ekki fara yfir samþykkt endingartímamörk sem tilgreind eru í samþykktu viðhaldsáætluninni og lofthæfifyrirmælunum, nema í þeim tilvikum sem kveðið er á um í c-lið M.A.504.

b) Samþykktur endingartími er gefinn upp í almanaksdögum, flugstundum, lendingum eða notkunarskiptum, eins og við á.

c) Við lok samþykkts endingartíma skal fjarlægja íhlutinn úr loftfarinu til viðhalds eða förgunar þegar um er að ræða íhluti með vottaðan endingartíma.

M.A.504 **Eftirlit með ónothæfum íhlutum**

a) Telja skal íhlut ónothæfan við eftirfarandi aðstæður:

1. endingartíminn, sem er skilgreindur í viðhaldsáætluninni, er runninn út,

2. gildandi lofthæfifyrirmælum og öðrum kröfum um áframhaldandi lofthæfi, sem Flugöryggisstofnunin gefur fyrirmæli um, er ekki fullnægt,

3. nauðsynlegar upplýsingar til að ákvarða lofthæfistöðu eða hvort íhluturinn hæfi til ísetningar eru ekki fyrir hendi,

4. bilana eða ólags verður vart,

5. við flugatvik eða flugslys sem geta haft áhrif á nothæfi íhlutar.

b) Auðkenna skal ónothæfa íhluti og skulu þeir geymdir á öruggum stað undir eftirliti samþykkts fyrirtækis þar til ákvörðun hefur verið tekin um framtíð viðkomandi íhlutar. Að því er varðar loftför, sem eru ekki notuð í flutningaflugi, að stórum loftförum undanskildum, er þeim aðila eða því fyrirtæki sem lýsti íhlutinn ónothæfan engu að síður heimilt að flytja forræði íhlutarins yfir til eiganda loftfars eftir að hafa lýst hann ónothæfan, að því tilskildu að slík tilfærsla komi fram í viðhaldsskrá loftfarsins, hreyfilsins eða íhlutarins.

c) Ef íhlutir eru komnir fram yfir vottaðan endingartíma eða ekki er hægt að lagfæra bilun í þeim skal flokka þá sem óendurnýtanlega og skal ekki vera heimilt að setja þá aftur í íhlutabirgðakerfið nema vottaður endingartími hafi verið framlengdur eða úrlausn til viðgerða hafi verið samþykkt í samræmi við M.A.304.

d) Aðili eða fyrirtæki, sem hefur ábyrgðarskyldu samkvæmt þessum viðauka (M-hluta), skal, ef um er að ræða ónothæfan íhlut samkvæmt c-lið:

1. geyma íhlutinn á þeim stað sem tilgreindur er í b-lið eða

2. koma því svo fyrir, áður en ábyrgðin á slíkum íhlut er gefin eftir, að íhluturinn verði skemmdur á þann hátt að tryggt sé að það borgi sig ekki að endurnýta hann eða gera við hann.

e) Þrátt fyrir ákvæði d-liðar getur aðili eða fyrirtæki, sem hefur ábyrgðarskyldu samkvæmt þessum viðauka (M-hluta), fært ábyrgðina á íhlutum, sem flokkaðir eru sem ónothæfir, yfir á þjálfunar- eða rannsóknarfyrirtæki án þess að skemma íhlutinn.

F-KAFLI

VIÐHALDSFYRIRTÆKI

M.A.601 **Gildissvið**

Í þessum kafla eru tilgreindar þær kröfur sem fyrirtæki á að uppfylla til að teljast hæft til að hljóta samþykki eða framlengingu á samþykki til að annast viðhald á loftförum og íhlutum sem eru ekki skráð í g-lið M.A.201.

M.A.602 **Umsókn**

Umsókn um útgáfu eða breytingu á samþykki fyrir viðhaldsfyrirtæki skal fylla út á þar til gerðum eyðublöðum og á þann hátt sem lögbæra yfirvaldið mælir fyrir um.

M.A.603 **Umfang samþykkis**

a) Fyrirtæki sem fæst við starfsemi sem fellur undir þennan kafla skal ekki stunda starfsemina nema að fengnu samþykki lögbæra yfirvaldsins. Í V. viðbæti við I. viðauka (M-hluta) er að finna fyrirmyndina að samþykkisvottorðinu.

b) Í handbók viðhaldsfyrirtækisins, sem um getur í M.A.604, skal tilgreina það verksvið sem samþykkið tekur til. Í IV. viðbæti við I. viðauka (M-hluta) eru skilgreindir allir flokkar og réttindi sem koma til greina samkvæmt F-kafla í þessum viðauka (M-hluta).

c) Samþykkt viðhaldsfyrirtæki getur framleitt, í samræmi við viðhaldsgögn, takmarkað úrval af hlutum til nota við yfirstandandi vinnu í eigin starfsstöð, eins og tilgreint er í handbók viðhaldsfyrirtækisins.

M.A.604 **Handbók viðhaldsfyrirtækja**

a) Viðhaldsfyrirtækið skal leggja fram handbók þar sem a.m.k. eftirfarandi atriði koma fram:

1. yfirlýsing, undirrituð af ábyrgðarmanni, þar sem staðfest er að fyrirtækið muni jafnan vinna skv. I. viðauka (M-hluta) og handbókinni og

2. verksvið fyrirtækisins og

3. starfsheiti og nafn eða nöfn einstaklinganna sem um getur í b-lið M.A.606 og

4. skipurit sem sýnir hvernig ábyrgð einstaklinganna, sem um getur í b-lið M.A.606, er tengd og

5. skrá yfir viðhaldsvotta og gildissvið samþykkis þeirra og

6. skrá yfir staðsetningar þar sem viðhald fer fram ásamt almennri lýsingu á aðstöðunni og

7. verklagsreglur þar sem tilgreint er hvernig viðhaldsfyrirtækið sér til þess að farið sé að ákvæðum þessa hluta og

8. verklagsreglur um breytingar á handbók viðhaldsfyrirtækisins.

b) Handbók viðhaldsfyrirtækisins og breytingar á henni verða að hljóta samþykki lögbærs yfirvalds.

c) Þrátt fyrir b-lið er heimilt að samþykkja minni háttar breytingar á handbókinni á grundvelli tiltekinna verklagsreglna (hér á eftir nefnt ‚óbeint samþykki').

M.A.605 **Aðstaða**

Fyrirtækið skal tryggja eftirfarandi:

a) Aðstaða skal vera fyrir hendi fyrir alla áætlaða vinnu og skal halda sérhæfðum verkstæðum og vinnubásum aðskildum eins og vera ber til þess að tryggja vernd gegn mengun og skjól fyrir veðri og vindum.

b) Skrifstofuhúsnæði skal vera fyrir hendi til að stýra allri áætlaðri vinnu, einkum og sér í lagi vinnslu viðhaldsskráa.

c) Öruggt geymsluhúsnæði undir íhluti, búnað, verkfæri og efni skal vera fyrir hendi. Geymsluskilyrði skulu vera með þeim hætti að ónothæfir íhlutir og efni séu aðskilin frá öllum öðrum íhlutum, efnum, búnaði og verkfærum. Geymsluskilyrði skulu vera í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda og skal aðgangur einungis heimill starfsfólki með sérstaka aðgangsheimild.

M.A.606 **Kröfur varðandi starfsfólk**

a) Fyrirtækið skal skipa ábyrgðarmann sem hefur umboð frá fyrirtækinu til að tryggja að unnt sé að fjármagna allt viðhald, sem viðskiptavinurinn þarfnast, og að það geti farið fram í samræmi við þann staðal sem gerðar eru kröfur um í þessum hluta.

b) Tilnefna skal einstakling eða hóp einstaklinga sem bera skulu ábyrgð á því að fyrirtækið fullnægi ávallt ákvæðum þessa kafla. Skal hann eða þeir bera endanlega ábyrgð gagnvart ábyrgðarmanninum.

c) Allir þeir aðilar sem um getur í b-lið skulu geta sýnt fram að þeir búi yfir viðeigandi kunnáttu, bakgrunni og reynslu sem tengist viðhaldi loftfara og/eða íhluta.

d) Fyrirtækið skal hafa á að skipa viðeigandi starfsfólki fyrir alla venjulega, fyrirhugaða vinnu samkvæmt verksamningi. Leyfilegt er að nota undirverktaka tímabundið þegar um er að ræða meiri vinnu samkvæmt verksamningi en venjulega er fyrirhuguð en það á einungis við um starfsfólk sem gefur ekki út viðhaldsvottorð.

e) Sýna skal fram á og skrá starfsréttindi alls starfsfólks sem vinnur við viðhald.

f) Starfsfólk, sem annast sérhæfð verkefni eins og málmsuðu, prófanir eða skoðanir án eyðileggingar, aðrar en að leita að skemmdum með litarefnum, skal hafa tilskilin starfsréttindi í samræmi við opinberlega viðurkenndan staðal.

g) Viðhaldsfyrirtækið skal hafa á að skipa nægilegum fjölda viðhaldsvotta til að gefa út viðhaldsvottorð fyrir loftför og íhluti samkvæmt M.A.612 og M.A.613. Þeir skulu uppfylla kröfurnar í III. viðauka (66. hluta).

h) Þrátt fyrir g-lið er fyrirtækinu heimilt að notast við viðhaldsvotta, sem hlotið hafa starfsréttindi í samræmi við eftirfarandi ákvæði, þegar það annast viðhald fyrir flugrekendur í atvinnurekstri að því tilskildu að viðeigandi ákvæði hafi verið viðurkennd sem hluti af handbók fyrirtækisins:

1. Ef um er að ræða lofthæfifyrirmæli sem gera ráð fyrir að þau séu endurtekin í fyrirflugsskoðunum og kveða sérstaklega á um að flugliðar megi framkvæma slík lofthæfifyrirmæli getur fyrirtækið gefið út takmarkaða heimild fyrir viðhaldsvotta til handa flugstjóranum á grundvelli þess flugliðaskírteinis sem fyrir hendi er, að því tilskildu að fyrirtækið hafi fullvissu fyrir því að flugstjóri loftfarsins hafi fengið næga verklega þjálfun til að geta framkvæmt lofthæfifyrirmælin samkvæmt þeim stöðlum sem krafist er.

2. Þegar um er að ræða loftfar, sem er starfrækt fjarri stað með viðhaldsaðstöðu, getur fyrirtækið gefið út takmarkaða heimild fyrir viðhaldsvotta til handa flugstjóranum á grundvelli þess flugliðaskírteinis sem fyrir hendi er, að því tilskildu að fyrirtækið hafi fullvissu fyrir því að sá einstaklingur hafi fengið næga verklega þjálfun til að geta framkvæmt verkið samkvæmt þeim stöðlum sem krafist er.

M.A.607 **Viðhaldsvottar**

a) Til viðbótar við ákvæði g-liðar M.A.606 geta viðhaldsvottar einungis neytt réttinda sinna ef viðhaldsfyrirtækið hefur séð til þess:

1. að viðhaldsvottar geti sýnt fram á að þeir uppfylli kröfur í b-lið 66.A.20 í III. viðauka (66. hluta) nema þegar III. viðauki (66. hluti) vísar til reglna aðildarríkis en þá skulu þeir uppfylla kröfur slíkra reglna og

2. að viðhaldsvottar hafi næga þekkingu á viðkomandi loftfari og/eða viðkomandi íhlut/íhlutum loftfars sem koma til viðhalds ásamt tilheyrandi verklagsreglum fyrirtækisins.

b) Ef eftirfarandi ófyrirséð atvik valda því að loftfar er kyrrsett á öðrum stað en í höfuðstöðvunum og engir viðeigandi viðhaldsvottar eru á þeim stað getur viðhaldsfyrirtækið, sem annast viðhald samkvæmt samningi, gefið út staka vottunarheimild til handa:

1. einum starfsmanni sínum sem hefur tegundarréttindi fyrir loftför með svipaðan tæknibúnað, byggingu og kerfi eða

2. sérhverjum einstaklingi með minnst þriggja ára reynslu af viðhaldi og með gilt ICAO-skírteini flugvéltæknis með tegundaráritun fyrir loftfarið sem þarf að fá vottun, að því tilskildu að á þeim stað sé ekkert fyrirtæki með tilhlýðilegt samþykki samkvæmt þessum hluta og fyrirtækið, sem samið hefur verið við, hafi fengið og geymi skráðar hjá sér staðfestar upplýsingar um reynslu og skírteini hlutaðeigandi einstaklings.

Öll slík tilvik ber að tilkynna til lögbæra yfirvaldsins innan sjö daga frá því að slík vottunarheimild er veitt. Samþykkt viðhaldsfyrirtæki, sem gefur út staka vottunarheimild, skal tryggja að allt slíkt viðhald, sem getur haft áhrif á flugöryggi, sé yfirfarið aftur.

c) Samþykkta viðhaldsfyrirtækið skal skrá allar upplýsingar um viðhaldsvotta og halda uppfærða skrá yfir alla viðhaldsvotta ásamt gildissviði samþykkis þeirra sem hluti af handbók fyrirtækisins skv. 5. lið a-liðar M.A.604.

M.A.608 **Íhlutir, búnaður og verkfæri**

a) Fyrirtækið skal:

1. hafa yfir að ráða þeim búnaði og verkfærum, sem eru tilgreind í viðhaldsgögnunum sem lýst er í M.A.609, eða sannprófuðum og jafngildum búnaði og verkfærum sem eru skráð í handbók viðhaldsfyrirtækisins, sem eru nauðsynleg til daglegs viðhalds innan gildissviðs samþykkisins og

2. sýna fram á að það hafi aðgang að öllum öðrum búnaði og verkfærum sem eru einungis notuð stöku sinnum.

b) Verkfæri og búnað skal prófa og kvarða til samræmis við opinberlega viðurkenndan staðal. Fyrirtækið skal halda skrá yfir slíka kvörðun og staðalinn sem er notaður.

c) Fyrirtækið skal skoða og flokka alla íhluti, sem henni berast, og aðskilja þá á tilhlýðilegan hátt.

M.A.609 **Viðhaldsgögn**

Samþykkt viðhaldsfyrirtæki skal hafa undir höndum og nota viðeigandi, núgildandi viðhaldsgögn, sem tilgreind eru í M.A.401, við framkvæmd viðhalds, þ.m.t. breytingar og viðgerðir. Ef viðskiptavinurinn leggur fram viðhaldsgögn er einungis nauðsynlegt að hafa slík gögn á meðan á vinnunni stendur.

M.A.610 **Verkbeiðnir um viðhald**

Áður en viðhald hefst skulu fyrirtækið og fyrirtækið sem óskar eftir viðhaldi semja um skriflega verkbeiðni þar sem fyrirhugað viðhald er skýrt sett fram.

M.A.611 **Viðhaldsstaðlar**

Allt viðhald skal fara fram í samræmi við kröfurnar í D-kafla A-þáttar í þessum viðauka (M-hluta).

M.A.612 **Viðhaldsvottorð fyrir loftför**

Þegar öllu nauðsynlegu viðhaldi á loftfari er lokið í samræmi við þennan kafla skal viðhaldsvottorð fyrir loftför gefið út í samræmi við M.A.801.

M.A.613 **Viðhaldsvottorð fyrir íhluti**

a) Þegar öllu nauðsynlegu viðhaldi á íhlutum er lokið í samræmi við þennan kafla skal viðhaldsvottorð fyrir íhluti gefið út í samræmi við M.A.802. Gefa skal út EASA-eyðublað nr. 1 nema þegar um er að ræða íhluti sem er haldið við samkvæmt b-, d- eða e-lið M.A.502 eða þegar um er að ræða íhluti sem eru framleiddir í samræmi við c-lið M.A.603.

b) Eyðublað fyrir viðhaldsvottorð íhluta, EASA-eyðublað nr. 1, er hægt að sækja í tölvugagnagrunn.

M.A.614 **Viðhaldsskrár**

a) Samþykkta viðhaldsfyrirtækið skal skrá allar upplýsingar um þau verk sem unnin eru. Varðveita skal skrár sem eru nauðsynlegar til að sanna að öllum kröfum hafi verið fullnægt fyrir útgáfu viðhaldsvottorðs, þ.m.t. viðhaldsvottorð undirverktaka.

b) Samþykkta viðhaldsfyrirtækið skal láta eiganda loftfarsins í té afrit af öllum viðhaldsvottorðum ásamt afriti af öllum gögnum um sérstakar viðgerðir eða breytingar sem hafa verið notuð í tengslum við viðgerðir eða breytingar sem hafa farið fram.

c) Samþykkta viðhaldsfyrirtækið skal varðveita afrit af öllum viðhaldsskrám og tilheyrandi viðhaldsgögnum í þrjú ár frá þeim degi sem það gaf út viðhaldsvottorð fyrir loftfar eða loftfarsíhlut sem unnið var við hjá fyrirtækinu.

1. Varðveita skal skrárnar í tengslum við þennan lið á þann hátt að vernd gegn skemmdum, breytingum og þjófnaði sé tryggð.

2. Geyma skal allan tölvuvélbúnað, sem notaður er til að tryggja öryggisafrit, á öðrum stað en vélbúnaðinn, sem inniheldur vinnugögnin, og í umhverfi þar sem gott ásigkomulag hans er tryggt.

3. Þegar samþykkt viðhaldsfyrirtæki hættir rekstri skal senda allar viðhaldsskrár fyrir undanfarandi þrjú ár, sem hafa verið varðveittar, til síðasta eiganda eða flugrekanda viðkomandi loftfars eða íhlutar eða varðveita þær á þann hátt sem lögbæra yfirvaldið tilgreinir.

M.A.615 **Réttindi fyrirtækisins**

Viðhaldsfyrirtækinu, sem hefur hlotið samþykki í samræmi við F-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta), er heimilt:

a) að annast viðhald á sérhverju loftfari og/eða íhlut, sem það hefur hlotið samþykki til að annast viðhald á, á þeim stöðum sem tilgreindir eru í samþykkisvottorðinu og í handbók viðhaldsfyrirtækisins,

b) að sjá til þess að framkvæmd sérhæfðra verkefna fari fram hjá öðru fyrirtæki, sem hefur tilskilin starfsréttindi og er undir eftirliti viðhaldsfyrirtækisins, að því tilskildu að settar verði tilteknar verklagsreglur sem hluta af handbók viðhaldsfyrirtækisins, sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt beint,

c) að viðhalda sérhverju loftfari og/eða íhlut, sem það hefur hlotið samþykki til að annast viðhald á, hvar sem er, að því tilskildu að þörf sé á viðhaldinu, annaðhvort vegna þess að loftfarið er óflugfært eða að tilfallandi viðhald er nauðsynlegt, sbr. þó skilyrði sem tilgreind eru í handbók viðhaldsfyrirtækisins,

d) að gefa út viðhaldsvottorð að loknu viðhaldi í samræmi við M.A.612 eða M.A.613.

M.A.616 **Skipulagsúttekt**

Til þess að tryggja að samþykkt viðhaldsfyrirtæki uppfylli áfram kröfurnar í þessum kafla skal það skipuleggja reglubundnar skipulagsúttektir.

M.A.617 **Breytingar á samþykktu viðhaldsfyrirtæki**

Til þess að lögbæra yfirvaldið geti ákvarðað hvort áfram sé farið að ákvæðum þessa hluta skal samþykkt viðhaldsfyrirtæki tilkynna því um allar tillögur að breytingum, er varða eftirfarandi atriði, áður en breytingarnar eru gerðar:

1. nafn fyrirtækisins,

2. aðsetur fyrirtækisins,

3. önnur aðsetur fyrirtækisins,

4. ábyrgðarmann,

5. einhvern þeirra sem tilgreindir eru í b-lið M.A.606,

6. aðstöðu, búnað, verkfæri, efni, verklagsreglur, verksvið og viðhaldsvotta sem gætu haft áhrif á samþykkið.

Ef um er að ræða tillögur um starfsmannabreytingar, sem stjórnendur sáu ekki fyrir, skal tilkynna um þær eins fljótt og auðið er.

M.A.618 **Áframhaldandi gildi samþykkis**

a) Gefa skal út samþykki með ótakmörkuðum gildistíma. Það skal halda gildi sínu, að því tilskildu:

1. að fyrirtækið fullnægi áfram ákvæðum þessa hluta, í samræmi við ákvæðin sem varða meðhöndlun frávika eins og tilgreint er í M.A.619 og

2. að lögbæra yfirvaldið fái aðgang að fyrirtækinu til að ganga úr skugga um að það fullnægi áfram ákvæðum þessa hluta og

3. að samþykkið hafi ekki verið lagt inn eða afturkallað.

b) Þegar samþykkisvottorðið er lagt inn eða afturkallað skal því skilað til lögbæra yfirvaldsins.

M.A.619 **Frávik**

a) Fyrsta stigs frávik er sérhvert mikilvægt atriði, sem er ekki í samræmi við kröfur samkvæmt M-hluta, er dregur úr öryggi, miðað við kröfur, og stofnar flugöryggi í hættu.

b) Annars stigs frávik er sérhvert atriði, sem er ekki í samræmi við kröfur samkvæmt M-hluta, er getur dregið úr öryggi, miðað við kröfur, og kann að stofna flugöryggi í hættu.

c) Eftir að tilkynnt hefur verið um frávik samkvæmt M.B.605 skal handhafi samþykkis fyrir viðhaldsfyrirtæki semja áætlun um aðgerðir til úrbóta og sýna lögbæra yfirvaldinu fram á það með fullnægjandi hætti að úrbæturnar hafi verið innleiddar innan þess tíma sem samið var um við þetta yfirvald,

G-KAFLI

FYRIRTÆKI SEM ANNAST STJÓRNUN Á ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI

M.A.701 **Gildissvið**

Í þessum kafla eru tilgreindar þær kröfur sem fyrirtæki þarf að uppfylla til að teljast hæft til að fá samþykki eða framlengingu á samþykki til að annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfara.

M.A.702 **Umsókn**

Umsókn um útgáfu eða breytingu á samþykki fyrir fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, skal fylla út á þar til gerðum eyðublöðum og á þann hátt sem lögbæra yfirvaldið mælir fyrir um.

M.A.703 **Umfang samþykkis**

a) Lögbæra yfirvaldið staðfestir samþykkið með útgáfu vottorðs sem er að finna í VI. viðbæti.

b) Þrátt fyrir ákvæði a-liðar skal samþykkið vera, að því er varðar flutningaflug, hluti af flugrekandaskírteininu sem lögbæra yfirvaldið gefur út fyrir loftfarið sem er starfrækt.

c) Í starfsemislýsingunni fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi skal tilgreina það verksvið sem samþykkið tekur til í samræmi við M.A.704.

M.A.704 **Starfsemislýsing fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi**

a) Fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, skal leggja fram starfsemislýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi þar sem eftirfarandi atriði koma fram:

1. yfirlýsing, sem ábyrgðarmaður undirritar, þar sem staðfest er að fyrirtækið muni ávallt vinna samkvæmt þessum hluta og starfsemislýsingunni og

2. verksvið fyrirtækisins og

3. starfsheiti og nafn eða nöfn einstaklinganna, sem um getur í a-, c-, d- og i-lið M.A.706, og

4. skipurit sem sýnir hvernig ábyrgð einstaklinganna, sem um getur í a-, c-, d- og i-lið M.A.706, er tengd og

5. skrá yfir starfsfólk sem annast staðfestingu á lofthæfi samkvæmt M.A.707 þar sem tilgreint er, eftir atvikum, hvaða starfsfólki er heimilt að gefa út flugleyfi í samræmi við c-lið M.A.711 og

6. almenn lýsing á aðstöðunni og staðsetning hennar og

7. verklagsreglur þar sem tilgreint er hvernig fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, sér til þess að farið sé að ákvæðum þessa hluta og

8. verklagsreglur um breytingar á starfsemislýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og

9. skrá yfir samþykktar viðhaldsáætlanir loftfara eða, að því er varðar loftför sem eru ekki notuð í flutningaflugi, skrá yfir ‚almennar viðhaldsáætlanir' og ‚grunnviðhaldsáætlanir'.

b) Starfsemislýsing fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og breytingar á starfsemislýsingunni verða að hljóta samþykki lögbærs yfirvalds.

c) Þrátt fyrir b-lið er heimilt að samþykkja minni háttar breytingar á starfsemislýsingunni með málsmeðferð við óbeint samþykki. Í málsmeðferðinni við óbeint samþykki skulu skilgreindar þær minni háttar breytingar sem eru heimilaðar og skal fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, taka þær upp sem hluta af starfsemislýsingunni og skulu þær samþykktar af lögbæra yfirvaldinu sem ber ábyrgð á því fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi.

M.A.705 **Aðstaða**

Fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, skal sjá starfsfólkinu, sem tilgreint er í M.A.706, fyrir hentugu skrifstofuhúsnæði á viðeigandi stað.

M.A.706 **Kröfur varðandi starfsfólk**

a) Fyrirtækið skal skipa ábyrgðarmann sem hefur umboð frá fyrirtækinu til að sjá til þess að unnt sé að fjármagna alla stjórnunarstarfsemi vegna áframhaldandi lofthæfi og að starfsemin geti farið fram í samræmi við þennan hluta.

b) Að því er varðar flutningaflug skal ábyrgðarmaðurinn, sem um getur í a-lið, vera einstaklingur sem hefur einnig umboð frá viðkomandi fyrirtæki til að tryggja að unnt sé að fjármagna allan rekstur flugrekandans og að reksturinn fari fram í samræmi við þann staðal sem gerðar eru kröfur um við útgáfu flugrekandaskírteinis.

c) Tilnefna skal einstakling eða hóp einstaklinga sem bera skulu ábyrgð á því að fyrirtækið fullnægi ávallt ákvæðum þessa kafla. Skal hann eða þeir bera endanlega ábyrgð gagnvart ábyrgðarmanninum.

d) Að því er varðar flutningaflug skal ábyrgðarmaðurinn skipa tilnefndan yfirmann. Þessi maður skal bera ábyrgð á stjórnun og eftirliti með starfsemi vegna áframhaldandi lofthæfi, samkvæmt c-lið.

e) Tilnefndi yfirmaðurinn, sem um getur í d-lið, skal ekki starfa hjá fyrirtæki með samþykki skv. 145. hluta, sem flugrekandi hefur gert verksamning við, nema með sérstöku samþykki lögbæra yfirvaldsins.

f) Fyrirtækið skal hafa á að skipa nægilegum fjölda starfsfólks með tilskilin starfsréttindi fyrir vinnuna sem fyrirhuguð er.

g) Allir þeir aðilar sem um getur í c- og d-lið skulu geta sýnt fram á að þeir búi yfir viðeigandi kunnáttu, bakgrunni og reynslu sem tengist áframhaldandi lofthæfi loftfara.

h) Starfsréttindi alls starfsfólks, sem vinnur við stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, skulu skráð.

i) Að því er varðar fyrirtæki sem framlengja lofthæfistaðfestingarvottorð, í samræmi við 4. lið a-liðar M.A.711 og f-lið M.A.901, skal fyrirtækið tilnefna einstaklinga sem hafa til þess heimild, með samþykki lögbæra yfirvaldsins.

j) Fyrirtækið skal sundurliða starfsheiti og nafn einstaklingsins eða einstaklinganna, sem um getur í a-, c-, d- og i-lið M.A.706, og uppfæra upplýsingarnar í starfsemislýsingunni fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi.

k) Að því er varðar öll stór loftför og loftför sem eru notuð í flutningaflugi skal fyrirtækið staðfesta og hafa eftirlit með hæfni starfsfólks sem vinnur við stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, staðfestingu á lofthæfi og/eða gæðaúttektir í samræmi við verklagsreglu og staðal sem lögbæra yfirvaldið samþykkir.

M.A.707 **Starfsfólk sem annast staðfestingu á lofthæfi**

a) Til þess að hljóta samþykki fyrir því að annast staðfestingu á lofthæfi, og, ef við á, gefa út flugleyfi, skal samþykkt fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi hafa á að skipa viðeigandi starfsfólki sem annast staðfestingu á lofthæfi og gefur út lofthæfistaðfestingarvottorð eða tilmæli, sem um getur í I-kafla A-þáttar, og, ef við á, gefur út flugleyfi í samræmi við c-lið M.A.711:

1. Að því er varðar öll loftför, sem notuð eru í flutningaflugi, og loftför með hámarksflugtaksmassa yfir 2730 kg, að loftbelgjum undanskildum, skal þetta starfsfólk hafa:

a) a.m.k. fimm ára reynslu af áframhaldandi lofthæfi og

b) viðeigandi skírteini í samræmi við III. viðauka (66. hluta) eða prófgráðu á sviði flugs eða jafngildi þessa í viðkomandi landi og

c) formlega þjálfun í viðhaldi loftfara og

d) stöðu með viðeigandi ábyrgð innan samþykkta fyrirtækisins,

e) þrátt fyrir a- til d-lið hér að framan getur fimm ára reynsla af áframhaldandi lofthæfi komið í stað þeirra krafna, sem mælt er fyrir um í b-lið 1. liðar a-liðar í M.A.707, til viðbótar við það sem þegar er krafist samkvæmt a-lið 1. liðar a-liðar í M.A.707.

2. Að því er varðar loftför, sem eru ekki notuð í flutningaflugi, með allt að 2730 kg hámarksflugtaksmassa skal þetta starfsfólk hafa:

a) a.m.k. þriggja ára reynslu af áframhaldandi lofthæfi og

b) viðeigandi skírteini í samræmi við III. viðauka (66. hluta) eða prófgráðu á sviði flugs eða jafngildi þessa í viðkomandi landi og

c) viðeigandi þjálfun í viðhaldi loftfara og

d) stöðu með viðeigandi ábyrgð innan samþykkta fyrirtækisins,

e) þrátt fyrir a- til d-lið hér að framan getur fjögurra ára reynsla af áframhaldandi lofthæfi komið í stað þeirra krafna, sem mælt er fyrir um í b-lið 2. liðar a-liðar í M.A.707, til viðbótar við það sem þegar er krafist samkvæmt a-lið 2. liðar a-liðar í M.A.707.

b) Starfsfólk sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, sem samþykkt fyrirtæki sem annast staðfestingu á lofthæfi tilnefnir, getur einungis fengið heimild frá samþykkta fyrirtækinu sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi ef það hefur fengið formlega viðurkenningu lögbæra yfirvaldsins eftir að hafa lokið staðfestingu á lofthæfi undir eftirliti með fullnægjandi árangri.

c) Fyrirtækið skal sjá til þess að starfsfólk, sem annast staðfestingu á lofthæfi loftfara, geti sýnt fram á nýlega, viðeigandi reynslu af stjórnun á áframhaldandi lofthæfi.

d) Auðkenna skal starfsfólk, sem annast staðfestingu á lofthæfi, með því að skrá hvern starfsmann í starfsemislýsinguna fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi ásamt tilvísunarnúmeri heimildar hans til að annast staðfestingu á lofthæfi.

e) Fyrirtækið skal halda skrá yfir allt starfsfólk, sem annast staðfestingu á lofthæfi, er skal innihalda upplýsingar um öll viðeigandi starfsréttindi ásamt samantekt á viðeigandi reynslu og þjálfun við stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og afriti af heimildinni. Þessi skrá skal varðveitt í tvö ár eftir að starfsfólkið, sem annast staðfestingu á lofthæfi, hefur hætt störfum hjá fyrirtækinu.

M.A.708 **Stjórnun á áframhaldandi lofthæfi**

a) Öll stjórnun á áframhaldandi lofthæfi skal fara fram í samræmi við forskriftirnar í C-kafla M.A.

b) Fyrir sérhvert loftfar, sem er undir stjórnun samþykkts fyrirtækis sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, skal fyrirtækið:

1. semja og hafa eftirlit með viðhaldsáætlun fyrir viðkomandi loftfar, þ.m.t. allar gildandi áreiðanleikaáætlanir,

2. láta lögbæra yfirvaldinu í té viðhaldsáætlun og breytingar á henni til samþykkis, nema áætlunin falli undir málsmeðferð við óbeint samþykki í samræmi við c-lið M.A.302 og fá eiganda loftfars, sem er ekki notað í flutningaflugi, afrit af áætluninni,

3. annast stjórnun á samþykki fyrir breytingum og viðgerðum,

4. sjá til þess að allt viðhald fari fram í samræmi við samþykkta viðhaldsáætlun og að gefið sé út viðhaldsvottorð í samræmi við H-kafla A-þáttar í þessum viðauka (M-hluta),

5. tryggja að öllum gildandi lofthæfifyrirmælum og rekstrarfyrirmælum, sem hafa áhrif á áframhaldandi lofthæfi, sé beitt,

6. tryggja að tilhlýðilega samþykkt viðhaldsfyrirtæki lagfæri allar bilanir sem koma í ljós við reglubundið viðhald eða sem tilkynnt er um,

7. sjá til þess að farið sé með loftfarið til tilhlýðilega samþykkts viðhaldsfyrirtækis þegar nauðsyn ber til,

8. samræma reglubundið viðhald, beitingu lofthæfifyrirmæla, útskipti hluta með tiltekinn endingartíma og skoðun á íhlutum til að tryggja að vinnan fari rétt fram,

9. annast stjórnun á öllum skrám yfir áframhaldandi lofthæfi og/eða tækniflugbók flugrekanda og koma þeim í geymslu,

10. sjá til þess að massa- og jafnvægisskýrslan endurspegli núverandi stöðu loftfarsins.

c) Þegar um er að ræða flutningaflug og flugrekandinn hefur ekki hlotið tilhlýðilegt samþykki skv. 145. hluta skal flugrekandi gera skriflegan viðhaldssamning við fyrirtæki, sem hlotið hefur samþykki skv. 145. hluta, eða annan flugrekanda þar sem nákvæmlega eru taldir upp starfsþættir, sem tilgreindir eru í 2., 3., 5. og 6. lið M.A.301, til að tryggja að viðhaldsfyrirtæki með samþykki skv. 145. hluta annist í raun allt viðhald og skilgreina hvernig styrkja skuli starfsþætti gæðakerfisins sem um getur í b-lið M.A.712. Samningar um aðalviðhald, reglubundið leiðarviðhald loftfara og viðhald hreyfla, ásamt öllum breytingum, verða að hljóta samþykki lögbæra yfirvaldsins. Hins vegar:

1. ef þörf er á ófyrirséðu leiðarviðhaldi loftfars getur verksamningurinn verið í formi einstakra verkbeiðna sem er beint til viðhaldsfyrirtækis sem hlotið hefur samþykki skv. 145. hluta,

2. ef um er að ræða viðhald íhluta, þ.m.t. viðhald hreyfla, getur verksamningurinn, sem um getur í c-lið, verið í formi einstakra verkbeiðna sem er beint til viðhaldsfyrirtækis sem hlotið hefur samþykki skv. 145. hluta.

M.A.709 **Skjöl**

a) Samþykkt fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, skal hafa og nota viðeigandi, núgildandi viðhaldsgögn í samræmi við M.A.401 við framkvæmd verkefna er lúta að áframhaldandi lofthæfi sem um getur í M.A.708. Eigandinn eða flugrekandinn getur lagt þessi gögn fram að því tilskildu að viðeigandi samningur hafi verið gerður við þennan eiganda eða flugrekanda. Í slíku tilviki þarf fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, að geyma slík gögn meðan samningurinn er í gildi nema þegar þeirra er krafist samkvæmt M.A.714.

b) Fyrirtækið sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi getur þróað ‚grunnviðhaldsáætlanir' og/eða ‚almennar viðhaldsáætlanir' fyrir loftför, sem eru ekki notuð í flutningaflugi, til að gera fyrsta samþykki og/eða rýmkun gildissviðs samþykkis kleift án þess að samningarnir, sem um getur í I. viðbæti við þennan viðauka (M-hluta), séu fyrir hendi. Þessar ‚grunnviðhaldsáætlanir' og/eða ‚almennu viðhaldsáætlanir' koma þó ekki í veg fyrir nauðsyn þess að koma á fullnægjandi viðhaldsáætlun fyrir loftför í samræmi við M.A.302 í tæka tíð áður en réttindanna sem um getur í M.A.711 er neytt.

M.A.710 **Staðfesting á lofthæfi**

a) Til að uppfylla kröfurnar um staðfestingu á lofthæfi loftfars samkvæmt M.A.901 skal samþykkt fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, annast fullkomlega skjalfesta endurskoðun á skrám loftfarsins í því skyni að ganga úr skugga um að:

1. flugtími flugskrokks, hreyfils og loftskrúfu og notkunarskipti þeirra í flugi hafi verið rétt skráð og

2. flughandbókin gildi fyrir útfærslu loftfarsins með hliðsjón af síðustu endurskoðun og

3. allt viðhald á loftfari samkvæmt samþykktri viðhaldsáætlun hafi farið fram og

4. allar bilanir, sem vitað var um, hafi verið lagfærðar eða, þegar við á, að viðgerð hafi verið frestað undir eftirliti og

5. öllum gildandi lofthæfifyrirmælum hafi verið beitt og þau rétt skráð og

6. allar breytingar og viðgerðir, sem gerðar hafa verið á loftfarinu, hafi verið skráðar og eru í samræmi við I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 og

7. allir íhlutir með tiltekinn endingartíma, sem eru settir í loftfarið, séu rétt auðkenndir og skráðir og að samþykktur endingartími þeirra sé ekki runninn út og

8. gefið hafi verið út viðhaldsvottorð í samræmi við I. viðauka (M-hluta) og

9. gildandi massa- og jafnvægisskýrsla endurspegli útfærslu loftfarsins og sé í gildi og

10. loftfarið sé í samræmi við síðustu endurskoðun á tegundarhönnun þess sem Flugöryggisstofnunin hefur samþykkt og

11. ef þess er krafist, loftfarið hafi hljóðstigsvottorð sem samsvarar núverandi útfærslu loftfarsins í samræmi við I-kafla í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.

b) Starfsfólk, sem annast staðfestingu á lofthæfi hjá samþykktu fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, skal framkvæma ástandskönnun loftfarsins. Að því er varðar þessa könnun skal starfsfólk, sem annast staðfestingu á lofthæfi og hefur ekki tilskilin starfsréttindi skv. III. viðauka (66. hluta), njóta aðstoðar starfsfólks með slík starfsréttindi.

c) Með því að kanna ástand loftfarsins skal starfsfólk, sem annast staðfestingu á lofthæfi, sjá til þess að:

1. allar nauðsynlegar merkingar og skilti séu rétt ísett og

2. loftfarið sé í samræmi við samþykkta flughandbók þess og

3. útfærsla loftfarsins sé í samræmi við samþykkt skjöl og

4. engin augljós bilun finnist sem ekki hafa verið gerðar ráðstafanir um samkvæmt M.A.403 og

5. ekkert ósamræmi finnist á milli loftfarsins og skjalfestrar endurskoðunar á skrám samkvæmt a-lið.

d) Þrátt fyrir ákvæði a-liðar M.A.901 má staðfesting á lofthæfi fara fram allt að 90 dögum áður, án þess að samfella í framvindu staðfestingar á lofthæfi raskist, til að ástandsskoðun geti farið fram við viðhaldsskoðun.

e) Lofthæfistaðfestingarvottorð (EASA-eyðublað nr. 15b) eða tilmæli um útgáfu lofthæfistaðfestingarvottorðs (EASA-eyðublað nr. 15a), sem um getur í III. viðbæti við I. viðauka (M-hluta), skal einungis gefið út:

1. af starfsfólki með viðeigandi heimild samkvæmt M.A.707, sem annast staðfestingu á lofthæfi fyrir hönd samþykkts fyrirtækis, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi eða viðhaldsvottum í þeim tilvikum sem kveðið er á um í g-lið M.A.901 og

2. þegar gengið hefur verið úr skugga um að staðfesting á lofthæfi hafi verið framkvæmd að fullu og að engin atriði séu kunn sem eru ekki í samræmi við kröfur og gætu stofnað flugöryggi í hættu.

f) Senda skal afrit innan 10 daga af öllum lofthæfistaðfestingarvottorðum, sem gefin eru út eða framlengd, til aðildarríkisins þar sem viðkomandi loftfar er skráð.

g) Ekki skal fela undirverktaka verkefni sem tengjast staðfestingu á lofthæfi.

h) Ef niðurstöður staðfestingar á lofthæfi reynast ósannfærandi skal tilkynna lögbæra yfirvaldinu um það eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 72 klukkustundum eftir að fyrirtækið verður áskynja um það ástand sem staðfestingin fjallar um.

M.A.711 **Réttindi fyrirtækisins**

a) Viðhaldsfyrirtækinu, sem hefur samþykki í samræmi við G-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta), er heimilt:

1. að annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfara annarra en þeirra sem notuð eru í flutningaflugi og eru skráð á samþykkisvottorðið,

2. að annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfara, sem eru notuð í flutningaflugi, ef það er skráð bæði á samþykkisvottorð þess og flugrekandaskírteini (AOC),

3. að sjá til þess að verktakafyrirtæki sjái um takmörkuð verkefni sem tengjast áframhaldandi lofthæfi þegar það starfar samkvæmt gæðakerfi fyrirtækisins eins og tilgreint er á samþykkisvottorðinu,

4. framlengja, samkvæmt skilyrðum f-liðar M.A.901, lofthæfistaðfestingarvottorð sem lögbært yfirvald hefur gefið út eða annað fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, hefur gefið út og hefur samþykki í samræmi við G-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta).

b) Þar að auki getur samþykkt fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og er skráð í aðildarríki, hlotið samþykki til að annast staðfestingu á lofthæfi, sem um getur í M.A.710, og:

1. gefa út lofthæfistaðfestingarvottorð og framlengja það í tæka tíð með þeim skilyrðum sem um getur í 2. lið c-liðar eða 2. lið e-liðar M.A.901 og

2. gefa út tilmæli um staðfestingu á lofthæfi loftfars til lögbærra yfirvalda skráningaraðildarríkisins.

c) Fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og hefur hlotið samþykki sem tekur til þeirra réttinda sem um getur í b-lið M.A.711, getur að auki hlotið samþykki til að gefa út flugleyfi í samræmi við d-lið 21.A.711 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 að því er varðar loftfarið sem fyrirtækið hefur hlotið samþykki til að gefa út lofthæfistaðfestingarvottorð fyrir, þegar fyrirtækið sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi staðfestir samræmi við samþykkt flugskilyrði, sbr. þó viðunandi samþykkta verklagsreglu í starfsemislýsingunni sem um getur í M.A.704.

M.A.712 **Gæðakerfi**

a) Til að tryggja að samþykkt fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, uppfylli áfram kröfurnar í þessum kafla skal það koma á gæðakerfi og tilnefna gæðastjóra til þess að hafa eftirlit með því að verklagsreglum, sem krafist er til að tryggja lofthæfi loftfars, sé fylgt og að þessar verklagsreglur séu fullnægjandi. Samræmiseftirlit skal fela í sér kerfi upplýsingastreymis til baka til ábyrgðarmannsins til að tryggja að gerðar séu úrbætur ef þörf er á.

b) Innan ramma gæðakerfisins skal eftirlit haft með þeirri starfsemi sem fram fer samkvæmt G-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta). Kerfið skal a.m.k. fela í sér eftirfarandi starfsþætti:

1. eftirlit með því að öll starfsemi, sem um getur í G-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta), fari fram í samræmi við samþykktar verklagsreglur og

2. eftirlit með því að allt samningsbundið viðhald sé innt af hendi eins og samningurinn kveður á um og

3. eftirlit með því að áfram sé farið að kröfum samkvæmt þessum hluta.

c) Varðveita skal skrár yfir þessa starfsemi í a.m.k. tvö ár.

d) Hafi samþykkt fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, verið samþykkt í samræmi við annan hluta má sameina gæðakerfið því gæðakerfi sem kveðið er á um í þeim hluta.

e) Þegar um er að ræða flutningaflug skal gæðakerfið, sem kveðið er á um í G-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta), vera samþættur hluti af gæðakerfi flugrekandans.

f) Þegar um er að ræða lítið fyrirtæki, sem annast ekki sjálft stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfara sem notuð eru í flutningaflugi, geta reglubundnar úttektir innan fyrirtækisins komið í stað gæðakerfisins, að því tilskildu að lögbært yfirvald samþykki það, nema þegar fyrirtækið gefur út lofthæfistaðfestingarvottorð fyrir loftför með hámarksflugtaksmassa yfir 2730 kg, að loftbelgjum undanskildum. Þegar ekkert gæðakerfi er til staðar skal fyrirtækið ekki gera samning við aðra aðila um verkefni sem tengjast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi.

M.A.713 **Breytingar á samþykktu fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi**

Til þess að lögbæra yfirvaldið geti ákvarðað hvort áfram sé farið að ákvæðum þessa hluta skal samþykkt fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, tilkynna því um allar tillögur að breytingum, er varða eftirfarandi atriði, áður en breytingarnar eru gerðar:

1. nafn fyrirtækisins,

2. aðsetur fyrirtækisins,

3. önnur aðsetur fyrirtækisins,

4. ábyrgðarmann,

5. einhvern þeirra sem tilgreindir eru í c-lið M.A.706,

6. aðstöðu, verklagsreglur, verksvið og starfsfólk sem gæti haft áhrif á samþykkið.

Ef um er að ræða tillögur um starfsmannabreytingar, sem stjórnendur sáu ekki fyrir, skal tilkynna um þær eins fljótt og auðið er.

M.A.714 **Skráahald**

a) Fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, skal skrá allar upplýsingar um þau verk sem unnin eru. Varðveita skal skrár, sem krafist er í M.A.305, og, ef við á, M.A.306.

b) Ef fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, neytir þeirra réttinda sem um getur í b-lið M.A.711 skal það varðveita afrit af öllum lofthæfistaðfestingarvottorðum og tilmælum, sem gefin eru út, ásamt öllum fylgiskjölum. Þar að auki skal fyrirtækið varðveita afrit af öllum lofthæfistaðfestingarvottorðum sem það hefur framlengt samkvæmt þeim réttindum sem um getur í 4. lið a-liðar M.A.711.

c) Ef fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, neytir þeirra réttinda sem um getur í c-lið M.A.711 skal það varðveita afrit af öllum flugleyfum sem gefin eru út í samræmi við ákvæði 21A.729 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.

d) Fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, skal varðveita afrit af öllum skrám, sem um getur í b- og c-lið, í tvö ár eftir að loftfarið hefur endanlega verið tekið úr umferð.

e) Geyma skal skrár á þann hátt að vernd gegn skemmdum, breytingum og þjófnaði sé tryggð.

f) Geyma skal allan tölvuvélbúnað, sem notaður er til að tryggja öryggisafrit, á öðrum stað en vélbúnaðinn, sem inniheldur vinnugögnin, og í umhverfi þar sem gott ásigkomulag hans er tryggt.

g) Þegar stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfars færist til annars fyrirtækis eða aðila skal afhenda viðkomandi fyrirtæki eða aðila allar skrár sem hafa verið varðveittar. Fyrirskipaðar tímaáætlanir um varðveislu skráa gilda áfram hjá fyrrnefndu fyrirtæki eða aðila.

h) Þegar fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, hættir rekstri skal afhenda eiganda loftfarsins allar skrár sem hafa verið varðveittar.

M.A.715 **Áframhaldandi gildi samþykkis**

a) Gefa skal út samþykki með ótakmörkuðum gildistíma. Það skal halda gildi sínu, að því tilskildu:

   1. að fyrirtækið fullnægi áfram ákvæðum þessa hluta, í samræmi við ákvæðin sem varða meðhöndlun frávika eins og tilgreint er í M.B.705 og

   2. að lögbæra yfirvaldið fái aðgang að fyrirtækinu til að ganga úr skugga um að það fullnægi áfram ákvæðum þessa hluta og

   3. að samþykkið hafi ekki verið lagt inn eða afturkallað.

b) Þegar samþykkisvottorðið er lagt inn eða afturkallað skal því skilað til lögbæra yfirvaldsins.

M.A.716 **Frávik**

a) Fyrsta stigs frávik er sérhvert mikilvægt atriði, sem er ekki í samræmi við kröfur samkvæmt M-hluta, er dregur úr öryggi, miðað við kröfur, og stofnar flugöryggi í hættu.

b) Annars stigs frávik er sérhvert atriði, sem er ekki í samræmi við kröfur samkvæmt M-hluta, er getur dregið úr öryggi, miðað við kröfur, og kann að stofna flugöryggi í hættu.

c) Eftir að tilkynnt hefur verið um frávik samkvæmt M.B.705 skal handhafi samþykkis fyrir fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, semja leiðréttingaráætlun og sýna fram á að gerðar hafi verið leiðréttingar, sem lögbæra yfirvaldið telur fullnægjandi, innan ákveðins frests sem samið er um við yfirvaldið.

H-KAFLI

VIÐHALDSVOTTORÐ (CRS)

M.A.801 **Viðhaldsvottorð fyrir loftför**

a) Gefa skal út viðhaldsvottorð í samræmi við þennan kafla, að undanskildum viðhaldsvottorðum loftfara sem viðhaldsfyrirtæki, sem hefur samþykki í samræmi við II. viðauka (145. hluta), gefur út.

b) Ekki má taka loftfar í notkun nema eftirfarandi aðilar gefi út viðhaldsvottorð í lok hvers konar viðhalds þegar gengið hefur verið úr skugga um að allt nauðsynlegt viðhald hafi verið framkvæmt á réttan hátt:

1. viðeigandi viðhaldsvottar fyrir hönd samþykkts viðhaldsfyrirtækis samkvæmt F-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta) eða

2. viðhaldsvottar sem fullnægja kröfunum sem mælt er fyrir um í III. viðauka (66. hluta), nema um sé að ræða flókin viðhaldsverkefni sem tilgreind eru í VII. viðauka við þennan viðauka en þá á 1. liður við, eða

3. flugmaður sem er jafnframt eigandi loftfars í samræmi við M.A.803.

c) Þrátt fyrir 2. lið b-liðar M.A.801 gildir það fyrir ELA1-loftför, sem eru ekki notuð í flutningaflugi, að þeir viðhaldsvottar sem um getur í 2. lið b-liðar M.A.801 mega votta flókin viðhaldsverkefni sem tilgreind eru í VII. viðbæti við þennan viðauka.

d) Þrátt fyrir b-lið M.A.801 er eigandanum heimilt, í ófyrirsjáanlegum atvikum, þegar loftfar er kyrrsett á stað þar sem ekki er til staðar viðhaldsfyrirtæki sem hefur samþykki samkvæmt þessum viðauka eða II. viðauka (145. hluta) og ekki heldur eru fyrir hendi neinir viðhaldsvottar með viðeigandi starfsréttindi, að leyfa sérhverjum einstaklingi sem hefur a.m.k. þriggja ára viðeigandi viðhaldsreynslu og hefur viðeigandi starfsréttindi að sjá um viðhald í samræmi við staðlana, sem settir eru fram í D-kafla þessa viðauka, og gefa út viðhaldsvottorð fyrir loftfarið. Í því tilviki skal eigandinn:

1. fá í hendur og varðveita í skrá loftfarsins upplýsingar um alla þá vinnu sem fer fram og starfsréttindi einstaklingsins sem gefur vottorðið út og

2. sjá til þess að allt slíkt viðhald sé athugað aftur og vottað af hálfu einstaklings með tilskilin réttindi, sem um getur í b-lið M.A.801, eða af hálfu stofnunar, sem hefur samþykki samkvæmt F-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta) eða skv. II. viðauka (145. hluta), við fyrsta hentugleika en þó innan sjö daga og

3. innan sjö daga frá því að slík vottunarheimild er veitt, tilkynna fyrirtækinu, sem ber ábyrgð á stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, þegar samið hefur verið við fyrirtækið í samræmi við e-lið M.A.201 eða lögbæra yfirvaldinu ef slíkur samningur er ekki fyrir hendi.

e) Þegar viðhaldsvottorð er gefið út skv. 2. lið b-liðar M.A.801 eða c-lið M.A.801 er viðhaldsvotti heimilt að njóta aðstoðar eins eða fleiri einstaklinga, sem eru undir beinu og stöðugu eftirliti hans, við framkvæmd viðhaldsverkefnanna.

f) Í viðhaldsvottorði skal a.m.k. koma fram:

1. grunnupplýsingar um það viðhald sem fór fram og

2. hvenær viðhaldinu var lokið og

3. heiti fyrirtækisins og/eða nafn einstaklingsins sem gaf út viðhaldsvottorðið, þ.m.t. eftirfarandi:

i. tilvísunarnúmer samþykkis viðhaldsfyrirtækisins, sem hefur samþykki samkvæmt F-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta), svo og nafn viðhaldsvottsins sem gaf slíkt vottorð út eða

ii. þegar um er að ræða viðhaldsvottorð skv. 2. lið b-liðar eða c-lið M.A.801, nafn og, ef við á, skírteinisnúmer þess viðhaldsvotts sem gefur út vottorðið,

4. takmarkanir á lofthæfi eða starfrækslu, ef einhverjar eru.

g) Þrátt fyrir b-lið og ákvæði h-liðar má gefa út viðhaldsvottorð innan ramma samþykktra takmarkana loftfarsins þegar ekki er hægt að ljúka við viðhaldið sem mælt er fyrir um. Þetta skal koma fram í viðhaldsvottorði loftfarsins svo og allar viðeigandi lofthæfitakmarkanir eða takmarkanir á starfrækslu áður en það er gefið út, sem hluti af upplýsingunum sem krafist er í 4. lið f-liðar.

h) Ekki skal gefa út viðhaldsvottorð ef vitað er um atriði sem eru ekki í samræmi við kröfur og stofna flugöryggi í hættu.

M.A.802 **Viðhaldsvottorð fyrir íhluti**

a) Viðhaldsvottorð skal gefið út að loknu hvers kyns viðhaldi á loftfarsíhlut sem framkvæmt er samkvæmt M.A.502.

b) Opinbert viðhaldsvottorð, sem er eyðublað Flugöryggisstofnunar Evrópu nr. 1, telst vera viðhaldsvottorð fyrir íhluti nema þegar viðhald á loftfarsíhlutum hefur farið fram samkvæmt b-, d- eða e-lið M.A.502 en þá er viðhaldið háð verklagsreglum fyrir viðhaldsvottun loftfars samkvæmt M.A.801.

M.A.803 **Heimild flugmanns sem er jafnframt eigandi loftfars**

a) Til að teljast flugmaður sem er jafnframt eigandi loftfars verður einstaklingurinn:

1. að vera handhafi flugmannsskírteinis (eða jafngildi þess) sem aðildarríki gefur út eða staðfestir fyrir tegundar- eða flokksáritun loftfarsins og

2. að eiga loftfarið, annaðhvort sem einkaeigandi eða meðeigandi, og skal sá eigandi vera:

i. einn þeirra einstaklinga sem fram koma á skráningareyðublaðinu eða

ii. meðlimur í samtökum sem eru lögaðili og eru ekki rekin í hagnaðarskyni ef lögaðili er tilgreindur sem eigandi í skráningarskjölum og viðkomandi einstaklingur tekur beinan þátt í ákvarðanatöku lögaðila og hefur verið falið af lögaðila að framkvæma viðhald flugmanns sem er jafnframt eigandi loftfarsins.

b) Að því er varðar einföld, vélknúin loftför í einkaeign með 2730 kg hámarksflugtaksmassa, eða þar undir, svifflugur, vélsvifflugur eða loftbelgi er flugmanni, sem er jafnframt eigandi loftfars, heimilt að gefa út viðhaldsvottorð fyrir loftfarið að loknu takmörkuðu viðhaldi flugmannsins, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, eins og tilgreint er í VIII. viðbæti við þennan viðauka.

c) Skilgreina skal umfang takmarkaðs viðhalds af hálfu flugmannsins sem á loftfarið í viðhaldsáætlun loftfarsins sem um getur í M.A.302.

d) Færa skal viðhaldsvottorðið inn í viðhaldsskrár og skulu þar koma fram grunnupplýsingar um það viðhald sem fór fram, hvaða viðhaldsgögn voru notuð, hvenær viðhaldinu var lokið og nafn og undirskrift flugmannsins sem er jafnframt eigandi loftfarsins og gefur vottorðið út, svo og númer flugmannsskírteinis hans.

I-KAFLI

LOFTHÆFISTAÐFESTINGARVOTTORÐ

M.A.901 **Staðfesting á lofthæfi loftfara**

Til að tryggja að lofthæfivottorðið sé í gildi skal reglulega láta staðfesta lofthæfi loftfara og endurskoða skrár þeirra yfir áframhaldandi lofthæfi.

a) Lofthæfistaðfestingarvottorð er gefið út í samræmi við III. viðbæti (EASA-eyðublað nr. 15a eða 15b) við þennan viðauka, að lokinni fullnægjandi staðfestingu á lofthæfi. Lofthæfistaðfestingarvottorðið gildir í eitt ár.

b) Loftfar undir viðurkenndri viðhaldsstjórn er loftfar sem: i. hefur verið næstliðna 12 mánuði að staðaldri undir stjórn sama fyrirtækis, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og hefur hlotið samþykki samkvæmt G-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta), og ii. hefur verið viðhaldið næstliðna 12 mánuði af viðhaldsfyrirtæki sem hefur samþykki samkvæmt F-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta) eða II. viðauka (145. hluta). Þetta felur í sér viðhaldsverkefni sem um getur í blið M.A.803 og viðhaldsvottorð skv. 2. eða 3. lið b-liðar M.A.801.

c) Að því er varðar öll loftför, sem notuð eru í flutningaflugi, og loftför með hámarksflugtaksmassa yfir 2730 kg, að loftbelgjum undanskildum, undir viðurkenndri viðhaldsstjórn, getur fyrirtækið sem um getur í b-lið og annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, ef það hefur hlotið tilhlýðilegt samþykki og svo framarlega sem skilyrði í k-lið eru uppfyllt:

1. gefið út lofthæfistaðfestingarvottorð í samræmi við M.A.710 og

2. framlengt tvisvar gildistíma lofthæfistaðfestingarvottorða, sem það hefur gefið út, um eitt ár í hvort skipti ef loftfarið hefur verið undir viðurkenndri viðhaldsstjórn.

d) Að því er varðar öll loftför, sem notuð eru í flutningaflugi, og loftför með hámarksflugtaksmassa yfir 2730 kg, að loftbelgjum undanskildum, sem eru: i. ekki undir viðurkenndri viðhaldsstjórn eða ii. áframhaldandi lofthæfi þeirra er undir stjórn fyrirtækis, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, en hefur ekki réttindi til að annast staðfestingu á lofthæfi, skal lögbæra yfirvaldið gefa út lofthæfistaðfestingarvottorð að loknu fullnægjandi mati, sem byggist á tilmælum frá fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og hefur hlotið tilhlýðilegt samþykki samkvæmt G-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta), sem fylgir umsókninni frá eigandanum eða flugrekandanum. Þessi tilmæli skulu byggjast á staðfestingu á lofthæfi sem fer fram í samræmi við M.A.710.

e) Að því er varðar loftför, sem eru ekki notuð í flutningaflugi, með 2730 kg hámarksflugtaksmassa, eða þar undir, og loftbelgi getur fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi með samþykki samkvæmt G-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta) og er skipað af eiganda eða flugrekanda, ef það hefur hlotið tilhlýðilegt samþykki og svo framarlega sem skilyrðin í k-lið eru uppfyllt:

1. gefið út lofthæfistaðfestingarvottorð í samræmi við M.A.710 og

2. framlengt tvisvar gildistíma lofthæfistaðfestingarvottorða, sem það hefur gefið út, um eitt ár í hvort skipti ef loftfarið hefur verið undir viðurkenndri viðhaldsstjórn undir stjórn fyrirtækisins.

f) Þrátt fyrir 2. lið c-liðar og 2. lið e-liðar M.A.901, að því er varðar loftför sem eru undir viðurkenndri viðhaldsstjórn, getur fyrirtækið, sem um getur í b-lið og annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, framlengt tvisvar um eitt ár í senn lofthæfistaðfestingarvottorðin, sem gefin eru út af lögbæru yfirvaldi eða öðru fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, sem hefur hlotið samþykki samkvæmt G-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta), svo framarlega sem skilyrðin í k-lið eru uppfyllt.

g) Þrátt fyrir e-lið og 2. lið i-liðar M.A.9, getur lögbært yfirvald einnig gefið út lofthæfistaðfestingarvottorð fyrir ELA1-loftför, sem eru ekki notuð í flutningaflugi og falla ekki undir i-lið M.A.201, að loknu fullnægjandi mati sem byggist á tilmælum viðhaldsvotta, sem eru formlega samþykktir af lögbæra yfirvaldinu og fara að ákvæðum III. viðauka (66. hluta), sem og þeim kröfum sem mælt er fyrir um í a-lið 2. liðar a-liðar M.A.707, sem senda á inn með umsókninni frá eigandanum eða flugrekandanum. Þessi tilmæli skulu byggjast á staðfestingu á lofthæfi, sem fer fram í samræmi við M.A.710, og skulu ekki gefin út í meira en tvö ár í röð.

h) Ef aðstæður leiða í ljós að öryggi sé hugsanlega ógnað skal lögbæra yfirvaldið annast staðfestingu á lofthæfi og gefa út lofthæfistaðfestingarvottorð.

i) Til viðbótar við h-lið getur lögbæra yfirvaldið einnig annast staðfestingu á lofthæfi og gefið út lofthæfistaðfestingarvottorð í eftirfarandi tilvikum:

1. þegar loftfarið er undir stjórn fyrirtækis, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og hefur hlotið samþykki samkvæmt G-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta), og loftfarið er staðsett í þriðja landi,

2. fyrir alla loftbelgi og öll önnur loftför með 2730 kg hámarksflugtaksmassa, eða þar undir, óski eigandinn eftir því.

j) Þegar lögbæra yfirvaldið annast staðfestingu á lofthæfi og/eða gefur út lofthæfistaðfestingarvottorð skal eigandinn eða flugrekandinn útvega lögbæra yfirvaldinu:

1. þau skjöl sem lögbæra yfirvaldið krefst og

2. hentugt húsnæði á viðeigandi stað fyrir starfsfólk þess og

3. þegar þörf krefur, aðstoð starfsfólks með tilskilin starfsréttindi í samræmi við III. viðauka (66. hluta) eða sambærilegar kröfur sem gerðar eru til starfsfólks, eins og mælt er fyrir um í 1. og 2. lið j-liðar 145.A.30 í II. viðauka (145. hluta).

k) Hvorki er hægt að gefa út lofthæfistaðfestingarvottorð né heldur framlengja það ef eitthvað bendir til þess eða ástæða er til að ætla að loftfarið sé ekki lofthæft.

M.A.902 **Gildi lofthæfistaðfestingarvottorðs**

a) Lofthæfistaðfestingarvottorð fellur úr gildi ef:

1. það er fellt tímabundið úr gildi eða afturkallað eða

2. lofthæfivottorðið er fellt tímabundið úr gildi eða afturkallað eða

3. loftfarið er ekki á loftfaraskrá aðildarríkis eða

4. tegundarvottorðið, sem lá til grundvallar útgáfu lofthæfivottorðsins, er fellt tímabundið úr gildi eða afturkallað.

b) Ekki má fljúga loftfari ef lofthæfivottorðið er ógilt eða ef:

1. áframhaldandi lofthæfi loftfarsins eða ísetts íhlutar uppfyllir ekki kröfurnar í þessum hluta eða

2. loftfarið er ekki lengur í samræmi við þá tegundarhönnun sem Flugöryggisstofnunin samþykkti eða

3. loftfarið hefur verið starfrækt utan takmarkana í samþykktu flughandbókinni eða lofthæfivottorðinu án þess að gerðar hafi verið viðeigandi ráðstafanir eða

4. loftfarið hefur lent í slysi eða flugatviki sem hefur áhrif á lofthæfi loftfarsins án þess að gerðar hafi verið viðeigandi ráðstafanir í kjölfarið til að endurheimta lofthæfi eða

5. breyting eða viðgerð er ekki í samræmi við I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.

c) Þegar lofthæfistaðfestingarvottorðið er lagt inn eða afturkallað skal því skilað til lögbæra yfirvaldsins.

M.A.903 **Yfirfærsla á skráningu loftfara innan ESB**

a) Við yfirfærslu á skráningu loftfars innan ESB skal umsækjandi:

1. tilkynna fyrra aðildarríkinu í hvaða aðildarríki loftfarið verður skrásett og því næst

2. sækja um að nýja aðildarríkið gefi út nýtt lofthæfivottorð í samræmi við I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.

b) Þrátt fyrir ákvæði 3. liðar a-liðar M.A.902 heldur eldra lofthæfivottorðið gildi sínu uns gildistími þess er útrunninn.

M.A.904 **Staðfesting á lofthæfi loftfars sem er flutt inn til ESB**

a) Þegar loftfar er flutt inn frá þriðja landi til skráningar í loftfaraskrá aðildarríkis skal umsækjandinn:

1. sækja um að skráningaraðildarríkið gefi út nýtt lofthæfivottorð í samræmi við I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 og

2. láta framkvæma staðfestingu á lofthæfi með fullnægjandi hætti samkvæmt M.A.901 fyrir loftför sem ekki eru ný og

3. láta framkvæma allt viðhald samkvæmt samþykktu viðhaldsáætluninni í samræmi við M.A.302.

b) Þegar fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, hefur gengið úr skugga um að loftfarið sé í samræmi við viðeigandi kröfur, ef við á, skal það senda skráningaraðildarríkinu skjalfest tilmæli um að gefa út lofthæfistaðfestingarvottorð.

c) Eigandinn skal veita aðildarríkinu, þar sem loftfarið er skráð, aðgang að loftfarinu til skoðunar.

d) Aðildarríkið, þar sem loftfarið er skráð, gefur út nýtt lofthæfivottorð þegar það hefur gengið úr skugga um að loftfarið sé í samræmi við forskriftirnar í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.

e) Aðildarríkið skal einnig gefa út lofthæfistaðfestingarvottorð sem gildir að öllu jöfnu í eitt ár nema aðildarríkið telji að takmarka þurfi gildistímann af öryggisástæðum.

M.A.905 **Frávik**

a) Fyrsta stigs frávik er sérhvert mikilvægt atriði, sem er ekki í samræmi við kröfur sem mælt er fyrir um í þessum viðauka (M-hluta), er dregur úr öryggi, miðað við kröfur, og stofnar flugöryggi í hættu.

b) Annars stigs frávik er sérhvert atriði, sem er ekki í samræmi við kröfur sem mælt er fyrir um í þessum viðauka (M-hluta), er getur dregið úr öryggi, miðað við kröfur, og kann að stofna flugöryggi í hættu.

c) Eftir að tilkynnt hefur verið um frávik samkvæmt M.B.903 skal aðilinn eða fyrirtækið, sem hefur ábyrgðarskyldu og um getur í M.A.201, semja áætlun um aðgerðir til úrbóta og sýna lögbæra yfirvaldinu fram á það með fullnægjandi hætti að úrbæturnar hafi verið innleiddar innan þess tíma sem samið var um við þetta yfirvald, þ.m.t. viðeigandi aðgerð til úrbóta til að koma í veg fyrir að slík frávik og frumorsök þeirra komi upp aftur.

ÞÁTTUR B

VERKLAGSREGLUR FYRIR LÖGBÆR YFIRVÖLD

A-KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

M.B.101 **Gildissvið**

Í þessum þætti er kveðið á um stjórnsýslukröfur sem lögbærum yfirvöldum, sem bera ábyrgð á beitingu og framkvæmd ákvæða A-þáttar þessa hluta, ber að uppfylla.

M.B.102 **Lögbært yfirvald**

a) Almenn ákvæði

Aðildarríki skal tilnefna lögbært yfirvald sem er falin ábyrgð á að gefa út, framlengja, breyta, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla vottorð og sinna eftirliti með áframhaldandi lofthæfi. Þetta lögbæra yfirvald skal koma á skjalfestum verklagsreglum og stjórnskipulagi.

b) Mannafli

Fjöldi starfsfólks þarf að vera nægilegur til að hægt sé að uppfylla kröfurnar sem tilgreindar eru í þessum þætti.

c) Starfsréttindi og þjálfun

Allt starfsfólk, sem tekur þátt í starfseminni sem fjallað er um í þessum viðauka, skal hafa tilskilin starfsréttindi og búa yfir viðeigandi kunnáttu, reynslu, grunnþjálfun og síþjálfun til að sinna þeim verkefnum sem því er úthlutað.

d) Verklagsreglur

Lögbæra yfirvaldið skal setja verklagsreglur þar sem tilgreint er hvernig uppfylla skuli skilyrðin í þessum viðauka (M-hluta).

Verklagsreglurnar skulu endurskoðaðar og þeim breytt til að tryggja að skilyrðunum sé alltaf fylgt.

M.B.104 **Skráahald**

a) Lögbær yfirvöld skulu koma á kerfisbundnu skráahaldi sem gerir kleift að rekja vinnsluferli hvers vottorðs á viðunandi hátt að því er varðar útgáfu, framlengingu, breytingu, tímabundna ógildingu eða afturköllun.

b) Í skrám yfir eftirlit með fyrirtækjum, sem hlotið hafa samþykki samkvæmt þessum viðauka, skal a.m.k. vera:

1. umsóknin um samþykki fyrir fyrirtækið,
2. samþykkisvottorð fyrirtækisins með áorðnum breytingum,
3. afrit af úttektaráætluninni þar sem skráðar eru dagsetningar fyrirhugaðra úttekta og lokinna úttekta,
4. skrár lögbæra yfirvaldsins um samfellt eftirlit, þ.m.t. skrár yfir allar úttektir,
5. afrit af öllum bréfaskiptum sem máli skipta,
6. nákvæmar upplýsingar um undanþágur og framfylgdaraðgerðir,
7. allar skýrslur frá öðrum lögbærum yfirvöldum sem tengjast eftirliti með fyrirtækinu,
8. starfsemislýsing eða handbók fyrirtækisins ásamt breytingum,
9. afrit af öllum öðrum skjölum sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt beint.

c) Skrárnar, sem um getur í b-lið, skulu varðveittar í a.m.k. fjögur ár.

d) Í skrám yfir eftirlit með hverju loftfari skal a.m.k. vera afrit af:

1. lofthæfivottorði loftfarsins,
2. lofthæfistaðfestingarvottorðum,
3. tilmælum fyrirtækis samkvæmt G-kafla A-þáttar,
4. skýrslum um staðfestingar lofthæfis sem aðildarríkið framkvæmdi sjálft,
5. öllum bréfaskiptum sem máli skipta og tengjast loftfarinu,
6. upplýsingum um undanþágur og framfylgdaraðgerðir,
7. öllum skjölum sem lögbæra yfirvaldið samþykkir eins og um getur í I. viðauka (M-hluta) eða II. viðauka (ARO-hluta) reglugerðar (ESB) nr. 965/2012.

e) Skrárnar, sem eru tilgreindar í d-lið, skulu varðveittar í tvö ár eftir að loftfarið hefur endanlega verið tekið úr umferð.

f) Allar skrár, sem eru tilteknar í M.B.104, skulu vera tiltækar fyrir annað aðildarríki eða Flugöryggisstofnunina að beiðni þeirra.

M.B.105 **Gagnkvæm skipti á upplýsingum**

a) Til að stuðla að bættu flugöryggi skulu lögbær yfirvöld taka þátt í gagnkvæmum skiptum á öllum nauðsynlegum upplýsingum í samræmi við 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

b) Með fyrirvara um valdsvið aðildarríkjanna skulu hlutaðeigandi lögbær yfirvöld aðstoða hvert annað við að framkvæma nauðsynlegar eftirlitsaðgerðir þegar um er að ræða hugsanlega ógnun við öryggi sem nær til nokkurra aðildarríkja.

B-KAFLI

ÁBYRGÐARSKYLDA

M.B.201 **Ábyrgð**

Lögbær yfirvöld, eins og þau eru skilgreind í M.1, bera ábyrgð á að framkvæma skoðanir og rannsóknir til að staðfesta að farið sé að kröfum samkvæmt þessum hluta.

C-KAFLI

ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI

M.B.301 **Viðhaldsáætlun**

a) Lögbæra yfirvaldið skal staðfesta að viðhaldsáætlunin fullnægi ákvæðum M.A.302.

b) Viðhaldsáætlunin og breytingar á henni verða að hljóta beint samþykki lögbæra yfirvaldsins nema annað sé tekið fram í c-lið M.A.302.

c) Þegar um er að ræða óbeint samþykki verða verklagsreglur viðhaldsáætlunarinnar að hljóta samþykki lögbæra yfirvaldsins sem hluti af starfsemislýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi.

d) Lögbæra yfirvaldið skal hafa aðgang að öllum þeim gögnum, sem krafist er í d-, e- og f-lið M.A.302, til að geta veitt samþykki samkvæmt b-lið fyrir viðhaldsáætlun.

M.B.302 **Undanþágur**

Lögbæra yfirvaldið skal skrá og varðveita upplýsingar um allar undanþágur sem eru veittar í samræmi við 4. mgr. 14 í reglugerð (EB) nr. 216/2008.

M.B.303 **Eftirlit með áframhaldandi lofthæfi loftfara**

a) Lögbæra yfirvaldið skal móta könnunaráætlun til að vakta lofthæfistöðu loftfaraflotans sem er á skrá hjá því.

b) Könnunaráætlunin skal fela í sér úrtakskannanir á loftförum.

c) Við mótun áætlunarinnar skal hafa hliðsjón af fjölda loftfara á skrá, staðbundinni þekkingu og fyrri eftirlitsstarfsemi.

d) Úrtakskönnunin skal beinast að ýmsum lykiláhættuþáttum varðandi lofthæfi og tilgreina öll frávik. Enn fremur skal lögbæra yfirvaldið greina hvert frávik til að ákvarða frumorsök þess.

e) Afhenda skal aðilanum eða fyrirtækinu, sem hefur ábyrgðarskyldu samkvæmt M.A.201, skriflega staðfestingu á öllum frávikum.

f) Lögbæra yfirvaldið skal skrá öll frávik, aðgerðir til leiðréttingar og tilmæli.

g) Komi fram vísbendingar við könnun loftfars um að ekki sé farið að kröfunum sem mælt er fyrir um í þessum viðauka (M-hluta) skal lögbæra yfirvaldið grípa til aðgerða í samræmi við M.B.903.

h) Ef frumorsök fráviksins er vegna ósamræmis við einhvern kafla eða annan hluta skal frávikið meðhöndlað eins og mælt er fyrir um í viðkomandi hluta.

i) Til að auðvelda viðeigandi framfylgdaraðgerðir skulu lögbær yfirvöld skiptast á upplýsingum um þau frávik sem eru tilgreind í samræmi við h-lið.

M.B.304 **Afturköllun, tímabundin ógilding og takmarkanir**

Lögbæra yfirvaldið skal:

a) fella lofthæfistaðfestingarvottorð tímabundið úr gildi á réttmætum forsendum ef öryggi er hugsanlega ógnað eða

b) fella lofthæfistaðfestingarvottorð tímabundið úr gildi, afturkalla það eða takmarka samkvæmt g-lið M.B.303.

D-KAFLI

VIÐHALDSSTAÐLAR

(kaflinn verður saminn þegar þörf krefur)

E-KAFLI

ÍHLUTIR

(kaflinn verður saminn þegar þörf krefur)

F-KAFLI

VIÐHALDSFYRIRTÆKI

M.B.601 **Umsókn**

Ef viðhaldsstöðvar hafa aðsetur í fleiri en einu aðildarríki skal rannsókn og samfellt eftirlit með samþykkinu fara fram í samvinnu við lögbær yfirvöld sem aðildarríkin, þar sem hinar viðhaldsstöðvarnar eru staðsettar, tilnefna enda séu stöðvarnar á yfirráðasvæði þessara aðildarríkja.

M.B.602 **Fyrsta samþykki**

a) Lögbæra yfirvaldið skal tilkynna umsækjanda skriflega og formlega að það samþykki starfsfólkið, sem tilgreint er samkvæmt a- og b-lið M.A.606, að því tilskildu að kröfur samkvæmt a- og b-lið M.A.606 hafi verið uppfylltar.

b) Lögbæra yfirvaldið skal staðfesta að verklagsreglurnar, sem tilgreindar eru í handbók viðhaldsfyrirtækisins, séu í samræmi við ákvæði F-kafla A-þáttar (M-hluta) og tryggja að ábyrgðarmaðurinn skrifi undir yfirlýsinguna um skuldbindingu.

c) Lögbæra yfirvaldið skal fullvissa sig um að fyrirtækið uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í F-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta).

d) Boða skal til fundar með ábyrgðarmanninum a.m.k. einu sinni á meðan rannsókn vegna samþykkis fer fram til að tryggja að hann skilji til fulls merkingu samþykkisins og ástæðu þess að skrifa þurfi undir skuldbindingu fyrirtækisins um að fylgja verklagsreglunum sem tilgreindar eru í handbókinni.

e) Öll frávik skulu staðfest skriflega við fyrirtækið sem sækir um.

f) Lögbæra yfirvaldið skal skrá öll frávik, aðgerðir til leiðréttingar (aðgerðir til að leiða frávik til lykta) og tilmæli.

g) Þegar um er að ræða fyrsta samþykki þarf fyrirtækið að leiðrétta öll frávik og lögbæra yfirvaldið að staðfesta að það hafi verið gert áður en hægt er að gefa út samþykkið.

M.B.603 **Útgáfa samþykkis**

a) Lögbæra yfirvaldið skal gefa út til handa umsækjanda samþykkisvottorð á EASA-eyðublaði nr. 3 (V. viðbætir), þar sem fram kemur umfang samþykkisins, ef viðhaldsfyrirtækið uppfyllir ákvæði viðeigandi liða þessa hluta.

b) Lögbæra yfirvaldið skal tilgreina skilyrðin, sem fylgja samþykkinu, á samþykkisvottorði á EASA-eyðublaði nr. 3.

c) Tilvísunarnúmerið skal koma fram á samþykkisvottorði á EASA-eyðublaði nr. 3 á þann hátt sem Flugöryggisstofnunin tilgreinir.

M.B.604 **Samfellt eftirlit**

a) Lögbæra yfirvaldið skal hafa gildandi framkvæmdaáætlun þar sem skráð er, fyrir hvert viðhaldsfyrirtæki, sem hlotið hefur samþykki samkvæmt F-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta) og er undir umsjón þess, hvaða daga sé áætlað að fara í vitjanir vegna úttekta og hvaða daga slíkar vitjanir áttu sér stað.

b) Hvert fyrirtæki skal sæta fullkominni úttekt á a.m.k. 24 mánaða fresti.

c) Öll frávik skulu staðfest skriflega við fyrirtækið sem sækir um.

d) Lögbæra yfirvaldið skal skrá öll frávik, aðgerðir til leiðréttingar (aðgerðir til að leiða frávik til lykta) og tilmæli.

e) Boða skal til fundar með ábyrgðarmanninum a.m.k. á 24 mánaða fresti til að tryggja að hann hafi vitneskju um mikilvæg álitamál sem upp koma í úttektum.

M.B.605 **Frávik**

a) Komi fram vísbendingar, við úttektir eða með öðrum hætti, um að ekki sé farið að kröfum sem mælt er fyrir um í þessum viðauka (M-hluta) skal lögbæra yfirvaldið grípa til eftirfarandi aðgerða:

1. Við fyrsta stigs frávik skal lögbæra yfirvaldið grípa til tafarlausra aðgerða til að afturkalla, takmarka eða ógilda samþykkið fyrir viðhaldsfyrirtækinu tímabundið, í heild eða að hluta, eftir umfangi fyrsta stigs fráviksins, þar til fyrirtækinu hefur tekist að leiðrétta frávikið.

2. Við annars stigs frávik skal lögbæra yfirvaldið veita frest til leiðréttingar fráviksins sem skal vera í samræmi við eðli fráviksins en þó ekki lengri en þrír mánuðir. Lögbæra yfirvaldinu er heimilt, við lok upphafsfrestsins, að framlengja þennan þriggja mánaða frest við tilteknar aðstæður og með hliðsjón af eðli fráviksins, að því tilskildu að lögð hafi verið fram fullnægjandi leiðréttingaráætlun.

b) Lögbæra yfirvaldið skal grípa til aðgerða til að ógilda samþykkið tímabundið, í heild eða að hluta, ef frávikið er ekki leiðrétt innan frestsins sem lögbæra yfirvaldið veitti.

M.B.606 **Breytingar**

a) Lögbæra yfirvaldið skal fara að öllum viðeigandi þáttum fyrsta samþykkisins við allar breytingar á fyrirtækinu sem tilkynna skal í samræmi við M.A.617.

b) Lögbæra yfirvaldinu er heimilt að ákveða með hvaða skilyrðum samþykkta viðhaldsfyrirtækinu er heimilt að starfa á meðan slíkar breytingar standa yfir nema það ákveði að samþykkið skuli ógilt tímabundið sökum þess hvers eðlis breytingarnar eru eða sökum umfangs þeirra.

c) Að því er varðar allar breytingar á handbók viðhaldsfyrirtækisins gildir eftirfarandi:

1. Þegar um er að ræða beint samþykki fyrir breytingum í samræmi við b-lið M.A.604 skal lögbæra yfirvaldið fullvissa sig um að verklagsreglurnar, sem tilgreindar eru í handbókinni, séu í samræmi við kröfur samkvæmt þessum viðauka (M-hluta) áður en það tilkynnir samþykkta fyrirtækinu formlega um samþykkið.

2. Í þeim tilvikum þegar málsmeðferð við óbeint samþykki er notuð fyrir samþykki á breytingunum í samræmi við c-lið M.A.604 skal lögbæra yfirvaldið tryggja: i. að breytingarnar verði minni háttar og ii. að það hafi nægilegt eftirlit með samþykki fyrir breytingunum til að tryggja að þær haldist í samræmi við kröfur þessa viðauka (M-hluta).

M.B.607 **Afturköllun, tímabundin ógilding og takmörkun samþykkis**

Lögbæra yfirvaldið skal:

a) ógilda samþykki tímabundið á réttmætum forsendum ef öryggi er hugsanlega ógnað eða

b) ógilda samþykki tímabundið, afturkalla það eða takmarka samkvæmt M.B.605.

G-KAFLI

FYRIRTÆKI SEM ANNAST STJÓRNUN Á ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI

M.B.701 **Umsókn**

a) Að því er varðar flutningaflug skal lögbæra yfirvaldið fá eftirfarandi til samþykkis fyrir hverja tegund loftfars, sem fyrirhugað er að starfrækja, ásamt upphaflegu umsókninni um flugrekandaskírteini og, ef við á, öllum breytingum á henni sem sótt hefur verið um:

1. starfsemislýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi,

2. viðhaldsáætlun loftfara flugrekanda,

3. tækniflugbók loftfars,

4. ef við á, tækniforskriftir í viðhaldssamningum milli flugrekanda og viðhaldsfyrirtækis með samþykki skv. 145. hluta.

b) Ef stöðin hefur aðsetur í fleiri en einu aðildarríki skal rannsókn og samfellt eftirlit með samþykkinu fara fram í samvinnu við lögbær yfirvöld sem aðildarríkin, þar sem hinar stöðvarnar eru staðsettar, tilnefna enda séu stöðvarnar á yfirráðasvæði þessara aðildarríkja.

M.B.702 **Fyrsta samþykki**

a) Lögbæra yfirvaldið skal tilgreina umsækjanda skriflega og formlega að það samþykki starfsfólkið, sem tilgreint er samkvæmt a-, c- og d-lið M.A.706 og samkvæmt M.A.707, að því tilskildu að kröfur samkvæmt a-, c- og d-lið M.A.706 og samkvæmt M.A.707 hafi verið uppfylltar.

b) Lögbæra yfirvaldið skal staðfesta að verklagsreglurnar, sem tilgreindar eru í starfsemislýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, séu í samræmi við ákvæði G-kafla A-þáttar í þessum viðauka (M-hluta) og tryggja að ábyrgðarmaðurinn skrifi undir yfirlýsinguna um skuldbindingu.

c) Lögbæra yfirvaldið skal fullvissa sig um að fyrirtækið fari að kröfunum sem mælt er fyrir um í G-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta).

d) Boða skal til fundar með ábyrgðarmanninum a.m.k. einu sinni á meðan rannsókn vegna samþykkis fer fram til að tryggja að hann skilji til fulls merkingu samþykkisins og ástæðu þess að skrifa undir skuldbindingu fyrirtækisins í starfsemislýsingunni um að fylgja verklagsreglunum sem tilgreindar eru í starfsemislýsingunni fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi.

e) Öll frávik skulu staðfest skriflega við fyrirtækið sem sækir um.

f) Lögbæra yfirvaldið skal skrá öll frávik, aðgerðir til leiðréttingar (aðgerðir til að leiða frávik til lykta) og tilmæli.

g) Þegar um er að ræða fyrsta samþykki þarf fyrirtækið að leiðrétta öll frávik og lögbæra yfirvaldið að staðfesta að það hafi verið gert áður en hægt er að gefa út samþykkið.

M.B.703 **Útgáfa samþykkis**

a) Lögbæra yfirvaldið skal gefa út til handa umsækjanda samþykkisvottorð á EASA-eyðublaði nr. 14 (VI. viðbætir), þar sem fram kemur umfang samþykkisins, ef fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, uppfyllir ákvæði G-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta).

b) Lögbæra yfirvaldið skal tilgreina gildistíma samþykkisins á samþykkisvottorði á EASA-eyðublaði nr. 14.

c) Tilvísunarnúmerið skal koma fram á samþykkisvottorði á eyðublaði nr. 14 á þann hátt sem Flugöryggisstofnunin tilgreinir.

d) Þegar um er að ræða flutningaflug skulu upplýsingar á EASA-eyðublaði nr. 14 koma fram á flugrekandaskírteininu.

M.B.704 **Samfellt eftirlit**

a) Lögbæra yfirvaldið skal hafa gildandi framkvæmdaáætlun þar sem skráð er, fyrir hvert fyrirtæki undir umsjón þess sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og hefur hlotið samþykki samkvæmt G-kafla A-þáttar í þessum viðauka (M-hluta), hvaða daga sé áætlað að fara í vitjanir vegna úttekta og hvaða daga slíkar vitjanir áttu sér stað.

b) Hvert fyrirtæki skal sæta fullkominni úttekt á a.m.k. 24 mánaða fresti.

c) Gera skal viðeigandi úrtakskönnun á 24 mánaða fresti á loftförum sem fyrirtæki með samþykki samkvæmt G-kafla B-þáttar í þessum viðauka (M-hluta) hefur undir stjórn sinni. Lögbæra yfirvaldið skal ákvarða stærð úrtaksins á grundvelli fyrri úttekta og úrtakskannana.

d) Öll frávik skulu staðfest skriflega við fyrirtækið sem sækir um.

e) Lögbæra yfirvaldið skal skrá öll frávik, aðgerðir til leiðréttingar (aðgerðir til að leiða frávik til lykta) og tilmæli.

f) Boða skal til fundar með ábyrgðarmanninum a.m.k. á 24 mánaða fresti til að tryggja að hann hafi vitneskju um mikilvæg álitamál sem upp koma í úttektum.

M.B.705 **Frávik**

a) Komi fram vísbendingar, við úttektir eða með öðrum hætti, um að ekki sé farið að kröfum sem mælt er fyrir um í þessum viðauka (M-hluta) skal lögbæra yfirvaldið grípa til eftirfarandi aðgerða:

1. Við fyrsta stigs frávik skal lögbæra yfirvaldið grípa til tafarlausra aðgerða til að afturkalla, takmarka eða ógilda um tíma, í heild eða að hluta, samþykkið fyrir fyrirtækinu, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, eftir umfangi fyrsta stigs fráviksins, þar til fyrirtækinu hefur tekist að leiðrétta frávikið.

2. Við annars stigs frávik skal lögbæra yfirvaldið veita frest til leiðréttingar fráviksins sem skal vera í samræmi við eðli fráviksins en þó ekki lengri en þrír mánuðir. Lögbæra yfirvaldinu er heimilt, við lok upphafsfrestsins, að framlengja þennan þriggja mánaða frest við tilteknar aðstæður og með hliðsjón af eðli fráviksins, að því tilskildu að lögð hafi verið fram fullnægjandi áætlun um aðgerðir til úrbóta.

b) Lögbæra yfirvaldið skal grípa til aðgerða til að ógilda samþykkið tímabundið, í heild eða að hluta, ef fyrirtækið stendur ekki við þann frest sem lögbæra yfirvaldið veitti.

M.B.706 **Breytingar**

a) Lögbæra yfirvaldið skal fara að öllum viðeigandi þáttum fyrsta samþykkisins við allar breytingar á fyrirtækinu sem tilkynntar eru í samræmi við M.A.713.

b) Lögbæra yfirvaldinu er heimilt að ákveða með hvaða skilyrðum samþykkta fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, er heimilt að starfa á meðan slíkar breytingar standa yfir nema það ákveði að samþykkið skuli ógilt tímabundið sökum þess hvers eðlis breytingarnar eru eða sökum umfangs þeirra.

c) Að því er varðar allar breytingar á starfsemislýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi gildir eftirfarandi:

1. Þegar um er að ræða beint samþykki fyrir breytingum í samræmi við b-lið M.A.704 skal lögbæra yfirvaldið fullvissa sig um að verklagsreglurnar, sem tilgreindar eru í starfsemislýsingunni, séu í samræmi við þennan viðauka (M-hluta) áður en það tilkynnir samþykkta fyrirtækinu formlega um samþykkið.

2. Í þeim tilvikum þegar málsmeðferð við óbeint samþykki er notuð fyrir samþykki á breytingunum í samræmi við c-lið M.A.704 skal lögbæra yfirvaldið tryggja: i. að breytingarnar verði minni háttar og ii. að það hafi nægilegt eftirlit með samþykki fyrir breytingunum til að tryggja að þær haldist í samræmi við kröfur þessa viðauka (M-hluta).

M.B.707 **Afturköllun, tímabundin ógilding og takmörkun samþykkis**

Lögbæra yfirvaldið skal:

a) ógilda samþykki tímabundið á réttmætum forsendum ef öryggi er hugsanlega ógnað eða

b) ógilda samþykki tímabundið, afturkalla það eða takmarka samkvæmt M.B.705.

H-KAFLI

VIÐHALDSVOTTORÐ

(kaflinn verður saminn þegar þörf krefur)

I-KAFLI

LOFTHÆFISTAÐFESTINGARVOTTORÐ

M.B.901 **Mat á tilmælum**

Við móttöku umsóknar og tilmæla um lofthæfistaðfestingarvottorð í samræmi við lið M.A.901:

1. skal starfsfólk frá lögbæra yfirvaldinu með viðeigandi starfsréttindi staðfesta að samræmisyfirlýsingin í tilmælunum sýni að fullkomin staðfesting á lofthæfi samkvæmt M.A.710 hafi farið fram,

2. skal lögbæra yfirvaldið framkvæma rannsókn og getur óskað eftir frekari upplýsingum sem renna stoðum undir matið á tilmælunum.

M.B.902 **Staðfesting lögbæra yfirvaldsins á lofthæfi**

a) Þegar lögbæra yfirvaldið staðfestir lofthæfi og gefur út lofthæfistaðfestingarvottorð á EASA-eyðublaði nr. 15a (III. viðbæti) skal það staðfesta lofthæfi í samræmi við M.A.710.

b) Lögbæra yfirvaldið skal hafa á að skipa viðeigandi starfsfólki til að annast staðfestingu á lofthæfi.

   1. Að því er varðar öll loftför, sem notuð eru í flutningaflugi, og loftför með hámarksflugtaksmassa yfir 2730 kg, að loftbelgjum undanskildum, skal þetta starfsfólk hafa:

      a) a.m.k. fimm ára reynslu af áframhaldandi lofthæfi og

      b) viðeigandi skírteini í samræmi við III. viðauka (66. hluta) eða starfsréttindi sem starfsmaður í viðhaldi, sem eru viðurkennd á landsvísu og eiga við um gerð loftfarsins (þegar III. viðauki (66. hluti) vísar til landsbundinna reglna), eða prófgráðu á sviði flugs eða jafngildi þessa og

      c) formlega þjálfun í viðhaldi loftfara og

      d) stöðu með viðeigandi ábyrgð.

      Þrátt fyrir a- til d-lið hér að framan getur fimm ára reynsla af áframhaldandi lofthæfi komið í stað þeirra krafna sem mælt er fyrir um í b-lið 1. liðar b-liðar í M.B.902, til viðbótar við það sem þegar er krafist samkvæmt a-lið 1. liðar b-liðar í M.B.902.

   2. Að því er varðar loftför, sem eru ekki notuð í flutningaflugi, með allt að 2730 kg hámarksflugtaksmassa skal þetta starfsfólk hafa:

      a) a.m.k. þriggja ára reynslu af áframhaldandi lofthæfi og

      b) viðeigandi skírteini í samræmi við III. viðauka (66. hluta) eða starfsréttindi sem starfsmaður í viðhaldi, sem eru viðurkennd á landsvísu og eiga við um gerð loftfarsins (þegar III. viðauki (66. hluti) vísar til landsbundinna reglna), eða prófgráðu á sviði flugs eða jafngildi þessa og

      c) viðeigandi þjálfun í viðhaldi loftfara og

      d) stöðu með viðeigandi ábyrgð.

      Þrátt fyrir a- til d-lið hér að framan getur fjögurra ára reynsla af áframhaldandi lofthæfi komið í stað þeirra krafna sem fram koma í b-lið 2. liðar b-liðar í M.B.902, til viðbótar við það sem þegar er krafist samkvæmt a-lið 2. liðar b-liðar í M.B.902.

c) Lögbæra yfirvaldið skal halda skrá yfir allt starfsfólk, sem annast staðfestingu á lofthæfi, með upplýsingum um öll viðeigandi starfsréttindi ásamt samantekt á viðeigandi reynslu og þjálfun við stjórnun á áframhaldandi lofthæfi.

d) Lögbæra yfirvaldið skal hafa aðgang að viðeigandi gögnum, eins og tilgreint er í M.A.305, M.A.306 og M.A.401, við staðfestingu á lofthæfi.

e) Þegar staðfestingu á lofthæfi hefur verið lokið á fullnægjandi hátt skal starfsfólkið sem annast staðfestingu á lofthæfi gefa út eyðublað nr. 15a.

M.B.903 **Frávik**

Komi fram vísbendingar, við könnun á loftfari eða með öðrum hætti, um að ekki sé farið að kröfum samkvæmt M-hluta skal lögbæra yfirvaldið grípa til eftirfarandi aðgerða:

1. Við fyrsta stigs frávik skal lögbæra yfirvaldið krefjast þess að gripið verði til viðeigandi aðgerða til úrbóta áður en kemur til frekara flugs og skal það grípa til tafarlausra aðgerða til að afturkalla eða ógilda lofthæfistaðfestingarvottorðið tímabundið.

2. Við annars stigs frávik skulu aðgerðirnar, sem lögbæra yfirvaldið krefst til leiðréttingar frávikinu, vera í samræmi við eðli fráviksins.

I. viðbætir

Verksamningur um áframhaldandi lofthæfi

1. Geri eigandi verksamning, í samræmi við M.A.201, við fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og hefur hlotið samþykki samkvæmt G-kafla A-þáttar í þessum viðauka (M-hluti), um að fyrirtækið sjái um verkefni sem tengjast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi skal eigandinn, að beiðni lögbæra yfirvaldsins, senda lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins, þar sem loftfarið er skráð, afrit af verksamningnum þegar báðir aðilar hafa undirritað hann.

2. Samningurinn skal útfærður með hliðsjón af kröfunum í þessum viðauka (M-hluta) og skal skilgreina í honum kvaðir undirritunaraðilanna í tengslum við áframhaldandi lofthæfi loftfarsins.

3. Í honum skal a.m.k. koma fram:

— einkennisstafir loftfarsins,

— tegund loftfarsins,

— raðnúmer loftfarsins,

— nafn eiganda eða skráðs leigjanda eða upplýsingar um fyrirtæki, þ.m.t. heimilisfang,

— upplýsingar um fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og hefur hlotið samþykki samkvæmt G-kafla A-þáttar í þessum viðauka (M-hluti), þ.m.t. heimilisfang.

4. Þar skal vera eftirfarandi yfirlýsing:

„Eigandi felur samþykktu fyrirtæki að annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, semja viðhaldsáætlun, sem verður að hljóta samþykki lofthæfiyfirvalda aðildarríkisins þar sem loftfarið er skráð, og skipuleggja viðhald á loftfarinu, í samræmi við fyrrnefnda viðhaldsáætlun, hjá samþykktu fyrirtæki.

Í þessum samningi skuldbinda báðir undirritunaraðilar sig til að uppfylla kvaðir sínar samkvæmt samningnum.

Eigandi vottar að samkvæmt hans bestu vitund séu allar upplýsingar, sem samþykkta fyrirtækinu hafa verið veittar varðandi áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, réttar og að svo verði áfram og að loftfarinu verði ekki breytt án fyrirframsamþykkis frá samþykkta fyrirtækinu.

Ef annar undirritunaraðilinn uppfyllir ekki einhver ákvæði þessa samnings verður samningurinn ógildur. Í slíkum tilvikum mun eigandinn bera fulla ábyrgð á öllum verkefnum í tengslum við áframhaldandi lofthæfi loftfarsins og skuldbinda sig til að tilkynna lögbærum yfirvöldum aðildarríkisins, þar sem loftfarið er skráð, um það innan tveggja vikna.“

5. Geri eigandi verksamning, í samræmi við ákvæði M.A.201, við fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og hefur hlotið samþykki samkvæmt G-kafla A-þáttar í þessum viðauka (M-hluti), skulu kvaðirnar skiptast á milli samningsaðila á eftirfarandi hátt:

5.1. Skyldur samþykkta fyrirtækisins eru:

1. að sjá til þess að gildissvið samþykkis þess nái yfir viðkomandi tegund loftfars,

2. að uppfylla skilyrðin fyrir því að viðhalda áframhaldandi lofthæfi loftfarsins en þau eru:

a) að semja viðhaldsáætlun fyrir loftfarið, þ.m.t. allar áreiðanleikaáætlanir sem eru samdar, ef við á,

b) að gefa upp þau viðhaldsverkefni (í viðhaldsáætluninni) sem flugmanninum, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, er heimilt að framkvæma í samræmi við c-lið M.A.803,

c) að sjá til þess að viðhaldsáætlun loftfarsins hljóti samþykki,

d) að láta eigandanum í té afrit af viðhaldsáætlun loftfarsins þegar hún hefur hlotið samþykki,

e) að sjá til þess að fram fari tengiskoðun við fyrri viðhaldsáætlun á loftfarinu til að brúa bilið yfir í kröfur samkvæmt nýju viðhaldsáætluninni,

f) að sjá til þess að samþykkt viðhaldsfyrirtæki annist allt viðhald,

g) að sjá til þess að öllum gildandi lofthæfitilskipunum sé beitt,

h) að sjá til þess að samþykkt viðhaldsfyrirtæki lagfæri allar bilanir sem í ljós koma við reglubundið viðhald, staðfestingu á lofthæfi eða sem eigandinn tilkynnir um,

i) að samræma reglubundið viðhald, beitingu lofthæfitilskipana, útskipti hluta með tiltekinn endingartíma og kröfur um skoðun íhluta,

j) að láta eigandann vita í hvert skipti sem farið skal með loftfarið til samþykkts viðhaldsfyrirtækis,

k) að hafa umsjón með öllum tæknilegum gögnum,

l) að setja öll tæknileg gögn í geymslu,

3. að sjá til þess að allar breytingar á loftfarinu samkvæmt I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 hljóti samþykki áður en þær eru framkvæmdar,

4. að sjá til þess að allar viðgerðir á loftfarinu samkvæmt I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 hljóti samþykki áður en þær eru framkvæmdar,

5. að tilkynna það lögbærum yfirvöldum skráningaraðildarríkisins ef eigandinn kemur ekki með loftfarið til samþykkta viðhaldsfyrirtækisins eins og samþykkta fyrirtækið hefur krafist,

6. að tilkynna það lögbærum yfirvöldum skráningaraðildarríkisins ef þessi samningur er ekki virtur,

7. að staðfesta lofthæfi loftfarsins, þegar þörf krefur, og gefa út lofthæfistaðfestingarvottorðið eða tilmælin til lögbærra yfirvalda skráningaraðildarríkisins,

8. að senda afrit innan 10 daga af öllum lofthæfistaðfestingarvottorðum, sem gefin eru út eða framlengd, til lögbærra yfirvalda skráningaraðildarríkisins,

9. að tilkynna um öll atvik eins og fyrirmæli eru gefin um í gildandi reglum,

10. að tilkynna það lögbærum yfirvöldum skráningaraðildarríkisins ef annar hvor samningsaðilinn segir þessum samningi upp.

5.2. Skyldur eiganda eru:

1. að þekkja grundvallaratriði viðhaldsáætlunarinnar,

2. að þekkja grundvallaratriði þessa viðauka (M-hluta),

3. að fara með loftfarið til samþykkta viðhaldsfyrirtækisins, sem samið var um við samþykkta fyrirtækið, á þeim tíma sem samþykkta fyrirtækið krefst,

4. að breyta ekki loftfarinu án samráðs við samþykkta fyrirtækið,

5. að tilkynna samþykkta fyrirtækinu um allt aukaviðhald sem er framkvæmt án vitneskju og eftirlits samþykkta fyrirtækisins,

6. að tilkynna samþykkta fyrirtækinu um allar bilanir, sem finnast við starfrækslu loftfarsins, með því að færa þær inn í viðhaldsskrána,

7. að tilkynna það lögbærum yfirvöldum skráningaraðildarríkisins ef annar hvor samningsaðilinn segir þessum samningi upp,

8. að tilkynna það lögbærum yfirvöldum skráningaraðildarríkisins og samþykkta fyrirtækinu ef loftfarið er selt,

9. að tilkynna um öll atvik eins og fyrirmæli eru gefin um í gildandi reglum,

10. að gefa samþykkta fyrirtækinu reglubundið upplýsingar um flugtíma loftfarsins og öll önnur notkunargögn samkvæmt samkomulagi við samþykkta fyrirtækið.

11. að færa viðhaldsvottorðið inn í viðhaldsskrárnar, eins og um getur í d-lið M.A.803, þegar flugmaður sem er jafnframt eigandi loftfars framkvæmir viðhald án þess að farið sé yfir mörk listans yfir viðhaldsverkefni líkt og tilgreint var í samþykktu viðhaldsáætluninni, sem mælt er fyrir um í c-lið M.A.803,

12. að tilkynna samþykkta fyrirtækinu, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og ber ábyrgð á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, eigi síðar en 30 dögum eftir að hann hefur lokið við einhver viðhaldsverkefni flugmanns, sem er jafnframt eigandi loftfars, í samræmi við a-lið M.A.305.

II. viðbætir

Opinbert viðhaldsvottorð – EASA-eyðublað nr. 1

Þessar leiðbeiningar eiga aðeins við um notkun EASA-eyðublaðs nr. 1 vegna viðhalds. Athygli er vakin á I. viðbæti við I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 sem tekur til notkunar EASA-eyðublaðs nr. 1 vegna framleiðslu.

1. **TILGANGUR OG GILDISSVIÐ**

1.1. Meginmarkmiðið með vottorðinu er að lýsa yfir lofthæfi framleiðsluvara, hluta og búnaðar (hér á eftir nefnt ‚eining' eða ‚einingar') að lokinni vinnu við viðhald á þeim.

1.2. Samsvörun skal vera á milli vottorðsins og einingarinnar eða eininganna. Sá sem útbýr vottorðið skal geyma vottorðið á formi sem gerir kleift að sannreyna upphaflegu gögnin.

1.3. Mörg lofthæfiyfirvöld viðurkenna vottorðið, en það kann að vera háð því að til staðar séu tvíhliða samningar og/eða stefnu lofthæfiyfirvaldsins. Þegar ‚samþykkt hönnunargögn' eru tilgreind í þessu vottorði merkir það að þau eru samþykkt af lofthæfiyfirvöldum innflutningslandsins.

1.4. Vottorðið er ekki afhendingarseðill eða fylgiseðill.

1.5. Vottorðið skal ekki notast sem viðhaldsvottorð fyrir loftfar.

1.6. Þetta vottorð jafngildir ekki heimild til ísetningar einingarinnar í tiltekið loftfar, hreyfil eða loftskrúfu en hjálpar notanda að ákvarða stöðu samþykkis á lofthæfi hennar.

1.7. Ekki er heimilt að setja einingar með framleiðsluvottorð og viðhaldsvottorð á sama vottorð.

2. **ALMENNT SNIÐ**

2.1. Vottorðið skal vera í samræmi við meðfylgjandi eyðublað, þ.m.t. númer reitanna og staðsetning. Þó má breyta stærð hvers reits eftir því sem hentar fyrir viðkomandi umsókn en ekki að því marki að vottorðið verði óþekkjanlegt.

2.2. Vottorðið skal vera með langsniði en heimilt er að stækka eða minnka vottorðið töluvert svo fremi að það sé áfram þekkjanlegt og læsilegt. Hafa skal samráð við lögbæra yfirvaldið í vafatilvikum.

2.3. Yfirlýsing um ábyrgð notanda/þess sem annast ísetningu má vera á hvorri hlið eyðublaðsins sem er.

2.4. Allur texti skal prentaður skýrt og læsilega til að auðvelt sé að lesa hann.

2.5. Vottorðið skal annaðhvort vera forprentað eða tölvugert en hvort heldur er skal prentun lína og stafa vera skýr og læsileg og í samræmi við skilgreinda sniðið.

2.6. Vottorðið skal vera á ensku og, ef við á, á einu eða fleiri tungumálum til viðbótar.

2.7. Upplýsingarnar, sem færa skal á vottorðið, skulu prentaðar í vél eða tölvu eða handskrifaðar með hástöfum og vera auðlæsilegar.

2.8. Fyrir skýrleika sakir skal nota sem minnst af skammstöfunum.

2.9. Sá sem útbýr vottorðið getur notað auða svæðið á bakhlið vottorðsins undir viðbótarupplýsingar en ekki undir vottunaryfirlýsingar. Vísa verður til notkunar á bakhlið vottorðsins í viðeigandi reit á framhlið þess.

3. **AFRIT**

3.1. Engin takmörk eru sett á fjölda vottorðsafrita sem send eru til viðskiptavina eða varðveitt hjá þeim sem útbýr vottorðið.

4. **SKEKKJA EÐA SKEKKJUR Á VOTTORÐI**

4.1. Ef notandi finnur skekkju eða skekkjur á vottorði verður hann að tilkynna hana eða þær skriflega til þess sem útbjó vottorðið. Sá sem útbýr vottorðið má einungis gefa út nýtt vottorð ef unnt er að staðfesta og leiðrétta skekkjuna eða skekkjurnar.

4.2. Nýja vottorðið verður að hafa nýtt rakningarnúmer, undirskrift og dagsetningu.

4.3. Uppfylla má beiðni um nýtt vottorð án þess að sannprófa á ný ástand einingarinnar eða eininganna. Nýja vottorðið er ekki yfirlýsing um núverandi ástand og skal vísa til fyrra vottorðsins í 12. reit með eftirfarandi yfirlýsingu: „Þetta vottorð leiðréttir skekkjuna/skekkjurnar í reit/reitum [númer reita sem hafa verið leiðréttir] í vottorði [upphaflegt rakningarnúmer] dagsettu [upphaflegur útgáfudagur] og tekur ekki til samræmis/ástands/afhendingar.“ Bæði vottorðin skulu geymd í samræmi við þann varðveislutíma sem tengdur er fyrra vottorðinu.

5. HVERNIG ÞEIM SEM ÚTBÝR VOTTORÐIÐ BER AÐ FYLLA ÞAÐ ÚT

1. reitur Lögbært yfirvald/land sem veitir samþykki

Hér skal tilgreina heiti og land lögbæra yfirvaldsins sem veitti samþykki fyrir útgáfu vottorðsins. Þegar lögbæra yfirvaldið er Flugöryggisstofnunin skal aðeins standa ‚EASA‘.

2. reitur EASA-eyðublað nr. 1 yfirskrift

‚**OPINBERT VIÐHALDSVOTTORÐ**

EASA-EYÐUBLAÐ NR. 1‘

3. reitur Rakningarnúmer eyðublaðs

Hér skal færa inn einstakt númer sem myndað er samkvæmt númerakerfi/verklagsreglu fyrirtækisins sem tilgreint er í 4. reit. Þetta númer má innihalda bæði tölustafi og bókstafi.

4. reitur Heiti og heimilisfang fyrirtækis

Hér skal færa fullt heiti og heimilisfang samþykkta fyrirtækisins (sjá EASA-eyðublað nr. 3) sem gefur út viðhaldsvottorð fyrir verkið sem fellur undir þetta vottorð. Kennimerki o.s.frv. er leyft ef kennimerkið rúmast innan reitsins.

5. reitur Verkbeiðni/verksamningur/reikningur

Hér skal færa númer verkbeiðni, samnings, reiknings eða annað tilvísunarnúmer til að auðvelda viðskiptavini að rekja einingunа eða einingarnar.

6. reitur Eining

Hér skal færa inn eininganúmer ef um fleiri en eina einingu er að ræða. Þessi reitur auðveldar millivísun í liðinn ‚Athugasemdir‘ í 12. reit.

7. reitur Lýsing

Tilgreina skal heiti einingar eða lýsa henni. Helst skal nota hugtakið sem notað er í leiðbeiningum um áframhaldandi lofthæfi eða viðhaldsgögnum (t.d. myndskýrðu hlutaskránni, viðhaldshandbók loftfarsins, þjónustuleiðbeiningum, viðhaldshandbók íhlutar).

8. reitur Hlutanúmer

Hér skal tilgreina hlutanúmer eins og það birtist á einingunni eða merki og umbúðum. Ef um er að ræða hreyfil eða skrúfu má nota tegundarheiti.

9. reitur Magn

Hér skal tilgreina fjölda eininga.

10. reitur Raðnúmer

Hér skal tilgreina raðnúmer ef þess er krafist, samkvæmt reglugerð, að einingin sé auðkennd með raðnúmeri. Hér má að auki tilgreina raðnúmer sem ekki er krafist samkvæmt reglugerð. Ef ekkert raðnúmer er að finna á einingunni skal skrifa „Á ekki við“.

11. reitur Staða/unnin verk

Eftirfarandi færslur eru leyfilegar í 11. reit. Aðeins skal færa inn eitt af þessum hugtökum — ef fleiri en eitt hugtak kemur til greina skal færa inn það sem kemst næst því að lýsa meirihluta verksins sem framkvæmt var og/eða stöðu hlutarins.

i.	Grannskoðun	.	Ferli sem tryggir að hluturinn sé í fullkomnu samræmi við öll gildandi notkunarvikmörk sem tilgreind eru í leiðbeiningum handhafa tegundarvottorðs eða leiðbeiningum framleiðanda búnaðar um áframhaldandi lofthæfi eða í gögnum sem Flugöryggisstofnunin hefur samþykkt eða viðurkennt. Hluturinn verður a.m.k. tekinn í sundur, hreinsaður, skoðaður, gert verður við hann, eftir því sem þörf er á, og hann verður endursamsettur og prófaður í samræmi við framangreind gögn.
ii.	Viðgerð	.	Bilun eða bilanir lagfærðar með því að beita samþykktum staðli ([1]).
iii.	Skoðun/prófun	.	Athugun, mæling, o.s.frv. í samræmi við gildandi staðal ([1]) (t.d. sjónræn skoðun, starfrænar prófanir, prófanir í bekk o.s.frv.).
iv.	Breyting.	.	Breyting á einingu í samræmi við gildandi staðal ([1]).

([1]) Samþykktur staðall er framleiðslu-/hönnunar-/viðhalds-/gæðastaðall, -aðferð, -tækni eða -venja sem lögbært yfirvald hefur samþykkt eða getur viðurkennt. Samþykkta staðlinum skal lýst í 12. reit.

12. reitur Athugasemdir

Hér skal lýsa því verki sem tilgreint er í 11. reit, annaðhvort beint eða með tilvísun til fylgiskjala, enda þurfi notandinn eða sá sem annast ísetningu á þessum upplýsingum að halda til að geta tekið lokaákvörðun um lofthæfi einingarinnar að því er varðar það verk sem verið er að votta. Ef nauðsyn krefur má nota sérstakt blað og vísa í það á EASA-eyðublaði nr. 1. Í hverri yfirlýsingu skal koma skýrt fram til hvaða einingar eða eininga í 6. reit hún vísar.

Dæmi um upplýsingar sem færa skal í 12. reit:

i. Viðhaldsgögn sem notuð voru, þ.m.t. staða endurskoðunar og tilvísun.

ii. Samræmi við lofthæfifyrirmæli eða þjónustuleiðbeiningar.

iii. Viðgerðir sem voru framkvæmdar.

iv. Breytingar sem voru gerðar.

v. Varahlutir sem voru settir í.

vi. Ástand hluta með tiltekinn endingartíma.

vii. Frávik frá verkbeiðni viðskiptavinar.

viii. Yfirlýsingar varðandi viðhaldsvottorð til að fullnægja viðhaldskröfu frá erlendum flugmálayfirvöldum.

ix. Upplýsingar sem eru nauðsynlegar vegna sendingar sem hluti vantar í eða endursamsetningar eftir afhendingu.

x. Að því er varðar viðhaldsfyrirtæki sem hafa hlotið samþykki samkvæmt F-kafla I. viðauka (M-hluta), yfirlýsingu varðandi viðhaldsvottorð fyrir íhluti sem um getur í M.A.613:

„Hér með vottast að verkið, sem tilgreint er í 11. reit og lýst í þessum reit, hefur verið framkvæmt í samræmi við kröfur F-kafla A-þáttar í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 og að hægt er að gefa út viðhaldsvottorð fyrir einingarnar, að því er varðar það verk, nema annað sé tekið fram í þessum reit. ÞETTA ER EKKI VIÐHALDSVOTTORÐ SKV. II. VIÐAUKA (145. HLUTA) VIÐ REGLUGERÐ (ESB) NR. 1321/2014.“

Ef upplýsingarnar eru prentaðar úr rafrænni útgáfu EASA-eyðublaðs nr. 1 skal færa allar viðeigandi upplýsingar í þennan reit sem eiga ekki heima í öðrum reitum.

Reitir 13a-13e

Almennar kröfur varðandi reiti 13a-13e: Ekki notaðir fyrir viðhaldsvottun. Skyggja skal, dekkja eða merkja reitina á annan hátt til að koma í veg fyrir notkun fyrir slysni eða óheimilaða notkun.

Reitur 14a

Merkja skal í viðeigandi reit eða reiti til að sýna hvaða reglur gilda um fullfrágengna verkið. Ef merkt er í reitinn ‚Aðrar reglur tilgreindar í 12. reit verður að tilgreina reglur hins eða hinna lofthæfiyfirvaldanna í 12. reit. Merkja skal í a.m.k. annan reitinn eða báða reitina, eftir því sem við á.

Að því er varðar allt viðhald hjá viðhaldsfyrirtæki, sem hefur hlotið samþykki samkvæmt F-kafla A-þáttar í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014, skal haka í reitinn ‚aðrar reglur sem tilteknar eru í 12. reit' og yfirlýsingin um viðhaldsvottorð skal koma fram í 12. reit. Í því tilviki er vottunaryfirlýsingin ‚nema annað sé tekið fram í þessum reit' ætluð til að ná yfir eftirfarandi aðstæður:

a) Þegar ekki var hægt að ljúka viðhaldi.

b) Þegar vikið var frá þeim stöðlum sem gerðar eru kröfur um í I. viðauka (M-hluta).

c) Þegar viðhald var framkvæmt í samræmi við kröfu sem ekki er tiltekin í I. viðauka (M-hluta). Í því tilviki skal tilgreina í 12. reit viðkomandi landsbundnar reglur.

Að því er varðar allt viðhald hjá viðhaldsfyrirtæki, sem hefur hlotið samþykki samkvæmt A-þætti í II. viðauka (145. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014, er vottunaryfirlýsingin ‚nema annað sé tekið fram í 12. reit' ætluð til að ná yfir eftirfarandi aðstæður:

a) Þegar ekki var hægt að ljúka viðhaldi.

b) Þegar vikið var frá þeim stöðlum sem gerðar eru kröfur um í II. viðauka (145. hluta).

c) Þegar viðhald var framkvæmt í samræmi við kröfu sem ekki er tiltekin í II. viðauka (145. hluta). Í því tilviki skal tilgreina í 12. reit viðkomandi landsbundnar reglur.

Reitur 14b Viðurkennd undirskrift

Í þennan reit skal koma undirskrift viðurkennds aðila. Aðeins aðilar, sem hafa til þess sérstaka heimild samkvæmt reglum og stefnu lögbæra yfirvaldsins, hafa leyfi til að færa nafn sitt í þennan reit. Til að auðvelda auðkenningu má bæta við einstöku númeri sem staðfestir deili á viðurkennda aðilanum.

Reitur 14c Vottorðs-/samþykkisnúmer

Hér skal færa inn númer vottorðs/samþykkis eða vottorðs/tilvísunar. Númerið eða tilvísunin er gefin út af hálfu lögbæra yfirvaldsins.

Reitur 14d Nafn

Hér skal færa inn nafn aðilans, sem undirritar í reit 14b, á læsilegan hátt.

Reitur 14e Dagsetning

Hér skal færa inn þá dagsetningu sem reitur 14b er undirritaður og verður dagsetningin að vera á forminu dd = dagsetning tilgreind með tveim tölustöfum, mmm = mánuður tilgreindur með fyrstu þremur bókstöfum mánaðar, áááá = ár tilgreint með fjórum tölustöfum.

Ábyrgð notanda/þess sem annast ísetningu

Eftirfarandi yfirlýsingu skal koma fyrir á vottorðinu til að tilkynna endanlegum notendum að vottorðið leysi þá ekki undan ábyrgð þegar kemur að ísetningu og notkun þeirra eininga sem fylgja vottorðinu:

„ÞETTA VOTTORÐ JAFNGILDIR EKKI SJÁLFKRAFA HEIMILD TIL ÍSETNINGAR.

VINNI NOTANDINN EÐA SÁ SEM ANNAST ÍSETNINGU SAMKVÆMT REGLUM ANNARS LOFTHÆFIYFIRVALDS EN TILGREINT ER Í 1. REIT ER NAUÐSYNLEGT AÐ NOTANDINN EÐA SÁ SEM ANNAST ÍSETNINGU GANGI ÚR SKUGGA UM AÐ ÞAÐ LOFTHÆFIYFIRVALD VIÐURKENNI EININGAR FRÁ LOFTHÆFIYFIRVALDINU SEM ER TILGREINT Í 1. REIT.

YFIRLÝSINGARNAR Í REITUM 13A OG 14A JAFNGILDA EKKI ÍSETNINGARVOTTORÐI. Í ÖLLUM TILVIKUM ER ÓHEIMILT AÐ FLJÚGA LOFTFARINU NEMA VIÐHALDSGÖGNUNUM FYLGI ÍSETNINGARVOTTORÐ SEM NOTANDINN EÐA SÁ SEM ANNAST ÍSETNINGU HEFUR GEFIÐ ÚT Í SAMRÆMI VIÐ LANDSBUNDNAR REGLUR.“

1. Lögbært yfirvald/land sem veitir samþykki	2. **OPINBERT VIÐHALDSVOTTORÐ** EASA-EYÐUBLAÐ NR. 1				3. Rakningarnúmer eyðublaðs
4. Heiti og heimilisfang fyrirtækis:					5. Verkbeiðni/verksamningur/reikningur
6. Eining	7. Lýsing	8. Hlutanúmer	9. Magn	10. Raðnúmer	11. Staða/unnin verk
12. Athugasemdir					
13a. Hér með vottast að framangreindar einingar voru framleiddar í samræmi við: □ samþykkt hönnunargögn og eru í öruggu rekstrarástandi □ ósamþykkt hönnunargögn sem eru tilgreind í 12. reit			14a. □ 145.A.50 Viðhaldsvottun □ Aðrar reglur tilgreindar í 12. reit. Hér með vottast að verkið, sem tilgreint er í 11. reit og lýst í 12. reit, hefur verið framkvæmt í samræmi við 145. hluta og að hægt er að gefa út viðhaldsvottorð fyrir einingarnar, að því er varðar það verk, nema annað sé tekið fram í 12. reit.		
13b. Viðurkennd undirskrift	13c. Númer samþykkis/heimildar		14b. Viðurkennd undirskrift		14c. Tilvísunarnúmer vottorðs/samþykkis
13d. Nafn	13e. Dagsetning (dd/mmm/áááá)		14d. Nafn		14e. Dagsetning (dd/mmm/áááá)
ÁBYRGÐ NOTANDA/ÞESS SEM ANNAST ÍSETNINGU Þetta vottorð jafngildir ekki sjálfkrafa heimild til ísetningar einingarinnar eða einiganna. Vinni notandinn eða sá sem annast ísetningu samkvæmt reglum annars lofthæfiyfirvalds en tilgreint er í 1. reit er nauðsynlegt að notandinn eða sá sem annast ísetningu gangi úr skugga um að það lofthæfiyfirvald viðurkenni einingar frá lofthæfiyfirvaldinu sem er tilgreint í 1. reit. Yfirlýsingarnar í reitum 13a og 14a jafngilda ekki ísetningarvottorði. Í öllum tilvikum er óheimilt að fljúga loftfarinu nema viðhaldsgögnunum fylgi ísetningarvottorð sem notandinn eða sá sem annast ísetningu hefur gefið út í samræmi við landsbundnar reglur.					

EASA-eyðublað nr. 1 – MF/145, 2. útgáfa.

III. viðbætir

Lofthæfistaðfestingarvottorð — EASA-eyðublað nr. 15

[AÐILDARRÍKI]

Aðildarríki Evrópusambandsins (*)

LOFTHÆFISTAÐFESTINGARVOTTORÐ

Tilvísunarnúmer vottorðs: .....

Samkvæmt gildandi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 hefur eftirfarandi fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og hefur hlotið samþykki samkvæmt G-kafla A-þáttar í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (EB) nr. 2042/2003

[HEITI OG HEIMILISFANG SAMÞYKKTA FYRIRTÆKISINS]

Tilvísunarnúmer samþykkis: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS].MG.[NNNN].

staðfest lofthæfi eftirfarandi loftfars samkvæmt M.A.710 í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003:

Framleiðandi loftfars: .....

Tegundarnúmer framleiðanda fyrir loftfarið: .....

Einkennisstafir loftfars: .....

Raðnúmer loftfars: .....

og þetta loftfar telst lofthæft við staðfestinguna.

Útgáfudagur: ..... Síðasti gildisdagur: .....

Undirskrift: ..... Númer heimildar: .....

Fyrsta framlenging: Loftfarið hefur verið undir viðurkenndri viðhaldsstjórn síðastliðið ár í samræmi við M.A.901 í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003. Loftfarið telst lofthæft á útgáfudegi.

Útgáfudagur: ..... Síðasti gildisdagur: .....

Undirskrift: ..... Númer heimildar: .....

Heiti fyrirtækis: ..... Tilvísunarnúmer samþykkis: .....

Önnur framlenging: Loftfarið hefur verið undir viðurkenndri viðhaldsstjórn síðastliðið ár í samræmi við M.A.901 í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003. Loftfarið telst lofthæft á útgáfudegi.

Útgáfudagur: ..... Síðasti gildisdagur: .....

Undirskrift: ..... Númer heimildar: .....

Heiti fyrirtækis: ..... Tilvísunarnúmer samþykkis: .....

EASA-eyðublað nr. 15b, 3. útgáfa.

(*) Falli brott fyrir ríki utan ESB.

[AÐILDARRÍKI]

Aðildarríki Evrópusambandsins (*)

LOFTHÆFISTAÐFESTINGARVOTTORÐ

Tilvísunarnúmer vottorðs: .....

Samkvæmt gildandi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 vottar [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS] hér með að eftirfarandi loftfar:

Framleiðandi loftfars: .....

Tegundarnúmer framleiðanda fyrir loftfarið: .....

Einkennisstafir loftfars: .....

Raðnúmer loftfars: .....

telst lofthæft við staðfestinguna.

Útgáfudagur: ..... Síðasti gildisdagur: .....

Undirskrift: ..... Númer heimildar: .....

Fyrsta framlenging: Loftfarið hefur verið undir viðurkenndri viðhaldsstjórn síðastliðið ár í samræmi við M.A.901 í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003. Loftfarið telst lofthæft á útgáfudegi.

Útgáfudagur: ..... Síðasti gildisdagur: .....

Undirskrift: ..... Númer heimildar: .....

Heiti fyrirtækis: ..... Tilvísunarnúmer samþykkis: .....

Önnur framlenging: Loftfarið hefur verið undir viðurkenndri viðhaldsstjórn síðastliðið ár í samræmi við M.A.901 í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003. Loftfarið telst lofthæft á útgáfudegi.

Útgáfudagur: ..... Síðasti gildisdagur: .....

Undirskrift: ..... Númer heimildar: .....

Heiti fyrirtækis: ..... Tilvísunarnúmer samþykkis: .....

EASA-eyðublað nr. 15a, 3. útgáfa.

(*) Falli brott fyrir ríki utan ESB.

IV. viðbætir

Flokka- og réttindakerfi fyrir samþykki viðhaldsfyrirtækja sem um getur í F-kafla í I. viðauka (M-hluta) og II. viðauka (145. hluta)

1. Í töflunni, sem um getur í 13. lið, er kveðið á um staðlað kerfi fyrir samþykki viðhaldsfyrirtækja samkvæmt F-kafla í I. viðauka (M-hluta) og II. viðauka (145. hluta), að undanskildu því sem er tekið fram fyrir minnstu fyrirtækin í 12. lið. Veita ber fyrirtæki samþykki sem spannar allt frá einum flokki og réttindum með takmörkunum til allra flokka og réttinda með takmörkunum.

2. Auk þess sem fram kemur í töflunni, sem um getur í 13. lið, er samþykktu viðhaldsfyrirtæki skylt að tilgreina *verksvið* sitt í handbók/starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækisins. Sjá einnig 11. lið.

3. Innan ramma þess flokks eða flokka og réttinda sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt skal verksviðið, sem tilgreint er í starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækisins, sýna nákvæmlega takmarkanir samþykkisins. Það er því mikilvægt að sá flokkur eða flokkar og réttindi, sem samþykkið tekur til, séu samsvarandi verksviði fyrirtækisins.

4. *Réttindi í flokki A* merkja að samþykktu viðhaldsfyrirtæki er heimilt að annast viðhald á loftfari og öllum íhlutum þess (þ.m.t. hreyflum og/eða aukaaflstöðvum (APU)) í samræmi við viðhaldsgögn loftfars eða, ef lögbært yfirvald samþykkir það, í samræmi við viðhaldsgögn íhlutar, en einungis þegar íhlutirnir eru fastir á loftfarinu. Engu að síður getur samþykkt viðhaldsfyrirtæki með A-réttindi fjarlægt íhlut tímabundið til viðhalds til að bæta aðgengi að íhlutnum nema þegar slíkt hefur í för með sér þörf á viðbótarviðhaldi sem fellur ekki undir ákvæði þessa liðar. Viðhaldið verður háð því að í starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækisins sé verklagsregla um eftirlit þessu viðvíkjandi sem lögbært yfirvald skal samþykkja. Í þættinum um takmarkanir er tilgreint umfang slíks viðhalds og þar með umfang samþykkis.

5. *Réttindi í flokki B* merkja að samþykktu viðhaldsfyrirtæki er heimilt að annast viðhald á óísettum hreyfli og/eða aukaaflstöð og íhlutum hreyfils og/eða aukaaflstöðvar í samræmi við viðhaldsgögn hreyfils og/eða aukaaflstöðvar eða, ef lögbært yfirvald samþykkir það, í samræmi við viðhaldsgögn íhlutar, en einungis þegar íhlutirnir eru fastir á hreyflinum og/eða aukaaflstöðinni. Engu að síður getur samþykkt viðhaldsfyrirtæki með heimildir í B-flokki fjarlægt íhlut tímabundið til viðhalds til að bæta aðgengi að íhlutnum nema þegar slíkt hefur í för með sér þörf á viðbótarviðhaldi sem fellur ekki undir ákvæði þessarar málsgreinar. Í þættinum um takmarkanir er tilgreint umfang slíks viðhalds og þar með umfang samþykkis. Samþykktu viðhaldsfyrirtæki með réttindi í flokki B er einnig heimilt að annast viðhald á ísettum hreyfli við aðal- og leiðarviðhald, að því tilskildu að í starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækisins sé verklagsregla um eftirlit þessu viðvíkjandi sem lögbært yfirvald skal samþykkja. Ef lögbæra yfirvaldið leyfir þessa starfsemi skal hún tiltekin undir verksviði viðhaldsfyrirtækisins í starfsemislýsingu þess.

6. *Réttindi í flokki C* merkja að samþykktu viðhaldsfyrirtæki er heimilt að annast viðhald á óísettum íhlutum (að undanskildum hreyflum og aukaaflstöðvum) sem setja á í loftfarið eða hreyfilinn/aukaaflstöðina. Í þættinum um takmarkanir er tilgreint umfang slíks viðhalds og þar með umfang samþykkis. Samþykktu viðhaldsfyrirtæki með réttindi í flokki C er einnig heimilt að annast viðhald á ísettum íhlut við aðal- og leiðarviðhald eða í viðhaldsfyrirtæki fyrir hreyfla/aukaaflstöðvar, að því tilskildu að í starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækisins sé verklagsregla um eftirlit þessu viðvíkjandi sem lögbært yfirvald skal samþykkja. Ef lögbæra yfirvaldið leyfir þessa starfsemi skal hún tiltekin undir verksviði viðhaldsfyrirtækisins í starfsemislýsingu þess.

7. *Réttindi í flokki D* eru sjálfstæð réttindi sem þurfa ekki endilega að tengjast sérstöku loftfari, hreyfli eða öðrum íhlut. Réttindi til prófunar án eyðileggingar í flokki D1 (e. *Non Destructive Testing* – NDT) eru aðeins nauðsynleg fyrir samþykkt viðhaldsfyrirtæki sem tekur að sér prófun án eyðileggingar sem sérstakt verkefni fyrir annað fyrirtæki. Samþykktu viðhaldsfyrirtæki með réttindi í flokki A, B eða C er heimilt að gera prófanir án eyðileggingar á framleiðsluvörum, sem það annast viðhald á, án þess að hafa réttindi í flokki D1, að því tilskildu að í starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækisins séu verklagsreglur um prófanir án eyðileggingar.

8. Ef um er að ræða viðhaldsfyrirtæki með samþykki skv. II. viðauka (145. hluta) er *réttindum í flokki A* skipt í aðal- eða leiðarviðhald. Slíkt fyrirtæki getur fengið samþykki til aðal- eða leiðarviðhalds eða hvort tveggja. Vakin er athygli á því að leiðarstöð, sem staðsett er á aðalviðhaldsstöð, þarf að hafa samþykki til leiðarviðhalds.

9. Markmiðið með þættinum um *takmarkanir* er að gefa lögbærum yfirvöldum svigrúm til að laga samþykkið að tilteknu fyrirtæki. Flokkarnir skulu aðeins tilgreindir á samþykkinu þegar þeir eru takmarkaðir á viðeigandi hátt. Í töflunni, sem um getur í 13. lið, eru tilgreindar allar takmarkanir sem til greina koma. Þótt viðhald sé nefnt síðast í réttindum hvers flokks er í lagi að leggja áherslu á viðhaldsverkefnið fremur en á loftfarið, hreyfiltegundina eða framleiðanda, ef það hentar betur fyrir fyrirtækið (dæmi um þetta gæti verið ísetning og viðhald á rafeindakerfum loftfara). Ef minnst er á slíkt í þættinum um takmarkanir gefur það vísbendingu um að viðhaldsfyrirtækið sé samþykkt til að framkvæma viðhald til og með þeirri tilteknu gerð/verki.

10. Þegar vísað er til *raðar, tegundar og hóps* í þættinum um takmarkanir í flokki A og B merkir *röð* tiltekna tegundarröð, s.s. Airbus 300, 310 eða 319 eða Boeing 737-300-röðina eða RB 211-524-röðina eða Cessna 150, 172 eða Beech 55-röðina eða Continental O-200-röðina o.s.frv. *Tegund* merkir tiltekna tegund eða gerð, s.s. Airbus 310-240-tegundina eða RB 211-524 B4-tegundina eða Cessna 172RG-tegundina o.s.frv. Tilgreina má eins margar raðir og tegundir og óskað er eftir. *Hópur* merkir t.d. eins hreyfils Cessna-flugvél með strokkhreyfli eða Lycoming-strokkhreyfla án forþjöppu o.s.frv.

11. Ef notaður er *langur verkleyfislisti* sem kann að sæta tíðum breytingum skulu breytingarnar vera í samræmi við málsmeðferð við óbeint samþykki sem um getur í c-lið M.A.604 og c-lið M.B.606 eða c-lið 145.A.70 og 145.B.40, eftir því sem við á.

12. *Viðhaldsfyrirtæki þar sem einungis einn starfsmaður er ráðinn til starfa,* bæði til að skipuleggja og framkvæma allt viðhald, getur einungis fengið takmörkuð réttindi samþykkt. Leyfilegt hámark er:

FLOKKUR	RÉTTINDI	TAKMÖRKUN
LOFTFÖR	RÉTTINDI: A2 FLUGVÉLAR, AÐ HÁMARKI 5 700 KG	MEÐ STROKKHREYFLUM, AÐ HÁMARKI 5 700 KG
LOFTFÖR	RÉTTINDI: A3 ÞYRLUR	MEÐ EINUM STROKKHREYFLI, AÐ HÁMARKI 3 175 KG
LOFTFÖR	RÉTTINDI: A4 LOFTFÖR NEMA A1, A2 OG A3 LOFTFÖR	ENGAR TAKMARKANIR
HREYFLAR	RÉTTINDI B2: STROKKHREYFILL	MINNA EN 450 HESTÖFL
AÐRIR ÍHLUTIR EN FULLGERÐIR HREYFLAR EÐA AUKAAFLSTÖÐVAR	C1 TIL C22	SAMKVÆMT VERKLEYFISLISTA
SÉRHÆFT	D1 PRÓFUN ÁN EYÐILEGGINGAR	TILGREINA SKAL NÁNAR AÐFERÐIR VIÐ PRÓFUN ÁN EYÐILEGGINGAR

Taka ber fram að lögbæra yfirvaldið getur sett frekari takmarkanir, innan gildissviðs samþykkisins, á slíkt fyrirtæki sem ráðast af getu viðkomandi fyrirtækis.

13. Tafla

FLOKKUR	RÉTTINDI	TAKMÖRKUN	AÐALVIÐHALD	LEIÐARVIÐHALD
LOFTFÖR	A1 Flugvélar yfir 5 700 kg	[Réttindi einungis ætluð viðhaldsfyrirtækjum sem hafa hlotið samþykki í samræmi við II. viðauka (145. hluta)] [Tilgreina skal framleiðanda, hóp, röð eða tegund flugvélar og/eða viðhaldsverkefni] *Dæmi: Airbus A320-röðin*	[JÁ/NEI]*	[JÁ/NEI]*
	A2 Flugvélar að hámarki 5 700 kg	[Tilgreina skal framleiðanda, hóp, röð eða tegund flugvélar og/eða viðhaldsverkefni] *Dæmi: DHC-6 Twin Otter-röðin*	[JÁ/NEI]*	[JÁ/NEI]*

FLOKKUR	RÉTTINDI	TAKMÖRKUN	AÐALVIÐHALD	LEIÐARVIÐHALD
	A3 – Þyrlur	[Tilgreina skal framleiðanda, hóp, röð eða tegund þyrlu og/eða viðhalds-verkefni] *Dæmi: Robinson R44*	[JÁ/NEI]*	[JÁ/NEI]*
	A4 – Loftför önnur en A1, A2 og A3	[Tilgreina skal röð eða tegund loftfars og/eða viðhaldsverkefni]	[JÁ/NEI]*	[JÁ/NEI]*
HREYFLAR	B1 — Hverfihreyfill	[Tilgreina skal röð eða tegund hreyfils og/eða viðhaldsverkefni] *Dæmi: PT6A-röðin*		
	B2 — Strokkhreyfill	[Tilgreina skal framleiðanda, hóp, röð eða tegund hreyfils og/eða viðhaldsverkefni]		
	B3 — Aukaaflstöð	[Tilgreina skal framleiðanda, röð eða tegund hreyfils og/eða viðhaldsverkefni]		
AÐRIR ÍHLUTIR EN FULLGERÐIR HREYFLAR EÐA AUKAAFLSTÖÐVAR	C1 — Loftræsting og þrýstingur	[Tilgreina skal tegund loftfars eða framleiðanda loftfars, framleiðanda íhlutar eða tiltekinn íhlut og/eða millivísa í verkleyfislista í starfsemislýsingunni og/eða viðhalds-verkefni] *Dæmi: PT6A-eldsneytisstýring*		
	C2 — Sjálfstýring			
	C3 — Fjarskipti og leiðsaga			
	C4 — Hurðir — lúgur			
	C5 — Rafafl og ljós			
	C6 — Búnaður			
	C7 — Hreyfill — aukaaflstöð			
	C8 — Stýri			
	C9 — Eldsneyti			
	C10 — Þyrla — þyrlar			
	C11 — Þyrla — drif			
	C12 — Vökvaafl			
	C13 — Vísi- og skráningarbúnaður			
	C14 — Lendingarbúnaður			
	C15 — Súrefni			
	C16 — Loftskrúfur			
	C17 — Loftþrýstikerfi/ sogkerfi			
	C18 — Vörn gegn ísingu, regni og eldi			
	C19 — Gluggar			
	C20 — Burðarvirki			

FLOKKUR	RÉTTINDI	TAKMÖRKUN	AÐALVIÐHALD	LEIÐARVIÐHALD
	C21 — Vatnskjölfesta			
	C22 — Knýaukning			
SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA	D1 — Prófun án eyðileggingar	[Tilgreina skal tiltekna aðferð eða aðferðir við prófun án eyðileggingar]		

V. viðbætir

Samþykki fyrir viðhaldsfyrirtæki sem um getur í F-kafla í I. viðauka (M-hluta)

Bls. 1 af 2

[AÐILDARRÍKI (*)]

Aðildarríki Evrópusambandsins (**)

SAMÞYKKISVOTTORÐ FYRIR VIÐHALDSFYRIRTÆKI

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)]. MF.[XXXX]

Samkvæmt gildandi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003 og með fyrirvara um skilyrðin, sem tilgreind eru hér að neðan, vottar [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS (*)] hér með að:

[HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

er viðhaldsfyrirtæki í samræmi við F-kafla A-þáttar í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (EB) nr. 2042/2003 og hefur hlotið samþykki til að viðhalda framleiðsluvörum, hlutum og búnaði sem skráð eru í meðfylgjandi samþykkisskrá og gefa út tilheyrandi viðhaldsvottorð með framangreindum tilvísunarnúmerum.

SKILYRÐI:

1. Þetta samþykki takmarkast við þau atriði sem tilgreind eru í þættinum um verksvið í handbók viðhaldsfyrirtækisins eins og um getur í F-kafla A-þáttar í I. viðauka (M-hluta).

2. Forsenda þessa samþykkis er að þeim verklagsreglum sem tilgreindar eru í handbók samþykkta viðhaldsfyrirtækisins sé fylgt.

3. Þetta samþykki gildir á meðan samþykkta viðhaldsfyrirtækið uppfyllir kröfur samkvæmt I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (EB) nr. 2042/2003.

4. Svo fremi að framangreind skilyrði séu uppfyllt heldur þetta samþykki gildi sínu í ótakmarkaðan tíma nema það hafi þegar verið lagt inn, annað samþykki komið í þess stað, það ógilt tímabundið eða afturkallað.

Upphaflegur útgáfudagur: .....

Dagsetning endurskoðunar: .....

Númer endurskoðunar: .....

Undirskrift: .....

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKIS (*)]

EASA-eyðublað nr. 3-MF, 2. útgáfa.

(*) Eða EASA ef EASA er lögbæra yfirvaldið.

(**) Falli brott fyrir ríki utan ESB eða EASA.

SAMÞYKKISSKRÁ FYRIR VIÐHALDSFYRIRTÆKI

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)]. MF.XXXX

Fyrirtæki: [HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

FLOKKUR	RÉTTINDI	TAKMÖRKUN
LOFTFÖR (**)	(***)	(***)
	(***)	(***)
HREYFLAR (**)	(***)	(***)
	(***)	(***)
AÐRIR ÍHLUTIR EN FULLGERÐIR HREYFLAR EÐA AUKAAFLSTÖÐVAR (**)	(***)	(***)
	(***)	(***)
	(***)	(***)
	(***)	(***)
	(***)	(***)
	(***)	(***)
SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA (**)	(***)	(***)
	(***)	(***)

Þetta samþykki takmarkast við þær framleiðsluvörur, hluti og búnað og þá starfsemi sem tilgreind er í þættinum um verksvið í handbók samþykkta viðhaldsfyrirtækisins.

Tilvísun í handbók viðhaldsfyrirtækis: .....

Upphaflegur útgáfudagur: .....

Dagsetning síðustu samþykktu endurskoðunar: ..... Númer endurskoðunar: .....

Undirskrift: .....

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKIS (*)]

EASA-eyðublað nr. 3-MF, 2. útgáfa.

———

(*) Eða EASA ef EASA er lögbæra yfirvaldið.
(**) Strikið út, eftir því sem við á, ef fyrirtæki er ekki samþykkt.
(***) Hér skal fylla inn viðeigandi réttindi og takmarkanir.

VI. viðbætir

Samþykki fyrir fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, sem um getur í G-kafla í I. viðauka (M-hluta)

[AÐILDARRÍKI] (*)

Aðildarríki Evrópusambandsins (**)

SAMÞYKKISVOTTORÐ FYRIR FYRIRTÆKI SEM ANNAST STJÓRNUN Á ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)].MG.XXXX (tilvísunarnr. AOC XX.XXXX)

Samkvæmt gildandi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003 og með fyrirvara um skilyrðin, sem tilgreind eru hér að neðan, vottar [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS (*)] hér með að:

[HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

er fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og hefur hlotið samþykki samkvæmt G-kafla A-þáttar I. viðauka (M-hluta) í reglugerð (EB) nr. 2042/2003 til að annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfaranna sem tilgreind eru í meðfylgjandi samþykkisskrá og, þegar kveðið er á um slíkt, til að gefa út tilmæli eða lofthæfistaðfestingarvottorð að lokinni staðfestingu á lofthæfi samkvæmt M.A.710 í I. viðauka (M-hluta) og, þegar kveðið er á um slíkt, til að gefa út flugleyfi eins og tilgreint er í c-lið M.A.711 í I. viðauka (M-hluta) í sömu reglugerð.

SKILYRÐI

1. Þetta samþykki takmarkast við það samþykki, sem tilgreint er í þættinum um samþykki í samþykktri starfsemislýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi samkvæmt G-kafla A-þáttar í I. viðauka (M-hluta) í reglugerð (EB) nr. 2042/2003.
2. Þetta samþykki krefst þess að farið sé að þeim verklagsreglum sem tilgreindar eru í samþykktri starfsemislýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (EB) nr. 2042/2003.
3. Þetta samþykki gildir á meðan samþykkta fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, uppfyllir kröfur samkvæmt I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (EB) nr. 2042/2003.
4. Þegar fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, semur við eitt eða fleiri fyrirtæki innan ramma eigin gæðakerfis, gildir þetta samþykki áfram, að því tilskildu að fyrirtækið eða fyrirtækin haldi áfram að uppfylla viðeigandi samningsskyldur.
5. Svo fremi skilyrði 1 til 4 hér að framan séu uppfyllt heldur þetta samþykki gildi sínu í ótakmarkaðan tíma nema það hafi þegar verið lagt inn, annað samþykki komið í þess stað, það ógilt tímabundið eða afturkallað.

   Sé eyðublað þetta einnig notað fyrir handhafa flugrekandaskírteinis skal númer flugrekandaskírteinis bætt við tilvísunarnúmerið, til viðbótar við staðlaða númerið, og skulu eftirfarandi viðbótarskilyrði koma í staðinn fyrir skilyrði 5:
6. Þetta samþykki er ekki heimild til að starfrækja þær tegundir loftfara sem um getur í 1. lið. Flugrekandaskírteinið veitir heimildina til að starfrækja loftfar.
7. Lok á gildistíma flugrekandaskírteinis eða tímabundin ógilding eða afturköllun þess ógildir sjálfkrafa þetta samþykki í tengslum við skráningar þeirra loftfara sem tilgreindar eru í flugrekandaskírteininu nema annað sé tekið afdráttarlaust fram af hálfu lögbærra yfirvalda.
8. Svo fremi framangreind skilyrði séu uppfyllt heldur þetta samþykki gildi sínu í ótakmarkaðan tíma nema það hafi þegar verið lagt inn, annað samþykki komið í þess stað, það ógilt tímabundið eða afturkallað.

Upphaflegur útgáfudagur: .....

Undirskrift: .....

Dagsetning endurskoðunar: ..... Númer endurskoðunar: .....

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKIS (*)]

Blaðsíða …… af ……

SAMÞYKKISSKRÁ FYRIR FYRIRTÆKI SEM ANNAST STJÓRNUN Á ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)]. MG.XXXX

(tilvísunarnr. AOC XX.XXXX)

Fyrirtæki: [HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

Tegund/röð/hópur loftfars	Staðfesting á lofthæfi heimiluð	Heimilt að veita flugleyfi	Fyrirtæki sem starfa samkvæmt gæðakerfi
	[JÁ/NEI] (***)	[JÁ/NEI] (***)	
	[JÁ/NEI] (***)	[JÁ/NEI] (***)	
	[JÁ/NEI] (***)	[JÁ/NEI] (***)	
	[JÁ/NEI] (***)	[JÁ/NEI] (***)	
	[JÁ/NEI] (***)	[JÁ/NEI] (***)	
	[JÁ/NEI] (***)	[JÁ/NEI] (***)	

Þessi samþykkisskrá takmarkast við gildissvið samþykkisins sem tilgreint er í þættinum um samþykkta starfsemislýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi .....

Tilvísun fyrir starfsemislýsingu um stjórnun á áframhaldandi lofthæfi: .....

Upphaflegur útgáfudagur: .....

Undirskrift: .....

Dagsetning síðustu endurskoðunar: .....

Númer endurskoðunar: .....

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKIS (*)]

EASA-eyðublað nr. 14, 3. útgáfa

(*) Eða EASA ef EASA er lögbæra yfirvaldið.
(**) Falli brott fyrir ríki utan ESB eða EASA.
(***) Strikið út, eftir því sem við á, ef fyrirtæki er ekki samþykkt.

VII. viðbætir

Flókin viðhaldsverkefni

Eftirfarandi viðhaldsvinna fellur undir þau flóknu viðhaldsverkefni sem um getur í 3. lið d-liðar M.A.502, 2. lið b-liðar M.A.801 og c-lið M.A.801:

1. Breyting, viðgerð eða útskipti með því að hnoðnegla, líma, húða eða málmsjóða einhverja eftirfarandi flugskrokkshluta:

   a) lokaðan bita,

   b) langband eða þverband vængs,

   c) vængbita,

   d) vængbitaflans,

   e) stangavirkisbita,

   f) lífplötur,

   g) kjöl eða húfband á bol eða flotholti flugbáts,

   h) báraða álþynnu sem er í þjöppun og er hluti af smíðavirki væng- eða stélflata,

   i) aðalvængrif,

   j) væng- eða stélstoð,

   k) hreyfilbúkka,

   l) burðarlangband eða ramma bols,

   m) stangavirki, lárétt stangavirki eða þverþil sem er hluti smíðavirkis,

   n) sætisstoð eða -festingu,

   o) útskipti sætisbrautar,

   p) stoðband eða þrýstistoð fyrir lendingarbúnað,

   q) öxul,

   r) hjól og

   s) skíði eða skíðisfót, að undanskilinni endurnýjun á rennilagi skíða.

2. Breyting eða viðgerð á einhverjum eftirfarandi hluta:

   a) ytra byrði loftfars eða ytra byrði flotholts loftfars ef nota þarf undirstöðu, smíðaramma eða festingu við verkið,

   b) ytra byrði loftfars sem er undir álagi af þrýstijöfnuði, ef skemmdir á klæðningu ná lengra en 15 cm (6 tommur) í einhverja áttina,

   c) burðarhluta stýrakerfis, þ.m.t. stjórnvölur, fótstig, ás, stýriskvaðrantur, vinkilarmur, vindurör, stýrisflauta og eldsmíðaðir eða steyptir klofar, en að undanskildum:

      i. festingu viðgerðarsamskeytingar eða tengingar á vírum,

      ii. útskiptun hnoðnegldrar endafestingar á ýti og togstöng og

   d) öðrum burðarvirkjum sem eru ekki skráð í 1. lið en sem framleiðandi hefur tilgreint sem aðalburðarvirki í viðhaldshandbók sinni eða handbók fyrir viðgerðir á burðarvirkjum eða leiðbeiningum um áframhaldandi lofthæfi.

3. Framkvæmd eftirfarandi viðhaldsverkefna á stimpilhreyfli:

   a) að taka í sundur stimpilhreyfil og setja hann síðan aftur saman í öðrum tilgangi en i. að fá aðgengi að stimpli/strokksamstæðu eða ii. að fjarlægja aftari hlíf (e. *rear accessory cover*) til að skoða og/eða skipta um olíudælusamstæður, þegar slík vinna felur ekki í sér að fjarlægja innri gíra og setja þá aftur í,

b) að taka í sundur niðurfærslugír og setja hann síðan aftur saman,

c) að logsjóða og háhitalóða samskeyti, nema þegar um er að ræða minni háttar logsuðuviðgerðir á útblásturskerfi, sem viðurkenndur logsuðumaður eða logsuðumaður með tilskilin réttindi framkvæmir, en sem fela ekki í sér skipti á íhlutum,

d) að raska stökum hlutum eininga, sem eru seldar sem einingar sem hafa verið prófaðar á prófunarbekk, nema þegar um er að ræða skipti eða stillingu hluta sem yfirleitt er hægt að skipta út eða stilla meðan á notkun stendur.

4. Jafnvægisstilling á skrúfu, nema:

a) fyrir vottun um kyrrujafnvægisstillingu, þegar þess er krafist samkvæmt viðhaldshandbókinni,

b) fyrir hreyfijafnvægisstillingu á skrúfum, sem eru í loftfari, með því að nota rafrænan jafnvægisstillingarbúnað þegar viðhaldshandbók eða önnur samþykkt lofthæfigögn heimila það.

5. Öll viðbótarverkefni sem krefjast:

a) sérstakra verkfæra, sérstaks búnaðar eða sérstakrar aðstöðu eða

b) umtalsverðrar samræmingarmálsmeðferðar vegna þess hve langan tíma verkefnin taka og vegna þess hve margir einstaklingar koma að verkefnunum.

VIII. viðbætir

Takmarkað viðhald af hálfu flugmannsins sem er jafnframt eigandi loftfarsins

Til viðbótar við kröfurnar, sem mælt er fyrir um í M-hluta I. viðauka, skulu eftirfarandi grundvallarreglur uppfylltar áður en viðhaldsverkefni er framkvæmt samkvæmt skilmálum um viðhald af hálfu flugmannsins sem er jafnframt eigandi loftfarsins:

a) Hæfni og ábyrgð

1. Flugmaðurinn sem er jafnframt eigandi loftfarsins ber alltaf ábyrgð á hvers konar viðhaldi sem hann framkvæmir.

2. Áður en flugmaðurinn sem er jafnframt eigandi loftfarsins framkvæmir viðhaldsverkefni flugmanns, skal hann fullvissa sig um að hann sé hæfur til að framkvæma verkefnið. Það er á ábyrgð flugmanna, sem eru jafnframt eigendur loftfara, að kynna sér sjálfir staðlað verklag við viðhald á loftfari sínu og viðhaldsáætlun loftfarsins. Ef flugmaðurinn sem er jafnframt eigandi loftfarsins er ekki hæfur til að sinna verkefninu sem á að framkvæma getur flugmaðurinn, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, ekki afhent verkefnið.

3. Flugmaðurinn, sem er jafnframt eigandi loftfars (eða fyrirtækið sem hann hefur samið við um að annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi sem um getur í G-kafla A-þáttar í þessum viðauka), ber ábyrgð á að tilgreina verkefni flugmanns, sem er jafnframt eigandi loftfars, í samræmi við þessar grundvallarreglur í viðhaldsáætluninni og að tryggja að skjalið sé uppfært tímanlega.

4. Samþykki á viðhaldsáætluninni verður að fara fram í samræmi við M.A.302.

b) Verkefni

Flugmanninum, sem er jafnframt eigandi loftfars, er heimilt að framkvæma einfaldar sjónrænar skoðanir eða aðgerðir til að athuga almennt ástand og augljósar skemmdir og hvort flugskrokkurinn, hreyflar, kerfi og íhlutar starfi með eðlilegum hætti.

Flugmaðurinn, sem er jafnframt eigandi loftfars, skal ekki framkvæma viðhaldsverkefni ef verkefnið:

1. er mikilvægt að því er varðar öryggi og hefur veruleg áhrif á lofhæfi loftfarsins ef það er framkvæmt á rangan hátt, eða er viðhaldsverkefni sem tengist flugöryggi eins og tilgreint er í a-lið M.A.402 og/eða

2. krefst þess að mikilvægir íhlutir eða samstæður séu fjarlægðar og/eða

3. fer fram í samræmi við lofthæfitilskipun eða lið um lofthæfitakmarkanir nema það sé sérstaklega leyft í lofthæfitilskipuninni eða í lið um lofthæfitakmarkanir og/eða

4. krefst þess að notuð séu sérstök verkfæri, kvörðuð verkfæri (nema skrúflyklar með átaksmæli og verkfæri til kreistitenginga) og/eða

5. krefst notkunar prófunarbúnaðar eða sérstakra prófana (t.d. prófana án eyðileggingar (NDT), kerfisprófana eða virkniprófana á rafeindabúnaði loftfara) og/eða

6. samanstendur af hvers konar ófyrirséðum sérskoðunum (t.d. skoðun á loftfari eftir harkalega lendingu) og/eða

7. hefur áhrif á kerfi sem eru mikilvæg fyrir blindflug og/eða

8. er skráð í VII. viðbæti við þennan viðauka eða er viðhaldsverkefni á íhlut í samræmi við a-, b-, c- eða d-lið M.A.502.

Leiðbeiningar sem eru ekki eins takmarkandi og eru gefnar út í samræmi við d-lið í ‚M.A.302 Viðhaldsáætlun' geta ekki ógilt viðmiðanir 1 til 8 sem taldar eru upp hér að framan.

Öll verkefni sem lýst er í flughandbók loftfarsins sem undirbúningi fyrir flug (t.d. samsetning á vængjum svifflugu eða fyrirflugsverkefni) teljast verkefni flugmanns og teljast ekki viðhaldsverkefni flugmanns, sem er jafnframt eigandi loftfars og því er viðhaldsvottorðs ekki krafist.

c) Framkvæmd viðhaldsverkefna flugmanns, sem er jafnframt eigandi loftfars, og skrár

Þau viðhaldsgögn sem tilgreind eru í lið M.A.401 skulu alltaf vera tiltæk meðan viðhald flugmanns, sem er jafnframt eigandi loftfars, fer fram og skal farið eftir þeim. Upplýsingar um gögnin sem stuðst er við þegar viðhald flugmanns, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, fer fram skal vera að finna í viðhaldsvottorði í samræmi við d-lið M.A.803.

Eigi síðar en 30 dögum eftir að flugmaðurinn, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, lýkur við viðhaldsverkefni í samræmi við a-lið M.A.305 verður flugmaðurinn, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, að tilkynna samþykktu fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og ber ábyrgð á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins (ef við á), um það.

———

II. VIÐAUKI

(145. hluti)

EFNISYFIRLIT

145.1 **Almenn ákvæði**

A-ÞÁTTUR — TÆKNILEGAR KRÖFUR

145.A.10 Gildissvið

145.A.15 Umsókn

145.A.20 Skilmálar samþykkis

145.A.25 Kröfur um aðstöðu

145.A.30 Kröfur varðandi starfsfólk

145.A.35 Viðhaldsvottar og faglegir ábyrgðarmenn (e. *support staff*)

145.A.40 Búnaður, verkfæri og efni

145.A.42 Viðurkenning íhluta

145.A.45 Viðhaldsgögn

145.A.47 Framkvæmdaáætlun

145.A.50 Viðhaldsvottun

145.A.55 Viðhaldsskrár

145.A.60 Tilkynning atvika

145.A.65 Öryggis- og gæðastefna, verklagsreglur um viðhald og gæðakerfi

145.A.70 Starfsemislýsing viðhaldsfyrirtækis

145.A.75 Réttindi fyrirtækisins

145.A.80 Takmarkanir á fyrirtækinu

145.A.85 Breytingar á fyrirtækinu

145.A.90 Áframhaldandi gildi

145.A.95 Frávik

B-ÞÁTTUR — VERKLAGSREGLUR FYRIR LÖGBÆR YFIRVÖLD

145.B.1 Gildissvið

145.B.10 Lögbært yfirvald

145.B.15 Fyrirtæki með aðsetur í mörgum aðildarríkjum

145.B.20 Fyrsta samþykki

145.B.25 Útgáfa samþykkis

145.B.30 Framlenging samþykkis

145.B.35 Breytingar

145.B.40 Breytingar á starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækis

145.B.45 Afturköllun, tímabundin ógilding og takmörkun samþykkis

145.B.50 Frávik

145.B.55 Skráahald

145.B.60 Undanþágur

I. viðbætir — Opinbert viðhaldsvottorð EASA-eyðublað nr. 1

II. viðbætir — Flokka- og réttindakerfi fyrir samþykki viðhaldsfyrirtækja sem um getur í F-kafla í I. viðauka (M-hluta) og II. viðauka (145. hluta)

III. viðbætir — Samþykki fyrir viðhaldsfyrirtæki sem um getur í II. viðauka (145. hluta)

IV. viðbætir — Skilyrði fyrir að nota starfsfólk sem er ekki með starfsréttindi í samræmi við III. viðauka (66. hluta) sem vísað er til í 1. og 2. lið j-liðar 145.A.30.

145.1 **Almenn ákvæði**

Í þessum hluta merkir ‚lögbært yfirvald‘:

1. þegar um er að ræða fyrirtæki sem hafa höfuðstöðvar sínar í aðildarríki, yfirvald sem það aðildarríki tilnefnir eða

2. þegar um er að ræða fyrirtæki sem hafa höfuðstöðvar sínar í þriðja landi, Flugöryggisstofnunin.

A-ÞÁTTUR

TÆKNILEGAR KRÖFUR

145.A.10 **Gildissvið**

Í þessum þætti eru tilgreindar þær kröfur sem fyrirtæki þarf að uppfylla til að teljast hæft til að fá samþykki eða framlengingu á samþykki til að annast viðhald á loftförum og íhlutum þeirra.

145.A.15 **Umsókn**

Umsókn um útgáfu eða breytingu á samþykki skal lögð inn hjá lögbæra yfirvaldinu á því formi og á þann hátt sem yfirvaldið ákveður.

145.A.20 **Skilmálar samþykkis**

Í starfsemislýsingu fyrirtækisins skal tilgreina umfang þeirra verka sem samþykkið tekur til (í IV. viðbæti við I. viðauka (M-hluta) er tafla yfir alla flokka og réttindi).

145.A.25 **Kröfur um aðstöðu**

Fyrirtækið skal tryggja eftirfarandi:

a) Viðeigandi aðstaða skal vera fyrir alla áætlaða vinnu og skal hún sérstaklega tryggja vörn gegn veðri og vindum. Sérhæfðum verkstæðum og vinnubásum skal haldið aðskildum eins og vera ber til þess að tryggja að litlar líkur verði á mengun umhverfis og vinnustaðar.

   1. Þegar um er að ræða aðalviðhald á loftförum skulu nógu stór flugskýli tiltæk til að rúma loftför í áætluðu aðalviðhaldi.

   2. Þegar um er að ræða viðhald íhluta skulu íhlutaverkstæði vera nógu stór til að rúma íhluta í áætluðu viðhaldi.

b) Séð skal fyrir viðeigandi skrifstofuhúsnæði fyrir stjórnendur áætlaðrar vinnu, sem getið er í a-lið, og fyrir viðhaldsvotta til að þeir geti unnið verkefni sín í samræmi við góða viðhaldsstaðla fyrir loftför.

c) Vinnuumhverfi, þ.m.t. flugskýli, íhlutaverkstæði og skrifstofuhúsnæði, skal sniðið að þeim verkefnum, sem unnið er við, og sér í lagi þeim sérstöku kröfum sem gerðar eru. Svo fremi viðkomandi verkefni útheimti ekki annað skal vinnuumhverfið vera þannig að það hamli ekki afköstum starfsfólksins.

   1. Hitastigi skal haldið á því bili að starfsfólk geti leyst tilskilin verkefni af hendi án ónauðsynlegra óþæginda.

   2. Ryki og annarri mengun, sem berst í lofti, skal haldið í lágmarki og skal sjá til þess að mengun verði ekki svo mikil á vinnusvæðinu að hún verði sýnileg á yfirborði loftfarsins/íhlutarins. Valdi ryk eða önnur mengun, sem berst í lofti, sýnilegri mengun á yfirborði skal einangra öll kerfi, sem eru næm fyrir mengun, þar til aðstæður eru aftur orðnar viðunandi.

   3. Tryggja skal lýsingu sem gerir það kleift að vinna hvert skoðunar- og viðhaldsverkefni á skilvirkan hátt.

   4. Hávaði má ekki trufla starfsfólk við skoðunarvinnu þess. Ef ekki er unnt að draga úr hávaðanum við upptök hans skal sjá þessu starfsfólki fyrir nauðsynlegum persónuhlífum til að koma í veg fyrir að of mikill hávaði valdi truflun við skoðunarvinnu.

5. Ef tiltekið viðhaldsverkefni útheimtir sérstök umhverfisskilyrði sem eru frábrugðin því sem að framan greinir skal sjá til þess að skilyrði séu með þeim hætti. Sérstök skilyrði eru tilgreind í viðhaldsgögnunum.

6. Vinnuumhverfi fyrir leiðarviðhald skal vera þannig að unnt sé að vinna tiltekið viðhalds- eða skoðunarverkefni án óþarfa truflunar. Ef hitastig, rakastig, haglél, ís, snjókoma, vindur, birtustig eða ryk eða önnur mengun, sem berst í lofti, veldur því að vinnuumhverfið verður óviðunandi skal fresta þessu tiltekna viðhalds- eða skoðunarverkefni þar til aðstæður eru aftur orðnar viðunandi.

d) Séð skal fyrir öruggu geymsluhúsnæði undir íhluti, búnað, verkfæri og efni. Geymsluskilyrði skulu vera með þeim hætti að nothæfir íhlutir og efni séu aðskilin frá ónothæfum íhlutum loftfara, efnum, búnaði og verkfærum. Geymsluskilyrði skulu vera í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda til að koma í veg fyrir að hlutir spillist og skemmist í geymslu. Aðgangur að geymslum skal einungis heimill starfsfólki með sérstaka aðgangsheimild.

145.A.30 **Kröfur varðandi starfsfólk**

a) Fyrirtækið skal skipa ábyrgðarmann sem hefur umboð frá fyrirtækinu til að tryggja að unnt sé að fjármagna allt viðhald, sem viðskiptavinurinn þarfnast, og að það geti farið fram í samræmi við þann staðal sem gerðar eru kröfur um í þessum hluta. Ábyrgðarmaðurinn skal:

1. sjá til þess að öll nauðsynleg hjálpargögn séu fyrir hendi til að unnt sé að framkvæma viðhald samkvæmt b-lið 145.A.65 og í samræmi við samþykki fyrirtækisins,

2. taka upp og kynna öryggis- og gæðastefnuna sem tilgreind er í a-lið 145.A.65,

3. sýna fram á grundvallarskilning á þessum viðauka (145.hluta).

b) Fyrirtækið skal tilnefna einstakling eða hóp einstaklinga sem skulu m.a. bera ábyrgð á því að fyrirtækið fullnægi ákvæðum þessa hluta. Skal hann eða þeir bera endanlega ábyrgð gagnvart ábyrgðarmanninum.

1. Einstaklingurinn eða einstaklingarnir, sem eru tilnefndir, skulu vera fulltrúar fyrir viðhaldsstjórnkerfi fyrirtækisins og bera ábyrgð á öllum starfsþáttum sem tilgreindir eru í þessum hluta.

2. Einstaklingurinn eða einstaklingarnir, sem eru tilnefndir, skulu nafngreindir og meðmæli þeirra lögð fram á því formi og á þann hátt sem lögbæra yfirvaldið ákveður.

3. Einstaklingurinn eða einstaklingarnir, sem eru tilnefndir, skulu geta sýnt fram á viðeigandi kunnáttu og feril og fullnægjandi reynslu í tengslum við viðhald loftfara eða íhluta og hagnýta þekkingu á þessum hluta.

4. Í verklagsreglum skal koma skýrt fram hverjir eru varamenn tiltekinna einstaklinga ef þeir einstaklingar eru fjarverandi í langan tíma.

c) Ábyrgðarmaðurinn samkvæmt a-lið skal tilnefna einstakling sem ber ábyrgð á eftirliti með gæðakerfinu, þ.m.t. tilheyrandi kerfi upplýsingastreymis eins og krafist er í c-lið 145.A.65. Sá sem er tilnefndur skal hafa beinan aðgang að ábyrgðarmanninum til að tryggja að hann sé jafnóðum upplýstur um gæðamálin og hvort ákvæðum sé fullnægt.

d) Í fyrirtækinu skal vera til vinnustundaáætlun fyrir viðhald sem sýnir að stöðin hefur á að skipa nægilegum fjölda starfsfólks til að gera áætlanir, framkvæma, hafa umsjón með, skoða og hafa gæðaeftirlit með fyrirtækinu eins og skilgreint er í samþykkinu. Að auki er fyrirtækinu skylt að setja verklagsreglur um endurmat á verki sem fyrirhugað er að vinna þegar færra starfsfólk er tiltækt en gert er ráð fyrir á tiltekinni vakt eða tímabili.

e) Fyrirtækið skal staðfesta og hafa eftirlit með hæfni starfsfólks sem vinnur við viðhald, stjórnun og/eða gæðaúttektir í samræmi við verklagsreglur og staðla sem lögbæra yfirvaldið hefur fallist á. Hæfni verður, auk nauðsynlegrar sérfræðikunnáttu til að gegna starfinu, að fela í sér skilning á mikilvægi mannlega þáttarins og mannlegrar getu að því er varðar starf viðkomandi starfsmanns hjá fyrirtækinu. Hugtakið ‚mannlegi þátturinn' merkir grundvallarreglur sem varða flugtæknilega hönnun, vottun, þjálfun, starfrækslu og viðhald og er leitast við með reglunum að setja upp örugga tengingu milli manna og kerfisíhluta með því að taka tilhlýðilegt tillit til mannlegrar getu, Hugtakið ‚mannleg geta' merkir mannleg færni og takmarkanir sem hafa áhrif á öryggi og skilvirkni í flugi,

f) Í fyrirtækinu skal séð til þess að starfsfólk, sem framkvæmir og/eða hefur eftirlit með prófunum án eyðileggingar með tilliti til áframhaldandi lofthæfi, hafi tilskilin starfsréttindi til að framkvæma þá prófun án eyðileggingar, sem um er að ræða hverju sinni, í samræmi við Evrópustaðal eða sambærilegan staðal sem Flugöryggisstofnunin viðurkennir. Starfsfólk, sem vinnur önnur sérhæfð verkefni, skal hafa tilskilin starfsréttindi í samræmi við opinberlega viðurkennda staðla. Þrátt fyrir ákvæði þessa liðar má starfsfólk, sem um getur í g-lið og 1. og 2. lið h-liðar og með starfsréttindi í flokki B1 eða B3 í samræmi við III. viðauka (66. hluta) framkvæma og/eða hafa eftirlit með prófunum þar sem leitað er að skemmdum með litarefnum.

g) Þegar um er að ræða leiðarviðhald loftfars skal fyrirtæki, sem viðheldur loftfari, hafa á að skipa viðhaldsvottum með viðeigandi tegundarréttindi og með starfsréttindi í flokkum B1, B2 og B3, eins og við á, í samræmi við III. viðauka (66. hluta) og lið 145.A.35 nema annað sé tekið fram í j-lið.

Að auki geta fyrirtæki notað viðhaldsvotta sem hafa fengið viðeigandi verkefnaþjálfun, sem lýst er í 1. lið a-liðar og ii. lið 3. liðar í a-lið 66.A.20, og hafa starfsréttindi í samræmi við III. viðauka (66. hluta) og 145.A.35 til að framkvæma minni háttar reglubundið leiðarviðhald og einfaldar lagfæringar bilana. Enda þótt slíkir viðhaldsvottar séu tiltækir vegur það ekki upp á móti þörfinni fyrir viðhaldsvotta með starfsréttindi í flokkum B1, B2 og B3, eins og við á.

h) Fyrirtæki sem annast viðhald loftfara skal, nema kveðið sé á um annað í j-lið, hafa á að skipa eftirfarandi:

1. þegar um er að ræða aðalviðhald á stórum loftförum, viðhaldsvottum með viðeigandi tegundarréttindi fyrir loftför og starfsréttindi í C-flokki skv. 66. hluta og 145.A.35. Að auki skal fyrirtækið hafa á að skipa nægu starfsfólki með viðeigandi tegundarréttindi fyrir loftför og með starfsréttindi í flokkum B1 eða B2, eins og við á, skv. 66. hluta og 145.A.35, til aðstoðar viðhaldsvottum í C-flokki.

   i. Faglegir ábyrgðarmenn í flokkum B1 og B2 skulu sjá til þess að öll viðeigandi verkefni eða skoðanir hafi verið framkvæmdar í samræmi við tilskilda staðla áður en viðhaldsvottar í C-flokki gefa út viðhaldsvottorð.

   ii. Fyrirtækið skal halda skrá yfir alla faglega ábyrgðarmenn í flokkum B1 og B2.

   iii. Viðhaldsvottar í C-flokki skulu fullvissa sig um að fylgt hafi verið ákvæðum i. liðar og að þeirri vinnu, sem viðskiptavinurinn fer fram á, hafi verið lokið í viðkomandi aðalviðhaldsskoðun eða verkhluta og þeir skulu einnig meta áhrif þeirra verka, sem voru ekki framkvæmd, með það fyrir augum að krefjast þess að annaðhvort verði þau unnin eða að komist verði að samkomulagi við flugrekandann um að fresta þeim verkum fram að annarri, tiltekinni skoðun eða í tiltekinn tíma,

2. þegar um er að ræða aðalviðhald á loftförum sem teljast ekki stór hafa annaðhvort:

   i. viðhaldsvotta með viðeigandi tegundarréttindi fyrir loftför og starfsréttindi í flokkum B1, B2 eða B3, eins og við á, í samræmi við III. viðauka (66. hluta) og 145.A.35 eða

   ii. viðhaldsvotta með viðeigandi tegundarréttindi fyrir loftför, sem hafa starfsréttindi í C-flokki og njóta aðstoðar faglegra ábyrgðarmanna eins og tilgreint er í i. lið a-liðar í 145.A.35.

i) Viðhaldsvottar íhluta skulu uppfylla ákvæði III. viðauka (66. hluta).

j) Þrátt fyrir ákvæði g- og h-liðar, í tengslum við þá skyldu að uppfylla kröfurnar í III. viðauka (66. hluta), er fyrirtækinu heimilt að nota viðhaldsvotta sem hlotið hafa starfsréttindi í samræmi við eftirfarandi ákvæði:

1. Þegar aðstaða fyrirtækisins er utan yfirráðasvæðis Bandalagsins mega starfsréttindi viðhaldsvotta vera samkvæmt landsbundnum flugreglugerðum í ríkinu þar sem aðstaða fyrirtækisins er skráð, sbr. þó skilyrðin sem tilgreind eru í IV. viðbæti við þennan hluta.

2. Þegar leiðarviðhald fer fram á leiðarstöð fyrirtækis utan yfirráðasvæðis Bandalagsins mega starfsréttindi viðhaldsvotta vera samkvæmt landsbundnum flugreglugerðum í ríkinu þar sem leiðarstöðin er staðsett, sbr. þó skilyrðin sem tilgreind eru í IV. viðbæti við þennan hluta.

3. Ef um er að ræða endurtekin lofthæfifyrirmæli, sem framkvæma á fyrir hvert flug og kveða sérstaklega á um að flugliðar megi framkvæma slík lofthæfifyrirmæli, getur fyrirtækið gefið út takmarkaða vottunarheimild til handa flugstjóranum og/eða flugvélstjóranum á grundvelli þess flugliðaskírteinis sem fyrir hendi er. Fyrirtækið skal þó sjá til þess að flugstjóri loftfarsins eða flugvélstjórinn hafi fengið næga verklega þjálfun til að geta framkvæmt lofthæfifyrirmælin samkvæmt þeim stöðlum sem krafist er.

4. Þegar um er að ræða loftfar, sem er starfrækt fjarri stað með viðhaldsaðstöðu getur fyrirtækið gefið út takmarkaða vottunarheimild til handa flugstjóranum og/eða flugvélstjóranum á grundvelli þess flugliðaskírteinis sem fyrir hendi er, að því tilskildu að fyrirtækið sé þess fullvisst að flugstjóri loftfarsins eða flugvélstjórinn hafi fengið næga verklega þjálfun til að geta framkvæmt tilgreint verkefni samkvæmt þeim stöðlum sem krafist er. Ákvæði þessa liðar skulu sundurliðuð í verklagsreglu í starfsemislýsingunni.

5. Ef eftirfarandi ófyrirséð atvik valda því að loftfar er kyrrsett á öðrum stað en í höfuðstöðvunum og engir viðeigandi viðhaldsvottar eru á þeim stað getur fyrirtækið, sem samið var við um að annast viðhald, gefið út staka vottunarheimild til handa:

   i. einum starfsmanni sínum sem hefur sambærilegar tegundarheimildir fyrir loftför með svipaðan tæknibúnað, byggingu og kerfi eða

   ii. sérhverjum einstaklingi með minnst fimm ára reynslu af viðhaldi og með gilt ICAO-viðhaldsskírteini (skírteini Alþjóðaflugmálastofnunarinnar) með tegundaráritun fyrir loftfarið sem þarf að fá vottun, að því tilskildu að á þeim stað sé ekkert fyrirtæki með tilhlýðilegt samþykki samkvæmt þessum hluta og fyrirtækið, sem samið hefur verið við, hafi fengið og geymi skráðar hjá sér staðfestar upplýsingar um reynslu og skírteini viðkomandi einstaklings.

Öll slík tilvik, sem tilgreind eru í þessum lið, ber að tilkynna til lögbæra yfirvaldsins innan sjö daga frá því að slík vottunarheimild er veitt. Fyrirtæki, sem gefur út staka vottunarheimild, skal tryggja að allt slíkt viðhald, sem getur haft áhrif á flugöryggi, sé yfirfarið aftur hjá tilhlýðilega samþykktu fyrirtæki.

145.A.35 **Viðhaldsvottar og faglegir ábyrgðarmenn (e. *support staff*)**

a) Auk þess að uppfylla viðeigandi kröfur samkvæmt g- og h-liðum 145.A.30 skal fyrirtækið sjá til þess að viðhaldsvottar þess og faglegir ábyrgðarmenn hafi næga þekkingu á viðkomandi loftförum og/eða íhlutum sem koma til viðhalds ásamt tilheyrandi verklagsreglum fyrirtækisins. Að því er viðhaldsvottana varðar skal þetta gert áður en vottunarheimild er gefin út eða endurnýjuð.

   i. ‚Faglegir ábyrgðarmenn': það starfsfólk sem hefur skírteini flugvéltæknis skv. III. viðauka (66. hluta) í flokkum B1, B2 og/eða B3 með viðeigandi réttindi á loftför og sem vinnur við aðalviðhald en hefur ekki endilega vottunarréttindi.

   ii. ‚Viðkomandi loftför og/eða íhlutir': þau loftför eða þeir íhlutir sem tilgreindir eru í viðkomandi vottunarheimild.

   iii. ‚Vottunarheimild': heimild, sem fyrirtækið veitir viðhaldsvottum, þar sem tilgreint er að þeim sé heimilt að skrifa undir viðhaldsvottorð, með þeim takmörkunum sem koma fram í heimildinni, fyrir hönd samþykkta fyrirtækisins.

b) Ef frá eru talin tilvikin sem tilgreind eru í j-lið 145.A.30 og ii. lið 3. liðar í a-lið 66.A.20 er fyrirtækinu aðeins heimilt að veita viðhaldsvottum vottunarheimild viðvíkjandi grunnflokkum eða undirflokkum og tegundarréttindum sem tiltekin eru á skírteini flugvéltæknis eins og krafist er í III. viðauka (66. hluta), að því tilskildu að skírteinið sé í gildi allan gildistíma heimildarinnar og viðhaldsvottarnir fullnægi áfram kröfum skv. III. viðauka (66. hluta).

c) Fyrirtækið skal sjá til þess að allir viðhaldsvottar og faglegir ábyrgðarmenn vinni við viðeigandi viðhald loftfara eða íhluta í a.m.k. sex mánuði á hverju samfelldu tveggja ára tímabili.

   Í þessum lið er með ‚vinni við viðeigandi viðhald loftfara eða íhluta' átt við að viðkomandi hafi unnið við viðhald loftfara eða íhluta og hafi annaðhvort neytt réttinda vottunarheimildar sinnar og/eða raunverulega unnið við viðhald á a.m.k. sumum kerfum þeirra tegunda eða hópa loftfara sem tilgreind eru í viðkomandi vottunarheimild.

d) Fyrirtækið skal sjá til þess að allir viðhaldsvottar og faglegir ábyrgðarmenn fái næga síþjálfun á hverju tveggja ára tímabili til að tryggja að þetta starfsfólk búi yfir nýjustu þekkingu á viðkomandi tækni, verklagsreglum og á málefnum sem snerta mannlega þáttinn.

e) Fyrirtækinu er skylt að setja saman áætlun um síþjálfun fyrir viðhaldsvotta og faglega ábyrgðarmenn, þ.m.t. verklagsreglu til að tryggja að farið sé að viðkomandi ákvæðum 145.A.35, sem er grundvöllur að útgáfu vottunarheimilda samkvæmt þessum hluta til handa viðhaldsvottum og verklagsreglu til að tryggja að farið sé að ákvæðum III. viðauka (66. hluta).

f) Ef frá eru talin ófyrirsjáanleg tilvik skv. 5. lið j-liðar 145.A.30 skal fyrirtækið, áður en vottunarheimild samkvæmt þessum hluta er gefin út eða endurútgefin, meta alla tilvonandi viðhaldsvotta með tilliti til hæfni þeirra, starfsréttinda og getu til að inna af hendi fyrirhuguð vottunarstörf í samræmi við verklagsreglu sem tilgreind er í starfsemislýsingunni.

g) Þegar viðhaldsvottar hafa uppfyllt kröfur samkvæmt a-, b-, d- og f-lið og, eftir því sem við á, c-lið, skal fyrirtækið gefa út vottunarheimild þar sem kemur skýrt fram hvert er umfang og hverjar eru takmarkanir slíkrar heimildar. Áframhaldandi gildi vottunarheimildarinnar er undir því komið að áfram sé farið að a-, b- og d-lið, svo og c-lið, eftir því sem við á.

h) Vottunarheimildin skal vera þannig úr garði gerð að viðhaldsvottum og viðurkenndum aðilum, sem kunna að fara þess á leit að fá að skoða heimildina, verði ljóst umfang hennar. Ef kóðar eru notaðir til að skilgreina umfangið skal fyrirtækið hafa þýðingu á kóðunum á reiðum höndum. ‚Viðurkenndur aðili' merkir hér embættismann lögbærra yfirvalda, Flugöryggisstofnunarinnar og aðildarríkisins sem er ábyrgur fyrir eftirliti með loftfarinu eða íhlutnum sem er viðhaldið.

i) Sá aðili sem ber ábyrgð á gæðakerfinu ber einnig ábyrgð á útgáfu vottunarheimilda til handa viðhaldsvottum fyrir hönd fyrirtækisins. Þessi aðili getur tilnefnt aðra aðila til þess að gefa út eða afturkalla vottunarheimildir samkvæmt verklagsreglu sem tilgreind er í starfsemislýsingunni.

j) Fyrirtækið skal halda skrá yfir alla viðhaldsvotta og faglega ábyrgðarmenn þar sem tilgreina skal:

1. nákvæmar upplýsingar um skírteini flugvéltæknis skv. III. viðauka (66. hluta) sem viðkomandi hefur,

2. alla viðeigandi þjálfun sem viðkomandi hefur lokið,

3. umfang útgefinna vottunarheimilda, eftir því sem við á og

4. upplýsingar um starfsfólk með takmarkaðar eða stakar vottunarheimildir.

Fyrirtækið skal varðveita skrárnar í a.m.k. þrjú ár eftir að starfsfólkið, sem um getur í þessum lið, hefur hætt störfum hjá fyrirtækinu eða frá því að heimildin er dregin til baka. Einnig skal viðhaldsfyrirtækið fá starfsfólki, sem um getur í þessum lið, afrit af starfsmannaskrá sinni, fari það þess á leit, þegar það hættir störfum hjá fyrirtækinu.

Starfsfólkið, sem um getur í þessum lið, skal fá aðgang að upplýsingum um sig, eins og að framan er greint, fari það þess á leit.

k) Fyrirtækið skal fá viðhaldsvottum afrit af vottunarheimild sinni, annaðhvort á pappír eða á rafrænu formi.

l) Viðhaldsvottar skulu framvísa vottunarheimild sinni hjá viðurkenndum aðila innan 24 stunda.

m) Lágmarksaldur viðhaldsvotta og faglegra ábyrgðarmanna er 21 ár.

n) Handhafa skírteinis flugvéltæknis í flokki A er einungis heimilt að neyta vottunarréttinda fyrir tiltekna tegund loftfars að lokinni verkefnaþjálfun með fullnægjandi árangri í flokki A á viðkomandi loftfari sem framkvæmd er af fyrirtæki með viðeigandi samþykki í samræmi við II. viðauka (145. hluta) eða IV. viðauka (147. hluta). Þessi þjálfun skal fela í sér verklegt og fræðilegt nám eftir því sem á við um hvert verkefni sem veitt er heimild fyrir. Sýna skal fram á að þjálfun sé lokið með fullnægjandi árangri, með prófi og/eða með mati sem fer fram á vinnustað og framkvæmt er af fyrirtækinu.

o) Handhafa skírteini flugvéltæknis í flokki B2 er einungis heimilt að neyta vottunarréttindanna sem lýst er í ii. lið 3. liðar í a-lið 66.A.20 í III. viðauka (66. hluta) þegar hann hefur lokið, með fullnægjandi árangri i. verkefnaþjálfun í flokki A á viðkomandi loftfar og ii. skjalfestri 6 mánaða verklegri reynslu sem nær yfir gildissvið heimildarinnar sem verður veitt. Verkefnaþjálfunin skal fela í sér verklegt og fræðilegt nám eftir því sem á við um hvert verkefni sem veitt er heimild fyrir. Sýna skal fram á að þjálfun sé lokið með fullnægjandi árangri, með prófi og/eða með mati sem fer fram á vinnustað. Viðhaldsfyrirtækið sem gefur út heimild viðhaldsvotta skal sjá um verkefnaþjálfun og próf/mat. Verklega reynslan skal einnig fengin hjá slíku viðhaldsfyrirtæki.

145.A.40 **Búnaður, verkfæri og efni**

a) Fyrirtækið skal hafa yfir að ráða og nota nauðsynlegan búnað, verkfæri og efni til að vinna þau verk sem samþykkið tekur til.

1. Ef framleiðandi tiltekur ákveðið verkfæri eða búnað skal fyrirtækið nota það verkfæri eða búnað nema lögbæra yfirvaldið hafi fallist á notkun annars verkfæris eða búnaðar samkvæmt verklagsreglu sem tilgreind er í starfsemislýsingunni.

2. Búnaður og verkfæri verða ávallt að vera tiltæk nema þegar um er að ræða búnað eða verkfæri sem eru notuð svo sjaldan að ekki sé þörf á að þau séu ávallt tiltæk. Slík tilvik skulu tilgreind í verklagsreglu í starfsemislýsingunni.

3. Fyrirtæki, sem hefur fengið samþykki til aðalviðhalds, skal hafa nægan búnað til að komast að loftförum og skoðunarpalla eða skoðunarkvíar til að unnt sé að skoða loftfarið á tilhlýðilegan hátt.

b) Fyrirtækið skal tryggja að öll verkfæri, búnaður og sér í lagi prófunarbúnaður séu könnuð og kvörðuð til samræmis við opinberlega viðurkenndan staðal svo oft sem þurfa þykir til að tryggja nothæfi þeirra og nákvæmni. Fyrirtækið skal halda skrár yfir slíka kvörðun og hvar finna megi staðalinn sem notaður var.

145.A.42 **Viðurkenning íhluta**

a) Allir íhlutir skulu flokkaðir og aðskildir á tilhlýðilegan hátt í eftirfarandi undirflokka:

1. Íhlutir sem eru í viðunandi ástandi og hafa fengið viðhaldsvottorð á EASA-eyðublaði nr. 1 eða sambærilegu eyðublaði og verið merktir í samræmi við Q-kafla I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.

2. Ónothæfir íhlutir sem skulu fá viðhald í samræmi við þennan þátt.

3. Óendurnýtanlegir íhlutir sem eru flokkaðir í samræmi við d-lið 145.A.42.

4. Staðlaðir hlutir, sem notaðir eru í loftfar, hreyfil, loftskrúfu eða annan íhlut loftfars, ef þeir eru tilgreindir í myndskýrðri hlutaskrá framleiðanda eða í viðhaldsgögnum.

5. Bæði hráefni og rekstrarefni, sem notuð eru við viðhald, ef fyrirtækið er þess fullvisst að efnið uppfylli tilskilda forskrift og að rekja megi feril þess á viðeigandi hátt. Öllu efni skulu fylgja gögn sem varða greinilega viðkomandi efni og innihalda yfirlýsingu um að forskriftum sé fylgt auk upplýsinga um framleiðanda og birgi.

6. Íhlutir sem um getur í c-lið 21A.307 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.

b) Áður en íhlut er komið fyrir skal fyrirtækið tryggja að viðkomandi íhlutur hæfi til ísetningar ef um er að ræða tilvik þar sem mismunandi staðlar fyrir breytingar og/eða lofthæfifyrirmæli koma til greina.

c) Fyrirtækið getur framleitt takmarkað úrval hluta til nota við þá vinnu sem fer fram í starfsstöð þess ef verklagsreglur þar að lútandi eru í starfsemislýsingunni.

d) Ef íhlutir eru komnir fram yfir vottaðan endingartíma eða ekki er hægt að lagfæra bilun í þeim skal flokka þá sem óendurnýtanlega og skal ekki vera heimilt að setja þá aftur í íhlutabirgðakerfið nema vottaður endingartími hafi verið framlengdur eða úrlausn til viðgerða hafi verið samþykkt í samræmi við I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.

e) Íhlutir sem um getur í c-lið 21A.307 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 skulu aðeins settir í ef eigandi loftfars telur þá hæfa til ísetningar í eigin loftför.

145.A.45 **Viðhaldsgögn**

a) Fyrirtækið skal hafa viðeigandi, gild viðhaldsgögn og nota þau við framkvæmd viðhalds, þ.m.t. breytingar og viðgerðir. Með hugtakinu ‚viðeigandi' er átt við það sem er viðeigandi fyrir loftfar, íhlut eða vinnuferli sem er tilgreint í skrá yfir samþykkt flokksréttindi fyrirtækisins og í verkleyfislistum, tengdum þeirri skrá.

Ef um er að ræða viðhaldsgögn sem flugrekandi eða viðskiptavinur lætur í té skal fyrirtækið hafa þau gögn í vörslu sinni meðan vinna fer fram nema fara þurfi að ákvæðum c-liðar 145.A.55.

b) Í þessum hluta er merking hugtaksins ‚viðeigandi viðhaldsgögn':

1. viðeigandi kröfur, verklagsreglur, rekstrarfyrirmæli eða upplýsingar sem yfirvaldið, sem ber ábyrgð á eftirliti með loftfarinu eða íhlutnum gefur út,

2. viðeigandi lofthæfifyrirmæli sem yfirvaldið, sem ber ábyrgð á eftirliti með loftfarinu eða íhlutnum gefur út,

3. leiðbeiningar vegna áframhaldandi lofthæfi, sem gefnar eru út af handhöfum tegundarvottorðs, handhöfum viðbótartegundarvottorðs og öðrum fyrirtækjum, sem er skylt að birta slík gögn skv. I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, og, ef um er að ræða loftfar eða íhlut frá þriðja landi, lofthæfigögn samkvæmt fyrirmælum yfirvaldsins sem ber ábyrgð á eftirliti með loftfarinu eða íhlutnum,

4. viðeigandi staðlar svo sem, en þó ekki einvörðungu, staðlaðar verklagsreglur um viðhald sem Flugöryggisstofnunin viðurkennir sem góðan viðhaldsstaðal,

5. hvers kyns viðeigandi gögn sem gefin eru út í samræmi við d-lið.

c) Fyrirtækið skal koma á verklagsreglum til að tryggja að það sé skráð og tilkynnt höfundi viðhaldsgagnanna, sem starfsfólk í viðhaldi notar, ef þeim finnast rangar, ófullkomnar eða tvíræðar verklagsreglur, starfsvenjur, upplýsingar eða viðhaldsleiðbeiningar.

d) Fyrirtækið getur einungis breytt viðhaldsleiðbeiningum í samræmi við verklagsreglur sem tilgreindar eru í starfsemislýsingu fyrirtækisins. Fyrirtækið skal sýna fram á að þessar breytingar leiði til jafn góðra eða betri viðhaldsstaðla og skal tilkynna handhafa tegundarvottorðsins um þær. Í þessum lið er með viðhaldsleiðbeiningum átt við leiðbeiningar um hvernig beri að framkvæma tiltekið viðhaldsverkefni: leiðbeiningarnar taka ekki til verkfræðilegrar skipulagningar viðgerða og breytinga.

e) Fyrirtækið skal koma á almennu kerfi vinnukorta eða vinnublaða sem nota skal í öllum viðeigandi deildum fyrirtækisins. Að auki skal fyrirtækið annaðhvort yfirfæra nákvæmlega viðhaldsgögnin, sem um getur í b- og d-lið, á slík vinnukort eða vinnublöð eða vísa nákvæmlega til tiltekins viðhaldsverkefnis eða -verkefna sem skráð eru í viðhaldsgögnin. Vinnukort eða vinnublöð geta verið tölvugerð og færð í rafrænan gagnagrunn, að því tilskildu að þau séu varin á viðunandi hátt fyrir óleyfilegum breytingum og að rafrænn gagnagrunnur til öryggisafritunar sé uppfærður innan 24 klst. frá því fært var inn í móðurstöð rafræna gagnagrunnsins. Flókin viðhaldsverkefni skulu yfirfærð á vinnukort eða vinnublöð og skipt niður í skýra verkáfanga til að tryggja skrásetningu á því að viðhaldsverkefnið í heild sinni hafi verið unnið.

Ef fyrirtækið annast viðhaldsþjónustu fyrir flugrekanda sem gerir kröfur um að vinnukorta- eða vinnublaðakerfi hans sé notað er heimilt að nota kerfið. Í þeim tilvikum skal fyrirtækið setja verklagsreglur sem tryggja að vinnukort eða vinnublöð flugrekenda séu rétt fyllt út.

f) Fyrirtækið skal sjá til þess að starfsfólk, sem vinnur við viðhald, hafi greiðan aðgang að öllum viðeigandi viðhaldsgögnum.

g) Fyrirtækið skal setja verklagsreglu til að tryggja að viðhaldsgögnin, sem fyrirtækið hefur yfir að ráða, séu jafnan gild. Þegar um er að ræða viðhaldsgögn sem flugrekandi/viðskiptavinur á og hefur látið í té skal fyrirtækið geta sýnt fram á að það hafi skriflega staðfestingu frá flugrekandanum/viðskiptavininum um að öll slík viðhaldsgögn séu gild eða að hjá því liggi fyrir verkbeiðnir þar sem tilgreind er staða breytinga á þeim viðhaldsgögnum, sem á að nota, eða geta sýnt fram á að breytingarnar séu á skrá yfir breytingar á viðhaldsgögnum hjá flugrekandanum/viðskiptavininum.

145.A.47 **Framkvæmdaáætlun**

a) Fyrirtækið skal nota skipulagskerfi sem miðast við umfang vinnunnar og hversu flókin hún er og tryggir að allt nauðsynlegt starfsfólk, verkfæri, búnaður, efni, viðhaldsgögn og aðstaða séu til taks þannig að viðhald fari fram á öruggan hátt.

b) Við skipulagningu viðhaldsverkefna og vakta skal taka mið af takmörkum mannlegrar getu.

c) Þegar nauðsynlegt er vegna vakta- eða mannaskipta að fá öðrum það verk að halda áfram eða ljúka viðhaldsverkefnum skal starfsfólk sem er að ljúka vakt og starfsfólk sem er að hefja vakt, skiptast á viðeigandi upplýsingum á fullnægjandi hátt.

145.A.50 ***Viðhaldsvottun***

a) Viðhaldsvottar með viðeigandi vottunarheimild skulu gefa út viðhaldsvottorð fyrir hönd fyrirtækisins þegar þeir hafa gengið úr skugga um að fyrirtækið hafi framkvæmt allt viðhald, sem beðið hefur verið um, í samræmi við verklagsreglur sem tilgreindar eru í lið 145.A.70, með hliðsjón af aðgengi að og notkun viðhaldsgagnanna, sem tilgreind eru í lið 145.A.45, og því að engin atriði séu kunn sem eru ekki í samræmi við kröfur og gætu stofnað flugöryggi í hættu.

b) Viðhaldsvottorð skal gefið út í lok viðhalds áður en fyrirhugað flug fer fram.

c) Vekja skal athygli flugrekanda á nýjum bilunum eða ófullkomnum viðhaldsverkbeiðnum, sem uppvíst verður um við framangreint viðhald, í þeim sérstaka tilgangi að komast að samkomulagi um að lagfæra bilanirnar eða gera þeim þáttum skil sem vantar í viðhaldsverkbeiðnina. Neiti flugrekandi að láta slíkt viðhald fara fram samkvæmt þessum lið gilda ákvæði e-liðar.

d) Viðhaldsvottorð skal gefið út í lok viðhalds á íhlut á meðan íhluturinn er utan loftfarsins. Opinbert viðhaldsvottorð „EASA-eyðublað nr. 1“, sem um getur í II. viðbæti við I. viðauka (M-hluta), telst vera viðhaldsvottorð fyrir íhlutinn, nema ef annað er tilgreint í b- eða e-lið M.A.502. Ef fyrirtæki hefur íhlut til eigin nota er ef til vill ekki þörf á EASA-eyðublaði nr. 1, með hliðsjón af innri verklagsreglum fyrirtækisins um útgáfu viðhaldsvottorða sem eru skilgreindar í starfsemislýsingu þess.

e) Þrátt fyrir ákvæði a-liðar er fyrirtæki, sem getur ekki lokið öllu því viðhaldi sem óskað hefur verið eftir, heimilt að gefa út viðhaldsvottorð innan ramma samþykkra takmarkana loftfarsins. Fyrirtækið skal færa þetta atriði í viðhaldsvottorð loftfarsins áður en vottorðið er gefið út.

f) Þrátt fyrir a-lið og lið 145.A.42 er til bráðabirgða heimil ísetning íhlutar, sem hefur ekki viðeigandi viðhaldsvottorð, þegar loftfar er kyrrsett á stað sem ekki er aðalleiðarstöð eða aðalviðhaldsstöð, ef ekki er fáanlegur íhlutur með viðeigandi viðhaldsvottorð, til notkunar í allt að 30 flugstundir eða þar til loftfarið kemur í fyrsta sinn aftur til aðalleiðarstöðvarinnar eða aðalviðhaldsstöðvarinnar, hvort heldur gerist fyrr, að því tilskildu að samþykki flugrekandans hafi fengist og að áðurnefndur íhlutur hafi viðunandi viðhaldsvottorð og sé að öðru leyti í samræmi við allar viðeigandi viðhalds- og rekstrarkröfur. Það ber að skipta um slíka íhluti fyrir þau tímamörk sem eru tiltekin hér að framan nema viðeigandi viðhaldsvottorð hafi fengist áður samkvæmt a-lið og 145.A.42.

145.A.55 **Viðhaldsskrár**

a) Fyrirtækið skal skrá allar upplýsingar um þau viðhaldsverk sem unnin eru. Fyrirtækið skal a.m.k. varðveita skrár sem eru nauðsynlegar til að sanna að öllum kröfum hafi verið fullnægt fyrir útgáfu viðhaldsvottorðs, þ.m.t. afhendingarskjöl undirverktaka.

b) Fyrirtækið skal láta umráðanda loftfarsins í té afrit af öllum viðhaldsvottorðum ásamt afriti af öllum gögnum um sérstakar viðgerðir eða breytingar sem hafa verið notuð í tengslum við viðgerðir eða breytingar sem hafa farið fram.

c) Fyrirtækið skal varðveita afrit af öllum sundurliðuðum viðhaldsskrám og tilheyrandi viðhaldsgögn í þrjú ár frá þeim degi er það gaf út viðhaldsvottorð fyrir loftfar eða íhlut sem unnið var við hjá fyrirtækinu.

1. Varðveita skal skrárnar í tengslum við þennan lið á þann hátt að vernd gegn skemmdum, breytingum og þjófnaði sé tryggð.

2. Tölvudiska, segulbönd o.fl. með öryggisafritun skal geyma í umhverfi þar sem gott ásigkomulag þeirra er tryggt og á öðrum stað en tölvudiska og segulbönd sem notuð eru við vinnu.

3. Þegar fyrirtæki, sem hefur samþykki samkvæmt þessum viðauka (145. hluta), hættir rekstri skal senda allar viðhaldsskrár fyrir undanfarandi tvö ár, sem hafa verið varðveittar, til síðasta eiganda eða flugrekanda viðkomandi loftfars eða íhlutar eða varðveita þær á þann hátt sem lögbæra yfirvaldið tilgreinir.

145.A.60 ***Tilkynning atvika***

a) Fyrirtækið skal tilkynna lögbæra yfirvaldinu, skráningarríkinu og fyrirtækinu, sem er ábyrgt fyrir hönnun loftfarsins eða íhlutarins, um sérhvert ástand loftfars eða íhlutar sem það verður áskynja um og hefur eða gæti skapa ótryggt ástand sem stofnar flugöryggi í hættu.

b) Fyrirtækið skal koma á innra tilkynningakerfi um atvik, eins og nánar er greint frá í starfsemislýsingunni, svo að unnt sé að safna slíkum tilkynningum saman og meta þær, þ.m.t. mat og úrvinnsla á upplýsingum um flugatvik sem tilkynna ber samkvæmt a-lið. Með þessu verklagi skal leiða í ljós alla óæskilega þróun og þær aðgerðir, sem fyrirtækið hefur gripið til eða ber að grípa til í því skyni að bæta úr ágöllum, auk þess að meta alla viðeigandi vitneskju um slík atvik og tilgreina aðferð til að koma þessari vitneskju á framfæri eftir því sem þörf krefur.

c) Fyrirtækið skal skrá slíkar tilkynningar á því formi og á þann hátt sem Flugöryggisstofnunin ákveður og sjá til þess að í þeim séu allar upplýsingar sem máli skipta um það ástand og þær matsniðurstöður sem fyrirtækið hefur öðlast vitneskju um.

d) Þegar fyrirtæki hefur gert verksamning við flugrekanda, sem stundar starfrækslu í ábataskyni, um að annast viðhald ber því einnig að tilkynna flugrekandanum um hvert það ástand er hefur áhrif á loftfar eða íhlut hans.

e) Fyrirtækið skal semja og skila tilkynningum svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en 72 klst. eftir að fyrirtækið verður áskynja um það ástand sem tilkynningin fjallar um.

145.A.65 ***Öryggis- og gæðastefna, verklagsreglur um viðhald og gæðakerfi***

a) Fyrirtækið skal marka öryggis- og gæðastefnu fyrir fyrirtækið og skal hún koma fram í starfsemislýsingunni skv. 145.A.70.

b) Fyrirtækið skal setja verklagsreglur, sem lögbæra yfirvaldið getur fallist á, þar sem höfð er hliðsjón af mannlega þættinum og mannlegri getu til að tryggja góðar viðhaldsvenjur og að stöðin uppfylli kröfurnar í þessum hluta, þ.m.t. verklagsreglur um skýra verkbeiðni eða verksamning þannig að unnt sé að gefa út viðhaldsvottorð fyrir loftför og íhluti loftfara í samræmi við 145.A.50.

1. Verklagsreglur um viðhald samkvæmt þessum lið gilda um liði 145.A.25 til 145.A.95.

2. Verklagsreglur um viðhald, sem fyrirtækið setur eða ber að setja samkvæmt þessum lið, skulu taka til allra þátta sem varða framkvæmd viðhaldsins, þ.m.t. að veita og hafa eftirlit með sérhæfðri þjónustu og ákveða staðlana sem fyrirhugað er að fyrirtækið starfi eftir.

3. Að því er varðar leiðar- og aðalviðhald loftfara skal fyrirtækið setja verklagsreglur til að draga úr hættu á margföldum mistökum, til að finna mistök í nauðsynlegum kerfum og til að tryggja að sami starfsmaðurinn sé ekki látinn annast bæði framkvæmd og staðfestingu á viðhaldsverkefni sem felst að einhverju leyti í því að taka í sundur og setja aftur saman marga íhluti af sömu tegund sem settir eru í fleira en eitt kerfi á sama loftfarinu í viðkomandi viðhaldsskoðun. Ef fyrirtækið hefur aðeins einum starfsmanni á að skipa til að vinna þessi verkefni skal á vinnukortum eða vinnublöðum fyrirtækisins gera ráð fyrir viðbótaráfanga þar sem skoðuð eru aftur öll þau verk sem þessi starfsmaður hefur framkvæmt eftir hann hefur lokið þeim.

4. Setja skal verklagsreglur um viðhald til að tryggja að stuðst sé við gögn sem tilgreind eru í M.A.304 þegar skemmdir eru metnar og breytingar og viðgerðir framkvæmdar.

c) Fyrirtækið skal koma á gæðakerfi sem felst í því sem hér fer á eftir:

1. óháðri úttekt til að vakta að tilskildum stöðlum fyrir loftför/loftfarsíhluti sé fylgt og að verklagsreglur séu fullnægjandi til að tryggja að verklagsreglurnar stuðli að góðum viðhaldsvenjum og lofthæfum loftförum/loftfarsíhlutum. Minnstu fyrirtækin geta samið við annað fyrirtæki, sem hefur hlotið samþykki samkvæmt þessum hluta, eða aðila með viðeigandi tæknikunnáttu og viðunandi, staðfesta úttektarreynslu um að taka að sér óháðu gæðaúttektina og

2. tilkynningakerfi fyrir endurgjöf um gæðamál til þess einstaklings eða hóps einstaklinga, sem tilgreindir eru í b-lið 145.A.30, og síðan til ábyrgðarmannsins sem tryggir að gerðar séu viðeigandi úrbætur í tíma í framhaldi af niðurstöðum skýrslna úr óháðu úttektunum sem ákvarðaðar voru til að fullnægja kröfum skv. 1. lið.

145.A.70 ***Starfsemislýsing viðhaldsfyrirtækis***

a) ‚Starfsemislýsing viðhaldsfyrirtækis‘ merkir skjal eða skjöl með upplýsingum um það verksvið sem samþykkið tekur til og sýnir með hvaða hætti fyrirtækið ætlar sér að uppfylla ákvæði þessa viðauka (145. hluta). Fyrirtækið skal afhenda lögbæra yfirvaldinu starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækisins þar sem eftirfarandi atriði koma fram:

1. yfirlýsing, undirrituð af ábyrgðarmanninum, þar sem staðfest er að starfsemislýsing viðhaldsfyrirtækisins og allar handbækur, sem henni tengjast, lýsi hvernig fyrirtækið uppfyllir kröfur þessa viðauka (145. hluta) og að það muni ávallt gera það. Ef ábyrgðarmaðurinn er ekki aðalframkvæmdastjóri fyrirtækisins skal aðalframkvæmdastjórinn einnig undirrita yfirlýsinguna,

2. öryggis- og gæðastefna fyrirtækisins sem tilgreind er í 145.A.65,

3. starfsheiti og nafn eða nöfn einstaklinganna sem tilnefndir eru samkvæmt b-lið 145.A.30,

4. skyldur og ábyrgð einstaklinganna sem tilnefndir eru samkvæmt b-lið 145.A.30, þ.m.t. málefni sem þeim er heimilt að fara með beint til lögbæra yfirvaldsins fyrir hönd fyrirtækisins,

5. skipurit sem sýnir hvernig ábyrgð einstaklinganna, sem um getur í b-lið 145.A.30, er tengd,

6. skrá yfir viðhaldsvotta og faglega ábyrgðarmenn,

7. almenn lýsing á mannafla,

8. almenn lýsing á þeirri aðstöðu sem er fyrir hendi á hverjum stað sem tilgreindur er með heimilisfangi í samþykkisvottorði fyrirtækisins,

9. ítarleg útlistun á verksviði fyrirtækisins sem samþykkið tekur til,

10. verklagsreglur fyrir tilkynningar um breytingar á fyrirtækinu skv. 145.A.85,

11. verklagsreglur um breytingar á starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækisins,

12. verklagsreglur og gæðakerfi sem fyrirtækið hefur komið á samkvæmt liðum 145.A.25 til 145.A.90,

13. eftir atvikum, skrá yfir flugrekendur, sem stunda starfrækslu í ábataskyni, sem fyrirtækið sér um viðhald loftfara fyrir,

14. eftir atvikum, skrá yfir undirverktakafyrirtæki, sem eru tilgreind í d-lið 145.A.75,

15. eftir atvikum, skrá yfir leiðarstöðvar, sem eru tilgreindar í d-lið 145.A.75,

16. eftir atvikum, skrá yfir verktakafyrirtæki.

b) Breyta skal starfsemislýsingunni eftir þörfum til að hún sé jafnan gildandi lýsing á fyrirtækinu. Starfsemislýsingin og síðari breytingar á henni verða að hljóta samþykki lögbærs yfirvalds.

c) Þrátt fyrir b-lið er hægt að samþykkja minni háttar breytingar á starfsemislýsingunni á grundvelli tiltekinna verklagsreglna í henni (hér á eftir nefnt ‚óbeint samþykki‘).

145.A.75 ***Réttindi fyrirtækisins***

Samkvæmt starfsemislýsingunni er fyrirtækinu heimilt að vinna eftirfarandi verkefni:

a) að annast viðhald á sérhverju loftfari og/eða íhlut, sem það hefur samþykki til að annast viðhald á, á þeim stöðum sem tilgreindir eru í samþykkisvottorðinu og í starfsemislýsingunni,

b) að láta fara fram viðhald á loftfari eða íhlut, sem það hefur samþykki til að annast viðhald á, hjá öðru fyrirtæki sem vinnur eftir gæðakerfi fyrirtækisins. Hér er átt við verk sem unnið er hjá fyrirtæki sem hefur ekki hlotið nægilegt samþykki til að annast slíkt viðhald samkvæmt þessum hluta og er takmarkað við það verksvið sem er leyfilegt samkvæmt verklagsreglum í b-lið 145.A.65. Þetta verksvið nær ekki yfir aðalviðhaldsskoðun loftfars eða heildarviðhaldsskoðun á verkstæði né grannskoðun hreyfils eða hreyfilhluta,

c) að viðhalda sérhverju loftfari eða íhlut, sem það hefur samþykki til að annast viðhald á, hvar sem er, að því tilskildu að þörf sé á viðhaldinu, annaðhvort vegna þess að loftfarið er óflugfært eða að tilfallandi leiðarviðhald er nauðsynlegt, sbr. þó skilyrði sem tilgreind eru í starfsemislýsingunni,

d) að viðhalda sérhverju loftfari og/eða íhlut, sem það hefur samþykki til að annast viðhald á, á stöðum sem tilgreindir eru sem leiðarviðhaldsstöðvar þar sem unnt er að framkvæma minni háttar viðhald, en þó því aðeins að slík starfsemi sé heimiluð í starfsemislýsingu fyrirtækisins og að slíkir staðir séu skráðir þar,

e) að gefa út viðhaldsvottorð að loknu viðhaldi, í samræmi við 145.A.50.

145.A.80 **Takmarkanir á fyrirtækinu**

Fyrirtækinu er einungis heimilt að annast viðhald loftfars eða íhluta, sem það hefur samþykki til að annast, þegar öll nauðsynleg aðstaða, búnaður, verkfæri, efni, viðhaldsgögn og viðhaldsvottar eru tiltæk.

145.A.85 **Breytingar á fyrirtækinu**

Fyrirtækinu ber að tilkynna lögbæra yfirvaldinu um allar tillögur að breytingum, er varða eftirfarandi atriði, áður en breytingarnar eru gerðar, til þess að lögbæra yfirvaldið geti ákvarðað hvort áfram sé farið að reglum samkvæmt þessum hluta og breytt samþykkisvottorðinu ef þess gerist þörf nema um sé að ræða starfsmannabreytingar, sem stjórnendur sáu ekki fyrir, en þær skal tilkynna eins fljótt og auðið er:

1. nafn fyrirtækisins,

2. höfuðsvöðvar fyrirtækisins,

3. önnur aðsetur fyrirtækisins,

4. ábyrgðarmann,

5. einhvern þeirra sem tilnefndir eru samkvæmt b-lið 145.A.30,

6. aðstöðu, búnað, verkfæri, efni, verklagsreglur, verksvið eða viðhaldsvotta sem gætu haft áhrif á samþykkið.

145.A.90 **Áframhaldandi gildi**

a) Gefa skal út samþykki með ótakmörkuðum gildistíma. Það skal halda gildi sínu, að því tilskildu:

   1. að fyrirtækið fullnægi áfram ákvæðum II. viðauka (145. hluta), í samræmi við ákvæðin sem varða meðhöndlun frávika eins og tilgreint er í 145.B.50 og

   2. að lögbæra yfirvaldið fái aðgang að fyrirtækinu til að ganga úr skugga um að það fullnægi áfram ákvæðum þessa hluta og

   3. að vottorðið hafi ekki verið lagt inn eða afturkallað.

b) Þegar samþykkisvottorð er lagt inn eða afturkallað skal því skilað til lögbæra yfirvaldsins.

145.A.95 **Frávik**

a) Fyrsta stigs frávik er sérhvert mikilvægt atriði, sem er ekki í samræmi við kröfur sem mælt er fyrir um í þessum viðauka (145. hluta), er dregur úr öryggi, miðað við kröfur, og stofnar flugöryggi í hættu.

b) Annars stigs frávik er sérhvert atriði, sem er ekki í samræmi við kröfur sem mælt er fyrir um í þessum viðauka (145. hluta), er getur dregið úr öryggi, miðað við kröfur, og kann að stofna flugöryggi í hættu.

c) Eftir að tilkynnt hefur verið um frávik samkvæmt 145.B.50 skal handhafi samþykkis fyrir viðhaldsfyrirtæki semja áætlun um aðgerðir til úrbóta og sýna lögbæra yfirvaldinu fram á það með fullnægjandi hætti að úrbæturnar hafi verið innleiddar innan þess tíma sem samið var um við þetta yfirvald,

ÞÁTTUR B

VERKLAGSREGLUR FYRIR LÖGBÆR YFIRVÖLD

145.B.01 **Gildissvið**

Í þessum þætti er kveðið á um þær stjórnsýslureglur sem lögbæra yfirvaldinu ber að fylgja þegar það sinnir verkefnum sínum og tekur á sig ábyrgð á útgáfu, framlengingu, breytingu, tímabundinni ógildingu eða afturköllun samþykkis fyrir viðhaldsfyrirtækjum samkvæmt þessum viðauka (145. hluta).

145.B.10 **Lögbært yfirvald**

1. Almenn ákvæði

Aðildarríki skal tilnefna lögbært yfirvald sem er falin ábyrgð á að gefa út, framlengja, breyta, ógilda tímabundið eða afturkalla viðhaldssamþykki. Þetta lögbæra yfirvald skal koma á skjalfestum verklagsreglum og stjórnskipulagi.

2. Mannafli

Fjöldi starfsfólks þarf að vera nægilegur til að hægt sé að uppfylla kröfurnar sem tilgreindar eru í þessum þætti.

3. Starfsréttindi og þjálfun

Allt starfsfólk sem kemur að samþykki samkvæmt þessum viðauka (145. hluta):

a) skal hafa tilskilin starfsréttindi og búa yfir nauðsynlegri kunnáttu, reynslu og þjálfun til að vinna þau verkefni sem því eru falin,

b) skal hafa fengið þjálfun/síþjálfun í efni þessa viðauka (145. hluta), eftir því sem við á, þ.m.t. skilgreiningar og kröfur.

4. Verklagsreglur

Lögbæra yfirvaldið skal setja verklagsreglur þar sem tilgreint er hvernig uppfylla skuli skilyrðin í þessum B-þætti.

Verklagsreglurnar skulu endurskoðaðar og þeim breytt til að tryggja óslitið samræmi.

145.B.15 **Fyrirtæki með aðsetur í mörgum aðildarríkjum**

Ef viðhaldsstöðvar eru staðsettar í fleiri en einu aðildarríki skal rannsókn og samfellt eftirlit með samþykkinu fara fram í samvinnu við lögbær yfirvöld frá aðildarríkjunum þar sem hinar viðhaldsstöðvarnar eru staðsettar enda eru stöðvarnar á yfirráðasvæði þessara aðildarríkja.

145.B.20 **Fyrsta samþykki**

1. Lögbæra yfirvaldið skal tilkynna umsækjanda skriflega og formlega að það samþykki starfsfólkið, sem tilgreint er samkvæmt a- og b-lið 145.A.30, að því tilskildu að kröfur samkvæmt a- og b-lið 145.A.30 hafi verið uppfylltar.

2. Lögbæra yfirvaldið skal fullvissa sig um að verklagsreglurnar, sem tilgreindar eru í starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækisins, séu í samræmi við ákvæði þessa viðauka (145. hluta) og tryggja að ábyrgðarmaðurinn skrifi undir yfirlýsinguna um skuldbindingu.

3. Lögbæra yfirvaldið skal fullvissa sig um að fyrirtækið uppfylli kröfur samkvæmt þessum viðauka (145. hluta).

4. Boða skal til fundar með ábyrgðarmanninum a.m.k. einu sinni á meðan rannsókn vegna samþykkis fer fram til að tryggja að hann skilji til fulls merkingu samþykkisins og ástæðu þess að skrifa þurfi undir skuldbindingu fyrirtækisins í starfsemislýsingunni um að fylgja verklagsreglunum sem tilgreindar eru í starfsemislýsingunni.

5. Öll frávik skulu staðfest skriflega við fyrirtækið.

6. Lögbæra yfirvaldið skal skrá öll frávik, aðgerðir til leiðréttingar (aðgerðir til að leiðrétta frávik) og tilmæli.

7. Þegar um er að ræða veitingu fyrsta samþykkis þurfa öll frávik að hafa verið leiðrétt áður en hægt er að gefa út samþykkið.

145.B.25 **Útgáfa samþykkis**

1. Lögbæra yfirvaldið skal samþykkja starfsemislýsinguna formlega og gefa út samþykkisvottorð á eyðublaði nr. 3 til handa umsækjanda þar sem samþykkt réttindi koma fram. Lögbæra yfirvaldið skal ekki gefa út vottorð nema fyrirtækið uppfylli kröfurnar í þessum viðauka (145. hluta).

2. Lögbæra yfirvaldið skal tilgreina skilyrðin fyrir samþykkinu á samþykkisvottorði á eyðublaði nr. 3.

3. Tilvísunarnúmerið skal koma fram á samþykkisvottorði á eyðublaði nr. 3 á þann hátt sem Flugöryggisstofnunin tilgreinir.

145.B.30 **Framlenging samþykkis**

Fylgjast skal með framlengingu samþykkis í samræmi við gildandi málsmeðferð við veitingu ‚fyrsta samþykkis' skv. 145.B.20. Að auki gildir eftirfarandi:

1. Lögbæra yfirvaldið skal hafa gildandi framkvæmdaáætlun þar sem skráð eru viðhaldsfyrirtæki undir umsjón þess, hvaða daga sé áætlað að fara í vitjanir vegna úttekta og hvaða daga slíkar vitjanir eiga sér stað.

2. Hvert fyrirtæki skal sæta fullkominni endurskoðun á a.m.k. 24 mánaða fresti með tilliti til samræmis við kröfurnar í þessum viðauka (145. hluta).

3. Boða skal til fundar með ábyrgðarmanninum a.m.k. á 24 mánaða fresti til að tryggja að hann hafi vitneskju um mikilvæg álitamál sem upp koma í úttektum.

145.B.35 **Breytingar**

1. Lögbæra yfirvaldið skal fá tilkynningar frá fyrirtækinu um allar fyrirhugaðar breytingar sem tilteknar eru í 145.A.85.

   Lögbæra yfirvaldið skal fara eftir öllum viðeigandi þáttum í upphafsferlinu við allar breytingar á fyrirtækinu.

2. Lögbæra yfirvaldið getur ákveðið með hvaða skilyrðum fyrirtækinu er heimilt að starfa á meðan slíkar breytingar standa yfir nema það ákveði að samþykkið skuli ógilt tímabundið.

145.B.40 **Breytingar á starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækis**

Að því er varðar allar breytingar á starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækis gildir eftirfarandi:

1. Þegar um er að ræða beint samþykki fyrir breytingum í samræmi við b-lið 145.A.70 skal lögbæra yfirvaldið fullvissa sig um að verklagsreglurnar, sem tilgreindar eru í starfsemislýsingunni, séu í samræmi við II. viðauka (145. hluta) áður en það tilkynnir samþykkta fyrirtækinu formlega um samþykkið.

2. Í þeim tilvikum þegar málsmeðferð við óbeint samþykki er notuð fyrir samþykki á breytingunum í samræmi við c-lið 145.A.70 skal lögbæra yfirvaldið tryggja: i. að breytingarnar verði minni háttar og ii. að það hafi nægilegt eftirlit með samþykki fyrir breytingunum til að tryggja að þær haldist í samræmi við kröfur II. viðauka (145. hluta).

145.B.45 **Afturköllun, tímabundin ógilding og takmörkun samþykkis**

Lögbæra yfirvaldið skal:

a) ógilda samþykki tímabundið á eðlilegum forsendum ef öryggi er hugsanlega ógnað eða

b) ógilda samþykki tímabundið, afturkalla það eða takmarka samkvæmt 145.B.50.

145.B.50 **Frávik**

a) Komi fram vísbendingar, við úttektir eða með öðrum hætti, um að ekki sé farið að kröfum samkvæmt þessum viðauka (145. hluta) skal lögbæra yfirvaldið grípa til eftirfarandi aðgerða:

1. Við fyrsta stigs frávik skal lögbæra yfirvaldið grípa til tafarlausra aðgerða til að afturkalla, takmarka eða ógilda samþykkið fyrir viðhaldsfyrirtækið tímabundið, í heild eða að hluta, eftir umfangi fyrsta stigs fráviksins, þar til fyrirtækinu hefur tekist að leiðrétta frávikið.

2. Við annars stigs frávik skal fresturinn, sem lögbæra yfirvaldið veitir til leiðréttingar frávika, vera í samræmi við eðli fráviksins en þó aldrei lengri í upphafi en þrír mánuðir. Lögbæra yfirvaldinu er heimilt að framlengja þennan þriggja mánaða frest við tilteknar aðstæður og með hliðsjón af eðli fráviksins, að því tilskildu að lögð hafi verið fram fullnægjandi leiðréttingaráætlun sem lögbæra yfirvaldið fellst á.

b) Lögbæra yfirvaldið skal grípa til aðgerða til að ógilda samþykkið tímabundið, í heild eða að hluta, ef frávikið er ekki leiðrétt innan frestsins sem lögbæra yfirvaldið veitti.

145.B.55 **Skráahald**

1. Lögbæra yfirvaldið skal koma á kerfisbundnu skráahaldi með skilyrðum um lágmarkstíma varðveislu sem gerir kleift að rekja á viðunandi hátt vinnsluferli hvers samþykkis fyrir fyrirtæki að því er varðar útgáfu, framlengingu, breytingu, tímabundna ógildingu eða afturköllun.

2. Í skránum skal a.m.k. vera:

a) umsóknin um samþykki fyrir fyrirtækið, þ.m.t. framlenging þess,

b) áætlun lögbæra yfirvaldsins um samfellt eftirlit, þ.m.t. skrár yfir allar úttektir,

c) samþykkisvottorð fyrirtækisins með áorðnum breytingum,

d) afrit af úttektaráætluninni þar sem skráðar eru dagsetningar fyrirhugaðra úttekta og lokinna úttekta,

e) afrit af öllum formlegum bréfaskiptum, þ.m.t. eyðublað nr. 4 eða jafngildi þess,

f) nákvæmar upplýsingar um undanþágur og framfylgdaraðgerðir,

g) önnur úttektarskýrslueyðublöð lögbæra yfirvaldsins,

h) starfsemislýsing viðhaldsfyrirtækis.

3. Framangreindar skrár skulu varðveittar í a.m.k. fjögur ár.

4. Lögbæra yfirvaldið ræður hvort það notar pappír eða tölvukerfi eða sambland beggja, svo fremi að gerðar séu viðeigandi ráðstafanir til eftirlits.

145.B.60 **Undanþágur**

Lögbæra yfirvaldið skal skrá og varðveita upplýsingar um allar undanþágur sem eru veittar í samræmi við 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

_____

I. viðbætir

Opinbert viðhaldsvottorð – EASA-eyðublað nr. 1

Ákvæði II. viðbætis við I. viðauka (M-hluta) gilda.

II. viðbætir

Flokka- og réttindakerfi fyrir samþykki viðhaldsfyrirtækja samkvæmt F-kafla í I. viðauka (M-hluta) og II. viðauka (145. hluta)

Ákvæði IV. viðbætis við I. viðauka (M-hluta) gilda.

III. viðbætir

Samþykki fyrir viðhaldsfyrirtæki sem um getur í II. viðauka (145. hluta)

Bls. 1 af 2

[AÐILDARRÍKI] (*)

Aðildarríki Evrópusambandsins (**)

SAMÞYKKISVOTTORÐ FYRIR VIÐHALDSFYRIRTÆKI

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)].145.XXXX

Samkvæmt gildandi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003 og með fyrirvara um skilyrðin, sem tilgreind eru hér að neðan, vottar [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS (*)] hér með að:

[HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

er viðhaldsfyrirtæki í samræmi við A-þátt í II. viðauka (145. hluta) við reglugerð (EB) nr. 2042/2003 og hefur hlotið samþykki til að viðhalda framleiðsluvörum, hlutum og búnaði sem skráð eru í meðfylgjandi samþykkisskrá og gefa út tilheyrandi viðhaldsvottorð með framangreindum tilvísunarnúmerum.

SKILYRÐI:

1. Þetta samþykki takmarkast við það samþykki sem tilgreint er í þættinum um verksvið í starfsemislýsingu samþykkta viðhaldsfyrirtækisins sem um getur í A-þætti í II. viðauka (145. hluta).

2. Forsenda þessa samþykkis er að fylgt sé verklagsreglum sem tilgreindar eru í starfsemislýsingu samþykkta viðhaldsfyrirtækisins.

3. Þetta samþykki gildir á meðan samþykkta viðhaldsfyrirtækið uppfyllir kröfur samkvæmt II. viðauka (145. hluta) við reglugerð (EB) nr. 2042/2003.

4. Svo fremi að framangreind skilyrði séu uppfyllt heldur þetta samþykki gildi sínu í ótakmarkaðan tíma nema það hafi þegar verið lagt inn, annað samþykki komið í þess stað, það ógilt tímabundið eða afturkallað.

Upphaflegur útgáfudagur: .....

Dagsetning endurskoðunar: .....

Númer endurskoðunar: .....

Undirskrift: .....

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKIS (*)]

EASA-eyðublað nr. 3-145, 2. útgáfa.

(*) Eða EASA ef EASA er lögbæra yfirvaldið.
(**) Falli brott fyrir ríki utan ESB eða EASA.

SAMÞYKKISSKRÁ FYRIR VIÐHALDSFYRIRTÆKI

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)].145.[XXXX]
Fyrirtæki: [HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

FLOKKUR	RÉTTINDI	TAKMÖRKUN	AÐALVIÐHALD	LEIÐARVIÐHALD
LOFTFÖR (**)	(***)	(***)	JÁ/NEI	JÁ/NEI
	(***)	(***)	JÁ/NEI	JÁ/NEI
HREYFLAR (**)	(***)	(***)	JÁ/NEI	JÁ/NEI
	(***)	(***)	JÁ/NEI	JÁ/NEI
AÐRIR ÍHLUTIR EN FULLGERÐIR HREYFLAR EÐA AUKAAFL-STÖÐVAR (**)	(***)	(***)		
	(***)	(***)		
	(***)	(***)		
	(***)	(***)		
	(***)	(***)		
	(***)	(***)		
SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA (**)	(***)	(***)		
	(***)	(***)		

Þessi samþykkisskrá takmarkast við þær framleiðsluvörur, hluti og búnað og þá starfsemi sem tilgreind er í þættinum um verksvið í starfsemislýsingu samþykkta viðhaldsfyrirtækisins.

Tilvísun í starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækis: .....

Upphaflegur útgáfudagur: .....

Dagsetning síðustu samþykktu endurskoðunar: .....

Númer endurskoðunar: .....

Undirskrift: .....

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKIS (*)]

EASA-eyðublað nr. 3-145, 2. útgáfa.

(*) Eða EASA ef EASA er lögbæra yfirvaldið.
(**) Strikið út, eftir því sem við á, ef fyrirtæki er ekki samþykkt.
(***) Hér skal fylla inn viðeigandi réttindi og takmarkanir.

IV. viðbætir

Skilyrði fyrir að nota starfsfólk sem ekki er með starfsréttindi í samræmi við III. viðauka (66. hluta) sem vísað er til í 1. og 2. lið j-liðar 145.A.30

1. Viðhaldsvottar sem uppfylla öll eftirtalin skilyrði teljast hafa uppfyllt kröfur 1. og 2. liðar j-liðar í 145.A.30:

   a) Einstaklingurinn skal hafa skírteini eða heimild viðhaldsvotta sem gefin er út samkvæmt landsbundnum reglum í fullu samræmi við 1. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

   b) Verksvið einstaklingsins skal ekki vera umfram það verksvið sem er tilgreint í landsbundna skírteininu eða heimild viðhaldsvotta, hvort sem er meira takmarkandi.

   c) Einstaklingurinn skal sýna fram á að hann hafi fengið kennslu í námsgreinunum ‚mannlegi þátturinn' og ‚lög um loftferðir' sem um getur í 9. og 10. áfanga í I. viðbæti við III. viðauka (66. hluta).

   d) Einstaklingurinn skal sýna fram á fimm ára reynslu af viðhaldi ef um er að ræða viðhaldsvott fyrir leiðarviðhald og átta ára reynslu ef um er að ræða viðhaldsvott fyrir aðalviðhald. Einstaklingar sem hafa ekki heimild til að sinna verkefnum umfram þau sem viðhaldsvottar í A-flokki skv. 66. hluta sinna þurfa þó einungis að sýna fram á þriggja ára reynslu af viðhaldi.

   e) Viðhaldsvottar fyrir leiðarviðhald og faglegir ábyrgðarmenn við aðalviðhald skulu sýna fram á að þeir hafi hlotið tegundarþjálfun og staðist próf í flokkum B1, B2 eða B3, eftir því sem við á, sem um getur í III. viðbæti við III. viðauka (66. hluta) fyrir hverja tegund loftfars innan verksviðsins sem um getur í b-lið. Einstaklingar, sem hafa ekki verksvið sem er umfram verksvið viðhaldsvotta í A-flokki, geta þó fengið verkefnaþjálfun í stað fullrar tegundarþjálfunar.

   f) Viðhaldsvottar fyrir aðalviðhald skulu sýna fram á að hafa hlotið tegundarþjálfun og staðist próf í C-flokki, sem um getur í III. viðbæti við III. viðauka (66. hluta), fyrir hverja tegund loftfars innan verksviðsins sem um getur í b-lið, þó skal þjálfun og próf fyrir fyrstu tegund loftfars vera í flokkum B1, B2 og B3 í III. viðauka.

2. Vernduð réttindi

   a) Starfsfólk sem fékk réttindi áður en viðeigandi kröfur III. viðauka (66. hluta) öðluðust gildi getur neytt réttinda sinna án þess að þurfa að fara að ákvæðum c- til f-liðar 1. liðar.

   b) Eftir þann dag skulu viðhaldsvottar, sem vilja víkka heimild sína þannig að hún nái yfir frekari réttindi, fara að ákvæðum 1. liðar.

   c) Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 2. liðar er þess ekki krafist, ef um er að ræða viðbótartegundarþjálfun, að farið sé að ákvæðum c- og d-liðar 1. liðar.

III. VIÐAUKI

(66. hluti)

EFNISYFIRLIT

66.1. Lögbært yfirvald

A-ÞÁTTUR — TÆKNILEGAR KRÖFUR

A-KAFLI — SKÍRTEINI FLUGVÉLTÆKNIS

66.A.1 Gildissvið

66.A.3 Flokkar skírteina

66.A.5 Hópar loftfara

66.A.10 Umsókn

66.A.15 Lágmarkskröfur

66.A.20 Réttindi

66.A.25 Kröfur um grunnþekkingu

66.A.30 Kröfur um grunnreynslu

66.A.40 Áframhaldandi gildi skírteinis flugvéltæknis

66.A.45 Loftfarsréttindaáritun

66.A.50 Takmarkanir

66.A.55 Sönnun á starfsréttindum

66.A.70 Verklagsreglur við umbreytingu starfsréttinda

B-ÞÁTTUR — VERKLAGSREGLUR FYRIR LÖGBÆR YFIRVÖLD

A-KAFLI — ALMENN ÁKVÆÐI

66.B.1 Gildissvið

66.B.10 Lögbært yfirvald

66.B.20 Skráahald

66.B.25 Gagnkvæm skipti á upplýsingum

66.B.30 Undanþágur

B-KAFLI — ÚTGÁFA SKÍRTEINIS FLUGVÉLTÆKNIS

66.B.100 Verklag við útgáfu lögbærra yfirvaldsins á skírteini flugvéltæknis

66.B.105 Verklag við útgáfu á skírteini flugvéltæknis fyrir milligöngu viðhaldsfyrirtækis með samþykki skv. 145. hluta

66.B.110 Verklag við breytingu á skírteini flugvéltæknis til að bæta við grunnflokki eða undirflokki

66.B.115 Verklag við breytingu á skírteini flugvéltæknis til að það nái yfir loftfarsréttindi eða til að aflétta takmörkunum

66.B.120 Verklag við endurnýjun á gildi skírteinis flugvéltæknis

66.B.125 Verklag vegna umbreytinga skírteina, þ.m.t. hópréttindi

66.B.130 Verklag vegna beins samþykkis á tegundarþjálfun á loftfar

C-KAFLI — PRÓF

66.B.200 Prófahald á vegum lögbærra yfirvaldsins

D-KAFLI — UMBREYTING Á STARFSRÉTTINDUM VIÐHALDSVOTTA

66.B.300 Almenn ákvæði

66.B.305 Umbreytingarskýrsla varðandi landsbundin starfsréttindi

66.B.310 Umbreytingarskýrsla varðandi heimildir viðurkenndra viðhaldsfyrirtækja

E-KAFLI — NÁMSMAT

66.B.400 Almenn ákvæði

66.B.405 Námsmatsskýrsla

66.B.410 Gildistími námsmats

F-KAFLI — SAMFELLT EFTIRLIT

66.B.500 Afturköllun, tímabundin ógilding eða takmörkun á skírteini flugvéltæknis

VIÐBÆTAR

I. viðbætir — Kröfur um grunnþekkingu

II. viðbætir — Staðall fyrir grunnpróf

III. viðbætir — Tegundarþjálfun á loftfar og prófstaðall Þjálfun á vinnustað

IV. viðbætir — Kröfur um reynslu sem uppfylla þarf til að fá framlengingu á skírteini flugvéltæknis

V. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 19 — Umsóknareyðublað

VI. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 26 — Skírteini flugvéltæknis sem um getur í III. viðauka (66. hluta)

66.1 **Lögbært yfirvald**

a) Að því er varðar þennan viðauka (66. hluta) er lögbært yfirvald:

1. yfirvald sem tilnefnt er af aðildarríkinu sem einstaklingur sækir fyrst um útgáfu skírteinis flugvéltæknis hjá eða
2. yfirvald sem tilnefnt er af öðru aðildarríki, ef um annað er að ræða, með fyrirvara um samkomulag við yfirvaldið sem um getur í 1. lið. Í slíku tilfelli skal afturkalla skírteinið sem um getur í 1. lið, afhenda allar skrár sem getið er í lið 66.B.20 og gefa út nýtt skírteini með þessar skrár til grundvallar.

b) Flugöryggisstofnunin ber ábyrgð á að skilgreina:

1. skrá yfir tegundir loftfara og
2. yfir hvaða flugskrokks- og hreyfilssamsetningar hver tegundarréttindi fyrir loftfar ná.

A-ÞÁTTUR

TÆKNILEGAR KRÖFUR

A-KAFLI

SKÍRTEINI FLUGVÉLTÆKNIS

66.A.1 **Gildissvið**

Í þessum þætti er skírteini flugvéltæknis skilgreint og kveðið á um kröfur vegna umsókna, útgáfu og skilyrði varðandi gildi þess.

66.A.3 **Flokkar skírteina**

a) Skírteini flugvéltæknis getur verið í eftirfarandi flokkum:

— Flokki A

— Flokki B1

— Flokki B2

— Flokki B3

— Flokki C

b) Flokkar A og B1 skiptast í undirflokka eftir flugvélum, þyrlum, hverfihreyflum og strokkhreyflum. Þessi undirflokkar eru:

— A1 og B1.1 Flugvélar með hverfihreyflum

— A2 og B1.2 Flugvélar með strokkhreyflum

— A3 og B1.3 Þyrlur með hverfihreyflum

— A4 og B1.4 Þyrlur með strokkhreyflum

c) Flokkur B3 á við um flugvélar sem knúnar eru með strokkhreyfli en hafa ekki jafnþrýstibúnað og eru með 2000 kg hámarksflugtaksmassa eða þar undir.

66.A.5 **Hópar loftfara**

Að því er varðar réttindi á skírteinum flugvéltækna skulu loftför flokkuð í eftirfarandi hópa:

1. Hópur 1: flókin vélknúin loftför sem og fjölhreyfla þyrlur, flugvélar með skráða hámarksflughæð yfir fluglagi 290, loftför sem búin eru rafboðastýri og önnur loftför sem gerð er krafa um tegundarréttindi fyrir samkvæmt skilgreiningu Flugöryggisstofnunar.

2. Hópur 2: loftför, önnur en þau í hópi 1, sem tilheyra eftirfarandi undirhópum:

— undirhópur 2a: einshreyfilsflugvélar með skrúfuhverfihreyfli

— undirhópur 2b: einshreyfilsþyrlur með hverfihreyfli

— undirhópur 2c: einshreyfilsþyrlur með strokkhreyfli.

3. Hópur 3: flugvélar með strokkhreyfli, aðrar en þær í hópi 1.

66.A.10 **Umsókn**

a) Umsókn um skírteini flugvéltæknis eða breytingu á slíku skírteini skal leggja fram á EASA-eyðublaði nr. 19 (sjá V. viðbæti) og á þann hátt, sem lögbæra yfirvaldið ákveður, og senda til þess.

b) Umsókn um breytingu á skírteini flugvéltæknis skal lögð inn hjá lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins sem gaf út skírteini flugvéltæknis.

c) Auk skjalanna, sem krafist er skv. a- og b-lið í 66.A.10 og 66.B.105, eftir því sem við á, skal umsækjandi um viðbótargrunnflokka eða -undirflokka í skírteini flugvéltæknis senda lögbæra yfirvaldinu frumritið af gildandi skírteini flugvéltæknis ásamt EASA-eyðublaði nr. 19.

d) Þegar umsækjandi um breytingu á grunnflokkunum uppfyllir skilyrðin fyrir slíkri breytingu samkvæmt verklaginu sem um getur í lið 66.B.100 í öðru aðildarríki en því aðildarríki sem gaf skírteinið út, skal senda umsóknina til lögbæra yfirvaldsins sem um getur í lið 66.1.

e) Þegar umsækjandi um breytingu á grunnflokkunum uppfyllir skilyrðin fyrir slíkri breytingu samkvæmt verklaginu sem um getur í lið 66.B.105 í öðru aðildarríki en því aðildarríki sem gaf skírteinið út skal viðhaldsfyrirtækið, sem hlotið hefur samþykki skv. II. viðauka (145. hluta), senda skírteini flugvéltæknis til lögbæra yfirvaldsins sem um getur í lið 66.1 ásamt EASA-eyðublaði nr. 19 svo að aðildarríkið geti stimplað og skrifað undir breytinguna eða gefið skírteinið aftur út, eins og við á.

f) Hver umsókn skal studd gögnum til að sýna fram á að kröfur um viðeigandi fræðilega þekkingu, verklega þjálfun og reynslu séu uppfylltar á þeim tíma sem umsóknin er lögð inn.

66.A.15 **Lágmarkskröfur**

Umsækjandi um skírteini flugvéltæknis skal hafa náð 18 ára aldri.

66.A.20 **Réttindi**

a) Eftirfarandi réttindi skulu gilda:

1. Skírteini flugvéltæknis í flokki A veitir handhafa leyfi til að gefa út viðhaldsvottorð að loknu minni háttar reglubundnu leiðarviðhaldi og einfaldri lagfæringu á bilun innan ramma þeirra verkefna sem eru sérstaklega árituð í vottunarheimildinni sem um getur í lið 145.A.35 í II. viðauka (145. hluta). Vottunarréttindi skulu vera bundin við þau verk sem handhafi skírteinisins hefur sjálfur innt af hendi innan viðhaldsfyrirtækisins sem gaf út vottunarheimildina.

2. Skírteini flugvéltæknis í flokki B1 veitir handhafa leyfi til að gefa út viðhaldsvottorð og bera faglega ábyrgð á eftirfarandi verkum í flokki B1:

— viðhald á burðarvirki loftfars, fullbúnum hreyfilkerfum, vélrænum kerfum og rafkerfum,

— verk tengdum rafeindabúnaði loftfars sem kalla aðeins á einfaldar prófanir til að sýna fram á nothæfi hans og ekki á bilanaleit.

Flokkur B1 nær yfir samsvarandi undirflokk A.

3. Skírteini flugvéltæknis í flokki B2 veitir handhafanum leyfi til að:

i. gefa út viðhaldsvottorð og bera faglega ábyrgð á eftirfarandi verkum í flokki B2:

— viðhald sem framkvæmt er á rafeindabúnaði loftfara og rafkerfum og

— verk tengdum raf- og rafeindabúnaði í fullbúnum hreyflum og vélrænum kerfum sem krefjast aðeins einfaldra prófana til að sýna fram á nothæfi þeirra og

ii. gefa út viðhaldsvottorð að loknu minni háttar reglubundnu leiðarviðhaldi og einfaldri lagfæringu á bilun innan ramma þeirra verkefna sem eru sérstaklega árituð í vottunarheimildinni sem um getur í lið 145.A.35 í II. viðauka (145. hluta). Þessi vottunarréttindi skulu vera bundin við þau verk sem handhafi skírteinisins hefur sjálfur innt af hendi innan viðhaldsfyrirtækisins sem gaf út vottunarheimildina og takmarkast við þau réttindi sem þegar hefur verið veitt áritun fyrir í skírteini í flokki B2.

Skírteinið í flokki B2 nær ekki yfir neinn af undirflokkum A.

4. Skírteini flugvéltæknis í flokki B3 veitir handhafa leyfi til að gefa út viðhaldsvottorð og bera faglega ábyrgð á eftirfarandi verkum í flokki B3:

— viðhald sem framkvæmt er á burðarvirki flugvéla, fullbúnum hreyflum, vélrænum kerfum og rafkerfum,

— verk tengdum rafeindabúnaði loftfars sem kalla aðeins á einfaldar prófanir til að sýna fram á nothæfi hans og ekki á bilanaleit.

5. Skírteini flugvéltæknis í flokki C veitir handhafa leyfi til að gefa út viðhaldsvottorð að loknu aðalviðhaldi loftfars. Réttindin gilda um loftfarið í heild sinni.

b) Handhafa skírteinis flugvéltæknis er ekki heimilt að neyta réttinda þess nema:

1. að uppfylltum viðeigandi kröfum í I. viðauka (M-hluta) og II. viðauka (145. hluta) og

2. hann hafi á undanförnum tveimur árum fengið sex mánaða reynslu af viðhaldi í samræmi við þau réttindi, sem skírteini flugvéltæknis veitir, eða uppfyllt ákvæði um útgáfu viðeigandi réttinda og

3. hann hafi fullnægjandi hæfni til að votta viðhald á samsvarandi loftfari og

4. hann geti lesið, skrifað og tjáð sig svo vel sem nauðsynlegt er á því tungumáli eða tungumálum sem tækniskjölin og verklagsreglurnar, sem nauðsynleg eru til að gefa út viðhaldsvottorð, eru skrifaðar á.

66.A.25 **Kröfur um grunnþekkingu**

a) Umsækjandi um skírteini flugvéltæknis eða um viðbótarflokk eða undirflokk í slíkt skírteini skal með prófi sýna fram á kunnáttu í viðeigandi námsáföngum í samræmi við I. viðbæti við III. viðauka (66. hluta). Prófið skal haldið hjá annaðhvort kennslufyrirtæki með tilhlýðilegt samþykki skv. IV. viðauka (147. hluta) eða hjá lögbæra yfirvaldinu.

b) Tíu árum áður en sótt er um skírteini flugvéltæknis eða um viðbótarflokk eða -undirflokk í skírteini flugvéltæknis skal viðkomandi hafa lokið öllum þjálfunarnámskeiðum og staðist próf. Sé það ekki tilfellið er þó hægt að fá nám metið í samræmi við c-lið.

c) Umsækjandi getur sótt um það hjá lögbæru yfirvaldi að fá nám metið, að hluta til eða að fullu, vegna krafna um grunnþekkingu fyrir:

1. próf í grunnþekkingu, sem ekki uppfylla kröfuna sem tilgreind er í b-lið að framan, og

2. alla aðra tæknilega menntun sem lögbært yfirvald telur jafngilda þeirri þekkingu sem krafist er skv. III. viðauka (66. hluta).

Námsáfangar skulu metnir í samræmi við E-kafla í B-hluta þessa viðauka (66. hluti).

d) Mat rennur út 10 árum eftir að lögbært yfirvald veitir umsækjanda það. Eftir að það rennur út getur umsækjandi sótt um nýtt mat.

66.A.30 **Kröfur um grunnreynslu**

a) Umsækjandi um skírteini flugvéltæknis skal hafa:

1. fyrir flokk A, undirflokka B1.2 og B1.4 og flokk B3:

i. þriggja ára verklega reynslu af viðhaldi á starfræktu loftfari, ef umsækjandi hefur ekki áður hlotið viðeigandi tækniþjálfun eða

ii. tveggja ára verklega reynslu af viðhaldi á starfræktu loftfari og hafa lokið þjálfun, sem lögbæra yfirvaldið telur viðeigandi, sem hæfur starfsmaður á tæknisviði eða

iii. eins árs verklega reynslu af viðhaldi á starfræktu loftfari og hafa lokið grunnþjálfunarnámskeiði, sem er samþykkt í samræmi við IV. viðauka (147. hluta),

2. fyrir flokk B2 og undirflokka B1.1 og B1.3:

i. fimm ára verklega reynslu af viðhaldi á starfræktu loftfari, ef umsækjandi hefur ekki áður hlotið viðeigandi tækniþjálfun eða

ii. þriggja ára verklega reynslu af viðhaldi á starfræktu loftfari og hafa lokið þjálfun, sem lögbæra yfirvaldið telur viðeigandi, sem hæfur starfsmaður á tæknisviði eða

iii. tveggja ára verklega reynslu af viðhaldi á starfræktu loftfari og hafa lokið grunnþjálfunarnámskeiði, sem er samþykkt í samræmi við IV. viðauka (147. hluta),

3. fyrir C-flokk að því er varðar stór loftför:

i. þriggja ára reynslu af því að neyta réttinda í flokkum B1.1, B1.3 eða B2 á stórum loftförum eða sem faglegur ábyrgðarmaður skv. 145.A.35 eða samsetningu af hvoru tveggja eða

ii. fimm ára reynslu af því að neyta réttinda í flokkum B1.2 eða B1.4 á stórum loftförum eða sem faglegur ábyrgðarmaður skv. 145.A.35 eða samsetningu af hvoru tveggja,

4. fyrir C-flokk að því er varðar loftför sem teljast ekki stór loftför: þriggja ára reynslu af því að neyta réttinda í flokkum B1 eða B2 á loftförum sem teljast ekki stór loftför eða sem faglegur ábyrgðarmaður skv. 145.A.35 eða samsetningu af hvoru tveggja,

5. fyrir C-flokk, fengið með háskólaprófi: að því er varðar umsækjanda með háskólagráðu í tæknigrein frá háskóla eða annarri kennslustofnun á háskólastigi, sem lögbæra yfirvaldið viðurkennir, þriggja ára starfsreynslu í viðhaldi almenningsloftfara og dæmigerðu úrvali verkefna sem tengjast beint viðhaldi loftfara, þ.m.t. að fylgjast með verkefnum við aðalviðhald um sex mánaða skeið.

b) Umsækjandi, sem sækir um framlengingu skírteinis flugvéltæknis, skal uppfylla lágmarkskröfu um reynslu af viðhaldi á almenningsloftförum sem á við um þá viðbótarflokka eða undirflokka við skírteinið sem sótt er um, eins og skilgreint er í IV. viðbæti þessa viðauka (66. hluta).

c) Reynslan skal vera verkleg og hafa falið í sér það sem teljast má dæmigerður þverskurður af viðhaldsverkefnum við loftför.

d) A.m.k. eitt ár af tilskilinni reynslu sem skal vera nýleg reynsla af viðhaldi loftfara í þeim flokki eða undirflokki sem sótt er um fyrsta skírteini flugvéltæknis fyrir. Að því er varðar næstu flokka/undirflokka sem bætt er við gildandi skírteini flugvéltæknis má nýleg viðbótarreynsla af viðhaldi, sem krafist er, vera minni en eitt ár en skal vera a.m.k. þrír mánuðir. Reynslan, sem er krafist, skal miðast við mismuninn á milli núverandi flokks/undirflokks skírteinis og þess flokks/undirflokks sem sótt er um. Slík viðbótarreynsla skal vera dæmigerð fyrir þann nýja flokk/undirflokk skírteinis sem sótt er um.

e) Þrátt fyrir ákvæði a-liðar skal viðurkenna reynslu af viðhaldi loftfara, sem fengin er utan þess umhverfis sem telst til viðhalds almenningsloftfara, þegar slíkt viðhald er jafngilt því sem krafist er í þessum viðauka (66. hluta) samkvæmt ákvörðun lögbæra yfirvaldsins. Þó skal krefjast viðbótarreynslu af viðhaldi almenningsloftfara til að tryggja fullnægjandi skilning á því umhverfi sem viðhald almenningsloftfara fer fram í.

f) Reynslan skal hafa fengist innan 10 ára áður en sótt er um skírteini flugvéltæknis eða um viðbótarflokk eða undirflokk við slíkt skírteini.

66.A.40 **Áframhaldandi gildi skírteinis flugvéltæknis**

a) Skírteini flugvéltæknis fellur úr gildi fimm árum eftir síðasta útgáfudag eða síðustu breytingu á því nema handhafi sendi skírteini sitt lögbæra yfirvaldinu, sem gaf það út, til að það geti fullvissað sig um að upplýsingarnar á því séu þær sömu og eru í skrám lögbæra yfirvaldsins í samræmi við 66.B.120.

b) Handhafi skírteinis flugvéltæknis skal fylla út viðeigandi hluta EASA-eyðublaðs nr. 19 (sjá V. viðbæti) og senda það ásamt eintaki handhafans af skírteininu til lögbæra yfirvaldsins sem gaf út upprunalegt skírteini flugvéltæknis nema handhafi starfi hjá viðhaldsfyrirtæki, sem hlotið hefur samþykki skv. II. viðauka (145. hluta) og hefur í starfsemislýsingu sinni verklagsreglu, sem gerir fyrirtækinu kleift að senda nauðsynleg skjöl fyrir hönd handhafa skírteinis flugvéltæknis.

c) Öll vottunarréttindi, sem grundvallast á skírteini flugvéltæknis, falla úr gildi um leið og skírteinið fellur úr gildi.

d) Skírteini flugvéltæknis er einungis gilt ef: i. lögbæra yfirvaldið hefur gefið það út og/eða gert breytingu á því og ii. handhafi þess hefur skrifað undir skjalið.

66.A.45 **Loftfarsréttindaáritun**

a) Til að hafa rétt á að neyta vottunarréttinda á tilgreinda tegund loftfars þarf handhafi skírteinis flugvéltæknis að hafa viðeigandi loftfarsréttindaáritun á skírteini sínu.

— Fyrir flokka B1, B2 og C eru viðeigandi loftfarsréttindi eftirfarandi:

1. Fyrir loftfar í hópi 1, viðeigandi tegundarréttindi fyrir loftfarið.

2. Fyrir loftfar í hópi 2, viðeigandi tegundarréttindi fyrir loftfarið, undirhópsréttindi, bundin við framleiðanda eða full undirhópsréttindi.

3. Fyrir loftfar í hópi 3, viðeigandi tegundarréttindi fyrir loftfarið eða full hópréttindi.

— Fyrir flokk B3 eru viðeigandi réttindi „flugvélar sem knúnar eru með strokkhreyfli en hafa ekki jafnþrýstibúnað og eru með 2000 kg hámarksflugtaksmassa eða þar undir“.

— Fyrir flokk A er ekki gerð krafa um nein réttindi, sbr. þó að kröfurnar í 145.A.35 í II. viðauka (145. hluta) séu uppfylltar.

b) Til að hljóta áritun tegundarréttinda fyrir loftfar er gerð krafa um að viðeigandi tegundarþjálfun á loftfar í flokki B1, B2 eða C sé lokið með fullnægjandi árangri.

c) Til viðbótar við kröfur b-liðar er gerð krafa um að samsvarandi þjálfun á vinnustað, eins og lýst er í III. viðbæti við III. viðauka (66. hluta) sé lokið með fullnægjandi hætti vegna fyrstu áritunar tegundarréttinda fyrir loftfar innan tiltekins flokks/undirflokks.

d) Þrátt fyrir b- og c-lið má einnig veita loftfarstegundarréttindi fyrir loftför í hópi 2 og 3 þegar:

— viðeigandi tegundarprófi loftfars í flokki B1, B2 eða C, sem lýst er í III. viðbæti við þennan viðauka (66. hluta), hefur verið lokið með fullnægjandi árangri og

— ef um er að ræða flokka B1 og B2, þegar sýnt hefur verið fram á verklega reynslu af viðkomandi loftfarstegund. Í slíku tilfelli skal verkleg reynsla af loftfarstegund ná yfir dæmigerðan þverskurð viðhaldsverka sem eru viðeigandi fyrir flokk skírteinis.

Þegar um er að ræða réttindi í flokki C fyrir einstakling með hæfi sem handhafi háskólagráðu, eins og tilgreint er í 5. lið a-liðar í 66.A.30, skal fyrsta tegundarprófið vera á sama stigi og í flokki B1 eða B2.

e) Fyrir loftför í hópi 2:

1. fyrir áritun undirhópsréttinda, sem bundin eru við framleiðanda, fyrir handhafa skírteina í flokkum B1 og C er þess krafist að kröfur vegna tegundaráritunar fyrir loftfar séu uppfylltar fyrir a.m.k. tvær tegundir loftfara frá sama framleiðanda sem saman eru dæmigerðar fyrir viðeigandi undirhóp framleiðanda,

2. fyrir áritun fullra undirhópsréttinda fyrir handhafa skírteina í flokkum B1 og C er þess krafist að kröfur vegna tegundaráritunar fyrir loftfar séu uppfylltar fyrir a.m.k. þrjár tegundir loftfara frá ólíkum framleiðendum sem saman eru dæmigerðar fyrir viðeigandi undirhóp,

3. fyrir áritun undirhópsréttinda, sem bundin eru við framleiðanda, og fullra undirhópsréttinda fyrir handhafa skírteina í flokki B2 er gerð krafa um að sýnt sé fram á verklega reynslu sem nær yfir dæmigerðan þverskurð viðhaldsverka sem eru viðeigandi fyrir flokk skírteinis og viðkomandi undirhóp loftfars.

f) Fyrir loftför í hópi 3:

1. fyrir áritun fullra hópréttinda fyrir loftför í hópi 3 fyrir handhafa skírteina í flokkum B1, B2 og C er þess krafist að sýnt sé fram á verklega reynslu sem nær yfir dæmigerðan þverskurð viðhaldsverka sem eru viðeigandi fyrir flokk skírteinis og hóp 3,

2. fyrir flokk B1 eru réttindi fyrir hóp 3 háð eftirfarandi takmörkunum, nema umsækjandi sýni fram á viðeigandi reynslu, sem skulu ritaðar á skírteinið:

— flugvélar með jafnþrýstibúnaði

— flugvélar með burðarvirki úr málmi

— flugvélar með burðarvirki úr blönduðum efnivið

— flugvélar með burðarvirki úr viði

— flugvélar með burðarvirki úr málmrörum sem eru klæddar með dúk.

g) Fyrir skírteini í flokki B3:

1. fyrir áritun réttindanna „flugvélar sem knúnar eru með strokkhreyfli en hafa ekki jafnþrýstibúnað og eru með 2000 kg hámarksflugtaksmassa eða þar undir“ er þess krafist að sýnt sé fram á verklega reynslu sem nær yfir dæmigerðan þverskurð viðhaldsverka sem eru viðeigandi fyrir flokk skírteinis,

2. eru réttindin, sem vísað er til í 1. lið, háð eftirfarandi takmörkunum sem skulu skráðar á skírteinið, nema umsækjandi geti sýnt fram á viðeigandi reynslu:

— flugvélar með burðarvirki úr viði

— flugvélar með burðarvirki úr málmrörum sem eru klæddar með dúk

— flugvélar með burðarvirki úr málmi

— flugvélar með burðarvirki úr blönduðum efnivið.

66.A.50 **Takmarkanir**

a) Takmarkanir sem færðar eru inn á skírteini flugvéltæknis eru undanþágur frá vottunarréttindum og gilda um loftfarið í heild sinni.

b) Takmörkunum sem um getur í 66.A.45 skal aflétt:

1. þegar sýnt hefur verið fram á viðeigandi reynslu eða

2. eftir að lögbært yfirvald hefur framkvæmt mat á verklegri kunnáttu með fullnægjandi árangri.

c) Takmörkunum, sem um getur í lið 66.A.70, skal aflétt þegar próf hefur verið tekið með fullnægjandi árangri í þeim námsáföngum/námsgreinum sem skilgreindar eru í viðeigandi umbreytingarskýrslu sem vísað er til í lið 66.B.300.

66.A.55 **Sönnun á starfsréttindum**

Starfsfólk, sem neytir vottunarréttinda, og faglegir ábyrgðarmenn skulu framvísa skírteini sínu sem sönnun á starfsréttindum sínum innan 24 klukkustunda frá beiðni viðurkennds aðila.

66.A.70 **Verklagsreglur við umbreytingu starfsréttinda**

a) Lögbært yfirvald aðildarríkis skal gefa út skírteini flugvéltæknis til handa handhafa vottunarréttinda, sem giltu í því aðildarríki áður en III. viðauki (66. hluti) öðlast gildi, án frekari prófa, að því tilskildu að skilyrðin, sem tilgreind eru í D-kafla B-þáttar, séu uppfyllt.

b) Einstaklingur sem gengst undir hæfismat fyrir viðhaldsvotta, sem gildir í aðildarríki áður en III. viðauki (66. hluti) öðlast gildi, telst áfram hæfur. Lögbært yfirvald aðildarríkis skal gefa út skírteini flugvéltæknis til handa handhafa vottunarréttinda sem fengin eru við slíkt hæfismat, án frekari prófa, að því tilskildu að skilyrðin, sem tilgreind eru í D-kafla B-þáttar, séu uppfyllt.

c) Ef nauðsyn krefur skulu vera takmarkanir í skírteini flugvéltæknis í samræmi við lið 66.A.50 til að endurspegla muninn á: i. gildissviði vottunarréttinda sem gilda í aðildarríki áður en reglugerð (EB) nr. 2042/2003 tók gildi og ii. kröfum um grunnþekkingu og stöðlum fyrir grunnpróf sem mælt er fyrir um í I. og II. viðbæti við þennan viðauka (66. hluta).

d) Þrátt fyrir c-lið skal skírteini flugvéltæknis, fyrir loftför sem ekki eru notuð í flutningaflug önnur en stór loftför, hafa takmarkanir í samræmi við lið 66.A.50 til að tryggja að starfsréttindi viðhaldsvotta, sem gilda í aðildarríki áður en reglugerð (EB) nr. 2042/2003 tók gildi, og réttindi skírteinis flugvéltæknis, sem hefur verið umbreytt skv. 66. hluta, haldist óbreytt.

B-ÞÁTTUR

VERKLAGSREGLUR FYRIR LÖGBÆR YFIRVÖLD

A-KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

66.B.1 **Gildissvið**

Í þessum þætti eru settar verklagsreglur þ.m.t. stjórnsýslukröfur sem lögbærum yfirvöldum, sem bera ábyrgð á beitingu og framkvæmd ákvæða A-þáttar þessa viðauka (66. hluta), ber að uppfylla.

66.B.10 **Lögbært yfirvald**

a) Almenn ákvæði

Aðildarríki skal tilnefna lögbært yfirvald sem er falin ábyrgð á að gefa út, framlengja, breyta, ógilda tímabundið eða afturkalla skírteini flugvéltæknis.

Þetta lögbæra yfirvald skal koma á fullnægjandi stjórnskipulagi til að tryggja að skilyrði þessa viðauka (66. hluta) séu uppfyllt.

b) Mannafli

Lögbæra yfirvaldið skal hafa á að skipa nægilegum fjölda starfsfólks til að tryggja framkvæmd krafna þessa viðauka (66. hluta).

c) Verklagsreglur

Lögbæra yfirvaldið skal setja skjalfestar verklagsreglur þar sem tilgreint er hvernig uppfylla skuli skilyrðin í þessum viðauka (66. hluta). Verklagsreglurnar skulu endurskoðaðar og þeim breytt til að tryggja óslitið samræmi.

66.B.20 **Skráahald**

a) Lögbæra yfirvaldið skal koma á kerfisbundnu skráahaldi sem gerir kleift að rekja vinnsluferli hvers skírteinis flugvéltæknis á viðunandi hátt að því er varðar útgáfu, framlengingu, breytingu, tímabundna ógildingu eða afturköllun.

b) Fyrir hvert skírteini skulu þessar skrár innihalda:

1. umsókn um skírteini flugvéltæknis eða breytingu á því, þ.m.t. öll fylgiskjöl,

2. afrit af skírteini flugvéltæknis, þ.m.t. allar breytingar,

3. afrit af öllum bréfaskiptum sem máli skipta,

4. nákvæmar upplýsingar um undanþágur og framfylgdaraðgerðir,

5. allar tilkynningar frá öðrum lögbærum yfirvöldum sem tengjast handhafa skírteinis flugvéltæknis,

6. skrár yfir próf sem lögbæra yfirvaldið heldur,

7. viðeigandi umbreytingarskýrslu sem notuð er við umbreytingu,

8. viðeigandi námsmatsskýrsla sem notuð er við námsmat.

c) Varðveita skal skrárnar, sem um getur í 1.-5. lið b-liðar, í a.m.k. fimm ár eftir að skírteinið fellur úr gildi.

d) Varðveita skal skrárnar, sem um getur í 6., 7. og 8. lið b-liðar, í ótakmarkaðan tíma.

66.B.25 **Gagnkvæm skipti á upplýsingum**

a) Til að kröfur þessarar reglugerðar komist í framkvæmd skulu lögbær yfirvöld taka þátt í gagnkvæmum skiptum á upplýsingum í samræmi við 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

b) Þegar um er að ræða hugsanlega ógnun við öryggi sem nær til nokkurra aðildarríkja skulu hlutaðeigandi lögbær yfirvöld aðstoða hvert annað við að framkvæma nauðsynlegar eftirlitsaðgerðir án þess að það hafi áhrif á valdsvið aðildarríkjanna.

66.B.30 **Undanþágur**

Lögbæra yfirvaldið skal skrá og varðveita upplýsingar um allar undanþágur sem eru veittar í samræmi við 4. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

B-KAFLI

ÚTGÁFA SKÍRTEINIS FLUGVÉLTÆKNIS

Í þessum kafla er kveðið á um þær verklagsreglur sem lögbæra yfirvaldinu ber að fylgja við útgáfu, breytingu eða framlengingu á skírteini flugvéltæknis.

66.B.100 **Verklag við útgáfu lögbæra yfirvaldsins á skírteini flugvéltæknis**

a) Þegar lögbæra yfirvaldið tekur við EASA-eyðublaði nr. 19 ásamt öllum fylgiskjölum skal það ganga úr skugga um að EASA-eyðublað nr. 19 sé fullfrágengið og sannreyna að tilgreind reynsla uppfylli kröfurnar í þessum viðauka (66. hluta).

b) Lögbæra yfirvaldið skal staðfesta stöðu prófa umsækjanda og/eða staðfesta að námsmat sé í gildi til að fullvissa sig um að kröfurnar í öllum tilskildum námsáföngum í 1. viðbæti hafi verið uppfylltar, eins og krafist er í þessum viðauka (66. hluta).

c) Lögbæra yfirvaldið skal gefa út viðeigandi skírteini flugvéltæknis til handa umsækjanda þegar það hefur staðfest deili á umsækjanda og fæðingardag hans og ár og er sannfært um að umsækjandinn fullnægi kröfum um kunnáttu og reynslu samkvæmt þessum viðauka (66. hluta). Lögbæra yfirvaldið skal hafa þessar sömu upplýsingar á skrá.

d) Ef skrifað er upp á tegundaráritun eða hópáritun fyrir loftför á sama tíma og fyrsta skírteini flugvéltæknis er gefið út skal lögbæra yfirvaldið ganga úr skugga um að kröfur 66.B.115 séu uppfylltar.

66.B.105 **Verklag við útgáfu skírteinis flugvéltæknis fyrir milligöngu viðhaldsfyrirtækis með samþykki í samræmi við II. viðauka (145. hluta)**

a) Viðhaldsfyrirtæki með samþykki skv. II. viðauka (145. hluta) getur, þegar það hefur heimild lögbærs yfirvalds til slíkrar starfsemi: i. útbúið skírteini flugvéltæknis fyrir hönd lögbæra yfirvaldsins eða ii. lagt fram tilmæli til lögbæra yfirvaldsins varðandi umsókn einstaklings um skírteini flugvéltæknis þannig að lögbæra yfirvaldið geti útbúið og gefið út slíkt skírteini.

b) Viðhaldsfyrirtæki, sem vísað er til í a-lið, skulu tryggja að farið sé að ákvæðum a- og b-liðar í 66.B.100.

c) Í öllum tilfellum getur aðeins lögbært yfirvald gefið út skírteini flugvéltæknis til handa umsækjanda.

66.B.110 **Verklag við breytingu á skírteini flugvéltæknis til að bæta við grunnflokki eða undirflokki**

a) Þegar farið hefur verið að verklagi því sem tilgreint er í 66.B.100 eða 66.B.105 skal lögbæra yfirvaldið árita viðbótar-grunnflokkinn eða undirflokkinn í skírteini flugvéltæknis með undirskrift og stimpli eða gefa skírteinið aftur út.

b) Breyta skal skráakerfi lögbæra yfirvaldsins til samræmis við það.

66.B.115 **Verklag við breytingu á skírteini flugvéltæknis til að það nái yfir loftfarsréttindi eða til að aflétta takmörkunum**

a) Þegar lögbæra yfirvaldið tekur við fullnægjandi EASA-eyðublaði nr. 19 ásamt fylgiskjölum, þar sem sýnt er fram á að gildandi kröfur um viðeigandi réttindi séu uppfylltar, og meðfylgjandi skírteini flugvéltæknis, skal það annaðhvort:

1. veita áritun á flugvéltækniskírteini umsækjanda fyrir viðeigandi loftfarsréttindi eða

2. gefa fyrrnefnt skírteini aftur út þannig að það innihaldi viðeigandi loftfarsréttindi eða

3. aflétta viðeigandi takmörkunum í samræmi við lið 66.A.50.

Breyta skal skráakerfi lögbæra yfirvaldsins til samræmis við það.

b) Ef viðhaldskennslufyrirtæki, sem hefur tilhlýðilegt samþykki í samræmi við IV. viðauka (147. hluta), hefur ekki framkvæmt fulla tegundarþjálfun skal lögbært yfirvald vera þess fullvisst að allar kröfur varðandi tegundarþjálfun séu uppfylltar áður en tegundarréttindi eru gefin út.

c) Ef ekki eru gerðar kröfur um þjálfun á vinnustað skal áritun tegundarréttinda fyrir loftfar veitt á grundvelli viðurkenningarvottorðs sem gefið er út af viðhaldskennslufyrirtæki sem samþykkt er í samræmi við IV. viðauka (147. hluta).

d) Ef tegundarþjálfun á loftfar inniheldur fleiri en eitt námskeið skal lögbært yfirvald fullvissa sig um, áður en það gefur út áritun tegundarréttinda, að innihald og lengd námskeiðanna sé fyllilega fullnægjandi hvað varðar gildissvið skírteinisflokksins og að tekið hafi verið tilhlýðilegt tillit til sviðanna þar sem námskeiðin tengjast.

e) Ef um er að ræða mismunarþjálfun skal lögbært yfirvald fullvissa sig um að i.: fyrri starfsréttindi umsækjanda, til viðbótar við ii. annaðhvort námskeið sem samþykkt er í samræmi við IV. viðauka (147. hluta) eða námskeið sem lögbært yfirvald samþykkir beint, séu viðunandi fyrir áritun tegundarréttinda.

f) Sýna skal fram á samræmi við verklega þætti: i. með því að leggja fram ítarleg gögn um verklega þjálfun eða færslubók frá viðhaldsfyrirtæki sem samþykkt er í samræmi við II. viðauka (145. hluta) eða, þar sem það er tiltækt, ii. með þjálfunarvottorði sem nær yfir þætti verklegrar þjálfunar og er gefið út af viðhaldskennslufyrirtæki sem hefur tilhlýðilegt samþykki í samræmi við IV. viðauka (147. hluta).

g) Tegundaráritun fyrir loftfar skal nota loftfarstegundarréttindin sem tilgreind eru af Flugöryggisstofnuninni.

66.B.120 **Verklag við endurnýjun á gildi skírteinis flugvéltæknis**

a) Lögbæra yfirvaldið skal bera saman flugvéltækniskírteini handhafa og skrá lögbæra yfirvaldsins og athuga hvort einhverjar aðgerðir til afturköllunar, ógildingar eða breytingar skv. 66.B.500 standi yfir. Ef skjölin eru nákvæmlega eins og engar aðgerðir skv. 66.B.500 standa yfir skal endurnýja afrit handhafans til fimm ára og færa í skrána til samræmis við það.

b) Ef skrá lögbæra yfirvaldsins ber ekki saman við skírteini flugvéltæknis sem handhafi hefur:

1. skal lögbæra yfirvaldið rannsaka ástæður slíks munar og getur ákveðið að endurnýja ekki skírteini flugvéltæknis.

2. skal lögbæra yfirvaldið tilkynna handhafa skírteinisins um það, sem og sérhverju kunnu viðhaldsfyrirtæki, sem hlotið hefur samþykki samkvæmt F-kafla í I. viðauka (M-hluta) eða II. viðauka (145. hluta) og þetta kann að hafa bein áhrif á,

3. skal lögbæra yfirvaldið, ef þörf krefur, grípa til aðgerða skv. 66.B.500 til að afturkalla, ógilda tímabundið eða breyta viðkomandi skírteini.

66.B.125 **Verklag við umbreytingu á skírteinum, þ.m.t. hópréttindi**

a) Einstök tegundarréttindi á loftför, sem þegar eru tilgreind á því skírteini flugvéltæknis sem um getur í 4. mgr. 5. gr., skulu vera áfram á skírteininu og skal þeim ekki breytt í ný réttindi nema handhafinn uppfylli að fullu kröfurnar um áritun sem skilgreindar eru í 66.A.45 í þessum viðauka (66. hluta) fyrir samsvarandi hóp-/undirhópsréttindi.

b) Umbreytingarnar skulu gerðar í samræmi við eftirfarandi umreikningstöflu:

1. að því er varðar flokk B1 eða C:

— þyrla með strokkhreyfli, full hópréttindi: umbreytt í ‚full undirhópsréttindi 2c' auk tegundarréttinda loftfars fyrir einshreyfilsþyrlur með strokkhreyfli sem eru í hópi 1,

— þyrla með strokkhreyfli, hópréttindi bundin við framleiðanda: umbreytt í samsvarandi ‚hópréttindi 2c bundin við framleiðanda' auk tegundarréttinda loftfars fyrir einshreyfilsþyrlur með strokkhreyfli sem eru frá þeim framleiðanda og í hópi 1,

— þyrla með hverfihreyfli, full hópréttindi: umbreytt í ‚full undirhópsréttindi 2b' auk tegundarréttinda loftfars fyrir einshreyfilsþyrlur með hverfihreyfli sem eru í hópi 1,

— þyrla með hverfihreyfli, hópréttindi bundin við framleiðanda: umbreytt í samsvarandi ‚hópréttindi 2b bundin við framleiðanda' auk tegundarréttinda loftfars fyrir einshreyfilsþyrlur með hverfihreyfli sem eru frá þeim framleiðanda og í hópi 1,

— eins hreyfils flugvél með strokkhreyfli — með burðarvirki úr málmi, annaðhvort full hópréttindi eða hópréttindi bundin við framleiðanda: umbreytt í ‚full hópréttindi 3‘. Eftirfarandi takmarkanir skulu eiga við um B1 skírteini: flugvélar með burðarvirki úr blönduðum efnivið, flugvélar með burðarvirki úr viði og flugvélar úr málmrörum sem eru klæddar með dúk,

— fjölhreyfla flugvélar með strokkhreyflum — með burðarvirki úr málmi, annaðhvort full hópréttindi eða hópréttindi bundin við framleiðanda: umbreytt í ‚full hópréttindi 3‘. Eftirfarandi takmarkanir skulu eiga við um B1 skírteini: flugvélar með burðarvirki úr blönduðum efnivið, flugvélar með burðarvirki úr viði og flugvélar úr málmrörum sem eru klæddar með dúk,

— eins hreyfils flugvél með strokkhreyfli — með burðarvirki úr viði, annaðhvort full hópréttindi eða hópréttindi bundin við framleiðanda: umbreytt í ‚full hópréttindi 3‘. Eftirfarandi takmarkanir skulu eiga við um B1 skírteini: flugvélar með burðarvirki úr málmi, flugvélar með burðarvirki úr blönduðum efniviði og flugvélar úr málmrörum sem eru klæddar með dúk,

— fjölhreyfla flugvélar með strokkhreyflum — með burðarvirki úr viði, annaðhvort full hópréttindi eða hópréttindi bundin við framleiðanda: umbreytt í ‚full hópréttindi 3‘. Eftirfarandi takmarkanir skulu eiga við um skírteini í flokki B1: flugvélar með burðarvirki úr málmi, flugvélar með burðarvirki úr blönduðum efniviði og flugvélar úr málmrörum sem eru klæddar með dúk,

— eins hreyfils flugvél með strokkhreyfli — með burðarvirki úr blönduðum efniviði, annaðhvort full hópréttindi eða hópréttindi bundin við framleiðanda: umbreytt í ‚full hópréttindi 3‘. Eftirfarandi takmarkanir skulu eiga við um skírteini í flokki B1: flugvélar með burðarvirki úr málmi, flugvélar með burðarvirki úr viði og flugvélar úr málmrörum sem eru klæddar með dúk,

— fjölhreyfla flugvél með strokkhreyfli — með burðarvirki úr blönduðum efniviði, annaðhvort full hópréttindi eða hópréttindi bundin við framleiðanda: umbreytt í ‚full hópréttindi 3‘. Eftirfarandi takmarkanir skulu eiga við um skírteini í flokki B1: flugvélar með burðarvirki úr málmi, flugvélar með burðarvirki úr viði og flugvélar úr málmrörum sem eru klæddar með dúk,

— flugvél, hverfihreyfill — eins hreyfils, full hópréttindi: umbreytt í ‚full réttindi fyrir undirhóp 2a‘ auk tegundarréttinda loftfars fyrir eins hreyfils skrúfuþotur, sem ekki var gerð krafa um tegundarréttindi fyrir í gamla kerfinu og eru í hópi 1,

— flugvél, hverfihreyfill — eins hreyfils, hópréttindi bundin framleiðanda: umbreytt í samsvarandi ‚undirhóps-réttindi 2a bundin við framleiðanda‘ auk tegundarréttinda loftfars fyrir þær einshreyfilsflugvélar með skrúfuhverfihreyflum sem eru frá þeim framleiðanda og ekki var gerð krafa um tegundarréttindi fyrir í fyrra kerfi og sem eru í hópi 1,

— flugvél, hverfihreyfill — fjölhreyfla, full hópréttindi: umbreytt í tegundarréttindi loftfars fyrir þær fjölhreyfla-flugvélar með skrúfuhverfihreyflum sem ekki var gerð krafa um tegundarréttindi fyrir í fyrra kerfi,

2. að því er varðar flokk B2:

— flugvél: umbreytt í ‚full undirhópsréttindi 2a‘ og ‚full hópréttindi 3‘ auk tegundarréttinda loftfars fyrir þær flugvélar sem ekki var gerð krafa um tegundarréttindi fyrir í fyrra kerfi og sem eru í hópi 1,

— þyrla: umbreytt í ‚full undirhópsréttindi 2b og 2c‘ auk tegundarréttinda loftfars fyrir þær þyrlur sem ekki var gerð krafa um tegundarréttinda fyrir í fyrra kerfi og sem eru í hópi 1,

3. að því er varðar flokk C:

— flugvél: umbreytt í ‚full undirhópsréttindi 2a‘ og ‚full hópréttindi 3‘ auk tegundarréttinda loftfars fyrir þær flugvélar sem ekki var gerð krafa um tegundarréttindi fyrir í fyrra kerfi og sem eru í hópi 1,

— þyrla: umbreytt í ‚full undirhópsréttindi 2b og 2c‘ auk tegundarréttinda loftfars fyrir þær þyrlur sem ekki var gerð krafa um tegundarréttinda fyrir í fyrra kerfi og sem eru í hópi 1,

c) Hafi takmarkanir verið á skírteininu í kjölfar umbreytingarferlisins sem um getur í lið 66.A.70 skulu þær takmarkanir vera áfram á skírteininu nema þeim sé aflétt samkvæmt skilyrðunum sem skilgreind eru í viðeigandi umbreytingarskýrslu sem um getur í lið 66.B.300.

66.B.130 **Verklag vegna beins samþykkis á tegundarþjálfun á loftfar**

Í samræmi við 1. lið í III. viðbæti þessa viðauka (66. hluta) getur lögbært yfirvald samþykkt tegundarþjálfun á loftfar sem ekki er framkvæmt af viðhaldskennslufyrirtæki, sem samþykkt er í samræmi við IV. viðauka (147. hluta). Í slíkum tilfellum skal lögbært yfirvald fara að tilteknu verklagi til að tryggja að tegundarþjálfunin uppfylli kröfur III. viðbætis þessa viðauka (66. hluta).

C-KAFLI

PRÓF

Í þessum kafla er kveðið á um verklag sem fylgja ber við framkvæmd prófa sem lögbæra yfirvaldið heldur.

66.B.200 **Prófahald á vegum lögbæra yfirvaldsins**

a) Geyma skal allar prófspurningar á öruggan hátt fyrir próf til að tryggja að próftakendur fái ekki vitneskju um hvaða spurningar verði lagðar fyrir á prófinu.

b) Lögbæra yfirvaldið skal tilnefna:

1. aðila sem velja hvaða spurningar verða notaðar á hverju prófi,

2. prófdómara sem skulu vera til staðar á meðan á öllum prófum stendur til að tryggja áreiðanleika prófanna.

c) Grunnpróf skulu uppfylla staðalinn sem er tilgreindur í I. og II. viðbæti við þennan viðauka (66. hluta).

d) Próf í tegundarþjálfun og tegundarpróf skulu uppfylla staðalinn sem er tilgreindur í III. viðbæti við þennan viðauka (66. hluta).

e) Útbúa skal nýjar ritgerðarspurningar á a.m.k. sex mánaða fresti og spurningar sem þegar hafa verið notaðar skulu teknar úr notkun eða geymdar um tíma. Skrá yfir notaðar spurningar skal varðveitt og notuð til viðmiðunar.

f) Öllum prófverkefnum skal dreift til próftakenda í upphafi prófsins og skilað til prófdómarans í lok tilgreinds próftíma. Ekki er heimilt að fara með prófblöð úr prófstofunni á tilgreindum próftíma.

g) Að frátöldum sérstökum skjölum, sem eru nauðsynleg fyrir tegundarpróf, skulu einungis prófverkefnin vera tiltæk próftakandanum á meðan á prófinu stendur.

h) Skilja skal próftakendur að til að þeir geti ekki lesið á prófverkefni hver annars. Þeim er ekki heimilt að tala við aðra en prófdómarann.

i) Verði próftakendur uppvísir að svindli í prófi skal þeim bannað að taka frekari próf í 12 mánuði frá þeim prófdegi sem þeir urðu uppvísir að svindli.

D-KAFLI

UMBREYTING Á STARFSRÉTTINDUM VIÐHALDSVOTTA

Í þessum kafla er kveðið á um verklagsreglur í tengslum við umbreytingu á starfsréttindum viðhaldsvotta, sem um getur í lið 66.A.70, í skírteini flugvéltæknis.

66.B.300 **Almenn ákvæði**

a) Lögbært yfirvald getur aðeins umbreytt starfsréttindum: i. sem fengust í því aðildarríki þar sem yfirvaldið er lögbært, án þess að það hafi áhrif á tvíhliða samninga og ii. sem voru gild áður en viðeigandi kröfur þessa viðauka (66. hluta) öðluðust gildi.

b) Lögbæra yfirvaldinu er einungis heimilt að umbreyta starfsréttindum í samræmi við umbreytingarskýrslu sem er unnin skv. 66.B.305 eða 66.B.310, eftir því sem við á.

c) Umbreytingarskýrslur skulu annaðhvort i. vera unnar af lögbæru yfirvaldi eða ii. samþykktar af lögbæra yfirvaldinu til að tryggja að farið sé að ákvæðum þessa viðauka (66. hluta).

d) Lögbært yfirvald skal hafa umbreytingarskýrslur, ásamt öllum breytingum á þeim, á skrá í samræmi við 66.B.20.

66.B.305 **Umbreytingarskýrsla fyrir landsbundin starfsréttindi**

a) Í umbreytingarskýrslunni fyrir landsbundin starfsréttindi skal lýsa umfangi hverrar tegundar starfsréttinda, þ.m.t., ef við á, tengt landsskírteini, tengd réttindi og eintak af viðeigandi landsbundnum reglugerðum sem skilgreina þau réttindi.

b) Í umbreytingarskýrslunni skal, fyrir hverja tegund starfsréttinda sem um getur í a-lið, sýna:

1. í hvaða skírteini flugvéltæknis þeim verði umbreytt og

2. hvaða takmarkanir bætast við í samræmi við c- eða d-lið í 66.A.70, eins og við á, og

3. skilyrðin fyrir því að takmörkunum verði aflétt, þar sem tilgreindir eru þeir námsáfangar/námsgreinar sem ljúka þarf prófi í til að takmörkunum verði aflétt og fá skírteini flugvéltæknis án takmarkana, eða til að bæta við flokki eða undirflokki. Þetta skal ná yfir þá námsáfanga sem skilgreindir eru í III. viðbæti við þennan viðauka (66. hluta) en falla ekki undir landsbundin starfsréttindi.

66.B.310 **Umbreytingarskýrsla fyrir heimildir samþykktra viðhaldsfyrirtækja**

a) Í umbreytingarskýrslunni skal, fyrir hvert samþykkt viðhaldsfyrirtæki sem um er að ræða, lýsa gildissviði hverrar tegundar heimildar sem gefin er út af viðhaldsfyrirtækinu og innihalda afrit af viðeigandi verklagsreglum samþykkta viðhaldsfyrirtækisins um starfsréttindi og heimildir viðhaldsvotta sem umbreytingarferlið byggist á.

b) Í umbreytingarskýrslunni skal, fyrir hverja tegund heimildar sem um getur í a-lið, sýna:

1. í hvaða skírteini flugvéltæknis þeim verði umbreytt og

2. hvaða takmarkanir bætast við í samræmi við c- eða d-lið liðar 66.A.70, eins og við á, og

3. skilyrðin fyrir því að takmörkunum verði aflétt, þar sem tilgreindir eru þeir námsáfangar/námsgreinar sem ljúka þarf prófi í til að takmörkunum verði aflétt og fá skírteini flugvéltæknis án takmarkana, eða til að bæta við flokki eða undirflokki. Þetta skal ná yfir þá námsáfanga sem skilgreindir eru í III. viðbæti við þennan viðauka (66. hluta) en falla ekki undir landsbundin starfsréttindi.

E-KAFLI

NÁMSMAT

Í þessum hluta er kveðið á um málsmeðferð við veitingu námsmats í samræmi við c-lið 66.A.25.

66.B.400 **Almenn ákvæði**

a) Lögbæra yfirvaldið getur einungis gefið mat á grundvelli námsmatsskýrslu sem er samin í samræmi við lið 66.B.405.

b) Námsmatsskýrslan skal annaðhvort: i. unnin af lögbæru yfirvaldi eða ii. samþykkt af lögbæra yfirvaldinu til að tryggja að farið sé að ákvæðum þessa viðauka (66. hluta).

c) Lögbært yfirvald skal dagsetja allar námsmatsskýrslur, ásamt öllum breytingum á þeim, og hafa á skrá í samræmi við 66.B.20.

66.B.405 **Námsmatsskýrsla**

a) Námsmatsskýrslan skal innihalda samanburð:

i. á námsáföngum, undiráföngum, námsgreinum og þekkingarkröfum sem tilgreind eru í I. viðbæti við þennan viðauka (66. hluta), eftir því sem við á, og

ii. á námsefni fyrir tæknileg starfsréttindi sem um er að ræða fyrir viðkomandi flokk sem sóst er eftir.

Með samanburðinum skal tilgreina hvort samræmis sé gætt og skal hver slík fullyrðing rökstudd.

b) Aðeins lögbært yfirvald þess aðildarríkis þar sem starfsréttindin fengust getur metið próf, önnur en próf í grunnþekkingu sem fara fram í viðhaldskennslufyrirtækjum, sem samþykkt eru í samræmi við IV. viðauka (147. hluta), án þess að það hafi áhrif á tvíhliða samninga.

c) Ekki er hægt að gefa neitt mat nema það liggi fyrir yfirlýsing um samræmi fyrir sérhvern námsáfanga og undiráfanga þar sem fram kemur hvar finna megi sambærilegan staðal í tæknilegu starfsréttindunum.

d) Lögbært yfirvald skal reglulega athuga hvort breyting hafi orðið á i. landsbundnum starfsréttindastaðli eða ii. I. viðbæti við þennan viðauka (66. hluta) og meta hvort nauðsynlegt sé að breyta námsmatsskýrslunni. Slíkar breytingar skal skjalfesta, dagsetja og hafa á skrá.

66.B.410 **Gildistími námsmats**

a) Lögbært yfirvald skal tilkynna umsækjanda skriflega um alla námsáfanga sem hafa fengist metnir ásamt tilvísun í námsmatsskýrsluna sem notast var við.

b) Námsmatsskýrsla fellur úr gildi tíu árum eftir útgáfu hennar.

c) Þegar námsmatsskýrslan fellur úr gildi getur umsækjandinn sótt um nýtt mat. Hafi kröfur um grunnþekkingu, sem skilgreindar eru í I. viðbæti við þennan viðauka (66. hluta), ekki breyst skal lögbært yfirvald framlengja gildi námsmatsskýrslunnar um 10 ár til viðbótar án frekari athugunar.

F-KAFLI

SAMFELLT EFTIRLIT

Í þessum hluta er lýst verklagi því sem gildir í tengslum við samfellt eftirlit með skírteini flugvéltæknis og einkum vegna afturköllunar, tímabundinnar ógildingar eða takmörkunar á skírteini flugvéltæknis.

66.B.500 **Afturköllun, tímabundin ógilding eða takmörkun á skírteini flugvéltæknis**

Lögbæra yfirvaldið skal ógilda tímabundið, takmarka eða afturkalla skírteini flugvéltæknis ef það hefur greint öryggisvanda eða hefur ótvíræðar sannanir fyrir því að viðkomandi hafi framkvæmt eða átt þátt í einhverju af því sem hér fer á eftir:

1. fengið skírteini flugvéltæknis og/eða vottunarréttindi með því að falsa skjöl,
2. vanrækt að framkvæma það viðhald sem óskað var eftir ásamt því að tilkynna það ekki til fyrirtækisins eða aðilans sem óskaði eftir viðhaldsvinnunni,
3. vanrækt að framkvæma það viðhald sem skoðun hans leiddi í ljós að var nauðsynlegt ásamt því að tilkynna það ekki til fyrirtækisins eða aðilans sem hann átti að vinna viðhaldið fyrir,
4. sýnt kæruleysi við viðhaldsstörf,
5. falsað viðhaldsskrár,
6. gefið út viðhaldsvottorð vitandi að viðhaldið, sem tilgreint var á vottorðinu, hefur ekki verið framkvæmt eða án þess að ganga úr skugga um að það hefði verið framkvæmt,
7. unnið viðhaldsvinnu eða gefið út viðhaldsvottorð undir áhrifum áfengis eða lyfja,
8. gefið út viðhaldsvottorð án þess að uppfylla kröfurnar í I. viðauka (M-hluta), II. viðauka (145. hluta) eða III. viðauka (66. hluta).

_____

I. viðbætir

Kröfur um grunnþekkingu

1. **Þekkingarstig fyrir skírteini flugvéltæknis í flokkum A, B1, B2, B3 og C**

Kröfur um grunnþekkingu fyrir flokka A, B1, B2 og B3 eru auðkenndar með þekkingarstigum (1, 2 eða 3) fyrir hverja viðkomandi námsgrein. Umsækjendur í flokki C skulu annaðhvort uppfylla kröfur um grunnþekkingu fyrir flokk B1 eða B2.

Þekkingarstigin eru skilgreind í 3 stigum með eftirfarandi hætti:

— *1. STIG Kunnugleiki á helstu þáttum námsgreinarinnar.*

Markmið:

a) Umsækjandi skal kunna skil á grunnþáttum námsgreinarinnar.

b) Umsækjandi skal vera fær um að gefa einfalda lýsingu á námsgreininni í heild í almennum orðum og með dæmum.

c) Umsækjandinn skal vera fær um að nota dæmigerð íðorð.

— *2. STIG Almenn þekking á fræðilegum og verklegum þáttum námsgreinarinnar og færni til að nota þá þekkingu.*

Markmið:

a) Umsækjandinn skal vera fær um að skilja fræðileg grundvallaratriði námsgreinarinnar.

b) Umsækjandi skal vera fær um að gefa almenna lýsingu á námsgreininni, með dæmum eftir því sem við á.

c) Umsækjandi skal vera fær um að nota stærðfræðiformúlur ásamt eðlisfræðilegum lögmálum sem lýsa námsgreininni.

d) Umsækjandi skal vera fær um að lesa úr og skilja uppdrætti, teikningar og skýringarmyndir sem lýsa viðfangsefninu.

e) Umsækjandi skal vera fær um að nota þekkingu sína á hagnýtan hátt með því að fylgja ítarlegum verklagsreglum.

— *3. STIG Ítarleg þekking á fræðilegum og verklegum þáttum námsgreinarinnar og færni til að sameina og nota mismunandi þekkingaratriði á rökrænan og heildstæðan hátt.*

Markmið:

a) Umsækjandi skal þekkja kenningar á sviði námsgreinarinnar og innbyrðis tengsl við aðrar námsgreinar.

b) Umsækjandi skal vera fær um að gefa ítarlega lýsingu á námsgreininni í heild með því að nota fræðileg grundvallaratriði og sértæk dæmi.

c) Umsækjandi skal skilja og vera fær um að nota þær stærðfræðiformúlur sem varða námsgreinina.

d) Umsækjandi skal vera fær um að lesa úr, skilja og gera uppdrætti, einfaldar teikningar og skýringarmyndir sem lýsa viðfangsefninu.

e) Umsækjandi skal vera fær um að nota þekkingu sína á hagnýtan hátt með því að fylgja leiðbeiningum framleiðanda.

f) Umsækjandi skal vera fær um að túlka niðurstöður úr mismunandi heimildum og mælingum og gera leiðréttingar ef við á.

2. **Áfangaskipting**

Nám í grunngreinum fyrir hvern flokk eða undirflokk skírteinis flugvéltæknis skal vera í samræmi við eftirfarandi töflu þar sem viðeigandi námsgreinar eru auðkenndar með „X“:

Náms-áfangi	Flugvél í flokki A eða B1 með:		Þyrla í flokki A eða B1 með:		B2	B3
	Hverfihreyfli eða -hreyflum	Strokkhreyfli eða -hreyflum	Hverfihreyfli eða -hreyflum	Strokkhreyfli eða -hreyflum	Rafeindabúnaður loftfara	Flugvélar sem knúnar eru með strokkhreyfli en hafa ekki jafnþrýstibúnað og eru með 2000 kg hámarksflugtaksmassa eða þar undir
1	X	X	X	X	X	X
2	X	X	X	X	X	X
3	X	X	X	X	X	X
4	X	X	X	X	X	X
5	X	X	X	X	X	X
6	X	X	X	X	X	X
7A	X	X	X	X	X	
7B						X
8	X	X	X	X	X	X
9A	X	X	X	X	X	
9B						X
10	X	X	X	X	X	X
11A	X					
11B		X				
11C						X
12			X	X		
13					X	
14					X	
15	X		X			
16		X		X		X
17A	X	X				
17B						X

1. ÁFANGI: STÆRÐFRÆÐI

		STIG			
		A	B1	B2	B3
1.1	*Reikningur* Hugtök og tákn í reikningi, aðferðir við margföldun og deilingu, brot og tugabrot, þættir og margfeldi, vægi, mál og umreikningsstuðlar, hlutfall og hlutfallajafna, meðaltal og hundraðshlutar, flatarmál og rúmmál, tvíveldi, þríveldi, önnur og þriðja rót.	1	2	2	2

		STIG			
		A	B1	B2	B3
1.2	*Algebra*				
	a) Útreikningur á einföldum algebrustæðum, samlagning, frádráttur, margföldun og deiling, notkun sviga, einföld algebrubrot.	1	2	2	2
	b) Línulegar jöfnur og lausnir þeirra.	—	1	1	1
	Veldisvísar og veldi, neikvæðir og brotnir veldisvísar. Tvíundakerfið og önnur viðeigandi talnakerfi. Jöfnuhneppi og annars stigs jöfnur með einni óþekktri stærð. Lograr.				
1.3	*Rúmfræði*				
	a) Einfaldar rúmfræðilegar teikningar.	—	1	1	1
	b) Myndræn framsetning, eðli og notkun línurita, línurit jafna og falla.	2	2	2	2
	c) Einföld hornafræði, hornafræðileg vensl, notkun taflna og rétthyrndra hnita og skauthnita.	—	2	2	2

2. ÁFANGI: EÐLISFRÆÐI

		STIG			
		A	B1	B2	B3
2.1	*Efni*	1	1	1	1
	Eðli efnis: frumefni, bygging frumeinda, sameindir.				
	Efnasambönd.				
	Ástand efnis: fast, fljótandi og loftkennt.				
	Breyting úr einu ástandi í annað.				
2.2	*Aflfræði*				
2.2.1	*Stöðufræði*	1	2	1	1
	Kraftar, kraftvægi og kraftapör, teikning vigra.				
	Þyngdarmiðja.				
	Þættir spennu-, aflögunar- og fjaðurfræði: tog, þjöppun, skúfun og vindingur.				
	Eðli og eiginleikar fastra, fljótandi og loftkenndra efna.				
	Þrýstingur og flotkraftur í vökvum (loftvogir)				
2.2.2	*Hvarfafræði*	1	2	1	1
	Línuleg hreyfing: jöfn hreyfing eftir beinni línu, hreyfing með jafnri hröðun (hreyfing í þyngdarsviði).				
	Snúningshreyfing, jöfn hringhreyfing (miðflótta- og miðsóknarkraftar).				
	Lotubundin hreyfing: sveifluhreyfing.				
	Einföld sveiflufræði, hreintóna sveiflur og meðsveiflur.				
	Hraðahlutfall, mögnun og aflræn nýting.				
2.2.3	*Hreyfifræði*				
	a) Massi.	1	2	1	1
	Kraftur, tregða, vinna, afl, orka (stöðuorka, hreyfiorka og heildarorka), varmi, nýtni.				
	b) Skriðþungi, varðveisla skriðþunga.	1	2	2	1
	Atlag. Lögmál snúðu. Núningur: eðli og áhrif, núningsstuðull (veltiviðnám).				

		STIG			
		A	B1	B2	B3
2.2.4	*Straumfræði*				
	a) Eðlisþyngd og eðlismassi.	2	2	2	2
	b) Seigja, vökvaviðnám, áhrif straumlínulögunar,	1	2	1	1
	áhrif þjappanleika á vökva. Stöðu-, hreyfi- og heildarþrýstingur: Setning Bernoullis, Venturi.				
2.3	*Varmafræði*				
	a) Hitastig: hitamælar og hitakvarðar: Celsíus, Fahrenheit og Kelvín-kvarðar, skilgreining á varma.	2	2	2	2
	b) Varmarýmd, eðlisvarmi.	—	2	2	1
	Varmaflutningur: streymi, geislun og leiðing. Rúmmálsþensla. Fyrsta og annað lögmál varmafræðinnar. Lofttegundir: lögmál kjörlofttegunda, eðlisvarmi við stöðugan þrýsting og stöðugt rúmmál, vinna sem fer fram þegar lofttegund þenst út. Óvermin jafnhitaþensla og jafnhitaþjöppun, vinnuhringir hreyfils, stöðugt rúmmál og stöðugur þrýstingur, kælar og varmadælur. Bræðsluvarmi og gufunarvarmi, varmaorka, brennsluvarmi.				
2.4	*Ljósfræði (ljós)*	—	2	2	—
	Eðli ljóss, hraði ljóss.				
	Lögmál speglunar og ljósbrots: speglun í sléttu yfirborði, speglun með kúluspeglum, ljósbrot, linsur.				
	Ljósleiðaratækni.				
2.5	*Bylgjuhreyfing og hljóð*	—	2	2	—
	Bylgjuhreyfing: aflrænar bylgjur, sínusbylgjuhreyfing, bylgjuvíxl, staðbylgjur.				
	Hljóð: hraði hljóðs, myndun hljóðs, styrkur, tónhæð og tóngæði, Dopplerhrif.				

3. ÁFANGI: GRUNDVALLARATRIÐI RAFMAGNS

		STIG			
		A	B1	B2	B3
3.1	*Rafeindafræði*	1	1	1	1
	Bygging og dreifing rafhleðslu í: frumeindum, sameindum, jónum og efnasamböndum.				
	Sameindabygging leiðara, hálfleiðara og einangrara.				
3.2	*Stöðurafmagn og leiðing*	1	2	2	1
	Stöðurafmagn og dreifing rafstöðuhleðslu.				
	Rafstöðulögmál aðdráttar og fráhrindingar.				
	Einingar rafhleðslu, lögmál Coulombs.				
	Leiðing rafmagns í föstum, fljótandi og loftkenndum efnum og í lofttæmi.				
3.3	*Rafmagnshugtök*	1	2	2	1
	Eftirfarandi hugtök, einingar þeirra og þættir sem hafa áhrif á þau: spennumunur, íspenna, spenna, straumur, viðnám, leiðni, rafhleðsla, hefðbundið flæði straums, rafeindaflæði.				

		STIG			
		A	B1	B2	B3
3.4	*Raforkuvinnsla*	1	1	1	1
	Framleiðsla rafmagns með eftirfarandi aðferðum: ljósi, varma, núningi, þrýstingi, efnahvarfi, segulmagni og hreyfingu.				
3.5	*Jafnstraumsgjafar*	1	2	2	2
	Uppbygging og aðalefnahvörf í: einnota rafhlöðum, endurhlaðanlegum rafhlöðum, blýrafhlöðum, nikkel-kadmíum-rafhlöðum, öðrum basískum rafhlöðum.				
	Raðtengdar og hliðtengdar rafhlöður.				
	Innra viðnám og áhrif þess á rafhlöður.				
	Uppbygging, efniviður og starfsemi tvinna.				
	Starfsemi ljósnema.				
3.6	*Jafnstraumsrásir*	—	2	2	1
	Lögmál Ohms, lögmál Kirchoffs um spennu og straum.				
	Útreikningar á viðnámi, spennu og straumi með framangreindum lögmálum.				
	Þýðing innra viðnáms spennugjafa.				
3.7	*Viðnám*				
	a) Viðnám og áhrifaþættir.	—	2	2	1
	Eðlisviðnám. Litakóðar, gildi og vikmörk viðnáma, valgildi, málafl (e. *wattage rating*). Raðtengd og hliðtengd viðnám. Útreikningur á heildarviðnámi með raðtengingu, hliðtengingu og rað- og hliðtengingu. Starfsemi og notkun spennudeila og stilliviðnáms. Starfsemi Wheatstone-brúar.				
	b) Jákvæður og neikvæður hitastuðull fyrir leiðni.	—	1	1	—
	Fast viðnám, stöðugleiki, vikmörk og takmarkanir, aðferðir við smíði. Breytilegt viðnám, hitanæmt viðnám (e. *thermistor*), spennuháð viðnám. Uppbygging spennudeila (e. *potentiometers*) og stilliviðnáms. Uppbygging Wheatstone-brúar.				
3.8	*Afl*	—	2	2	1
	Afl, vinna og orka (hreyfiorka og stöðuorka).				
	Afltap í viðnámi.				
	Aflformúla.				
	Útreikningar er varða afl, vinnu og orku.				
3.9	*Rýmd/þéttir*	—	2	2	1
	Starfsemi og virkni þéttis.				
	Þættir sem hafa áhrif á rýmd, plötuyfirborð, fjarlægð milli platna, fjölda platna, rafsvara (e. *dielectric*) og rafsvörunarstuðul, álagsspennu og málspennu (e. *voltage rating*).				
	Tegundir þétta, uppbygging og virkni.				
	Litakóðar þétta.				
	Útreikningur á rýmd og spennu í rað- og hliðtengdum straumrásum.				
	Hleðsla og afhleðsla þéttis samkvæmt vísisfalli, tímastuðlar.				
	Prófun þétta.				

		STIG			
		A	B1	B2	B3
3.10	*Segulmagn*				
	a) Segulfræði.	—	2	2	1
	Eiginleikar seguls.				
	Verkun seguls sem er hengdur upp í segulsviði jarðar.				
	Seglun og afseglun.				
	Segulskýling.				
	Ýmsar tegundir segulefnis.				
	Uppbygging rafsegla og undirstöðuatriði starfsemi þeirra.				
	Hægrihandarreglan til að ákvarða segulsvið í kringum leiðara sem straumur fer um.				
	b) Segulíspenna, sviðsstyrkur, þéttleiki segulflæðis, segulsvörunarstuðull, segulheldnilykkja (e. *hysteresis loop*), heldnigeta (e. *retentivity*), viðnám gegn afseglun, mettunarmark, iðustraumar.	—	2	2	1
	Varúðarráðstafanir við meðhöndlun og geymslu segla.				
3.11	*Spanstuðull/spanald*	—	2	2	1
	Faraday-lögmál.				
	Spönun spennu í leiðara sem hreyfir sig í segulsviði.				
	Spanlögmál.				
	Áhrif eftirfarandi á styrk spanaðrar spennu: styrkur segulsviðs, breytingarhraði segulflæðis, fjöldi leiðaravafninga.				
	Víxlspan.				
	Áhrif breytingarhraða forstraums og víxlspans á spanaða spennu.				
	Þættir sem hafa áhrif á víxlspennu: fjöldi vafninga í spólu, stærð sjálfrar spólunnar, segulsvörunarstuðull spólu, innbyrðis afstaða spóla.				
	Lenz-lögmál og reglur til að ákvarða skautstefnu.				
	Spönuð mótspenna, sjálfspan.				
	Mettunarmark.				
	Helsta notkun spanalda.				
3.12	*Jafnstraumshreyfilfræði/-rafalafræði*	—	2	2	1
	Grunnatriði hreyfil- og rafalafræða.				
	Uppbygging og hlutverk íhluta í jafnstraumsrafala.				
	Starfsemi jafnstraumsrafala og þættir sem hafa áhrif á afköst þeirra og stefnu rafstraums í þeim.				
	Starfsemi jafnstraumshreyfla og þættir sem hafa áhrif á útafl þeirra, snúningsvægi, hraða og snúningsstefnu.				
	Raðtengdur rafmótor, affallsmótor og fleirvafinn rafmótor.				
	Uppbygging ræsirafala.				
3.13	*Riðstraumsfræði*	1	2	2	1
	Sinuslaga bylgjur: fasi, sveiflutími, tíðni, lota.				
	Augnabliksgildi, meðalgildi, virkt gildi (rms), toppgildi og millitoppagildi straums og útreikningur á þessum gildum með hliðsjón af spennu, straumi og afli.				
	Þríhyrndar bylgjur/ferhyrndar bylgjur.				
	Undirstöðuatriði einfasa og þrífasa.				

		STIG			
		A	B1	B2	B3
3.14	*Viðnáms- (R), rýmdar- (C) og span- (L) rásir*	—	2	2	1
	Fasasambandið milli spennu og straums í hliðtengdum, raðtengdum og rað- og hliðtengdum L-, C- og R-rásum.				
	Afltap í L-, C- og R-rásum.				
	Útreikningur á samviðnámi, fasahorni, aflstuðli og rafstraumi.				
	Útreikningur á raunafli, sýndarafli og launafli.				
3.15	*Spennubreytar*	—	2	2	1
	Undirstöðuatriði uppbyggingar og starfsemi spennubreyta.				
	Orkutap í spennubreytum og aðferðir til að ráða bót á því.				
	Starfsemi spennubreyta undir álagi og í lausagangi.				
	Aflflutningur, nýtni, skautmerkingar.				
	Útreikningur á línu- og fasaspennu og línu og fasastraumi.				
	Útreikningur á afli í þrífasakerfi.				
	For- og bakstraumur, spenna, vafningahlutfall, afl, nýtni.				
	Einvafsspennir.				
3.16	*Síur*	—	1	1	—
	Starfsemi, beiting og notkun eftirfarandi sía: lághleypisíu, háhleypisíu, bandhleypisíu og bandgirðisíu.				
3.17	*Riðstraumsrafalar*	—	2	2	1
	Snúningur lykkju í segulsviði og bylgjuformið sem myndast.				
	Starfsemi og uppbygging riðstraumsrafala, annars vegar með snúðvafi og hins vegar með hverfisviði.				
	Einfasa, tvífasa og þrífasa riðstraumsrafalar.				
	Kostir og notkun þrífasa stjörnu- og þríhyrningstenginga.				
	Rafalar með sísegli.				
3.18	*Riðstraumshreyflar*	—	2	2	1
	Uppbygging, undirstöðuatriði starfsemi og einkenni: samfasa riðstraumshreyfla og riðstraumsspanhreyfla, bæði einfasa og fjölfasa.				
	Aðferðir við hraðastjórn og snúningsstefnu.				
	Aðferðir við myndun snúningssviðs: þéttir, spanald, skyggður eða klofinn póll.				

4. ÁFANGI: GRUNDVALLARATRIÐI RAFEINDATÆKNI

		STIG			
		A	B1	B2	B3
4.1	*Hálfleiðarar*				
4.1.1	*Tvistar (díóður)*				
	a) Tvistatákn.	—	2	2	1
	Einkenni og eiginleikar tvista.				
	Rað- og hliðtengdir tvistar.				
	Helstu einkenni og notkun á kísilstýrðum afriðlum (rofsmárum: e. *thyristors*), ljóstvistum, ljósnæmum tvistum, rafeindaviðnámi (e. *varistor*), afriðlum (e. *rectifier diodes*).				
	Prófun á virkni tvista.				

		STIG			
		A	B1	B2	B3
	b) Efni, rafeindaskipan, rafeiginleikar.	—	—	2	—
	Rafleiðandi hálfleiðarar (p- og n-hálfleiðarar): áhrif veilna á leiðingu, ríkjandi (e. *majority*) og víkjandi (e. *minority*) hleðsluberar.				
	pn-samskeyti í hálfleiðara, spennufall yfir pn-samskeyti án forspennu og með framspennu og bakspennu.				
	Kennistærðir tvista: hámarksbakspenna, hámarksstraumgildi við framspennu, hitastig, tíðni, lekastraumur, afltap.				
	Starfsemi og virkni tvista í eftirfarandi straumrásum: klippum (e. *clipper*), klemmum (e. *clamper*), heilbylgju- og hálfbylgjuafriðlum, brúarafriðlum, spennutvöföldurum og spennuþreföldurum.				
	Nákvæm lýsing á starfsemi og einkennum eftirfarandi búnaðar: kísilstýrða afriðla (rofsmára), ljóstvista, Shottky-skeyta (e. *Shottky diode*), ljósnæmra tvista, gagnvirkra tvista, rafeindaviðnáms, afriðla, Zener-tvista.				
4.1.2	*Smárar*				
	a) Smáratákn.	—	1	2	1
	Lýsing íhluta og áttun.				
	Einkenni og eiginleikar smára.				
	b) Uppbygging og starfsemi pnp- og npn-smára.	—	—	2	—
	Útfærslur með beini, gleypi og eimi.				
	Prófun smára.				
	Grunnþekking á öðrum tegundum smára og notkun þeirra.				
	Beiting smára: flokkar magnara (A, B og C).				
	Einfaldar straumrásir, þ.m.t.: forspenna, aftengsl, afturverkun og stöðgun.				
	Undirstöðuatriði fjölþrepastraumrása: keðjustraumrásir, tvístefnustraumrásir, sveifluvakar, vippur (e. *multivibrators*) og vippurásir (e. *flip-flop circuits*).				
4.1.3	*Samrásir*				
	a) Lýsing á rökrásum og línulegum rásum/aðgerðamögnurum og starfsemi þeirra.	—	1	—	1
	b) Lýsing á rökrásum og línulegum rásum og starfsemi þeirra.	—	—	2	—
	Kynning á starfsemi og virkni aðgerðamagnara sem er notaður sem: tegurrás, diffurrás, spennufylgir, samberi.				
	Starfsemi og aðferðir við tengingar magnarastiga: viðnáms-rýmdartenging, spantenging (spennubreytir), span-viðnámstenging (IR), beintenging.				
	Kostir og gallar jákvæðrar og neikvæðrar afturverkunar.				
4.2	*Prentplötur*	—	1	2	—
	Lýsing og notkun prentplatna.				
4.3	*Sjálfstýribúnaður*				
	a) Skilningur á eftirfarandi hugtökum: Opin og lokuð stýrikerfi, afturverkun, eftirfylgni, hliðræn ferjöld.	—	1	—	—
	Undirstöðuatriði starfsemi og notkun eftirfarandi íhluta/þátta samtakta kerfa: mismunar-, stýringar- og snúningsvægishnitgreina (hnitgreinir: e. *resolver*), breyta, span- og rýmdarsenda.				
	b) Skilningur á eftirfarandi hugtökum: Opinn og lokaður stýrikerfi, eftirfylgni, stýriþrælar, hliðrænn, ferjald, núll, róun (e. *damping*), afturverkun, deyðubil.	—	—	2	—
	Uppbygging, starfsemi og notkun eftirfarandi íhluta samtakta kerfa: mismunar-, stýringar- og snúningsvægishnitgreina, E- og I-breyta, spansenda, rýmdarsenda og samtakta senda.				
	Gallar í sjálfstýribúnaði, víxlun á samtöktunarleiðslum, vag.				

5. ÁFANGI: STAFRÆN TÆKNI/RAFEINDAMÆLAKERFI

		STIG				
		A	B1-1 B1-3	B1-2 B1-4	B2	B3
5.1	*Rafeindamælakerfi*	1	2	2	3	1
	Dæmigerðar kerfislausnir fyrir rafeindamælakerfi og fyrirkomulag rafeindamælakerfa í stjórnklefa.					
5.2	*Talnakerfi*	—	1	—	2	—
	Talnakerfi: tvíundakerfið, áttundakerfið og sextándakerfið,					
	Kunnátta í umreikningi milli tugakerfis og tvíunda-, áttunda- og sextándakerfisins og öfugt.					
5.3	*Umskráning gagna*	—	1	—	2	—
	Hliðræn gögn, stafræn gögn.					
	Starfsemi og beiting flaumbreyta (breyta úr hliðrænu yfir í stafrænt) og stafbreyta (breyta úr stafrænu yfir í hliðrænt), ílag og frálag, ýmsar tegundir takmarkana.					
5.4	*Gagnabrautir*	—	2	—	2	—
	Starfsemi gagnabrauta í kerfum loftfara, þ.m.t. þekking á ARINCforskriftum og öðrum forskriftum.					
	Netkerfi/íðnet loftfars.					
5.5	*Rökrásir*					
	a) Tilgreining algengra rökhliðatákna, töflur og jafngildisrásir.	—	2	—	2	1
	Forrit sem eru notuð í loftfarskerfi, skýringarmyndir.					
	b) Túlkun rökmynda.	—	—	—	2	—
5.6	*Grunnbygging tölvu*					
	a) Tölvuíðorð (þ.m.t. biti, bæti, hugbúnaður, vélbúnaður, miðverk (CPU), samrás (IC) og ýmis minnisbúnaður, s.s. vinnsluminni (RAM), lesminni (ROM) og forritanlegt lesminni (PROM)).	1	2	—	—	—
	Tölvutækni (eins og henni er beitt í loftfarskerfum).					
	b) Tölvutengd íðorð.	—	—	—	2	—
	Starfsemi, skipulag og skilfletir helstu íhluta í örtölvu, þ.m.t. gagnabrautakerfin sem þeim tengjast. Upplýsingar í skipanaorðum með eitt og mörg vistföng. Hugtök sem varða minnið. Starfsemi dæmigerðra minnisgeymslna. Starfsemi, kostir og gallar mismunandi gagnageymslukerfa.					
5.7	*Örgjörvar*	—	—	—	2	—
	Aðgerðir, sem örgjörvi framkvæmir, og heildarstarfsemi hans.					
	Grunnstarfsemi hverra eftirtalinna örgjörvaeininga: stýriverks og miðverks, klukku, gistis og reikni- og rökverks.					
5.8	*Samrásir*	—	—	—	2	—
	Starfsemi og notkun kóðara og afkóðara.					
	Virkni mismunandi tegunda kóðara.					
	Notkun miðlungssamrásunar og víðtækrar og mjög víðtækrar samrásunar.					
5.9	*Fjölrásun*	—	—	—	2	—
	Starfsemi, beiting og auðkenni í rökmyndum fjölrásara og fjölrásagreina.					

		STIG				
		A	B1-1 B1-3	B1-2 B1-4	B2	B3
5.10	*Ljósleiðaratækni* Kostir og gallar þess að flytja gögn um ljósleiðara fremur en rafstrengi. Gagnabraut um ljósleiðara. Hugtök sem varða ljósleiðaratækni. Endabúnaður. Tengjöld, stjórnstöðvar, útstöðvar. Beiting ljósleiðaratækni í kerfum loftfara.	—	1	1	2	—
5.11	*Rafrænir skjáir* Undirstöðuatriði starfsemi algengra tegunda skjáa í nútímaloftförum, þ.m.t.: myndlampar, ljóstvistar og vökvakristallaskjáir.	—	2	1	2	1
5.12	*Rafstöðunæm tæki* Sérstök meðhöndlun íhluta sem eru næmir fyrir rafstöðuhleðslu. Vitneskja um áhættu og hugsanlegar skemmdir, búnaður sem verndar íhluti og starfsfólk fyrir stöðurafmagni.	1	2	2	2	1
5.13	*Eftirlit með hugbúnaðarstjórnun* Vitneskja um takmarkanir, lofthæfikröfur og þau slys sem ósamþykktar breytingar á hugbúnaðarforritum geta valdið.	—	2	1	2	1
5.14	*Rafsegulumhverfi* Áhrif eftirfarandi fyrirbæra á starfsvenjur í viðhaldi rafeindakerfa: Rafsegulsviðssamhæfi (EMC). Rafsegultruflanir (EMI). Kröftugt geislunarsvið (e. *high intensity radiated field*- HIRF). Elding/eldingarvari.	—	2	2	2	1
5.15	*Dæmigerð rafeindakerfi/stafræn kerfi loftfara* Almennar lausnir fyrir dæmigerð rafeindakerfi/stafræn kerfi loftfara og tilheyrandi innbyggð prófunarkerfi (e. *built in test equipment*- BITE), s.s.: a) Fyrir B1 og B2 eingöngu: ACARS-kerfið – fjarskipta og tilkynningarkerfi ARINC-flugfjarskiptafyrirtækisins (e. *ARINC Communication and Addressing and Reporting System*). EICAS-kerfið – hreyfil- og viðvörunarskjákerfi (e. *Engine Indication and Crew Alerting System*). FBW – rafboðastýri (e. *Fly-by-Wire*). FMS – flugstýrikerfi (e. *Flight Management System*). IRS – tregðustaðsetningarkerfi (e. *Inertial Reference System*). b) Fyrir B1, B2 og B3: ECAM – rafrænn, miðlægur vöktunarskjár fyrir loftför (e. *Electronic Centralised Aircraft Monitoring*). EFIS – flugskjákerfi (e. *Electronic Flight Instrument System*). GPS-staðsetningarkerfi. TCAS – umferðar- og árekstrarvarakerfi (e. *Traffic Alert Collision Avoidance System*). Samþættur, einingaskiptur rafeindabúnaður loftfars. Kerfi í farþegarými. Upplýsingakerfi.	—	2	2	2	1

6. ÁFANGI: EFNI OG VÉLBÚNAÐUR

		STIG			
		A	B1	B2	B3
6.1	*Efni í flugvélar — járnblönduð efni*				
	a) Einkenni, eiginleikar og auðkenni algengra stálblandna sem eru notaðar í loftför.	1	2	1	2
	Hitameðhöndlun og beiting stálblandna.				
	b) Prófun járnblandaðra efna með tilliti til hörku, togþols, þreytuþols og höggþols.	—	1	1	1
6.2	*Efni í flugvélar — járnlaus efni*				
	a) Einkenni, eiginleikar og auðkenni algengra járnlausra efna sem eru notuð í loftför.	1	2	1	2
	Hitameðhöndlun og beiting járnlausra efna.				
	b) Prófun járnlausra efna með tilliti til hörku, togþols, þreytuþols og höggþols.	—	1	1	1
6.3	*Efni í flugvélar — samsett efni og málmlaus efni*				
6.3.1	*Samsett efni og málmlaus efni, þó ekki viður og dúkur*				
	a) Einkenni, eiginleikar og auðkenni algengra samsettra efna og málmlausra efna, nema viðar, sem eru notuð í loftför.	1	2	2	2
	Þéttiefni og límefni.				
	b) Greining galla/skemmda í samsettum efnum og málmlausum efnum.	1	2	—	2
	Viðgerð á samsettum efnum og málmlausum efnum.				
6.3.2	*Burðarvirki úr viði*	1	2	—	2
	Aðferðir við smíði burðarvirkja flugskrokks úr viði.				
	Einkenni, eiginleikar og tegundir viðar og límefna sem eru notuð í flugvélar.				
	Varðveisla og viðhald viðarvirkis.				
	Tegundir galla í viðarefni og viðarvirkjum.				
	Greining galla í viðarvirkjum.				
	Viðgerð viðarvirkja.				
6.3.3	*Dúkklæðning*	1	2	—	2
	Einkenni, eiginleikar og tegundir dúka sem eru notaðir á flugvélar.				
	Aðferðir við skoðun á dúk.				
	Tegundir galla í dúk.				
	Viðgerð á dúkklæðningum.				
6.4	*Æting*				
	a) Efnafræðileg grundvallaratriði. Tæring vegna rafspennu, örverufræðilegra ferla eða spennu.	1	1	1	1
	b) Tegundir tæringar og auðkenni þeirra.	2	3	2	2
	Ástæður tæringar.				
	Tegundir efna, viðkvæmni fyrir tæringu.				
6.5	*Festingar*				
6.5.1	*Skrúfgangur*	2	2	2	2
	Flokkunarkerfi skrúfna.				
	Gerðir skrúfgangs, ummál og málvik fyrir staðlaðan skrúfgang sem notaður er í loftför.				
	Mæling skrúfgangs.				
6.5.2	*Boltar, pinnar og skrúfur*	2	2	2	2
	Tegundir bolta: forskrift, auðkenni og merking bolta í loftför, alþjóðlegir staðlar.				
	Rær: lásrær, hakrær (e. *anchor*), staðlaðar gerðir.				

		STIG			
		A	B1	B2	B3
	Maskínuskrúfur: forskriftir loftfara.				
	Pinnar: tegundir og notkun, ísetning og úrtaka.				
	Borskrúfur, blindingjar.				
6.5.3	*Læsingarbúnaður*	2	2	2	2
	Lás- og spenniskífur, lásskinnur, splitti, þunnar rær (e. *pal-nuts*), vírlæsing, hraðskiptifestingar, kílar, hringsplitti, klofsplitti.				
6.5.4	*Hnoð í loftförum*	1	2	1	2
	Tegundir slaghnoða og draghnoða: forskriftir og auðkenni, hitameðferð.				
6.6	*Rör og tengi*				
	a) Auðkenni og tegundir stífra og sveigjanlegra röra og tengja þeirra sem notuð eru í loftför.	2	2	2	2
	b) Stöðluð tengi fyrir rör í vökvakerfi, eldsneytiskerfi, olíukerfi, loftþrýstikerfi og loftkerfi loftfara.	2	2	1	2
6.7	*Fjaðrir*	—	2	1	1
	Tegundir fjaðra, efni, einkenni og beiting.				
6.8	*Legur*	1	2	2	1
	Hlutverk legna, álag, efni, uppbygging.				
	Tegundir legna og beiting þeirra.				
6.9	*Gírar*	1	2	2	1
	Tegundir gíra og beiting þeirra.				
	Gírhlutfall, niðurfærslu- og uppfærslugírar, drifin tannhjól og driftannhjól, millitannhjól, tannhjólagrip.				
	Belti og trissur, keðjur og keðjuhjól.				
6.10	*Stýristaumar*	1	2	1	2
	Tegundir tauma.				
	Endafestingar, taumastrekkjarar og jöfnunarbúnaður.				
	Trissur og íhlutir taumakerfis.				
	Slíðurkaplar (Bowden-kaplar).				
	Sveigjanleg stýrakerfi loftfara.				
6.11	*Rafstrengir og -tengingar*	1	2	2	2
	Tegundir strengja, uppbygging og einkenni.				
	Háspennustrengir og samása strengir.				
	Kreistitenging.				
	Tegundir tenginga, tengipinnar, tengiklær, innstungur, einangrarar, málstraumur og málspenna, tengsl, auðkenniskóðar.				

ÁFANGI 7A: VIÐHALDSVENJUR

Athugasemd: Þessi áfangi á ekki við flokk B3. Viðeigandi námsefni fyrir flokk B3 er skilgreint í áfanga 7B.

		STIG		
		A	B1	B2
7.1	*Öryggisráðstafanir – loftför og verkstæði*	3	3	3
	Þættir öruggra starfsvenja, þ.m.t. varúðarráðstafanir þegar unnið er með rafmagn og lofttegundir (einkum súrefni), olíur og íðefni.			

		STIG		
		A	B1	B2
	Einnig leiðbeiningar um viðbrögð við bruna eða öðrum slysum af völdum eins eða fleiri þessara áhættuþátta, þ.m.t. þekking á slökkviefnum.			
7.2	*Starfsvenjur á verkstæði*	3	3	3
	Umhirða verkfæra, eftirlit með verkfærum, notkun efna verkstæðisins.			
	Stærð, vikmörk og málvik, kröfur um góð vinnubrögð.			
	Kvörðun verkfæra og búnaðar, kvörðunarstaðlar.			
7.3	*Verkfæri*	3	3	3
	Algengar tegundir handverkfæra.			
	Algengar tegundir vélknúinna verkfæra.			
	Starfsemi og notkun nákvæmra mælitækja.			
	Smurningsbúnaður og -aðferðir.			
	Starfsemi, virkni og notkun almenns, rafræns prófunarbúnaðar.			
7.4	*Almennur prófunarbúnaður rafeindabúnaðar loftfara*	—	2	3
	Starfsemi, virkni og notkun almenns prófunarbúnaðar rafeindabúnaðar loftfara.			
7.5	*Tækniteikningar, skýringarmyndir og staðlar*	1	2	2
	Tegundir teikninga og skýringarmyndir, tákn þeirra, stærðir, vikmörk og varp.			
	Að þekkja upplýsingar í nafnreit.			
	Örfilmu-, fisju- og tölvukynningar.			
	100. forskrift Samtaka flugfélaga í Bandaríkjunum (ATA).			
	Flugtæknilegir staðlar og aðrir gildandi staðlar, þ.m.t. ISO, AN, MS, NAS og MIL.			
	Skýringarmyndir af leiðslum og skýringarteikningar.			
7.6	*Mátun og málvik*	1	2	1
	Stærð bora fyrir boltagöt, mátunarflokkar.			
	Almennt kerfi mátunar og málvika.			
	Áætlun um mátun og málvik fyrir loftför og hreyfla.			
	Takmarkanir fyrir bognun, vindingu og slit.			
	Staðlaðar aðferðir við að athuga öxla, legur og aðra hluta.			
7.7	*Raflagnasamtengikerfi (EWIS)*	1	3	3
	Samfelldni-, einangrunar- og samskeytingartækni og prófun.			
	Notkun þrykkiverkfæra: hand- og vökvaknúinna.			
	Prófun þrykkisamskeyta.			
	Úrtaka og ísetning tengipinna.			
	Samása strengir: varúðarráðstafanir við prófun og ísetningu.			
	Auðkenni mismunandi gerða rafstrengja, skoðunarviðmiðanir og skemmdarþol.			
	Tækni við að verja raflagnir: Strengjaknippi og knippafestingar, strengjaklemmur, hlífðarhólkatækni, þ.m.t. hitaherpiumbúnaður og skermun.			
	Ísetning, skoðun, viðgerðir, viðhald og hreinleikastaðlar raflagnasamtengikerfa.			
7.8	*Hnoðun*	1	2	—
	Hnoðuð samskeyti, bil milli hnoða og hnoðraða.			
	Verkfæri notuð við hnoðun og sléttingu hnoðhausa.			
	Skoðun á hnoðuðum samskeytum.			

		STIG		
		A	B1	B2
7.9	*Rör og slöngur*	1	2	—
	Að beygja rör í loftförum og gera þau bjöllu- eða trektlaga.			
	Að skoða og prófa rör og slöngur í loftförum.			
	Að leggja og klemma rör.			
7.10	*Fjaðrir*	1	2	—
	Skoðun og prófun á fjöðrum.			
7.11	*Legur*	1	2	—
	Prófun, hreinsun og skoðun á legum.			
	Kröfur um smurningu legna.			
	Bilanir í legum og ástæður þeirra.			
7.12	*Gírar*	1	2	—
	Skoðun tannhjóla, hlaup.			
	Skoðun á beltum og trissum, keðjum og keðjuhjólum.			
	Skoðun á skrúfutjökkum, vogarörmum og togstangabúnaði (e. *push-pull*).			
7.13	*Stýristaumar*	1	2	—
	Samskeyting endafestinga.			
	Skoðun og prófun á stýristaumum.			
	Slíðurkaplar (Bowden-kaplar), sveigjanleg stýrakerfi loftfara.			
7.14	*Meðhöndlun efna*			
7.14.1	*Blikk*	—	2	—
	Að merkja við og reikna út beygjumörk.			
	Blikksmíði, þ.m.t. að beygja og móta.			
	Skoðun á blikksmíði.			
7.14.2	*Samsett efni og málmlaus efni*	—	2	—
	Límingaraðferðir.			
	Umhverfisaðstæður.			
	Skoðunaraðferðir.			
7.15	*Málmsuða, háhitalóðning, lóðun og líming*			
	a) Lóðunaraðferðir, skoðun á lóðuðum samskeytum.	—	2	2
	b) Aðferðir við málmsuðu- og háhitalóðningu.	—	2	—
	Skoðun á málmsoðnum og háhitalóðuðum samskeytum. Límingaraðferðir og skoðun á límdum samskeytum.			
7.16	*Þyngd og jafnvægi loftfara*			
	a) Útreikningur á þyngdarmiðju/jafnvægismörkum: notkun viðeigandi gagna.	—	2	2
	b) Undirbúningur á loftfari fyrir vigtun.	—	2	—
	Vigtun loftfars.			
7.17	*Meðhöndlun og geymsla loftfara*	2	2	2
	Akstur/dráttur loftfara og tilheyrandi öryggisráðstafanir.			
	Að tjakka upp, skorða og festa loftför og tengdar öryggisráðstafanir.			
	Aðferðir til geymslu loftfara.			
	Aðferðir við áfyllingu og losun eldsneytis.			
	Aðferðir við afísingu og ísingarvarnir.			

		STIG		
		A	B1	B2
	Rafmagns-, vökvakerfis- og loftþrýstibúnaður á jörðu niðri.			
	Áhrif umhverfisaðstæðna á meðhöndlun og starfrækslu loftfara.			
7.18	*Tækni við sundurtekt, skoðun, viðgerð og samsetningu*			
	a) Mismunandi tegundir bilana og tækni sem tengist sjónskoðun.	2	3	3
	Fjarlæging tæringar, mat á tæringu og endurvörn gegn tæringu.			
	b) Almennar viðgerðaraðferðir, viðgerðahandbók fyrir burðarvirki (e. *Structural Repair Manual*).	—	2	—
	Áætlanir um eftirlit með öldrun, þreytu og tæringu.			
	c) Tækni sem tengist skoðun án eyðileggingar, þ.m.t. skoðunaraðferðir með gegnþrengingar-, röntgenmynda, iðustraums, úthljóðs og holsjártækni.	—	2	1
	d) Tækni við að taka í sundur og setja aftur saman.	2	2	2
	e) Tækni við bilanagreiningu.	—	2	2
7.19	*Óeðlileg atvik*			
	a) Skoðun loftfars sem hefur orðið fyrir eldingu eða kröftugri geislun (HIRF).	2	2	2
	b) Skoðun eftir óeðlileg atvik eins og harða lendingu og flug í gegnum ókyrrð.	2	2	—
7.20	*Verklagsreglur við viðhald*	1	2	2
	Skipulag viðhalds.			
	Verklagsreglur við breytingar.			
	Verklagsreglur um meðferð birgða.			
	Verklagsreglur við viðhaldsvottun/útgáfu viðhaldsvottorða.			
	Tenging við starfrækslu loftfars.			
	Viðhaldsskoðun/gæðaeftirlit/gæðatrygging.			
	Viðbótarverklagsreglur um viðhald.			
	Eftirlit með íhlutum með tiltekinn endingartíma.			

ÁFANGI 7B: VIÐHALDSVENJUR

Athugasemd: Umfang þessa áfanga skal endurspegla þá tækniþekkingu á flugvélum sem á við um flokk B3.

		STIG
		B3
7.1	*Öryggisráðstafanir – loftför og verkstæði*	3
	Þættir öruggra starfsvenja, þ.m.t. varúðarráðstafanir þegar unnið er með rafmagn og lofttegundir (einkum súrefni), olíur og íðefni.	
	Einnig leiðbeiningar um viðbrögð við bruna eða öðrum slysum af völdum eins eða fleiri þessara áhættuþátta, þ.m.t. þekking á slökkviefnum.	
7.2	*Starfsvenjur á verkstæði*	3
	Umhirða verkfæra, eftirlit með verkfærum, notkun efna verkstæðisins.	
	Stærð, vikmörk og málvik, kröfur um góð vinnubrögð.	
	Kvörðun verkfæra og búnaðar, kvörðunarstaðlar.	
7.3	*Verkfæri*	3
	Algengar tegundir handverkfæra.	
	Algengar tegundir vélknúinna verkfæra.	

		STIG
		B3
	Starfsemi og notkun nákvæmra mælitækja.	
	Smurningsbúnaður og -aðferðir.	
	Starfsemi, virkni og notkun almenns, rafræns prófunarbúnaðar.	
7.4	*Almennur prófunarbúnaður rafeindabúnaðar loftfara*	—
	Starfsemi, virkni og notkun almenns prófunarbúnaðar rafeindabúnaðar loftfara.	
7.5	*Tækniteikningar, skýringarmyndir og staðlar*	2
	Tegundir teikninga og skýringarmyndir, tákn þeirra, stærðir, vikmörk og varp.	
	Að þekkja upplýsingar í nafnreit.	
	Örfilmu-, fisju- og tölvukynningar.	
	100. forskrift Samtaka flugfélaga í Bandaríkjunum (ATA).	
	Flugtæknilegir staðlar og aðrir gildandi staðlar, þ.m.t. ISO, AN, MS, NAS og MIL.	
	Skýringarmyndir af leiðslum og skýringarteikningar.	
7.6	*Mátun og málvik*	2
	Stærð bora fyrir boltagöt, mátunarflokkar.	
	Almennt kerfi mátunar og málvika.	
	Áætlun um mátun og málvik fyrir loftför og hreyfla.	
	Takmarkanir fyrir bognun, vindingu og slit.	
	Staðlaðar aðferðir við að athuga öxla, legur og aðra hluta.	
7.7	*Rafstrengir og -tengingar*	2
	Samfelldni-, einangrunar- og samskeytingartækni og prófun.	
	Notkun þrykkiverkfæra: hand- og vökvaknúinna.	
	Prófun þrykkisamskeyta.	
	Úrtaka og ísetning tengipinna.	
	Samása strengir: varúðarráðstafanir við prófun og ísetningu.	
	Tækni við að verja raflagnir: Strengjaknippi og knippafestingar, strengjaklemmur, hlífðarhólkatækni, þ.m.t. hitaherpiumbúnaður og skermun.	
7.8	*Hnoðun*	2
	Hnoðuð samskeyti, bil milli hnoða og hnoðraða.	
	Verkfæri notuð við hnoðun og sléttingu hnoðhausa.	
	Skoðun á hnoðuðum samskeytum.	
7.9	*Rör og slöngur*	2
	Að beygja rör í loftförum og gera þau bjöllu- eða trektlaga.	
	Að skoða og prófa rör og slöngur í loftförum.	
	Að leggja og klemma rör.	
7.10	*Fjaðrir*	1
	Skoðun og prófun á fjöðrum.	
7.11	*Legur*	2
	Prófun, hreinsun og skoðun á legum.	
	Kröfur um smurningu legna.	
	Bilanir í legum og ástæður þeirra.	

		STIG
		B3
7.12	*Gírar*	2
	Skoðun tannhjóla, hlaup.	
	Skoðun á beltum og trissum, keðjum og keðjuhjólum.	
	Skoðun á skrúfutjökkum, vogarörmum og togstangabúnaði (e. *push-pull*).	
7.13	*Stýristaumar*	2
	Samskeyting endafestinga.	
	Skoðun og prófun á stýristaumum.	
	Slíðurkaplar (Bowden-kaplar), sveigjanleg stýrakerfi loftfara.	
7.14	*Meðhöndlun efna*	
7.14.1	*Blikk*	2
	Að merkja við og reikna út beygjumörk.	
	Blikksmíði, þ.m.t. að beygja og móta.	
	Skoðun á blikksmíði.	
7.14.2	*Samsett efni og málmlaus efni*	2
	Límingaraðferðir.	
	Umhverfisaðstæður.	
	Skoðunaraðferðir.	
7.15	*Málmsuða, háhitalóðning, lóðun og líming*	
	a) Lóðunaraðferðir, skoðun á lóðuðum samskeytum.	2
	b) Aðferðir við málmsuðu- og háhitalóðningu.	2
	Skoðun á málmsoðnum og háhitalóðuðum samskeytum. Límingaraðferðir og skoðun á límdum samskeytum.	
7.16	*Þyngd og jafnvægi loftfara*	
	a) Útreikningur á þyngdarmiðju/jafnvægismörkum: notkun viðeigandi gagna.	2
	b) Undirbúningur á loftfari fyrir vigtun.	2
	Vigtun loftfars.	
7.17	*Meðhöndlun og geymsla loftfara*	2
	Akstur/dráttur loftfara og tilheyrandi öryggisráðstafanir.	
	Að tjakka upp, skorða og festa loftför og tengdar öryggisráðstafanir.	
	Aðferðir til geymslu loftfara.	
	Aðferðir við áfyllingu og losun eldsneytis.	
	Aðferðir við afísingu og ísingarvarnir.	
	Rafmagns-, vökvakerfis- og loftþrýstibúnaður á jörðu niðri.	
	Áhrif umhverfisaðstæðna á meðhöndlun og starfrækslu loftfara.	
7.18	*Tækni við sundurtekt, skoðun, viðgerð og samsetningu.*	
	a) Mismunandi tegundir bilana og tækni sem tengist sjónskoðun. Fjarlæging tæringar, mat á tæringu og endurvörn gegn tæringu.	3
	b) Almennar viðgerðaraðferðir, viðgerðahandbók fyrir burðarvirki (e. *Structural Repair Manual*). Áætlanir um eftirlit með öldrun, þreytu og tæringu.	2
	c) Tækni sem tengist skoðun án eyðileggingar, þ.m.t. skoðunaraðferðir með gegnþrengingar-, röntgenmynda, iðustraums, úthljóðs og holsjártækni.	2

		STIG
		B3
	d) Tækni við að taka í sundur og setja aftur saman.	2
	e) Tækni við bilanagreiningu.	2
7.19	*Óeðlileg atvik*	
	a) Skoðun loftfars sem hefur orðið fyrir eldingu eða kröftugri geislun (HIRF).	2
	b) Skoðun eftir óeðlileg atvik eins og harða lendingu og flug í gegnum ókyrrð.	2
7.20	*Verklagsreglur við viðhald*	2
	Skipulag viðhalds.	
	Verklagsreglur við breytingar.	
	Verklagsreglur um meðferð birgða.	
	Verklagsreglur við viðhaldsvottun/útgáfu viðhaldsvottorða.	
	Tenging við starfrækslu loftfars.	
	Viðhaldsskoðun/gæðaeftirlit/gæðatrygging.	
	Viðbótarverklagsreglur um viðhald.	
	Eftirlit með íhlutum með tiltekinn endingartíma.	

8. ÁFANGI: GRUNNATRIÐI LOFTHREYFIFRÆÐI

		STIG			
		A	B1	B2	B3
8.1	*Eðlisfræði andrúmsloftsins*	1	2	2	1
	Málloft (ISA), beiting þess í lofthreyfifræði.				
8.2	*Lofthreyfifræði*	1	2	2	1
	Loftstreymi í kringum hlut.				
	Vængloð, lagstreymi og ólgustreymi, frjálst streymi, hlutfallslegt loftstreymi, uppstreymi og ofanstreymi, hvirflar, kyrra.				
	Hugtökin: bunga, vænglína, meðalvænglína, jaðarlagsviðnám, lyftikraftsviðnám, þrýstimiðja, áfallshorn, uppvindingur og niðurvindingur, finleikahlutfall, vænglögun og vænghlutfall.				
	Knýr, þyngd, heildarlofthreyfikraftur.				
	Myndun lyftikrafts og viðnáms: áfallshorn, lyftikraftsstuðull, viðnámsstuðull, pólhnitaferill, ofris.				
	Aðskotaefni á vængildum, þ.m.t. ís, snjór, frost.				
8.3	*Flugfræði*	1	2	2	1
	Tengsl á milli lyftikrafts, þyngdar, knýs og viðnáms.				
	Rennigildi.				
	Flug í stöðugu ástandi, afkastageta.				
	Beygjufræði.				
	Áhrif álagsstuðuls: ofris, flugrammi og burðarþolsmörk,				
	Lyftikraftsaukning.				
8.4	*Stöðugleiki í flugi og hreyfifræði*	1	2	2	1
	Langs-, hliðar- og stefnustöðugleiki (virkur og hlutlaus).				

ÁFANGI 9A: MANNLEGI ÞÁTTURINN

Athugasemd: Þessi áfangi á ekki við flokk B3. Viðeigandi námsefni fyrir flokk B3 er skilgreint í áfanga 9B.

		STIG		
		A	B1	B2
9.1	*Almenn ákvæði*	1	2	2
	Nauðsyn þess að taka tillit til mannlega þáttarins.			
	Óhöpp sem má rekja til mannlega þáttarins/mannlegra mistaka.			
	Lögmál Murphys.			
9.2	*Mannleg geta og takmörk hennar*	1	2	2
	Sjón.			
	Heyrn.			
	Upplýsingavinnsla.			
	Athygli og skynjun.			
	Minni.			
	Innilokunarfælni og hreyfimöguleikar.			
9.3	*Félagssálfræði*	1	1	1
	Ábyrgð: einstaklinga og hópa.			
	Að hvetja og letja.			
	Þrýstingur frá félögum.			
	‚Menningarágreiningur'.			
	Teymisvinna.			
	Stjórnun, eftirlit og forysta.			
9.4	*Þættir sem hafa áhrif á afkastagetu*	2	2	2
	Hreysti/heilsa.			
	Streita: heimilis- og vinnutengd.			
	Álag vegna tímaskorts og tímamörk.			
	Vinnuálag: yfirálag og undirálag.			
	Svefn og þreyta, vaktavinna.			
	Misnotkun áfengis, lyfja eða fíkniefna.			
9.5	*Umhverfi*	1	1	1
	Hávaði og svæla.			
	Lýsing.			
	Andrúmsloft og hitastig.			
	Hreyfing og titringur.			
	Vinnuumhverfi.			
9.6	*Verkefni*	1	1	1
	Líkamleg vinna.			
	Föst verkefni.			
	Sjónskoðun.			
	Flókin kerfi.			
9.7	*Samskipti*	2	2	2
	Innan og milli hópa.			
	Vinnuskráning í dagbækur og skrár.			

		STIG		
		A	B1	B2
	Fylgst með nýjustu þróun og því nýjasta sem er í gildi.			
	Miðlun upplýsinga.			
9.8	*Mannleg mistök*	1	2	2
	Mistakalíkön og -kenningar.			
	Tegundir mistaka við vinnu viðhaldsverkefna.			
	Afleiðingar mistaka (þ.e. slys).			
	Að koma í veg fyrir og takast á við mistök.			
9.9	*Hættur á vinnustaðnum*	1	2	2
	Að greina og forðast hættur.			
	Viðbrögð við neyðarástandi.			

ÁFANGI 9B: MANNLEGI ÞÁTTURINN

Athugasemd: Umfang þessa áfanga skal endurspegla minna krefjandi viðhaldsumhverfi fyrir handhafa skírteina í flokki B3.

		STIG
		B3
9.1	*Almenn ákvæði*	2
	Nauðsyn þess að taka tillit til mannlega þáttarins.	
	Óhöpp sem má rekja til mannlega þáttarins/mannlegra mistaka.	
	Lögmál Murphys.	
9.2	*Mannleg geta og takmörk hennar*	2
	Sjón.	
	Heyrn.	
	Upplýsingavinnsla.	
	Athygli og skynjun.	
	Minni.	
	Innilokunarfælni og hreyfimöguleikar.	
9.3	*Félagssálfræði*	1
	Ábyrgð: einstaklinga og hópa.	
	Að hvetja og letja.	
	Þrýstingur frá félögum.	
	‚Menningarágreiningur‘.	
	Teymisvinna.	
	Stjórnun, eftirlit og forysta.	
9.4	*Þættir sem hafa áhrif á afkastagetu*	2
	Hreysti/heilsa.	
	Streita: heimilis- og vinnutengd.	
	Álag vegna tímaskorts og tímamörk.	
	Vinnuálag: yfirálag og undirálag.	
	Svefn og þreyta, vaktavinna.	
	Misnotkun áfengis, lyfja eða fíkniefna.	
9.5	*Umhverfi*	1

		STIG
		B3
	Hávaði og svæla.	
	Lýsing.	
	Andrúmsloft og hitastig.	
	Hreyfing og titringur.	
	Vinnuumhverfi.	
9.6	*Verkefni*	1
	Líkamleg vinna.	
	Föst verkefni.	
	Sjónskoðun.	
	Flókin kerfi.	
9.7	*Samskipti*	2
	Innan og milli hópa.	
	Vinnuskráning í dagbækur og skrár.	
	Fylgst með nýjustu þróun og því nýjasta sem er í gildi.	
	Miðlun upplýsinga.	
9.8	*Mannleg mistök*	2
	Mistakalíkön og -kenningar.	
	Tegundir mistaka við vinnu viðhaldsverkefna.	
	Afleiðingar mistaka (þ.e. slys).	
	Að koma í veg fyrir og takast á við mistök.	
9.9	*Hættur á vinnustaðnum*	2
	Að greina og forðast hættur.	
	Viðbrögð við neyðarástandi.	

10. ÁFANGI: LÖG UM LOFTFERÐIR

		STIG			
		A	B1	B2	B3
10.1	*Reglurammi*	1	1	1	1
	Hlutverk Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.				
	Hlutverk framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.				
	Hlutverk Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA).				
	Hlutverk aðildarríkjanna og flugmálayfirvalda þeirra.				
	Reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar, reglugerðir (ESB) nr. 748/2012 og (ESB) nr. 1321/2014.				
	Tengslin á milli mismunandi viðauka (hluta) svo sem 21. hluta, M-hluta, 145. hluta, 66. hluta, 147. hluta og reglugerðar (ESB) nr. 965/2012.				
10.2	*Viðhaldsvottar – Viðhald*	2	2	2	2
	Ítarleg þekking á 66. hluta.				
10.3	*Samþykkt viðhaldsfyrirtæki*	2	2	2	2
	Ítarleg þekking á 145. hluta og F-kafla M-hluta.				
10.4	*Flugrekstur*	1	1	1	1
	Almennur skilningur á reglugerð (ESB) nr. 965/2012.				

		STIG			
		A	B1	B2	B3
	Flugrekandaskírteini.				
	Ábyrgð flugrekanda, einkum varðandi áframhaldandi lofthæfi og viðhald.				
	Viðhaldsáætlun fyrir loftför				
	Listi yfir lágmarksbúnað/listi yfir leyfð frávik í ytri búnaði loftfars fyrir flug.				
	Skjöl sem skulu vera um borð.				
	Skilti (merkingar) í loftförum.				
10.5	*Vottun loftfara, hluta og búnaðar*				
	a) Almenn ákvæði	—	1	1	1
	Almenn þekking á 21. hluta og vottunarforskriftum Flugöryggisstofnunar Evrópu CS-23, 25, 27, 29.				
	b) Skjöl	—	2	2	2
	Lofthæfivottorð, takmörkuð lofthæfivottorð og flugleyfi.				
	Skráningarvottorð.				
	Hljóðstigsvottorð.				
	Vigtunaráætlun.				
	Fjarskiptastöðvarskírteini og -samþykki.				
10.6	*Áframhaldandi lofthæfi*	2	2	2	2
	Ítarleg þekking á ákvæðum 21. hluta sem tengjast áframhaldandi lofthæfi.				
	Ítarleg þekking á M-hluta.				
10.7	*Gildandi landsbundnar og alþjóðlegar kröfur er varða (ef kröfur ESB leysa þær ekki af hólmi)*				
	a) Viðhaldsáætlanir, viðhaldseftirlit og viðhaldsskoðanir.	1	2	2	2
	Lofthæfifyrirmæli.				
	Þjónustutilkynningar og þjónustuupplýsingar framleiðanda.				
	Breytingar og viðgerðir.				
	Viðhaldsskjöl: viðhaldshandbækur, handbækur um viðgerðir á burðarvirki, skrá með skýringarmyndum af hlutum o.s.frv.,				
	Eingöngu fyrir skírteini í flokkum A til B2: Grunnlista yfir lágmarksbúnað, lista yfir lágmarksbúnað og leiðbeiningalista fyrir flug með skertan búnað (DDL).				
	b) Áframhaldandi lofthæfi. Kröfur um lágmarksbúnað – reynsluflug.	—	1	1	1
	Fyrir skírteini í flokkum B1 og B2 eingöngu: Fjarflug (ETOPS), kröfur um viðhald og afgreiðslu. Starfræksla í skertu skyggni, starfræksla í flokki 2 eða 3.				

ÁFANGI 11A: LOFTHREYFIFRÆÐI, BURÐARVIRKI OG KERFI FLUGVÉLA MEÐ HVERFIHREYFLUM

		STIG	
		A1	B1.1
11.1	*Flugfræði*		
11.1.1.	*Lofthreyfifræði flugvéla og stýri*	1	2
	Starfsemi og áhrif: — veltustýringar: hallastýra og lyftispilla, — kinkstýringar: hæðarstýra, kambstýra (e. *stabilators*), stýriskamba og vænglinga með breytilegu áfallshorni, — geigunarstýringar, takmarkara fyrir hliðarstýringu.	—	—

		STIG	
		A1	B1.1
	Stýring með hallahæðarstýrum (e. *elevons*), hliðarhæðarstýrum (e. *ruddervators*).		
	Búnaður til lyftikraftsaukningar, vængraufar, raufungar, flapar, flapastýri (e. *flaperons*).		
	Búnaður til viðnámsaukningar, lyftispillar, lyftieyðar, lofthemlar.		
	Áhrif vængbríka, sagtenntra frambrúna.		
	Vængloðsstýring með hvirfilvökum, ofrisfleygum eða frambrúnarbúnaði.		
	Starfsemi og áhrif stilliblakna, léttiblakna og þyngiblakna, hjálparblakna, fjaðurblakna, massajafnvægis stýrisflata, halla stýrisflata, léttiplatna fyrir stýrisflatajafnvægi.		
11.1.2.	*Háhraðaflug*	1	2
	Hljóðhraði, flug undir hljóðhraða, á mörkum hljóðhraða, yfir hljóðhraða.		
	Mach-tala, markhraði í Mach-tölu, þéttinötur, höggbylgja, núningsvarmi, svæðaregla (e. *area rule*).		
	Þættir sem hafa áhrif á loftstreymi loftinntaka hreyfla í háhraðaloftförum.		
	Áhrif afturstroku á markhraða í Mach-tölu.		
11.2	*Burðarvirki flugskrokks – Almenn hugtök*		
	a) Lofthæfikröfur um styrk burðarvirkis.	2	2
	Flokkun burðarvirkis, fyrsta stigs, annars stigs og þriðja stigs burðarvirki.		
	Hugtök um bilanatraust, tryggan endingartíma, skemmdarþol.		
	Svæðis- og reitakennikerfi.		
	Spenna, aflögun, bognun, þjöppun, skúfun, vindingur, tog, hringspenna, þreyta.		
	Ákvæði um frárennsli og loftræstingu.		
	Ákvæði um ísetningu kerfa.		
	Ákvæði um eldingavara.		
	Jarðsamband loftfars.		
	b) Aðferðir við smíði á: burðarklæðningu loftfarsbols, formrömmum, langböndum, burðarlangböndum, skilrúmum, römmum, löskum, þrýstistoðum, teinum, bitum, burðarvirkjum gólfs, styrkingu, aðferðum við klæðningu, vörn gegn tæringu, aukabúnaði á væng, stél og hreyfli.	1	2
	Tækni við samsetningu burðarvirkis: að hnoða, bolta, líma.		
	Aðferðir við að verja yfirborð, t.d. krómötun, rafhúðun, málning.		
	Hreinsun yfirborðs.		
	Samhverfa flugskrokks: aðferðir við eftirlit með samstillingu og samhverfu.		
11.3	*Burðarvirki flugskrokks – Flugvélar*		
11.3.1.	*Loftfarsbolur (ATA 52/53/56)*	1	2
	Uppbygging og þétting vegna þrýstijöfnunar.		
	Festibúnaður vængs, stýriskambs, stöpuls og lendingarbúnaðar.		
	Ísetning sæta og hleðslukerfi fyrir vörur.		
	Hurðir og neyðarútgangar: bygging, tæknibúnaður, notkun og öryggisbúnaður.		
	Bygging og tæknibúnaður glugga og framrúðu.		
11.3.2.	*Vængir (ATA 57)*	1	2
	Uppbygging.		
	Eldsneytisgeymsla.		
	Lendingarbúnaður, stöpull, stýrisflötur og lyftikrafts- og viðnámsaukabúnaður.		
11.3.3.	*Stýriskambar (ATA 55)*	1	2
	Uppbygging.		
	Festibúnaður stýrisflatar.		

		STIG	
		A1	B1.1
11.3.4.	*Stýrafletir (ATA 55/57)*	1	2
	Uppbygging og festibúnaður.		
	Jafnvægisstilling – massi og lofthreyfikraftar.		
11.3.5.	*Hreyfilhús/stöplar (ATA 54)*	1	2
	Hreyfilhús/stöplar:	—	—
	— Uppbygging.		
	— Eldvarnarþil.		
	— Uppsetning hreyfla.		
11.4	*Loftræsting og inniþrýstijöfnun (ATA 21)*		
11.4.1.	*Loftöflun*	1	2
	Loftgjafar, þ.m.t. afhleypiloft hreyfils, loft frá aukaaflstöð (APU) eða loft frá þjónustuvagni.		
11.4.2.	*Loftræsting*	1	3
	Loftræstikerfi.		
	Tæknibúnaður fyrir hringrás lofts og gufu.		
	Dreifikerfi.		
	Flæðis-, hita- og rakastjórnkerfi.		
11.4.3.	*Þrýstijöfnun*	1	3
	Þrýstijöfnunarkerfi.		
	Stýring og vísbending, þ.m.t. stillilokar og öryggislokar.		
	Inniþrýstistillar.		
11.4.4.	*Öryggis- og viðvörunarbúnaður*	1	3
	Verndar- og viðvörunarbúnaður.		
11.5	*Mælitæki/rafeindakerfi loftfara*		
11.5.1.	*Mælakerfi (ATA 31)*	1	2
	Hraðanemar: hæðarmælir, hraðamælir, stig- og fallmælir.		
	Snúðumælar: gervisjónbaugur, flughorfsvísir, stefnuvísir (e. *direction indicator*), stöðuvísir (e. *horizontal situation indicator*), beygju- og skriðmælir (e. *turn and slip indicator*), beygju- og hallastillir (e. *turn coordinator*).		
	Áttavitar: beinn aflestur, fjaraflestur.		
	Áfallshornsmælir, ofrisviðvörunarkerfi.		
	Skjáklefi.		
	Aðrir mælar í kerfi loftfarsins.		
11.5.2.	*Rafeindakerfi loftfara*	1	1
	Grundvallaratriði í kerfisskipulagi og starfsemi: — sjálfstýrikerfa (ATA 22). — fjarskiptakerfa (ATA 23). — leiðsögukerfa (ATA 34).	—	—
11.6	*Rafafl (ATA 24)*	1	3
	Ísetning og virkni rafgeyma.		
	Jafnstraumsframleiðsla.		

		STIG	
		A1	B1.1
	Riðstraumsframleiðsla.		
	Neyðaraflsframleiðsla.		
	Spennustilling.		
	Afldreifing.		
	Áriðlar, spennubreytar, afriðlar.		
	Öryggi rafrása.		
	Ytri aflgjafi/aflgjafi á jörðu niðri.		
11.7	*Búnaður og innréttingar (ATA 25)*		
	a) Kröfur um neyðarbúnað. Sæti, öryggistygi og belti.	2	2
	b) Skipulag farþegarýmis. Skipulag búnaðar. Ísetning innréttinga í farþegarými. Afþreyingarbúnaður í farþegarými. Eldshúsinnrétting. Búnaður til meðhöndlunar og frágangs farms. Innbyggður landgangur.	1	1
11.8	*Eldvarnir (ATA 26)*	1	3
	a) Eld- og reykskynjunarkerfi og viðvörunarkerfi. Slökkvikerfi. Kerfisprófun.		
	b) Handslökkvitæki.	1	1
11.9	*Stýri (ATA 27)*	1	3
	Aðalstýri: hallastýri, hæðarstýri, hliðarstýri, lyftispillir.		
	Stýrisstillir.		
	Virk álagslétting stýra (e. *active load control*).		
	Búnaður til lyftikraftsaukningar.		
	Lyftieyðar, lofthemlar.		
	Starfsemi kerfis: handvirk, vökvaknúin, loftknúin, rafknúin, rafboðastýri.		
	Skynráður, geigunardeyfir, Mach-kinkstillir, takmarkarar fyrir hliðarstýringu, stýrislásakerfi.		
	Jafnvægisstilling og aðrar stillingar.		
	Ofrisvörn/viðvörunarkerfi.		
11.10	*Eldsneytiskerfi (ATA 28)*	1	3
	Skipulag kerfis.		
	Eldsneytisgeymar.		
	Birgðakerfi.		
	Snögglosun, loftun og tæming.		
	Millirennsli og tilfærsla eldsneytis.		
	Vísbendingar og viðvaranir.		
	Áfylling og losun eldsneytis.		
	Eldsneytiskerfi sem hefur áhrif á langsumjafnvægi.		

		STIG	
		A1	B1.1
11.11	*Vökvaafl (ATA 29)*	1	3
	Skipulag kerfis.		
	Vökvar fyrir vökvakerfi.		
	Vökvakerfisgeymar og þrýstigeymar.		
	Myndun þrýstings: rafknúin, vélknúin, loftknúin.		
	Myndun neyðarþrýstings.		
	Síur.		
	Þrýstistilling.		
	Afldreifing.		
	Vísbendinga- og viðvörunarkerfi.		
	Tengsl við önnur kerfi.		
11.12	*Ís- og regnvörn (ATA 30)*	1	3
	Ísmyndun, ísflokkun og hvernig á að taka eftir ísmyndun.		
	Ísvarnarkerfi: rafknúið, með heitu lofti og íðefnum.		
	Afísingarkerfi: rafknúið, með heitu lofti, loftknúið og með íðefnum.		
	Efni sem hrindir frá sér regnvatni.		
	Hitun á nemum og afrennslum.		
	Rúðuþurrkukerfi.		
11.13	*Lendingarbúnaður (ATA 32)*	2	3
	Uppbygging, höggdeyfing.		
	Kerfi til að setja lendingarbúnað niður og draga upp: venjulegur búnaður og neyðarbúnaður.		
	Vísbendingar og viðvaranir.		
	Hjól, hemlar, skriðvarnarkerfi og sjálfvirkt hemlakerfi.		
	Hjólbarðar.		
	Stýrisbúnaður.		
	Nemar milli loftfara og jarðstöðva.		
11.14	*Ljós (ATA 33)*	2	3
	Ytri ljós: siglingaljós, blikljós, lendingarljós, akstursljós, ísathugunarljós.		
	Inniljós: farþegarými, stjórnklefi, fragtrými.		
	Neyðarljós.		
11.15	*Súrefni (ATA 35)*	1	3
	Skipulag kerfis: stjórnklefi, farþegarými.		
	Súrefnisgjafi, geymsla, hleðsla og dreifing.		
	Eftirlit með birgðum.		
	Vísbendingar og viðvaranir.		
11.16	*Loftþrýstikerfi/sogkerfi (ATA 36)*	1	3
	Skipulag kerfis.		
	Loftgjafi: hreyfill/aukaaflstöð, þjöppur, geymar, loftöflun frá búnaði á jörðu niðri.		
	Þrýstistilling.		
	Dreifing.		

		STIG	
		A1	B1.1
	Vísbendingar og viðvaranir.		
	Tengsl við önnur kerfi.		
11.17	*Vatn/úrgangur (ATA 38)*	2	3
	Skipulag vatnskerfis, birgðir, dreifing, viðhald og tæming.		
	Skipulag salerniskerfis, skolun og viðhald.		
	Tæringarþættir.		
11.18	*Viðhaldskerfi um borð (ATA 45)*	1	2
	Miðlægar viðhaldstölvur.		
	Gagnainnsetningarkerfi.		
	Rafrænt skjalakerfi.		
	Prentun.		
	Eftirlit með burðarvirki (eftirlit með skemmdarþoli).		
11.19	*Samþættur, einingaskiptur rafeindabúnaður loftfars (e. Integrated Modular Avionics) (ATA 42)*	1	2
	Aðgerðir sem venjulega geta verið hluti af einingum í samþættum, einingaskiptum rafeindabúnaði loftfars eru m.a.:		
	afhleypistjórnun, loftþrýstingsstýring, loftræsting og -stýring, loftræstistýring fyrir rafeindabúnað loftfars og í stjórnklefa, hitastýring, samskipti flugumferðar, samskiptabeinir fyrir rafeindabúnað loftfars, stjórnun rafálags, vöktun varrofa, BITE-rafkerfi, eldsneytisstjórnun, hemlastjórnun, stýrisstjórnun, kerfi til að setja niður og draga upp lendingarbúnað, þrýstimælir hjólbarða, þrýstimælir olíu, vöktun hemlahita, o.s.frv.		
	Grunnkerfi: netkerfisíhlutir.		
11.20	*Kerfi í farþegarými (ATA 44)*	1	2
	Einingar og íhlutir í kerfi til afþreyingar fyrir farþega og í kerfi til samskipta innan loftfarsins (kall- og gagnakerfi í farþegarými (e. *Cabin Intercommunication Data System*)) og á milli farþegarýmis loftfars og landstöðva (netkerfisþjónusta í farþegarými (e. *Cabin Network Service*)). Nær yfir radd-, gagna- tónlistar- og myndsendingar.		
	Kall- og gagnakerfi í farþegarými er skilflötur milli áhafnar í stjórnklefa/farþegarými og kerfa í farþegarými. Þessi kerfi styðja við gagnaskipti tækja sem hægt er að skipta út í leiðarviðhaldi (e. *line replacable unit,* LRU) og þeim er almennt stjórnað í gegnum mælaborð flugþjóna.		
	Netkerfisþjónustan í farþegarými samanstendur yfirleitt af netþjóni, sem almennt hefur samskipti við m.a. eftirfarandi kerfi:	—	—
	— Gagnafjarskipti/þráðlaus fjarskipti, afþreyingarkerfi í flugi.		
	Netkerfisþjónusta í farþegarými veitir t.d. aðgang að:	—	—
	— skýrslum fyrir brottför/brottfararskýrslum,		
	— tölvupósti/innra neti eða Netinu,		
	— gagnagrunni með farþegaupplýsingum.		
	Grunnkerfi í farþegarými.		
	Afþreyingarkerfi í flugi.		
	Ytra fjarskiptakerfi.		
	Heildarminniskerfi farþegarýmis.		
	Vöktunarkerfi farþegarýmis.		
	Ýmis kerfi í farþegarými.		

		STIG	
		A1	B1.1
11.21	*Upplýsingakerfi (ATA 46)*	1	2
	Einingar og íhlutir sem gera kleift að geyma, uppfæra og sækja stafrænar upplýsingar sem almennt eru veittar á pappír, örfilmu eða fisju. Nær yfir einingar sem eru ætlaðar til að geyma og sækja upplýsingar, svo sem rafrænar skjalageymslur og stýrieiningar fyrir þær. Nær ekki yfir einingar og íhluti sem uppsettir eru til annarra nota og samnýttir með öðrum kerfum, svo sem prentara í stjórnklefa eða skjá til almennra nota.		
	Lýsandi dæmi eru t.d. flugumferðar- og upplýsingastjórnunarkerfi og netþjónakerfi.		
	Almennt upplýsingakerfi loftfars.		
	Upplýsingakerfi í stjórnklefa.		
	Viðhaldsupplýsingakerfi.		
	Upplýsingakerfi í farþegarými.		
	Ýmis upplýsingakerfi.		

ÁFANGI 11B: LOFTHREYFIFRÆÐI, BURÐARVIRKI OG KERFI FLUGVÉLA MEÐ BULLUHREYFLUM

1. athugasemd: Þessi áfangi á ekki við flokk B3. Viðeigandi viðfangsefni fyrir flokk B3 eru skilgreind í áfanga 11C.

2. athugasemd: Umfang þessa áfanga skal endurspegla þá tækniþekkingu á flugvélum sem á við um undirflokka A2 og B1.2

		STIG	
		A2	B1.2
11.1	*Flugfræði*		
11.1.1.	*Lofthreyfifræði flugvéla og stýri*	1	2
	Starfsemi og áhrif:	—	—
	— veltustýringar: hallastýra og lyftispilla,		
	— kinkstýringar: hæðarstýra, kambstýra (e. *stabilators*), stýriskamba og vænglinga með breytilegu áfallshorni,		
	— geigunarstýringar, takmarkara fyrir hliðarstýringu,		
	Stýring með hallahæðarstýrum (e. *elevons*), hliðarhæðarstýrum (e. *ruddervators*).		
	Búnaður til lyftikraftsaukningar, vængraufar, raufungar, flapar, flapastýri (e. *flaperons*).		
	Búnaður til viðnámsaukningar, lyftispillar, lyftieyðar, lofthemlar.		
	Áhrif vængbríka, sagtenntra frambrúna.		
	Vængloðsstýring með hvirfilvökum, ofrisfleygum eða frambrúnarbúnaði.		
	Starfsemi og áhrif stilliblakna, léttiblakna og þyngiblakna, hjálparblakna, fjaðurblakna, massajafnvægis stýrisflata, halla stýrisflata, léttiplatna fyrir stýrisflatajafnvægi.		
11.1.2.	*Háhraðaflug — á ekki við*	—	—
11.2	*Burðarvirki flugskrokks — Almenn hugtök*		
	a) Lofthæfikröfur um styrk burðarvirkis.	2	2
	Flokkun burðarvirkis, fyrsta stigs, annars stigs og þriðja stigs burðarvirki.		
	Hugtökin bilanatraustur, tryggur endingartími, skemmdarþol.		
	Svæðis- og reitakennikerfi.		
	Spenna, aflögun, bognun, þjöppun, skúfun, vindingur, tog, hringspenna, þreyta.		
	Ákvæði um frárennsli og loftræstingu.		
	Ákvæði um ísetningu kerfa.		
	Ákvæði um eldingavara.		
	Jarðsamband loftfars.		

		STIG	
		A2	B1.2
	b) Aðferðir við smíði á: burðarklæðningu loftfarsbols, formrömmum, langböndum, burðarlangböndum, skilrúmum, römmum, löskum, þrýstistoðum, teinum, bitum, burðarvirkjum gólfs, styrkingu, aðferðum við klæðningu, vörn gegn tæringu, aukabúnaði á væng, stél og hreyfli. Tækni við samsetningu burðarvirkis: að hnoða, bolta, líma. Aðferðir við að verja yfirborð, t.d. krómötun, rafhúðun, málning. Hreinsun yfirborðs. Samhverfa flugskrokks: aðferðir við eftirlit með samstillingu og samhverfu.	1	2
11.3	*Burðarvirki flugskrokks — Flugvélar*		
11.3.1.	*Loftfarsbolur (ATA 52/53/56)* Uppbygging og þétting vegna þrýstijöfnunar. Festibúnaður vængs, hæðarstýriskambs, stöpuls og lendingarbúnaðar. Ísetning sæta. Hurðir og neyðarútgangar: bygging og notkun. Festibúnaður glugga og framrúðu.	1	2
11.3.2.	*Vængir (ATA 57)* Uppbygging. Eldsneytisgeymsla. Lendingarbúnaður, stöpull, stýrisflötur og lyftikrafts- og viðnámsaukabúnaður.	1	2
11.3.3.	*Stýriskambar (ATA 55)* Uppbygging. Festibúnaður stýrisflatar.	1	2
11.3.4.	*Stýrafletir (ATA 55/57)* Uppbygging og festibúnaður. Jafnvægisstilling — massi og lofthreyfikraftar.	1	2
11.3.5.	*Hreyfilhús/stöplar (ATA 54)* Hreyfilhús/stöplar: — Uppbygging. — Eldvarnarþil. — Uppsetning hreyfla.	1 —	2 —
11.4	*Loftræsting og inniþrýstijöfnun (ATA 21)* Þrýstijöfnunar- og loftræstikerfi. Inniþrýstistillar, varnar- og viðvörunarbúnaður. Hitakerfi.	1	3
11.5	*Mælitæki/rafeindakerfi loftfara*		
11.5.1.	*Mælakerfi (ATA 31)* Hraðanemar: hæðarmælir, hraðamælir, stig- og fallmælir. Snúðumælar: gervisjónbaugur, flughorfsvísir, stefnuvísir (e. *direction indicator*), stöðuvísir (e. *horizontal situation indicator*), beygju- og skriðmælir (e. *turn and slip indicator*), beygju- og hallastillir (e. *turn coordinator*). Áttavitar: beinn aflestur, fjaraflestur. Áfallshornsmælir, ofrisviðvörunarkerfi. Skjáklefi. Aðrir mælar í kerfi loftfarsins.	1	2

		STIG	
		A2	B1.2
11.5.2.	*Rafeindakerfi loftfara*	1	1
	Grundvallaratriði í kerfisskipulagi og starfsemi:	—	—
	— sjálfstýrikerfa (ATA 22). — fjarskiptakerfa (ATA 23). — leiðsögukerfa (ATA 34).		
11.6	*Rafafl (ATA 24)*	1	3
	Ísetning og virkni rafgeyma.		
	Jafnstraumsframleiðsla.		
	Spennustilling.		
	Afldreifing.		
	Öryggi rafrása.		
	Áriðlar, spennubreytar.		
11.7	*Búnaður og innréttingar (ATA 25)*		
	a) Kröfur um neyðarbúnað. Sæti, öryggistygi og -belti.	2	2
	b) Skipulag farþegarýmis.	1	1
	Skipulag búnaðar. Ísetning innréttinga í farþegarými. Afþreyingarbúnaður í farþegarými. Eldhúsinnrétting. Búnaður til meðhöndlunar og frágangs farms. Innbyggður landgangur.		
11.8	*Eldvarnir (ATA 26)*		
	a) Eld- og reykskynjunarkerfi og viðvörunarkerfi. Slökkvikerfi. Kerfisprófun.	1	3
	b) Handslökkvitæki.	1	3
11.9	*Stýri (ATA 27)*	1	3
	Aðalstýri: hallastýri, hæðarstýri, hliðarstýri.		
	Stilliblökur.		
	Búnaður til lyftikraftsaukningar.		
	Starfsemi kerfis: handvirk.		
	Stýrislásar.		
	Jafnvægisstilling og aðrar stillingar.		
	Ofrisviðvörunarkerfi.		
11.10	*Eldsneytiskerfi (ATA 28)*	1	3
	Skipulag kerfis.		
	Eldsneytisgeymar.		
	Birgðakerfi.		
	Millirennsli og tilfærsla eldsneytis		
	Vísbendingar og viðvaranir.		
	Áfylling og losun eldsneytis.		

		STIG	
		A2	B1.2
11.11	*Vökvaafl (ATA 29)*	1	3
	Skipulag kerfis.		
	Vökvar fyrir vökvakerfi.		
	Vökvakerfisgeymar og þrýstigeymar.		
	Myndun þrýstings: rafknúin, vélknúin.		
	Síur.		
	Þrýstistilling.		
	Afldreifing.		
	Vísbendingar- og viðvörunarkerfi.		
11.12	*Ís- og regnvörn (ATA 30)*	1	3
	Ísmyndun, ísflokkun og hvernig á að taka eftir ísmyndun.		
	Afísingarkerfi: rafknúið, með heitu lofti, loftknúið og með íðefnum.		
	Hitun á nemum og afrennslum.		
	Rúðuþurrkukerfi.		
11.13	*Lendingarbúnaður (ATA 32)*	2	3
	Uppbygging, höggdeyfing.		
	Kerfi til að setja lendingarbúnað niður og draga upp: venjulegur búnaður og neyðarbúnaður.		
	Vísbendingar og viðvaranir.		
	Hjól, hemlar, skriðvarnarkerfi og sjálfvirkt hemlakerfi.		
	Hjólbarðar.		
	Stýrisbúnaður.		
	Nemar milli loftfara og jarðstöðva.		
11.14	*Ljós (ATA 33)*	2	3
	Ytri ljós: siglingaljós, blikljós, lendingarljós, akstursljós, ísathugunarljós.		
	Inniljós: farþegarými, stjórnklefi, fragtrými.		
	Neyðarljós.		
11.15	*Súrefni (ATA 35)*	1	3
	Skipulag kerfis: stjórnklefi, farþegarými.		
	Súrefnisgjafi, geymsla, hleðsla og dreifing.		
	Eftirlit með birgðum.		
	Vísbendingar og viðvaranir.		
11.16	*Loftþrýstikerfi/sogkerfi (ATA 36)*	1	3
	Skipulag kerfis.		
	Loftgjafi: hreyfill/aukaaflstöð, þjöppur, geymar, loftöflun frá búnaði á jörðu niðri.		
	Þrýstistilling.		
	Dreifing.		
	Vísbendingar og viðvaranir.		
	Tengsl við önnur kerfi.		
11.17	*Vatn/úrgangur (ATA 38)*	2	3
	Skipulag vatnskerfis, birgðir, dreifing, viðhald og tæming.		
	Skipulag salerniskerfis, skolun og viðhald.		
	Tæringarþættir.		

Áfangi 11C: LOFTHREYFIFRÆÐI, BURÐARVIRKI OG KERFI FLUGVÉLA MEÐ BULLUHREYFLUM

Athugasemd: Umfang þessa áfanga skal endurspegla þá tækniþekkingu á flugvélum sem á við um flokk B3.

		STIG
		B3
11.1	*Flugfræði*	
	Lofthreyfifræði flugvéla og stýri.	1
	Starfsemi og áhrif:	—
	— veltustýringar: hallastýra. — kinkstýringar: hæðarstýra, kambstýra (e. *stabilators*), stýriskamba og vænglinga með breytilegu áfallshorni, — geigunarstýringar, takmarkara fyrir hliðarstýringu.	
	Stýring með hallahæðarstýrum (e. *elevons*), hliðarhæðarstýrum (e. *ruddervators*).	
	Búnaður til lyftikraftsaukningar, vængraufar, raufungar, flapar, flapastýri (e. *flaperons*).	
	Búnaður til viðnámsaukningar, lyftieyðar, lofthemlar.	
	Áhrif vængbríka, sagtenntra frambrúna.	
	Vængloðsstýring með hvirfilvökum, ofrisfleygum eða frambrúnarbúnaði.	
	Starfsemi og áhrif stilliblakna, léttiblakna og þyngiblakna, hjálparblakna, fjaðurblakna, massajafnvægi stýrisflata, halla á stýrisfleti, léttiplatna fyrir stýrisflatajafnvægi.	
11.2	*Burðarvirki flugskrokks — Almenn hugtök*	
	a) Lofthæfikröfur um styrk burðarvirkis.	2
	Flokkun burðarvirkis, fyrsta stigs, annars stigs og þriðja stigs burðarvirki. Hugtökin bilanatraustur, tryggur endingartími, skemmdarþol. Svæðis- og reitakennikerfi. Spenna, aflögun, bognun, þjöppun, skúfun, vindingur, tog, hringspenna, þreyta. Ákvæði um frárennsli og loftræstingu. Ákvæði um ísetningu kerfa. Ákvæði um eldingavara. Jarðsamband loftfars.	
	b) Aðferðir við smíði á: burðarklæðningu loftfarsbols, formrömmum, langböndum, burðarlangböndum, skilrúmum, römmum, löskum, þrýstistoðum, teinum, bitum, burðarvirkjum gólfs, styrkingu, aðferðum við klæðningu, vörn gegn tæringu, aukabúnaði á væng, stél og hreyfli.	2
	Tækni við samsetningu burðarvirkis: að hnoða, bolta, líma. Aðferðir við að verja yfirborð, t.d. krómötun, rafhúðun, málning. Hreinsun yfirborðs. Samhverfa flugskrokks: aðferðir við eftirlit með samstillingu og samhverfu.	
11.3	*Burðarvirki flugskrokks — Flugvélar*	
11.3.1.	*Loftfarsbolur (ATA 52/53/56)*	1
	Uppbygging.	
	Festibúnaður vængs, hæðarstýriskambs, stöpuls og lendingarbúnaðar.	
	Ísetning sæta.	
	Hurðir og neyðarútgangar: bygging og notkun.	
	Festibúnaður glugga og framrúðu.	
11.3.2.	*Vængir (ATA 57)*	1
	Uppbygging.	
	Eldsneytisgeymsla.	
	Lendingarbúnaður, stöpull, stýrisflötur og lyftikrafts- og viðnámsaukabúnaður.	
11.3.3.	*Stýriskambar (ATA 55)*	1
	Uppbygging.	
	Festibúnaður stýrisflatar.	

		STIG
		B3
11.3.4.	*Stýrafletir (ATA 55/57)*	1
	Uppbygging og festibúnaður.	
	Jafnvægisstilling — massi og lofthreyfikraftar.	
11.3.5.	*Hreyfilhús/stöplar (ATA 54)*	
	Hreyfilhús/stöplar: — Uppbygging. — Eldvarnarþil. — Uppsetning hreyfla.	1
11.4	*Loftræsting (ATA 21)*	
	Hita- og loftræstikerfi.	1
11.5	*Mælitæki/rafeindakerfi loftfara*	
11.5.1.	*Mælakerfi (ATA 31)*	1
	Hraðanemar: hæðarmælir, hraðamælir, stig- og fallmælir.	
	Snúðumælar: gervisjónbaugur, flughorfsvísir, stefnuvísir (e. *direction indicator*), stöðuvísir (e. *horizontal situation indicator*), beygju- og skriðmælir (e. *turn and slip indicator*), beygju- og hallastillir (e. *turn coordinator*).	
	Áttavitar: beinn aflestur, fjaraflestur.	
	Áfallshornsmælir, ofrisviðvörunarkerfi.	
	Skjáklefi.	
	Aðrir mælar í kerfi loftfarsins.	
11.5.2.	*Rafeindakerfi loftfara*	1
	Grundvallaratriði í kerfisskipulagi og starfsemi: — sjálfstýrikerfa (ATA 22), — fjarskiptakerfa (ATA 23), — leiðsögukerfa (ATA 34).	—
11.6	*Rafafl (ATA 24)*	2
	Ísetning og virkni rafgeyma.	
	Jafnstraumsframleiðsla.	
	Spennustilling.	
	Afldreifing.	
	Öryggi rafrása.	
	Áriðlar, spennubreytar.	
11.7	*Búnaður og innréttingar (ATA 25)*	2
	Kröfur um neyðarbúnað.	
	Sæti, öryggistygi og belti.	
11.8	*Eldvarnir (ATA 26)*	2
	Handslökkvitæki.	
11.9	*Stýri (ATA 27)*	3
	Aðalstýri: hallastýri, hæðarstýri, hliðarstýri.	
	Stilliblökur.	
	Búnaður til lyftikraftsaukningar.	
	Starfsemi kerfis: handvirk.	
	Stýrislásar.	

		STIG
		B3
	Jafnvægisstilling og aðrar stillingar.	
	Ofrisviðvörunarkerfi.	
11.10	*Eldsneytiskerfi (ATA 28)*	2
	Skipulag kerfis.	
	Eldsneytisgeymar.	
	Birgðakerfi.	
	Millirennsli og tilfærsla eldsneytis	
	Vísbendingar og viðvaranir.	
	Áfylling og losun eldsneytis.	
11.11	*Vökvaafl (ATA 29)*	2
	Skipulag kerfis.	
	Vökvar fyrir vökvakerfi.	
	Vökvakerfisgeymar og þrýstigeymar.	
	Myndun þrýstings: rafknúinn, vélknúinn.	
	Síur.	
	Þrýstistilling.	
	Afldreifing.	
	Vísbendingar- og viðvörunarkerfi.	
11.12	*Ís- og regnvörn (ATA 30)*	1
	Ísmyndun, ísflokkun og hvernig á að taka eftir ísmyndun.	
	Afísingarkerfi: rafknúið, með heitu lofti, loftknúið og með íðefnum.	
	Hitun á nemum og afrennslum.	
	Rúðuþurrkukerfi.	
11.13	*Lendingarbúnaður (ATA 32)*	2
	Uppbygging, höggdeyfing.	
	Kerfi til að setja lendingarbúnað niður og draga upp: venjulegur búnaður og neyðarbúnaður.	
	Vísbendingar og viðvaranir.	
	Hjól, hemlar, skriðvarnarkerfi og sjálfvirkt hemlakerfi.	
	Hjólbarðar.	
	Stýrisbúnaður.	
11.14	*Ljós (ATA 33)*	2
	Ytri ljós: siglingaljós, blikljós, lendingarljós, akstursljós, ísathugunarljós.	
	Inniljós: farþegarými, stjórnklefi, fragtrými.	
	Neyðarljós.	
11.15	*Súrefni (ATA 35)*	2
	Skipulag kerfis: stjórnklefi, farþegarými.	
	Súrefnisgjafi, geymsla, hleðsla og dreifing.	
	Eftirlit með birgðum.	
	Vísbendingar og viðvaranir.	

		STIG
		B3
11.16	*Loftþrýstikerfi/sogkerfi (ATA 36)*	2
	Skipulag kerfis.	
	Loftgjafi: hreyfill/aukaaflstöð, þjöppur, geymar, loftöflun frá búnaði á jörðu niðri.	
	Þrýstings- og lofttæmidælur.	
	Þrýstistilling.	
	Dreifing.	
	Vísbendingar og viðvaranir.	
	Tengsl við önnur kerfi.	

12. ÁFANGI: LOFTHREYFIFRÆÐI, BURÐARVIRKI OG KERFI ÞYRLNA

		STIG	
		A3 A4	B1.3 B1.4
12.1	*Flugfræði — lofthreyfifræði þyrilvængja*	1	2
	Hugtök.		
	Áhrif snúðupólveltu.		
	Gagnverkun snúningsvægis og stefnustýring.		
	Ósamhverfa lyftikrafts, ofris blaðenda.		
	Hniktilhneiging og leiðrétting á henni.		
	Áhrif svigkrafts jarðar (e. *Coriolis*) og jöfnun hans.		
	Þyrilhvirfill (e. *vortex ring state*), lent inni í þyrilhvirfli (e. *power settling*), ofbeiting þyrilblaða (e. *overpitching*).		
	Sjálfsnúningur.		
	Jarðhrif.		
12.2	*Stýrakerfi*	2	3
	Ferilstýri		
	Hæðaraflstýri.		
	Skurðstýriplata.		
	Geigunarstýring: stýring mótvægis við snúningsvægi, stélþyrill, afhleypiloft.		
	Aðalþyrilkollur: einkenni hönnunar og starfsemi.		
	Blaðdeyfar: virkni og uppbygging.		
	Þyrilblöð: uppbygging og festingar aðal- og stélþyrilblaða.		
	Stýrisstillir, fastir og stillanlegir stýriskambar.		
	Starfsemi kerfis: handvirk, vökvaknúin, rafknúin og rafboðastýri.		
	Skynráður.		
	Jafnvægisstilling og aðrar stillingar.		
12.3	*Blaðferill og titringsgreining*	1	3
	Afrétting þyrils.		
	Ferill aðalþyrils og stélþyrils.		

		STIG	
		A3 A4	B1.3 B1.4
	Kyrru- og hreyfijafnvægisstilling.		
	Tegundir titrings, aðferðir til að draga úr titringi.		
	Eiginsveifla vegna jarðnándar (e. *ground resonance*).		
12.4	*Gírskipting*	1	3
	Gírar, aðalþyrlar og stélþyrlar.		
	Kúplingar, fríhjólaeiningar og þyrilhemill.		
	Stélþyrill, drifsköft, sveigjanleg tengsl, legur, titringsdeyfar og legufestingar.		
12.5	*Burðarvirki flugskrokks*		
	a) Lofthæfikröfur um styrk burðarvirkis.	2	2
	Flokkun burðarvirkis, fyrsta stigs, annars stigs og þriðja stigs burðarvirki. Hugtökin bilanatraustur, tryggur endingartími, skemmdarþol. Svæðis- og reitakennikerfi. Spenna, aflögun, bognun, þjöppun, skúfun, vindingur, tog, hringspenna, þreyta. Ákvæði um frárennsli og loftræstingu. Ákvæði um ísetningu kerfa. Ákvæði um eldingavara.		
	b) Aðferðir við smíði á: burðarklæðningu loftfarsbols, formrömmum, langböndum, burðarlangböndum, skilrúmum, römmum, löskum, þrýstistoðum, teinum, bitum, burðarvirkjum gólfs, styrkinga, aðferðir við klæðningu, vörn gegn tæringu.	1	2
	Festibúnaður á stöpul, stýriskamb og lendingarbúnað. Ísetning sæta. Hurðir: bygging, tæknibúnaður, notkun og öryggisbúnaður. Bygging glugga og framrúðu. Eldsneytisgeymsla. Eldvarnarþil. Uppsetning hreyfla. Tækni við samsetningu burðarvirkis: að hnoða, bolta, líma. Aðferðir við að verja yfirborð, t.d. krómötun, rafhúðun, málning. Hreinsun yfirborðs. Samhverfa flugskrokks: aðferðir við eftirlit með samstillingu og samhverfu.		
12.6	*Loftræsting (ATA 21)*		
12.6.1.	*Loftöflun*	1	2
	Loftgjafar, þ.m.t. afhleypiloft hreyfils og loft frá þjónustuvagni.		
12.6.2.	*Loftræsting*	1	3
	Loftræstikerfi.		
	Dreifikerfi.		
	Stjórnkerfi flæðis og hita.		
	Verndar- og viðvörunarbúnaður.		
12.7	*Mælitæki/rafeindakerfi loftfara*		
12.7.1.	*Mælakerfi (ATA 31)*	1	2
	Hraðanemar: hæðarmælir, hraðamælir, stig- og fallmælir.		
	Snúðumælar: gervisjónbaugur, flughorfsvísir, stefnuvísir (e. *direction indicator*), stöðuvísir (e. *horizontal situation indicator*), beygju- og skriðmælir (e. *turn and slip indicator*), beygju- og hallastillir (e. *turn coordinator*).		

		STIG	
		A3 A4	B1.3 B1.4
	Áttavitar: beinn aflestur, fjaraflestur.		
	Kerfi til að sýna titring í hreyflum — HUMS.		
	Skjáklefi.		
	Aðrir mælar í kerfi loftfarsins.		
12.7.2.	*Rafeindakerfi loftfara*	1	1
	Grundvallaratriði í kerfisskipulagi og starfsemi: sjálfstýrikerfa (ATA 22), fjarskiptakerfa (ATA 23), leiðsögukerfa (ATA 34).		
12.8	*Rafafl (ATA 24)*	1	3
	Ísetning og virkni rafgeyma.		
	Jafnstraumsframleiðsla, riðstraumsframleiðsla.		
	Neyðaraflsframleiðsla.		
	Spennustilling, öryggi rafrása.		
	Afldreifing.		
	Áriðlar, spennubreytar, afriðlar.		
	Ytri aflgjafi/aflgjafi á jörðu niðri.		
12.9	*Búnaður og innréttingar (ATA 25)*		
	a) Kröfur um neyðarbúnað.	2	2
	Sæti, öryggistygi og -belti. Lyftukerfi.		
	b) Neyðarflotbúnaður.	1	1
	Skipulag farþegarýmis, frágangur farms. Skipulag búnaðar. Ísetning innréttinga í farþegarými.		
12.10	*Eldvarnir (ATA 26)*	1	3
	Eld- og reykskynjunarkerfi og viðvörunarkerfi.		
	Slökkvikerfi.		
	Kerfisprófun.		
12.11	*Eldsneytiskerfi (ATA 28)*	1	3
	Skipulag kerfis.		
	Eldsneytisgeymar.		
	Birgðakerfi.		
	Snögglosun, loftun og tæming.		
	Millirennsli og tilfærsla eldsneytis		
	Vísbendingar og viðvaranir.		
	Áfylling og losun eldsneytis.		
12.12	*Vökvaafl (ATA 29)*	1	3
	Skipulag kerfis.		
	Vökvar fyrir vökvakerfi.		
	Vökvakerfisgeymar og þrýstigeymar.		
	Myndun þrýstings: rafknúin, vélknúin, loftknúin.		
	Myndun neyðarþrýstings.		
	Síur.		
	Þrýstistilling.		

		STIG	
		A3 A4	B1.3 B1.4
	Afldreifing.		
	Vísbendinga- og viðvörunarkerfi.		
	Tengsl við önnur kerfi.		
12.13	*Ís- og regnvörn (ATA 30)*	1	3
	Ísmyndun, ísflokkun og hvernig á að taka eftir ísmyndun.		
	Ísvarnar- og afísingarkerfi: rafknúið, með heitu lofti og íðefnum.		
	Efni, sem hrindir frá sér regnvatni, og hreinsun regnvatns.		
	Hitun á nemum og afrennslum.		
	Rúðuþurrkukerfi.		
12.14	*Lendingarbúnaður (ATA 32)*	2	3
	Uppbygging, höggdeyfing.		
	Kerfi til að setja lendingarbúnað niður og draga upp: venjulegur búnaður og neyðarbúnaður.		
	Vísbendingar og viðvaranir.		
	Hjól, hjólbarðar, hemlar.		
	Stýrisbúnaður.		
	Nemar milli loftfara og jarðstöðva.		
	Meiðar, flotholt.		
12.15	*Ljós (ATA 33)*	2	3
	Ytri ljós: siglingaljós, lendingarljós, akstursljós, ísathugunarljós.		
	Inniljós: farþegarými, stjórnklefi, fragtrými.		
	Neyðarljós.		
12.16	*Loftþrýstikerfi/sogkerfi (ATA 36)*	1	3
	Skipulag kerfis.		
	Loftgjafi: hreyfill/aukaaflstöð, þjöppur, geymar, loftöflun frá búnaði á jörðu niðri.		
	Þrýstistilling.		
	Dreifing.		
	Vísbendingar og viðvaranir.		
	Tengsl við önnur kerfi.		
12.17	*Samþættur, einingaskiptur rafeindabúnaður loftfars (e. Integrated Modular Avionics) (ATA 42)*	1	2
	Aðgerðir sem venjulega geta verið hluti af einingum í samþættum, einingaskiptum rafeindabúnaði loftfars eru m.a.:		
	afhleypistjórnun, loftþrýstingsstýring, loftræsting og -stýring, loftræstistýring fyrir rafeindabúnað loftfars og í stjórnklefa, hitastýring, samskipti flugumferðar, samskiptabeinir fyrir rafeindabúnað loftfars, stjórnun rafálags, vöktun varrofa, BITE-rafkerfi, eldsneytisstjórnun, hemlastjórnun, stýrisstjórnun, kerfi til að setja niður og draga upp lendingarbúnað, þrýstimælir hjólbarða, þrýstimælir olíu, vöktun hemlahita, o.s.frv.		
	Grunnkerfi.		
	Netkerfisíhlutir.		
12.18	*Viðhaldskerfi um borð (ATA 45)*	1	2
	Miðlægar viðhaldstölvur.		
	Gagnainnsetningarkerfi.		
	Rafrænt skjalakerfi.		

		STIG	
		A3 A4	B1.3 B1.4
	Prentun.		
	Eftirlit með burðarvirki (eftirlit með skemmdarþoli).		
12.19	*Upplýsingakerfi (ATA 46)*	1	2
	Einingar og íhlutir sem gera kleift að geyma, uppfæra og sækja stafrænar upplýsingar sem almennt eru veittar á pappír, örfilmu eða fisju. Nær yfir einingar sem eru ætlaðar til að geyma og sækja upplýsingar, svo sem rafrænar skjalageymslur og stýrieiningar fyrir þær. Nær ekki yfir einingar og íhluti sem uppsettir eru til annarra nota og samnýttir með öðrum kerfum, svo sem prentara í stjórnklefa eða skjá til almennra nota.		
	Lýsandi dæmi eru t.d.: flugumferðar- og upplýsingastjórnunarkerfi og netþjónakerfi.		
	Almennt upplýsingakerfi loftfars.		
	Upplýsingakerfi í stjórnklefa.		
	Viðhaldsupplýsingakerfi.		
	Upplýsingakerfi í farþegarými.		
	Ýmis upplýsingakerfi.		

13. ÁFANGI: LOFTHREYFIFRÆÐI, BURÐARVIRKI OG KERFI LOFTFARA

		STIG
		B2
13.1	*Flugfræði*	
	a) Lofthreyfifræði flugvéla og stýri.	1
	Starfsemi og áhrif:	—
	— veltustýringar: hallastýra og lyftispilla,	
	— kinkstýringar: hæðarstýra, kambstýra (e. *stabilators*), stýriskamba og vænglinga með breytilegu áfallshorni,	
	— geigunarstýringar, takmarkara fyrir hliðarstýringu.	
	Stýring með hallahæðarstýrum (e. *elevons*), hliðarhæðarstýrum (e. *ruddervators*).	
	Búnaður til lyftikraftsaukningar, vængraufar, raufungar, flapar.	
	Búnaður til viðnámsaukningar, lyftispillar, lyftieyðar, lofthemlar.	
	Starfsemi og áhrif stilliblakna, hjálparblakna, og halla á stýrisfleti.	
	b) Háhraðaflug	1
	Hljóðhraði, flug undir hljóðhraða, á mörkum hljóðhraða, yfir hljóðhraða.	
	Mach-tala, markhraði í Mach-tölu.	
	c) Lofthreyfifræði þyrilvængja	1
	Hugtök.	
	Starfsemi og áhrif ferilstýris, hæðaraflstýris og stýringar mótvægis við snúningsvægi.	
13.2	*Burðarvirki — Almenn hugtök*	
	a) Grundvallaratriði burðarvirkiskerfa.	1
	b) Svæðis- og reitakennikerfi.	2
	Jarðsamband.	
	Ákvæði um eldingavara.	

		STIG
		B2
13.3	*Sjálfstýrikerfi (ATA 22)*	3
	Grundvallaratriði sjálfstýrikerfa, þ.m.t. grunnreglur og gildandi hugtakanotkun.	
	Vinnsla boðmerkja.	
	Stýrihættir: veltu-, kink og geigunarrásir.	
	Geigunardeyfar.	
	Stöðugleikaaukning í þyrlum.	
	Sjálfvirkur stýrisstillir.	
	Skilflötur leiðsögutækja og sjálfstýringar.	
	Sjálfvirk eldsneytisgjafarkerfi.	
	Sjálfvirk lendingarkerfi: undirstöðuatriði og flokkar, stýrihættir, aðflug, aðflugshalli, lending, hætt við lendingu, kerfiseftirlit og bilunaraðstæður.	
13.4	*Fjarskipti/leiðsaga (ATA 23/34)*	3
	Grundvallaratriði er varða útbreiðslu útvarpsbylgna, loftnet, flutningslínur, fjarskipti, viðtæki og senditæki.	
	Vinnsluháttur fyrir eftirfarandi kerfi:	—
	— metrabylgjufjarskipti (VHF),	
	— stuttbylgjufjarskipti (HF),	
	— hljóðmerki,	
	— neyðarsenda,	
	— hljóðrita,	
	— fjölstefnuvita (VOR),	
	— hringvitavísa (ADF),	
	— blindlendingarkerfi (ILS),	
	— örbylgjulendingarkerfi (MLS),	
	— flugbeinikerfi, fjarlægðarvita (DME),	
	— lágtíðni- og gleiðbogaleiðsögu (VLF/Omega),	
	— Doppler-leiðsögu,	
	— svæðisleiðsögu, RNAV-kerfi,	
	— flugstýrikerfi,	
	— GPSstaðsetningarkerfi, GNSSstaðsetningarkerfi,	
	— tregðuleiðsögukerfi,	
	— ratsjársvara flugumferðarstjórnar, kögunarsvarratsjár,	
	— umferðar- og árekstrarvarakerfi (TCAS),	
	— veðurratsjár,	
	— ratsjárhæðarmæla,	
	— Fjarskipta og tilkynningarkerfi ARINC-flugfjarskiptafyrirtækisins.	
13.5	*Rafafl (ATA 24)*	3
	Ísetning og virkni rafgeyma.	
	Jafnstraumsframleiðsla.	
	Riðstraumsframleiðsla.	
	Neyðaraflsframleiðsla.	
	Spennustilling.	
	Afldreifing.	
	Áriðlar, spennubreytar, afriðlar.	
	Öryggi rafrása.	
	Ytri aflgjafi/aflgjafi á jörðu niðri.	

		STIG
		B2
13.6	*Búnaður og innréttingar (ATA 25)*	3
	Kröfur um rafrænan neyðarbúnað.	
	Afþreyingarbúnaður í farþegarými.	
13.7	*Stýri (ATA 27)*	
	a) Aðalstýri: hallastýri, hæðarstýri, hliðarstýri, lyftispillir.	2
	Stýrisstillir. Virk álagslétting stýra (e. *active load control*). Búnaður til lyftikraftsaukningar. Lyftieyðar, lofthemlar. Starfsemi kerfis: handvirk, vökvaknúin, loftknúin. Skynráður, geigunardeyfir, Mach-stillir, takmarkarar fyrir hliðarstýringu, stýrislásar. Ofrisvarnarkerfi.	
	b) Starfsemi kerfis: rafknúið, rafboðastýri.	3
13.8	*Mælitæki (ATA 31)*	3
	Flokkun.	
	Lofthjúpur.	
	Hugtök.	
	Þrýstingsmælibúnaður og -kerfi.	
	Hraðanemakerfi.	
	Hæðarmælar.	
	Stig- og fallmælar.	
	Hraðamælar.	
	Mach-mælar.	
	Hæðartilkynningar-/viðvörunarkerfi.	
	Loftgagnatölvur.	
	Loftþrýstikerfi mælitækja.	
	Beinn aflestur af þrýstings- og hitamælum.	
	Kerfi til að sýna hitastig.	
	Kerfi til að sýna eldsneytismagn.	
	Lögmál snúðu.	
	Gervisjónbaugar.	
	Skriðmælar.	
	Stefnusnúðar.	
	Jarðvarakerfi.	
	Áttavitakerfi.	
	Ferðritakerfi.	
	Rafrænt flugskjákerfi.	
	Viðvörunarkerfi fyrir mælitæki, þ.m.t. váviðvörunarkerfi (e. *master warning system*) og miðlæg viðvörunarmælaborð.	
	Ofrisviðvörunarkerfi og áfallshornsmælikerfi.	

		STIG
		B2
	Titringsmælingar og titringsmælar.	
	Skjáklefi.	
13.9	*Ljós (ATA 33)*	3
	Ytri ljós: siglingaljós, lendingarljós, akstursljós, ísathugunarljós.	
	Inniljós: farþegarými, stjórnklefi, fragtrými.	
	Neyðarljós.	
13.10	*Viðhaldskerfi um borð (ATA 45)*	3
	Miðlægar viðhaldstölvur.	
	Gagnainnsetningarkerfi.	
	Rafrænt skjalakerfi.	
	Prentun.	
	Eftirlit með burðarvirki (eftirlit með skemmdarþoli).	
13.11	*Loftræsting og inniþrýstijöfnun (ATA 21)*	
13.11.1.	*Loftöflun*	2
	Loftgjafar, þ.m.t. afhleypiloft hreyfils, loft frá aukaaflstöð og loft frá þjónustuvagni.	
13.11.2.	*Loftræsting*	
	Loftræstikerfi.	2
	Tæknibúnaður fyrir hringrás lofts og gufu.	3
	Dreifikerfi.	1
	Flæðis-, hita- og rakastjórnkerfi.	3
13.11.3.	*Þrýstijöfnun*	3
	Þrýstijöfnunarkerfi.	
	Stýring og vísbending, þ.m.t. stilllilokar og öryggislokar.	
	Inniþrýstistillar.	
13.11.4.	*Öryggis- og viðvörunarbúnaður*	3
	Verndar- og viðvörunarbúnaður.	
13.12	*Eldvarnir (ATA 26)*	
	a) Eld- og reykskynjunarkerfi og viðvörunarkerfi.	3
	Slökkvikerfi. Kerfisprófun.	
	b) Handslökkvitæki.	1
13.13	*Eldsneytiskerfi (ATA 28)*	
	Skipulag kerfis.	1
	Eldsneytisgeymar.	1
	Birgðakerfi.	1
	Snögglosun, loftun og tæming.	1
	Millirennsli og tilfærsla eldsneytis.	2
	Vísbendingar og viðvaranir.	3
	Áfylling og losun eldsneytis.	2
	Eldsneytiskerfi sem hefur áhrif á langsumjafnvægi.	3

		STIG
		B2
13.14	*Vökvaafl (ATA 29)*	
	Skipulag kerfis.	1
	Vökvar fyrir vökvakerfi.	1
	Vökvakerfisgeymar og þrýstigeymar.	1
	Myndun þrýstings: rafknúin, vélknúin, loftknúin.	3
	Myndun neyðarþrýstings.	3
	Síur.	1
	Þrýstistilling.	3
	Afldreifing.	1
	Vísbendinga- og viðvörunarkerfi.	3
	Tengsl við önnur kerfi.	3
13.15	*Ís- og regnvörn (ATA 30)*	
	Ísmyndun, ísflokkun og hvernig á að taka eftir ísmyndun.	2
	Ísvarnarkerfi: rafknúið, með heitu lofti og íðefnum.	2
	Afísingarkerfi: rafknúið, með heitu lofti og íðefnum.	3
	Efni sem hrindir frá sér regnvatni.	1
	Hitun á nemum og afrennslum.	3
	Rúðuþurrkukerfi.	1
13.16	*Lendingarbúnaður (ATA 32)*	
	Uppbygging, höggdeyfing.	1
	Kerfi til að setja lendingarbúnað niður og draga upp: venjulegur búnaður og neyðarbúnaður.	3
	Vísbendingar og viðvaranir.	3
	Hjól, hemlar, skriðvarnarkerfi og sjálfvirkt hemlakerfi.	3
	Hjólbarðar.	1
	Stýrisbúnaður.	3
	Nemar milli loftfara og jarðstöðva.	3
13.17	*Súrefni (ATA 35)*	
	Skipulag kerfis: stjórnklefi, farþegarými.	3
	Súrefnisgjafi, geymsla, hleðsla og dreifing.	3
	Eftirlit með birgðum.	3
	Vísbendingar og viðvaranir.	3
13.18	*Loftþrýstikerfi/sogkerfi (ATA 36)*	
	Skipulag kerfis.	2
	Loftgjafi: hreyfill/aukaaflstöð, þjöppur, geymar, loftöflun frá búnaði á jörðu niðri.	2
	Þrýstistilling.	3
	Dreifing.	1
	Vísbendingar og viðvaranir.	3
	Tengsl við önnur kerfi.	3
13.19	*Vatn/úrgangur (ATA 38)*	2
	Skipulag vatnskerfis, birgðir, dreifing, viðhald og tæming.	
	Skipulag salerniskerfis, skolun og viðhald.	

		STIG
		B2
13.20	*Samþættur, einingaskiptur rafeindabúnaður loftfars (ATA 42)*	3
	Aðgerðir sem venjulega geta verið hluti af einingum í samþættum, einingaskiptum rafeindabúnaði loftfars eru m.a.:	
	afhleypistjórnun, loftþrýstingsstýring, loftræsting og -stýring, stýring loftræstingar rafeindabúnaðar og stjórnklefa, hitastýring, samskipti flugumferðar, samskiptabeinir rafeindabúnaðar, stjórnun rafálags, vöktun varrofa, BITE-rafkerfi, eldsneytisstjórnun, hemlastjórnun, stýrisstjórnun, kerfi til að setja lendingarbúnað niður og draga upp, þrýstimælir hjólbarða, þrýstimælir olíu, vöktun hemlahita, o.s.frv.	
	Grunnkerfi.	
	Netkerfisíhlutir.	
13.21	*Kerfi í farþegarými (ATA 44)*	3
	Einingar og íhlutir í kerfi til afþreyingar fyrir farþega og í kerfi til samskipta innan loftfarsins (kall- og gagnakerfi í farþegarými (e. *Cabin Intercommunication Data System*)) og á milli farþegarýmis loftfars og landstöðva (netkerfisþjónusta í farþegarými (e. *Cabin Network Service*)). Nær yfir radd-, gagna-, tónlistar- og myndsendingar.	
	Kall- og gagnakerfi í farþegarými er skilflötur milli áhafnar í stjórnklefa/farþegarými og kerfa í farþegarými. Þessi kerfi styðja við gagnaskipti tækja sem hægt er að skipta út í leiðarviðhaldi (e. *line replacable unit,* LRU) og þeim er almennt stjórnað í gegnum mælaborð flugþjóna.	
	Netkerfisþjónustan í farþegarými samanstendur yfirleitt af netþjóni, sem almennt hefur samskipti við m.a. eftirfarandi kerfi:	—
	— Gagnafjarskipti/þráðlaus fjarskipti, afþreyingarkerfi í flugi.	
	Netkerfisþjónusta í farþegarými veitir t.d. aðgang að:	—
	— skýrslum fyrir brottför/brottfararskýrslum, — tölvupósti/innra neti eða Netinu, — gagnagrunni með farþegaupplýsingum.	
	Grunnkerfi í farþegarými.	
	Afþreyingarkerfi í flugi.	
	Ytra fjarskiptakerfi.	
	Heildarminniskerfi farþegarýmis.	
	Vöktunarkerfi farþegarýmis.	
	Ýmis kerfi í farþegarými.	
13.22	*Upplýsingakerfi (ATA 46)*	3
	Einingar og íhlutir sem gera kleift að geyma, uppfæra og sækja stafrænar upplýsingar sem almennt eru veittar á pappír, örfilmu eða fisju. Nær yfir einingar sem eru ætlaðar til að geyma og sækja upplýsingar, svo sem rafrænar skjalageymslur og stýrieiningar fyrir þær. Nær ekki yfir einingar og íhluti sem uppsettir eru til annarra nota og samnýttir með öðrum kerfum, svo sem prentara í stjórnklefa eða skjá til almennra nota.	
	Lýsandi dæmi eru t.d.: flugumferðar- og upplýsingastjórnunarkerfi og netþjónakerfi.	
	Almennt upplýsingakerfi loftfars.	
	Upplýsingakerfi í stjórnklefa.	
	Viðhaldsupplýsingakerfi.	
	Upplýsingakerfi í farþegarými.	
	Ýmis upplýsingakerfi.	

14. ÁFANGI: KNÝING

		STIG
		B2
14.1	*Hverfihreyflar*	
	a) Fyrirkomulag um smíði og starfræksla þotuhreyfla, tvístreymishreyfla, áshverfihreyfla og skrúfuhverfihreyfla.	1
	b) Kerfi fyrir rafeindavædda hreyfilstýringu og eldsneytismælingu (FADEC).	2
14.2	*Mælakerfi hreyfla*	2
	Hitakerfi fyrir hita útblásturslofts/hita lofts í millistigshverfli.	
	Snúningshraði hreyfils.	
	Hreyfilknýsmælir: kerfi fyrir hreyfilþrýstihlutfall, frástreymisþrýsting hverfilhreyfils eða strókrörsþrýsting.	
	Olíuþrýstingur og -hiti.	
	Eldsneytisþrýstingur, -hiti og -flæði.	
	Soggreinarþrýstingur.	
	Snúningsvægi hreyfils.	
	Hraði loftskrúfu.	
14.3	*Ræsi og kveikjukerfi*	2
	Starfsemi hreyfilræsikerfa og íhlutir þeirra.	
	Kveikjukerfi og íhlutir þeirra.	
	Kröfur um viðhaldsöryggi.	

15. ÁFANGI: GASHVERFIHREYFILL

		STIG	
		A	B1
15.1	*Grundvallaratriði*	1	2
	Stöðuorka, hreyfiorka, lögmál Newtons um hreyfingu, Brayton-vinnuferli.		
	Sambandið milli krafts, vinnu, afls, orku, hraða og hröðunar.		
	Fyrirkomulag um smíði og starfræksla þotuhreyfla, tvístreymishreyfla, áshverfihreyfla og skrúfuhverfihreyfla.		
15.2	*Hreyfilafköst*	—	2
	Hámarksknýr (óleiðréttur), raunknýr, safnstútsknýr, knýsdreifing, heildarknýr, knýsafl, ásaflsjafngildi, eðliseyðsla eldsneytis.		
	Hreyfilafköst.		
	Hjástreymishlutfall og hreyfilþrýstihlutfall.		
	Þrýstingur, hiti og hraði gasstreymis.		
	Skráð hreyfilafköst, kyrruknýr, áhrif hraða, hæðar og heits loftslags, takmörkuð hreyfilafköst (e. *flat rating*), takmarkanir.		
15.3	*Inntak*	2	2
	Þjöppuinntaksgöng.		
	Áhrif mismunandi inntakstilhögunar.		
	Ísvörn.		
15.4	*Þjöppur*	1	2
	Möndulþjöppur og frámiðjuþjöppur.		
	Byggingarleg sérkenni, undirstöðuatriði starfsemi og beiting.		

		STIG	
		A	B1
	Jafnvægisstilling hverfilblásara.		
	Starfsemi:		
	Ástæður og áhrif þjöppuofriss og þjöppubakslags.		
	Aðferðir við loftstreymisstýringu: afhleypilokar, breytilegt inntak, stýriblöð, breytileg sáturblöð, snúanleg sáturblöð.		
	Þjöppuhlutfall.		
15.5	*Brunahólf*	1	2
	Byggingarleg sérkenni og undirstöðuatriði starfsemi.		
15.6	*Hverfilhluti hreyfils*	2	2
	Starfsemi og einkenni mismunandi tegunda hverfilblaða.		
	Blaðfesting.		
	Leiðiskóflur.		
	Ástæður og áhrif hverfilblaðsspennu og skriðbjögunar hverfilblaðs.		
15.7	*Útblástur*	1	2
	Byggingarleg sérkenni og undirstöðuatriði starfsemi.		
	Þrengslastútar, útvíkkandi stútar og breytilegir stútar.		
	Minnkun hreyfilhávaða.		
	Knývendar.		
15.8	*Legur og þéttingar*	—	2
	Byggingarleg sérkenni og undirstöðuatriði starfsemi.		
15.9	*Smurefni og eldsneyti*	1	2
	Eiginleikar og forskriftir.		
	Íblöndunarefni í eldsneyti.		
	Öryggisráðstafanir.		
15.10	*Smurkerfi*	1	2
	Starfsemi kerfis/skipulag og íhlutir.		
15.11	*Eldsneytiskerfi*	1	2
	Starfsemi kerfa fyrir hreyfilstjórn og eldsneytismælingu, þ.m.t. fyrir rafeindavædda hreyfilstýringu (FADEC).		
	Skipulag kerfa og íhlutir.		
15.12	*Loftkerfi*	1	2
	Starfsemi dreifingarkerfis fyrir hreyfilloft og ísvarnarstýrikerfa, þ.m.t. innikæling, þétting og loftgjafi á jörðu niðri.		
15.13	*Ræsi og kveikjukerfi*	1	2
	Starfsemi hreyfilræsikerfa og íhlutir þeirra.		
	Kveikjukerfi og íhlutir þeirra.		
	Kröfur um viðhaldsöryggi.		
15.14	*Hreyfilskjákerfi*	1	2
	Hitakerfi fyrir hita útblásturslofts/hita lofts í millistigshverfli.		
	Hreyfilknýsmælir: kerfi fyrir hreyfilþrýstihlutfall, frástreymisþrýsting hverfilhreyfils eða strókrörsþrýsting.		
	Olíuþrýstingur og -hiti.		
	Eldsneytisþrýstingur og -flæði.		
	Snúningshraði hreyfils.		

		STIG	
		A	B1
	Titringsmælingar og titringsmælar.		
	Snúningsvægi.		
	Afl.		
15.15	*Aflaukningarkerfi*	—	1
	Starfsemi og beiting.		
	Vatnsinnspýting, vatnsmetanól.		
	Eftirbrennarakerfi.		
15.16	*Skrúfuhverfihreyflar*	1	2
	Gastengdur hverfill (frír hverfill) og gírtengdur hverfill.		
	Niðurfærslugírar.		
	Samþætt stjórntæki hreyfils og loftskrúfu.		
	Öryggisbúnaður gegn yfirhraða.		
15.17	*Áshverfihreyflar*	1	2
	Fyrirkomulag, drifkerfi, niðurfærsla, tenging, stýrakerfi.		
15.18	*Aukaaflstöðvar (APU)*	1	2
	Hlutverk, starfsemi, verndarkerfi.		
15.19	*Ísetning fullbúins hreyfils*	1	2
	Fyrirkomulag á eldvarnarþiljum, hreyfilhlífum, hljóðdeyfandi plötum, hreyfilfestingum, titringsvarnarfestingum, slöngum, rörum, veitileiðslum, tengjum, rafleiðsluknippum, stýristaumum og stöngum, lyftipunktum og afrennslum.		
15.20	*Eldvarnarkerfi*	1	2
	Starfsemi skynjara- og slökkvikerfa.		
15.21	*Hreyfilvöktun og starfræksla hreyfils á jörðu niðri*	1	3
	Verklagsreglur um ræsingu og prófun á jörðu niðri.		
	Túlkun á hreyfilafköstum og færibreytum hreyfils.		
	Eftirlit með hneigð (þ.m.t. olíugreining, titringur og holsjá).		
	Skoðun á hreyflum og íhlutum með hliðsjón af viðmiðunum, vikmörkum og gögnum sem hreyfilframleiðandi tilgreinir.		
	Þvottur/hreinsun á þjöppum.		
	Skemmdir af völdum aðskotahluta.		
15.22	*Geymsla og varðveisla hreyfla*	—	2
	Varðveisla hreyfla og fylgihluta/kerfa fyrir geymslu (e. *preservation*) og hreyflar og fylgihlutir/kerfi tekin í notkun eftir þau hafa verið varðveitt til geymslu (e. *depreservation*).		

16. ÁFANGI: STROKKHREYFLAR:

		STIG		
		A	B1	B3
16.1	*Grundvallaratriði*	1	2	2
	Vélræn nýtni, varma- og rúmnýtni.			
	Vinnsluháttur — tvígengis-, fjórgengis-, bensín- og dísilhreyfla.			
	Slag- og þjöppunarhlutfall strokkhreyfla.			
	Fyrirkomulag hreyfils og kveikiröð.			

		STIG		
		A	B1	B3
16.2	*Hreyfilafköst*	1	2	2
	Aflreikningur og -mælingar.			
	Þættir sem hafa áhrif á hreyfilafl.			
	Blöndur/þynning, forkveiking.			
16.3	*Uppbygging hreyfils*	1	2	2
	Sveifarhús, sveifarás, kambás, olíubiður (e. *sumps*).			
	Aukatækjagírar.			
	Strokk- og stimpilsamsetning.			
	Strokkstangir, inntaks- og útblástursgreinar.			
	Gangvirki loka.			
	Niðurfærslugír loftskrúfu.			
16.4	*Eldsneytiskerfi hreyfla*			
16.4.1.	*Blöndungar*	1	2	2
	Tegundir, uppbygging og undirstöðuatriði starfsemi.			
	Ísing og hitun.			
16.4.2.	*Bein innspýting*	1	2	2
	Tegundir, uppbygging og undirstöðuatriði starfsemi.			
16.4.3.	*Rafeindavædd hreyfilstýring*	1	2	2
	Starfsemi kerfa fyrir hreyfilstjórn og eldsneytismælingu, þ.m.t. fyrir rafeindavædda hreyfilstýringu (FADEC).			
	Skipulag kerfa og íhlutir.			
16.5	*Ræsi og kveikjukerfi*	1	2	2
	Ræsikerfi, forhitunarkerfi.			
	Tegundir segulkveikja, uppbygging og undirstöðuatriði starfsemi.			
	Kveikjuþræðir, kveikikerti.			
	Lág- og háspennukerfi.			
16.6	*Sogkerfi, útblásturskerfi og kælikerfi*	1	2	2
	Uppbygging og starfsemi: sogkerfa, þ.m.t. varaloftsinntakskerfa.			
	Útblásturskerfi, kælikerfi hreyfla — með loft- og vökvakerfum.			
16.7	*Forþjöppun/hverfilforþjöppun*	1	2	2
	Undirstöðuatriði og hlutverk forþjöppunar og áhrif hennar á færibreytur hreyfilsins.			
	Uppbygging og starfsemi forþjöppunar- og hverfilforþjöppunarkerfa.			
	Íðorð kerfisins.			
	Stýrikerfi.			
	Kerfisvörn.			
16.8	*Smurefni og eldsneyti*	1	2	2
	Eiginleikar og forskriftir.			
	Íblöndunarefni í eldsneyti.			
	Öryggisráðstafanir.			
16.9	*Smurkerfi*	1	2	2
	Starfsemi/skipulag kerfis og íhlutir.			

		STIG		
		A	B1	B3
16.10	*Hreyfilskjákerfi*	1	2	2
	Snúningshraði hreyfils.			
	Strokklokshiti.			
	Hiti kælivökva.			
	Olíuþrýstingur og -hiti.			
	Útblásturshiti.			
	Eldsneytisþrýstingur og -flæði.			
	Soggreinarþrýstingur.			
16.11	*Ísetning fullbúins hreyfils*	1	2	2
	Fyrirkomulag á eldvarnarþiljum, hreyfilhlífum, hljóðdeyfandi plötum, hreyfilfestingum, titringsvarnarfestingum, slöngum, rörum, veitileiðslum, tengjum, rafleiðsluknippum, stýristaumum og stöngum, lyftipunktum og afrennslum.			
16.12	*Hreyfilvöktun og starfræksla hreyfils á jörðu niðri*	1	3	2
	Verklagsreglur um ræsingu og prófun á jörðu niðri.			
	Túlkun á hreyfilafköstum og færibreytum hreyfils.			
	Skoðun á hreyfli og íhlutum: viðmiðanir, vikmörk og gögn sem framleiðandi hreyfilsins tilgreinir.			
16.13	*Geymsla og varðveisla hreyfla*	—	2	1
	Varðveisla hreyfla og fylgihluta/kerfa fyrir geymslu (e. *preservation*) og hreyflar og fylgihlutir/kerfi tekin í notkun eftir þau hafa verið varðveitt til geymslu (e. *depreservation*).			

ÁFANGI 17A: LOFTSKRÚFA

Athugasemd: Þessi áfangi á ekki við flokk B3. Viðeigandi námsefni fyrir flokk B3 er skilgreint í áfanga 17B.

		STIG	
		A	B1
17.1	*Grundvallaratriði*	1	2
	Blaðfræði.		
	Gleitt/hvasst horn blaðs (miðað við snúningsstefnu), öfugt horn, áfallshorn, snúningshraði.		
	Sleita loftskrúfu (e. *propeller slip*).		
	Lofthreyfikraftur, miðflóttakraftur og knýkraftur.		
	Snúningsvægi.		
	Aðfallshorn loftstreymis á blað.		
	Titringur og meðsveifla.		
17.2	*Uppbygging loftskrúfu*	1	2
	Aðferðir við smíði og efni sem notað er í viðarloftskrúfur, loftskrúfur úr samsettu efni og málmloftskrúfur.		
	Staður á blaði, framhlið blaðs, blaðstöng, bakhlið blaðs og samsetning nafar.		
	Loftskrúfa með föstum skurði, stjórnanlegum skurði og jöfnum hraða.		
	Ísetning loftskrúfu/nafarhlífar.		
17.3	*Skurðstillir loftskrúfu*	1	2
	Aðferðir til að stilla hraða og breyta skurði, vélrænar og rafrænar/með rafeindabúnaði.		
	Nauðbeitarskurður og vendiskurður.		
	Yfirhraðavörn.		
17.4	*Samstilling loftskrúfna*	—	2
	Búnaður til samstillingar og samfösunar.		

		STIG	
		A	B1
17.5	*Ísvarnarbúnaður loftskrúfu*	1	2
	Vökvi og rafbúnaður til afísingar.		
17.6	*Viðhald loftskrúfu*	1	3
	Kyrru- og hreyfijafnvægisstilling.		
	Blaðferill.		
	Mat á skemmdum á blaði, veðrun, tæringu, höggskemmdum, laglosun.		
	Meðferðar- og viðgerðaráætlanir loftskrúfu.		
	Hreyfill gangsettur með loftskrúfu.		
17.7	*Geymsla og varðveisla loftskrúfna*	1	2
	Varðveisla loftskrúfu fyrir geymslu og loftskrúfa tekin í notkun eftir að hún hefur verið varðveitt til geymslu.		

ÁFANGI 17B: LOFTSKRÚFA

Athugasemd: Umfang þessa áfanga skal endurspegla þá tækniþekkingu á loftskrúfum á flugvélum sem á við um flokk B3.

		STIG
		B3
17.1	*Grundvallaratriði*	2
	Blaðfræði.	
	Gleitt/hvasst horn blaðs (miðað við snúningsstefnu), öfugt horn, áfallshorn, snúningshraði.	
	Sleita loftskrúfu (e. *propeller slip*).	
	Lofthreyfikraftur, miðflóttakraftur og knýkraftur.	
	Snúningsvægi.	
	Aðfallshorn loftstreymis á blað.	
	Titringur og meðsveifla.	
17.2	*Uppbygging loftskrúfu*	2
	Aðferðir við smíði og efni sem notað er í viðarloftskrúfur, loftskrúfur úr samsettu efni og málmloftskrúfur.	
	Staður á blaði, framhlið blaðs, blaðstöng, bakhlið blaðs og samsetning nafar.	
	Loftskrúfa með föstum skurði, stjórnanlegum skurði og jöfnum hraða.	
	Ísetning loftskrúfu/nafarhlífar.	
17.3	*Skurðstillir loftskrúfu*	2
	Aðferðir til að stilla hraða og breyta skurði, vélrænar og rafrænar/með rafeindabúnaði.	
	Nauðbeitarskurður og vendiskurður.	
	Yfirhraðavörn.	
17.4	*Samstilling loftskrúfna*	2
	Búnaður til samstillingar og samfösunar.	
17.5	*Ísvarnarbúnaður loftskrúfu*	2
	Vökvi og rafbúnaður til afísingar.	
17.6	*Viðhald loftskrúfu*	2
	Kyrru- og hreyfijafnvægisstilling.	
	Blaðferill.	
	Mat á skemmdum á blaði, veðrun, tæringu, höggskemmdum, laglosun.	
	Meðferðar- og viðgerðaráætlanir loftskrúfu.	
	Hreyfill gangsettur með loftskrúfu.	
17.7	*Geymsla og varðveisla loftskrúfna*	2
	Varðveisla loftskrúfu fyrir geymslu og loftskrúfa tekin í notkun eftir að hún hefur verið varðveitt til geymslu.	

II. viðbætir

Staðall fyrir grunnpróf

1. **Almenn atriði**

1.1. Í öllum grunnprófum skulu vera fjölvalsspurningar og ritgerðarspurningar eins og tilgreint er hér á eftir. Röngu svarmöguleikarnir verða að virðast jafn líklegir þeim sem ekki hafa þekkingu á námsefninu. Allir svarmöguleikarnir skulu vera greinilega tengdir spurningunni, í þeim skal notast við svipaðan orðaforða og málfræðilega uppbyggingu og þeir skulu vera svipaðir að lengd. Í tölulegum spurningum skulu röngu svörin kallast á við mistök á borð við notkun á röngum formerkjum eða rangan umreikning á einingum, þetta mega ekki vera tilviljanakenndar tölur.

1.2. Hverri fjölvalsspurningu skulu fylgja þrjú möguleg svör og má einungis eitt þeirra vera rétt svar og skal sá tími, sem prófstakanda er veittur fyrir hvern námsáfanga, vera 75 sekúndur að meðaltali fyrir hverja spurningu.

1.3. Semja þarf skriflegt svar við hverri ritgerðarspurningu og skal veita prófstakanda 20 mínútur til að svara hverri slíkri spurningu.

1.4. Semja skal viðeigandi ritgerðarspurningar og meta þær með hliðsjón af námsskránni í námsáföngum 7A, 7B, 9A, 9B og 10 í I. viðbæti.

1.5. Fyrir hverja spurningu skal semja fyrirmynd að svari sem skal einnig fela í sér öll önnur möguleg svör sem eru kunn ef við á.

1.6. Einnig skal sundurliða fyrirmyndina að svari í mikilvæg atriði, svokölluð lykilatriði.

1.7. Til að standast fjölvalsspurningahluta prófsins í hverjum námsáfanga og undiráfanga þarf árangur að vera 75%.

1.8. Til að standast hverja ritgerðarspurningu verður árangur að vera 75%, þ.e. í svari prófstakenda verða að vera 75% af tilskildum lykilatriðum sem spurt er um og engar umtalsverðar villur í tengslum við eitthvert lykilatriðanna.

1.9. Ef prófstakandi fellur einungis á fjölvalsspurningahlutanum eða einungis á ritgerðarhlutanum þá þarf hann einungis að endurtaka fjölvalsspurningahlutann eða ritgerðarhlutann, eftir því sem við á.

1.10. Ekki skal nota refsieiningar fyrir röng svör þegar tekin er ákvörðun um hvort prófstakandi hefur staðist prófið.

1.11. Honum er ekki heimilt að endurtaka próf í áfanga í a.m.k. 90 daga eftir að hann fellur nema þegar um er að ræða viðhaldskennslufyrirtæki með samþykki í samræmi við IV. viðauka (147. hluta) sem heldur námskeið sem er sniðið að þeim þáttum viðkomandi námsáfanga sem hann féll í en þá má endurtaka próf í námsáfanganum eftir 30 daga.

1.12. Tímabilin, sem tilgreind eru í lið 66.A.25, eiga við um próf í öllum áföngum, nema ef um er að ræða próf í áfanga sem prófstakandi hefur þegar staðist vegna skírteinis í öðrum flokki, þar sem skírteinið hefur þegar verið gefið út.

1.13. Að hámarki má gera þrjár tilraunir í röð fyrir hvern áfanga. Frekari hrinur með þremur tilraunum eru leyfilegir með árs biðtíma á milli hrina.

Umsækjandi skal senda samþykkta viðhaldskennslufyrirtækinu eða lögbæra yfirvaldinu, sem sótt er um að taka próf hjá, skriflega staðfestingu um fjölda tilrauna og dagsetningar þeirra á næstliðnu ári og um fyrirtækið eða lögbæra yfirvaldið þar sem tilraunirnar fóru fram. Viðhaldskennslufyrirtækið eða lögbæra yfirvaldið ber ábyrgð á að sannreyna fjölda tilrauna innan viðeigandi tímaramma.

2. **Fjöldi spurninga fyrir hvern áfanga**

2.1. 1. ÁFANGI — STÆRÐFRÆÐI

Flokkur A: 16 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 20 mínútur

Flokkur B1: 32 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 40 mínútur

Flokkur B2: 32 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 40 mínútur

Flokkur B3: 28 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 35 mínútur

2.2. 2. ÁFANGI — EÐLISFRÆÐI

Flokkur A: 32 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 40 mínútur

Flokkur B1: 52 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 65 mínútur

Flokkur B2: 52 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 65 mínútur

Flokkur B3: 28 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 35 mínútur

2.3. 3. ÁFANGI — GRUNDVALLARATRIÐI RAFMAGNS

Flokkur A: 20 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 25 mínútur

Flokkur B1: 52 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 65 mínútur

Flokkur B2: 52 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 65 mínútur

Flokkur B3: 24 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 30 mínútur

2.4. 4. ÁFANGI — GRUNDVALLARATRIÐI RAFEINDATÆKNI

Flokkur B1: 20 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 25 mínútur

Flokkur B2: 40 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 50 mínútur

Flokkur B3: 8 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 10 mínútur

2.5. 5. ÁFANGI — STAFRÆN TÆKNI/RAFEINDAMÆLAKERFI

Flokkur A: 16 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 20 mínútur

Flokkar B1.1 og B1.3: 40 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 50 mínútur

Flokkar B1.2 og B1.4: 20 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 25 mínútur

Flokkur B2: 72 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 90 mínútur

Flokkur B3: 16 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 20 mínútur

2.6. 6. ÁFANGI — EFNI OG VÉLBÚNAÐUR

Flokkur A: 52 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 65 mínútur

Flokkur B1: 72 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 90 mínútur

Flokkur B2: 60 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 75 mínútur

Flokkur B3: 60 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 75 mínútur

2.7. ÁFANGI 7A — VIÐHALDSVENJUR

Flokkur A: 72 fjölvalsspurningar og 2 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 90 mínútur plús 40 mínútur.

Flokkur B1: 80 fjölvalsspurningar og 2 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 100 mínútur plús 40 mínútur.

Flokkur B2: 60 fjölvalsspurningar og 2 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 75 mínútur plús 40 mínútur.

ÁFANGI 7B — VIÐHALDSVENJUR

Flokkur B3: 60 fjölvalsspurningar og 2 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 75 mínútur plús 40 mínútur.

2.8. 8. ÁFANGI — GRUNNATRIÐI LOFTHREYFIFRÆÐI

Flokkur A: 20 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 25 mínútur

Flokkur B1: 20 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 25 mínútur

Flokkur B2: 20 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 25 mínútur

Flokkur B3: 20 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 25 mínútur

2.9. ÁFANGI 9A — MANNLEGI ÞÁTTURINN

Flokkur A: 20 fjölvalsspurningar og 1 ritgerðarspurning. Leyfilegur tími: 25 mínútur plús 20 mínútur.

Flokkur B1: 20 fjölvalsspurningar og 1 ritgerðarspurning. Leyfilegur tími: 25 mínútur plús 20 mínútur.

Flokkur B2: 20 fjölvalsspurningar og 1 ritgerðarspurning. Leyfilegur tími: 25 mínútur plús 20 mínútur.

ÁFANGI 9B — MANNLEGI ÞÁTTURINN

Flokkur B3: 16 fjölvalsspurningar og 1 ritgerðarspurning. Leyfilegur tími: 20 mínútur plús 20 mínútur.

2.10. 10. ÁFANGI — LÖG UM LOFTFERÐIR

Flokkur A: 32 fjölvalsspurningar og 1 ritgerðarspurning. Leyfilegur tími: 40 mínútur plús 20 mínútur.

Flokkur B1: 40 fjölvalsspurningar og 1 ritgerðarspurning. Leyfilegur tími: 50 mínútur plús 20 mínútur.

Flokkur B2: 40 fjölvalsspurningar og 1 ritgerðarspurning. Leyfilegur tími: 50 mínútur plús 20 mínútur.

Flokkur B3: 32 fjölvalsspurningar og 1 ritgerðarspurning. Leyfilegur tími: 40 mínútur plús 20 mínútur.

2.11. ÁFANGI 11A — LOFTHREYFIFRÆÐI, BURÐARVIRKI OG KERFI FLUGVÉLA MEÐ HVERFIHREYFLUM

Flokkur A: 108 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 135 mínútur

Flokkur B1: 140 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 175 mínútur

ÁFANGI 11B — LOFTHREYFIFRÆÐI, BURÐARVIRKI OG KERFI FLUGVÉLA MEÐ STROKKHHREYFLUM

Flokkur A: 72 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 90 mínútur

Flokkur B1: 100 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 125 mínútur

ÁFANGI 11C — LOFTHREYFIFRÆÐI, BURÐARVIRKI OG KERFI FLUGVÉLA MEÐ STROKKHHREYFLUM

Flokkur B3: 60 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 75 mínútur

2.12. 12. ÁFANGI — LOFTHREYFIFRÆÐI, BURÐARVIRKI OG KERFI ÞYRLNA

Flokkur A: 100 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 125 mínútur

Flokkur B1: 128 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 160 mínútur

2.13. 13. ÁFANGI — LOFTHREYFIFRÆÐI, BURÐARVIRKI OG KERFI LOFTFARA

Flokkur B2: 180 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 225 mínútur Skipta má spurningum og leyfilegum tíma niður á tvö próf, eins og við á.

2.14. 14. ÁFANGI — KNÝING

Flokkur B2: 24 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 30 mínútur

2.15. 15. ÁFANGI — GASHVERFIHREYFILL

Flokkur A: 60 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 75 mínútur

Flokkur B1: 92 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 115 mínútur

2.16. 16. ÁFANGI — STROKKHREYFILL

Flokkur A: 52 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 65 mínútur

Flokkur B1: 72 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 90 mínútur

Flokkur B3: 68 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 85 mínútur

2.17. ÁFANGI 17A — LOFTSKRÚFA

Flokkur A: 20 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 25 mínútur

Flokkur B1: 32 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 40 mínútur

ÁFANGI 17B — LOFTSKRÚFA

Flokkur B3: 28 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 35 mínútur

———————

III. viðbætir

Tegundarþjálfun á loftfar og prófstaðall

Þjálfun á vinnustað

1. **Almenn ákvæði**

Tegundarþjálfun á loftfar skal samanstanda af bóklegri þjálfun og prófi og, nema fyrir áritanir í flokki C, verklegri þjálfun og mati.

a) Fræðileg þjálfun og próf skulu uppfylla eftirtaldar kröfur:

i. Skulu framkvæmd af viðhaldskennslufyrirtæki með samþykki í samræmi við IV. viðauka (147. hluta) eða, ef þau eru framkvæmd af öðrum fyrirtækjum, eins og lögbært yfirvald veitir beint samþykki fyrir.

ii. Skulu vera í samræmi við eftirfarandi, nema eins og heimilt er í mismunarþjálfun sem lýst er í c-lið:

viðeigandi þætti, sem skilgreindir eru í skyldubundna hluta gagnanna um örugga starfrækslu, sem ákvörðuð eru í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 eða, ef slíkir þættir eru ekki tiltækir, þá staðalinn sem lýst er í lið 3.1 í þessum viðbæti og

prófstaðal fyrir tegundarþjálfun, eins og lýst er í lið 4.1. í þessum viðbæti.

iii. Þegar um er að ræða einstakling í flokki C með hæfi sem handhafi háskólagráðu, eins og tilgreint er í 5. lið a-liðar 66.A.30, skal hefja fræðilega tegundarþjálfun á sama stigi og í flokki B1 eða B2.

iv. Skal hefjast og henni lokið innan þriggja ára áður en sótt er um áritun tegundarréttinda.

b) Verkleg þjálfun og mat skal uppfylla eftirtaldar kröfur:

i. Skulu framkvæmd af viðhaldskennslufyrirtæki með samþykki í samræmi við IV. viðauka (147. hluta) eða, ef þau eru framkvæmd af öðrum fyrirtækjum, eins og lögbært yfirvald veitir beint samþykki fyrir.

ii. Skulu vera í samræmi við eftirfarandi, nema eins og heimilt er í mismunarþjálfun sem lýst er í c-lið:

viðeigandi þætti, sem skilgreindir eru í skyldubundna hluta gagnanna um örugga starfrækslu, sem ákvörðuð eru í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 eða, ef slíkir þættir eru ekki tiltækir, þá staðalinn sem lýst er í lið 3.2 í þessum viðbæti og

matsstaðal fyrir tegundarþjálfun, eins og lýst er í lið 4.2. í þessum viðbæti.

iii. Skal ná yfir dæmigerðan þverskurð viðhaldsverka sem eru viðeigandi fyrir tegund loftfars.

iv. Skal innihalda sýnikennslu með notkun búnaðar, íhluta, herma, annars þjálfunarbúnaðar eða loftfars.

v. Skal hefjast og henni skal lokið innan þriggja ára áður en sótt er um áritun tegundarréttinda.

c) Mismunarþjálfun

i. Mismunarþjálfun er þjálfunin sem gerð er krafa um til að ná yfir mismun milli tveggja ólíkra tegundarréttinda fyrir loftför frá sama framleiðanda eins og Flugöryggisstofnun hefur skilgreint það.

ii. Mismunarþjálfun þarf að skilgreina í hverju tilviki fyrir sig með tilliti til krafna í þessum viðbæti að því er varðar bæði bóklega og verklega þætti þjálfunar til tegundarréttinda.

iii. Tegundaráritun skal aðeins veitt á skírteini eftir að mismunarþjálfun hefur farið fram ef umsækjandinn uppfyllir einnig eitt eftirtalinna skilyrða:

— skírteini hans hefur þegar þá tegundaráritun fyrir loftfar þar sem mismunurinn er auðkenndur eða

— hann hefur uppfyllt þær kröfur fyrir tegundarþjálfun á því loftfari sem mismunurinn er auðkenndur út frá.

2. **Stig tegundarþjálfunar á loftfar**

Þau þrjú stig sem skráð eru hér á eftir skilgreina markmiðin, það hversu ítarleg þjálfunin skal vera og stig þekkingar sem skal nást með þjálfuninni.

— *1. stig: Stutt yfirlit yfir flugskrokkinn, kerfi og fullbúna hreyfla í samræmi við hlutann um kerfalýsingu í viðhaldshandbók loftfars/leiðbeiningum varðandi áframhaldandi lofthæfi.*

Markmið námskeiðsins: Þegar nemandi hefur lokið þjálfun á 1. stigi skal hann vera fær um að:

a) gefa einfalda lýsingu á námsgreininni í heild í almennum orðum og með dæmum og með dæmigerðum íðorðum sem og að tilgreina öryggisráðstafanir varðandi flugskrokkinn, kerfi hans og fullbúna hreyfla,

b) tilgreina handbækur loftfara, viðhaldsvenjur sem eru mikilvægar fyrir flugskrokkinn, kerfi hans og fullbúna hreyfla,

c) skilgreina almennt skipulag aðalkerfa loftfarsins,

d) skilgreina almennt skipulag og einkenni fullbúinna hreyfla,

e) tilgreina sérstök verkfæri og prófunarbúnað sem notaður er við loftfarið.

— *2. stig: Yfirlit yfir grunnkerfi stjórntækja, álestrartækja, helstu íhluta, þ.m.t. staðsetning þeirra og hlutverk, þjónusta og minni háttar bilanaleit. Almenn þekking á fræðilegum og verklegum þáttum námsgreinarinnar.*

Markmið námskeiðsins: Auk þess að uppfylla markmið þjálfunar á 1. stigi skal nemandi, að lokinni þjálfun á 2. stigi, vera fær um að:

a) skilja fræðileg grundvallaratriði, nota þekkingu á hagnýtan hátt með því að fylgja ítarlegum verklagsreglum,

b) nefna þær öryggisráðstafanir sem grípa skal til þegar unnið er í eða nálægt loftfari, fullbúnum hreyfli og kerfi,

c) lýsa kerfum og meðhöndlun loftfara, einkum aðgangi, tiltæku afli og aflgjöfum,

d) tilgreina staðsetningu helstu íhluta,

e) útskýra venjulega starfsemi hvers aðalkerfis, þ.m.t. íðorð og flokkunarkerfi,

f) fylgja verklagsreglum sem tengjast eftirfarandi kerfum loftfarsins: eldsneyti, fullbúnum hreyflum, vökvakerfum, lendingarbúnaði, vatni/úrgangi og súrefni,

g) sýna fram á kunnáttu í að nota áhafnarskýrslur og tilkynningakerfi um borð (minni háttar bilanaleit) og ákvarða lofthæfi loftfarsins á grundvelli lista yfir lágmarksbúnað (MEL) eða lista yfir leyfð frávik í ytri búnaði loftfars fyrir flug (CDL),

h) sýna kunnáttu í notkun, túlkun og beitingu viðeigandi gagna þ.m.t. leiðbeininga varðandi áframhaldandi lofthæfi, viðhaldshandbókar, myndskýrðrar hlutaskráar, o.s.frv.

— *3. stig: Nákvæm lýsing, starfsemi, staðsetning íhluta, úrtaka/ísetning og verklagsreglur um innbyggðan prófunarbúnað (BITE) og bilanaleit á sama stigi og í viðhaldshandbókinni.*

Markmið námskeiðsins: Auk þess að uppfylla markmið þjálfunar á 1. og 2. stigi skal nemandi, að lokinni þjálfun á 3. stigi, vera fær um að:

a) sýna fram á fræðilega þekkingu á loftfarskerfum og burðarvirkjum og innbyrðis tengslum við önnur kerfi, gefa ítarlega lýsingu á námsgreininni með fræðilegum grundvallaratriðum og sérstökum dæmum og túlka niðurstöður úr mismunandi heimildum og mælingum og gera leiðréttingar ef við á,

b) framkvæma prófanir til að ganga úr skugga um að kerfi, fullbúnir hreyflar og íhlutir virki eins og tilgreint er í viðhaldshandbókinni,

c) sýna kunnáttu í notkun, túlkun og beitingu viðeigandi gagna, þ.m.t. handbókar um viðgerðir á burðarvirki, handbókar um bilanaleit, o.s.frv.,

d) setja upplýsingar í samhengi þegar teknar eru ákvarðanir að því er varðar greiningu og lagfæringu bilana til sama stigs og í viðhaldshandbókinni,

e) lýsa verklagi við að skipta út íhlutum sem einskorðast við viðkomandi loftfarstegund.

3. **Staðall fyrir tegundarþjálfun á loftfar**

Þrátt fyrir að tegundarþjálfun á loftfar feli bæði í sér fræðilega og verklega þætti er leyfilegt að samþykkja námskeið fyrir fræðilega þáttinn, verklega þáttinn eða samsetningu af hvoru tveggja.

3.1. Fræðilegur þáttur

a) Markmið:

Þegar nemandi hefur lokið fræðilegu þjálfunarnámskeiði skal hann vera fær um að sýna fram á ítarlega fræðilega þekkingu á viðeigandi kerfum loftfarsins, burðarvirki, starfrækslu, viðhaldi og viðgerðum á því, sem og bilanaleit í samræmi við viðhaldsgögn, að því marki sem tilgreint er í námsefni III. viðbætis. Nemandinn skal vera fær um að sýna kunnáttu í notkun handbóka og samþykktra verklagsreglna, þ.m.t. þekkingu á viðeigandi skoðunum og takmörkunum.

b) Þjálfunarstig:

Þjálfunarstig eru þau stig sem tilgreind eru í 2. lið hér að framan.

Eftir að viðhaldsvottar í flokki C hafa lokið fyrsta tegundarnámskeiðinu þurfa öll námskeið þar á eftir einungis að vera á 1. stigi.

Á meðan þjálfun á 3. stigi stendur yfir er heimilt að notast við efni til þjálfunar skv. 1. og 2. stigi, ef þörf krefur, til að kenna allt efni kaflans. Á meðan þjálfunin stendur yfir skal þó meirihluti efnis námskeiðsins vera á hærra stiginu.

c) Lengd:

Lágmarksfjöldi kennslustunda fyrir fræðilega þjálfun er í eftirfarandi töflu:

Flokkur	Klukku-stundir
Flugvélar með hámarksflugtaksmassa sem er yfir 30 000 kg:	
B1.1	150
B1.2	120
B2	100
C	30
Flugvélar með hámarksflugtaksmassa á bilinu 5 700 kg – 30 000 kg:	
B1.1	120
B1.2	100
B2	100
C	25

Flokkur	Klukku-stundir
Flugvélar með hámarksflugtaksmassa sem er að hámarki 5 700 kg ([1])	
B1.1	80
B1.2	60
B2	60
C	15
Þyrlur ([2])	
B1.3	120
B1.4	100
B2	100
C	25

([1]) Fyrir flugvélar sem knúnar eru með strokkhreyfli en hafa ekki jafnþrýstibúnað og eru með 2000 kg hámarksflugtaksmassa eða þar undir má draga úr lágmarkslengd um 50%.
([2]) Fyrir þyrlur í hópi 2 (eins og það er skilgreint í lið 66.A.42) má draga úr lágmarkslengd um 30%.

Að því er varðar töfluna hér að framan þýðir kennslustund 60 mínútur af kennslu og inniheldur ekki hlé, próf, upprifjun, undirbúning og heimsóknir í loftför.

Þessar stundir eiga aðeins við um fræðileg námskeið vegna loftfara/hreyfilsamsetninga samkvæmt tegundarréttindum eins og skilgreint er af Flugöryggisstofnun.

d) Réttlæting á lengd námskeiða:

Viðhaldkennslufyrirtæki með samþykki í samræmi við IV. viðauka (147. hluta) skal sjá um þjálfunarnámskeið og réttlæta skal lengd námskeiða sem hafa beint samþykki lögbærs yfirvalds sem og yfirferð á námsefninu í heild sinni með greiningu á þjálfunarþörf sem byggir á:

— hönnun tegundar loftfars, viðhaldsþörf og tegund starfrækslu,

— ítarlegri greiningu á viðeigandi köflum — sjá töfluna í e-lið í lið 3.1 hér að neðan,

— ítarlegri hæfisgreiningu sem sýnir fram á að markmiðunum, sem sett eru fram í a-lið í lið 3.1 hér að framan, sé að fullu náð.

Ef greining á þjálfunarþörf sýnir fram á að þörf sé á lengri tíma skulu námskeið vera lengri en tilgreint lágmark í töflunni segir til um.

Með svipuðum hætti skal réttlæta fyrir lögbæru yfirvaldi kennslustundafjölda ólíkra mismunarnámskeiða eða annarra samsettra þjálfunarnámskeiða (svo sem samsett B1/B2-námskeið), og ef um er að ræða fræðileg þjálfunarnámskeið sem eru styttri en gefið er upp í c-lið í lið 3.1 hér að framan, með greiningu á þjálfunarþörf eins og lýst er hér að framan.

Auk þessa verður námskeiðið að lýsa og réttlæta eftirfarandi:

— Lágmarksmætingu sem krafist er af nemanda til þess að ná markmiðum námskeiðsins.

— Hámarksþjálfunartíma á dag með tilliti til meginreglna um kennslu og mannlegra þátta.

Ef kröfur um lágmarksmætingu eru ekki uppfylltar skal ekki gefa út viðurkenningarvottorð. Kennslufyrirtæki er heimilt að veita viðbótarþjálfun til að kröfur um lágmarksmætingu verði uppfylltar.

e) Efni:

Að lágmarki skulu þau atriði námsskrárinnar hér á eftir, sem eiga sérstaklega við viðkomandi loftfarstegund, vera skyldunámsefni. Viðbótaratriði, sem bætt er við vegna tegundamismunar, tæknilegra breytinga o.s.frv., skulu einnig tekin með.

Þjálfunarnámsskráin skal leggja áherslu á vélræna og rafræna þætti fyrir starfsfólk í flokki B1 og á rafræna þætti og rafeindabúnað loftfars fyrir starfsfólk í flokki B2.

Stig Kaflar	Flugvélar, hverfihreyfill		Flugvélar, strokkhreyfill		Þyrlur, hverfihreyfill		Þyrlur, strokkhreyfill		Rafeinda-búnaður loftfara
Flokkur skírteinis.	B1	C	B1	C	B1	C	B1	C	B2
Kynningaráfangi:									
05 Tímamörk/viðhaldseftirlit	1	1	1	1	1	1	1	1	1
06 Stærð/flatarmál (hámarksflugtaksmassi, o.s.frv.)	1	1	1	1	1	1	1	1	1
07 Lyftur og undirstöður	1	1	1	1	1	1	1	1	1
08 Hallastilling og vigtun	1	1	1	1	1	1	1	1	1
09 Dráttur og akstur	1	1	1	1	1	1	1	1	1
10 Stæði/legufæri, geymsla og að taka í starfrækslu á ný	1	1	1	1	1	1	1	1	1
11 Skilti og merkingar	1	1	1	1	1	1	1	1	1
12 Þjónusta	1	1	1	1	1	1	1	1	1
20 Staðlaðar starfsvenjur - eiga einungis við um tiltekna tegund	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Þyrlur									
18 Titrings- og hávaðagreining (blaðferill)	—	—	—	—	3	1	3	1	—
60 Staðlaðar starfsvenjur - þyrill	—	—	—	—	3	1	3	1	—
62 Þyrlar	—	—	—	—	3	1	3	1	1
62A Þyrlar — vöktun og vísun	—	—	—	—	3	1	3	1	3
63 Þyrildrif	—	—	—	—	3	1	3	1	1
63A Þyrildrif — vöktun og vísun	—	—	—	—	3	1	3	1	3
64 Stélþyrill	—	—	—	—	3	1	3	1	1
64A Stélþyrill — vöktun og vísund	—	—	—	—	3	1	3	1	3

Stig Kaflar	Flugvélar, hverfihreyfill		Flugvélar, strokkhreyfill		Þyrlur, hverfihreyfill		Þyrlur, strokkhreyfill		Rafeinda-búnaður loftfara
65 Stélþyrildrif	—	—	—	—	3	1	3	1	1
65A Stélþyrildrif — vöktun og vísun	—	—	—	—	3	1	3	1	3
66 Þyrilblöð sem leggjast saman/ stöplar	—	—	—	—	3	1	3	1	—
67 Þyrilstýrakerfi	—	—	—	—	3	1	3	1	—
53 Burðarvirki flugskrokks (þyrla)	—	—	—	—	3	1	3	1	—
25 Neyðarflotbúnaður	—	—	—	—	3	1	3	1	1
Burðarvirki flugskrokks									
51 Staðlaðar starfsvenjur og burðarvirki (flokkun skemmda, mat og viðgerðir)	3	1	3	1	—	—	—	—	1
53 Loftfarsbolur	3	1	3	1	—	—	—	—	1
54 Hreyfilhús/stöplar	3	1	3	1	—	—	—	—	1
55 Stýriskambar	3	1	3	1	—	—	—	—	1
56 Gluggar	3	1	3	1	—	—	—	—	1
57 Vængir	3	1	3	1	—	—	—	—	1
27A Stýrafletir (allir)	3	1	3	1	—	—	—	—	1
52 Hurðir	3	1	3	1	—	—	—	—	1
Svæðis- og reitakennikerfi.	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Kerfi flugskrokks:									
21 Loftræsting	3	1	3	1	3	1	3	1	3
21A Loftöflun	3	1	3	1	1	3	3	1	2
21B Þrýstijöfnun	3	1	3	1	3	1	3	1	3
21C Öryggis- og viðvörunarbúnaður	3	1	3	1	3	1	3	1	3
22 Sjálfstýring	2	1	2	1	2	1	2	1	3
23 Fjarskipti	2	1	2	1	2	1	2	1	3

Stig Kaflar	Flugvélar, hverfihreyfill		Flugvélar, strokkhreyfill		Þyrlur, hverfihreyfill		Þyrlur, strokkhreyfill		Rafeinda-búnaður loftfara
24 Rafafl	3	1	3	1	3	1	3	1	3
25 Búnaður og innréttingar	3	1	3	1	3	1	3	1	1
25A Rafeindabúnaður, þ.m.t. neyðarbúnaður	1	1	1	1	1	1	1	1	3
26 Eldvarnir	3	1	3	1	3	1	3	1	3
27 Stýri	3	1	3	1	3	1	3	1	2
27A Kerfi Starfsemi: Rafknúin/ rafboðastýri	3	1	—	—	—	—	—	—	3
28 Eldsneytiskerfi	3	1	3	1	3	1	3	1	2
28A Eldsneytiskerfi — vöktun og vísun	3	1	3	1	3	1	3	1	3
29 Vökvaafl	3	1	3	1	3	1	3	1	2
29A Vökvaafl — vöktun og vísun	3	1	3	1	3	1	3	1	3
30 Ís- og regnvörn	3	1	3	1	3	1	3	1	3
31 Vísi-/skráningarbúnaður	3	1	3	1	3	1	3	1	3
31A Mælakerfi	3	1	3	1	3	1	1	3	3
32 Lendingarbúnaður	3	1	3	1	3	1	3	1	2
32A Lendingarbúnaður — vöktun og vísun	3	1	3	1	3	1	3	1	3
33 Ljós	3	1	3	1	3	1	3	1	3
34 Flugleiðsaga	2	1	2	1	2	1	2	1	3
35 Súrefni	3	1	3	1	—	—	—	—	2
36 Loftþrýstikerfi	3	1	3	1	3	1	3	1	2
36A Loftþrýstikerfi — vöktun og vísun	3	1	3	1	3	1	3	1	3
37 Sogkerfi	3	1	3	1	3	1	3	1	2
38 Vatn/úrgangur	3	1	3	1	—	—	—	—	2
41 Vatnskjölfesta	3	1	3	1	—	—	—	—	1

Stig Kaflar	Flugvélar, hverfihreyfill		Flugvélar, strokkhreyfill		Þyrlur, hverfihreyfill		Þyrlur, strokkhreyfill		Rafeinda-búnaður loftfara
42 Samþættur, einingaskiptur rafeindabúnaður loftfars	2	1	2	1	2	1	2	1	3
44 Kerfi í farþegarými	2	1	2	1	2	1	2	1	3
45 Viðhaldskerfi um borð (eða tekið fyrir í 31)	3	1	3	1	3	1	—	—	3
46 Upplýsingakerfi	2	1	2	1	2	1	2	1	3
50 Farm- og aukabúnaðarrými	3	1	3	1	3	1	3	1	1
Hverfihreyfill									
70 Staðlaðar starfsvenjur — hreyflar	3	1	—	—	3	1	—	—	1
70A Byggingarfyrirkomulag og starfsemi (ísetningarinntak, þjöppur, brunahólf, hverfilhluti hreyfils, legur og þéttingar, smurkerfi).	3	1	—	—	3	1	—	—	1
70B Hreyfilafköst	3	1	—	—	3	1	—	—	1
71 Fullbúinn hreyfill	3	1	—	—	3	1	—	—	1
72 Hverfihreyfill/ skrúfuhverfihreyfill/ kápustreymishreyfill/hreyfill án kápu	3	1	—	—	3	1	—	—	1
73 Eldsneyti og stjórntæki hreyfils	3	1	—	—	3	1	—	—	1
75 Loft	3	1	—	—	3	1	—	—	1
76 Hreyfilstjórntæki	3	1	—	—	3	1	—	—	1
78 Útblástur	3	1	—	—	3	1	—	—	1
79 Olía	3	1	—	—	3	1	—	—	1
80 Ræsing	3	1	—	—	3	1	—	—	1
82 Vatnsinnspýting	3	1	—	—	3	1	—	—	1
83 Aukatækjagírkassi	3	1	—	—	3	1	—	—	1
84 Knýaukning	3	1	—	—	3	1	—	—	1
73A Kerfi fyrir rafeindavædda hreyfilstýringu (FADEC-kerfi)	3	1	—	—	3	1	—	—	3
74 Kveikt á hreyfli	3	1	—	—	3	1	—	—	3

Stig Kaflar	Flugvélar, hverfihreyfill		Flugvélar, strokkhreyfill		Þyrlur, hverfihreyfill		Þyrlur, strokkhreyfill		Rafeinda-búnaður loftfara
77 Mælakerfi hreyfla	3	1	—	—	3	1	—	—	3
49 Aukaaflstöðvar (APU)	3	1	—	—	—	—	—	—	2
Strokkhreyfill									
70 Staðlaðar starfsvenjur — hreyflar	—	—	3	1	—	—	3	1	1
70A Byggingarfyrirkomulag og starfsemi (ísetning, blöndungar, bein innspýting, sogkerfi, útblásturskerfi og kælikerfi, forþjöppun/hverfilforþjöppun, smurkerfi).	—	—	3	1	—	—	3	1	1
70B Hreyfilafköst	—	—	3	1	—	—	3	1	1
71 Fullbúinn hreyfill	—	—	3	1	—	—	3	1	1
73 Eldsneyti og stjórntæki hreyfils	—	—	3	1	—	—	3	1	1
76 Hreyfilstjórn	—	—	3	1	—	—	3	1	1
79 Olía	—	—	3	1	—	—	3	1	1
80 Ræsing	—	—	3	1	—	—	3	1	1
81 Hverflar	—	—	3	1	—	—	3	1	1
82 Vatnsinnspýting	—	—	3	1	—	—	3	1	1
83 Aukatækjagírkassi	—	—	3	1	—	—	3	1	1
84 Knýaukning	—	—	3	1	—	—	3	1	1
73A Kerfi fyrir rafeindavædda hreyfilstýringu (FADEC-kerfi)	—	—	3	1	—	—	3	1	3
74 Kveikt á hreyfli	—	—	3	1	—	—	3	1	3
77 Hreyfilskjákerfi	—	—	3	1	—	—	3	1	3
Loftskrúfur									
60A Staðlaðar starfsvenjur — loftskrúfa	3	1	3	1	—	—	—	—	1
61 Loftskrúfur/knúningsafl	3	1	3	1	—	—	—	—	1
61A Uppbygging loftskrúfu	3	1	3	1	—	—	—	—	—

Stig Kaflar	Flugvélar, hverfihreyfill		Flugvélar, strokkhreyfill		Þyrlur, hverfihreyfill		Þyrlur, strokkhreyfill		Rafeinda-búnaður loftfara
61B Skurðstillir loftskrúfu	3	1	3	1	—	—	—	—	—
61C Samstilling loftskrúfna	3	1	3	1	—	—	—	—	1
61D Rafeindastýring loftskrúfu	2	1	2	1	—	—	—	—	3
61E Ísvarnarbúnaður loftskrúfu	3	1	3	1	—	—	—	—	—
61F Viðhald loftskrúfu	3	1	3	1	—	—	—	—	1

f) Heimilt er að notast við margmiðlunaraðferðir við þjálfun til þess að uppfylla fræðilega þætti þjálfunar hvort sem um er að ræða í kennslustofu eða í sýndarumhverfi, með fyrirvara um samþykki lögbæra yfirvaldsins sem samþykkir þjálfunarnámskeiðið.

3.2. Verklegur hluti

a) Markmið:

Markmið verklegrar þjálfunar er að öðlast hæfni í öruggri framkvæmd viðhalds, skoðana og venjubundinnar vinnu í samræmi við viðhaldshandbókina og aðrar viðeigandi leiðbeiningar og verkefni sem eiga við um viðkomandi tegund loftfars, t.d. bilanaleit, viðgerðir, lagfæringar, útskipti, stillingar og virkniprófanir. Það felur í sér þekkingu á því hvernig nota eigi öll tæknirit og -skjöl fyrir loftfarið, notkun sérhæfðra/sérstakra verkfæra og prófunarbúnaðar til að taka úr og skipta út íhlutum og einingum sem einskorðast við viðkomandi tegund, þ.m.t. viðhaldsaðgerðir á vængjum.

b) Efni:

Sem hluti af verklegri þjálfun skal ljúka við a.m.k. 50% þeirra atriða sem merkt er við í töflunni að neðan og eiga við viðkomandi tegund loftfars.

Verkefni sem merkt er við eru viðfangsefni sem eru mikilvæg hvað verklega þjálfun varðar til að tryggja að starfræksla, hlutverk, ísetning og öryggissjónarmið helstu viðhaldsverkefna fái nægilega umfjöllun, sérstaklega ef ekki er hægt að útskýra þetta að fullu með fræðilegri þjálfun eingöngu. Þrátt fyrir að listinn taki til þeirra viðfangsefna verklegrar þjálfunar sem að lágmarki þarf að taka fyrir, er heimilt að bæta við atriðum þar sem það er viðeigandi fyrir tiltekna tegund loftfars.

Verkefni sem skal ljúka skulu vera dæmigerð fyrir loftfarið og kerfi þess, bæði hvað varðar flækjustig og tækniþekkingu sem nauðsynleg er til að framkvæma verkefnið. Þó að tiltölulega einföld verkefni megi fylgja skulu önnur og flóknari verkefni einnig tekin fyrir og leyst eins og við á fyrir loftfarstegundina.

Skýringar með töflu: LOC: Staðsetning; FOT: Virkni-/starfræksluprófun; SGH: Þjónusta og flugafgreiðsla; R/I: Úrtaka/ísetning; MEL: Listi yfir lágmarksbúnað; TS: Bilanaleit.

Kaflar	B1/B2	B1					B2				
	LOC	FOT	SGH	R/I	MEL	TS	FOT	SGH	R/I	MEL	TS
Kynningaráfangi:											
5 Tímamörk/viðhaldseftirlit	X/X	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—
6 Stærð/svæði (hámarksflugtaksmassi, o.s.frv.)	X/X	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—
7 Lyftur og undirstöður	X/X	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—

Kaflar	B1/B2	B1					B2				
	LOC	FOT	SGH	R/I	MEL	TS	FOT	SGH	R/I	MEL	TS
8 Hallastilling og vigtun	X/X	—	X	—	—	—	—	X	—	—	—
9 Dráttur og akstur	X/X	—	X	—	—	—	—	X	—	—	—
10 Stæði/legufæri, geymsla og að taka í starfrækslu á ný	X/X	—	X	—	—	—	—	X	—	—	—
11 Skilti og merkingar	X/X	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—
12 Þjónusta	X/X	—	X	—	—	—	—	X	—	—	—
20 Staðlaðar starfsvenjur - eiga einungis við um tiltekna tegund	X/X	—	X	—	—	—	—	X	—	—	—
Þyrlur:											
18 Titrings- og hávaðagreining (blaðferill)	X/—	—	—	—	—	X	—	—	—	—	—
60 Staðlaðar starfsvenjur fyrir þyril — eiga einungis við um tiltekna tegund	X/X	—	X	—	—	—	—	X	—	—	—
62 Þyrlar	X/—	—	X	X	—	X	—	—	—	—	—
62A Þyrlar — vöktun og vísun	X/X	X	X	X	X	X	—	—	X	—	X
63 Þyrildrif	X/—	X	—	—	—	X	—	—	—	—	—
63A Þyrildrif — vöktun og vísun	X/X	X	—	X	X	X	—	—	X	—	X
64 Stélþyrill	X/—	—	X	—	—	X	—	—	—	—	—
64A Stélþyrill — vöktun og vísun	X/X	X	—	X	X	X	—	—	X	—	X
65 Stélþyrildrif	X/—	X	—	—	—	X	—	—	—	—	—
65A Stélþyrildrif — vöktun og vísun	X/X	X	—	X	X	X	—	—	X	—	X
66 Þyrilblöð sem leggjast saman/ stöplar	X/—	X	X	—	—	X	—	—	—	—	—
67 Þyrilstýrakerfi	X/—	X	X	—	X	X	—	—	—	—	—

Kaflar	B1/B2	B1					B2				
	LOC	FOT	SGH	R/I	MEL	TS	FOT	SGH	R/I	MEL	TS
53 Burðarvirki flugskrokks (þyrla) Athugasemd: tekið fyrir undir ‚Burðarvirki flugskrokks‘											
25 Neyðarflotbúnaður	X/X	X	X	X	X	X	X	X	—	—	—
Burðarvirki flugskrokks:											
51 Staðlaðar starfsvenjur og burðarvirki (flokkun skemmda, mat og viðgerðir)											
53 Loftfarsbolur	X/—	—	—	—	—	X	—	—	—	—	—
54 Hreyfilhús/stöplar	X/—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—
55 Stýriskambar	X/—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—
56 Gluggar	X/—	—	—	—	—	X	—	—	—	—	—
57 Vængir	X/—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—
27A Stýrafletir	X/—	—	—	—	—	X	—	—	—	—	—
52 Hurðir	X/X	X	X	—	—	—	—	X	—	—	—
Kerfi flugskrokks:											
21 Loftræsting	X/X	X	X	—	X	X	X	X	—	X	X
21A Loftöflun	X/X	X	—	—	—	—	X	—	—	—	—
21B Þrýstijöfnun	X/X	X	—	—	X	X	X	—	—	X	X
21C Öryggis- og viðvörunarbúnaður	X/X	—	X	—	—	—	—	X	—	—	—
22 Sjálfstýring	X/X	—	—	—	X	—	X	X	X	X	X
23 Fjarskipti	X/X	—	X	—	X	—	X	X	X	X	X
24 Rafafl	X/X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
25 Búnaður og innréttingar	X/X	X	X	X	—	—	X	X	X	—	—
25A Rafeindabúnaður, þ.m.t. neyðarbúnaður	X/X	X	X	X	—	—	X	X	X	—	—
26 Eldvarnir	X/X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X

Kaflar	B1/B2	B1					B2				
	LOC	FOT	SGH	R/I	MEL	TS	FOT	SGH	R/I	MEL	TS
27 Stýri	X/X	X	X	X	X	X	X	—	—	—	—
27A Kerfi Starfsemi: Rafknúin/ rafboðastýri	X/X	X	X	X	X	—	X	—	X	—	X
28 Eldsneytiskerfi	X/X	X	X	X	X	X	X	X	—	X	—
28A Eldsneytiskerfi – vöktun og vísun	X/X	X	—	—	—	—	X	—	X	—	X
29 Vökvaafl	X/X	X	X	X	X	X	X	X	—	X	—
29A Vökvaafl – vöktun og vísun	X/X	X	—	X	X	X	X	—	X	X	X
30 Ís- og regnvörn	X/X	X	X	—	X	X	X	X	—	X	X
31 Vísi-/skráningarbúnaður	X/X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
31A Mælakerfi	X/X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
32 Lendingarbúnaður	X/X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	—
32A Lendingarbúnaður – vöktun og vísun	X/X	X	—	X	X	X	X	—	X	X	X
33 Ljós	X/X	X	X	—	X	—	X	X	X	X	—
34 Flugleiðsaga	X/X	—	X	—	X	—	X	X	X	X	X
35 Súrefni	X/—	X	X	X	—	—	X	X	—	—	—
36 Loftþrýstikerfi	X/—	X	—	X	X	X	X	—	X	X	X
36A Loftþrýstikerfi – vöktun og vísun	X/X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
37 Sogkerfi	X/—	X	—	X	X	X	—	—	—	—	—
38 Vatn/úrgangur	X/—	X	X	—	—	—	X	X	—	—	—
41 Vatnskjölfesta	X/—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—
42 Samþættur, einingaskiptur rafeindabúnaður loftfars	X/X	—	—	—	—	—	X	X	X	X	X
44 Kerfi í farþegarými	X/X	—	—	—	—	—	X	X	X	X	X

Kaflar	B1/B2	B1					B2				
	LOC	FOT	SGH	R/I	MEL	TS	FOT	SGH	R/I	MEL	TS
45 Viðhaldskerfi um borð (eða tekið fyrir í 31)	X/X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
46 Upplýsingakerfi	X/X	—	—	—	—	—	X	—	X	X	X
50 Farm- og aukabúnaðarrými	X/X	—	X	—	—	—	—	—	—	—	—
Hverfi-/strokkhreyfilsáfangi											
70 Staðlaðar starfsvenjur — hreyflar — eiga einungis við um tiltekna tegund	—	—	X	—	—	—	—	X	—	—	—
70A Byggingarfyrirkomulag og starfsemi (ísetningarinntak, þjöppur, brunahólf, hverfilhluti hreyfils, legur og þéttingar, smurkerfi).	X/X	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—
Hverfihreyflar:											
70B Hreyfilafköst	—	—	—	—	—	X	—	—	—	—	—
71 Fullbúinn hreyfill	X/—	X	X	—	—	—	—	X	—	—	—
72 Hverfihreyfill/skrúfuhverfihreyfill/ kápustreymishreyfill/hreyfill án kápu	X/—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—
73 Eldsneyti og stjórntæki hreyfils	X/X	X	—	—	—	—	—	—	—	—	—
73A FADEC-kerfi	X/X	X	—	X	X	X	X	—	X	X	X
74 Kveikt á hreyfli	X/X	X	—	—	—	—	X	—	—	—	—
75 Loft	X/—	—	—	X	—	X	—	—	—	—	—
76 Hreyfilstjórntæki	X/—	X	—	—	—	X	—	—	—	—	—
77 Hreyfilmælar	X/X	X	—	—	X	X	X	—	—	X	X
78 Útblástur	X/—	X	—	—	X	—	—	—	—	—	—
79 Olía	X/—	—	X	X	—	—	—	—	—	—	—
80 Ræsing	X/—	X	—	—	X	X	—	—	—	—	—
82 Vatnsinnspýting	X/—	X	—	—	—	—	—	—	—	—	—

Kaflar	B1/B2	B1					B2				
	LOC	FOT	SGH	R/I	MEL	TS	FOT	SGH	R/I	MEL	TS
83 Aukatækjagírkassar	X/—	—	X	—	—	—	—	—	—	—	—
84 Knýaukning	X/—	X	—	—	—	—	—	—	—	—	—
Aukaaflstöðvar (APU)											
49 Aukaaflstöðvar (APU)	X/—	X	X	—	—	X	—	—	—	—	—
Strokkhreyflar:											
70 Staðlaðar starfsvenjur — hreyflar — eiga einungis við um tiltekna tegund	—	—	X	—	—	—	—	X	—	—	—
70A Byggingarfyrirkomulag og starfsemi (ísetningarinntak, þjöppur, brunahólf, hverfilhluti hreyfils, legur og þéttingar, smurkerfi).	X/X	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—
70B Hreyfilafköst	—	—	—	—	—	X	—	—	—	—	—
71 Fullbúinn hreyfill	X/—	X	X	—	—	—	—	X	—	—	—
73 Eldsneyti og stjórntæki hreyfils	X/X	X	—	—	—	—	—	—	—	—	—
73A FADEC-kerfi	X/X	X	—	X	X	X	X	X	X	X	X
74 Kveikt á hreyfli	X/X	X	—	—	—	—	X	—	—	—	—
76 Hreyfilstjórntæki	X/—	X	—	—	—	X	—	—	—	—	—
77 Hreyfilmælar	X/X	X	—	—	X	X	X	—	—	X	X
78 Útblástur	X/—	X	—	—	X	X	—	—	—	—	—
79 Olía	X/—	—	X	X	—	—	—	—	—	—	—
80 Ræsing	X/—	X	—	—	X	X	—	—	—	—	—
81 Hverflar	X/—	X	X	X	—	X	—	—	—	—	—
82 Vatnsinnspýting	X/—	X	—	—	—	—	—	—	—	—	—
83 Aukatækjagírkassar	X/—	—	X	X	—	—	—	—	—	—	—
84 Knýaukning	X/—	X	—	—	—	—	—	—	—	—	—

Kaflar	B1/B2	B1					B2				
	LOC	FOT	SGH	R/I	MEL	TS	FOT	SGH	R/I	MEL	TS
Loftskrúfur:											
60A Staðlaðar starfsvenjur — loftskrúfa	—	—	—	X	—	—	—	—	—	—	—
61 Loftskrúfur/knúningsafl	X/X	X	X	—	X	X	—	—	—	—	—
61A Uppbygging loftskrúfu	X/X	—	X	—	—	—	—	—	—	—	—
61B Skurðstillir loftskrúfu	X/—	X	—	X	X	X	—	—	—	—	—
61C Samstilling loftskrúfna	X/—	X	—	—	—	X	—	—	—	X	—
61D Rafeindastýring loftskrúfu	X/X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
61E Ísvarnarbúnaður loftskrúfu	X/—	X	—	X	X	X	—	—	—	—	—
61F Viðhald loftskrúfu	X/X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X

4. **Próf- og matsstaðall fyrir tegundarþjálfun**

4.1. Prófstaðall fyrir fræðilegan hluta

Þegar fræðilegum hluta tegundarþjálfunar á loftfar er lokið skal taka skriflegt próf sem skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) Prófið skal vera fjölvalspróf. Hverri fjölvalsspurningu skulu fylgja þrjú möguleg svör og má einungis eitt þeirra vera rétt svar. Heildartími fer eftir heildarfjölda spurninga og svartími skal vera 90 sekúndur að meðaltali fyrir hverja spurningu.

b) Röngu svarmöguleikarnir verða að virðast jafn líklegir þeim sem ekki hafa þekkingu á námsefninu. Allir valkostir skulu vera greinilega tengdir spurningunni, í þeim skal notast við svipaðan orðaforða og málfræðilega uppbyggingu og þeir skulu vera svipaðir að lengd.

c) Í tölulegum spurningum skulu röngu svörin kallast á við mistök á borð við notkun á röngum formerkjum (+ eða -) eða röngum mælieiningum. Þetta mega ekki vera tölur valdar af handahófi.

d) Prófstigið fyrir hvern kafla ([8]) skal vera það sem skilgreint er í 2. lið ‚Stig tegundarþjálfunar á loftfar'. Þó er heimilt að notast við takmarkaðan fjölda spurninga á lægra stigi.

e) Prófin skulu vera án bóka. Engin uppflettirit eru leyfileg. Þetta gildir þó ekki þegar um er að ræða prófun á getu próftakenda í flokki B1 eða B2 til að túlka tæknileg skjöl.

f) Fjöldi spurninga skal vera a.m.k. ein spurning fyrir hverja kennslustund. Fjöldi spurninga fyrir hvern kafla og stig skal vera í réttu hlutfalli við:

— raunverulegan fjölda kennslustunda sem varið var við kennslu á viðeigandi kafla og stigi,

— námsmarkmiðin, í samræmi við greiningu á þjálfunarþörf.

Lögbært yfirvald aðildarríkisins mun meta fjölda spurninga og erfiðleikastig þeirra þegar það veitir námskeiðinu samþykki.

([8]) Að því er varðar þennan 4. lið er ‚kafli' sérhver röð sem kemur á eftir tölu í töflunni í e-lið í lið 3.1.

g) Til að standast próf þarf árangur að vera a.m.k. 75%. Þegar prófi vegna tegundarþjálfunar er skipt upp í fleiri próf þarf að standast hvert próf með 75% árangri. Til að hægt sé að ná nákvæmlega 75% árangri skal fjöldi spurninga vera margfeldi af 4.

h) Ekki skal nota refsieiningar (neikvæð stig fyrir röng svör).

i) Próf í lok kennslu í námsáfanga er ekki hægt að nota sem hluta af lokaprófi nema fjöldi og þyngdarstig spurninganna séu í samræmi við það sem krafist er.

4.2. Prófstaðall fyrir verklegan hluta

Þegar verklegum hluta tegundarþjálfunar á loftfar er lokið skal fara fram mat sem skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) Tilnefndir matsaðilar með viðeigandi starfsréttindi skulu framkvæma matið.

b) Í matinu skal lagt mat á þekkingu og færni nemanda.

5. **Tegundarprófsstaðall**

Kennslufyrirtæki með tilhlýðilegt samþykki skv. 147. hluta eða lögbæra yfirvaldið skal halda tegundarprófið.

Prófið skal vera munnlegt, skriflegt eða verklegt eða samsett úr þessum þáttum og skal það uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) Munnlegar prófspurningar skulu vera opnar spurningar.

b) Skriflegar prófspurningar skulu vera ritgerðarspurningar eða fjölvalsspurningar.

c) Ákvarða skal hæfni einstaklings til að framkvæma verkefni með mati á verklegri kunnáttu.

d) Prófa skal í völdum köflum ([9]) úr námsskrá á tilgreindu stigi í 3. lið fyrir tegundarþjálfun/-próf.

e) Röngu svarmöguleikarnir verða að virðast jafn líklegir þeim sem ekki hafa þekkingu á námsefninu. Allir svarmöguleikarnir skulu vera greinilega tengdir spurningunni, í þeim skal notast við svipaðan orðaforða og málfræðilega uppbyggingu og þeir skulu vera svipaðir að lengd.

f) Í tölulegum spurningum skulu röngu svörin kallast á við mistök á borð við notkun á röngum formerkjum eða rangan umreikning á einingum, þetta mega ekki vera tilviljanakenndar tölur.

g) Með prófinu skal tryggja að eftirfarandi markmiðum hafi verið náð:

1. Nemandi skal geta rætt um loftfarið og kerfi þess af öryggi.

2. Nemandi skal geta tryggt örugga framkvæmd viðhalds, skoðana og venjubundinnar vinnu í samræmi við viðhaldshandbókina og aðrar viðeigandi leiðbeiningar og verkefni sem eiga við um viðkomandi tegund loftfars, t.d. bilanaleit, viðgerðir, lagfæringar, útskipti, stillingar og virkniprófanir eins og að láta hreyfil ganga o.s.frv. ef þörf krefur.

3. Nemandi skal geta notað rétt öll tæknirit og tækniskjöl varðandi loftfarið.

4. Nemandi skal geta notað rétt sérhæfð/sérstök verkfæri og prófunarbúnað, tekið úr og skipt út íhlutum og einingum sem einskorðast við viðkomandi tegund, þ.m.t. viðhaldsaðgerðir á vængjum.

([9]) Að því er varðar þennan 5. lið er ‚kafli' sérhver röð sem kemur á eftir tölu í töflunum í e-lið í lið 3.1 og b-lið í lið 3.2.

h) Eftirfarandi skilyrði eiga við um prófið:

1. Að hámarki má gera þrjár tilraunir í röð. Frekari hrinur með þremur tilraunum eru leyfilegir með árs biðtíma á milli hrina. Eftir fyrsta fall í hrinu er gerð krafa um 30 daga biðtíma og eftir annað fall um 60 daga biðtíma.

   Umsækjandi skal senda viðhaldskennslufyrirtækinu eða lögbæra yfirvaldinu, sem sótt er um að taka próf hjá, skriflega staðfestingu um fjölda tilrauna og dagsetningar þeirra á næstliðnu ári og um viðhaldskennslufyrirtækið eða lögbæra yfirvaldið þar sem tilraunirnar fóru fram. Viðhaldskennslufyrirtækið eða lögbæra yfirvaldið ber ábyrgð á að sannreyna fjölda tilrauna innan viðeigandi tímaramma.

2. Umsækjandi skal hafa staðist tegundarpróf og hafa lokið verklegri reynslu sem gerð er krafa um innan þriggja ára áður en sótt er um tegundaráritun á skírteini flugvéltæknis.

3. A.m.k. einn prófdómari skal vera viðstaddur þegar tegundarpróf fer fram. Prófdómari skal ekki hafa komið að þjálfun umsækjanda.

i) Prófdómari/prófdómarar skulu skila skriflegri og undirritaðri skýrslu þar sem tilgreindar eru ástæður þess að próftakandi stóðst prófið eða féll á prófinu.

6. **Þjálfun á vinnustað**

Lögbært yfirvald sem gefur út skírteinið skal samþykkja þjálfun á vinnustað.

Hún skal fara fram hjá og undir umsjón viðhaldsfyrirtækis sem hefur viðeigandi samþykki fyrir viðhald á tiltekinni tegund loftfars og skal metið af tilnefndum matsaðila sem hefur viðeigandi starfsréttindi.

Hún skal hefjast og henni lokið innan þriggja ára áður en sótt er um áritun tegundarréttinda.

a) Markmið:

Markmið þjálfunar á vinnustað er að öðlast þá hæfni og reynslu við örugga framkvæmd viðhalds sem gerð er krafa um.

b) Efni:

Þjálfun á vinnustað skal ná yfir þverskurð þeirra verkefna sem lögbært yfirvald telur viðunandi. Þjálfunarverkefni á vinnustað sem skal ljúka skulu vera dæmigerð fyrir loftfarið og kerfi þess, bæði hvað varðar flækjustig og tækniþekkingu sem nauðsynleg er til að framkvæma verkefnið. Þó að tiltölulega einföld verkefni megi fylgja skulu önnur og flóknari viðhaldsverkefni einnig tekin fyrir og leyst, eins og við á, fyrir loftfarstegundina.

Nemandi skal skila undirskrift fyrir hvert verkefni og tilnefndur eftirlitsaðili skal meðárita. Verkefnin sem eru skráð skulu vísa til raunverulegra vinnuseðla/verkbókhalds o.s.frv.

Lokamat á þjálfun á vinnustað er skyldubundið og skal það framkvæmt af tilnefndum eftirlitsaðila sem hefur viðeigandi starfsréttindi.

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram í verkbókhaldi/færslubók:

1. Nafn nemanda.

2. Fæðingardagur og -ár.

3. Samþykkt viðhaldsfyrirtæki.

4. Staðsetning.

5. Nafn eftirlitsaðila og matsaðila (þ.m.t. númer skírteinis, ef við á).

6. Dagsetning verkefnisloka.

7. Lýsing á verkefni og vinnuseðli/verkbeiðni/tækniflugbók, o.s.frv.

8. Tegund loftfars og einkennisstafir.

9. Loftfarsréttindi sem sótt er um.

Til að greiða fyrir sannprófun lögbæra yfirvaldsins skal sýna fram á þjálfun á vinnustað með i. ítarlegu verkbókhaldi/færslubók og ii. skýrslu sem sýnir hvernig þjálfun á vinnustað uppfyllir kröfur þessa hluta.

IV. viðbætir

Kröfur um reynslu sem uppfylla þarf til að fá framlengingu á skírteini flugvéltæknis skv. 66. hluta

Í töflunni hér á eftir eru tilgreindar þær kröfur um reynslu sem uppfylla þarf ef bæta á nýjum flokki eða undirflokki við gildandi skírteini skv. 66. hluta.

Þetta skal vera verkleg reynsla af viðhaldi á starfræktu loftfari í þeim undirflokki sem umsóknin tekur til.

Kröfur um reynslu lækka um 50% ef umsækjandi hefur lokið samþykktu námskeiði skv. 147. hluta varðandi viðkomandi undirflokk.

Til Frá	A1	A2	A3	A4	B1.1	B1.2	B1.3	B1.4	B2	B3
A1	—	6 mánuðir	6 mánuðir	6 mánuðir	2 ár	6 mánuðir	2 ár	1 ár	2 ár	6 mánuðir
A2	6 mánuðir	—	6 mánuðir	6 mánuðir	2 ár	6 mánuðir	2 ár	1 ár	2 ár	6 mánuðir
A3	6 mánuðir	6 mánuðir	—	6 mánuðir	2 ár	1 ár	2 ár	6 mánuðir	2 ár	1 ár
A4	6 mánuðir	6 mánuðir	6 mánuðir	—	2 ár	1 ár	2 ár	6 mánuðir	2 ár	1 ár
B1.1	Ekkert	6 mánuðir	6 mánuðir	6 mánuðir	—	6 mánuðir	6 mánuðir	6 mánuðir	1 ár	6 mánuðir
B1.2	6 mánuðir	Ekkert	6 mánuðir	6 mánuðir	2 ár	—	2 ár	6 mánuðir	2 ár	Ekkert
B1.3	6 mánuðir	6 mánuðir	Ekkert	6 mánuðir	6 mánuðir	6 mánuðir	—	6 mánuðir	1 ár	6 mánuðir
B1.4	6 mánuðir	6 mánuðir	6 mánuðir	Ekkert	2 ár	6 mánuðir	2 ár	—	2 ár	6 mánuðir
B2	6 mánuðir	6 mánuðir	6 mánuðir	6 mánuðir	1 ár	1 ár	1 ár	1 ár	—	1 ár
B3	6 mánuðir	Ekkert	6 mánuðir	6 mánuðir	2 ár	6 mánuðir	2 ár	1 ár	2 ár	—

V. viðbætir

Umsóknareyðublað — EASA-eyðublað nr. 19

1. Í þessum viðbæti er sýnishorn af eyðublaði sem notað er til að sækja um skírteini flugvéltæknis sem um getur í III. viðauka (66. hluta).
2. Lögbært yfirvald aðildarríkisins getur aðeins breytt EASA-eyðublaði nr. 19 til að bæta við nauðsynlegum upplýsingum í þeim tilvikum þar sem kröfur þess aðildarríkis leyfa eða krefjast þess að skírteini flugvéltæknis, sem gefið er út í samræmi við III. viðauka (66. hluta), sé notað utan ramma þeirrar kröfu, sem sett er fram í I. viðauka (M-hluta) og II. viðauka (145. hluta).

UMSÓKN UM FYRSTA SKÍRTEINI/BREYTINGU Á SKÍRTEINI/ENDURNÝJUN Á SKÍRTEINI FLUGVÉLTÆKNIS SKV. 66. HLUTA (AML)	EASA-EYÐUBLAÐ NR. 19

UPPLÝSINGAR UM UMSÆKJANDA:

Nafn: .....

Heimilisfang: .....

Ríkisfang: ..... Fæðingardagur, -mánuður og -ár og fæðingarstaður: .....

UPPLÝSINGAR UM SKÍRTEINI FLUGVÉLTÆKNIS SKV. 66. HLUTA (ef við á):

Skírteinisnúmer: ..... Útgáfudagur: .....

UPPLÝSINGAR UM VINNUVEITANDA:

Nafn: .....

Heimilisfang: .....

Tilvísunarnúmer samþykkis viðhaldsfyrirtækis: .....

Sími: ..... Bréfasími: .....

UMSÓKN UM: (Hakið í viðeigandi ramma)

Fyrsta skírteini flugvéltæknis ☐	Breyting á skírteini flugvéltæknis ☐		Endurnýjun á skírteini flugvéltæknis ☐		
Áritun	A	B1	B2	B3	C
Flugvélar, hverfihreyfill	☐	☐			
Flugvélar, strokkhreyfill	☐	☐			
Þyrlur, hverfihreyfill	☐	☐			
Þyrlur, strokkhreyfill	☐	☐			
Rafeindabúnaður loftfara			☐		
Flugvélar sem knúnar eru með strokkhreyfli en hafa ekki jafnþrýstibúnað og eru með 2 tonna hámarksflugtaksmassa eða þar undir				☐	
Stór loftför					☐
Loftför, önnur en stór loftför					☐

Tegundaráritun/Réttindaáritun/Aflétting takmarkana (ef við á):

.....

.....

Ég sæki hér með um fyrsta skírteini/breytingu á skírteini/endurnýjun á skírteini flugvéltæknis skv. 66. hluta og staðfesti að upplýsingarnar á þessu eyðublaði eru réttar þegar umsóknin er lögð inn.

Ég staðfesti hér með að:

1. ég er ekki handhafi skírteinis flugvéltæknis skv. 66. hluta sem gefið er út í öðru aðildarríki,

2. ég hef ekki sótt um skírteini flugvéltæknis skv. 66. hluta í öðru aðildarríki og

3. ég hef aldrei verið handhafi skírteinis flugvéltæknis sem gefið var út í öðru aðildarríki og sem annað aðildarríki afturkallaði eða ógilti tímabundið.

Ég geri mér einnig grein fyrir að gefi ég rangar upplýsingar geti ég verið sviptur skírteini flugvéltæknis skv. 66. hluta.

Undirskrift: ..... Nafn: .....

Dagsetning: .....

Ég óska eftir að fá eftirfarandi atriði metin (ef við á):

.....

Metin reynsla á grundvelli þjálfunar skv. 147. hluta .....

.....

.....

Metið nám á grundvelli samsvarandi prófskírteina .....

.....

.....

Viðeigandi skírteini skulu fylgja með

Meðmæli (ef við á): Hér með vottast að umsækjandi hefur uppfyllt kröfur 66. hluta um viðeigandi viðhaldskunnáttu og -reynslu og er mælt með því að lögbæra yfirvaldið veiti honum eða áriti skírteini flugvéltæknis skv. 66. hluta.

Undirskrift: ..... Nafn: .....

Staða: ..... Dagsetning: .....

EASA-eyðublað nr. 19, 3. útgáfa.

———

VI. viðbætir

Skírteini flugvéltæknis sem um getur í III. viðauka (66. hluta) — EASA-eyðublað nr. 26

1. Á eftirfarandi blaðsíðum má sjá sýnishorn af skírteini flugvéltæknis sem um getur í III. viðauka (66. hluta).

2. Prenta skal skjalið með því staðlaða sniði sem sýnt er en heimilt er að minnka það til að auðvelda gerð þess í tölvu sé þess óskað. Þegar skjalið er minnkað skal gæta þess að tryggja nægilegt rými þar sem krafist er opinberra innsigla/stimpla. Í tölvugerðum skjölum þurfa ekki allir rammarnir að koma fram, ef ekki á að merkja við þá, svo fremi að skjalið sé auðþekkjanlegt sem skírteini flugvéltæknis, útgefið skv. III. viðauka (66. hluta).

3. Skjalið má prenta út á ensku eða á opinberu tungumáli viðkomandi aðildarríkis en ef opinbert tungumál viðkomandi aðildarríkis er notað verður að hengja við afrit á ensku ef handhafi skírteinisins vinnur utan þess aðildarríkis til að tryggja skilning með gagnkvæma viðurkenningu fyrir augum.

4. Hver skírteinishafi skal hafa sérstakt skírteinisnúmer sem byggist á landsbundnu auðkenni og alstafakennimerki.

5. Blaðsíður skjalsins geta verið í hvaða röð sem er og er ekki þörf fyrir skiptilínur svo fremi að upplýsingarnar séu staðsettar þannig að uppsetning hverrar blaðsíðu samsvari greinilega sniði meðfylgjandi sýnishorns af skírteini flugvéltæknis.

6. Heimild til að útbúa skjalið hefur i. lögbært yfirvald aðildarríkisins eða ii. sérhvert viðhaldsfyrirtæki með samþykki skv. II. viðauka (145. hluta), að fengnu samþykki lögbæra yfirvaldsins og í samræmi við málsmeðferð sem þróuð er sem hluti af starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækisins sem um getur í 145.A.70 í II. viðauka (145. hluta) en í öllum tilvikum gefur lögbært yfirvald aðildarríkisins skjalið út.

7. Heimild til að útbúa allar breytingar á gildandi skírteini flugvéltæknis hefur i. lögbært yfirvald aðildarríkisins eða ii. sérhvert viðhaldsfyrirtæki með samþykki skv. II. viðauka (145. hluta), að fengnu samþykki lögbæra yfirvaldsins og í samræmi við málsmeðferð sem þróuð er sem hluti af starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækisins sem um getur í 145.A.70 í II. viðauka (145. hluta) en í öllum tilvikum sér lögbært yfirvald aðildarríkisins um að breyta skjalinu.

8. Handhafi skírteinis flugvéltæknis verður að varðveita skírteinið í góðu ásigkomulagi og skal hann bera ábyrgð á því að tryggja að engar óheimilar færslur séu færðar inn í það.

9. Ef ekki er farið að skilyrðunum í 8. lið getur skjalið fallið úr gildi, handhafa getur verið bannað í kjölfarið að hafa vottunarréttindi og það leitt til lögsóknar samkvæmt landslögum.

10. Skírteini flugvéltæknis sem afhent er skv. III. viðauka (66. hluta) er viðurkennt í öllum aðildarríkjunum og er ekki nauðsynlegt að skipta því ef unnið er í öðru aðildarríki.

11. Viðaukinn við EASA-eyðublað nr. 26 er valkvæður og er einungis ætlaður fyrir landsbundin réttindi þegar slík réttindi falla undir landsbundnar reglur sem falla ekki innan gildissviðs III. viðauka (66. hluta).

12. Það skal tekið fram að síðurnar í raunverulegu skírteini flugvéltæknis skv. III. viðauka (66. hluta), sem lögbært yfirvald aðildarríkis gefur út, geta verið í annarri röð og að skírteinið getur verið án skiptilína.

13. Að því er varðar blaðsíðuna fyrir tegundarréttindi á loftför getur lögbært yfirvald aðildarríkisins valið að gefa hana ekki út þar til árita þarf fyrstu tegundarréttindin og eftir því sem áritunum fjölgar verður yfirvaldið að gefa út fleiri en eina blaðsíðu.

14. Þrátt fyrir ákvæði 13. liðar skal hver blaðsíða, sem er gefin út, vera með þessu sniði og með þeim upplýsingum sem tilgreindar eru fyrir þá síðu.

15. Á skírteininu skal það koma skýrt fram að takmarkanirnar séu undanþágur frá vottunarréttindum. Ef engar takmarkanir eiga við skal gefa út blaðsíðuna fyrir TAKMARKANIR með yfirskriftinni ‚Engar takmarkanir'.

16. Þegar notast er við forprentað eyðublað skal merkja í ramma allra flokka, undirflokka og tegundarréttinda þar sem ekki eru færslur þannig að fram komi að viðkomandi hafi ekki þessi réttindi.

17. Sýnishorn af skírteini flugvéltæknis sem um getur í III. viðauka (66. hluta):

I.

EVRÓPUSAMBANDIÐ (*)

[RÍKI]

[NAFN OG KENNIMERKI YFIRVALDS]

II.

66. hluti

SKÍRTEINI FLUGVÉLTÆKNIS

III.

Skírteinisnúmer [KÓÐI AÐILDARRÍKIS].66.[XXXX]

EASA-eyðublað nr. 26, 3. útg.

IVa. Fullt nafn handhafa:

IVb. Fæðingardagur- og ár og fæðingarstaður:

V. Heimilisfang handhafa:

VI. Þjóðerni handhafa

VII. Undirskrift handhafa:

III. Skírteinisnúmer:

VIII. SKILYRÐI:

Handhafi skal undirrita skírteinið og skal því fylgja persónuskilríki með ljósmynd af handhafa skírteinisins.

Ef einungis er áritun fyrir flokk á síðu/síðum sem bera yfirskriftina FLOKKAR skv. 66. hluta er handhafa ekki heimilt að gefa út viðhaldsvottorð fyrir loftfar.

Þegar veitt hefur verið tegundaráritun fyrir loftfar í þetta skírteini uppfyllir það markmið 1. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

Mælt er fyrir um réttindi handhafa þessa skírteinis í reglugerð (EB) nr. 2042/2003 þá einkum í III. viðauka (66. hluta)

Þetta skírteini gildir til þess dags sem tilgreindur er á síðunni fyrir takmarkanir nema það sé ógilt tímabundið eða afturkallað.

Handhafa skírteinisins er ekki heimilt að neyta réttinda þess nema hann hafi á undanförnum tveimur árum öðlast sex mánaða reynslu af viðhaldi, í samræmi við þau réttindi sem skírteinið veitir, eða uppfylli ákvæði um útgáfu viðeigandi réttinda.

III. Skírteinisnúmer:

IX. FLOKKAR skv. 66. hluta

GILDISTÍMI:	A	B1	B2	B3	C
Flugvélar, hverfihreyfill			Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við
Flugvélar, strokkhreyfill			Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við
Þyrlur, hverfihreyfill			Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við
Þyrlur, strokkhreyfill			Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við
Rafeindabúnaður loftfara	Á ekki við	Á ekki við		Á ekki við	Á ekki við
Stórt loftfar	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	
Loftför, önnur en stór loftför	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	
Flugvélar sem knúnar eru með strokkhreyfli en hafa ekki jafnþrýstibúnað og eru með 2000 kg hámarksflugtaksmassa eða þar undir	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við		Á ekki við

X. Undirskrift útgefanda og útgáfudagur:

XI. Innsigli eða stimpill útgáfuyfirvalds:

III. Skírteinisnúmer:

XII. RÉTTINDI Á LOFTFAR SKV. 66. HLUTA		
Réttindi á loftfar	Flokkur	Stimpill og dagsetning
III. Skírteinisnúmer:		

XIII. TAKMARKANIR skv. 66. hluta
Gildir til:
III. Skírteinisnúmer:

Viðauki við EASA-EYÐUBLAÐ NR. 26

XIV. LANDSBUNDIN RÉTTINDI sem falla utan gildissviðs 66. hluta í samræmi við [landslöggjöf] (Gildir einungis í [aðildarríki])
Opinber stimpill og dagsetning
III. Skírteinisnúmer:

HÉR Á AÐ VERA EYÐA

IV. VIÐAUKI

(147. hluti)

EFNISYFIRLIT

147.1

A-ÞÁTTUR — TÆKNILEGAR KRÖFUR

A-KAFLI — ALMENN ÁKVÆÐI

147.A.05 Gildissvið

147.A.10 Almenn atriði

147.A.15 Umsókn

B-KAFLI — SKIPULAGSKRÖFUR

147.A.100 Kröfur um aðstöðu

147.A.105 Kröfur varðandi starfsfólk

147.A.110 Skrá yfir kennara, prófdómara og sérfróða matsmenn

147.A.115 Kennslubúnaður

147.A.120 Námsefni fyrir viðhaldsþjálfun

147.A.125 Skrár

147.A.130 Verklagsreglur þjálfunar og gæðakerfi

147.A.135 Próf

147.A.140 Starfsemislýsing viðhaldskennslufyrirtækis

147.A.145 Heimildir viðhaldskennslufyrirtækisins

147.A.150 Breytingar á viðhaldskennslufyrirtæki

147.A.155 Áframhaldandi gildi

147.A.160 Frávik

C-KAFLI — SAMÞYKKT GRUNNÞJÁLFUNARNÁMSKEIÐ

147.A.200 Samþykkt grunnþjálfunarnámskeið

147.A.205 Próf í grunnþekkingu

147.A.210 Mat á verklegri grunnkunnáttu

D-KAFLI — TEGUNDAR- EÐA VERKEFNAÞJÁLFUN Á LOFTFAR

147.A.300 Tegundar- eða verkefnaþjálfun á loftfar

147.A.305 Tegundarpróf á loftfar og verkefnamat

B-ÞÁTTUR — VERKLAGSREGLUR FYRIR LÖGBÆR YFIRVÖLD

A-KAFLI — ALMENN ÁKVÆÐI

147.B.05 Gildissvið

147.B.10 Lögbært yfirvald

147.B.20 Skráahald

147.B.25 Undanþágur

B-KAFLI — ÚTGÁFA SAMÞYKKIS

147.B.110 Verklagsregla við samþykki og breytingar á samþykki

147.B.120 Verklagsreglur við áframhaldandi gildi

147.B.125 Samþykkisvottorð viðhaldskennslufyrirtækja

147.B.130 Frávik

C-KAFLI — AFTURKÖLLUN, TÍMABUNDIN ÓGILDING OG TAKMÖRKUN Á SAMÞYKKI FYRIR VIÐHALDSKENNSLU-FYRIRTÆKI

147.B.200 Afturköllun, tímabundin ógilding og takmörkun á samþykki fyrir viðhaldskennslufyrirtæki.

I. viðbætir — Lengd grunnþjálfunarnámskeiða

II. viðbætir — Samþykki fyrir viðhaldskennslufyrirtæki sem um getur í IV. viðauka (147. hluta) — EASA-eyðublað nr. 11

III. viðbætir — Viðurkenningarvottorð sem vísað er til í IV. viðauka (147. hluta) — EASA-eyðublöð nr. 148 og 149

147.1

Í þessum hluta merkir ‚lögbært yfirvald‘:

1. þegar um er að ræða fyrirtæki sem hafa höfuðstöðvar sínar á yfirráðasvæði aðildarríkis, yfirvald sem það aðildarríki tilnefnir,

2. þegar um er að ræða fyrirtæki sem hafa höfuðstöðvar sínar í þriðja landi, Flugöryggisstofnunin.

A-ÞÁTTUR

TÆKNILEGAR KRÖFUR

A-KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

147.A.05 **Gildissvið**

Í þessum þætti eru tilgreindar þær kröfur sem fyrirtæki þurfa að uppfylla óski þau eftir samþykki til að annast þjálfun og próf skv. III. viðauka (66. hluta).

147.A.10 **Almenn atriði**

Kennslufyrirtæki skal vera fyrirtæki eða hluti fyrirtækis sem er skráð sem lögaðili.

147.A.15 **Umsókn**

a) Umsókn um samþykki eða breytingu á gildandi samþykki skal fylla út á þar til gerðum eyðublöðum og á þann hátt sem lögbæra yfirvaldið mælir fyrir um.

b) Á umsókn um samþykki eða breytingu á samþykki skulu vera eftirfarandi upplýsingar:

1. skráð nafn og heimilisfang umsækjandans,

2. heimilisfang fyrirtækisins sem óskar samþykkis eða breytingar á samþykki,

3. fyrirhugað gildissvið samþykkis eða breytingar á gildissviði samþykkis,

4. nafn og undirskrift ábyrgðarmanns,

5. dagsetning umsóknar.

B-KAFLI

SKIPULAGSKRÖFUR

147.A.100 **Kröfur um aðstöðu**

a) Stærð og skipulag aðstöðunnar skulu tryggja tryggja vörn gegn veðri og vindum og tryggja að öll fyrirhuguð kennsla og próf geti jafnan farið fram með eðlilegum hætti.

b) Hentugt húsnæði, sem er lokað af og aðskilið frá annarri aðstöðu, skal vera fyrir hendi fyrir fræðilega kennslu og bókleg próf.

1. Heildarfjöldi nemenda, sem stunda bóklegt nám, skal ekki vera meiri en 28 á hverju námskeiði.

2. Húsnæði, sem er ætlað undir próf, skal vera það stórt að enginn nemandi geti lesið úr sæti sínu á blöð eða tölvuskjái annarra nemenda.

c) Húsnæðinu, sem um getur í b-lið, skal haldið í þannig ástandi að nemendur geti einbeitt sér að námi sínu eða prófum, eftir því sem við á, án þess að verða fyrir óþarfa truflun eða óþægindum.

d) Þegar um er að ræða grunnþjálfunarnámskeið skulu vera fyrir hendi verkstæði til grunnþjálfunar og/eða viðhaldsaðstaða sem eru aðskilin frá kennslustofunum og ætluð undir verklega kennslu samkvæmt námskeiðsáætlun. Ef fyrirtækið getur ekki séð fyrir slíkri aðstöðu skal gera samning við annað fyrirtæki um að sjá fyrir verkstæðum og/eða húsnæði fyrir viðhald og skal í því tilviki gera skriflegan samning við fyrirtækið þar sem tilgreind eru skilyrðin fyrir aðgangi og notkun. Lögbæra yfirvaldið skal hafa aðgang að öllum slíkum fyrirtækjum sem samið er við og skal þessi aðgangur vera tilgreindur í skriflega samningnum.

e) Þegar um er að ræða námskeið fyrir tegundar- eða verkefnaþjálfun á loftfar skal veita aðgang að viðeigandi húsnæði þar sem eru sýnishorn af tegundum loftfara eins og tilgreint er í d-lið 147.A.115.

f) Heildarfjöldi nemenda, sem gangast undir verklega þjálfun, skal ekki vera meiri en 15 nemendur á hvern umsjónarmann eða sérfróðan matsmann á hverju þjálfunarnámskeiði.

g) Kennurum, prófdómurum í bóklegum prófum og matsmönnum verklegrar kunnáttu skal séð fyrir hentugu skrifstofuhúsnæði til að tryggja að þeir geti undirbúið sig fyrir störf sín án þess að verða fyrir óþarfa truflun eða óþægindum.

h) Séð skal fyrir öruggu húsnæði undir prófverkefni og þjálfunarskrár. Geymsluhúsnæðið skal vera þannig að skjöl haldist í góðu ásigkomulagi á varðveislutímanum sem um getur í 147.A.125. Heimilt er að sameina geymsluhúsnæðið og skrifstofuhúsnæðið, að því tilskildu að viðunandi öryggis sé gætt.

i) Séð skal fyrir bókasafni þar sem finna má allt tæknilegt efni sem er viðeigandi, miðað við umfang og stig viðkomandi þjálfunar.

147.A.105 **Kröfur varðandi starfsfólk**

a) Fyrirtækið skal skipa ábyrgðarmann (e. *accountable manager*) sem hefur umboð frá fyrirtækinu til að tryggja að unnt sé að fjármagna allar skuldbindingar um þjálfun og að þær séu uppfylltar í samræmi við þann staðal sem gerðar eru kröfur um í þessum hluta.

b) Tilnefna skal einstakling eða hóp einstaklinga sem skulu m.a. bera ábyrgð á því að viðhaldskennslufyrirtækið uppfylli kröfurnar í þessum hluta. Skal hann eða þeir bera ábyrgð gagnvart ábyrgðarmanninum. Yfirmaðurinn eða einn úr hópnum getur einnig gegnt starfi ábyrgðarmanns, að því tilskildu að hann uppfylli kröfur til ábyrgðarmanns eins og skilgreint er í a-lið.

c) Viðhaldskennslufyrirtækið skal hafa á að skipa nægilegum fjölda starfsfólks til að skipuleggja eða annast bóklega kennslu og verklega þjálfun og bókleg próf og mat á verklegri kunnáttu í samræmi við samþykkið.

d) Þrátt fyrir ákvæði c-liðar er heimilt, ef annað fyrirtæki er fengið til að sjá um verklega þjálfun og mat, að tilnefna starfsfólk þess fyrirtækis til að annast verklega þjálfun og mat.

e) Hver sem er getur gegnt starfi kennara, prófdómara og matsmanns eða einhverri samsetningu þessara starfa, að því tilskildu að kröfurnar í f-lið séu uppfylltar.

f) Reynsla og hæfi kennara, prófdómara í bóklegum prófum og matsmanna verklegrar kunnáttu skal ákveðin í samræmi við útgefnar viðmiðanir, eða í samræmi við verklagsreglu og staðal sem lögbæra yfirvaldið samþykkir.

g) Tilgreina skal prófdómara fyrir bókleg próf og matsmenn verklegrar kunnáttu í starfsemislýsingu fyrirtækisins að því er varðar samþykki fyrir þessu starfsfólki.

h) Kennarar og prófdómarar fyrir bókleg próf skulu gangast undir endurmenntun á a.m.k. 24 mánaða fresti að því er varðar fyrirliggjandi tækni, hagnýta færni, mannlega þáttinn og nýjustu þjálfunaraðferðir sem eiga við um þá kunnáttu sem verið er að þjálfa eða prófa.

147.A.110 **Skrá yfir kennara, prófdómara og matsmenn**

a) Fyrirtækið skal halda skrá yfir alla kennara, prófdómara í bóklegum prófum og matsmenn verklegrar kunnáttu. Í þessum skrám skulu vera upplýsingar um reynslu og hæfi, þjálfunarferli og alla síðari þjálfun.

b) Semja skal lýsingu á verksviði allra kennara, prófdómara í bóklegum prófum og matsmanna verklegrar kunnáttu.

147.A.115 **Kennslubúnaður**

a) Í hverri kennslustofu skal vera viðeigandi fyrirlestrabúnaður sem tryggir að nemendur eigi auðvelt með að sjá texta, teikningar, skýringarmyndir og aðrar myndir, sem notaðar eru við kennslu, úr sæti sínu í kennslustofunni.

Fyrirlestrabúnaðinum skulu fylgja dæmigerðir þjálfunarhermar til að hjálpa nemendum að skilja tiltekin viðfangsefni, ef slíkir hermar teljast gagnlegir í þessum tilgangi.

b) Á verkstæðinu til grunnþjálfunar og/eða viðhaldsaðstöðunni sem um getur í d-lið 147.A.100 skal vera til staðar öll þau verkfæri og búnaður sem þarf til að inna af hendi samþykkta þjálfun.

c) Á verkstæði til grunnþjálfunar og/eða viðhaldsaðstöðunni sem um getur í d-lið 147.A.100 skal vera viðeigandi úrval loftfara, hreyfla, hluta loftfara og rafeindabúnaðar loftfara.

d) Fyrirtæki, sem annast tegundarþjálfun á loftfar samkvæmt e-lið 147.A.100, skal hafa aðgang að viðeigandi tegund loftfars. Nota má flugþjálfa þegar slíkir flugþjálfar uppfylla kröfur samkvæmt hæfilegum þjálfunarviðmiðum.

147.A.120 **Námsefni fyrir viðhaldsþjálfun**

a) Útvega skal nemandanum námsefni fyrir viðhaldsþjálfun sem nær, eftir því sem við á, til:

1. námsskrárinnar fyrir grunnþekkingu, sem er tilgreind í III. viðauka (66. hluta), fyrir viðkomandi flokk eða undirflokk skírteinis flugvéltæknis og

2. námsefnis tegundarnámskeiðsins, sem krafist er í III. viðauka (66. hluta), fyrir viðkomandi flokk eða undirflokk skírteinis flugvéltæknis.

b) Nemendur skulu hafa aðgang að eintökum af viðhaldsskjölum og tæknilegum upplýsingum bókasafnsins eins og tilgreint er í i-lið 147.A.100.

147.A.125 **Skrár**

Fyrirtækið skal geyma allar skrár yfir þjálfun, próf og mat á öllum nemendum í *ótakmarkaðan tíma.*

147.A.130 **Verklagsreglur þjálfunar og gæðakerfi**

a) Fyrirtækið skal semja verklagsreglur, sem lögbæra yfirvaldið getur fallist á, til að tryggja tilhlýðileg þjálfunarviðmið og að allar viðeigandi kröfur í þessum hluta séu uppfylltar.

b) Fyrirtækið skal koma á gæðakerfi sem felur í sér:

1. óháða úttekt til að fylgjast með þjálfunarviðmiðum, áreiðanleika bóklegra prófa og verklegs mats, að farið sé að verklagsreglum og að þær séu viðunandi og

2. kerfi upplýsingastreymis um niðurstöður úttekta til þess einstaklings eða einstaklinga og að lokum ábyrgðarmannsins, sem um getur í a-lið 147.A.105, til að tryggja að gerðar verði nauðsynlegar úrbætur.

147.A.135 **Próf**

a) Starfsfólk, sem sér um próf, skal tryggja leynd allra spurninga.

b) Öllum nemendum, sem staðnir eru að svindli á bóklegu prófi eða hafa í fórum sér annað efni, sem snertir viðfangsefni prófsins, en prófverkefni og tilheyrandi leyfileg gögn, skal vísað frá prófi og er þeim ekki heimilt að taka nein próf í a.m.k. 12 mánuði eftir atvikið. Tilkynna skal lögbæra yfirvaldinu um öll slík atvik ásamt upplýsingum um rannsóknir á þeim, hafi rannsókn farið fram, innan eins almanaksmánaðar.

c) Prófdómari, sem er staðinn að því að veita nemanda, sem gengst undir bóklegt próf, svör við spurningum á meðan á prófinu stendur, telst vanhæfur til að starfa sem prófandi og skal prófið lýst ógilt. Tilkynna skal lögbæra yfirvaldinu um slík atvik innan eins almanaksmánaðar.

147.A.140 **Starfsemislýsing viðhaldskennslufyrirtækis**

a) Fyrirtækið skal leggja fram starfsemislýsingu til eigin nota þar sem fyrirtækinu og verklagsreglum þess er lýst og fram koma eftirfarandi upplýsingar:

1. yfirlýsing, undirrituð af ábyrgðarmanninum, þar sem staðfest er að starfsemislýsing viðhaldskennslufyrirtækisins og allar handbækur, sem henni tengjast, lýsi því hvernig viðhaldskennslufyrirtækið fari að kröfunum í þessum hluta og muni gera framvegis,

2. starfsheiti og nafn eða nöfn einstaklingsins eða einstaklinganna sem tilnefndir eru í samræmi við b-lið 147.A.105,

3. skyldur og ábyrgð einstaklinganna sem tilgreindir eru í 2. lið, þ.m.t. málefni sem þeim er heimilt að fara með beint til lögbæra yfirvaldsins fyrir hönd viðhaldskennslufyrirtækisins,

4. skipurit viðhaldskennslufyrirtækisins sem sýnir hvernig ábyrgð einstaklinganna, sem tilgreindir eru í 2. lið a-liðar, er tengd,

5. skrá yfir kennara, prófdómendur í bóklegum prófum og matsmenn verklegrar kunnáttu,

6. almenn lýsing á þjálfunar- og prófaðstöðunni sem er fyrir hendi á hverjum stað, sem tilgreindur er með heimilisfangi í samþykkisvottorði viðhaldskennslufyrirtækisins, og á öðrum stöðum, ef við á, eins og krafist er í b-lið 147.A.145,

7. skrá yfir viðhaldsþjálfunarnámskeið sem falla innan ramma samþykkisins,

8. verklagsreglur um breytingar á starfsemislýsingu viðhaldskennslufyrirtækisins,

9. verklagsreglur viðhaldskennslufyrirtækisins eins og krafist er í a-lið 147.A.130,

10. verklagsregla viðhaldskennslufyrirtækisins um eftirlit, eins og krafist er í c-lið 147.A.145, þegar það hefur heimild til að annast þjálfun, próf og mat á öðrum stöðum en þeim sem tilgreindir eru í b-lið 147.A.145,

11. skrá yfir staðina samkvæmt b-lið 147.A.145,

12. skrá yfir fyrirtæki sem eru tilgreind í d-lið 147.A.145, ef við á.

b) Starfsemislýsing viðhaldskennslufyrirtækisins og síðari breytingar á henni verða að hljóta samþykki lögbærs yfirvalds.

c) Þrátt fyrir b-lið er hægt að samþykkja minni háttar breytingar á starfsemislýsingunni á grundvelli tiltekinna verklagsreglna í henni (hér á eftir nefnt ‚óbeint samþykki').

147.A.145 **Heimildir viðhaldskennslufyrirtækisins**

a) Viðhaldskennslufyrirtækinu er heimilt að annast eftirfarandi verk ef þau eru leyfð og í samræmi við starfsemislýsingu viðhaldskennslufyrirtækisins:

1. grunnþjálfunarnámskeið samkvæmt námsskrá III. viðauka (66. hluta) eða hluta hennar,

2. námskeið fyrir tegundar- eða verkefnaþjálfun á loftfar í samræmi við III. viðauka (66. hluta),

3. próf fyrir hönd lögbæra yfirvaldsins, þ.m.t. próf sem lögð eru fyrir nemendur sem sátu ekki grunnþjálfunarnámskeið eða námskeið fyrir tegundarþjálfun á loftfar hjá viðhaldskennslufyrirtækinu,

4. útgáfu vottorða í samræmi við III. viðbæti að loknu samþykktu grunnþjálfunarnámskeiði eða námskeiði fyrir tegundarþjálfun á loftfar og tilheyrandi prófum, sem tilgreind eru í 1., 2. og 3. lið a-liðar, eftir því sem við á, með fullnægjandi árangri.

b) Þjálfun, bókleg próf og mat á verklegri kunnáttu getur einungis farið fram á þeim stöðum sem eru tilgreindir í samþykkisvottorðinu og/eða á stöðum sem eru tilgreindir í starfsemislýsingu viðhaldskennslufyrirtækisins.

c) Þrátt fyrir ákvæði b-liðar er viðhaldskennslufyrirtækinu einungis heimilt að annast þjálfun, bókleg próf og mat á verklegri kunnáttu á öðrum stöðum en þeim sem um getur í b-lið í samræmi við verklagsreglu um eftirlit sem tilgreind er í starfsemislýsingu viðhaldskennslufyrirtækisins. Ekki er nauðsynlegt að skrá slíka staði í starfsemislýsingu viðhaldskennslufyrirtækisins.

d) 1. Viðhaldskennslufyrirtækinu er einungis heimilt að ráða undirverktaka til að annast fræðilega grunnkennslu, tegundarþjálfun og tilheyrandi próf ef undirverktakinn er ekki viðhaldskennslufyrirtæki og ef þetta er undir eftirliti samkvæmt gæðakerfi viðhaldskennslufyrirtækisins.

2. Samningur við undirverktaka til að annast fræðilega grunnkennslu og -próf takmarkast við 1., 2., 3., 4., 5., 6., 8., 9. og 10. námsáfanga í I. viðbæti við III. viðauka (66. hluta).

3. Samningur við undirverktaka til að annast tegundarþjálfun og próf takmarkast við hreyfil- og rafeindakerfi loftfara.

e) Fyrirtæki getur ekki hlotið samþykki til að annast próf nema það hafi áður verið samþykkt til að annast samsvarandi þjálfun.

f) Þrátt fyrir e-lið getur fyrirtæki sem hefur samþykki til að halda grunnþjálfunar- eða tegundarþjálfunarnámskeið einnig fengið samþykki til að sjá um tegundarpróf í þeim tilfellum þar sem tegundarþjálfunar er ekki krafist.

147.A.150 **Breytingar á viðhaldskennslufyrirtæki**

a) Viðhaldskennslufyrirtækið skal tilkynna lögbæra yfirvaldinu um allar fyrirhugaðar breytingar á fyrirtækinu, sem hafa áhrif á samþykkið, áður en slíkum breytingum er hrint í framkvæmd til þess að gera lögbæra yfirvaldinu kleift að ákvarða hvort áfram sé farið að kröfunum í þessum hluta og gera breytingar á samþykkisvottorði viðhaldskennslufyrirtækisins ef þörf krefur.

b) Lögbæra yfirvaldið getur ákveðið með hvaða skilyrðum viðhaldskennslufyrirtækinu er heimilt að starfa á meðan á slíkum breytingum stendur nema lögbæra yfirvaldið ákveði að ógilda um tíma samþykki fyrir viðhaldskennslufyrirtækinu.

c) Sé lögbæra yfirvaldinu ekki tilkynnt um slíkar breytingar getur það leitt til þess að samþykkisvottorð viðhaldskennslufyrirtækisins verði ógilt tímabundið eða afturkallað, sem gildir afturvirkt frá því að breytingarnar voru gerðar.

147.A.155 **Áframhaldandi gildi**

a) Gefa skal út samþykki með ótakmörkuðum gildistíma. Það skal halda gildi sínu, að því tilskildu:

1. að fyrirtækið fullnægi áfram ákvæðum þessa hluta, í samræmi við ákvæðin sem varða meðhöndlun frávika eins og tilgreint er í 147.B.130 og

2. að lögbæra yfirvaldið fái aðgang að fyrirtækinu til að ganga úr skugga um að það fullnægi áfram ákvæðum þessa viðauka (147. hluta) og

3. að vottorðið hafi ekki verið lagt inn eða afturkallað.

b) Þegar samþykkisvottorð er lagt inn eða afturkallað skal því skilað til lögbæra yfirvaldsins.

147.A.160 **Frávik**

a) Fyrsta stigs frávik er eitt eða fleiri eftirfarandi:

1. sérhvert mikilvægt atriði sem er ekki í samræmi við prófaferlið og gerir prófið/prófin ógild,

2. lögbæru yfirvaldið er ekki veittur aðgangur að húsnæði fyrirtækisins þann hluta dags sem starfsemin fer fram eftir að þess hefur tvisvar verið óskað skriflega,

3. það er enginn ábyrgðarmaður,

4. þjálfunarferlinu er ekki fylgt í veigamiklum atriðum.

b) Annars stigs frávik er sérhvert atriði, annað en fyrsta stigs frávik, sem er ekki í samræmi við þjálfunarferlið.

c) Eftir að tilkynnt hefur verið um frávik skv. 147.B.130 skal handhafi samþykkis fyrir viðhaldskennslufyrirtækinu semja leiðréttingaráætlun og sýna fram á að gerðar hafi verið leiðréttingar, sem lögbæra yfirvaldið telur fullnægjandi, innan ákveðins frests sem samið er um við yfirvaldið.

C-KAFLI

SAMÞYKKT GRUNNÞJÁLFUNARNÁMSKEIÐ

147.A.200 **Samþykkt grunnþjálfunarnámskeið**

a) Samþykkt grunnþjálfunarnámskeið skal fela í sér bóklega kennslu, bókleg próf, verklega þjálfun og verklegt mat.

b) Bóklega kennslan skal ná yfir námsefni til skírteinis flugvéltæknis fyrir loftför í flokki eða undirflokki sem tilgreint er í III. viðauka (66. hluta).

c) Bóklega prófið skal ná yfir dæmigerðan þverskurð af því námsefni sem um getur í b-lið.

d) Verklega þjálfunin skal ná yfir hagnýta notkun algengra verkfæra/búnaðar, þjálfun í að taka í sundur og setja saman dæmigerða hluta loftfara og þátttöku í dæmigerðri viðhaldsstarfsemi sem varðar tiltekinn námsáfanga í heild sinni skv. 66. hluta.

e) Mat á verklega hlutanum skal ná yfir verklegu þjálfunina og skera úr um hvort nemandinn hafi hæfni til að nota verkfæri og búnað og vinna samkvæmt viðhaldshandbókum.

f) Lengd grunnþjálfunarnámskeiðs skal vera í samræmi við I. viðbæti.

g) Lengd umskiptinámskeiða vegna (undir-)flokkaskipta skal ákvörðuð með mati á námsskrá grunnþjálfunar og tilheyrandi þörf fyrir verklega þjálfun.

147.A.205 **Próf í grunnþekkingu**

Próf í grunnþekkingu skulu:

a) vera í samræmi við staðalinn sem skilgreindur er í III. viðauka (66. hluta),

b) fara fram án þess að notuð séu minnisblöð úr kennslunni,

c) ná yfir dæmigerðan þverskurð þeirra námsgreina sem lokið var við í tilteknum námsáfanga í samræmi við III. viðauka (66. hluta).

147.A.210 **Mat á verklegri grunnkunnáttu**

a) Tilnefndir matsmenn verklegrar kunnáttu skulu annast mat á verklegri grunnkunnáttu meðan á grunnþjálfun í viðhaldi stendur eftir hverja námsheimsókn á verkstæðið/viðhaldsaðstöðuna.

b) Nemandi skal standast prófið með tilliti til e-liðar 147.A.200.

D-KAFLI

TEGUNDAR- EÐA VERKEFNAÞJÁLFUN Á LOFTFAR

147.A.300 **Tegundar- eða verkefnaþjálfun á loftfar**

Viðhaldskennslufyrirtæki skal hljóta samþykki til að annast tegundar- og/eða verkefnaþjálfun á loftfar skv. III. viðauka (66. hluta) að því tilskildu að þjálfunin sé í samræmi við kröfur 66.A.45.

147.A.305 **Tegundarpróf á loftfar og verkefnamat**

Viðhaldskennslufyrirtæki, sem hefur samþykki skv. 147.A.300 til að annast tegundarþjálfun á loftfar, skal annast tegundarpróf á loftfar eða verkefnamat sem tilgreint er í III. viðauka (66. hluta) að því tilskildu að farið sé að kröfum 66.A.45 í III. viðauka (66. hluta) varðandi viðkomandi tegund loftfara og/eða verkefni.

B-ÞÁTTUR

VERKLAGSREGLUR FYRIR LÖGBÆR YFIRVÖLD

A-KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

147.B.05 **Gildissvið**

Í þessum þætti eru settar stjórnsýslukröfur sem lögbærum yfirvöldum, sem bera ábyrgð á beitingu og framkvæmd ákvæða A-þáttar þessa hluta, ber að uppfylla.

147.B.10 **Lögbært yfirvald**

a) Almenn atriði

Aðildarríki skal tilnefna lögbært yfirvald sem er falin ábyrgð á að gefa út, framlengja, breyta, ógilda tímabundið eða afturkalla vottorð samkvæmt þessum viðauka (147. hluta). Þetta lögbæra yfirvald skal koma á skjalfestum verklagsreglum og stjórnskipulagi.

b) Mannafli

Lögbæra yfirvaldið skal hafa á að skipa nægilegum fjölda starfsfólks til að uppfylla kröfurnar í þessum hluta.

c) Verklagsreglur

Lögbæra yfirvaldið skal setja verklagsreglur þar sem tilgreint er hvernig uppfylla skuli skilyrðin í þessum viðauka (147. hluta).

Verklagsreglurnar skulu endurskoðaðar og þeim breytt til að tryggja að skilyrðunum sé alltaf fylgt.

d) Starfsréttindi og þjálfun

Allt starfsfólk sem kemur að samþykki samkvæmt þessum viðauka:

1. verður að hafa tilskilin starfsréttindi og búa yfir nauðsynlegri kunnáttu, reynslu og þjálfun til að vinna þau verkefni sem því eru falin,

2. verður að hafa fengið þjálfun og/eða síþjálfun í efni III. viðauka (66. hluta) og IV. viðauka (147. hluta), eftir því sem við á, þ.m.t. skilgreiningar og kröfur.

147.B.20 **Skráahald**

a) Lögbæra yfirvaldið skal koma á kerfisbundnu skráahaldi sem gerir kleift að rekja vinnsluferli hvers samþykkis á viðunandi hátt að því er varðar útgáfu, endurnýjun, framlengingu, breytingu, tímabundna ógildingu eða afturköllun.

b) Í skrám yfir eftirlit með viðhaldskennslufyrirtækjum skal a.m.k. vera:

1. umsóknin um samþykki fyrir fyrirtækið,
2. samþykkisvottorð fyrirtækisins með áorðnum breytingum,
3. afrit af úttektaráætluninni þar sem skráðar eru dagsetningar fyrirhugaðra úttekta og lokinna úttekta,
4. skrár yfir samfellt eftirlit, þ.m.t. skrár yfir allar úttektir,
5. afrit af öllum bréfaskiptum sem máli skipta,
6. nákvæmar upplýsingar um undanþágur og framfylgdaraðgerðir,
7. allar skýrslur frá öðrum lögbærum yfirvöldum sem tengjast eftirliti með fyrirtækinu,
8. starfsemislýsing fyrirtækisins ásamt breytingum.

c) Skrárnar, sem um getur í b-lið, skulu varðveittar í a.m.k. fjögur ár.

147.B.25 **Undanþágur**

a) Lögbæra yfirvaldinu er heimilt að veita ríkisreknum skólum undanþágu:

1. frá þeirri skyldu að vera fyrirtæki eins og tilgreint er í 147.A.10,
2. frá þeirri skyldu að hafa ábyrgðarmann, að því tilskildu að viðkomandi ráðuneyti tilnefni yfirmann til að stýra kennslufyrirtækinu og að sá yfirmaður hafi nægilegt fjármagn til að reka fyrirtækið þannig að það uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessum viðauka (147. hluta),
3. frá þeirri skyldu að nota þann hluta gæðakerfisins sem fjallar um óháða úttekt, að því tilskildu að viðkomandi ráðuneytið reki óháða skólaeftirlitsstofnun sem taki út viðhaldskennslufyrirtækið svo oft sem krafist er í þessum hluta.

b) Lögbæra yfirvaldið skal skrá og varðveita upplýsingar um allar undanþágur sem eru veittar í samræmi við 4. mgr. 14 reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

B-KAFLI

ÚTGÁFA SAMÞYKKIS

Í þessum kafla er kveðið á um kröfur um útgáfu eða breytingar á samþykki fyrir viðhaldskennslufyrirtæki.

147.B.110 **Verklagsregla við samþykki og breytingar á samþykki**

a) Við móttöku umsóknar skal lögbæra yfirvaldið:

1. athuga vandlega starfsemislýsingu viðhaldskennslufyrirtækisins og
2. fullvissa sig um að fyrirtækið uppfylli kröfurnar í IV. viðauka (147. hluta).

b) Öll frávik, sem í ljós koma við úttekt, skal skrá og staðfesta skriflega við umsækjanda.

c) Leiðrétta skal öll frávik í samræmi við ákvæði 147.B.130 áður en samþykkið er gefið út.

d) Tilvísunarnúmerið skal koma fram á samþykkisvottorðinu með þeim hætti sem Flugöryggisstofnunin tilgreinir.

147.B.120 **Verklagsreglur við áframhaldandi gildi**

a) Hvert fyrirtæki skal sæta fullkominni úttekt á a.m.k. 24 mánaða fresti í samræmi við þennan viðauka (147-hluta). Þetta skal fela í sér að fylgst sé með a.m.k. einu þjálfunarnámskeiði og einu prófi sem viðhaldskennslufyrirtækið heldur.

b) Meðhöndla skal frávik í samræmi við 147.B.130.

147.B.125 **Samþykkisvottorð viðhaldskennslufyrirtækja**

Snið samþykkisvottorðs viðhaldskennslufyrirtækja skal vera eins og tilgreint er í II. viðbæti.

147.B.130 **Frávik**

a) Sé fyrsta stigs frávik ekki leiðrétt innan þriggja daga frá því að skrifleg tilkynning berst skal lögbæra yfirvaldið afturkalla, ógilda tímabundið eða takmarka samþykki fyrir viðhaldskennslufyrirtækinu í heild eða að hluta.

b) Lögbæra yfirvaldið skal grípa til aðgerða til að afturkalla, takmarka eða ógilda samþykkið tímabundið, í heild eða að hluta, ef annars stigs frávik er ekki leiðrétt innan frestsins sem lögbæra yfirvaldið veitti.

C-KAFLI

AFTURKÖLLUN, TÍMABUNDIN ÓGILDING OG TAKMÖRKUN Á SAMÞYKKI FYRIR VIÐHALDSKENNSLUFYRIRTÆKI

147.B.200 **Afturköllun, tímabundin ógilding og takmörkun á samþykki fyrir viðhaldskennslufyrirtæki.**

Lögbæra yfirvaldið skal:

a) ógilda samþykki tímabundið á eðlilegum forsendum ef öryggi er hugsanlega ógnað eða

b) ógilda samþykki tímabundið, afturkalla það eða takmarka skv. 147.B.130.

_____

I. viðbætir

Lengd grunnþjálfunarnámskeiða

Lágmarkslengd á heilu grunnþjálfunarnámskeiði skal vera sem hér segir:

Grunnnámskeið	Lengd (í klukkustundum)	Hlutfall fræðilegs náms (í %)
A1	800	30 til 35
A2	650	30 til 35
A3	800	30 til 35
A4	800	30 til 35
B1.1	2 400	50 til 60
B1.2	2 000	50 til 60
B1.3	2 400	50 til 60
B1.4	2 400	50 til 60
B2	2 400	50 til 60
B3	1 000	50 til 60

II. viðbætir

Samþykki fyrir viðhaldskennslufyrirtæki sem um getur í IV. viðauka (147. hluta) — EASA-eyðublað nr. 11

Bls. 1 af 2

[AÐILDARRÍKI (*)]

Aðildarríki Evrópusambandsins (**)

SAMÞYKKISVOTTORÐ FYRIR VIÐHALDSKENNSLU- OG PRÓFUNARFYRIRTÆKI

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)]. 147. [XXXX]

Samkvæmt gildandi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003 og með fyrirvara um skilyrðin, sem tilgreind eru hér að neðan, vottar [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS (*)] hér með að:

[HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

er viðhaldskennslufyrirtæki í samræmi við A-þátt í IV. viðauka (147. hluta) við reglugerð (EB) nr. 2042/2003 og hefur hlotið samþykki til að veita þá þjálfun og halda þau próf sem skráð eru í meðfylgjandi samþykkisskrá og gefa út tilheyrandi vottorð til handa nemendum með framangreindum tilvísunarnúmerum.

SKILYRÐI:

1. Þetta samþykki takmarkast við það samþykki sem tilgreint er í þættinum um gildissvið samþykkis í starfsemislýsingu viðhaldskennslufyrirtækja með samþykki eins og um getur í A-þætti í IV. viðauka (147. hluta).

2. Forsenda þessa samþykkis er að fylgt sé verklagsreglum sem tilgreindar eru í starfsemislýsingu samþykktra viðhaldskennslufyrirtækja.

3. Þetta samþykki gildir á meðan samþykkta viðhaldskennslufyrirtækið uppfyllir kröfur skv. IV. viðauka (147. hluta) reglugerðar (EB) nr. 2042/2003.

4. Svo fremi að framangreind skilyrði séu uppfyllt heldur þetta samþykki gildi sínu í ótakmarkaðan tíma nema það hafi þegar verið lagt inn, annað samþykki komið í þess stað, það ógilt tímabundið eða afturkallað.

Upphaflegur útgáfudagur: .....

Dagsetning endurskoðunar: .....

Númer endurskoðunar: .....

Undirskrift: .....

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKIS (*)]

EASA-eyðublað nr. 11, 3. útgáfa

(*) Eða EASA ef EASA er lögbæra yfirvaldið.
(**) Falli brott fyrir ríki utan ESB eða EASA.

SAMÞYKKISSKRÁ FYRIR VIÐHALDSKENNSLU- OG PRÓFUNARFYRIRTÆKI

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)]. 147.[XXXX]

Fyrirtæki: [HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

FLOKKUR	FLOKKUR SKÍRTEINIS	TAKMÖRKUN	
GRUNNÞJÁLFUN (**)	B1 (**)	TB1.1 (**)	FLUGVÉLAR MEÐ HVERFIHREYFLUM (**)
		TB1.2 (**)	FLUGVÉLAR MEÐ STROKKHREYFLUM (**)
		TB1.3 (**)	ÞYRLUR MEÐ HVERFIHREYFLUM (**)
		TB1.4 (**)	ÞYRLUR MEÐ STROKKHREYFLUM (**)
	B2 (**)	TB2 (**)	RAFEINDABÚNAÐUR LOFTFARS (**)
	B3 (**)	TB3 (**)	FLUGVÉLAR SEM KNÚNAR ERU MEÐ STROKKHREYFLI EN HAFA EKKI JAFN-ÞRÝSTIBÚNAÐ OG ERU MEÐ 2000 KG HÁMARKSFLUGTAKSMASSA EÐA ÞAR UNDIR (**)
	A (**)	TA.1 (**)	FLUGVÉLAR MEÐ HVERFIHREYFLUM (**)
		TA.2 (**)	FLUGVÉLAR MEÐ STROKKHREYFLUM (**)
		TA.3 (**)	ÞYRLUR MEÐ HVERFIHREYFLUM (**)
		TA.4 (**)	ÞYRLUR MEÐ STROKKHREYFLUM (**)
TEGUND/VERKEFNI (**)	C (**)	T4 (**)	[TILGREINIÐ TEGUND LOFTFARS] (***)
	B1 (**)	T1 (**)	[TILGREINIÐ TEGUND LOFTFARS] (***)
	B2 (**)	T2 (**)	[TILGREINIÐ TEGUND LOFTFARS] (***)
	A (**)	T3 (**)	[TILGREINIÐ TEGUND LOFTFARS] (***)

Þessi samþykkisskrá takmarkast við þá þjálfun og þau próf sem tilgreind eru í þættinum um gildissvið í starfsemislýsingu samþykkta viðhaldskennslufyrirtækisins.

Tilvísun í starfsemislýsingu viðhaldskennslufyrirtækis: .....

Upphaflegur útgáfudagur: .....

Dagsetning síðustu samþykktu endurskoðunar: ..... Númer endurskoðunar: .....

Undirskrift: .....

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKIS (*)]

EASA-eyðublað nr. 11, 3. útgáfa

(*) Eða EASA ef EASA er lögbæra yfirvaldið.
(**) Strikið út, eftir því sem við á, ef fyrirtæki er ekki samþykkt.
(***) Hér skal fylla inn viðeigandi réttindi og takmarkanir.

III. viðbætir

Viðurkenningarvottorð sem vísað er til í IV. viðauka (147. hluta) — EASA-eyðublöð nr. 148 og 149

1. **Grunnþjálfun/grunnpróf**

Nota skal fyrirmynd af vottorði um grunnþjálfunina skv. 147. hluta, eins og tilgreint er hér fyrir neðan, til viðurkenningar á því að grunnþjálfun, grunnþjálfunarprófi eða bæði grunnþjálfun og grunnþjálfunarprófi sé lokið.

Í þjálfunarvottorði skal greina skýrt frá öllum áfangaprófum, raðað eftir þeirri dagsetningu sem viðkomandi stóðst prófið, ásamt samsvarandi útgáfu I. viðbætis við III. viðauka (66. hluta).

Bls. 1 af 1

VIÐURKENNINGARVOTTORÐ

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)].147.[XXXX].[YYYYY]

Þetta viðurkenningarvottorð er gefið út til handa:

[NAFN]

[FÆÐINGARDAGUR og FÆÐINGARSTAÐUR]

Af:

[HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)]. 147.[XXX]

viðhaldskennslufyrirtæki sem hefur samþykki til að veita þjálfun og halda próf samkvæmt samþykkisskrá þess og í samræmi við IV. viðauka (147. hluta) reglugerðar (EB) nr. 2042/2003.

Með vottorði þessu er staðfest að framangreindur einstaklingur hafi með fullnægjandi árangri staðist neðangreint viðurkennt þjálfunarnámskeið (**) eða grunnpróf (**) í samræmi við gildandi útgáfur af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003.

[GRUNNÞJÁLFUNARNÁMSKEIÐ (**)] og/eða [GRUNNPRÓF (**)]

[SKRÁ YFIR ÁFANGA SKV. 66. HLUTA/DAGSETNING SEM VIÐKOMANDI STÓÐST PRÓF]

Dagsetning: .....

Undirskrift: .....

Fyrir hönd: [HEITI FYRIRTÆKIS]

EASA-eyðublað nr. 148, 1. útgáfa

(*) Eða EASA ef EASA er lögbæra yfirvaldið.

(**) Strikið yfir það sem á ekki við.

2. **Tegundarþjálfun/tegundarpróf**

Nota skal fyrirmynd af vottorði um tegundarþjálfuna skv. 147. hluta, eins og tilgreint er hér fyrir neðan, til viðurkenningar á því að bóklegum þáttum, verklegum þáttum eða bæði bóklegum og verklegum þáttum þjálfunarnámskeiðs til tegundarréttinda sé lokið.

Í vottorðinu skal tilgreina þá samsetningu flugskrokks/hreyfils sem þjálfað var fyrir.

Fella skal burt viðeigandi tilvísunarnúmer eftir því sem við á og skal tekið fram í rammanum fyrir tegund námskeiðsins hvort það nái aðeins yfir fræðilega eða verklega þætti eða bæði fræðilega og verklega þætti.

Í þjálfunarvottorði skal það koma skýrt fram hvort námskeiðið sé heilt námskeið eða stytt námskeið (svo sem námskeið um flugskrokk eða fullbúinn hreyfil eða rafeindabúnað/rafkerfi loftfars) eða mismunarnámskeið sem byggir á fyrri reynslu umsækjandans, t.d. A340-námskeið (CFM) fyrir A320-tæknimenn. Ef ekki er um heilt námskeið að ræða skal tilgreint í vottorðinu hvort tekið hafi verið tillit til sviðanna þar sem námskeiðin tengjast.

Bls. 1 af 1

VIÐURKENNINGARVOTTORÐ

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)]. 147. [XXXX] [YYYY]

Þetta viðurkenningarvottorð er gefið út til handa:

[NAFN]

[FÆÐINGARDAGUR og FÆÐINGARSTAÐUR]

Af:

[HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)]. 147. [XXXX]

viðhaldskennslufyrirtæki sem hefur samþykki til að veita þjálfun og halda próf samkvæmt samþykkisskrá þess og í samræmi við IV. viðauka (147. hluta) reglugerðar (EB) nr. 2042/2003.

Með vottorði þessu er staðfest að framangreindur einstaklingur hafi með fullnægjandi árangri staðist fræðilega (**) og/eða verklega þætti (**) viðurkennda tegundarþjálfunarnámskeiðsins sem tilgreint er að neðan og tengd próf í samræmi við gildandi útgáfur af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003.

[ÞJÁLFUNARNÁMSKEIÐ Á TEGUND LOFTFARS (**)]

[UPPHAFS- og LOKADAGSETNINGAR]

[TILGREINIÐ FRÆÐILEGA EÐA VERKLEGA ÞÆTTI]

og/eða

[TEGUNDARPRÓF Á LOFTFAR (**)]

[LOKADAGSETNING]

Dagsetning: .....

Undirskrift: .....

Fyrir hönd: [HEITI FYRIRTÆKIS]

EASA-eyðublað nr. 149, 1. útgáfa

[...]

(*) Eða EASA ef EASA er lögbæra yfirvaldið.

(**) Strikið yfir það sem á ekki við.

V. VIÐAUKI

Niðurfelld reglugerð með skrá yfir síðari breytingar hennar

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003	(Stjtíð. ESB L 315, 28.11.2003, bls. 1)
Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 707/2006	(Stjtíð. ESB L 122, 9.5.2006, bls. 17)
Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 376/2007	(Stjtíð. ESB L 94, 4.4.2007, bls. 18)
Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1056/2008	Stjtíð. ESB L 283, 28.10.2008, bls. 5)
Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 127/2010	(Stjtíð. ESB L 40, 13.2.2010, bls. 4)
Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 962/2010	(Stjtíð. ESB L 281, 27.10.2010, bls. 78)
Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1149/2011	(Stjtíð. ESB L 298, 16.11.2011, bls. 1)
Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 593/2012	(Stjtíð. ESB L 176, 6.7.2012, bls. 38)

VI. VIÐAUKI

Samsvörunartafla

Reglugerð (EB) nr. 2042/2003	Þessi reglugerð
1. gr.	1. gr.
2. gr.	2. gr.
1., 2. og 3. mgr. 3. gr.	1., 2. og 3. mgr. 3. gr.
4. mgr. 3. gr.	—
4. gr.	4. gr.
5. gr.	5. gr.
6. gr.	6. gr.
—	7. gr.
1. mgr. 7. gr.	1. mgr. 8. gr.
2. mgr. 7. gr.	—
Inngangsorð 3. mgr. 7. gr.	Inngangsorð 2. mgr. 8. gr.
a- til g-liður 3. mgr. 7. gr.	—
h-liður 3. mgr. 7. gr.	a-liður 2. mgr. 8. gr.
i-liður 3. mgr. 7. gr.	b-liður 2. mgr. 8. gr.
4. mgr. 7. gr.	—
5. mgr. 7. gr.	3. mgr. 8. gr.
6. mgr. 7. gr.	—
7. mgr. 7. gr.	—
8. mgr. 7. gr.	4. mgr. 8. gr.
9. mgr. 7. gr.	5. mgr. 8. gr.
8. gr.	9. gr.
I. viðauki	I. viðauki
II. viðauki	II. viðauki
III. viðauki	III. viðauki
IV. viðauki	IV. viðauki
—	V. viðauki
—	VI. viðauki

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2015/EES/55/23**

frá 13. júní 2014

um breytingu á ákvörðun 2007/742/EB um rafknúnar eða gasknúnar varmadælur eða gasísogsvarmadælur

(tilkynnt með númeri C(2014) 3838)

(2014/363/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB ([1]), einkum c-lið 3. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Loft í vatn, saltvatn í vatn og vatn í vatn varmadælur sem veita varma til vatnshitakerfis falla undir gildissvið ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2014/314/ESB frá 28. maí 2014 um viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir hitara fyrir vatnshitakerfi ([2]).

2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/742/EB frá 9. nóvember 2007 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir rafknúnar eða gasknúnar varmadælur eða gasísogsvarmadælur ([3]) fellur úr gildi 31. október 2014.

3) Unnið hefur verið mat til að leggja mat á mikilvægi núverandi vistfræðilegu viðmiðananna og það hversu viðeigandi þær eru, sem og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun sem komið var á með þessari ákvörðun. Með tilliti til þess á hvaða stigum þessi ákvörðun er stödd í endurskoðunarferlinu er rétt að framlengja gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun sem settar eru fram í henni. Framlengja ætti gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun, sem settar eru fram í ákvörðun 2007/742/EB, til 31. desember 2016.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010.

5) Því ætti að breyta ákvörðun 2007/742/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2007/742/EB er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi c-liður bætist við þriðju málsgrein 1. gr.:

„c) varmadælur sem veita varma til vatnshitakerfis.“

2. Í stað „31. október 2014“ í 4. gr. komi „31. desember 2016“.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 177, 17.6.2014, bls. 60. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 118/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 164, 3.6.2014, bls. 83.

([3]) Stjtíð. ESB L 301, 20.11.2007, bls. 14.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. júní 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Janez POTOČNIK

framkvæmdastjóri.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1852/2001 **2015/EES/55/24**

frá 20. september 2001

um ítarlegar reglur um að gera tilteknar upplýsingar aðgengilegar almenningi og um verndun upplýsinga sem lagðar eru fram samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 frá 27. janúar 1997 um heilbrigðisreglur um ný matvæli og ný innihaldsefni í matvælum([1]), einkum 5. mgr. 4. gr. og 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Reynslan hefur sýnt að þörf er á ítarlegum reglum til verndar upplýsingum sem umsækjendur láta í té til að tryggja að mat á umsóknum samkvæmt reglugerð (EB) nr. 258/97 gangi snurðulaust fyrir sig.

2) Þessar reglur skulu tryggja upplýsingaleynd varðandi framleiðsluferlið þegar birting slíkra upplýsinga gæti skaðað samkeppnisstöðu umsækjandans óhóflega.

3) Til að auka gagnsæi í beitingu málsmeðferðarreglnanna sem komið er á fót með 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97 skal veita almenningi aðgang að tilteknum upplýsingum um vörur sem verið er að meta samkvæmt þeirri grein og um niðurstöðu matsins. Upplýsingarnar skulu vera aðgengilegar framkvæmdastjórninni á Netinu.

4) Slíkar reglur skulu vera í samræmi við nýja lagarammann sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB frá 12. mars 2001 um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/220/EBE([2]).

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvæli.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Framkvæmdastjórnin, landsyfirvöld aðildarríkjanna og aðilarnir sem annast mat á matvælum sem um getur í 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97 skulu ekki láta í té upplýsingar sem teljast trúnaðarmál samkvæmt 3. mgr., nema upplýsingar sem skulu gerðar aðgengilegar almenningi ef aðstæður krefjast þess til verndar heilbrigði manna.

2. Umsækjandinn getur gefið til kynna hvaða upplýsingar, sem hann leggur fram samkvæmt reglugerð (EB) nr. 258/97 og varða framleiðsluferlið, skal fara með sem trúnaðarmál þar sem uppljóstrun þeirra gæti skaðað samkeppnisstöðu hans. Tilgreina verður sannreynanleg rök í slíkum tilvikum.

3. Lögbært yfirvald aðilans, sem hefur tekið við umsókninni, skal að loknu samráði við umsækjanda ákvarða hvaða upplýsingar varðandi framleiðsluferlið skuli fara með sem trúnaðarmál og skal tilkynna umsækjanda, lögbæra aðilanum sem annast mat á matvælum og framkvæmdastjórninni um ákvörðun sína.

4. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að aðildarríkin séu upplýst um allar ákvarðanir sem henni er tilkynnt um skv. 3. mgr.

2. gr.

1. Þegar frummat beiðninnar fer fram samkvæmt 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97 skal framkvæmdastjórnin gera eftirfarandi upplýsingar aðgengilegar almenningi:

a) heiti og heimilisfang umsækjandans,

b) lýsingu sem gerir mögulegt að auðkenna viðkomandi matvæli eða innihaldsefni matvæla,

c) fyrirhugaða notkun viðkomandi matvæla eða innihaldsefnis matvæla,

d) samantekt málsskjalanna, að undanskildum þeim hlutum sem skulu teljast trúnaðarmál samkvæmt 3. mgr. 1. gr.,

e) viðtökudag fullgerðrar beiðni.

2. Framkvæmdastjórnin skal gera skýrsluna um frummatið aðgengilega almenningi, að undanskildum öllum upplýsingum sem skulu teljast trúnaðarmál skv. 3. mgr. 1. gr., á eftirfarandi hátt:

a) þegar engin andmæli liggja fyrir skv. 4. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97 skal skýrslan um frummatið gerð aðgengileg almenningi eftir að 60 daga fresturinn, sem um getur í þeirri grein, rennur út og eftir þann tíma sem er nauðsynlegur til að upplýsa umsækjandann um niðurstöðuna,

b) þegar þörf er á ákvörðun um leyfi skv. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97, skal skýrslan um frummatið gerð aðgengileg almenningi, ef mögulegt er um leið og vísindanefndin um matvæli gefur álit sitt eða, ef ekki er gerð krafa um álitið, þegar ákvörðunin er birt í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 253, 21.9.2001, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 147/2015 frá 11. júní 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 43, 14.2.1997, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 106, 17.4.2001, bls. 1.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. september 2001.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/640 **2015/EES/55/25**

frá 23. apríl 2015

um viðbótarlofthæfisforskriftir fyrir tiltekna tegund starfrækslu og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB ([1]), einkum vi. lið e-liðar 5. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 216/2008 á framkvæmdastjórnin, með aðstoð Flugöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd „Flugöryggisstofnunin“) að samþykkja nauðsynlegar framkvæmdarreglur um sameiginlegar kröfur um lofthæfi í öllu Sambandinu.

2) Þessar kröfur, sem taka til alls vistferils framleiðsluvara til flugs, fela í sér viðbótarlofthæfisforskriftir fyrir tiltekna tegund starfrækslu sem í öryggisskyni á að innleiða eftir að tegundarvottorð hefur verið gefið út í fyrsta sinn.

3) Taka ætti tæknilegar kröfur JAR-26 „Viðbótarlofthæfikröfur um starfrækslu“, sem Flugöryggissamtök Evrópu (JAA) gáfu út 13. júlí 1998, eins og þeim var breytt með 3. breytingu frá 1. desember 2005, upp í lög Sambandsins þar eð Flugöryggissamtök Evrópu hættu starfsemi sinni 30. júní 2009 og gildissvið reglugerðar (EB) nr. 216/2008 var rýmkað 20. febrúar 2008 svo hún tæki einnig til starfrækslu.

4) Í því skyni að tryggja samkvæmni og skýra nánar þær skyldur sem tengjast lofthæfi ætti að bæta tilvísun í þessa reglugerð við í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 ([2]).

5) Til að tryggja snurðulausa umbreytingu og til að forðast alla röskun þar að lútandi ætti að kveða á um viðeigandi umbreytingarráðstafanir.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á áliti Flugöryggisstofnunarinnar í samræmi við 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndar Flugöryggisstofnunar Evrópu sem komið var á fót með 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um sameiginlegar viðbótarlofthæfisforskriftir í því skyni að styðja við áframhaldandi lofthæfi og öryggisúrbætur:

a) fyrir loftför sem eru skráð í aðildarríki,

b) fyrir loftför sem eru skráð í þriðja landi en þar sem aðildarríki ber ábyrgð á eftirliti með flugrekandanum sem notar þau.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 106, 24.4.2015, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/2015 frá 11. júní 2015 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1).

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „hámarksfjöldi farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu“ (e. *maximum operational passenger seating configuration* (MOPSC)): hámarksfjöldi farþegasæta í loftfari, að undanskildum sætum áhafnarinnar, sem ákvarðaður er vegna starfrækslu loftfarsins og tilgreindur í rekstrarhandbókinni,

b) „stór flugvél“: flugvél með vottunarforskriftir fyrir stórar flugvélar (CS-25), eða jafngildi þess, í vottunargrunni sínum.

3. gr.

Viðbótarlofthæfisforskriftir fyrir tiltekna tegund starfrækslu

Þegar flugrekendur, sem aðildarríki hefur eftirlit með, starfrækja loftför af því tagi sem um getur í 1. gr. skulu þeir fara að ákvæðum I. viðauka.

4. gr.

Breyting á reglugerð (ESB) nr. 965/2012

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð þannig að hann innihaldi tilvísun í þessa reglugerð.

5. gr.

Umbreytingarákvæði

Loftför, þar sem flugrekendur hafa sýnt lögbæru yfirvaldi fram á að þau uppfylli kröfur JAR-26 „Viðbótarlofthæfikröfur um starfrækslu“ (hér á eftir nefndar „kröfur JAR-26“), sem Flugöryggissamtök Evrópu (JAA) gáfu út 13. júlí 1998, eins og þeim var breytt með 3. breytingu frá 1. desember 2005, áður en dagsetningarnar, sem um getur í 6. gr., taka gildi, teljast vera í samræmi við sambærilegar forskriftir sem settar eru fram í I. viðauka við þessa reglugerð.

Loftförum, þar sem sýnt hefur verið fram á, í samræmi við 1. mgr., að þau uppfylli kröfur JAR-26, sem jafngilda forskriftunum, sem settar eru fram í liðum 26.50, 26.105, 26.110, 26.120, 26.150, 26.155, 26.160, 26.200 og 26.250 í I. viðauka við þessa reglugerð, skal ekki breyta síðar á þann hátt að það myndi hafa áhrif á samræmi þeirra við viðeigandi kröfur JAR-26.

6. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 14. maí 2015.

Liðirnir 26.50, 26.105, 26.110, 26.120, 26.150, 26.155, 26.160, 26.200 og 26.250 í I. viðauka skulu þó koma til framkvæmda frá og með 14. maí 2017.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. apríl 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

26. HLUTI

VIÐBÓTARLOFTHÆFISFORSKRIFTIR SEM GILDA UM STARFRÆKSLU

EFNISYFIRLIT

A-KAFLI — ALMENN ÁKVÆÐI

26.10 Lögbært yfirvald

26.20 Tímabundið óstarfhæfur búnaður

26.30 Sýnt fram á að kröfur séu uppfylltar

B-KAFLI — STÓRAR FLUGVÉLAR

26.50 Sæti, legurúm, öryggisbelti og öryggistygi

26.100 Staðsetning neyðarútganga

26.105 Aðgangur að neyðarútgöngum

26.110 Merkingar neyðarútganga

26.120 Neyðarlýsing inni í vélinni og notkun neyðarljósa

26.150 Farþegarými að innanverðu

26.155 Eldfimi klæðningar í farmrými

26.160 Brunarvarnir á salernum

26.200 Lendingarbúnaður – viðvörunarhljóð

26.250 Stýrikerfi stjórnklefahurðar — ef einn flugliði verður óstarfhæfur

A-KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

26.10 Lögbært yfirvald

Að því er varðar þann hluta sem settur er fram í þessum viðauka telst lögbæra yfirvaldið, sem flugrekendum ber að sýna fram á að kröfur um forskriftir séu uppfylltar, vera yfirvaldið, sem er tilnefnt af aðildarríkinu þar sem flugrekandi hefur aðalstarfsstöð sína.

26.20 Tímabundið óstarfhæfur búnaður

Ekki skal leggja upp í flug þegar eitthvert af mælitækjum loftfarsins, búnaður þess eða virkni, sem krafist er í þessum hluta, er óstarfhæfur eða vantar, nema veitt hafi verið undanþága í lista flugrekanda yfir lágmarksbúnað, eins og skilgreint er í ORO.MLR.105, og lögbæra yfirvaldið hafi samþykkt það.

26.30 Sýnt fram á að kröfur séu uppfylltar

a) Flugöryggisstofnunin skal, í samræmi við 2. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, gefa út vottunarforskriftir til að sýna á staðlaðan hátt fram á að framleiðsluvörur uppfylli kröfur þessa hluta. Vottunarforskriftirnar skulu vera nægilega ítarlegar og sértækar til að gefa flugrekendum til kynna skilyrðin fyrir því hvernig sýna megi fram á samræmi við kröfur þessa hluta.

b) Flugrekendur geta sýnt fram á samræmi við kröfur þessa hluta með því að uppfylla:

   i. ítarlegar forskriftir, sem Flugöryggisstofnunin gefur út samkvæmt a-lið, eða jafngildar forskriftir, sem Flugöryggisstofnunin gefur út skv. 21.A.16A, eða

   ii. tæknistaðla sem veita sambærilegt öryggisstig og það sem tilgreint er í þessum forskriftum.

B-KAFLI

STÓRAR FLUGVÉLAR

26.50 Sæti, legurúm, öryggisbelti og öryggistygi

Flugrekendur stórra flugvéla, sem notaðar eru í flutningaflugi, með tegundarvottorð, sem gefin eru út 1. janúar 1958 eða síðar, skulu tryggja að sæti og festibúnaður hvers flugverja eða öryggis- og þjónustuliða séu rétt stillt til að veita þeim hámarksvernd í nauðlendingu á landi en gera þeim samtímis kleift að sinna nauðsynlegum störfum sínum og yfirgefa sæti sitt með hraði.

26.100 Staðsetning neyðarútganga

Að undanskildum flugvélum með neyðarútgangsútfærslu, sem komið var fyrir og vottuð fyrir 1. apríl 1999, skulu flugrekendur stórra flugvéla, sem notaðar eru í flutningaflugi, með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fleiri en 19 þar sem einn eða fleiri neyðarútgangar eru óvirkir, tryggja að fjarlægðin milli annarra útganga vélanna uppfylli kröfur um skilvirka rýmingu þeirra.

26.105 Aðgangur að neyðarútgöngum

Flugrekendur stórra flugvéla, sem notaðar eru í flutningaflugi, skulu gera ráðstafanir sem gera farþegum kleift að komast fljótt og auðveldlega úr sætum sínum að einhverjum neyðarútgangi ef til neyðarrýmingar kemur.

26.110 Merkingar neyðarútganga

Flugrekendur stórra flugvéla, sem notaðar eru í flutningaflugi, skulu:

a) gera ráðstafanir til að auðvelda farþegum að finna, fá aðgang að og nota neyðarútganga við þau skilyrði sem sjá má fyrir í farþegarýminu ef til neyðarrýmingar kemur,

b) gera ráðstafanir til að auðvelda starfsfólki fyrir utan flugvélina að finna og nota neyðarútganga ef til neyðarrýmingar kemur.

26.120 Neyðarlýsing inni í vélinni og notkun neyðarljósa

Flugrekendur stórra flugvéla, sem notaðar eru í flutningaflugi, skulu gera ráðstafanir til að tryggja að til staðar sé upplýst útgönguskilti, að almenn lýsing sé í farþegarýminu og á útgönguleiðinni og að til staðar sé lýsing í gólfhæð sem vísar farþegum leiðina að útgöngum og flýtir fyrir útgöngu ef til neyðarrýmingar kemur.

26.150 Farþegarými að innanverðu

Flugrekendur stórra flugvéla, sem notaðar eru í flutningaflugi, skulu:

a) gefa upplýsingar um eiginleika alls efnis og búnaðar, sem notuð eru í rými þar sem áhöfn eða farþegar halda til, með tilliti til eldfimi, sem lágmarkar áhrif elds í flugvél á flugi og gerir kleift að lifa af í farþegarýminu þann tíma sem það tekur að rýma loftfarið,

b) hafa veggspjöld þar sem tilgreint er að bannað sé að reykja um borð,

c) sjá til þess að ruslaílát séu þannig úr garði gerð að ef upp kemur eldur í þeim þá breiðist hann ekki út og að á þeim sé merking um að bannað sé að setja tóbaksvörur í ílátið.

26.155 Eldfimi klæðningar í farmrými

Flugrekendur stórra flugvéla, sem notaðar eru í flutningaflugi, með tegundarvottorð, sem eru gefin út eftir 1. janúar 1958, skulu tryggja að klæðning í farmrými í C- eða D-flokki sé gerð úr efniviði sem kemur í veg fyrir að eldur í rýminu stofni loftfarinu eða farþegum þess í hættu.

26.160 Brunarvarnir á salernum

Flugrekendur stórra flugvéla, sem notaðar eru í flutningaflugi, með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fleiri en 19, skulu sjá til þess:

að salerni séu búin:

a) reykskynjurum,

b) búnaði sem slekkur sjálfkrafa eld sem kemur upp í sérhverju ruslaíláti.

26.200 Lendingarbúnaður – viðvörunarhljóð

Flugrekendur stórra flugvéla, sem notaðar eru í flutningaflugi, skulu sjá til þess að í vélunum sé uppsettur viðeigandi hljóð-viðvörunarbúnaður fyrir lendingarbúnað til að minnka áhættu á lendingum þegar lendingarbúnaður er uppdreginn fyrir slysni.

26.250 Stýrikerfi stjórnklefahurðar — ef einn flugliði verður óstarfhæfur

Flugrekendur stórra flugvéla, sem notaðar eru í flutningaflugi, skulu sjá til þess að stýrikerfi stjórnklefahurðar, ef slíkt er fyrir hendi, sé búið öðrum opnunarbúnaði til að auðvelda öryggis- og þjónustuliðum aðgang að stjórnklefanum ef einn flugliði verður óstarfhæfur.

———————

II. VIÐAUKI

Í stað 1. liðar c-liðar í ORO.AOC.100 í III. viðauka (ORO-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 komi eftirfarandi:

„1) að þeir uppfylli allar kröfur IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008, þessa viðauka (ORO-hluta), IV. viðauka (CAT-hluta) og V. viðauka (SPA-hluta) við þessa reglugerð sem og I. viðauka (26. hluta) við reglugerð (ESB) 2015/640 ([1]),

———————

([1]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/640 frá 23. apríl 2015 um viðbótarlofthæfisforskriftir fyrir tiltekna tegund starfrækslu og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 (Stjtíð. ESB L 106, 24.4.2015, bls. 18).“

———————

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2015/EES/55/26

frá 6. desember 2013

um að ákvarða snið til að tilkynna upplýsingar varðandi samþykki og umtalsverðar breytingar á úrgangsstjórnunaráætlunum og áætlunum um forvarnir gegn myndun úrgangs

(tilkynnt með númeri C(2013) 8641)

(2013/727/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana ([1]), einkum 2. mgr. 33. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 28. gr. tilskipunar 2008/98/EB verða aðildarríkin að sjá til þess að lögbær yfirvöld þeirra kveði á um eina eða fleiri úrgangsstjórnunaráætlanir sem ná til alls landfræðilegs yfirráðasvæðis hlutaðeigandi aðildarríkis.

2) Auk þess verða aðildarríkin að kveða á um, eigi síðar en 12. desember 2013, áætlanir um forvarnir gegn myndun úrgangs í samræmi við 29. gr. tilskipunar 2008/98/EB.

3) Til að greiða fyrir framlagningu viðkomandi upplýsinga til framkvæmdastjórnarinnar um samþykkt þessara áætlana og umtalsverðar breytingar á þeim ætti að samþykkja snið til að tilkynna um slíkar upplýsingar.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 39. gr. tilskipunar 2008/98/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Aðildarríkin skulu nota sniðin, sem sett eru fram í I. og II. viðauka við þessa ákvörðun, til að tilkynna til framkvæmdastjórnarinnar upplýsingar varðandi samþykkt og umtalsverðar breytingar á úrgangsstjórnunaráætlunum og áætlunum um forvarnir gegn myndun úrgangs sem um getur í 28. og 29. gr. tilskipunar 2008/98/EB.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 6. desember 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Janez POTOČNIK

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 329, 10.12.2013, bls. 44. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 170/2015 frá 11. júní 2015 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3.

I. VIÐAUKI

SNIÐ TIL AÐ TILKYNNA UPPLÝSINGAR VARÐANDI SAMÞYKKT OG UMTALSVERÐAR BREYTINGAR Á ÚRGANGSSTJÓRNUNARÁÆTLUNUM

Heiti áætlunarinnar:

.....

Stjórnsýslustofnun (heiti, heimilisfang, tölvupóstfang og aðrar samskiptaupplýsingar ef nauðsyn krefur) sem ber ábyrgð á samþykkt/endurskoðun áætlunarinnar:

.....

Rafrænn tengill á vefsetur með áætluninni, sem er aðgengilegt öllum:

.....

Stjórnsýslustofnun (heiti, heimilisfang, tölvupóstfang og aðrar samskiptaupplýsingar, ef nauðsyn krefur) sem sér um að samræma upplýsingarnar sem veittar eru á þessu eyðublaði:

.....

Vinsamlega merkið við í viðeigandi reit:

□ Samþykkt nýrrar úrgangsstjórnunaráætlunar

□ Umtalsverðar breytingar á úrgangsstjórnunaráætlun

(Mikilvægt: Vinsamlega tilgreinið viðeigandi blaðsíðunúmer í tilkynntu áætluninni og/eða tilvísunarskjalinu sem tengist hverri spurningu)

1. **Almennar upplýsingar**

1.1. Dagsetning samþykktar/endurskoðunar (mánuður/ár):

1.2. Nær áætlunin til alls yfirráðasvæðis aðildarríkisins?

□ Já

□ Nei

Ef svarið er nei, vinsamlega tilgreinið hvaða hlutar yfirráðasvæðisins eru undanskildir og hvers vegna:

.....

1.3. Hvert er umfang úrgangsstjórnunaráætlunarinnar?

□ Allir straumar úrgangs

□ Húsasorp í föstu formi

□ Hættulegur úrgangur

□ Sérstakir straumar úrgangs. Vinsamlega tilgreinið:

Ef áætlunin nær ekki til allra strauma úrgangs, vinsamlega tilgreinið viðeigandi viðbótaráætlanir:

.....

1.4. Er áætlunin í samræmi við kröfurnar í tilskipun 2008/98/EB?

□ Já

□ Nei

Ef svarið er nei, vinsamlega tilgreinið ástæðu:

.....

1.5. Er áætlunin hönnuð í samræmi við úrgangsmetakerfið sem sett er fram í 4. gr. tilskipunar 2008/98/EB?

□ Já

□ Nei

Ef svarið er nei, vinsamlega tilgreinið strauma úrgangs þar sem áætlunin víkur frá úrgangsmetakerfinu og ástæðurnar fyrir slíkum frávikum:

.....

1.6. Inniheldur áætlunin einhverja áætlun um forvarnir gegn myndun úrgangs?

□ Já

□ Nei

Ef svarið er já, vinsamlega tilgreinið viðeigandi tengla á vefsetur:

.....

1.7. Hvernig tóku viðkomandi hagsmunaaðilar og yfirvöld og almenningur þátt í mótun úrgangsstjórnunaráætlana og áætlana um forvarnir gegn myndun úrgangs?

.....

2. **Upplýsingar um söfnunarkerfi og stöðvar til að meðhöndla úrgang**

2.1. Er metin þörf fyrir ný söfnunarkerfi í áætluninni og stórar förgunar- /endurnýtingarstöðvar og tengdar fjárfestingar?

□ Já

□ Nei

2.2. Eru veittar upplýsingar í áætluninni um staðsetningu fyrirhugaðra förgunarstöðva eða stórra endurnýtingarstöðva og viðmiðanir fyrir vali á þeirri staðsetningu?

□ Já

□ Nei

Ef svarið er já, vinsamlega tilgreinið hvar þessar viðmiðanir koma fram í áætluninni:

.....

3. **Upplýsingar um markmið í tengslum við úrgang**

3.1. Nær áætlunin yfir umbúðir og umbúðaúrgang (14. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB ([1]))

□ Já

□ Nei

3.2. Er sett fram skipulag í áætluninni eða ráðstafanir um framkvæmd að því er varðar að minnka magn lífbrjótanlegs úrgangs sem berst til urðunarstaða (5. gr. tilskipunar ráðsins 1999/31/EB ([2]))

□ Já

□ Nei

3.3. Stuðlar áætlunin að því að ná markmiðum um að beina lífbrjótanlegum úrgangi frá urðunarstöðum?

□ Já

□ Nei

3.4. Er í áætluninni lagt mat á gagnsemi og heppileika þess að nota efnahagsleg stjórntæki og önnur stjórntæki, t.d. skatta á urðunarstaði, til að taka á úrgangsmálum?

□ Já

□ Nei

Ef svarið er já, vinsamlega tilgreinið hvaða efnahagslegu stjórntæki og tengdar ráðstafanir eru teknar með í áætluninni:

.....

———

([1]) Stjtíð. EB L 365, 31.12.1994, bls. 10.
([2]) Stjtíð. EB L 182, 16.7.1999, bls. 1.

II. VIÐAUKI

SNIÐ TIL AÐ TILKYNNA UPPLÝSINGAR VARÐANDI SAMÞYKKT OG UMTALSVERÐAR BREYTINGAR Á ÁÆTLUNUM UM FORVARNIR GEGN MYNDUN ÚRGANGS

Heiti áætlunarinnar:

.....

Rafrænn tengill á vefsetur með áætluninni, sem er aðgengilegt öllum:

.....

Stjórnsýslustofnun (heiti, heimilisfang, tölvupóstfang og aðrar samskiptaupplýsingar ef nauðsyn krefur) sem ber ábyrgð á samþykkt/endurskoðun áætlunarinnar:

.....

Stjórnsýslustofnun (heiti, heimilisfang, tölvupóstfang og aðrar samskiptaupplýsingar, ef nauðsyn krefur) sem sér um að samræma þessi svör:

.....

Vinsamlega merkið við í viðeigandi reit:

□ Samþykkt nýrrar áætlunar um forvarnir gegn myndun úrgangs

□ Umtalsverðar breytingar á áætlun um forvarnir gegn myndun úrgangs ([1])

Ef tilkynnt er um verulegar breytingar á áætlun um forvarnir gegn myndun úrgangs, hvaða áætlun á þessi endurskoðun við um?

Vinsamlega lýsið í stuttu máli gildissviði og helstu þáttum endurskoðunarinnar, tilgreinið hvar hægt er að finna endurskoðuðu þættina í áætlun um forvarnir gegn myndun úrgangs:

.....

(Mikilvægt: Vinsamlega tilgreinið viðeigandi blaðsíðunúmer í tilkynntu áætluninni og/eða tilvísunarskjalinu sem tengist hverri spurningu)

1. **Almennar upplýsingar**

1.1. Dagsetning samþykktar/endurskoðunar (mánuður/ár):

1.2. Nær áætlunin til alls yfirráðasvæðis aðildarríkisins?

□ Já

□ Nei

Ef svarið er nei, vinsamlega tilgreinið hvaða hlutar yfirráðasvæðisins eru undanskildir og hvers vegna:

.....

1.3. Er áætlunin felld inn í úrgangsstjórnunaráætlun?

□ Já

□ Nei

Ef svarið er já, vinsamlegast tilgreinið úrgangsstjórnunaráætlunina eða -áætlanirnar:

.....

([1]) Gildir einungis ef framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur þegar verið tilkynnt um áætlun um forvarnir gegn myndun úrgangs.

1.4. Kemur áætlunin fram í öðrum umhverfisstefnuáætlunum?

□ Já
□ Nei

Ef svarið er já, vinsamlega tilgreinið áætlunina eða áætlanirnar:

.....

2. **Upplýsingar um forvarnir gegn myndun úrgangs**

2.1. Er fyrirliggjandi forvarnarráðstöfunum lýst í áætluninni?

□ Já
□ Nei

2.2. Eru sett fram markmið í áætluninni um forvarnir gegn myndun úrgangs?

□ Já
□ Nei

2.3. Að hvaða marki miðast markmiðin og ráðstafanirnar að því að aftengja hagvöxt frá umhverfisáhrifum af myndun úrgangs?

.....

2.4. Eru tilgreindar í áætluninni megindlegar og/eða eigindlegar viðmiðanir fyrir samþykktar forvarnarráðstafanir gegn myndun úrgangs?

□ Já
□ Nei

Ef svarið er já, vinsamlega tilgreinið hvort þær eru eigindlegar og/eða megindlegar og viðkomandi blaðsíðunúmer:

.....

2.5. Eru ákvörðuð sértæk eigindleg og/eða megindleg markmið og vísar í áætluninni?

□ Já
□ Nei

Ef svarið er já, vinsamlega tilgreinið hvort þær eru eigindlegar og/eða megindlegar og viðkomandi blaðsíðunúmer:

.....

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/394 **2015/EES/55/27**

frá 10. mars 2015

um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið túlatrómýsín (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 ([1]), einkum 14. gr. í tengslum við 17. gr.,

með hliðsjón af áliti Lyfjastofnunar Evrópu sem dýralyfjanefndin setur fram,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hámarksgildi leifa fyrir lyfjafræðilega virk efni, sem ætluð eru til notkunar innan Evrópusambandsins í lyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis eða í sæfivörur sem eru notaðar í búfjárrækt, skulu ákvörðuð í samræmi við reglugerð (EB) nr. 470/2009.

2) Lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra, að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu, eru sett fram í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 ([2]).

3) Túlatrómýsín er sem stendur tilgreint í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 sem leyft efni fyrir nautgripi, svín, sauðfé og geitur, sem gildir um vöðva, fitu (húð og fitu að því er varðar svín), lifur og nýru, þó ekki fyrir dýr sem gefa af sér mjólk til manneldis. Bráðabirgðahámarksgildi leifa fyrir það efni, sem sett er fram fyrir nautgripi og svín, renna út 1. janúar 2015.

4) Þegar viðbótargögn höfðu verið lögð fram og metin lagði dýralyfjanefndin til að bráðabirgðahámarksgildi leifa fyrir túlatrómýsín fyrir nautgripi og svín yrðu endanleg.

5) Í samræmi við 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009 skal Lyfjastofnun Evrópu íhuga að nota hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í tilteknum matvælum, fyrir önnur matvæli, sem unnin eru úr sömu dýrategund, eða hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í einni eða fleiri dýrategundum, fyrir aðrar tegundir dýra. Dýralyfjanefndin komst að þeirri niðurstöðu að ekki sé grundvöllur fyrir framreikningi á þessu efni yfir á aðrar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 66, 11.3.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 177/2015 frá 10. júlí 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1).

6) Því ætti að breyta færslunni fyrir túlatrómýsín í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. mars 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir efnið túlatrómýsín í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 komi eftirfarandi:

Lyfjafræðilega virkt efni	Leifamerki	Dýrategund	Hámarksgildi leifa	Markvefir	Önnur ákvæði (skv. 7. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009)	Meðferðarfræðileg flokkun
‚Túlatrómýsín	(2R,3S,4R,5R,8R,10R,11R,12S, 13S,14R)-2-etýl-3,4,10,13-tetrahýdroxý-3,5,8,10,12,14-hexametýl-11-[[3,4,6-trídeoxý-3-(dímetýlamínó)-β-D-xýló-hexópýranósýl]oxý]-1-oxa-6-asasýklópent-dekan-15-ón, gefið upp sem ígildi túlatrómýsíns	Sauðfé, geitur	450 µg/kg	Vöðvi	Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér mjólk til manneldis	Sýkingalyf/sýklalyf“
			250 µg/kg	Fita		
			5 400 µg/kg	Lifur		
			1 800 µg/kg	Nýru		
		Nautgripir	300 µg/kg	Vöðvi		
			200 µg/kg	Fita		
			4 500 µg/kg	Lifur		
			3 000 µg/kg	Nýru		
		Svín	800 µg/kg	Vöðvi		
			300 µg/kg	Húð og fita í eðlilegum hlutföllum		
			4 000 µg/kg	Lifur		
			8 000 µg/kg	Nýru		

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/490 **2015/EES/55/28**

frá 23. mars 2015

um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 297/95 að því er varðar leiðréttingu á gjöldum til Lyfjastofnunar Evrópu með tilliti til verðbólgu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 297/95 frá 10. febrúar 1995 um gjöld sem greiða ber til Lyfjamálastofnunar Evrópu ([1]), einkum fimmtu málsgrein 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 3. mgr. 67. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 ([2]) samanstanda tekjur Lyfjastofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd „Lyfjastofnunin“) af framlögum frá Sambandinu og gjöldum sem fyrirtæki greiða til Lyfjastofnunarinnar. Í reglugerð (EB) nr. 297/95 er mælt fyrir um flokka og fjárhæðir slíkra gjalda.

2) Þessi gjöld ber að uppfæra með tilliti til upplýsinga um verðbólgustig fyrir 2014. Verðbólgustigið í Sambandinu, eins og Hagstofa Evrópusambandsins birti það, var — 0,1% árið 2014.

3) Til einföldunar ætti að námunda aðlagaðar fjárhæðir gjalda að næstu 100 evrum.

4) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 297/95 til samræmis við það.

5) Vegna réttarvissu á þessi reglugerð ekki við um gildar umsóknir sem bíða umfjöllunar 1. apríl 2015.

6) Í samræmi við 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 297/95 skal uppfærslan framkvæmd þannig að hún gildi frá og með 1. apríl 2015. Því er rétt og brýnt að þessi reglugerð öðlist gildi sem fyrst og gildi frá þeim degi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 297/95 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

   a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

      i. Í fyrstu undirgrein a-liðar komi „278 200 evrum“ í stað „278 500 evrum“.

      ii. Ákvæðum b-liðar er breytt sem hér segir:

         — Í fyrstu undirgrein komi „108 000 evrum“ í stað „108 100 evrum“.

         — Í annarri undirgrein komi „179 800 evrum“ í stað „180 000 evrum“.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 78, 24.3.2015, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 178/2015 frá 10. júlí 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 35, 15.2.1995, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB nr. 726/2004 frá 31. mars 2004 um málsmeðferð Bandalagsins við veitingu leyfa fyrir manna- og dýralyfjum og eftirlit með þeim lyfjum og um stofnun Lyfjastofnunar Evrópu (Stjtíð. ESB L 136, 30.4.2004, bls. 1).

iii. Ákvæðum c-liðar er breytt sem hér segir:

— Í fyrstu undirgrein komi „83 500 evrum“ í stað „83 600 evrum“.

— Í annarri undirgrein komi „20 900 til 62 600 evrur“ í stað „20 900 til 62 700 evrur“.

b) Í 2. mgr. er b-lið breytt sem hér segir:

i. Í fyrstu undirgrein komi „83 500 evrum“ í stað „83 600 evrum“.

ii. Í annarri undirgrein komi „20 900 til 62 600 evrur“ í stað „20 900 til 62 700 evrur“.

c) Ákvæðum 6. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í fyrstu undirgrein komi „99 800 evrum“ í stað „99 900 evrum“.

ii. Í annarri undirgrein komi „24 900 til 74 800 evrur“ í stað „24 900 til 74 900 evrur“.

2) Í 4. gr. komi „69 300 evrum“ í stað „69 400 evrum“.

3) Ákvæðum 1. mgr. 5. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum a-liðar er breytt sem hér segir:

i. Í fyrstu undirgrein komi „139 300 evrum“ í stað „139 400 evrum“.

ii. Í fjórðu undirgrein komi „69 300 evrur“ í stað „69 400 evrur“.

b) Ákvæðum b-liðar er breytt sem hér segir:

i. Í fyrstu undirgrein komi „69 300 evrum“ í stað „69 400 evrum“.

ii. Í annarri undirgrein komi „117 600 evrum“ í stað „117 700 evrum“.

4) Í fyrstu mgr. 7. gr. komi „69 300 evrum“ í stað „69 400 evrum“.

5) Ákvæðum 8. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í annarri undirgrein komi „83 500 evrur“ í stað „83 600 evrur“.

ii. Í fjórðu undirgrein komi „20 900 til 62 600 evrur“ í stað „20 900 til 62 700 evrur“.

b) Ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í annarri undirgrein komi „278 200 evrur“ í stað „278 500 evrur“.

ii. Í þriðju undirgrein komi „139 300 evrur“ í stað „139 400 evrur“.

iii. Í fimmtu undirgrein komi „3 000 til 239 800 evrur“ í stað „3 000 til 240 000 evrur“.

iv. Í sjöttu undirgrein komi „3 000 til 120 100 evrur“ í stað „3 000 til 120 200 evrur“.

2. gr.

Reglugerðin á ekki við um gildar umsóknir sem bíða umfjöllunar 1. apríl 2015.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. apríl 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. mars 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/573 **2015/EES/55/29**

frá 30. janúar 2015

um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í pólývínýlklóríðnema í lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði([1]), einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2011/65/ESB er lagt bann við notkun blýs í raf- og rafeindabúnað sem settur er á markað.

2) Tæki til greiningar á blóði, líkamsvessum og líkamslofti eru mikilvæg í mörgum greiningar- og meðferðarferlum. Blý er nauðsynlegt sem stöðgari við vinnslu á pólývínýlklóríði í nemaspjöld (e. *sensor card*). Þrátt fyrir að rannsóknir á staðgönguefnum standi yfir er hentugur staðgöngukostur enn ekki fáanlegur. Nothæfi prófaðra staðgöngukosta, annars vegar í staðinn fyrir blý í pólývínýlklóríði og hins vegar í staðinn fyrir sjálft pólývínýlklóríðið, uppfyllir ekki sértækar tæknilegar kröfur.

3) Hvorki það að skipta út blýi í pólývínýlklóríðnemaspjöldum í lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi til greiningar á blóði, líkamsvessum og líkamslofti né heldur það að taka blý út með því að skipta pólývínýlklóríðinu út að því er varðar þessa notkun er tæknilega gerlegt.

4) Notkun blýs í pólývínýlklóríðnema, sem eru notaðir í lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi, til greininga á blóði, líkamsvessum og líkamslofti, ætti því að njóta undanþágu til 31. desember 2018. Að teknu tilliti til nýsköpunarferla fyrir lækningatæki er þetta tiltölulega stutt umbreytingartímabil sem ólíklegt er að hafi skaðleg áhrif á nýsköpun.

5) Því ætti að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en á síðasta degi níunda mánaðar eftir gildistöku hennar. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 94, 10.4.2015, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 179/2015 frá 10. júlí 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30.1.2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Eftirfarandi 41. liður bætist við í IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB:

„41. Blý sem varmastöðgari í pólývínýlklóríði (PVC), sem er notað sem grunnefni í rafefnanemum með straum-, spennu- eða leiðniskynjun sem eru notaðir í lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi til greiningar á blóði og öðrum líkamsvessum og líkamslofti.

Fellur úr gildi 31. desember 2018.“

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/574 **2015/EES/55/30**

frá 30. janúar 2015

um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir kvikasilfur í kerfi til innæðaómskoðunar, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði ([1]), einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2011/65/ESB er lagt bann við notkun kvikasilfurs í raf- og rafeindabúnað sem settur er á markað.

2) Kvikasilfur er notað í snúanleg raftengi (e. *electric rotating connector*) í lækningatæki til innæðaómskoðunar. Notkun staðgönguefnis fyrir kvikasilfur eða það að skipta þessum tiltekna íhlut út myndi stytta líftíma vörunnar eða draga verulega úr nothæfi hennar.

3) Það að skipta kvikasilfrinu í tenginu út eða fjarlægja kvikasilfrið með því að skipta tenginu eða tækinu út er ógerlegt frá tæknilegu sjónarmiði eða hefur neikvæð heildaráhrif vegna áhrifa á heilbrigði sjúklinga.

4) Notkun kvikasilfurs í snúanleg raftengi, sem eru notuð í kerfi til innæðaómskoðunar sem hægt er að nota í vinnuham með hárri tíðni (> 50MHz), ætti því að njóta undanþágu til 30. júní 2019. Að teknu tilliti til nýsköpunarferla fyrir lækningatæki er þetta tiltölulega stutt umbreytingartímabil sem ólíklegt er að hafi skaðleg áhrif á nýsköpun.

5) Því ætti að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en á síðasta degi níunda mánaðar eftir gildistöku hennar. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

   Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 94, 10.4.2015, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 179/2015 frá 10. júlí 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. janúar 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Eftirfarandi 42. liður bætist við í IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB:

„42. Kvikasilfur í snúanleg raftengi sem eru notuð í kerfi til innæðaómskoðunar sem hægt er að nota í vinnuham með hárri tíðni (> 50MHz).

Fellur úr gildi 30. júní 2019.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 317/2014 **2015/EES/55/31**

frá 27. mars 2014

um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi efnum sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB([1]), einkum 2. mgr. 68. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í færslum 28 til 30 í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er lagt bann við því að selja almenningi efni, sem eru flokkuð sem efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun, í undirflokki 1A eða 1B eða úr blöndum sem innihalda efnin í styrk yfir tilgreindum styrkleikamörkum. Viðkomandi efni eru tilgreind í 1.–6. viðbæti við XVII. viðauka.

2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008([2]) var breytt með reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 618/2012([3]) og (ESB) nr. 944/2013([4]) í því skyni að laga hana að tæknilegum og vísindalegum framförum til að uppfæra eða færa á skrá nokkrar nýjar samræmdar flokkanir á efnum sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun.

3) Með reglugerð (ESB) nr. 618/2012 er komið á nýrri samræmdri flokkun á eftirfarandi efnum: indíumfosfið hefur verið flokkað sem krabbameinsvaldandi í undirflokki 1B, trixýlýlfosfat og 4-*tert*-bútýlbensósýra hafa verið flokkuð sem efni sem hafa eiturhrif á æxlun í undirflokki 1B.

4) Með reglugerð (ESB) nr. 944/2013 er komið á nýrri samræmdri flokkun á eftirfarandi efnum: [bik, úr háhitakoltjöru] hefur verið flokkað sem krabbameinsvaldandi í undirflokki 1A, gallíumarsenið hefur verið flokkað sem krabbameinsvaldandi í undirflokki 1B, [bik, úr háhitakoltjöru] hefur verið flokkað sem stökkbreytandi í undirflokki 1B, [bik, úr háhitakoltjöru] , epoxíkónasól (ISO), nítróbensen, díhexýlþalat, N-etýl-2-pýrrólídón, ammóníumpentadekaflúoroktanóat, perflúoroktansýra og 2-etýlhexýl-10-etýl-4,4-díoktýl-7-oxó-8-oxa-3,5-díþía-4-stannatetradekanóat hafa verið flokkuð sem efni sem hafa eiturhrif á æxlun í undirflokki 1B.

5) Þar eð rekstraraðilar geta fyrir þann tíma beitt samræmdu flokkununum sem eru settar fram í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 ætti þeim að vera kleift að beita ákvæðum þessarar reglugerðar fyrr, ef þeir kjósa það.

6) Því ber að breyta ákvæðum 1. til 6. viðbætis við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt í samræmi við I., II. og III. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði I. viðauka við þessa reglugerð skulu gilda frá 1. apríl 2014.

Ákvæði II. viðauka við þessa reglugerð skulu gilda frá 1. janúar 2015.

Ákvæði III. viðauka við þessa reglugerð skulu gilda frá 1. apríl 2016.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 93, 28.3.2014, bls. 24. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 180/2015 frá 10. júlí 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 618/2012 frá 10. júlí 2012 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna í því skyni að laga hana að tæknilegum og vísindalegum framförum (Stjtíð. ESB L 179, 11.7.2012, bls. 3).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 944/2013 frá 2. október 2013 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna í því skyni að laga hana að framförum á sviði tækni og vísinda (Stjtíð. ESB L 261, 3.10.2013, bls. 5).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. mars 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt sem hér segir:

1) Í 2. viðbæti er eftirfarandi færsla felld inn í töfluna í samræmi við niðurröðun á öðrum færslum sem þar eru settar fram:

„indíumfosfíð	015-200-00-3	244-959-5	22398-80-7“	

2) Í 6. viðbæti er eftirfarandi færsla felld inn í töfluna í samræmi við niðurröðun á öðrum færslum sem þar eru settar fram:

„trixýlýlfosfat	015-201-00-9	246-677-8	25155-23-1	
4-*tert*-bútýlbensósýra	607-698-00-1	202-696-3	98-73-7“	

II. VIÐAUKI

Ákvæðum XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt sem hér segir:

1) Í 2. viðbæti er eftirfarandi færsla felld inn í töfluna í samræmi við niðurröðun á öðrum færslum sem þar eru settar fram:

„gallíumarseníð	031-001-00-4	215-114-8	1303-00-0“	

2) Í 6. viðbæti er eftirfarandi færsla felld inn í töfluna í samræmi við niðurröðun á öðrum færslum sem þar eru settar fram:

„epoxíkónasól (ISO); (2RS,3SR)-3-(2-klórbífenýl)-2-(4-flúorfenýl)-[(1*H*-1,2,4-tríasól-1-ýl)metýl] oxíran	613-175-00-9	406-850-2	133855-98-8	
nítróbensen	609-003-00-7	202-716-0	98-95-3	
díhexýlþalat	607-702-00-1	201-559-5	84-75-3	
N-etýl-2-pýrrólídón; 1-etýlpýrrólídín-2-ón	616-208-00-5	220-250-6	2687-91-4	
ammóníumpentadekaflúoroktanóat	607-703-00-7	223-320-4	3825-26-1	
perflúoroktansýra	607-704-00-2	206-397-9	335-67-1	
2-etýlhexýl 10-etýl-4,4-díoktýl-7-oxó-8-oxa-3,5-díþía-4-stannatetradekanóat	050-027-00-7	239-622-4	15571-58-1“	

III. VIÐAUKI

Ákvæðum XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt sem hér segir:

1) Í 1. viðbæti er eftirfarandi færsla felld inn í töfluna í samræmi við niðurröðun á öðrum færslum sem þar eru settar fram:

„bik, úr háhitakoltjöru; (Leif úr eimingu háhitakoltjöru. Svart, fast efni með mýkingarmark u.þ.b. á bilinu 30 til 180 °C (86 til 356 °F). Að mestu úr flókinni blöndu arómatískra vetniskolefna með þremur eða fleiri samrunnum hringum.)	648-055-00-5	266-028-2	65996-93-2“	

2) Eftirfarandi færsla falli brott úr 2. viðbæti:

„bik, úr háhitakoltjöru; (Leif úr eimingu háhitakoltjöru. Svart, fast efni með mýkingarmark u.þ.b. á bilinu 30 til 180 °C (86 til 356 °F). Að mestu úr flókinni blöndu arómatískra vetniskolefna með þremur eða fleiri samrunnum hringum.)	648-055-00-5	266-028-2	65996-93-2“	

3) Í 4. viðbæti er eftirfarandi færsla felld inn í töfluna í samræmi við niðurröðun á öðrum færslum sem þar eru settar fram:

„bik, úr háhitakoltjöru; (Leif úr eimingu háhitakoltjöru. Svart, fast efni með mýkingarmark u.þ.b. á bilinu 30 til 180 °C (86 til 356 °F). Að mestu úr flókinni blöndu arómatískra vetniskolefna með þremur eða fleiri samrunnum hringum.)	648-055-00-5	266-028-2	65996-93-2“	

4) Í 6. viðbæti er eftirfarandi færsla felld inn í töfluna í samræmi við niðurröðun á öðrum færslum sem þar eru settar fram:

„bik, úr háhitakoltjöru; (Leif úr eimingu háhitakoltjöru. Svart, fast efni með mýkingarmark u.þ.b. á bilinu 30 til 180 °C (86 til 356 °F). Að mestu úr flókinni blöndu arómatískra vetniskolefna með þremur eða fleiri samrunnum hringum.)	648-055-00-5	266-028-2	65996-93-2“	

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/628 **2015/EES/55/32**

frá 22. apríl 2015

um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi blýi og efnasamböndum þess) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB ([1]), einkum 1. mgr. 68. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 21. desember 2012 lagði Svíþjóð málsskjöl fyrir Efnastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Efnastofnunin) skv. 4. mgr. 69. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 (hér á eftir nefnd málsskjöl skv. XV. viðauka) þar sem sýnt var fram á að vegna þeirrar hegðunar barna að setja hluti upp í sig, sérstaklega barna yngri en 36 mánaða, gætu þau orðið fyrir endurteknum váhrifum af blýi sem losnar úr hlutum fyrir neytendur sem innihalda blý eða blýsambönd. Blý og blýsambönd eru fyrir hendi í hlutum fyrir neytendur sem blýmálmur sem bætt hefur verið við af ásetningi, sem óhreinindi eða aukefni í málmblöndum (einkum í messing), sem fastlitarefni og sem bindiefni í fjölliðum (einkum í pólývínýlklóríði).

2) Endurtekin váhrif af völdum blýs vegna þess að hlutir sem innihalda blý eða efnasambönd þess eru settir í munn geta haft í för með sér alvarleg og varanleg taugaatferlisleg og taugaþroskunarfræðileg áhrif en börn eru sérlega næm fyrir þeim þar eð miðtaugakerfi þeirra er enn að þroskast. Því ætti setning á markað og notkun á blýi og efnasamböndum þess í hluti, sem eru seldir almenningi og sem börn geta sett upp í sig, að vera bönnuð ef styrkur blýs (gefið upp sem málmur) í hlutnum eða hluta hans fer yfir tiltekin viðmiðunarmörk.

3) Hinn 10. desember 2013 samþykkti nefndin um áhættumat álit sitt þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að takmörkun sé besta ráðstöfunin á vettvangi Sambandsins til að takast á við greinda áhættu sem stafar af blýi og efnasamböndum þess, sem eru fyrir hendi í hlutum sem ætlaðir eru til notkunar fyrir neytendur, með hliðsjón af árangri við að draga úr slíkri áhættu, og lagði til tilteknar breytingar á gildissviði takmörkunarinnar.

4) Hinn 13. mars 2014 samþykkti nefndin um félagshagfræðilega greiningu álit sitt þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að takmörkunin, sem framleggjandi málsskjalanna lagði til, eins og nefndin um áhættumat breytti henni og einnig nefndin um félagshagfræðilega greiningu, væri besta ráðstöfunin á vettvangi Sambandsins til að takast á við greinda áhættu, einkum með tilliti til meðalhófs. Þessi niðurstaða fékkst eftir greiningu á fyrirliggjandi félagslegum og hagrænum vísbendingum og á grundvelli besta, fáanlega mats á óvissustuðlum, með tilliti til þess að engin viðmiðunarmörk eru til fyrir taugaatferlisleg og taugaþroskunarfræðileg áhrif af blýi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 104, 23.4.2015, bls. 2. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 181/2015 frá 10. júlí 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

5) Haft var samráð við gagnaskiptatorg Efnastofnunarinnar vegna framkvæmdar meðan á takmörkunarferlinu stóð og tekið var tillit til álits þess sem stuðlaði að breyttri lýsingu á gildissviðinu og undanþágum frá tillagðri takmörkun.

6) Draga verður þá ályktun að óviðunandi áhætta fyrir heilbrigði manna skapist af völdum blýs og efnasambanda þess í hlutum, sem eru seldir almenningi, þar sem farið er yfir viðmiðunarmörk fyrir innihald eða, að öðrum kosti, yfir viðmiðunarmörk fyrir flæðimörk eins og tilgreint er í álitunum. Fjallað verður um þessar áhættur á vettvangi Sambandsins.

7) Á grundvelli fastsettra afleiddra lágmarksmarka fyrir blý, þeirrar hegðunar barna að setja hluti upp í sig og rannsókna um blýflæði úr málmhlutum skartgripa ætti að fastsetja innihaldsmörk fyrir blý sem gilda um hluta af hlutum, hvort sem þeir eru úr málmi eða ekki, nema hægt sé að sýna fram á að blýmagn sem losnar fari ekki yfir tiltekin viðmiðunarmörk. Að því er varðar húðaða hluti ætti húðunin að nægja til að tryggja að ekki sé farið yfir þetta magn á a.m.k. tveggja ára tímabili við eðlilega notkun hlutarins.

8) Veita ætti undanþágur frá þessari reglugerð fyrir tiltekna hluti þar sem búist er við að flæðimagn sé lítið, s.s. kristalgler, smeltlökk, eðalsteina og hálfeðalsteina, eða viðunandi, að því tilskildu að ekki sé farið yfir tiltekin viðmiðunarmörk fyrir innihald, sem getur átt við um messingblöndur, og fyrir tilgreinda hluti sem eru það litlir að váhrif af völdum blýs eru í lágmarki, þ.e. oddar á skriffærum.

9) Börn geta hugsanlega sett lykla, lása, hengilása og hljóðfæri upp í sig og því geta þessir hlutir skapað áhættu fyrir börn ef þeir innihalda blý. Þessir hlutir ættu þó að njóta sérstakrar undanþágu þar eð svo virðist sem skortur sé á heppilegu staðgönguefni fyrir blý við framleiðslu á þessum hlutum og vegna þess að hugsanleg félagsleg og hagræn áhrif af því að beita takmörkun um þá gætu verið umtalsverð. Að sama skapi hafa áhrifin af því að beita takmörkuninni á trúarlega hluti og tilteknar rafhlöður ekki verið metin að fullu og því er rétt að veita þeim sérstaka undanþágu frá þessu gildissviði þar til hægt er að framkvæma nákvæmt mat. Af þeim sökum ætti að endurskoða nýju málsgreinarnar í þessari færslu eftir hæfilega langan tíma eftir að þær koma til framkvæmda sem og kröfurnar um heilleika húðunar.

10) Til að tryggja samræmi ættu hlutir sem falla þegar undir sértæka löggjöf Sambandsins, þar sem settar eru reglur um blýinnihald eða flæði, að vera undanþegnir.

11) Þróa ætti leiðbeiningar varðandi hluti, sem falla undir gildissvið þessarar takmörkunar og utan þess, til að aðstoða rekstraraðila og eftirlitsyfirvöld við framkvæmd hennar.

12) Rekstraraðilar ættu að fá umbreytingartímabil til að laga framleiðslu sína að takmörkuninni, sem mælt er fyrir um með þessari reglugerð, og til að ráðstafa birgðum sínum sem enn hafa ekki verið settar á markað. Enn fremur ætti takmörkunin ekki að gilda um notaða hluti, sem voru settir á markað í fyrsta sinn fyrir lok umbreytingartímabilsins, þar eð slíkt myndi hafa í för með sér mikla erfiðleika í framfylgd.

13) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1907/2006 til samræmis við það.

14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. apríl 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

Jean-Claude JUNCKER

VIÐAUKI

Í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er 2. dálki 63. færslu breytt sem hér segir:

1) Í stað 6. liðar komi eftirfarandi:

	‚6. Framkvæmdastjórnin skal endurmeta 1. – 5. lið í þessari færslu fyrir 9. október 2017 í ljósi nýrra vísindaupplýsinga, þ.m.t. um framboð á valkostum og um blýflæði úr hlutunum sem um getur í 1. lið og, ef við á, breyta þessari færslu til samræmis við það.‘

2) Eftirfarandi liðir bætist við:

	‚7. Skal ekki sett á markað eða notað í hluti sem eru seldir almenningi ef styrkur blýs (gefið upp sem málmur) í þessum hlutum eða aðgengilegum hlutum þeirra er 0,05% eða meiri miðað við þyngd og ef hugsanlegt er, við eðlileg eða sæmilega fyrirsjáanleg notkunarskilyrði, að börn setji þessa hluti eða aðgengilegu hluta þeirra upp í sig. Þessi mörk gilda ekki ef hægt er að sýna fram á að blýmagnið sem losnar úr slíkum hlut eða úr einhverjum aðgengilegum hluta hans, hvort sem hann er húðaður eða ekki, sé ekki yfir 0,05 µg/cm^2 á klukkustund (jafngildir 0,05 µg/g/klst) og, að því er varðar húðaða hluti, að húðunin nægi til að tryggja að ekki sé farið yfir þetta losunarmagn á a.m.k. tveggja ára tímabili við eðlilega eða sæmilega fyrirsjáanlega notkun hlutarins. Að því er varðar þennan lið er litið svo á að börn geti sett hlut eða aðgengilegan hluta hans upp í sig ef hann er minni en 5 cm að ummáli eða ef á honum er hluti af þeirri stærð sem hægt er að losa og taka af eða sem er framstæður. 8. Ákvæði 7. liðar gilda þó ekki um: a. skartgripahluta sem falla undir 1. lið, b. kristalgler eins og það er skilgreint í I. viðauka (1., 2., 3. og 4. flokkur) við tilskipun 69/493/EBE, c. eðalsteina eða hálfeðalsteina, sem eru ekki búnir til eða sem eru endurgerðir (SN-númer 7103, eins og ákvarðað var með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87), nema þeir hafi verið meðhöndlaðir með blýi eða samböndum þess eða blöndum sem innihalda þessi efni, d. smeltlakk, skilgreint sem bræðsluhæfar blöndur sem verða til við samruna, glerjun eða glæðingu jarðefna sem eru brædd við hitastig sem er a.m.k. 500 °C. e. lykla og lása, þ.m.t. hengilása, f. hljóðfæri, g. hluti og hluta af hlutum, sem innihalda messingblöndur, ef styrkur blýsins (gefið upp sem málmur) í messingblöndunni fer ekki yfir 0,5% miðað við þyngd, h. odda skriffæra, i. trúarlega muni, j. færanlegar sinkkolefnisrafhlöður og hnapparafhlöður, k. hluti sem falla innan gildissviðs: i) tilskipunar 94/62/EB, ii) reglugerðar (EB) nr. 1935/2004, iii) tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB (*), iv) tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB (**) 9. Framkvæmdastjórnin skal endurmeta 7. lið og e-, f-, i- og j- lið 8. liðar í þessari færslu fyrir 1. júlí 2019 í ljósi nýrra vísinda-upplýsinga, þ.m.t. um framboð á valkostum og um blýflæði úr hlutunum sem um getur í 7. lið, þ.m.t. kröfurnar um heilleika húðunar, og, ef við á, breyta þessari færslu til samræmis við það. 10. Ákvæði 7. liðar gilda þó ekki um hluti sem eru settir á markað í fyrsta sinn fyrir 1. júní 2016. (*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB frá 18. júní 2009 um öryggi leikfanga (Stjtíð. ESB L 170, 30.6.2009, bls. 1). (**) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði (Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88).‘

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/326 **2015/EES/55/33**

frá 2. mars 2015

um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi fjölhringa, arómatískum vetniskolefnum og þalötum) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2009 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB ([1]), einkum 131. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Þær takmarkanir sem mælt var fyrir um í tilskipun ráðsins 76/769/EBE ([2]) eru nú í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006.

2) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/69/EB ([3]) var lagt bann við setningu á markað og notkun á mýkingarolíum til framleiðslu hjólbarða eða hluta hjólbarða ef þær innihalda meira en 1 mg/kg af bensó(a)pýreni eða meira en 10 mg/kg af summu átta skráðra fjölhringa, arómatískra vetniskolefna. Eins og sakir standa er mælt fyrir um þessa takmörkun í 1. lið í 2. dálki í færslu 50 í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006.

3) Þegar takmörkunin var samþykkt voru engar samræmdar prófunaraðferðir aðgengilegar til að ákvarða sértækan styrkleika þessara átta skráðu fjölhringa, arómatísku vetniskolefna í mýkingarolíum. Því er vísað til greiningaraðferðarinnar IP 346:1998 ([4]), sem notuð er í jarðolíuiðnaðinum til að ákvarða styrkleika fjölhringa, arómatískra efnasambanda, í þeirri takmörkun sem óbeinnar aðferðar til að ákvarða hvort viðmiðunarmörkin, sem tilgreind eru fyrir bensó[a]pýren og summu allra skráðra fjölhringa, arómatískra vetniskolefna, séu virt.

4) Greiningaraðferðin IP 346:1998 á ekki sérstaklega við hin átta skráðu fjölhringa, arómatísku vetniskolefni. Auk þess er almennt viðurkennt að gildissvið þessarar aðferðar er takmarkað við ónotaðar grunnsmurolíur sem eru án asfaltenþátta þar sem mest 5% efnisþáttanna er með suðumark undir 300 °C. Þessi aðferð getur verið óhentug fyrir sýni sem uppfylla ekki þessar kröfur.

5) Samkvæmt tilskipun 2005/69/EB veitti framkvæmdastjórnin Staðlasamtökum Evrópu umboð 3. júlí 2007 til að þróa sértækari aðferð.

6) Staðlasamtök Evrópu hafa samþykkt og birt nýju staðalaðferðina sem EN 16143:2013 (Petroleum products — Determination of content of Benzo(a)pyrene (BaP) and selected polycyclic aromatic hydrocarbons (PAH) in extender oils — Procedure using double LC cleaning and GC/MS analysis).

7) Framkvæmdastjórnin telur að þar sem í þessum nýja staðli er kveðið á um sértæka greiningaraðferð til að greina viðeigandi fjölhringa, arómatísk vetniskolefni í mýkingarolíum og ráðið er bót á annmörkum fyrri aðferðar sé rétt að skipta út vísuninni í aðferð IP 346:1988 fyrir nýja staðalinn EN 16143:2013 sem tilvísunaraðferð til að ákvarða hvort takmörkunin í 1. lið í 2. dálki í 50. færslu í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 sé virt að því er varðar mýkingarolíur.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 58, 3.3.2015, bls. 43. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 182/2015 frá 10. júlí 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 76/769/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á notkun og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna (Stjtíð. EB L 262, 27.9.1976, bls. 201).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/69/EB frá 16. nóvember 2005 um 27. breytingu á tilskipun ráðsins 76/769/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna, skaðlegra efna og efnablandna (fjölhringa, arómatískra vetniskolefna í mýkingarolíur og hjólbarða) (Stjtíð. ESB L 323, 9.12.2005, bls. 51).

([4]) IP 346:1998 — Determination of PCA in unused lubricating base oils and asphaltene free petroleum fractions — Dimethyl sulphoxide extraction refractive index method.

8) Óformlegt samráð aðildarríkjanna og fulltrúa viðkomandi samtaka hagsmunaaðila sýndi að varðandi mýkingarolíur þá væri almennt góð samsvörun milli niðurstaðnanna úr aðferð IP 346:1998 og gasgreiningaraðferða sem fylgja sömu meginreglum og hin nýja aðferð Staðlasamtaka Evrópu til að mæla stök krabbameinsvaldandi fjölhringa, arómatísk vetniskolefni. Rekstraraðilar hafa bent á að ekki sé búist við því að útskipti IP 346:1998 fyrir hina nýju aðferð Staðlasamtaka Evrópu muni hafa áhrif á hvernig mýkingarolíur uppfylla kröfurnar. Nýja greiningaraðferðin er þó talin vera flóknari og kostnaðarsamari í framkvæmd en IP 346:1998.

9) Veita ætti átján mánaða umbreytingartímabil þar sem nota má bæði gömlu og nýju greiningaraðferðina til að ákvarða hvort takmörkunin sé virt. Þetta umbreytingartímabil ætti að gera rannsóknarstofum kleift að koma á fót og öðlast nauðsynlega reynslu af því hvernig nýja greiningaraðferðin virkar. Það ætti einnig að auðvelda að ákvarða hvort takmarkanir séu virtar að því er varðar mýkingarolíur sem þegar hafa verið settar á markað fyrir gildistöku þessarar reglugerðar.

10) Framkvæmdastjórnin hefur lokið endurmati á ráðstöfununum í 51. færslu í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 varðandi efnin bis(2-etýlhexýl)þalat (DEHP), díbútýlþalat (DBP) og bensýlbútýlþalat (BBP), í samræmi við 3. lið þeirrar færslu. Þetta endurmat hófst 4. september 2009 að beiðni framkvæmdastjórnarinnar til Efnastofnunar Evrópu um að endurskoða nýjar fyrirliggjandi vísindaupplýsingar og að meta hvort vísbendingar væru fyrir hendi sem réttlættu endurskoðun á gildandi takmörkunum. Efnastofnun Evrópu benti á, þegar hún veitti framkvæmdastjórninni upplýsingarnar í mars 2010, að taka ætti til athugunar mat á viðkomandi skráningarskjölum efnareglnanna (REACH). Framkvæmdastjórnin bað því Efnastofnun Evrópu um að halda áfram samkvæmt þeirri tillögu. Í apríl 2011 hóf þó Konungsríkið Danmörk takmörkunarferlið að því er varðar tilvist þessara þalata í vörum til notkunar innanhúss og vörum, sem gætu komist í beina snertingu við húð eða slímhúð, þar sem m.a. var tekið tillit til skráningarskjalanna. Eins og tilkynnt var 9. ágúst 2014 ([5]), í lok takmörkunarferlisins, lagði framkvæmdastjórnin ekki fram tillögu að breytingu á XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006. Auk þess færði framkvæmdastjórnin, með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 143/2011 ([6]), þessi þalöt á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006. Af þessum sökum, skv. 2. mgr. 69. gr. þeirrar reglugerðar, ber Efnastofnun Evrópu, eftir lokadaginn, skylda til að taka til athugunar hvort notkun þessara þalata í vörur skapi áhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið sem er ekki haldið nægilega vel í skefjum. Því var ekki talið að þörf væri á frekari endurskoðun á ráðstöfununum fyrir þessar takmarkanir á þalötunum og því er rétt að fella þann lið brott úr þeirri færslu.

11) Framkvæmdastjórnin lauk í janúar 2014 endurmati á ráðstöfununum í 52. færslu í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 varðandi efnin díísónónýlþalat (DINP), díísódekýlþalat (DIDP) og dí-n-oktýlþalat (DNOP), í samræmi við 3. lið þeirrar færslu. Þetta endurmat hófst 4. september 2009 að beiðni framkvæmdastjórnarinnar til Efnastofnunar Evrópu um að endurskoða nýjar fyrirliggjandi vísindaupplýsingar og að meta hvort vísbendingar væru fyrir hendi sem réttlættu endurskoðun á gildandi takmörkunum. Síðar bættust upplýsingarnar úr skráningarskjölunum, sem bárust fyrir skráningarfrestinn árið 2010, við fyrirliggjandi upplýsingar. Efnastofnun Evrópu lagði þá fram drög að endurskoðunarskýrslu sinni fyrir nefndina um áhættumat til að fá ítarlegt mat. Nefndin um áhættumat samþykkti álit sitt í mars 2013 og lokaendurskoðunarskýrsla Efnastofnunar Evrópu var send framkvæmdastjórninni í ágúst 2013. Á grundvelli skýrslu Efnastofnunar Evrópu ákvað framkvæmdastjórnin að leggja ekki fram tillögu að breytingu á ákvæðunum í 52. færslu í XVII. viðauka og telja endurmatinu, í samræmi við 3. lið þeirrar færslu, lokið. Niðurstöður framkvæmdastjórnarinnar um endurmatið hafa verið gerðar aðgengilegar öllum ([7]). Því er rétt að fella 3. lið brott úr þeirri færslu.

12) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1907/2006 til samræmis við það.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

([5]) Stjtíð. ESB C 260, 9.8.2014, bls. 1.

([6]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 143/2011 frá 17. febrúar 2011 um breytingu á XIV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (Stjtíð. ESB L 44, 18.2.2011, bls. 2).

([7]) http://ec.europa.eu/enterprise/sectors/chemicals/files/reach/entry-52_en.pdf

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. mars 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt sem hér segir:

1) Í stað annars undirliðar 1. liðar 2. dálks 50. færslu komi eftirfarandi undirliðir:

	‚Nota skal staðallinn EN 16143:2013 (JPetroleum products — Determination of content of Benzo(a) pyrene (BaP) and selected polycyclic aromatic hydrocarbons (PAH) in extender oils — Procedure using double LC cleaning and GC/MS analysis) sem prófunaraðferð til að sýna fram á samræmi við þau viðmiðunarmörk sem um getur í fyrsta undirlið. Fram til 23. september 2016 teljast þessi viðmiðunarmörk, sem um getur í fyrsta undirlið, virt ef útdráttur fjölhringa, arómatískra efna er minni en 3% miðað við þyngd, mælt með aðferðinni í IP 346:1998, staðli Jarðolíustofnunarinnar (e. *Institute of Petroleum*) (Determination of PCA in unused lubricating base oils and asphaltene free petroleum fractions — Dimethyl sulphoxide extraction refractive index method), að því tilskildu að framleiðendur eða innflytjendur mæli það á sex mánaða fresti eða í kjölfar hverrar meiri háttar breytingar á rekstri, eftir því hvort ber fyrr að, að virt séu viðmiðunarmörk fyrir bensó[a]pýren og fyrir skráð fjölhringa, arómatísk vetniskolefni, svo og að samsvörun sé milli allra mældra gilda og útdráttarins úr fjölhringa, arómatískum vetniskolefnum.‘

2) Í 2. dálki 51. færslu falli 3. liður brott.

3) Í 2. dálki 52. færslu falli 3. liður brott.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/140 **2015/EES/55/34**

frá 29. janúar 2015

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 að því er varðar starfsfrið í stjórnklefa og leiðréttingu þeirrar reglugerðar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB ([1]), einkum 5. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Flugrekendur og starfsfólk, sem tekur þátt í starfrækslu tiltekinna loftfara, verða að uppfylla viðeigandi grunnkröfur sem settar eru fram í 8. lið b í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008.

2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 ([2]) eru sett skilyrði um örugga starfrækslu loftfara.

3) Til að bregðast við þeirri áhættu sem tengist hugsanlegum mistökum, sem geta átt sér stað ef flugliðar verða fyrir ónæði eða truflun á tilteknum stigum flugsins, ætti að krefjast þess að flugrekendur tryggi að flugverjar þurfi ekki að sinna neinum öðrum störfum á varasömustu stigum flugsins en þeim sem nauðsynleg eru til að tryggja örugga starfrækslu loftfarsins.

4) Í reglugerð (ESB) nr. 965/2012 eru sett takmörk fyrir því hversu margir mega vera um borð meðan á sérstakri starfrækslu stendur. Ástæður er varða öryggissjónarmið réttlæta þó ekki þessa takmörkun. Því ætti að breyta 7. mgr. 5. gr.

5) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 71/2014 ([3]) var 9. gr. a bætt við reglugerð (ESB) nr. 965/2012. Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 83/2014 ([4]) var annarri 9. gr. a bætt við sem hefði í raun átt að vera 9. gr. b. Til glöggvunar og sökum réttarvissu ætti því að skipta út 9. gr. a, eins og henni var bætt við með reglugerð (ESB) nr. 83/2014, og merkja hana með réttum hætti.

6) Með skírskotun til réttarvissu og til að tryggja samræmda notkun hugtaka í reglugerð (EB) nr. 216/2008 er nauðsynlegt að leiðrétta á tilteknum tungumálum tiltekin hugtök sem notuð eru í reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

7) Því ber að breyta og leiðrétta reglugerð (ESB) nr. 965/2012 til samræmis við það.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á áliti Flugöryggisstofnunar Evrópu ([5]) í samræmi við b-lið 2. mgr. 17. gr. og 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 24, 30.1.2015, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 189/2015 frá 10. júlí 2015 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 71/2014 frá 27. janúar 2014 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð ESB L 23, 28.1.2014, bls. 27).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 83/2014 frá 29. janúar 2014 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð ESB L 28, 31.1.2014, bls. 17).

([5]) Álit Flugöryggisstofnunar Evrópu nr. 05/2013 frá 10. júní 2013 varðandi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar þar sem ákvarðaðar eru framkvæmdarreglur um verklag í tengslum við starfsfrið í stjórnklefa.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 965/2012 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 5. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Flugrekendur sem annast starfrækslu flugvéla og þyrlna, annarra en flókinna, vélknúinna flugvéla og þyrlna, sem og loftbelgja og svifflugna, sem er ekki í ábataskyni, þ.m.t. sérstaka starfrækslu sem er ekki í ábataskyni, skulu starfrækja loftfarið í samræmi við ákvæðin sem tilgreind eru í VII. viðauka.“

b) Eftirfarandi komi í stað b-liðar 5. mgr.:

„b) aðrar flugvélar og þyrlur, sem og loftbelgi og svifflugur í samræmi við ákvæðin sem tilgreind eru í VII. viðauka.“

c) Í stað annars málsliðar 7. mgr. komi eftirfarandi:

„Að flugverjum undanskildum mega aðeins vera um borð þeir einstaklingar sem eru ómissandi fyrir ferðina.“

2) Ákvæðum 6. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrsta málsliðar 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Þrátt fyrir 1. mgr. 5. gr. skal starfrækja loftförin, sem um getur í 5. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, ef um er að ræða flugvélar, samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru fram í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2009) 7633 frá 14. október 2009 þegar þau eru notuð við flutningaflug.“

b) Í stað inngangsorðanna í 4. mgr. a komi eftirfarandi:

„4a. Þrátt fyrir 1. og 6. mgr. 5. gr. má eftirfarandi starfræksla flugvéla og þyrlna, annarra en flókinna, vélknúinna flugvéla og þyrlna, loftbelgja og svifflugna, fara fram í samræmi við VII. viðauka:“.

3) Í stað 9. gr. a, eins og henni var bætt við með reglugerð (ESB) nr. 83/2014, komi eftirfarandi:

„9. gr. b

Endurskoðun

Flugöryggisstofnunin skal stöðugt endurskoða skilvirkni ákvæðanna um fartíma- og vinnutímamörk og reglur um hvíldartíma sem tilgreind eru í II. og III. viðauka. Eigi síðar en 18. febrúar 2019 skal Flugöryggisstofnunin leggja fram fyrstu skýrsluna um niðurstöðurnar úr þessari endurskoðun.

Við endurskoðunina skal nýta vísindalega sérþekkingu, sem byggist á rekstrargögnum sem aflað hefur verið með aðstoð aðildarríkjanna, yfir langan tíma, eftir þann dag sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda.

Við endurskoðunina skal meta hvaða áhrif a.m.k. eftirfarandi þættir hafa á árvekni flugáhafnar:

a) vaktir, sem vara lengur en 13 klukkustundir, á heppilegasta tíma dags,

b) vaktir, sem vara lengur en 10 klukkustundir, á óheppilegum tíma dags,

c) vaktir, sem vara lengur en 11 klukkustundir, hjá þeim flugverjum þar sem ekki er vitað um ástand aðlögunar,

d) vaktir sem samanstanda af mörgum flugleggjum (fleiri en sex),

e) útkallsvaktir, t.d. bakvaktir eða varavaktir, þar sem næst á eftir koma flugvaktir, og

f) vinnuáætlanir sem valda röskun á mögulegri hvíld (e. *disruptive schedules*).“

4) Ákvæðum I., III., IV., VI. og VIII. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 965/2012 er leiðrétt sem hér segir:

1) Í stað 7. mgr. 6. gr. komi eftirfarandi:

„7. Þrátt fyrir ákvæði SPA.PBN.100 „Starfræksla sem byggist á hæfisbundinni leiðsögu“ í V. viðauka skal starfræksla flugvéla, annarra en flókinna, vélknúinna flugvéla, sem er ekki í ábataskyni, í tilgreindu loftrými, á flugleið eða í samræmi við verklag þar sem settar eru forskriftir um hæfisbundna leiðsögu, áfram fara fram samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru fram í lögum aðildarríkjanna uns tilheyrandi framkvæmdarreglur hafa verið samþykktar og þær hafa tekið gildi.“

2) Ákvæði II., III., IV., VII. og VIII. viðauka eru leiðrétt eins og fram kemur í II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Þó skal 3. mgr. 1. gr. gilda frá og með 18. febrúar 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. janúar 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I., III., IV., VI. og VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi 109. liður a bætist við í I. viðauka:

„109a) „starfsfriður í stjórnklefa“ (e. *sterile flight crew compartment*): hvert það tímabil sem hvorki má ónáða né trufla flugliða nema þegar yfirvofandi hætta steðjar að öruggri starfrækslu loftfarsins eða öryggi þeirra sem eru um borð,“.

2) Í III. viðauka (ORO-HLUTA) eru gerðar eftirfarandi breytingar:

a) Í stað f-liðar í ORO.GEN.110 komi eftirfarandi:

„f) Flugrekandi skal setja verklagsreglur og gefa út fyrirmæli um örugga starfrækslu fyrir hverja tegund loftfars fyrir sig þar sem tilgreind eru skyldu- og ábyrgðarstörf starfsfólks á jörðu niðri og flugverja við hvers konar starfrækslu á jörðu niðri og á flugi. Í þessum verklagsreglum og fyrirmælum skal ekki gerð krafa um að flugverjar sinni öðrum störfum á varasömustu stigum flugsins en þeim er lúta að öruggri starfrækslu loftfarsins. Einnig skulu settar verklagsreglur og fyrirmæli um starfsfrið í stjórnklefa.“

b) Í stað a-liðar í ORO.MLR.105 komi eftirfarandi:

„a) Eins og tilgreint er í lið 8.a.3 í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008 skal listi yfir lágmarksbúnað (MEL) settur saman og skal hann byggjast á viðeigandi grunnlista yfir lágmarksbúnað (MMEL), eins og skilgreint er í gögnunum sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) nr. 748/2012. Ef grunnlisti yfir lágmarksbúnað (MMEL) hefur ekki verið ákvarðaður sem hluti af gögnum um örugga starfrækslu má byggja listann yfir lágmarksbúnað (MEL) á viðeigandi grunnlista yfir lágmarksbúnað, sem ríki flugrekanda eða skráningarríki hefur samþykkt, eftir því sem við á.“

3) Eftirfarandi liður bætist við í IV. viðauka (CAT-HLUTA):

„CAT.GEN.MPA.124 Akstur loftfara

Flugrekandi skal ákvarða verklag um loftför til að tryggja örugga starfrækslu og efla öryggi á flugbrautum.“

4) Eftirfarandi liður bætist við í VI. viðauka (NCC-HLUTA):

„NCC.GEN.119 Akstur loftfara

Flugrekandi skal ákvarða verklag um akstur loftfara til að tryggja örugga starfrækslu og efla öryggi á flugbrautum.“

5) Eftirfarandi liður bætist við í VIII. viðauka (SPO-HLUTA):

„SPO.GEN.119 Akstur loftfara

Flugrekandi skal ákvarða verklag um akstur loftfara til að tryggja örugga starfrækslu og efla öryggi á flugbrautum.“

———

II. VIÐAUKI

Ákvæði I., III., IV., VII. og VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 eru leiðrétt sem hér segir:

1) Í II. viðauka eru gerðar eftirfarandi breytingar:

a) Í stað 8. liðar a-liðar í ARO.GEN.220 komi eftirfarandi:

„8) eftirlit með starfrækslu loftfara, annarra en flókinna, vélknúinna loftfara, sem flugrekendur, í starfrækslu sem er ekki í ábataskyni, annast,“.

b) Í stað 3. liðar a-liðar í ARO.GEN.300 komi eftirfarandi:

„3) að flugrekendur, sem annast starfrækslu loftfara, annarra en flókinna, vélknúinna loftfara, sem er ekki í ábataskyni, fari áfram að viðeigandi kröfum og“.

2) Í III. viðauka eru gerðar eftirfarandi breytingar:

a) Í stað ii. liðar k-liðar í ORO.GEN.110 komi eftirfarandi:

„ii. þyrlum, öðrum en flóknum, vélknúnum þyrlum, með einum hreyfli, með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fimm eða færri,“.

b) Eftirfarandi komi í stað 2. liðar b-liðar í ORO.FC.005:

„2) starfrækslu flutningaflugs með farþega, sem fer fram við sjónflugsskilyrði að degi til, sem hefst og lýkur á sama flugvelli eða starfrækslusvæði og innan staðbundins svæðis, sem lögbært yfirvald tilgreinir, að því er varðar:

– eins hreyfils flugvél, sem er knúin skrúfuhreyflum, með 5 700 kg skráðan hámarksflugtaksmassa eða minna og hámarksfjölda farþega í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fimm eða

– þyrlur, aðrar en flóknar, vélknúnar þyrlur með einum hreyfli, með hámarksfjölda farþega í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fimm.“

c) Eftirfarandi komi í stað 2. liðar d-liðar í ORO.FC.105:

„2) starfrækslu flutningaflugs með farþega, sem fer fram við sjónflugsskilyrði að degi til, sem hefst og lýkur á sama flugvelli eða starfrækslusvæði eða innan staðbundins svæðis, sem lögbært yfirvald tilgreinir, að því er varðar þyrlur, aðrar en flóknar, vélknúnar þyrlur með einum hreyfli, með hámarksfjölda farþega í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fimm.“

d) Eftirfarandi komi í stað 4. liðar b-liðar í ORO.FC.230:

„4) Flugliði, sem tekur þátt í starfrækslu þyrlna, annarra en flókinna, vélknúinna þyrlna, að degi til og á flugleiðum þar sem flogið er með hliðsjón af kennileitum, má ljúka hæfniprófi flugrekanda á aðeins eina af þeim viðeigandi tegundum sem hann hefur réttindi á. Hæfnipróf flugrekanda skal ávallt fara fram á þá tegund sem lengst er síðan hæfniprófið var tekið á. Viðeigandi tegundir þyrlna, sem heimilt er að flokka að því er varðar hæfnipróf flugrekanda, skulu koma fram í rekstrarhandbókinni.“

e) Eftirfarandi komi í stað 5. liðar b-liðar í ORO.FC.230:

„5) Þrátt fyrir 2. lið a-liðar í ORO.FC.145 hefur flugstjóri með tilskilin starfsréttindi, sem tilnefndur er af flugrekanda og hefur hlotið þjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu og mati á hæfni í stjórnun áhafnarsamvinnu, heimild til að framkvæma mat á hæfni vegna starfrækslu þyrlna, annarra en flókinna, vélknúinna þyrlna, að degi til og á flugleiðum þar sem flogið er með hliðsjón af kennileitum, sem og flugvéla í afkastagetuflokki B. Flugrekandinn skal tilkynna lögbæru yfirvaldi um þá einstaklinga sem voru tilnefndir.“

3) Í IV. viðauka eru gerðar eftirfarandi breytingar:

a) Í stað inngangsorða b-liðar í CAT.GEN.MPA.180 komi eftirfarandi:

„b) þrátt fyrir a-lið er heimilt að geyma eftirfarandi skjöl og upplýsingar á flugvelli eða starfrækslusvæði, ef um er að ræða flug samkvæmt sjónflugsreglum að degi til, þar sem loftför, önnur en flókin, vélknúin loftför, taka á loft og lenda á sama flugvelli eða starfrækslusvæði innan 24 klukkustunda eða halda kyrru fyrir innan staðbundins svæðis sem tilgreint er í rekstrarhandbók:“.

b) Eftirfarandi komi í stað 1. liðar b-liðar í CAT.OP.MPA.100:

„1) sjónflug að degi til, að því er varðar flugvélar, aðrar en flóknar, vélknúnar flugvélar,“.

c) Eftirfarandi komi í stað 1. liðar b-liðar í CAT.OP.MPA.105:

„1) flugvélar, aðrar en flóknar, vélknúnar flugvélar, og“.

d) Í stað a-liðar í CAT.OP.MPA.130 komi eftirfarandi:

„a) Nema um sé að ræða sjónflug flugvéla, annarra en flókinna, vélknúinna flugvéla, skal flugrekandi setja viðeigandi verklagsreglur um brottfarir og komu- eða aðflug fyrir sérhverja tegund flugvélar, með tilliti til þeirrar þarfar að lágmarka áhrif hávaða frá loftförum.“

e) Eftirfarandi komi í stað c-liðar í CAT.OP.MPA.135:

„c) Ákvæði 1. liðar a-liðar gildir einungis um sjónflug að degi þegar loftförum, öðrum en flóknum, vélknúnum loftförum, er flogið frá og til sama flugvallar eða starfrækslusvæðis.“

f) Eftirfarandi komi í stað 1. liðar c-liðar í CAT.OP.MPA.175:

„1) að því er varðar flugvélar, aðrar en flóknar, vélknúnar flugvélar, sem taka á loft og lenda á sama flugvelli eða starfrækslusvæði eða,“.

4) Í VII. viðauka eru gerðar eftirfarandi breytingar:

a) Í stað titilsins komi eftirfarandi:

„STARFRÆKSLA LOFTFARA, ANNARRA EN FLÓKINNA, VÉLKNÚINNA LOFTFARA, SEM ER EKKI Í ÁBATASKYNI“.

b) Í stað NCO.SPEC.100 komi eftirfarandi:

„NCO.SPEC.100 Gildissvið

Í þessum kafla eru settar sértækar kröfur, sem flugstjóra ber að fylgja þegar hann annast sérstaka starfrækslu með loftför, önnur en flókin, vélknúin loftför, sem er ekki í ábataskyni.“

5) Í VIII. viðauka eru gerðar eftirfarandi breytingar:

a) Eftirfarandi komi í stað b-liðar í SPO.GEN.005:

„b) Þrátt fyrir a-lið skal sérstök starfræksla loftfara, annarra en flókinna, vélknúinna loftfara, sem er ekki í ábataskyni, uppfylla ákvæði VII. viðauka (NCO-hluta).“

b) Í stað inngangsorða c-liðar í SPO.GEN.005 komi eftirfarandi:

„c) Þrátt fyrir a-lið má eftirfarandi starfræksla loftfara, annarra en flókinna, vélknúinna loftfara, fara fram í samræmi við ákvæði VII. viðauka (NCO-hluta):“.

c) Eftirfarandi komi í stað c-liðar í SPO.IDE.A.160:

„c) að því er varðar flugvélar, aðrar en flóknar, vélknúnar flugvélar, sætisbelti með festibúnaði fyrir efri hluta bols á hverju sæti flugliða, sem hægt er að losa með einu átaki,“.

d) Í stað fyrirsagnar í SPO.IDE.H.195 komi eftirfarandi:

„Flug yfir hafi eða vatni — þyrlur, aðrar en flóknar, vélknúnar þyrlur“.

e) Í stað inngangsorða SPO.IDE.H.203 komi eftirfarandi:

„Flóknar, vélknúnar þyrlur, sem flogið er yfir hafi eða vatni í ótryggu umhverfi, í fjarlægð frá landi sem er meiri en sem svarar 10 mínútna flugi á eðlilegum farflugshraða, og þyrlur, aðrar en flóknar, vélknúnar þyrlur, sem fljúga yfir hafi eða vatni í ótryggu umhverfi sem er meira en 50 sjómílur frá landi, skulu:“.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 2015/310 **2015/EES/55/35**

frá 26. febrúar 2015

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 29/2009 um kröfur um gagnatengingaþjónustu fyrir samevrópska loftrýmið og um niðurfellingu framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 441/2014 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 frá 10. mars 2004 um rekstrarsamhæfi evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar (rekstrarsamhæfisreglugerðin) ([1]), einkum 1. og 5. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 29/2009 ([2]) er mælt fyrir um kröfur um samræmda innleiðingu gagnatengingaþjónustu á grunni beinna gagnafjarskipta milli loftfara og jarðstöðva.

2) Veitendur flugleiðsöguþjónustu og flugrekendur hafa tilkynnt um tæknileg vandamál við framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 29/2009, einkum aftengingar, svokölluð „vinnsluslit hjá þjónustuveitanda“ (e. *Provider Aborts*, PA), í núverandi gagnafjarskiptum milli loftfara og jarðstöðva, sem gera gagnatengingaþjónustu mögulega, en þessi vandamál hafa í för með sér að viðunandi frammistöðustig næst ekki. Af þeim sökum hafa tilteknir veitendur flugleiðsöguþjónustu þegar gert ráðstafanir sem fela í sér að takmarka gagnatengingaþjónustu við loftför, sem eru búin tilteknum rafeindabúnaði, með notkun svonefnds „hvíts lista“, til að ráða bót á hugsanlegum áhrifum vinnsluslita hjá þjónustuveitanda á flugöryggi við starfrækslu gagnatengingaþjónustu.

3) Að beiðni framkvæmdastjórnarinnar lét Flugöryggisstofnun Evrópu (EASA) fara fram rannsókn ([3]) í því skyni að tilgreina meginorsök eða meginorsakir þessara tæknilegu vandamála og til að leggja til ráðstafanir til að ráða bót á þeim. Rannsóknin leiddi í ljós að ekki væri unnt að rekja þessi tilviljunarkenndu vinnsluslit hjá þjónustuveitanda til einnar fyrirsjáanlegrar orsakar heldur fremur til samverkandi þátta sem tengjast umhverfi fjarskiptatíðni og núverandi framkvæmd grunnvirkis gagnatengingaþjónustunnar sem eins tíðnisviðs. Í ljós kom að þessi mikli fjöldi tilviljunarkenndra vinnsluslita hjá þjónustuveitanda dregur úr frammistöðu netsins sem gæti hugsanlega haft í för með sér áhættu fyrir flugöryggi með því að auka vinnuálag flugmanna og flugumferðarstjóra og skapa ringulreið sem leiðir til þess að næmi á aðstæður tapast.

(4) Í rannsóknarskýrslu sinni komst Flugöryggisstofnun Evrópu að þeirri niðurstöðu að einungis væri unnt að ná viðunandi frammistöðustigi gagnatenginga með því að útfæra grunnvirki með fjöltíðni sem á einnig að hámarka í því skyni að koma í veg fyrir truflanir á fjarskiptatíðni. Flugöryggisstofnun Evrópu mælti með því að koma á fót og hrinda í framkvæmd aðgerðaráætlun til að rannsaka frekar tilgreind tæknileg vandamál og til að fullgilda nauðsynlegar tæknilausnir. Þessar aðgerðir krefjast þó tíma og Flugöryggisstofnun Evrópu mælti því með að dagurinn þegar reglugerð (EB) nr. 29/2009 kemur til framkvæmda og frestirnir í þeirri reglugerð verði teknir til endurskoðunar. Flugöryggisstofnun Evrópu mælti einnig með því að æskilegt væri að framkvæmd aðgerðaráætlunarinnar yrði í höndum útfærslustjórnar eins og um getur í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 409/2013 ([4]).

5) Í því skyni að fjalla sérstaklega um málefni á sviði flugöryggis í tengslum við gagnatengingaþjónustu, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 29/2009, gaf Flugöryggisstofnun Evrópu þar að auki út, 23. maí 2014, EASA-flugöryggisupplýsingar nr. 2014-14 þar sem mælt er með því að flugrekendur hætti að notast við gagnasamskipti og noti í stað þeirra talsamskipti þegar þeir standa frammi fyrir mörgum vinnsluslitum hjá þjónustuveitanda.

6) Í samræmi við tilmæli Flugöryggisstofnunar Evrópu gaf framkvæmdastjórnin sameiginlega fyrirtækinu SESAR fyrirmæli um að semja drög að vinnuáætlun um frekari rannsóknir á tilgreindum vandamálum og um að hrinda í

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 56, 27.2.2015, bls. 30. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 190/2015 frá 10. júlí 2015 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 26.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 29/2009 frá 16. janúar 2009 um kröfur um gagnatengingaþjónustu fyrir samevrópska loftrýmið (Stjtíð. ESB L 13, 17.1.2009. bls. 3).

([3]) Skýrsla Flugöryggisstofnunar Evrópu, „Tæknileg vandamál við framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 29/2009“, útgáfa 1.1, 23.4.2014, tilvísun í skjal: 2014_03_24_E4_D_51431_REP_DLS_1.1.

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 409/2013 frá 3. maí 2013 um skilgreiningu sameiginlegra verkefna, um ákvörðun stjórnunarhátta og um tilgreiningu hvata sem styðja við framkvæmd evrópsku mynsturáætlunarinnar um rekstrarstjórnun flugumferðar (Stjtíð. ESB L 123, 4.5.2013, bls. 1).

framkvæmd sértækum aðgerðum sem Flugöryggisstofnun Evrópu mælti með. Vinnuáætlunin, eins og sameiginlega fyrirtækið SESAR lagði hana fram, felur í sér tvo rannsóknarfasa og nauðsynlegar aðgerðir til úrbóta, einkum í tengslum við vandamál varðandi grunnvirki gagnatenginga á jörðu niðri og niðurstöður og fullgildingu tæknilegra lausna í lofti. Búist er við að bráðabirgðaniðurstöður og aðgerðir til úrbóta liggi fyrir árið 2016 en frekari fullgilding getur tekið tvö ár til viðbótar.

7) Því ætti að fresta þeim degi þegar reglugerð (EB) nr. 29/2009 kemur til framkvæmda, einkum vegna tæknilegra vandamála og annmarka, sem komið hafa í ljós við framkvæmd á útfærslu grunnvirkis gagnatengingaþjónustu, sem þegar hefur leitt til samþykktar tiltekinna ráðstafana til að draga úr áhættu, ásamt mögulegum áhrifum þeirra á flugöryggi og að því gefnu að gert sé ráð fyrir að nauðsynlegum rannsóknum og aðgerðum í því skyni að tilgreina vandamálin og annmarkana og ráða bót á þeim verði lokið á árinu 2018.

8) Af sömu ástæðum og um getur í 7. forsendu og til að halda samræmi við kröfurnar, sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 29/2009, ætti að breyta tilteknum öðrum frestum sem kveðið er á um í þeirri reglugerð.

9) Til að veita og nota gagnatengingaþjónustu, sem byggist á kröfum um fullgilda getu gagnatengingaþjónustu á jörðu niðri, ætti að breyta dagsetningunum sem kröfurnar um útbúnað á jörðu niðri fyrir loftrýmið, sem skilgreint er í A- og B-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 29/2009, taka gildi til að tryggja að grunnvirki á jörðu niðri séu til staðar 24 mánuðum áður en kröfurnar, sem varða útbúnað í lofti, taka gildi. Aðildarríkjunum, sem bera ábyrgð á loftrýminu sem skilgreint er í B-hluta sama viðauka, hefur þó nú þegar verið veittur lengri frestur til að uppfylla kröfurnar um grunnvirki gagnatengingaþjónustu á jörðu niðri. Því er ekki lengur réttlætanlegt, að því er varðar gildistökudagsetningarnar, að gera greinarmun á loftrýmum sem skilgreind eru í A- og B-hluta þessa viðauka.

10) Þar að auki ætti að breyta dagsetningunni þar sem krafist er að flugrekendur hafi tryggt að loftför hafi getu til að nota gagnatengingaþjónustu í samræmi við II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 29/2009 þannig að hún samrýmist þeirri breyttu dagsetningu þegar sú reglugerð kemur til framkvæmda. Að því er varðar þessar kröfur um getu til að nota gagnatengingaþjónustu er enn fremur ekki lengur réttlætanlegt að gera greinarmun á loftförum á grundvelli dagsetningar einstakra lofthæfivottorða þeirra. Undanþágur tiltekinna gerða loftfara frá þessum kröfum, sem og sértækar reglur um ný ríkisloftför til flutninga, ættu þó að halda gildi sínu og breyta ætti viðkomandi dagsetningum til samræmis við það til að varðveita raunveruleg áhrif þessara reglna. Einungis ætti að viðhalda núverandi dagsetningum um undanþágur, sem tengjast loftförum með sérstök lofthæfivottorð, sem voru fyrst gefin út fyrir 1. janúar 2014 og eru búin gagnatengingabúnaði, sem er vottaður samkvæmt einu af viðeigandi skjölum Evrópusamtaka um búnað í almenningsflugi, a.m.k. fyrst um sinn, þar sem ekki eru fyrir hendi skýr og sannfærandi gögn sem rökstyðja breytingu þeirra.

11) Ráðstafanirnar, sem eru settar fram í þessari reglugerð, einkum breyting á dagsetningunni þegar reglugerð (EB) nr. 29/2009 kemur til framkvæmda, skulu hvorki hafa áhrif á fyrirliggjandi möguleika varðandi aðlögun á flugleiðsögugjöldunum, sem um getur í 16. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 391/2013 ([5]), né úthlutun afgreiðslutíma af hálfu flæðisstjórnunar flugumferðar (ATFM) í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 255/2010 ([6]), nema nauðsynlegt sé að ráða bót á vandamálum á sviði flugöryggis, sem gætu komið upp í þessu sambandi, til að taka tillit til þeirrar staðreyndar að tilteknir flugrekendur gætu nú þegar hafa útbúið eða munu, að eigin vali, útbúa loftför sín með getu til að nota gagnatengingaþjónustu, áður en kemur að hinni breyttu framkvæmdardagsetningu reglugerðarinnar, og að tilteknir veitendur flugumferðarþjónustu hafa nú þegar innleitt grunnvirki fyrir gagnatengingaþjónustu á jörðu niðri.

12) Samkvæmt framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 441/2014 ([7]) á að bæta loftrými Króatíu við loftrýmið sem reglugerð (EB) nr. 29/2009 gildir um. Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 441/2014 gildir þó aðeins frá og með 5. febrúar 2016. Með tilliti til breytingar á reglugerð (EB) nr. 29/2009, ætti því, fyrir skýrleika sakir, að fella úr gildi framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 441/2014 og fella breytingarnar, sem voru samþykktar í þeirri reglugerð, inn í þessa reglugerð.

13) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 29/2009 til samræmis við það.

14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um samevrópskt loftrými sem komið var á fót skv. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 ([8]).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 391/2013 frá 3. maí 2013 um sameiginlegt gjaldtökukerfi fyrir flugleiðsöguþjónustu (Stjtíð ESB L 128, 9.5.2013, bls. 31).

([6]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 255/2010 frá 25. mars 2010 um sameiginlegar reglur um flæðisstjórnun flugumferðar (Stjtíð. ESB L 80, 26.3.2010, bls. 10).

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 441/2014 frá 30. apríl 2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 29/2009 um kröfur um gagnatengingaþjónustu fyrir samevrópska loftrýmið (Stjtíð. ESB L 130, 1.5.2014, bls. 37).

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á samevrópsku loftrými (rammareglugerðin) (Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 29/2009 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi komi í stað 3. mgr. 1. gr.:

„3. Þessi reglugerð gildir um öll flug, sem starfrækt eru sem almenn flugumferð í samræmi við blindflugsreglur innan loftrýmisins fyrir ofan fluglag 285 (FL 285), sem skilgreint er í A- og B-hluta I. viðauka.“

2) Í stað 2., 3., 4. og 5. mgr. 3. gr. komi eftirfarandi:

„2. Með fyrirvara um 3. mgr. skulu flugrekendur tryggja að loftför, sem eru notuð við starfrækslu flugsins, sem um getur í 3. mgr. 1. gr., hafi getu til að nota gagnatengingaþjónustuna, sem skilgreind er í II. viðauka, frá og með 5. febrúar 2020.

3. Ákvæði 2. mgr. gilda ekki um:

a) loftför með sérstakt lofthæfivottorð, gefið út í fyrsta sinn fyrir 1. janúar 2014, sem útbúin eru með gagnatengingabúnaði, sem vottaður er með tilliti til krafnanna í einu af skjölum Evrópusamtaka um búnað í almenningsflugi, sem tilgreint er í 10. lið í III. viðauka,

b) loftför sem hafa sérstakt lofthæfivottorð, gefið út fyrir 31. desember 2003, og sem hætt verður að starfrækja í loftrýminu, sem um getur í 3. mgr. 1. gr., fyrir 31. desember 2022,

c) ríkisloftför,

d) loftför sem fljúga innan loftrýmisins, sem um getur í 3. mgr. 1. gr., vegna prófana, afhendingar, viðhalds eða hafa tímabundið óvirka kerfishluta gagnatengingarinnar, með skilyrðum, sem tilgreind eru í gildandi lista yfir lágmarksbúnað, sem krafist er í 1. lið í III. viðauka og reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar.

4. Aðildarríki sem ákveða að útbúa nýjar tegundir ríkisloftfara til flutninga, sem teknar verða í notkun eftir 1. janúar 2019, með getu til gagnatengingar, sem byggjast á stöðlum sem ekki tengjast eingöngu kröfum um hernaðaraðgerðir, skulu tryggja að þessi loftför hafi getu til að nota gagnatengingaþjónustuna sem skilgreind er í II. viðauka.“

3) Í annarri málsgrein 15. gr. komi „5. febrúar 2018“ í stað dagsetningarinnar „7. febrúar 2013“.

4) Í B-hluta I. viðauka bætist við eftirfarandi á eftir færslunni „— Warszawa FIR“: „— Zagreb FIR,“.

2. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 441/2014 er felld úr gildi.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. febrúar 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2012/18/ESB **2015/EES/55/36**

frá 4. júlí 2012

um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna og um breytingu og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 96/82/EB (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 192. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun ráðsins 96/82/EB frá 9. desember 1996 um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna([3]) er kveðið á um reglur um varnir gegn stórslysum sem orðið geta við tiltekna iðnaðarstarfsemi og um að draga úr afleiðingum þeirra fyrir heilbrigði manna og umhverfi.

2) Afleiðingar stórslysa eru iðulega alvarlegar, eins og slysin í Seveso, Bhopal, Schweizerhalle, Enschede, Toulouse og Buncefield eru til vitnis um. Áhrif þeirra geta auk þess náð út fyrir landamæri. Það undirstrikar þörfina á að tryggja að viðeigandi varúðarráðstafanir séu gerðar til að tryggja hátt verndarstig í gervöllu Sambandinu til handa borgurum, samfélögum og umhverfinu. Því er nauðsynlegt að tryggja að núverandi hátt verndarstig haldist að minnsta kosti óbreytt eða sé aukið.

3) Tilskipun 96/82/EB hefur gegnt mikilvægu hlutverki í að draga úr líkum á slíkum slysum og afleiðingum þeirra og þar með leitt til aukins verndarstigs um allt Sambandið Endurskoðun tilskipunarinnar hefur staðfest að tíðni stórslysa hefur haldist stöðug. Á heildina litið eru núverandi ákvæði viðunandi en þörf er á breytingum til að efla verndarstigið enn frekar, einkum með tilliti til stórslysavarna. Jafnframt skal laga kerfið, sem komið hefur verið á með tilskipun 96/82/EB, að breytingum á kerfi Sambandsins til flokkunar efna og blandna sem sú tilskipun vísar til. Auk þess skal skýra og uppfæra nokkur önnur ákvæði hennar.

4) Því er viðeigandi að skipta út tilskipun 96/82/EB til að tryggja að núverandi verndarstig haldist og sé aukið enn frekar með því að ákvæðin verði skilvirkari og árangursríkari og, ef mögulegt er, draga úr óþarfa stjórnsýslubyrði með hagræðingu eða einföldun, að því tilskildu að öryggi og umhverfisvernd og heilsuvernd manna sé ekki teflt í tvísýnu. Um leið skulu nýju ákvæðin að vera skýr, samræmd og auðskilin til að stuðla að bættri framkvæmd og framfylgd, jafnframt því að verndarstig fyrir heilbrigði manna og umhverfi haldist að minnsta kosti óbreytt eða aukist. Framkvæmdastjórnin skal vera í samstarfi við aðildarríkin um framkvæmd þessarar tilskipunar í reynd. Þetta samstarf skal m.a. taka til sjálfsflokkunar á efnum og efnablöndum. Eftir því sem við á skulu hagsmunaaðilar, s.s fulltrúar atvinnugreina, launafólk og frjáls félagasamtök sem vinna að eflingu heilsuverndar manna eða umhverfisverndar, taka þátt í framkvæmd þessarar tilskipunar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 197, 24.7.2012, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 193/2015 frá 10. júlí 2015 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 248, 25.8.2011, bls. 138.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 14. júní 2012 og ákvörðun ráðsins frá 26. júní 2012.

([3]) Stjtíð. EB L 10, 14.1.1997, bls.13.

5) Í samningi efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu um áhrif iðnaðarslysa yfir landamæri, sem samþykktur var af hálfu Sambandsins með ákvörðun ráðsins 98/685/EB frá 23. mars 1998 um gerð samningsins um áhrif iðnaðarslysa yfir landamæri([4]), er kveðið á um ráðstafanir að því er varðar forvarnarstarf, viðbúnað og viðbrögð við iðnaðarslysum sem kunna að valda áhrifum yfir landamæri og um alþjóðlega samvinnu á þessu sviði. Tilskipun 96/82/EB er til framkvæmdar samningnum innan laga Sambandsins.

6) Stórslys geta haft afleiðingar yfir landamæri og náttúruspjöll og útgjöld vegna slyss hvíla ekki eingöngu á starfsstöðinni, sem fyrir slysinu verður, heldur einnig á aðildarríkjunum sem eiga í hlut. Því er nauðsynlegt að koma á og beita ráðstöfunum til að auka öryggi og draga úr áhættu til að fyrirbyggja möguleg slys, draga úr hættu á slysum og lágmarka áhrif þeirra sem eiga sér stað og gera þannig kleift að tryggja hátt verndarstig um allt Sambandið.

7) Ákvæði þessarar tilskipunar skulu gilda með fyrirvara um ákvæði í lögum Sambandsins varðandi heilbrigði og öryggi á vinnustað og vinnuumhverfi, og einkum með fyrirvara um tilskipun ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum([5]).

8) Tiltekin atvinnustarfsemi skal falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar að því gefnu að hún falli undir aðra löggjöf Sambandsins eða aðildarríkis þar sem kveðið er á um jafngilt öryggisstig. Framkvæmdastjórnin skal áfram skoða hvort fyrir hendi séu umtalsverðar gloppur í núgildandi regluramma, einkum að því er varðar nýjar og aðsteðjandi áhættur vegna annarrar starfsemi og tiltekinna hættulegra efna og, ef við á, gera tillögu að nýrri löggjöf til að taka á þessum gloppum.

9) Í I. viðauka við tilskipun 96/82/EB eru tilgreind þau hættulegu efni sem falla undir gildissvið hennar, m.a. með vísun til tiltekinna ákvæða tilskipunar ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna([6]) og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB frá 31. maí 1999 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efnablandna([7]). Í stað tilskipana 67/548/EBE og 1999/45/EB er komin reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna([8]), sem er til framkvæmdar innan Sambandsins á hnattsamræmdu kerfi til flokkunar og merkingar á íðefnum sem hefur verið samþykkt á alþjóðavísu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Með reglugerðinni eru teknir upp nýir hættuflokkar og hættuundirflokkar sem eru ekki í fullu samræmi við þá sem notaðir voru samkvæmt þeim tilskipunum sem felldar voru niður. Tiltekin efni eða blöndur myndu hins vegar ekki vera flokkuð samkvæmt þessu kerfi vegna þess að viðmiðanir vantar innan þessa ramma. Því verður að breyta I. viðauka við tilskipun 96/82/EB til að samræma hann reglugerðinni á sama tíma og núgildandi verndarstigi þeirrar tilskipunar er viðhaldið eða það aukið enn frekar.

10) Að því er varðar flokkun stigbætts lífgass (e. *upgraded biogas*) skal taka tillit til allra breytinga á stöðlum samkvæmt Staðlasamtökum Evrópu (CEN).

11) Komið geta fram óæskileg áhrif samræmingar við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og síðari aðlögunar að reglugerðinni sem hefur áhrif á flokkun efna og blandna. Á grundvelli viðmiðana sem fram koma í þessar tilskipun skal framkvæmdastjórnin meta hvort, þrátt fyrir hættuflokkun þeirra, til séu hættuleg efni sem ekki stafar stórslysahætta af, og, eftir því sem við á, leggja fram tillögu að nýrri löggjöf til að útiloka viðkomandi hættulegt efni frá gildissviði þessarar tilskipunar. Matið skal hefjast fljótlega, einkum þegar flokkun efnis eða blöndu hefur verið breytt, til að koma í veg fyrir óþarfa byrði fyrir rekstraraðila og lögbær yfirvöld aðildarríkjanna. Útilokun frá gildissviði þessarar tilskipunar skal ekki koma í veg fyrir að nokkurt aðildarríki viðhaldi hertum ráðstöfunum eða taki upp slíkar ráðstafanir.

12) Rekstraraðilum skal vera skylt að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja stórslys, draga úr afleiðingum þeirra og gera ráðstafanir til endurreisnar. Þegar hættuleg efni umfram tiltekið magn eru fyrir hendi í starfsstöð skal rekstraraðilinn veita lögbæru yfirvaldi nægilegar upplýsingar til að gera því kleift að bera kennsl á starfsstöðina, hættulegu efnin sem um er að ræða og mögulegar hættur. Rekstraraðilinn skal einnig gera og, þar sem þess er krafist samkvæmt landslögum, senda lögbæru yfirvaldi áætlun um stórslysavarnir þar sem heildarstefnu og ráðstöfunum rekstraraðilans er lýst, þ.m.t. viðeigandi öryggisstjórnunarkerfi, til varnar stórslysahættum. Þar sem rekstraraðilar bera kennsl á og meta stórslysahættur skal einnig taka tillit til hættulegra efna sem kunna að myndast þegar alvarlegt slys verður í starfsstöð.

([4]) Stjtíð. EB L 326, 3.12.1998, bls. 1.
([5]) Stjtíð. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1.
([6]) Stjtíð. EB L 196, 16.8.1967, bls. 1.
([7]) Stjtíð. EB L 200, 30.7.1999, bls. 1.
([8]) Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1.

13) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/35/EB frá 21. apríl 2004 um umhverfisábyrgð í tengslum við varnir gegn umhverfistjóni og úrbætur vegna þess([9]) á að öllu jöfnu við um umhverfistjón af völdum stórslyss.

14) Til þess að draga megi úr hættu á keðjuverkun þar sem starfsstöðvar eru staðsettar með þeim hætti eða svo þétt saman að það auki líkur á stórslysum, eða auki afleiðingar þeirra, skulu rekstraraðilar starfa saman að skiptum á viðeigandi upplýsingum og miðlun upplýsinga til almennings, þ.m.t. til nærliggjandi starfsstöðva sem gæti orðið fyrir áhrifum.

15) Til að sýna fram á að allar nauðsynlegar ráðstafanir hafi verið gerðar til að koma í veg fyrir stórslys og til að undirbúa neyðaráætlanir og viðbragðsráðstafanir skal rekstraraðilinn, ef um er að ræða starfsstöðvar þar sem fyrir hendi eru hættuleg efni í verulegu magni, miðla upplýsingum til lögbærs yfirvalds í öryggisskýrslu. Öryggisskýrslan skal hafa að geyma upplýsingar um starfsstöðina, hættulegu efnin sem þar eru, stöðina eða geymsluaðstöðuna, sviðsmyndir fyrir möguleg stórslys, áhættugreiningu, forvarnar- og íhlutunarráðstafanir og tiltæk stjórnunarkerfi til að fyrirbyggja og draga úr stórslysahættu og gera kleift að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að takmarka áhrif þeirra. Hættan á stórslysi kann að aukast með líkum á náttúruhamförum vegna staðsetningar starfsstöðvarinnar. Það ber að hafa í huga við undirbúning sviðsmynda vegna stórslysa.

16) Við undirbúning fyrir neyðartilvik í þeim starfsstöðvum sem geyma hættuleg efni í verulegu magni er nauðsynlegt að gera neyðaráætlanir til nota í starfsstöð og utan hennar og koma upp ferlum til að tryggja að slíkar áætlanir séu prófaðar og endurskoðaðar eftir þörfum og að farið sé eftir þeim þegar stórslys verður eða hætta er á stórslysi. Hafa skal samráð við starfsfólk um neyðaráætlun til nota í starfsstöð og sá hluti almennings sem málið varðar skal hafa færi á að gefa álit sitt á neyðaráætlun til nota utan starfsstöðvar. Samningar við undirverktaka kunna að hafa áhrif á öryggi starfsstöðvar. Aðildarríkin skulu krefjast þess að rekstraraðilar taki tillit til þessa þegar gerð eru drög að áætlun um stórslysavarnir, öryggisskýrslu eða neyðaráætlun til nota í starfsstöð.

17) Þegar viðeigandi starfsaðferðir eru valdar, þ.m.t. aðferðir við vöktun og varnir, skulu rekstraraðilar taka tillit til fyrirliggjandi upplýsinga um bestu starfsvenjur.

18) Til þess að auka vernd íbúabyggðar, svæða sem mikið eru notuð af almenningi og vernd umhverfisins, þ.m.t. svæða sem eru sérstaklega áhugaverð eða viðkvæm vegna náttúrufars, er nauðsynlegt að stefna aðildarríkjanna í landnýtingarmálum eða öðrum skyldum málum tryggi hæfilega fjarlægð milli slíkra svæða og starfsstöðva sem valda hættu af þessu tagi, og að hugað sé að tæknilegum viðbótarráðstöfunum þar sem slíkar starfsstöðvar er þegar að finna, ef nauðsyn krefur, til þess að áhættan fyrir menn eða umhverfið haldist innan viðunandi marka. Við ákvarðanatöku skal taka tillit til nægilegra upplýsinga um áhættu og tækniráðgjöf varðandi þessa áhættu. Ef þess er kostur, til að draga úr stjórnsýslubyrði, einkum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, skulu ferlar og ráðstafanir vera samþætt öðrum ferlum og ráðstöfunum sem gilda samkvæmt annarri viðeigandi löggjöf Sambandsins.

19) Til þess að stuðla að aðgengi að upplýsingum um umhverfismál samkvæmt samningi efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum (Árósasamningurinn), sem samþykktur var fyrir hönd Sambandsins með ákvörðun ráðsins 2005/370/EB frá 17. febrúar 2005 um gerð samningsins, fyrir hönd Evrópubandalagsins, um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum([10]), skal auka umfang og gæði upplýsinga til almennings. Einkum skal miðla nægilegum upplýsingum um réttar aðgerðir, sem grípa skal til ef stórslys ber að garði, til þeirra einstaklinga sem líklegir eru til að verða fyrir áhrifum af slíku slysi. Aðildarríkin skulu gera upplýsingar tiltækar um hvar finna megi slíkar upplýsingar um réttindi einstaklinga sem verða fyrir áhrifum stórslyss. Upplýsingar sem miðlað er til almennings skal orða skýrt og skiljanlega. Auk þess að veita upplýsingar með virkum hætti, án þess að almenningur þurfi að óska eftir þeim og án þess að útiloka aðrar aðferðir við upplýsingamiðlun, skulu þær vera aðgengilegar að staðaldri og uppfærðar rafrænt. Jafnframt skulu vera viðeigandi ráðstafanir til að gæta trúnaðar, varðandi áhyggjur í tengslum við öryggismál, meðal annars.

20) Hvernig er haldið utan um upplýsingar skal vera í samræmi við framtaksverkefnið um upplýsingakerfi vegna umhverfismála (SEIS) sem tekið var upp með orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 1. febrúar 2008 með fyrirsögninni „Stefnt að sameiginlegu upplýsingakerfi vegna umhverfismála (SEIS)“ (e. *Towards a Shared Environmental Information System (SEIS)*). Það skal einnig vera í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB frá 14. mars 2007 um að koma á grunngerð fyrir landupplýsingar í Evrópubandalaginu (INSPIRE)([11]) og framkvæmdarreglur hennar sem miða að miðlun landupplýsinga um umhverfið til stofnana hins opinbera og auðvelda frekar aðgang almennings að landupplýsingum í öllu Sambandinu. Upplýsingarnar skulu vera í gagnagrunni sem er aðgengilegur öllum á vettvangi Sambandsins en það mun einnig auðvelda vöktun og skýrslugjöf um framkvæmd.

([9]) Stjtíð. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 56.

([10]) Stjtíð. ESB L 124, 17.5.2005, bls. 1.

([11]) Stjtíð. ESB L 108, 25.4.2007, bls. 1.

21) Í samræmi við Árósasamninginn er virk þátttaka almennings í ákvarðanatöku nauðsynleg til að gera þann hluta almennings sem málið varðar kleift að láta í ljós skoðanir og áhyggjur, sem kunna að skipta máli fyrir viðkomandi ákvarðanir, og þeim sem tekur ákvörðunina færi á að taka tillit til þeirra, og leiða þar með til aukinnar ábyrgðar og gagnsæis í ferlinu við ákvarðanatökuna, gera almenning meðvitaðri um umhverfismál og afla stuðnings við þær ákvarðanir sem teknar eru.

22) Til þess að tryggja að gripið sé til fullnægjandi ráðstafana vegna stórslysa skal rekstraraðili tilkynna slysið tafarlaust lögbæru yfirvaldi og senda nauðsynlegar upplýsingar til að gera því kleift að meta áhrif slyssins á heilbrigði manna og umhverfið.

23) Staðaryfirvöld hafa hagsmuni af stórslysavörnum og því að dregið sé úr afleiðingum þeirra og þau geta gegnt mikilvægu hlutverki. Aðildarríkin skulu taka tillit til þess við framkvæmd þessarar tilskipunar.

24) Til þess að greiða fyrir upplýsingaskiptum og fyrirbyggja slys af svipuðum toga í framtíðinni skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni upplýsingar um stórslys sem verða á yfirráðasvæði þeirra, til þess að hún geti greint áhættuna sem þar er um að ræða, og starfrækja kerfi til upplýsingamiðlunar, einkum um stórslys og þann lærdóm sem af þeim má draga. Þau upplýsingaskipti skulu einnig ná til atvika þar sem legið hefur við slysi og aðildarríkin telja sérstaklega áhugaverð frá tæknilegu sjónarmiði vegna starfs sem miðar að því að fyrirbyggja stórslys og draga úr afleiðingum þeirra. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu leitast við að tryggja að upplýsingar í upplýsingakerfum sem komið er á fót séu heildstæðar til að auðvelda upplýsingaskipti um stórslys.

25) Aðildarríki skulu tilnefna lögbær yfirvöld sem eru ábyrg fyrir því að rekstraraðilar uppfylli skuldbindingar sínar. Lögbær yfirvöld og framkvæmdastjórnin skulu starfa saman til að styðja við framkvæmdina svo sem við þróun viðeigandi leiðbeininga og miðlun bestu starfsvenja. Til að koma í veg fyrir óþarfa stjórnsýslubyrði skal upplýsingaskylda vera samþættuð, eftir því sem við á, þeirri sem er í gildi samkvæmt viðeigandi löggjöf Sambandsins.

26) Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær yfirvöld geri nauðsynlegar ráðstafanir ef ekki er farið að ákvæðum þessarar tilskipunar. Til að tryggja skilvirka framkvæmd og framfylgd skal vera fyrir hendi eftirlitskerfi, þ.m.t. áætlun um kerfisbundnar skoðanir með reglulegu millibili og um ókerfisbundnar skoðanir. Ef þess er kostur skal samræma skoðanir við þær sem falla undir löggjöf Sambandsins, þ.m.t. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/EB frá 24. nóvember 2010 um losun í iðnaði (samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun)([12]), eftir því sem við á. Aðildarríkin skulu tryggja að nægilegt starfsfólk sé tiltækt með nauðsynlega þekkingu og hæfi til að sinna skoðunum með skilvirkum hætti. Lögbær yfirvöld skulu veita viðeigandi stuðning með búnaði og fyrirkomulagi til að miðla reynslu og styrkja þekkingu, þ.m.t. á vettvangi Sambandsins.

27) Með hliðsjón af tækniþróun skal framkvæmdastjórninni falið umboð til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins í því skyni að breyta II. til VI. viðauka til að laga þá að tækniframförum. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða skal framkvæmdastjórnin tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

28) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar tilskipunar skal framkvæmdastjórninni falið framkvæmdarvald. Þessu valdi skal beitt í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu([13]).

29) Aðildarríkin skulu mæla fyrir um reglur um viðurlög við brotum gegn ákvæðum landslaga, sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun, og sjá til þess að þessum viðurlögum sé hrint í framkvæmd. Þessi viðurlög skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

30) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. að tryggja hátt verndarstig fyrir heilbrigði manna og umhverfi, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og sett er fram í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessu markmiði.

([12]) Stjtíð. ESB L 334, 17.12.2010, bls. 17.
([13]) Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13.

31) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl ([14]), hafa aðildarríki skuldbundið sig, í rökstuddum tilvikum, til að láta tilkynningu um lögleiðingarráðstafanir fylgja með einu eða fleiri skjölum sem skýra út sambandið milli innihalds tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingagerninga. Að því er varðar þessa tilskipun telur löggjafinn að sending slíkra gagna sé rökstudd.

32) Því ber að breyta og fella síðan niður tilskipun 96/82/EB.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í þessari tilskipun er kveðið á um reglur til að fyrirbyggja stórslys af völdum hættulegra efna og draga úr afleiðingum þeirra fyrir heilbrigði manna og umhverfi, með það fyrir augum að um gervallt Sambandið sé verndarstig gegn slíku tryggt á samkvæman og áhrifaríkan hátt.

2. gr.

Gildissvið

1. Tilskipun þessi gildir um starfsstöðvar eins og þær eru skilgreindar í 1. mgr. 3. gr.

2. Eftirtalið skal undanþegið ákvæðum þessarar tilskipunar:

a) starfsstöðvar, stöðvar eða geymslur á vegum hers,

b) hættur af völdum jónandi geislunar frá efnum,

c) flutningur hættulegra efna á vegum, járnbrautum, skipgengum vatnaleiðum, á sjó eða í lofti og skammtímageymsla þeirra á leiðinni í beinum tengslum við flutninginn, utan starfsstöðva sem þessi tilskipun nær til, þar með talin ferming og afferming og flutningur til annarra flutningstækja eða frá þeim í skipakvíum, við bryggjur eða á röðunarsvæðum járnbrautarstöðva,

d) flutningur hættulegra efna í leiðslum, að dælustöðvum meðtöldum, utan starfsstöðva sem þessi tilskipun nær til,

e) nýting, þ.e. leit, nám og vinnsla jarðefna í námum og grjótnámum, þ.m.t. með borunum,

f) leit á hafi úti að jarðefnum og nýting þeirra, þ.m.t. vetniskolefni,

g) geymsla gass neðanjarðar á hafi úti, þ.m.t. bæði á sérhæfðum geymslustöðum og stöðum þar sem einnig fer fram leit og nýting jarðefna, þ.m.t. vetniskolefnis,

h) urðun úrgangs, þ.m.t. geymsla úrgangs neðanjarðar.

Þrátt fyrir e- og h-lið fyrstu undirgreinar skulu falla undir þessa tilskipun geymsla gass neðanjarðar á landi í náttúrulegum jarðlögum, veitum, salthólfum og yfirgefnum námum og efna- og varmavinnsla og geymsla í tengslum við slíka vinnslu þar sem notuð eru hættuleg efni svo og aðstaða fyrir förgun úrkasts, m.a. tjarnir eða stíflur fyrir úrkast sem innihalda hættuleg efni.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „starfsstöð“: allt svæðið sem lýtur stjórn rekstraraðila og þar sem hættuleg efni er að finna í einni stöð eða fleiri, þar á meðal í sameiginlegum eða tengdum grunnvirkjum eða starfsemi; starfsstöðvar eru annaðhvort starfsstöðvar sem vægari kröfur eru gerðar til eða starfsstöðvar sem strangari kröfur eru gerðar til,

2. „starfsstöð sem vægari kröfur eru gerðar til„: starfsstöð þar sem er að finna hættuleg efni í magni sem er jafnt eða meira en magnið, sem fram kemur í 2. dálki 1. hluta eða 2. dálki 2. hluta I. viðauka, en minna en magnið sem fram kemur í 3. dálki 1. hluta eða 3. dálki 2. hluta I. viðauka, þar sem við á með því að beita summunarreglunni sem kveðið er á um í 4. athugasemd við I. viðauka,

3. „starfsstöð sem strangari kröfur eru gerðar til“: starfsstöð þar sem er að finna hættuleg efni í magni sem er jafnt eða er meira en magnið sem fram kemur í 3. dálki 1. hluta eða í 3. dálki 2. hluta I. viðauka, þar sem við á með því að beita summunarreglunni sem kveðið er á um í 4. athugasemd við I. viðauka,

4. „nærliggjandi starfsstöð“: starfsstöð sem staðsett er í slíkri nálægð við aðra starfsstöð að það eykur áhættu á eða afleiðingar af stórslysi,

5. „ný starfsstöð“:

   a) starfsstöð sem er byrjað að starfrækja eða er byggð 1. júní 2015 eða síðar, eða

([14]) Stjtíð. ESB C 369, 17.12.2011, bls. 14.

b) rekstrarstöð sem fellur undir gildissvið þessarar tilskipunar eða starfsstöð sem vægari kröfur eru gerðar til en verður starfsstöð sem strangari kröfur eru gerðar til, eða öfugt, 1. júní 2015 eða síðar vegna breytinga sem gerðar eru á stöðvum hennar eða starfsemi sem valda breytingu á skrá hennar yfir hættuleg efni,

6. „starfandi starfsstöð“: starfsstöð sem fellur 31. maí 2015 undir gildissvið tilskipunar 96/82/EB og fellur frá og með 1. júní 2015 undir gildissvið þessarar tilskipunar án þess að flokkun hennar sé breytt sem starfsstöð sem vægari kröfur eru gerðar til eða sem starfsstöð sem strangari kröfur eru gerðar til,

7. „önnur starfsstöð“: rekstrarstöð sem fellur undir gildissvið þessarar tilskipunar, eða starfsstöð sem vægari kröfur eru gerðar til sem verður starfsstöð sem strangari kröfur eru gerðar til, eða öfugt, 1. júní 2015 eða síðar af öðrum ástæðum en þeim sem vísað er til í 5. lið,

8. „stöð„: tæknieining í starfsstöð, hvort sem er í jarðhæð eða undir yfirborði jarðar, þar sem hættuleg efni eru framleidd, notuð, meðhöndluð eða geymd; þar með talin öll tæki, mannvirki, leiðslur, vélar, verkfæri, einkajárnbrautir, skipakvíar, löndunarbryggjur vegna stöðvarinnar, hafnarbakka, vörugeymslur eða hliðstæð mannvirki, fljótandi eða ekki, sem eru nauðsynleg rekstri stöðvarinnar,

9. „rekstraraðili“: einstaklingur eða lögaðili, sem rekur eða stýrir starfsstöð eða stöð, eða, ef kveðið er á um slíkt í landslögum, hefur fengið í hendur ótvírætt fjárhagslegt vald eða ákvarðanatökuvald yfir tæknilegri starfsemi starfsstöðvar eða stöðvar,

10. „hættulegt efni“: efni eða blanda sem fellur undir 1. hluta eða tilgreind er í 2. hluta I. viðauka, þ.m.t. í formi hráefnis, vöru, aukaafurð, efnaleifa eða milliefnis,

11. „blanda“: blanda eða lausn tveggja eða fleiri efna,

12. „hættuleg efni eru fyrir hendi“: hættuleg efni sem eru í raun fyrir hendi í starfsstöðinni eða búast má við að séu þar, eða hættuleg efni sem skynsamlegt er að gera ráð fyrir að kunni að verða til þegar stjórnun ferla bregst, þ.m.t. við geymslu, í sérhverri stöð í starfsstöðinni, í magni sem jafngildir eða er meira en þröskuldsmagnið sem tilgreint er í 1. eða 2. hluta I. viðauka,

13. „stórslys“: atvik á borð við stórfellda losun, eldsvoða eða sprengingu sem stafar af stjórnlausri atburðarás við rekstur starfsstöðvar sem þessi tilskipun nær til, og stofnar heilbrigði manna eða umhverfi í mikla hættu í bráð eða lengd, í starfsstöðinni eða utan hennar, og þar sem eitt eða fleiri hættuleg efni koma við sögu,

14. „hætta“: sá eðlislægi eiginleiki hættulegs efnis eða ytri aðstæðna að geta valdið heilbrigði manna eða umhverfinu skaða,

15. „áhætta“: líkur á því að tiltekin áhrif komi fram á tilteknu tímabili eða við tilteknar aðstæður,

16. „geymsla“: það að ákveðið magn hættulegra efna er að finna í vörugeymslu, í öryggisvörslu eða sem birgðir,

17. „almenningur“: einn eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar og, í samræmi við landslög eða venju, samtök þeirra, félög eða hópar,

18. „sá hluti almennings, sem málið varðar“: þeir íbúar sem verða fyrir áhrifum eða sem er líklegt að verði fyrir áhrifum eða sem eiga hagsmuna að gæta vegna töku ákvörðunar um einhver þau málefni sem falla undir 1. mgr. 15. gr; samkvæmt þessari skilgreiningu teljast öll frjáls félagasamtök, sem stuðla að umhverfisvernd og uppfylla allar viðeigandi kröfur landslaga, hafa hagsmuna að gæta,

19. „skoðun“: allar aðgerðir, þ.m.t. heimsóknir í stöð, athuganir á ráðstöfunum, kerfum og skýrslum stöðvarinnar ásamt skjölum varðandi eftirfylgni, og öll nauðsynleg eftirfylgni af hálfu eða á vegum lögbærs yfirvalds til að hafa eftirlit með og stuðla að því að farið sé að kröfum þessarar tilskipunar í starfsstöðinni.

4. gr.

Mat á stórslysahættu vegna tiltekins hættulegs efnis

1. Framkvæmdastjórnin skal meta, þar sem það á við og í öllum tilvikum á grundvelli tilkynningar aðildarríkis í samræmi við 2. mgr., hvort ómögulegt sé í raun að tiltekið hættulegt efni, sem fellur undir 1. hluta eða tilgreint er í 2. hluta I. viðauka, valdi sleppingu efnis eða orku sem myndi orsaka stórslys við bæði venjulegar og óvenjulegar aðstæður sem skynsamlegt er að ætla að sjá megi fyrir. Við matið skal tekið tillit til þeirra upplýsinga sem um getur í 3. mgr. og það skal byggjast á einum af eftirfarandi eiginleikum eða fleiri:

a) eðlisástandi hættulega efnisins við venjulegar vinnsluaðstæður eða meðhöndlun eða þegar með ófyrirséðum hætti er ekki unnt að halda efninu í skefjum,

b) eðlislægum eiginleikum hættulega efnisins, einkum þeim sem tengjast dreifinni hegðun þegar stórslys verður, svo sem mólmassa og mettuðum gufuþrýstingi,

c) hámarksstyrk efnanna þegar þau blandast saman.

Að því er varðar fyrstu undirgreinina skal, eftir því sem við á, einnig taka tillit til afmörkunar og almennrar pökkunar hættulega efnisins, þ.m.t. einkum þegar þau falla undir sérstaka löggjöf Sambandsins.

2. Þegar aðildarríki telur að ekki stafi stórslysahætta af hættulegu efni í samræmi við 1. mgr. skal það senda framkvæmdastjórninni tilkynningu þar um ásamt rökstuðningi, þ.m.t. upplýsingarnar sem um getur í 3. mgr.

3. Að því er varðar 1. og 2. mgr. skulu nauðsynlegar upplýsingar til að meta eðlisræna hættu, heilbrigðishættu og umhverfishættu viðkomandi hættulegs efnis hafa að geyma:

a) tæmandi skrá yfir eiginleika sem þarf til að meta getu hættulega efnisins til að valda eðlisrænum skaða, heilbrigðis- eða umhverfisskaða,

b) eðlisræna og efnafræðilega eiginleika (t.d. mólmassa, mettaðan gufuþrýsting, eðlislæg eiturhrif, suðumark, hvarfgirni, seigju, leysni og aðra eiginleika sem skipta máli),

c) eiginleika sem valda heilbrigðishættu og eðlisrænni hættu (t.d. hvarfgirni, eldfimi og eiturhrif ásamt fleiri þáttum eins og hvernig viðkomandi ræðst á líkamann, hlutfall dauðsfalla miðað við meiðsli og áhrif til lengri tíma og aðra eiginleika sem skipta máli),

d) eiginleika sem valda umhverfishættu (t.d. visteiturhrif, þrávirkni, uppsöfnun í lífverum, flutningsgetu langar leiðir í umhverfinu og aðra eiginleika sem skipta máli),

e) ef hún liggur fyrir, flokkun Sambandsins á efninu eða blöndunni,

f) upplýsingar um sértæk notkunarskilyrði efnisins (svo sem hitastig, þrýsting og önnur skilyrði sem við eiga) sem hættulega efnið er geymt við, notað og/eða getur verið fyrir hendi ef upp kemur fyrirsjáanleg óvenjuleg notkun eða slys, s.s. eldsvoði.

4. Að loknu mati, sem um getur í 1. mgr., skal framkvæmdastjórnin, ef við á, leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið tillögu að nýrri löggjöf um að undanskilja viðkomandi hættulegt efni frá gildissviði þessarar tilskipunar.

5. gr.

Almennar skyldur rekstraraðila

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að rekstraraðila sé skylt að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja stórslys og til að takmarka afleiðingar þeirra fyrir heilbrigði manna og umhverfi.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að rekstraraðila sé skylt að sanna, hvenær sem vera skal, fyrir því lögbæra yfirvaldi sem um getur í 6. gr., að rekstraraðilinn hafi gripið til allra nauðsynlegra ráðstafana samkvæmt því sem tilgreint er í þessari tilskipun, einkum að því er varðar skoðunina og eftirlitið sem um getur í 20. gr.

6. gr.

Lögbært yfirvald

1. Með fyrirvara um skyldur rekstraraðila skulu aðildarríkin setja á fót eða skipa lögbært yfirvald eða yfirvöld sem sinni þeim skyldustörfum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun („lögbært yfirvald“), og ef þörf er á stofnanir sem geta veitt lögbæru yfirvaldi tæknilega aðstoð. Aðildarríki sem setja á fót eða skipa fleiri en eitt lögbært yfirvald skulu tryggja að málsmeðferð við að annast skyldur þeirra séu að fullu samræmdar.

2. Lögbær yfirvöld og framkvæmdastjórnin skulu starfa saman varðandi stuðningsaðgerðir til framkvæmdar þessari tilskipun, með þátttöku hagsmunaaðila eins og við á.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær yfirvöld samþykki jafngildar upplýsingar sem rekstraraðilar leggja fram í samræmi við aðra viðeigandi löggjöf Sambandsins, sem uppfyllir einhverjar þær kröfur í þessari tilskipun, að því er varðar þessa tilskipun. Í slíkum tilvikum skulu lögbær yfirvöld sjá til þess að kröfur þessarar tilskipunar séu uppfylltar.

7. gr.

Tilkynning

1. Aðildarríkin skulu gera kröfu um að rekstraraðili sendi lögbæru yfirvaldi tilkynningu þar sem eftirfarandi kemur fram:

a) nafn og/eða viðskiptaheiti rekstraraðila og fullt heimilisfang viðkomandi starfsstöðvar,

b) skráð starfsstöð rekstraraðila ásamt fullu heimilisfangi,

c) nafn og starfsheiti þess sem ber ábyrgð á starfsstöðinni, ef hann er annar en sá sem getið er í a-lið,

d) upplýsingar sem nægja til að bera kennsl á hættulegu efnin og efnaflokka sem um er að ræða eða sem líkur eru á að finnist á staðnum,

e) magn viðkomandi hættulegs efnis eða efna og eðlisástand þeirra,

f) starfsemi eða fyrirhuguð starfsemi stöðvarinnar eða geymsluaðstöðunnar,

g) næsta umhverfi starfsstöðvarinnar og þættir sem líklegir eru til að valda stórslysi eða auka afleiðingar þess, þ.m.t., þar sem þær liggja fyrir, upplýsingar um nærliggjandi starfsstöðvar eða stöðvar sem falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar, svæði og framkvæmdir sem gætu verið upptök eða aukið hættu á stórslysi eða aukið afleiðingar þess ásamt keðjuverkun.

2. Senda skal lögbæru yfirvaldi tilkynninguna eða uppfærslu hennar innan eftirfarandi tímamarka:

a) fyrir nýjar starfsstöðvar: hæfilegur frestur áður en bygging eða rekstur hefst eða fyrir breytingar sem leiða til þess að breytingar eru gerðar á skrám yfir hættuleg efni,

b) í öllum öðrum tilvikum: eitt ár frá þeim degi sem þessi tilskipun gildir um viðkomandi starfsstöð.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu ekki gilda hafi rekstraraðilinn þegar sent lögbæru yfirvaldi tilkynningu samkvæmt kröfum landslöggjafar fyrir 1. júní 2015 og ef upplýsingarnar í tilkynningunni eru í samræmi við 1. mgr. og eru óbreyttar.

4. Rekstraraðilinn skal gera lögbæru yfirvaldi fyrir fram grein fyrir eftirfarandi atburðum:

a) að magn hættulegs efnis aukist eða minnki verulega, eða veruleg breyting verði á eðli eða eðlisástandi þess frá því sem fram kemur í tilkynningunni sem rekstraraðili hefur sent í samræmi við 1. mgr., eða veruleg breyting verði á ferlunum þar sem það er notað,

b) að breyting verði á starfsstöð eða stöð sem gæti haft verulegar afleiðingar með tilliti til stórslysahættu,

c) varanlegri lokun starfsstöðvarinnar eða niðurlagningu hennar, eða

d) breyttum upplýsingum sem um getur í a-, b- eða c-lið 1. mgr.

8. gr.

Áætlun um stórslysavarnir

1. Aðildarríkin skulu gera rekstraraðila skylt að gera grein fyrir áætlun sinni um stórslysavarnir skriflega í sérstöku skjali og sjá til þess að hún sé framkvæmd með réttum hætti. Áætlunin um stórslysavarnir skal til þess fallin að hún tryggi hátt verndarstig fyrir heilbrigði manna og umhverfi. Hún skal vera í réttu hlutfalli við stórslysahættuna. Í henni skulu koma fram almenn markmið og aðgerðarstefna rekstraraðila, hlutverk og ábyrgð stjórnar svo og skuldbinding um stöðugar endurbætur á vörnum gegn stórslysahættu og um að tryggja hátt verndarstig.

2. Gera skal áætlunina um stórslysavarnir og, þar sem þess er krafist í landslögum, senda hana til lögbærs yfirvalds innan eftirfarandi tímamarka:

a) fyrir nýjar starfsstöðvar: hæfilegur frestur áður en bygging eða rekstur hefst eða fyrir breytingar sem leiða til þess að breytingar eru gerðar á skrám yfir hættuleg efni,

b) í öllum öðrum tilvikum: eitt ár frá þeim degi sem þessi tilskipun gildir um viðkomandi starfsstöð.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu ekki gilda hafi rekstraraðilinn þegar gert áætlun um stórslysavarnir og, þar sem þess er krafist samkvæmt landslögum, sent hana lögbæru yfirvaldi fyrir 1. júní 2015 og ef upplýsingarnar í tilkynningunni eru í samræmi við 1. mgr. og eru óbreyttar.

4. Með fyrirvara um 11. gr. skal rekstraraðili endurskoða reglulega og ef nauðsyn krefur uppfæra áætlunina um stórslysavarnir að minnsta kosti á fimm ára fresti. Þar sem þess er krafist samkvæmt landslögum skal senda lögbæru yfirvaldi áætlunina um stórslysavarnir án tafar.

5. Áætlunin um stórslysavarnir skal koma til framkvæmda með viðeigandi hætti, skipulagi og öryggisstjórnunarkerfi í samræmi við III. viðauka, í réttu hlutfalli við stórslysahættuna og hversu flókið skipulag eða starfsemi stöðvarinnar eru. Fyrir starfsstöð, sem vægari kröfur eru gerðar til, má uppfylla skuldbindingu um framkvæmd áætlunarinnar um stórslysavarnir með öðrum viðeigandi hætti, skipulagi og öryggisstjórnunarkerfi, í réttu hlutfalli við stórslysahættuna, að teknu tilliti til þeirra meginreglna sem settar eru fram í III. viðauka.

9. gr.

Keðjuverkun

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að lögbært yfirvald, út frá upplýsingum sem fengnar eru hjá rekstraraðilum í samræmi við 7. og 10. gr. eða í kjölfar beiðni um viðbótarupplýsinga frá lögbæru yfirvaldi eða eftir skoðun skv. 20. gr., beri kennsl á allar starfsstöðvar sem vægari kröfur eru gerðar til eða strangari kröfur eru gerðar til eða hópa starfsstöðva þar sem áhætta eða afleiðingar af stórslysi kunna að vera auknar vegna landfræðilegrar legu og nálægðar slíkra starfsstöðva, svo og vegna skráa þeirra yfir hættuleg efni.

2. Þegar lögbært yfirvald býr yfir upplýsingum til viðbótar þeim, sem fengnar eru hjá rekstraraðila skv. g-lið 1. mgr. 7. gr., skal það gera þessar upplýsingar aðgengilegar þeim rekstraraðila, sé það nauðsynlegt með tilliti til beitingar þessarar greinar.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að rekstraraðilar starfsstöðva sem borið er kennsl á í samræmi við 1. mgr.:

a) miðli viðeigandi upplýsingum til að starfsstöðvunum sé gert kleift að taka til greina eðli og umfang heildarhættu á stórslysi í áætlunum sínum um stórslysavarnir, öryggisstjórnunarkerfum, öryggisskýrslum og neyðaráætlunum til nota í starfsstöðinni, eins og við á,

b) starfi saman að því að upplýsa almenning og nærliggjandi stöðvar sem falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar og að því að veita yfirvaldinu, sem ábyrgt er fyrir undirbúningi neyðaráætlana til nota utan starfsstöðvar, upplýsingar.

10. gr.

Öryggisskýrsla

1. Aðildarríkin skulu gera rekstraraðila starfsstöðvar, sem strangari kröfur eru gerðar til, skylt að leggja fram öryggisskýrslu með það að markmiði að:

a) sýna fram á að áætlun um stórslysavarnir og öryggisstjórnunarkerfi til að framkvæma hana hafi verið komið á fót í samræmi við upplýsingarnar í III. viðauka,

b) sýna fram á að hættan á stórslysum og sviðsmyndir mögulegra stórslysa hafi verið greind og að nauðsynlegar ráðstafanir hafi verið gerðar til að fyrirbyggja slík slys og draga úr afleiðingum þeirra fyrir heilbrigði manna og umhverfi,

c) sýna fram á að tekið sé fullnægjandi tillit til öryggis og áreiðanleika við hönnun, byggingu, rekstur og viðhald hvers kyns stöðva, geymsluaðstöðu, tækja og grunnvirkja sem tengjast rekstrinum og tengjast hættu á stórslysum í starfsstöðinni,

d) sýna fram á að neyðaráætlun til nota í starfsstöð hafi verið gerð og veita upplýsingar sem gera kleift að gera neyðaráætlun til nota utan starfsstöðvar,

e) láta lögbæru yfirvaldi í té nægilegar upplýsingar til að það geti tekið ákvarðanir um staðsetningu nýrrar starfsemi eða framkvæmda í grennd við starfandi starfsstöð.

2. Í öryggisskýrslunni skulu vera a.m.k. öll þau gögn og allar þær upplýsingar sem eru tilgreindar í II. viðauka. Þar skulu koma fram heiti þeirra stofnana sem standa að samningu skýrslunnar.

3. Senda skal lögbæru yfirvaldi öryggisskýrsluna innan eftirfarandi tímamarka:

a) fyrir nýjar starfsstöðvar: hæfilegur frestur áður en bygging eða rekstur hefst eða fyrir breytingar sem leiða til þess að breytingar eru gerðar á skrám yfir hættuleg efni,

b) fyrir starfandi starfsstöðvar sem strangari kröfur eru gerðar til: 1. júní 2016,

c) fyrir aðrar starfsstöðvar: tvö ár frá þeim degi sem þessi tilskipun gildir um viðkomandi starfsstöð.

4. Hafi rekstraraðilinn þegar sent lögbæru yfirvaldi öryggisskýrsluna samkvæmt kröfum landslaga fyrir 1. júní 2015 og ef upplýsingarnar í henni eru í samræmi við 1. og 2. mgr. og eru óbreyttar skulu 1., 2. og 3. mgr. ekki gilda. Til að fara að 1. og 2. mgr. skal rekstraraðilinn leggja fyrir lögbært yfirvald alla hluta öryggisskýrslunnar, sem breytingar hafa verið gerðar á, á því sniði sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, með fyrirvara um tímamörkin sem um getur í 3. mgr.

5. Með fyrirvara um 11. gr. skal rekstraraðili endurskoða reglulega og ef nauðsyn krefur uppfæra öryggisskýrsluna að minnsta kosti á fimm ára fresti.

Rekstraraðilinn skal einnig endurskoða öryggisskýrsluna og uppfæra hana ef nauðsyn krefur eftir stórslys í starfsstöð sinni, og hvenær sem er að eigin frumkvæði eða að beiðni lögbærs yfirvalds, í tilvikum þar sem það er rökrétt vegna nýrra málavaxta eða nýrrar tækniþekkingar er varðar öryggismál, þ.m.t. þekkingar sem leiðir af greiningu slysa eða, eins og framast er unnt, vegna tilvika þar sem legið hefur við stórslysi og vegna þróunar þekkingar varðandi hættumat.

Uppfærða öryggisskýrslu eða uppfærða hluta hennar skal senda til lögbærs yfirvalds án tafar.

6. Áður en rekstraraðili hefur byggingu eða rekstur eða í tilvikum, sem um getur í b- og c-lið 3. mgr. og í 5. mgr. þessarar greinar, skal lögbært yfirvald innan hæfilegs tíma frá móttöku skýrslunnar tilkynna rekstraraðila um niðurstöður athugunar sinnar á öryggisskýrslunni og, eftir því sem við á, í samræmi við 19. gr, banna að viðkomandi starfsstöð verði tekin í notkun eða áframhaldandi notkun hennar.

11. gr.

Breytingar á stöð, starfsstöð eða geymsluaðstöðu

Ef stöð, starfsstöð eða geymsluaðstöðu er breytt eða breyting verður á vinnslu eða eðlisástandi eða magni hættulegra efna, sem gæti haft verulegar afleiðingar vegna stórslysahættu eða gæti gert það að verkum að starfsstöð sem vægari kröfur eru gerðar til verði stafsstöð sem strangari kröfur eru gerðar til eða öfugt, skulu aðildarríki sjá til þess að rekstraraðili endurskoði og uppfæri, ef nauðsyn krefur, tilkynninguna, áætlunina um stórslysavarnir, öryggisstjórnunarkerfið og öryggisskýrsluna og upplýsi lögbært yfirvald nákvæmlega um þessar uppfærslur áður en breytingarnar eru gerðar.

12. gr.

Neyðaráætlanir

1. Aðildarríkin skulu, fyrir allar starfsstöðvar sem strangari kröfur eru gerðar til, sjá til þess að:

a) rekstraraðili geri neyðaráætlun til nota í starfsstöð um ráðstafanir sem grípa á til innan starfsstöðvarinnar,

b) rekstraraðili veiti lögbæru yfirvaldi nauðsynlegar upplýsingar til að gera því kleift að gera neyðaráætlun til nota utan starfsstöðvar,

c) yfirvöld sem aðildarríkið hefur tilnefnt til þess geri neyðaráætlun til nota utan starfsstöðvar varðandi ráðstafanir sem grípa skuli til utan starfsstöðvar innan tveggja ára frá móttöku nauðsynlegra upplýsinga frá rekstraraðila skv. b-lið.

2. Rekstraraðilar skulu uppfylla skuldbindingarnar sem settar eru fram í a- og b-lið 1. mgr. innan eftirfarandi tímamarka:

a) fyrir nýjar starfsstöðvar: hæfilegur frestur áður en rekstur hefst eða fyrir breytingar sem leiða til þess að breytingar eru gerðar á skrám yfir hættuleg efni,

b) fyrir starfandi starfsstöðvar sem strangari kröfur eru gerðar til: eigi síðar en 1. júní 2016 nema að neyðaráætlun til nota í starfsstöð, sem gerð er samkvæmt kröfum í landslögum fyrir þann tíma og upplýsingar sem hún hefur að geyma og upplýsingar, sem um getur í b-lið 1. mgr., fullnægi kröfum í þessari grein og séu óbreyttar.

c) fyrir aðrar starfsstöðvar: tvö ár frá þeim degi sem þessi tilskipun gildir um viðkomandi starfsstöð.

3. Neyðaráætlanirnar skulu gerðar með eftirfarandi að markmiði:

a) að halda óhöppum í skefjum og hafa stjórn á þeim til þess að halda áhrifum þeirra í lágmarki og draga úr þeim skaða sem þau valda heilbrigði manna, umhverfi og eignum,

b) að hrinda í framkvæmd þeim ráðstöfunum sem nauðsynlegar eru til þess að vernda heilbrigði manna og umhverfi fyrir áhrifum stórslysa,

c) að koma nauðsynlegum upplýsingum til almennings og þeirra stofnana eða yfirvalda sem málið varðar á svæðinu,

d) að umhverfið sé lagfært og hreinsað í kjölfar stórslyss.

Í neyðaráætlunum skulu vera upplýsingarnar sem fram koma í IV. viðauka.

4. Aðildarríki skulu sjá til þess að neyðaráætlanir til nota í starfsstöð sem kveðið er á um í þessari tilskipun séu gerðar í samráði við starfsfólk sem vinnur inni í starfsstöðinni, þ.m.t. viðkomandi undirverktaka með samninga til lengri tíma.

5. Aðildarríki skulu sjá til þess að þeim hluta almennings sem málið varðar sé snemma í ferlinu gefið færi á að gefa álit sitt á neyðaráætlunum til nota utan starfsstöðvar þegar þær eru gerðar eða þeim breytt að verulegu leyti.

6. Aðildarríkin skulu tryggja að rekstraraðilar og tilnefnd yfirvöld endurskoði og prófi neyðaráætlanir til nota í starfsstöðvum og utan þeirra og uppfæri þær eftir þörfum með hæfilegu millibili og eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti. Við endurskoðunina skal taka til greina breytingar á starfsstöðvunum eða opinberri neyðarþjónustu, nýja tækniþekkingu og þekkingu á viðbrögðum við stórslysum.

Að því er varðar neyðaráætlanir til nota utan starfsstöðva skulu aðildarríkin taka tillit til nauðsynjar þess að efla samvinnu um hjálparaðgerðir á sviði almannavarna ef kemur til meiri háttar neyðarástands.

7. Aðildarríki skulu sjá til þess að rekstraraðili og, ef nauðsyn krefur, tilnefnt lögbært yfirvald, hrindi neyðaráætlunum tafarlaust í framkvæmd þegar stórslys eða stjórnlaus atburðarás á sér stað sem ætla megi að geti valdið stórslysi.

8. Í ljósi upplýsinganna, sem fram koma í öryggisskýrslunni, er lögbæru yfirvaldi heimilt að ákveða að kröfur um gerð neyðaráætlunar til nota utan starfsstöðvarinnar skv. 1. mgr. skuli ekki gilda, enda sé sú ákvörðun rökstudd.

13. gr.

Skipulag landnýtingar

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að við mótun stefnu í landnýtingarmálum og/eða öðrum skyldum málum séu tekin til greina þau markmið að afstýra stórslysum og draga úr afleiðingum þeirra fyrir heilbrigði manna og umhverfið. Þau skulu stuðla að þessum markmiðum með því að hafa eftirlit með:

a) staðsetningu nýrra starfsstöðva,

b) breytingum á starfsstöðvum sem 11. gr. tekur til,

c) nýjum framkvæmdum, m.a. samgönguleiðum, stöðum sem almenningur nýtir og íbúabyggð í nánd við starfsstöðvar, enda kunni staðsetningin eða framkvæmdirnar að vera upptök stórslyss eða auka áhættu á stórslysi eða alvarlegar afleiðingar þess.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að í stefnu þeirra í landnýtingarmálum og öðrum skyldum málum og málsmeðferð við framkvæmd þeirrar stefnu sé tekið tillit til þess að til lengri tíma litið er nauðsynlegt:

a) að viðhalda hæfilegri öryggisfjarlægð milli annars vegar starfsstöðva, sem falla undir þessa tilskipun, og hins vegar íbúðabyggðar, bygginga og svæða til almenningsnota og, eftir því sem framast er kostur, meiri háttar samgönguleiða,

b) að vernda svæði sem eru sérstaklega áhugaverð eða viðkvæm vegna náttúrufars í nágrenni starfsstöðva, eftir því sem við á með hæfilegri öryggisfjarlægð eða öðrum ráðstöfunum sem skipta máli,

c) þegar um er að ræða starfandi starfsstöðvar: að gera viðbótarráðstafanir á sviði tæknimála í samræmi við 5. gr. til að auka ekki áhættu fyrir heilbrigði manna og umhverfi.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að öll lögbær yfirvöld og skipulagsyfirvöld sem ábyrg eru fyrir ákvarðanatöku á þessu sviði komi á fót viðeigandi samráðsferli til að auðvelda framkvæmd stefnumiða sem komið er á skv. 1. mgr.

Samráðið skal vera til þess fallið að tryggja að rekstraraðilar veiti nægilegar upplýsingar um áhættu sem stafar af starfsstöðinni og að tækniráðgjöf um þessa áhættu sé aðgengileg, annaðhvort í hverju tilviki fyrir sig eða almennt, þegar ákvarðanir eru teknar. Aðildarríkin skulu sjá til þess að rekstraraðilar starfsstöðva sem vægari kröfur eru gerðar til veiti, að beiðni lögbærs yfirvalds, nægilegar upplýsingar um áhættu sem stafar af starfsstöðinni sem nauðsynlegar eru við skipulag landnýtingar.

4. Kröfur skv. 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar skulu gilda með fyrirvara um ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/92/ESB frá 13. desember 2011 um mat á áhrifum sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið([15]), tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/42/EB frá 27. júní 2001 um mat á áhrifum tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið([16]) og annarrar viðkomandi löggjafar Sambandsins. Aðildarríkin geta kveðið á um samræmdar eða sameiginlegar málsmeðferðarreglur til að uppfylla kröfur þessarar greinar og kröfur þessarar löggjafar, m.a., til að forðast tvítekningu í mats- eða samráðsferlinu.

14. gr.

Upplýsingar fyrir almenning

1. Aðildarríkin skulu tryggja að upplýsingarnar sem um getur í V. viðauka séu ávallt aðgengilegar almenningi, þar með talið rafrænt. Þessar upplýsingar skulu uppfærðar, eftir þörfum, þ.m.t. ef gerðar eru breytingar sem falla undir 11. gr.

2. Fyrir starfsstöðvar sem strangari kröfur eru gerðar til skulu aðildarríkin einnig tryggja að:

a) allir einstaklingar sem líklegt er að verði fyrir áhrifum stórslyss fái reglulega, óumbeðið og með þeim hætti sem þykir heppilegastur, skýrar og skiljanlegar upplýsingar um öryggisráðstafanir og hvernig rétt er að bregðast við ef stórslys verður,

b) öryggisskýrslan sé gerð aðgengileg almenningi samkvæmt beiðni með fyrirvara um 3. mgr. 22. gr.; þegar 3. mgr. 22. gr. á við, skal hafa aðgengilega endurskoðaða skýrslu, t.d. í formi samantektar sem ekki er á tæknimáli, þar sem fram koma a.m.k. almennar upplýsingar um stórslysahættur og möguleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfi komi til stórslyss,

c) skrá yfir hættuleg efni sé gerð aðgengileg almenningi samkvæmt beiðni með fyrirvara um 3. mgr. 22. gr.

Upplýsingarnar sem veita skal skv. a-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar skulu að minnsta kosti fela í sér upplýsingarnar sem vísað er til í V. viðauka. Þessar upplýsingar skal að sama skapi veita til allar bygginga og svæða sem notuð eru af almenningi, þ.m.t. skóla og sjúkrahúsa, svo og allra nálægra starfsstöðva ef um er að ræða starfsstöðvar sem falla undir 9. gr. Aðildarríkin skulu sjá til þess að upplýsingunum sé komið á framfæri að minnsta kosti á fimm ára fresti og séu endurskoðaðar reglulega og uppfærðar ef nauðsyn krefur, þ.m.t. ef gerðar eru breytingar sem falla undir 11. gr.

3. Með hliðsjón af því að stórslys í starfsstöð sem strangari kröfur eru gerðar til gæti haft afleiðingar, sem ná yfir landamæri, skulu aðildarríkin veita þeim aðildarríkjum, sem það gæti haft

([15]) Stjtíð. ESB L 26, 28.1.2012, bls. 1.
([16]) Stjtíð. EB L 197, 21.7.2001, bls. 30.

áhrif á, upplýsingar sem nægja til að hlutaðeigandi ríki geti beitt öllum viðeigandi ákvæðum 12. og 13. gr., auk þessarar greinar, eftir því sem við á.

4. Hafi aðildarríki komist að þeirri niðurstöðu að starfsstöð, sem stendur nærri yfirráðasvæði annars aðildarríkis, geti ekki valdið stórslysahættu utan athafnasvæðis síns, sbr. 8. mgr. 12. gr., og þurfi því ekki að leggja fram neyðaráætlun til nota utan starfsstöðvarinnar skv. 1. mgr. 12. gr., skal aðildarríkið senda hinu aðildarríkinu upplýsingar um rökstudda ákvörðun sína.

15. gr.

Samráð við almenning og þátttaka almennings við töku ákvarðana

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að sá hluti almennings sem málið varðar fái snemma í ferlinu færi á að gefa álit sitt á tilteknum einstökum verkefnum að því er varðar:

a) skipulagningu nýrra starfsstöðva skv. 13. gr.,

b) verulegar breytingar á starfsstöðvum skv. 11. gr., þar sem slíkar breytingar eru háðar skuldbindingum sem kveðið er á um í 13. gr.,

c) nýjar framkvæmdir umhverfis starfsstöðvar þar sem staðsetningin eða framkvæmdin kann að auka áhættu á eða afleiðingar stórslyss skv. 13. gr.

2. Með hliðsjón af tilteknum einstökum verkefnum, sem um getur í 1. mgr., skal almenningur upplýstur með opinberum auglýsingum eða á annan, viðeigandi hátt, þ.m.t. með rafrænum miðlum, ef þeir eru tiltækir, um eftirfarandi atriði snemma í ferlinu við ákvarðanatökuna eða eigi síðar en svo fljótt sem ætla má að leggja megi upplýsingarnar fram:

a) um viðfangsefni tiltekna verkefnisins,

b) um þá staðreynd, eftir því sem við á, að tiltekið verkefni sé háð mati á umhverfisáhrifum í hverju aðildarríki eða umhverfisáhrifum sem ná yfir landamæri, eða samráði aðildarríkja í samræmi við 3. mgr. 14. gr,

c) um upplýsingar um lögbæra yfirvaldið, sem ber ábyrgð á töku ákvörðunarinnar og sem getur veitt þær upplýsingar sem skipta máli og sem senda má athugasemdir og spurningar, og upplýsingar um tímarammann til að leggja fram athugasemdir og spurningar,

d) um eðli hugsanlegra ákvarðana eða drög að ákvörðun, liggi þau fyrir,

e) um tilgreiningu á tíma og stöðum þar sem þær upplýsingar, sem skipta máli, verða gerðar aðgengilegar eða leiðir til þess að nálgast þær,

f) um upplýsingar um fyrirkomulag varðandi þátttöku almennings skv. 7. mgr. þessarar greinar.

3. Að því er varðar tiltekin einstök verkefni, sem um getur í 1. mgr., skulu aðildarríkin sjá til þess að eftirfarandi sé gert aðgengilegt þeim hluta almennings, sem málið varðar, innan viðeigandi tímamarka:

a) í samræmi við landslöggjöf: helstu skýrslur og ráðleggingar, sem lögbært yfirvald hefur fengið í hendur á þeim tíma þegar sá hluti almennings, sem málið varðar, var upplýstur skv. 2. mgr.,

b) í samræmi við ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál([17]): upplýsingar, aðrar en þær sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, sem skipta máli fyrir viðkomandi ákvörðun og sem verða einungis aðgengilegar eftir að sá hluti almennings, sem málið varðar, hefur verið upplýstur í samræmi við þá málsgrein.

4. Aðildarríkin skulu sjá til þess að sá hluti almennings, sem málið varðar, eigi rétt á að gera athugasemdir og tjá skoðanir sínar við lögbært yfirvald áður en ákvörðun er tekin um tiltekið einstakt verkefni eins og um getur í 1. mgr. og að tekið sé tilhlýðilegt tillit til niðurstaðna samráðsins sem átt hefur sér stað skv. 1. mgr. við ákvarðanatökuna.

5. Aðildarríkin skulu sjá til þess að þegar viðkomandi ákvarðanir eru teknar geri lögbært yfirvald eftirfarandi aðgengilegt almenningi:

a) efni ákvörðunarinnar og rökstuðning hennar, þ.m.t. allar síðari uppfærslur,

b) niðurstöður samráðsins sem fór fram áður en ákvörðunin var tekin og skýring á því hvernig tekið var tillit til þess við ákvarðanatökuna.

6. Við gerð almennra skipulagsáætlana eða framkvæmdaáætlana er varða málefnin, sem um getur í a- eða c-lið 1. mgr., skulu aðildarríkin sjá til þess að almenningi sé gefinn raunhæfur möguleiki snemma í ferlinu á að taka þátt í undirbúningi og breytingum eða endurskoðun með þeim aðferðum sem settar eru fram í 2. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/35/EB frá 26. maí 2003 um þátttöku almennings að því er varðar gerð tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana í tengslum við umhverfismál([18]).

Aðildarríkin skulu skilgreina þann hluta almennings sem á þátttökurétt samkvæmt þessari málsgrein, þ.m.t. viðeigandi frjáls félagasamtök, sem uppfylla allar viðeigandi kröfur í landslögum, s.s. þau sem stuðla að umhverfisvernd.

([17]) Stjtíð. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 26.
([18]) Stjtíð. ESB L 156, 25.6.2003, bls. 17.

Þessi málsgrein gildir ekki að því er varðar skipulags- og framkvæmdaáætlanir þar sem ferli við þátttöku almennings fer fram samkvæmt tilskipun 2001/42/EB.

7. Aðildarríkin skulu ákvarða nánara fyrirkomulag upplýsingagjafar til almennings og samráðs við þann hluta almennings sem málið varðar.

Ákveða skal hæfilegan tímaramma fyrir mismunandi stig og veita þannig nægan tíma til að upplýsa almenning og til að sá hluti almennings, sem málið varðar, geti undirbúið sig og tekið virkan þátt í töku ákvarðana í umhverfismálum sem falla undir ákvæði þessarar greinar.

16. gr.

Upplýsingar sem rekstraraðila ber að gefa og aðgerðir sem grípa skal til í kjölfar stórslyss

Aðildarríkin skulu tryggja að jafnskjótt og unnt er eftir að stórslys hefur orðið sé rekstraraðila skylt, á þann hátt sem best hentar, að:

a) tilkynna það lögbæru yfirvaldi,

b) láta lögbæru yfirvaldi eftirfarandi upplýsingar í té um leið og þær liggja fyrir:

   i. um aðstæður er slysið átti sér stað,

   ii. um hættuleg efni sem um er að ræða,

   iii. um gögn sem tiltæk eru til að meta áhrif slyssins á heilbrigði manna, umhverfi og eignir,

   iv. um neyðarráðstafanir sem gripið er til,

c) upplýsa lögbært yfirvald um fyrirhugaðar ráðstafanir:

   i. til að draga úr áhrifum slyssins til meðallangs og langs tíma,

   ii. til að koma í veg fyrir að slíkt slys endurtaki sig;

d) uppfæra upplýsingarnar ef frekari rannsóknir leiða í ljós viðbótarstaðreyndir sem breyta upplýsingunum eða þeim ályktunum sem dregnar eru af þeim.

17. gr.

Aðgerðir sem lögbæra yfirvaldinu ber að grípa til í kjölfar stórslyss

Í kjölfar stórslyss skulu aðildarríkin gera kröfu um að lögbært yfirvald:

a) tryggi að gerðar séu allar þær bráðaráðstafanir og ráðstafanir til meðallangs eða langs tíma sem kunna að reynast nauðsynlegar,

b) safni með skoðun, rannsókn eða öðrum viðeigandi hætti þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að ljúka megi greiningu á slysinu, hvort sem er á sviði tækni, skipulags eða stjórnunar,

c) tryggi að rekstraraðili grípi til allra nauðsynlegra ráðstafana til úrbóta,

d) setji fram tilmæli um forvarnarráðstafanir í framtíðinni og

e) upplýsi þá einstaklinga, sem slysið hefur líklega áhrif á, um slysið og, ef við á, um þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið til að draga úr afleiðingum þess.

18. gr.

Upplýsingar sem aðildarríkjunum ber að gefa í kjölfar stórslyss

1. Með það fyrir augum að koma í veg fyrir stórslys og draga úr áhrifum þeirra ber aðildarríkjunum að tilkynna framkvæmdastjórninni um stórslys sem falla að viðmiðununum í VI. viðauka og orðið hafa á yfirráðasvæði þeirra. Eftirtaldar upplýsingar skulu lagðar fram:

a) aðildarríkið, nafn og heimilisfang yfirvaldsins sem ber ábyrgð á skýrslunni,

b) hvenær slysið varð (dagur, tími) og hvar, ásamt fullu nafni rekstraraðila og heimilisfangi starfsstöðvarinnar sem á í hlut,

c) stutt lýsing á aðstæðum á slysstað, þar á meðal á þeim hættulegu efnum sem um er að ræða og á fyrstu áhrifum slyssins á heilbrigði manna og umhverfi,

d) stutt lýsing á neyðarráðstöfunum sem gerðar voru og á þeim varúðaraðgerðum sem nauðsynlegt er að grípa til án tafar til þess að koma í veg fyrir sams konar slys,

e) niðurstöður greiningar þeirra og ráðleggingar.

2. Veita skal upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, eins fljótt og auðið er og í síðasta lagi innan árs frá dagsetningu slyssins og nota til þess gagnagrunninn sem um getur í 4. mgr. 21. gr. Þegar aðeins er unnt að veita bráðabirgðaupplýsingar í gagnagrunninn skv. e-lið 1. mgr. innan þessara tímamarka skal uppfæra upplýsingarnar þegar niðurstöður frekari greininga og ráðlegginga liggja fyrir.

Aðildarríki geta frestað upplýsingagjöf sem um getur í e-lið 1. mgr. til að hægt sé að ljúka dómsmálum þegar slík upplýsingagjöf kann að hafa áhrif á málsmeðferðina.

3. Koma skal á skýrslueyðublaði í formi framkvæmdargerða í þeim tilgangi að aðildarríki veiti þær upplýsingar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 27. gr.

4. Aðildarríkjunum ber að tilkynna framkvæmdastjórninni heiti og heimilisfang hverrar þeirrar stofnunar sem kynni að hafa upplýsingar sem máli skipta um stórslys og getur verið til ráðgjafar lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja sem þurfa að láta til sín taka ef hliðstætt slys ber að höndum.

19. gr.

Rekstrarbann

1. Aðildarríkin skulu banna rekstur eða að rekstur hefjist í hverri þeirri starfsstöð, stöð eða geymsluaðstöðu, eða hluta þeirra, þar sem mikið skortir á að ráðstafanir rekstraraðila til að fyrirbyggja stórslys og draga úr afleiðingum þeirra séu fullnægjandi. Aðildarríkin skulu í þessu skyni, meðal annars, taka tillit til alvarlegra tilvika, þar sem ekki er gripið til nauðsynlegra aðgerða, sem tilgreind eru í skoðunarskýrslunni.

Aðildarríkin mega banna rekstur eða að rekstur hefjist í starfsstöð, stöð eða geymsluaðstöðu, eða hluta þeirra, ef rekstraraðili hefur ekki skilað innan tilskilins tíma tilkynningu, skýrslum eða öðrum upplýsingum, sem skylt er að standa skil á samkvæmt þessari tilskipun.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að rekstraraðilar eigi þess kost að áfrýja banni lögbærs yfirvalds samkvæmt 1. mgr. til viðeigandi stofnunar samkvæmt ákvæðum landslaga og innlendri málsmeðferð.

20. gr.

Skoðun

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að lögbær yfirvöld skipuleggi skoðunarkerfi.

2. Skoðun skal hæfa viðeigandi tegund starfsstöðvar. Hún skal eiga sér stað hvort sem öryggisskýrslur eða aðrar skýrslur berast eða ekki. Hún skal nægja til skipulegrar og kerfisbundinnar athugunar á kerfum sem notuð eru í starfsstöðinni, hvort sem um er að ræða tæknibúnað, skipulag eða stjórnun, til þess að unnt sé að tryggja sérstaklega að:

a) rekstraraðili geti sýnt fram á að hann hafi gripið til viðeigandi ráðstafana til að fyrirbyggja stórslys vegna mismunandi starfsemi innan starfsstöðvarinnar,

b) rekstraraðili geti sýnt fram á að hann hafi gripið til viðeigandi úrræða til að draga úr afleiðingum stórslysa, jafnt á staðnum sem utan hans,

c) gögn og upplýsingar, sem er að finna í öryggisskýrslunni eða öðrum innsendum skýrslum, séu viðeigandi lýsing á aðstæðum í starfsstöðinni,

d) upplýsingarnar hafi verið birtar almenningi í samræmi við 14. gr.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að landsbundin, svæðisbundin eða staðbundin skoðunaráætlun nái til allra starfsstöðva og að áætlunin sé endurskoðuð reglulega og uppfærð eftir því sem við á.

Hver skoðunaráætlun skal ná yfir eftirfarandi:

a) almennt mat á viðkomandi öryggismálum,

b) landfræðilegt svæði sem skoðunaráætlunin nær til,

c) skrá yfir starfsstöðvar sem áætlunin nær til,

d) skrá yfir hópa starfsstöðva þar sem keðjuverkun gæti átt sé stað skv. 9. gr.,

e) skrá yfir starfsstöðvar þar sem einstakir ytri áhættuþættir eða upptök hættu kunna að auka áhættu á stórslysi eða auka afleiðingar þess,

f) aðferðir við kerfisbundna skoðun, þ.m.t. áætlanir fyrir slíkar skoðanir skv. 4. mgr.,

g) aðferðir við ókerfisbundnar skoðanir skv. 6. mgr.,

h) ákvæði um samstarf milli mismunandi skoðunaryfirvalda.

4. Lögbært yfirvald skal, á grundvelli skoðunaráætlana sem um getur í 3. mgr., gera reglulega áætlanir um kerfisbundna skoðun í öllum starfsstöðvum, þ.m.t. tíðni heimsókna í stöðvarnar fyrir mismunandi gerðir starfsstöðva.

Tímabilið milli tveggja heimsókna í röð í hverja stöð skal ekki vera lengra en eitt ár fyrir starfsstöðvar sem strangari kröfur eru gerðar til og þrjú ár fyrir starfsstöðvar sem vægari kröfur eru gerðar til, nema að lögbært yfirvald hafi gert skoðunaráætlun sem byggist á kerfisbundnu mati á stórslysahættum í viðkomandi starfsstöðvum.

5. Kerfisbundið mat á hættum fyrir viðkomandi starfsstöðvar skal miðast við a.m.k. eftirfarandi viðmiðanir:

a) möguleg áhrif viðkomandi starfsstöðva á heilbrigði manna og umhverfi,

b) skrár sem staðfesta að farið sé að kröfum þessarar tilskipunar.

Eftir því sem við á skal einnig taka tillit til viðeigandi niðurstaðna skoðana sem fram fara samkvæmt annarri löggjöf Sambandsins.

6. Ókerfisbundnar skoðanir skulu fara fram eins fljótt og unnt er til að kanna alvarlegar kvartanir, alvarleg slys og tilvik þar sem legið hefur við stórslysi og tilvik þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum.

7. Innan fjögurra mánaða eftir hverja skoðun skal lögbært yfirvald tilkynna rekstraraðila um niðurstöður skoðunarinnar og allar nauðsynlegar aðgerðir sem grípa skuli til. Lögbært yfirvald skal sjá til þess að rekstraraðilinn grípi til allra þeirra nauðsynlegu aðgerða innan hæfilegs tíma eftir móttöku tilkynningarinnar.

8. Leiði skoðun í ljós alvarlegt tilvik þess að ekki sé farið að ákvæðum þessarar tilskipunar mun viðbótarskoðun fara fram innan sex mánaða.

9. Þar sem því verður komið við skulu skoðanir samræmdar þeim skoðunum sem fara fram samkvæmt löggjöf Sambandsins og sameinaðar þeim, eftir því sem við á.

10. Aðildarríkin skulu hvetja lögbær yfirvöld til að leggja til fyrirkomulag og tæki til að miðla reynslu og styrkja þekkingu og til að taka þátt í slíku fyrirkomulagi á vettvangi Sambandsins eftir því sem við á.

11. Aðildarríkin skulu sjá til þess að rekstraraðilar veiti lögbærum yfirvöldum alla nauðsynlega aðstoð til að þessi yfirvöld geti látið fara fram skoðun og safnað upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að þau geti uppfyllt skyldur sínar að því er varðar þessa tilskipun, einkum til að yfirvöld geti metið að fullu möguleika á stórslysi og ákvarðað umfang mögulega aukinna líkinda eða aukins alvarleika stórslyss, gera neyðaráætlun til nota utan starfsstöðvar og taka til greina efnin sem, vegna eðlisástands þeirra, tiltekinna aðstæðna eða staðsetningar, kunna að þarfnast aukinnar athygli.

21. gr.

Upplýsingakerfi og upplýsingaskipti

1. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu skiptast á upplýsingum um fengna reynslu á sviði stórslysavarna og takmörkunar á afleiðingum þeirra. Þessar upplýsingar skulu einkum ná til gagnsemi þeirra ráðstafana sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

2. Eigi síðar en 30. september 2019, og á fjögurra ára fresti eftir það, skulu aðildarríki leggja fyrir framkvæmdastjórnina skýrslu um framkvæmd þessarar tilskipunar.

3. Aðildarríkin skulu leggja fyrir framkvæmdastjórnina a.m.k. eftirfarandi upplýsingar um starfsstöðvar sem falla undir þessa tilskipun:

a) nafn eða viðskiptaheiti rekstraraðila og fullt heimilisfang starfsstöðvarinnar sem á í hlut,

b) starfsemi starfsstöðvarinnar.

Framkvæmdastjórn skal koma á og halda uppfærðan gagnagrunn með upplýsingum sem aðildarríkin leggja fram. Aðgangur að gagnagrunninum skal einskorðast við þá einstaklinga sem framkvæmdastjórn eða lögbær yfirvöld aðildarríkjanna gefa til þess leyfi.

4. Framkvæmdastjórnin skal koma upp gagnagrunni sem aðildarríkin hafa aðgang að og nær einkum til einstakra atriða varðandi stórslys sem hafa átt sér stað á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, með það fyrir augum að:

a) dreifa sem hraðast til allra lögbærra yfirvalda upplýsingum sem aðildarríkin leggja fram í samræmi við 1. og 2. mgr. 18. gr.,

b) dreifa til lögbærra yfirvalda greiningu á orsökum stórslysa og því sem af þeim má læra,

c) láta lögbærum yfirvöldum í té upplýsingar um forvarnir,

d) veita upplýsingar um stofnanir sem geta gefið ráðleggingar eða upplýsingar, sem máli skipta, um stórslys, leiðir til að fyrirbyggja þau og draga úr afleiðingum þeirra.

5. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 1. janúar 2015, samþykkja framkvæmdargerðir til að ákvarða sniðið til að miðla upplýsingunum, sem um getur í 2. og 3. mgr. þessarar greinar, frá aðildarríkjum og úr viðkomandi gagnagrunnum sem um getur í 3. og 4. mgr. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 27. gr.

6. Í þeim gagnagrunnum, sem um getur í 4. mgr., skulu a.m.k. vera eftirfarandi:

a) upplýsingarnar sem aðildarríkin leggja fram í samræmi við 1. og 2. mgr. 18. gr.,

b) greining á orsökum slysanna,

c) það sem læra má af slysunum,

d) forvarnir sem nauðsynlegar eru til að afstýra slysum af sama tagi.

7. Framkvæmdastjórnin skal gera þann hluta gagnanna sem ekki eru trúnaðargögn aðgengilegan öllum.

22. gr.

Aðgangur að upplýsingum og upplýsingaleynd

1. Til að uppfylla kröfur um gagnsæi skulu aðildarríkin tryggja að lögbæru yfirvaldi sé skylt að afhenda hverjum þeim einstaklingi eða lögaðila, sem þess æskir, allar upplýsingar sem það býr yfir í samræmi við tilskipun 2003/4/EB.

2. Lögbært yfirvald getur neitað um eða takmarkað birtingu upplýsinga sem krafist er samkvæmt þessari tilskipun, þ.m.t. skv. 14. gr., þegar skilyrði sem mælt er fyrir um í 4. gr. tilskipunar 2003/4/EB eru uppfyllt.

3. Lögbært yfirvald getur neitað um birtingu allra upplýsinga sem það býr yfir og um getur í b- og c-lið 2. mgr. 14. gr., með fyrirvara um 2. mgr. þessarar greinar, hafi rekstraraðilinn farið fram á að tilteknir hlutar öryggisskýrslunnar eða skrár yfir hættuleg efni verði ekki birtir af ástæðum sem tilgreindar eru í 4. gr. tilskipunar 2003/4/EB.

Lögbært yfirvald kann einnig af sömu ástæðu að ákveða að tilteknir hlutar skýrslunnar eða skrárinnar verði ekki birtir. Í slíkum tilvikum og að fengnu samþykki yfirvaldsins skal rekstraraðilinn leggja fyrir lögbært yfirvald breytta skýrslu eða skrá þar sem þessir hlutar eru undanskildir.

23. gr.

Aðgangur að réttarkerfinu

Aðildarríkin skulu tryggja að:

a) sérhver umsækjandi sem óskar eftir upplýsingum skv. b- eða c-lið 2. mgr. 14. gr. eða 1. mgr. 22. gr. þessarar tilskipunar geti farið fram á athugun, í samræmi við 6. gr. tilskipunar 2003/4/EB, á aðgerðum eða aðgerðarleysi lögbærs yfirvalds í tengslum við slíka beiðni,

b) sá hluti almennings sem málið varðar hafi samkvæmt landsbundnu réttarkerfi aðgang að reglum um kærumeðferð sem settar eru fram í 11. gr. tilskipunar 2011/92/ESB í málum sem falla undir 1. mgr. 15. gr. þessarar tilskipunar.

24. gr.

Leiðbeiningar

Framkvæmdastjórnin getur samið leiðbeiningar um öryggis-fjarlægð og keðjuverkun.

25. gr.

Breyting á viðaukum

Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 26. gr. í því skyni að laga II. og VI. viðauka að tækniframförum. Slík aðlögun skal ekki valda umtalsverðum breytingum á skuldbindingum aðildarríkja og rekstraraðila eins og mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

26. gr.

Beiting framsalsins

1. Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 25. gr., í fimm ár á tímabili sem hefst 13. ágúst 2012. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu, að því er varðar framsal valds, eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valds skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en fjórum mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 25. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á framsal þess valds sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 25. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

27. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar sem komið er á fót samkvæmt tilskipun 96/82/EB. Sú nefnd er nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

28. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu ákveða viðurlög við brotum á landsákvæðum sem samþykkt eru samkvæmt þessari tilskipun. Þessi viðurlög skulu vera árangursrík, í réttu hlutfalli við brot og letjandi. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði fyrir 1. júní 2015 og skulu tilkynna henni, án tafar, um hvers konar breytingar sem síðar verða á þeim.

29. gr.

Skýrslugjöf og endurskoðun

1. Eigi síðar en 30. september 2020, og á fjögurra ára fresti eftir það, skal framkvæmdastjórnin, á grundvelli upplýsinga sem aðildarríkin veita í samræmi við 18. gr. og 2. mgr. 21. gr. og upplýsinga í gagnagrunnum, eins og um getur í 3. og 4. mgr. 21. gr. og með tilliti til framkvæmdar 4. gr., leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu um framkvæmd og skilvirkni þessarar tilskipunar, þ.m.t. upplýsingar um stórslys sem hafa orðið innan Sambandsins og möguleg áhrif þeirra á framkvæmd þessarar tilskipunar. Með fyrstu skýrslunni af þessu tagi skal framkvæmdastjórnin láta fylgja mat á þörf á breytingum á gildissviði þessarar tilskipunar. Sérhverri skýrslu getur fylgt, eftir því sem við á, tillaga að nýrri löggjöf.

2. Með skírskotun til viðkomandi löggjafar Sambandsins er framkvæmdastjórninni heimilt að kanna þörf á því að fjalla um fjárhagslega ábyrgð rekstraraðila í tengslum við stórslys, þar með talið að því er varðar tryggingar.

30. gr.

Breyting á tilskipun 96/82/EB

Orðin „d) svartolía“ bætast við fyrirsögnina „Jarðolíuafurðir“ í 1. hluta I. viðauka við tilskipun 96/82/EB

31. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. maí 2015. Þau skulu beita þessum ráðstöfunum frá 1. júní 2015.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein skulu aðildarríkin samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að 30. gr. þessarar tilskipunar eigi síðar en 14. febrúar 2014. Þau skulu beita þessum ráðstöfunum frá 15. febrúar 2014.

Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

32. gr.

Niðurfelling

1. Tilskipun 96/82/EB er felld úr gildi frá og með 1. júní 2015.

2. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í VII. viðauka.

33. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

34. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 4. júlí 2012.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
M. SCHULZ	A. D. MAVROYIANNIS
forseti.	*forseti.*

SKRÁ YFIR VIÐAUKA

I. viðauki — Hættuleg efni

II. viðauki — Gögn og upplýsingar sem taka skal mið af, að lágmarki, í öryggisskýrslunni sem um getur í 10. gr.

III. viðauki — Upplýsingar sem um getur í 5. mgr. 8. gr. og 10. gr. sem lúta að öryggisstjórnunarkerfi og skipulagi starfsstöðvarinnar vegna stórslysavarna

IV. viðauki — Gögn og upplýsingar sem skulu koma fram í öryggisáætlunum sem um getur í 12. gr.

V. viðauki — Upplýsingar til almennings eins og kveðið er á um í 1. mgr. 14. gr. og í a-lið 2. mgr. 14. gr.

VI. viðauki — Viðmiðanir vegna tilkynningar um stórslys til framkvæmdastjórnarinnar eins og kveðið er á um í 1. mgr. 18. gr.

VII. viðauki — Samsvörunartafla

I. VIÐAUKI

HÆTTULEG EFNI

Hættuleg efni sem falla undir hættuundirflokkana í 1. dálki 1. hluta þessa viðauka eru háð því þröskuldsmagni sem sett er fram í 2. og 3. dálki 1. hluta.

Þegar hættulegt efni fellur undir 1. hluta þessa viðauka og er einnig tilgreint í 2. hluta gildir þröskuldsmagnið sem sett er fram í 2. og 3. dálki 2. hluta.

1. HLUTI

Flokkar hættulegra efna

Þessi hluti nær til allra hættulegra efna sem falla undir hættuundirflokkana í 1. dálki:

1. dálkur	2. dálkur	3. dálkur
Hættuundirflokkar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008	Þröskuldsmagn (tonn) hættulegra efna eins og um getur í 10. mgr. 3. gr. að því er varðar	
	Vægari kröfur	Strangari kröfur
H-þáttur – HEILBRIGÐISHÆTTA		
H1 BRÁÐ EITURHRIF 1. undirflokkur, allar váhrifaleiðir	5	20
H2 BRÁÐ EITURHRIF — 2. undirflokkur, allar váhrifaleiðir — 3. undirflokkur, váhrif við innöndun (sjá 7. athugasemd)	50	200
H3 SEM, SÉRTÆK EITURHRIF Á MARKLÍFFÆRI – VÁHRIF Í EITT SKIPTI SEM-VES, 1. undirflokkur	50	200
P-þáttur – EÐLISRÆN HÆTTA		
P1a SPRENGIFIM EFNI (sjá 8. athugasemd) — Óstöðug, sprengifim efni eða — Sprengifim efni, deiliflokkar 1.1, 1.2, 1.3, 1.5 eða 1.6, eða — Efni eða blöndur sem eru sprengifim samkvæmt aðferð A.14 í reglugerð (EB) nr. 440/2008 (sjá 9. athugasemd) og falla ekki undir hættuflokkana lífræn peroxíð eða sjálfhvarfgjörn efni og blöndur	10	50
P1b SPRENGIFIM EFNI (sjá 8. athugasemd) Sprengifim efni, deiliflokkur 1.4 (sjá 10. athugasemd)	50	200
P2 ELDFIMAR LOFTTEGUNDIR Eldfimar lofttegundir í 1. eða 2. undirflokki	10	50
P3a ÚÐABRÚSAR MEÐ ELDFIMUM EFNUM (sjá athugasemd 11.1) „Úðabrúsar með eldfimum efnum“, *1. eða 2. undirflokkur*, sem innihalda eldfimar lofttegundir í 1. eða 2. undirflokki eða eldfima vökva í 1. undirflokki	150 *(nettó)*	500 *(nettó)*
P3b ÚÐABRÚSAR MEÐ ELDFIMUM EFNUM (sjá athugasemd 11.1) „Úðabrúsar með eldfimum efnum“, *1. eða 2. undirflokkur*, sem innihalda hvorki eldfimar lofttegundir í 1. eða 2. undirflokki né eldfima vökva í 1. undirflokki (sjá athugasemd 11.2)	5 000 *(nettó)*	50 000 *(nettó)*

1. dálkur	2. dálkur	3. dálkur
Hættuundirflokkar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008	Þröskuldsmagn (tonn) hættulegra efna eins og um getur í 10. mgr. 3. gr. að því er varðar	
	Vægari kröfur	Strangari kröfur
P4 OXANDI LOFTTEGUNDIR Oxandi lofttegundir í 1. undirflokki	50	200
P5a ELDFIMIR VÖKVAR — Eldfimir vökvar, 1. undirflokkur, eða — Eldfimir vökvar, 2. eða 3. undirflokkur, sem haldið er við hitastig yfir suðumarki, eða — Aðrir vökvar með blossamark ≤ 60 °C sem haldið er við stofuhita yfir blossamarki (sjá 12. athugasemd)	10	50
P5b ELDFIMIR VÖKVAR — Eldfimir vökvar, 2. eða 3. undirflokkur, þar sem tilteknar vinnsluaðstæður, s.s. hár þrýstingur eða hátt hitastig, kunna að skapa stórslysahættu eða — Aðrir vökvar með blossamark ≤ 60 °C þar sem tilteknar vinnsluaðstæður, s.s. hár þrýstingur eða hátt hitastig, kunna að skapa stórslysahættu (sjá 12. athugasemd)	50	200
P5c ELDFIMIR VÖKVAR Eldfimir vökvar í 2. eða 3. undirflokki sem ekki falla undir P5a eða P5b	5 000	50 000
P6a SJÁLFHVARFGJÖRN EFNI OG BLÖNDUR og LÍFRÆN PEROXÍÐ Sjálfhvarfgjörn efni og blöndur af gerð A eða B eða lífræn peroxíð af gerð A eða B	10	50
P6b SJÁLFHVARFGJÖRN EFNI OG BLÖNDUR og LÍFRÆN PEROXÍÐ Sjálfhvarfgjörn efni eða blöndur af gerð C, D, E eða F eða lífræn peroxíð af gerð C, D, E, eða F	50	200
P7 LOFTKVEIKJANDI VÖKVAR OG FÖST EFNI Loftkveikjandi vökvar í 1. undirflokki Loftkveikjandi föst efni í 1. undirflokki	50	200
P7 OXANDI VÖKVAR OG FÖST EFNI Oxandi vökvar í 1., 2. eða 3. undirflokki eða Oxandi föst efni í 1., 2. eða 3. undirflokki	50	200
E-þáttur – UMHVERFISHÆTTA		
E1 Hættulegt fyrir vatnsumhverfi í 1. undirflokki, bráð eiturhrif eða í 1. undirflokki, langvinn eiturhrif	100	200
E2 Hættulegt fyrir vatnsumhverfi í 2. undirflokki, langvinn eiturhrif	200	500
O-þáttur – ÖNNUR HÆTTA		
O1 Efni eða blöndur með hættusetninguna ESB-H014	100	500
O2 Efni og blöndur sem gefa frá sér eldfimar lofttegundir við snertingu við vatn, 1. undirflokkur	100	500
O3 Efni eða blöndur með hættusetninguna ESB-H029	50	200

2. HLUTI

Tilgreind hættuleg efni

1. dálkur	CAS-númer([1])	2. dálkur	3. dálkur
Hættuleg efni		Þröskuldsmagn (tonn) að því er varðar	
		Vægari kröfur	Strangari kröfur
1. Ammóníumnítrat (sjá 13. athugasemd)	—	5 000	10 000
2. Ammóníumnítrat (sjá 14. athugasemd)	—	1 250	5 000
3. Ammóníumnítrat (sjá 15. athugasemd)	—	350	2 500
4. Ammóníumnítrat (sjá 16. athugasemd)	—	10	50
5. Kalíumnítrat (sjá 17. athugasemd)	—	5 000	10 000
6. Kalíumnítrat (sjá 18. athugasemd)	—	1 250	5 000
7. Arsenpentoxíð, arsen(V)sýra og/eða sölt	1303-28-2	1	2
8. Arsenþríoxíð, arsen(II)sýra og/eða sölt	1327-53-3		0,1
9. Bróm	7726-95-6	20	100
10. Klór	7782-50-5	10	25
11. Nikkelefnasambönd í duftformi sem hægt er að anda að sér: nikkelmónoxíð, nikkeldíoxíð, nikkelsúlfíð, trínikkeldísúlfíð, dínikkeltríoxíð	—		1
12. Etýlenímín	151-56-4	10	20
13. Flúor	7782-41-4	10	20
14. Formaldehýð (styrkur ≥ 90%)	50-00-0	5	50
15. Vetni	1333-74-0	5	50
16. Vetnisklóríð (fljótandi gas)	7647-01-0	25	250
17. Blýalkýl	—	5	50
18. Fljótandi eldfimar lofttegundir í 1. eða 2. undirflokki (þ.m.t. fljótandi jarðolíugas) og jarðgas (sjá 19. athugasemd)	—	50	200
19. Asetýlen	74-86-2	5	50
20. Etýlenoxíð	75-21-8	5	50
21. Própýlenoxíð	75-56-9	5	50
22. Metanól	67-56-1	500	5 000
23. 4, 4′-metýlenbis(2-klóranilín) og/eða sölt, í duftformi	101-14-4		0,01
24. Metýlísósýanat	624-83-9		0,15
25. Súrefni	7782-44-7	200	2 000
26. 2,4-tólúendíísósýanat 2,6-tólúendíísósýanat	584-84-9 91-08-7	10	100

1. dálkur	CAS-númer([1])	2. dálkur	3. dálkur
Hættuleg efni		Þröskuldsmagn (tonn) að því er varðar	
		Vægari kröfur	Strangari kröfur
27. Karbónýldíklóríð (fosgen)	75-44-5	0,3	0,75
28. Arsín (arsentríhýdrít)	7784-42-1	0,2	1
29. Fosfín (fosfórtríhýdrít)	7803-51-2	0,2	1
30. Brennisteinsdíklóríð	10545-99-0		1
31. Brennisteinsþríoxíð	7446-11-9	15	75
32. Pólýklórdíbensófúrön og pólýklóródíbensódíoxín (þ.m.t. tetraklórdíbensó-p-díoxín (TCDD), reiknað í TCDD-ígildi (sjá 20. athugasemd)	—		0,001
33. Eftirfarandi KRABBAMEINSVALDAR eða blöndur sem innihalda eftirfarandi krabbameinsvaldandi efni í styrk sem er yfir 5% miðað við þyngd: 4-amínóbífenýl og/eða sölt þess, bensótríklóríð, bensidín og/eða sölt þess, bis-(klórmetýl)etri, klórmetýlmetýletri, 1,2-díbrómetan, díetýlsúlfat, dímetýlsúlfat, dímetýlkarbamóýlklóríð, 1,2-díbróm-3-klórprópan, 1,2-dímetýlhýdrasín, dímetýlnítrósamín, hexametýlfosfórtríamíð, hýdrasín, 2-naptýlamín og/eða sölt þess, 4-nítródífenýl og 1,3-própansúltón	—	0,5	2
34. Jarðolíuafurðir og annars konar eldsneyti a) bensín og nafta, b) steinolía (þ.m.t. þotueldsneyti), c) gasolía (þ.m.t. dísileldsneyti, gasolía til upphitunar fyrir heimili og blöndunarþættir í gasolíu) d) svartolía e) annars konar eldsneyti sem hefur sama tilgang og með svipaða eiginleika að því er varðar eldfimi og umhverfishættu og efnin sem um getur í a- til d-lið	—	2 500	25 000
35. Vatnsfrítt ammoníak	7664-41-7	50	200
36. Bórtríflúoríð	7637-07-2	5	20
37. Vetnissúlfíð	7783-06-4	5	20
38. Píperídín	110-89-4	50	200
39. Bis(2-dímetýlamínóetýl)(metýl)amín	3030-47-5	50	200
40. 3-(2-etýlhexýloxý)própýlamín	5397-31-9	50	200
41. Blöndur([*]) með natríumhýpóklóríti sem eru flokkaðar í 1. undirflokk, bráð eiturhrif á vatnsumhverfi [H400], sem innihalda minna en 5% af virkum klór og eru ekki flokkaðar undir neinn annan hættuundirflokk í 1. hluta I. viðauka.		200	500

([*]) Að því tilskildu að þegar natríumhýpóklórít er ekki fyrir hendi myndi blandan ekki flokkast í 1. undirflokk, bráð eiturhrif á vatnsumhverfi [H400].

1. dálkur	CAS-númer([1])	2. dálkur	3. dálkur
Hættuleg efni		Þröskuldsmagn (tonn) að því er varðar	
		Vægari kröfur	Strangari kröfur
42. Propýlamín (sjá 21. athugasemd)	107-10-8	500	2 000
43. Tert-bútýlakrýlat (sjá 21. athugasemd)	1663-39-4	200	500
44. 2-metýl-3-bútennítríl (sjá 21. athugasemd)	16529-56-9	500	2 000
45. Tetrahýdró-3,5-dímetýl-1,3,5,-þíadíasín-2-þíón (dasómet) (sjá athugasemd 21)	533-74-4	100	200
46. Metýlakrýlat (sjá 21. athugasemd)	96-33-3	500	2 000
47. 3-metýlpýridín (sjá 21. athugasemd)	108-99-6	500	2 000
48. 1-brómó-3-klórprópan (sjá 21. athugasemd)	109-70-6	500	2 000

([1]) CAS-númerið er aðeins sýnt til upplýsingar.

ATHUGASEMDIR VIÐ I. VIÐAUKA

1. Efni og blöndur eru flokkuð í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008.

2. Farið skal með blöndur á sama hátt og óblönduð efni að því tilskildu að þær haldist innan styrkleikamarkanna sem ákveðin eru í samræmi við eiginleika þeirra samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008, eða nýjustu breytingu á henni til aðlögunar að tækniframförum, nema prósentuhlutfall eða önnur lýsing sé sérstaklega gefin upp.

3. Þröskuldsmagnið, sem tilgreint er hér að ofan, á við hverja starfsstöð um sig.

   Magnið, sem miðað skal við vegna beitingar viðeigandi greina tilskipunarinnar, er það hámarksmagn sem er að finna eða talið er líklegt að verði að finna á einhverjum tíma. Ef magn hættulegs efnis í tiltekinni starfsstöð nemur ekki meira en 2% af viðeigandi þröskuldsmagni, þá skal líta fram hjá því við útreikning á heildarmagninu sem er að finna, enda sé staðsetning efnisins innan starfsstöðvarinnar með þeim hætti að það geti ekki leitt til stórslyss annars staðar í starfsstöðinni.

4. Eftirfarandi reglur sem lúta að því að hættulegum efnum eða flokkum hættulegra efna er bætt við skulu gilda þar sem það á við:

   Ef um er að ræða starfsstöð þar sem ekkert eitt hættulegt efni er fyrir hendi í magni sem er yfir eða jafnt þröskuldsmagninu skal beita eftirfarandi reglu til þess að ákvarða hvort starfsstöðin falli undir viðkomandi kröfur í þessari reglugerð.

   Þessi tilskipun gildir um starfsstöðvar sem strangari kröfur eru gerðar til ef summan:

   $q_1/Q_{U1} + q_2/Q_{U2} + q_3/Q_{U3} + q_4/Q_{U4} + q_5/Q_{U5} + \ldots$ er hærri eða jöfn 1,

   þar sem q_x = magn hættulega efnisins x (eða flokks hættulegra efna) sem heyra undir 1. eða 2. hluta þessa viðauka,

   og Q_{UX} = viðkomandi þröskuldsmagn hættulega efnisins eða flokks x í 3. dálki 1. hluta eða 3. dálki 2. hluta þessa viðauka.

   Þessi tilskipun gildir um starfsstöðvar sem vægari kröfur eru gerðar til ef summan:

   $q_1/Q_{L1} + q_2/Q_{L2} + q_3/Q_{L3} + q_4/Q_{L4} + q_5/Q_{L5} + \ldots$ er hærri eða jöfn 1,

   þar sem q_x = magn hættulega efnisins x (eða flokks hættulegra efna) sem heyra undir 1. eða 2. hluta þessa viðauka,

og Q_{LX} = viðkomandi þröskuldsmagn hættulega efnisins eða flokks x í 2. dálki 1. hluta eða í 2. dálki 2. hluta þessa viðauka.

Nota skal þessa reglu til að meta heilbrigðishættu, eðlisræna hættu og umhverfishættu. Því er nauðsynlegt að beita henni þrisvar sinnum:

a) þegar bætt er við hættulegum efnum, sem talin eru upp í 2. hluta og falla undir 1., 2. eða 3. undirflokk (íkomuleið við innöndun), bráð eiturhrif, eða 1. undirflokk, SEM-VES, ásamt hættulegum efnum sem falla undir H-þátt, færslur H1 til H3 í 1. hluta,

b) þegar bætt er við hættulegum efnum, sem talin eru upp í 2. hluta, sem eru sprengifim efni, eldfimar lofttegundir, úðabrúsar með eldfimum efnum, oxandi lofttegundir, eldfimir vökvar, sjálfhvarfgjörn efni og blöndur, lífræn peroxíð, loftkveikjandi vökvar og föst efni, oxandi vökvar og föst efni, ásamt hættulegum efnum sem falla undir P-þátt, færslur P1 til P8 í 1. hluta,

c) þegar bætt er við hættulegum efnum, sem talin eru upp í 2. hluta og falla undir 1. undirflokk, hættuleg fyrir vatnsumhverfi, bráð eiturhrif, eða 2. undirflokk, langvinn eiturhrif, ásamt hættulegum efnum sem falla undir E-þátt, færslur E1 og E2 í 1. hluta.

Ákvæði þessarar tilskipunar gilda eftir því sem við á ef einhver summanna sem fæst úr a-, b- eða c-lið er hærri en eða jöfn 1.

5. Ef um er að ræða hættuleg efni sem ekki falla undir reglugerð (EB) nr. 1272/2008, þar með talinn úrgangur, en sem eru samt fyrir hendi, eða eru líkleg til að vera fyrir hendi, í starfsstöð og sem hafa eða eru líkleg til að hafa, við þær aðstæður sem eru í starfsstöðinni, jafngilda eiginleika að því er varðar möguleika á stórslysi, skulu þessi efni flokkuð til bráðabirgða í þann flokk sem er hliðstæðastur eða með hliðstæðustu, tilgreindum hættulegum efnum sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar.

6. Þegar um er að ræða hættuleg efni, sem flokka má á mismunandi vegu vegna eiginleika þeirra, skal minnsta þröskuldsmagn gilda að því er tekur til þessarar tilskipunar. Hins vegar, að því er varðar beitingu reglunnar í 4. athugasemd, skal nota minnsta þröskuldsmagn fyrir hvern hóp undirflokka í a-, b- og c-lið 4. athugasemdar sem svarar til viðkomandi flokkunar.

7. Hættuleg efni sem falla undir 3. undirflokk, bráð eiturhrif, íkomuleið um munn (H 301), skulu falla undir færsluna H2 BRÁÐ EITURHRIF í þeim tilvikum þar sem hvorki er hægt að leiða út flokkun undir bráð eiturhrif við innöndun né bráð eiturhrif á húð, t.d. vegna þess að ekki eru fyrirliggjandi ótvíræðar upplýsingar um eiturhrif við innöndun eða á húð.

8. Hættuflokkurinn sprengifim efni felur í sér sprengifima hluti (sjá lið 2.1 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008). Ef magn sprengifima efnisins eða blöndunnar í hlutnum er þekkt skal taka mið af því magni að því er varðar þessa tilskipun. Ef magn sprengifima efnisins eða blöndunnar í hlutnum er ekki þekkt skal farið með allan hlutinn sem sprengifimt efni að því er varðar þessa tilskipun.

9. Prófun á sprengifimum eiginleikum efna og blandna er nauðsynleg aðeins ef í ljós kemur við kembirannsókn skv. 6. viðbæti í 3. hluta tilmæla Sameinuðu þjóðanna um flutning á hættulegum farmi, Handbók um prófanir og viðmiðanir (e. *UN Manual of Tests and Criteria*)([19]) að efnið eða blandan hafi mögulega sprengifima eiginleika.

10. Ef sprengifim efni í deiliflokki 1.4 eru ekki í umbúðum, eða þeim er endurpakkað í aðrar umbúðir, skulu þau færð undir færslu P1a, nema að sýnt sé fram á að hættan svari enn til deiliflokks 1.4, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008.

11.1. Úðabrúsar með eldfimum efnum eru flokkaðir í samræmi við tilskipun ráðsins 75/324/EBE frá 20. maí 1975 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi úðabrúsa([20]) (tilskipun um úðabrúsa). „Afar eldfimt“ og „eldfimt“ úðaefni í tilskipun 75/324/EBE samsvarar annars vegar 1. undirflokki, úðabrúsar með eldfimum efnum og hins vegar 2. undirflokki, úðabrúsar með eldfimum efnum í reglugerð (EB) nr. 1272/2008.

11.2. Til að hægt sé að nota þessa færslu þarf að vera skjalfest að úðabrúsinn innihaldi hvorki eldfima lofttegund í 1. eða 2. undirflokki né eldfiman vökva í 1. undirflokki.

([19]) Nánari leiðbeiningar um niðurfellingu prófunarinnar er að finna í aðferðarlýsingu A.14, sjá reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 440/2008 frá 30. maí 2008 þar sem mælt er fyrir um prófunaraðferðir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (Stjtíð. ESB L 142, 31.5.2008, bls. 1).

([20]) Stjtíð. EB L 147, 9.6.1975, bls. 40.

12. Samkvæmt málsgrein 2.6.4.5 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 þarf ekki að flokka vökva með blossamark yfir 35 °C í 3. undirflokk ef neikvæðar niðurstöður fást úr prófun L.2 á bruna sem er haldið við, sjá 32. lið í III. hluta Handbókar SÞ um prófanir og viðmiðanir. Þetta gildir hins vegar ekki við aðstæður eins og þar sem hitastig eða loftþrýstingur er aukinn og því eru slíkir vökvar taldir með í þessari færslu.

13. Ammóníumnítrat (5 000/10 000): áburður sem getur sundrast á sjálfbæran hátt

Þetta gildir um fjölgildan/einkorna áburð með ammóníumnítrati (fjölgildur/eingildur áburður inniheldur ammóníumnítrat og fosfat og/eða pottösku) sem getur sundrast á sjálfbæran hátt samkvæmt trogprófun SÞ (sjá Handbók SÞ um prófanir og viðmiðanir, III. hluta, kafla 38.2), og þar sem köfnunarefnisinnihald sem rekja má til ammóníumnítrats er

— frá 15,75%([21]) til 24,5%([22]) miðað við þyngd, og annaðhvort með minna en 0,4% af samanlögðu brennanlegu/lífrænu efni eða sem uppfyllir kröfur skv. 2. þætti III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003 frá 13. október 2003 um áburð([23]),

— 15,75% miðað við þyngd eða minna og ótakmarkað magn brennanlegs efnis.

14. Ammóníumnítrat (1 250/5 000): hreinleiki áburðar

Þetta gildir um eingildan áburð með ammóníumnítrati og um fjölgildan/einkorna áburð sem inniheldur ammóníumnítrat sem uppfyllir kröfur skv. 2. þætti III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003 og þar sem köfnunarefnisinnihaldið, sem rekja má til ammóníumnítrats, er

— meira en 24,5% miðað við þyngd, að undanskildum eingildum blöndum ammóníumnítratsáburðar og dólómíts, kalksteins og/eða kalsíumkarbónats með hreinleika sem er a.m.k. 90%,

— meira en 15,75% miðað við þyngd að því er varðar blöndur ammóníumnítrats og ammóníumsúlfats,

— meira en 28%[24] miðað við þyngd, fyrir eingildar blöndur ammóníumnítratsáburðar og dólómíts, kalksteins og/eða kalsíumkarbónats með hreinleika sem er a.m.k. 90%.

15. Ammóníumnítrat (350/2 500): tæknilegur hreinleiki

Þetta gildir um ammóníumnítrat og blöndur ammóníumnítrats þar sem köfnunarefnisinnihaldið, sem rekja má til ammóníumnítratsins, er

— frá 24,5% til 28% miðað við þyngd og brennanleg efni eru ekki yfir 0,4%,

— meira en 28% miðað við þyngd og brennanleg efni eru ekki yfir 0,2%.

Þetta gildir einnig um vatnskenndar ammóníumnítratlausnir þar sem styrkur ammóníumnítrats er ekki meiri en 80% miðað við þyngd.

16. Ammóníumnítrat (10/50): efni sem stenst ekki gæðakröfur og áburður sem stenst ekki sprengiprófun

Þetta gildir um:

— efni, sem er hafnað í framleiðsluferlinu, og um ammóníumnítrat og blöndur með því, eingildan áburð, sem er að stofni til úr ammóníumnítrati, fjölgildan/einkorna áburð með ammóníumnítrati, sem um getur í 14. og 15. athugasemd og endanlegur notandi skilar eða hefur skilað til framleiðanda, á bráðabirgðageymslustað eða endurvinnslustöð til að vinna að nýju, til endurvinnslu eða meðhöndlunar til öruggrar notkunar, þar eð þau eru ekki lengur í samræmi við forskriftirnar í 14. og 15. athugasemd,

— áburð sem um getur í fyrsta undirlið 13. athugasemdar og 14. athugasemd við þennan viðauka sem uppfyllir ekki kröfur skv. 2. þætti III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003.

17. Kalíumnítrat (5 000/10 000)

Þetta gildir um eingildan áburð að stofni til úr kalíumnítrati (smákorna eða kornaðan) sem hefur sömu hættulegu eiginleika og hreint kalíumnítrat.

([21]) niturinnihald, sem er 15,75% miðað við þyngd og rekja má til ammóníumnítrats, svarar til 45% ammóníumnítrats.
([22]) niturinnihald, sem er 24,5% miðað við þyngd og rekja má til ammóníumnítrats, svarar til 70% ammóníumnítrats.
([23]) Stjtíð. ESB L 304, 21.11.2003, bls. 1.
([24]) niturinnihald, sem er 28% miðað við þyngd og rekja má til ammóníumnítrats, svarar til 80% ammóníumnítrats.

18. Kalíumnítrat (1 250/5 000)

Þetta gildir um eingildan áburð að stofni til úr kalíumnítrati (kristallaðan) sem hefur sömu hættulegu eiginleika og hreint kalíumnítrat.

19. Stigbætt lífgas

Að því er varðar framkvæmd þessarar tilskipunar má flokka stigbætt lífgas undir 18. færslu í 2. hluta I. viðauka þegar það hefur verið unnið í samræmi við gildandi staðla fyrir hreinsað og stigbætt lífgas sem tryggja samsvarandi gæði og jarðgass, þ.m.t. metaninnihald, og sem inniheldur að hámarki 1% súrefni.

20. Polýklórdíbensófúrön og pólýklórdíbensódíoxín

Magn pólýklórdíbensófúrana og pólýklórdíbensódíoxína er reiknað samkvæmt eftirtöldum þáttum:

Eiturjafngildisstuðlar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar frá 2005			
2,3,7,8-TCDD	1	2,3,7,8-TCDF	0,1
1,2,3,7,8-PeCDD	1	2,3,4,7,8-PeCDF	0,3
		1,2,3,7,8-PeCDF	0,03
1,2,3,4,7,8-HxCDD	0,1		
1,2,3,6,7,8-HxCDD	0,1	1,2,3,4,7,8-HxCDF	0,1
1,2,3,7,8,9-HxCDD	0,1	1,2,3,7,8,9-HxCDF	0,1
		1,2,3,6,7,8-HxCDF	0,1
1,2,3,4,6,7,8-HpCDD	0,01	2,3,4,6,7,8-HxCDF	0,1
OCDD	0,0003	1,2,3,4,6,7,8-HpCDF	0,01
		1,2,3,4,7,8,9-HpCDF	0,01
		OCDF	0,0003

(T = tetra, P = penta, Hx = hexa, Hp = hepta, O = okta)

Tilvísun — Van den Berg et al: The 2005 World Health Organisation Re-evaluation of Human and Mammalian Toxic Equivalency Factors for Dioxins and Dioxin-like Compounds

21. Í þeim tilvikum þar sem þetta hættulega efni fellur undir undirflokk P5a, eldfimir vökvar, eða P5b, eldfimir vökvar, skal minnsta þröskuldsmagn gilda að því er varðar þessa tilskipun.

II. VIÐAUKI

Gögn og upplýsingar sem taka skal mið af, að lágmarki, í öryggisskýrslunni sem um getur í 10. gr.

1. Upplýsingar um stjórnkerfi og skipulag starfsstöðvarinnar vegna stórslysavarna.

   Þessar upplýsingar skulu taka til atriðanna sem vísað er til í III. viðauka.

2. Lýsing á umhverfi starfsstöðvarinnar:

   a) lýsing á starfsstöðinni og umhverfi hennar, þar á meðal landfræðilegri legu, með upplýsingum um veðurfar, staðhætti, vatnamælingar, svo og sögu staðarins ef þess gerist þörf,

   b) lýsing á stöðvum í starfsstöðinni og annarri starfsemi sem af gæti stafað hætta á stórslysum,

   c) á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga: upplýsingar um nærliggjandi starfsstöðvar og stöðvar sem falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar, svæði og framkvæmdir sem gætu verið upptök eða aukið hættu á stórslysi eða aukið afleiðingar þess ásamt keðjuverkun,

   d) lýsing á svæðum þar sem stórslys gæti orðið.

3. Lýsing á stöðinni:

   a) lýsing á helstu starfsemi og framleiðsluvörum þeirra hluta starfsstöðvarinnar sem eru mikilvægir með hliðsjón af öryggismálum, sömuleiðis lýsing á stórslysavöldum og aðstæðum sem stórslys gæti orðið við, ásamt lýsingu á fyrirhuguðum forvörnum,

   b) lýsing á ferlum, einkum starfsaðferðum, þar sem er eftir atvikum tekið tillit til fyrirliggjandi upplýsinga um bestu starfsvenjur,

   c) lýsing á hættulegum efnum:

      i. skrá yfir hættuleg efni ásamt:

         — auðkenningu hættulegra efna: efnaheiti, CAS-númer, heiti samkvæmt IUPAC-flokkunarkerfinu,

         — því hámarksmagni hættulegra efna sem er að finna eða gæti verið að finna á staðnum,

      ii. eðlis-, efna- og eiturefnafræðilegir eiginleikar ásamt ábendingum um hættur fyrir heilbrigði manna og umhverfi, bæði núverandi og þær sem síðar gætu komið til,

      iii. eðlis- og efnafræðilegt hátterni við venjulegar notkunaraðstæður og við fyrirsjáanlegar slysaaðstæður.

4. Greining á slysahættu og forvarnaraðferðir:

   a) nákvæm lýsing á hugsanlegum aðstæðum við stórslys og líkum á þeim eða þeim aðstæðum sem þau verða við, þar á meðal yfirlit um atvik sem geta orðið til þess að skapa slíkar aðstæður, hvort sem orsakirnar er að finna í stöðvunum sjálfum eða utan þeirra, einkum:

      i. orsakir tengdar starfrækslu,

      ii. ytri orsakir, svo sem í tengslum við keðjuverkun, stöðvar sem falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar, svæði og framkvæmdir sem gætu verið upptök eða aukið hættu á stórslysi eða afleiðingum þess,

      iii. náttúrulegar orsakir, t.d. jarðskjálftar eða flóð,

   b) mat á því hversu víðtækar og alvarlegar afleiðingar skilgreindra stórslysa gætu verið, þ.m.t. kort, myndir eða, eftir því sem við á, jafngildar lýsingar sem sýna svæði sem eru líkleg til að verða fyrir áhrifum við slík slys sem rekja má til starfsstöðvarinnar,

c) endurskoðun fyrri slysa og atvika þar sem sömu efni og ferli koma við sögu, umfjöllun um lærdóm sem af þeim má draga og skýr vísun í sértækar ráðstafanir sem gerðar voru til að fyrirbyggja slík slys,

d) lýsing á tæknilegum færibreytum og á búnaði sem er notaður til að tryggja öryggi í stöðvunum.

5. Varnir og viðbúnaður til að draga úr afleiðingum stórslyss:

a) lýsing á búnaði í stöðinni til að takmarka afleiðingar stórslysa á heilbrigði manna og umhverfi, m.a. greiningar- og varnarkerfi, tæknibúnaði til að takmarka umfang losunar fyrir slysni, þ.m.t. vatnsúða, gufuskermum, safnkerjum eða söfnunarílátum fyrir neyðartilvik, afsláttarlokum, óvirkjandi kerfi, söfnun slökkvivatns,

b) skipulag viðvörunar og viðbúnaðar,

c) lýsing á tiltækum úrræðum í starfsstöðinni eða utan hennar,

d) lýsing á öllum viðkomandi ráðstöfunum, sem eru tæknilegs eðlis eða ekki, til að draga úr áhrifum stórslyss.

III. VIÐAUKI

Upplýsingar sem um getur í 5. mgr. 8. gr. og 10. gr. sem lúta að öryggisstjórnunarkerfi og skipulagi starfsstöðvarinnar vegna stórslysavarna

Með það fyrir augum að hrinda í framkvæmd öryggisstjórnunarkerfi rekstraraðilans skal taka eftirtalin atriði til greina:

a) öryggisstjórnunarkerfið skal vera í réttu hlutfalli við hætturnar, atvinnustarfsemina og flækjustig skipulags starfsstöðvarinnar og byggjast á áhættumati; það skal einnig ná til þess hluta almenna stjórnunarkerfisins sem felur í sér stjórnskipulag, ábyrgð, starfshætti, ferli og tilföng fyrir ákvörðun og framkvæmd áætlunar um stórslysavarnir,

b) með öryggisstjórnunarkerfinu skal tekið á eftirtöldum atriðum:

i. skipulagi og starfsfólki — hlutverk og ábyrgð starfsfólks sem tekur þátt í stjórnun stórslysa á öllum stigum skipulagsins ásamt ráðstöfunum sem eru gerðar til að auka vitund um þörf á stöðugum endurbótum. Greina skal þörf starfsfólks fyrir þjálfun og bjóða því slíka þjálfun. Þátttöku starfsmanna og undirverktaka sem vinna í starfsstöðinni og eru mikilvægir með tilliti til öryggis,

ii. greiningu og mati á helstu hættum — að teknar séu upp og notaðar aðferðir við kerfisbundna greiningu á helstu hættum sem skapast við eðlilegan jafnt sem óeðlilegan rekstur, þ.m.t. eftir atvikum starfsemi undirverktaka, svo og mat á líkum og alvarleika þessara hættna,

iii. rekstrarstjórn — að teknar séu upp og notaðar aðferðir og leiðbeiningar um öruggan rekstur, þ.m.t. viðhald, í verksmiðjunni, vinnsluferlum og búnaði og við stjórnun í neyðarástandi og tímabundna rekstrarstöðvun; með tilliti til fyrirliggjandi upplýsinga um bestu starfsvenjur við eftirlit og stjórnun með það að markmiðið að draga úr hættu á kerfisbilun; stjórnun og eftirlit með áhættu sem fylgir því að uppsettur búnaður í starfsstöð eldist og tærist, skrá yfir búnað starfsstöðvarinnar, áætlun og aðferð fyrir eftirlit og stjórnun ástands búnaðarins í starfsstöðinni, viðeigandi framhaldsaðgerðir og nauðsynlegar gagnráðstafanir,

iv. stjórnun breytinga — að teknar séu upp og notaðar aðferðir við skipulag breytinga á stöðvum, vinnsluferlum eða geymsluaðstöðu, eða hönnun nýrra.

v. skipulag á neyðarstundu — að teknar séu upp og notaðar aðferðir við að sjá fyrir neyðartilvik með skipulagðri greiningu, við að semja, prófa og endurskoða neyðaráætlanir til að bregðast við slíkum neyðartilvikum og veita viðkomandi starfsmönnum sérhæfða þjálfun. Allir sem starfa í starfsstöðinni skulu hljóta slíka þjálfun, þ.m.t. starfsmenn í undirverktöku sem eiga hlut að máli.

vi. vöktun árangurs — að teknar séu upp og notaðar aðferðir við símat á því að unnið sé í samræmi við markmiðin í áætlun rekstraraðila um stórslysavarnir og í öryggisstjórnunarkerfinu og aðferðir við rannsókn og aðgerðir til úrbóta ef svo er ekki. Aðferðirnar skulu ná til kerfisins sem rekstraraðili hefur komið upp til að tilkynna stórslys eða tilvik, þar sem legið hefur við stórslysi, einkum þegar verndarráðstafanir hafa brugðist, ásamt rannsókn á slíkum atvikum og eftirfylgni á grundvelli fenginnar reynslu. Aðferðirnar geta einnig falið í sér árangursvísbenda svo sem árangursvísbenda fyrir öryggi (e. *safety performance indicators, SPIs*) og/eða aðra viðeigandi vísa.

vii. úttekt og endurskoðun — að teknar séu upp og notaðar aðferðir við reglubundið og kerfisbundið mat á áætlun um stórslysavarnir og skilvirkni og hagkvæmni öryggisstjórnunarkerfisins og að endurskoðun á árangri áætlunarinnar og öryggisstjórnunarkerfisins og uppfærsla þeirra af hálfu yfirstjórnar starfsstöðvarinnar sé skjalfest, þ.m.t. að fjalla um og taka upp nauðsynlegar breytingar sem bent er á í úttektinni og endurskoðuninni.

IV. VIÐAUKI

Gögn og upplýsingar sem skulu koma fram í öryggisáætlunum sem um getur í 12. gr.

1. Neyðaráætlanir til nota í starfsstöðinni:

   a) Nöfn eða stöður þeirra sem er heimilt að hefja neyðaraðgerðir og þess sem stjórnar aðgerðum til að draga úr skaða á staðnum og samræmir þær.

   b) Nafn eða staða þess sem annast tengsl við yfirvaldið sem ber ábyrgð á neyðaráætlun til nota utan starfsstöðvarinnar.

   c) Vegna fyrirsjáanlegra aðstæðna eða atvika sem gætu hrundið af stað stórslysi skal fylgja lýsing á því sem gera skal til að hafa stjórn á þessum aðstæðum eða atvikum og draga úr afleiðingum þeirra, þar á meðal lýsing á öryggisbúnaði og tiltækum úrræðum.

   d) Ráðstafanir til að draga úr áhættu fyrir menn á staðnum, þar á meðal hvernig gefa á viðvörun og hvað fólki er ætlað að gera þegar viðvörun er gefin.

   e) Ráðstafanir til að koma sem fyrst tilkynningu um slysið til yfirvaldsins sem ber ábyrgð á framkvæmd neyðaráætlunar utan starfsstöðvarinnar, upplýsingar sem fylgja skulu fyrstu viðvörun og ráðstafanir til að koma ítarlegri upplýsingum á framfæri eftir því sem þær berast.

   f) Ráðstafanir til að þjálfa starfsfólk í störfum sem því er ætlað að sinna og samræma þessa þjálfun við neyðarþjónustu utan starfsstöðvarinnar ef nauðsyn krefur,

   g) Ráðstafanir til aðstoðar við að draga úr skaða utan starfsstöðvarinnar.

2. Neyðaráætlanir til nota utan starfsstöðvarinnar:

   a) Nöfn eða stöður þeirra sem er heimilt að hefja neyðaraðgerðir og þeirra sem er heimilt að stjórna aðgerðum utan starfsstöðvarinnar og samræma þær.

   b) Ráðstafanir til að fá sem fyrst tilkynningu um óhapp, ásamt aðferðum við viðvörun og útkall.

   c) Ráðstafanir til að samræma þau úrræði sem nauðsynleg eru til að hrinda neyðaráætlun utan starfsstöðvarinnar í framkvæmd.

   d) Ráðstafanir til aðstoðar við að draga úr skaða í starfsstöðinni.

   e) Ráðstafanir til að draga úr skaða utan starfsstöðvarinnar, þ.m.t. viðbrögð við sviðsmyndum stórslyss eins og sett er fram í öryggisskýrslunni og að teknu tilliti til hugsanlegrar keðjuverkunar, þ.m.t. stórslys sem hafa áhrif á umhverfið.

   f) Ráðstafanir til að veita almenningi og öllum nærliggjandi starfsstöðvum eða stöðvum, sem falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar, í samræmi við 9. gr., sértækar upplýsingar að því er varðar slysið og hvernig bregðast skuli við því.

   g) Ráðstafanir til að dreifa upplýsingum til neyðarþjónustu annarra aðildarríkja þegar um er að ræða stórslys sem geta haft áhrif yfir landamæri.

V. VIÐAUKI

Upplýsingar til almennings eins og kveðið er á um í 1. mgr. 14. gr. og í a-lið 2. mgr. 14. gr.

1. HLUTI

Fyrir allar starfsstöðvar sem falla undir þessa tilskipun:

1. Nafn eða viðskiptaheiti rekstraraðila og fullt heimilisfang viðkomandi starfsstöðvar.

2. Staðfesting á því að starfsstöðin falli undir reglur og/eða stjórnsýslufyrirmæli um framkvæmd þessarar tilskipunar og að tilkynningin, sem um getur í 1. mgr. 7. gr., eða öryggisskýrslan, sem um getur í 1. mgr. 10. gr., hafi verið send lögbæru yfirvaldi.

3. Auðskiljanleg útskýring á þeirri starfsemi sem fram fer í starfsstöðinni.

4. Almenn heiti efna, sem eru notuð í starfsstöðinni og gætu valdið stórslysi, ef um er að ræða hættuleg efni sem falla undir 1. hluta I. viðauka, eða almenn heiti eða hættuflokkun viðkomandi hættulegra efna, sem notuð eru í starfsstöðinni og gætu valdið stórslysi, ásamt upplýsingum á einföldu máli um hættulegustu eiginleika þeirra.

5. Almennar upplýsingar um hvernig þeim hluta almennings sem málið varðar verður gert viðvart, ef þörf er á, viðunandi upplýsingar um viðeigandi hegðun komi til stórslyss eða vísbendingar um hvar hægt sé að nálgast þessar upplýsingar rafrænt.

6. Dagsetning síðustu heimsóknar í samræmi við 4. mgr. 20. gr. eða tilvísun um hvar hægt sé að nálgast þessar upplýsingar rafrænt, upplýsingar um hvar hægt sé að fara fram á ítarlegri upplýsingar um skoðunina og skoðunaráætlunina sem henni tengist, með fyrirvara um kröfur skv. 22. gr.

7. Geta skal þess hvar frekari upplýsingar er að fá, með fyrirvara um ákvæði 22. gr.

2. HLUTI

Fyrir starfsstöðvar, sem strangari kröfur eru gerðar til, í viðbót við upplýsingarnar sem um getur í 1. hluta þessa viðauka:

1. Almennar upplýsingar varðandi eðli stórslysahættunnar, þ.m.t. möguleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfi og nákvæmt yfirlit helstu gerða sviðsmynda stórslysa og varnarráðstafana til að bregðast við þeim.

2. Staðfesting á því að rekstraraðila sé skylt að gera viðeigandi ráðstafanir á staðnum, einkum að hafa samband við neyðarþjónustu, til þess að bregðast við stórslysum og draga sem mest úr afleiðingum þeirra.

3. Viðeigandi upplýsingar úr neyðaráætlun til nota utan starfsstöðvar til að bregðast við áhrifum slyssins þar. Hér skulu fylgja með ráðleggingar um að hlíta fyrirmælum eða óskum neyðarþjónustu ef slys verður.

4. Eftir atvikum: upplýsingar um hvort starfsstöðin er nálægt yfirráðasvæði annars aðildarríkis þar sem fyrir hendi er möguleiki á stórslysi sem gæti haft áhrif yfir landamæri samkvæmt samningi efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu um áhrif iðnaðarslysa yfir landamæri.

VI. VIÐAUKI

Viðmiðanir vegna tilkynningar um stórslys til framkvæmdastjórnarinnar eins og kveðið er á um í 1. mgr. 18. gr.

I. Tilkynna ber framkvæmdastjórninni um öll stórslys sem getið er í 1. mgr. eða einhverjar þær afleiðingar sem lýst er í 2., 3., 4. og 5. mgr.

1. Hættuleg efni sem eiga í hlut

   Hvers kyns eldsvoði eða sprenging eða losun hættulegs efnis af slysni þar sem við sögu koma að minnsta kosti 5% þröskuldsmagnsins sem tilgreint er í 3. dálki 1. hluta eða í 3. dálki 2. hluta I. viðauka.

2. Meiðsl á fólki og fasteignatjón:

   a) dauðsfall,

   b) meiðsl sex manna í starfsstöðinni sem leiða til að minnsta kosti 24 stunda sjúkrahúsvistar þeirra,

   c) sjúkrahúsvist eins manns utan starfsstöðvarinnar í að minnsta kosti 24 stundir,

   d) tjón á íbúðarhúsnæði utan starfsstöðvarinnar sem gerir það ónothæft vegna slyssins,

   e) brottflutningur eða innilokun fólks af völdum slyssins í meira en 2 stundir (einstaklingar × klukkustundir): ekki lægra gildi en 500,

   f) truflanir á þjónustu vatnsveitu, rafveitu, gasveitu eða símafyrirtækja í meira en 2 stundir (einstaklingar × klukkustundir): ekki lægra gildi en 1000.

3. Bein umhverfisspjöll:

   a) varanleg eða langvarandi spjöll á búsvæðum á landi:

      i. að minnsta kosti 0,5 ha búsvæðis sem telst mikilvægt vegna umhverfissjónarmiða eða verndunarsjónarmiða og nýtur lögverndar,

      ii. að minnsta kosti 10 ha víðáttumeira búsvæðis, þar á meðal landbúnaðarsvæðis,

   b) veruleg eða langvarandi spjöll á búsvæðum í ferskvatni eða sjó:

      i. að minnsta kosti 10 km af vatnsfalli eða skurði,

      ii. að minnsta kosti 1 ha af stöðuvatni eða tjörn,

      iii. að minnsta kosti 2 ha af óseyrum,

      iv. að minnsta kosti 2 ha af strandlengju eða opnu hafi,

   c) veruleg spjöll á veitum eða grunnvatni:

      1 ha eða meira.

4. Eignatjón:

   a) eignatjón í starfsstöðinni: að minnsta kosti 2 milljónir evra,

   b) eignatjón utan starfsstöðvarinnar: að minnsta kosti 5 milljónir evra,

5. Spjöll handan landamæranna

   Hvers kyns stórslys þar sem hættulegt efni kemur beint við sögu og hefur áhrif utan yfirráðasvæðis aðildarríkisins sem á í hlut.

II. Tilkynna ber framkvæmdastjórninni um slys eða atvik þar sem legið hefur við slysi og aðildarríkin telja sérstaklega áhugaverð frá tæknilegu sjónarmiði vegna starfs sem miðast að því að afstýra stórslysum og draga úr afleiðingum þeirra en uppfylla ekki framantalin stærðarskilyrði.

VII. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Tilskipun 96/82/EB	Þessi tilskipun
1. gr.	1. gr.
Fyrsta undirgrein 1. mgr. 2. gr.	1. mgr. 2. gr. og 2. og 3. mgr. 3. gr.
Önnur undirgrein 1. mgr. 2. gr.	12. mgr. 3. gr.
2. mgr. 2. gr.	—
1. mgr. 3. gr.	1. mgr. 3. gr.
2. mgr. 3. gr.	8. mgr. 3. gr.
3. mgr. 3. gr.	9. mgr. 3. gr.
4. mgr. 3. gr.	10. mgr. 3. gr.
5. mgr. 3. gr.	13. mgr. 3. gr.
6. mgr. 3. gr.	14. mgr. 3. gr.
7. mgr. 3. gr.	15. mgr. 3. gr.
8. mgr. 3. gr.	16. mgr. 3. gr.
—	3. gr. (2. til 7. mgr., 11. og 12. mgr. og 17. til 19. mgr.)
4. gr.	a- til f-liður og h-liður í fyrstu undirgrein 2. mgr. 2. gr.
—	g-liður í fyrstu undirgrein 2. mgr. 2. gr. og önnur undirgrein 2. mgr. 2. gr.
—	4. gr.
5. gr.	5. gr.
1. mgr. 6. gr.	2. mgr. 7. gr.
a- til g-liður 2. mgr. 6. gr.	a- til g-liður 1. mgr. 7. gr.
3. mgr. 6. gr.	3. mgr. 7. gr.
4. mgr. 6. gr.	a- til c-liður 4. mgr. 7. gr.
—	d-liður 4. mgr. 7. gr.
1. mgr. 7. gr.	1. mgr. 8. gr.
—	a- og b-liður 2. mgr. 8. gr.
1. mgr. a í 7. gr.	a-liður 2. mgr. 8. gr.
2. mgr. 7. gr.	5. mgr. 8. gr.
3. mgr. 7. gr.	—
—	3. mgr. 8. gr.
—	4. mgr. 8. gr.
—	5. mgr. 8. gr.
1. og 2. mgr. 8. gr.	1. og 2. mgr. 9. gr.

Tilskipun 96/82/EB	Þessi tilskipun
—	2. mgr. 9. gr.
1. mgr. 9. gr.	1. mgr. 10. gr.
Fyrsta undirgrein 2. mgr. 9. gr.	2. mgr. 10. gr.
Önnur undirgrein 2. mgr. 9. gr.	—
3. mgr. 9. gr.	3. mgr. 10. gr.
4. mgr. 9. gr.	6. mgr. 10. gr.
5. mgr. 9. gr.	5. mgr. 10. gr.
6. mgr. 9. gr.	—
—	4. mgr. 10. gr.
10. gr.	11. gr.
a- og b-liður 1. mgr. 11. gr.	a- og b-liður 1. mgr. 12. gr. og 2. mgr. 12. gr.
c-liður 1. mgr. 11. gr.	c-liður 1. mgr. 12. gr.
2. mgr. 11. gr.	3. mgr. 12. gr.
3. mgr. 11. gr.	4. og 5. mgr. 12. gr.
4. mgr. 11. gr.	Fyrsta undirgrein 6. mgr. 12. gr.
4. mgr. a í 11. gr.	Önnur undirgrein 6. mgr. 12. gr.
5. mgr. 11. gr.	7. mgr. 12. gr.
6. mgr. 11. gr.	8. mgr. 12. gr.
Fyrsta undirgrein 1. mgr. 12. gr.	1. mgr. 13. gr.
Önnur undirgrein 1. mgr. 12. gr.	2. mgr. 13. gr.
1. mgr. a í 12. gr.	—
2. mgr. 12. gr.	3. mgr. 13. gr.
—	4. mgr. 13. gr.
Fyrsta undirgrein 1. mgr. 13. gr.	a-liður í fyrstu undirgrein 2. mgr. 14. gr. og annar málsliður annarrar undirgreinar 2. mgr. 14. gr.
Fyrsti og þriðji málsliður annarrar undirgreinar 1. mgr. 13. gr.	Síðasti málsliður annarrar undirgreinar 2. mgr. 14. gr.
Annar málsliður annarrar undirgreinar 1. mgr. 13. gr.	1. mgr. 14. gr.
Þriðja undirgrein 1. mgr. 13. gr.	Fyrsti málsliður annarrar undirgreinar 2. mgr. 14. gr.
—	Annar málsliður 1. mgr. 14. gr.
2. mgr. 13. gr.	3. mgr. 14. gr.
3. mgr. 13. gr.	4. mgr. 14. gr.
Fyrsti málsliður 4. mgr. 13. gr.	b-liður 2. mgr. 14. gr.
Annar og þriðji málsliður 4. mgr. 13. gr.	Fyrsta og önnur undirgrein 3. mgr. 22. gr.
5. mgr. 13. gr.	1. mgr. 15. gr.
6. mgr. 13. gr.	c-liður 2. mgr. 14. gr.

Tilskipun 96/82/EB	Þessi tilskipun
—	2. til 7. mgr. 15. gr.
1. mgr. 14. gr.	16. gr.
2. mgr. 14. gr.	17. gr.
a- til d-liður. 1. mgr. 15. gr.	a- til d-liður 1. mgr. 18. gr. og fyrsta undirgrein 2. mgr. 18. gr.
Fyrsta undirgrein 2. mgr. 15. gr.	e-liður 1. mgr. 18. gr. og 3. mgr. 18. gr.
Önnur undirgrein 2. mgr. 15. gr.	Önnur undirgrein 2. mgr. 18. gr.
3. mgr. 15. gr.	4. mgr. 18. gr.
16. gr.	1. mgr. 6. gr.
—	2. og 3. mgr. 6. gr.
17. gr.	19. gr.
1. mgr. 18. gr.	1. og 2. mgr. 20. gr.
a-liður 2. mgr. 18. gr.	4. mgr. 20. gr.
b- og c-liður 2. mgr. 18. gr.	7. mgr. 20. gr.
3. mgr. 18. gr.	11. mgr. 20. gr.
—	3., 5., 6., 8., 9. og 10. mgr. 20. gr.
1. mgr. 19. gr.	1. mgr. 21. gr.
Fyrsta undirgrein 1. mgr. a í 19. gr.	Fyrsta undirgrein 3. mgr. 21. gr.
Önnur undirgrein 1. mgr. a í 19. gr.	Önnur undirgrein 3. mgr. 21. gr.
Fyrsta undirgrein 2. mgr. 19. gr.	4. mgr. 21. gr.
Önnur undirgrein 2. mgr. 19. gr.	6. mgr. 21. gr.
3. mgr. 19. gr.	7. mgr. 21. gr.
—	5. mgr. 21. gr.
4. mgr. 19. gr.	2. mgr. 21. gr.
Fyrsta undirgrein 1. mgr. 20. gr.	1. mgr. 22. gr.
Önnur undirgrein 1. mgr. 20. gr.	2. mgr. 22. gr.
2. mgr. 20. gr.	—
—	23. gr.
—	24. gr.
1. mgr. 21. gr.	25. gr.
2. mgr. 21. gr.	5. mgr. 21. gr.
22. gr.	27. gr.
23. gr.	32. gr.
24. gr.	31. gr.
25. gr.	33. gr.

Tilskipun 96/82/EB	Þessi tilskipun
26. gr.	34. gr.
—	26. gr. og 28. til 30. gr.
—	Inngangsmálsgreinar í I. viðauka.
1. til 5. mgr. í inngangi I. viðauka	1. til 3. athugasemd í athugasemdum við I. viðauka
6. til 7. mgr. í inngangi I. viðauka	—
1. hluti I. viðauka	2. hluti I. viðauka
1. til 6. athugasemd í athugasemdum við 1. hluta I. viðauka	13. til 18. athugasemd í athugasemdum við I. viðauka
7. athugasemd í athugasemdum við 1. hluta I. viðauka	20. athugasemd í athugasemdum við I. viðauka
—	7. athugasemd í athugasemdum við I. viðauka
2. hluti I. viðauka	1. hluti I. viðauka
1. athugasemd í athugasemdum við 2. hluta I. viðauka	1., 5. og 6. athugasemd í athugasemdum við I. viðauka
2. athugasemd í athugasemdum við 2. hluta I. viðauka	8. til 10. athugasemd í athugasemdum við I. viðauka
3. athugasemd í athugasemdum við 2. hluta I. viðauka	Athugasemdir 11.1. og 11.2. og 12. athugasemd í athugasemdum við I. viðauka
4. athugasemd í athugasemdum við 2. hluta I. viðauka	4. athugasemd í athugasemdum við I. viðauka
I. til III. hluti II. viðauka	1. til 3. liður í II. viðauka
A-liður í IV. hluta II. viðauka	4. liður a í II. viðauka
—	i. til iii. liður í 4. lið a í II. viðauka
B-liður í IV. hluta II. viðauka	b-liður 4. liðar í II. viðauka
—	c-liður 4. liðar í II. viðauka
C-liður í IV. hluta II. viðauka	d-liður 4. liðar í II. viðauka
A til C-liður í V. hluta II. viðauka	a- til c-liður í 5. lið II. viðauka
D-liður í V. hluta II. viðauka	—
—	d-liður 5. liðar í II. viðauka
a- og b-liður og inngangsmálsgrein III. viðauka	a-liður og inngangsmálsgrein III. viðauka 1. og 5. mgr. 8. gr.
i. til iv. liður c-liðar í III. viðauka	i. til iv. liður b-liðar í III. viðauka
v. til vii. liður c-liðar í III. viðauka	v. til vii. liður b-liðar í III. viðauka
IV. viðauki	IV. viðauki
1. liður í V. viðauka	1. liður 1. hluta í V. viðauka
2. liður í V. viðauka	—
3. til 5. liður í V. viðauka	2. til 4. liður í 1. hluta V. viðauka
6. liður í V. viðauka	1. liður 2. hluta í V. viðauka
7. og 8. liður í V. viðauka	5. liður 1. hluta í V. viðauka
—	6. liður 1. hluta í V. viðauka
9. og 10. liður í V. viðauka	2. og 3. liður í 2. hluta V. viðauka

Tilskipun 96/82/EB	Þessi tilskipun
11. liður í V. viðauka	7. liður 1. hluta í V. viðauka
—	4. liður 2. hluta í V. viðauka
I. liður VI. viðauka	I. hluti í VI. viðauka
II. liður VI. viðauka	II. hluti í VI. viðauka
—	VII. viðauki

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2012/19/ESB 2015/EES/55/37

frá 4. júlí 2012

um raf- og rafeindabúnaðarúrgang

(endurútgefin) (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 192. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Nokkrar umtalsverð breytingar verða gerðar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/96/EB frá 27. janúar 2003 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang ([4]). Fyrir skýrleika sakir skal endurútgefa þá tilskipun.

2) Markmiðin með umhverfisstefnu Sambandsins eru einkum að varðveita, vernda og bæta gæði umhverfisins, vernda heilsu manna og nýta náttúruauðlindir af varfærni og skynsemi. Sú stefna er grundvölluð á varúðarreglunni og þeim meginreglum að girða skuli fyrir umhverfisspjöll, áhersla lögð á úrbætur þar sem tjón á upphaf sitt og bótaskylda lögð á þann sem veldur mengun.

3) Í stefnu- og aðgerðaáætlun Bandalagsins um umhverfi og sjálfbæra þróun (fimmta aðgerðaáætlunin á sviði umhverfismála) ([5]) kemur fram að til að ná fram sjálfbærri þróun þurfi að verða verulegar breytingar á núverandi þróunar-, framleiðslu-, neyslu-, hegðunar- og atferlismynstri, og þar er m.a. mælt með því að draga úr sóun við notkun náttúruauðlinda og koma í veg fyrir mengun. Í áætluninni er raf- og rafeindabúnaðarúrgangur nefndur sem eitt af þeim sviðum sem nauðsynlegt er að setja reglur um svo að beita megi meginreglunum um að koma í veg fyrir myndun úrgangs, endurnýta hann og farga honum á öruggan hátt.

4) Þessi tilskipun er viðbót við almenna löggjöf Sambandsins um meðhöndlun úrgangs, t.d. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang([6]). Í þessari tilskipun er vísað í skilgreiningar í þeirri tilskipun, þ.m.t. skilgreiningarnar á úrgangi og almennri úrgangsstjórnun. Skilgreiningin á söfnun í tilskipun 2008/98/EB felur í sér forflokkun og bráðabirgðageymslu úrgangs fyrir flutning á úrgangsmeðhöndlunarstöð. Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB ([7]) er komið á ramma til að setja fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar orkutengdar vörur og gerir kleift að taka upp sértækar kröfur varðandi visthönnun að því er varðar orkutengdar vörur, sem kunna einnig að falla undir þessa tilskipun. Tilskipun 2009/125/EB og framkvæmdarráðstafanir, sem eru samþykktar samkvæmt henni, eru með fyrirvara um löggjöf Sambandsins um úrgangsstjórnun. Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB frá 27. janúar 2003 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði ([8]) er gerð krafa um útskiptingu bannaðra efna, að því er varðar allan raf- og rafeindabúnað sem fellur undir gildissvið hennar.

5) Þar sem markaðurinn heldur áfram að stækka og nýsköpunarferlar verða æ styttri er búnaði skipt út sífellt hraðar, sem veldur því að magn raf- og rafeindabúnaðarúrgangs eykst hratt. Þótt tilskipun 2002/95/EB hafi með skilvirkum hætti dregið úr magni hættulegra efna í nýjum raf- og rafeindabúnaði verða hættuleg efni á borð við kvikasilfur, kadmíum, sexgilt króm, fjölklóruð bífenýl og ósoneyðandi efni áfram í raf- og rafeindabúnaðarúrgangi í mörg ár enn. Innihald hættulegra íhluta í raf- og rafeindabúnaði er verulegt áhyggjuefni við meðferð úrgangsins og raf- og rafeindabúnaðarúrgangur er ekki endurunninn í nægilega miklum mæli. Skortur á endurvinnslu veldur því að mikilvægar auðlindir fara forgörðum.

6) Markmið þessarar tilskipunar er að stuðla að sjálfbærri framleiðslu og neyslu með því að koma í veg fyrir raf- og rafeindabúnaðarúrgang, í fyrsta lagi, og einnig að draga úr förgun úrgangs með endurnotkun, endurvinnslu

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 197, 24.7.2012, bls. 38. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 195/2015 frá 10. júlí 2015 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 306, 16.12.2009, bls. 39.

([2]) Stjtíð. ESB C 141, 29.5.2010, bls. 55.

([3]) Afstaða Evrópuþingsins frá 3. febrúar 2011 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og afstaða ráðsins eftir fyrstu umræðu frá 19. júlí 2011 (hefur ekki enn verið birt í Stjórnartíðindunum). Afstaða Evrópuþingsins frá 19. janúar 2012 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 7. júní 2012.

([4]) Stjtíð. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 24.

([5]) Stjtíð. EB C 138, 17.5.1993, bls. 5.

([6]) Stjtíð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3.

([7]) Stjtíð. ESB L 285, 31.10.2009, bls. 10.

([8]) Stjtíð. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 19.

og annarri endurnýtingu á þessum úrgangi og stuðla að hagkvæmri notkun auðlinda og endurheimt verðmætra, notaðra hráefna. Einnig er markmiðið að auka umhverfisvitund allra rekstraraðila sem koma að málum á endingartíma raf- og rafeindabúnaðar, t.d. framleiðenda, dreifingaraðila og neytenda og einkum þeirra rekstraraðila sem koma á beinan hátt að söfnun og meðhöndlun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs. Einkum getur mismunandi beiting ríkjanna á meginreglunni um ábyrgð framleiðandans leitt til verulegs misræmis í fjárhagsbyrði rekstraraðila. Mismunandi stefna aðildarríkjanna að því er varðar meðferð raf- og rafeindabúnaðarúrgangs hamlar gegn skilvirkri endurvinnslustefnu. Þess vegna ber að mæla fyrir um grundvallarviðmiðanir á vettvangi Sambandsins og þróa skal lágmarkskröfur fyrir meðhöndlun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs.

7) Ákvæði þessarar tilskipunar gilda um vörur og framleiðendur, óháð söluaðferðum, þ.m.t. fjarsölu og rafræna sölu. Í þessu sambandi skulu sömu skyldur lagðar, að því marki sem unnt er, á framleiðendur og dreifingaraðila, sem nota fjarsölu og rafræna sölu, og framfylgt með sama hætti og fyrir aðrar dreifingarleiðir, til að forðast að þeir sem nota aðrar dreifingarleiðir þurfi að bera kostnað sem leiðir af þessari tilskipun vegna raf- og rafeindabúnaðarúrgangs þar sem búnaðurinn er seldur í fjarsölu eða rafrænni sölu.

8) Til að uppfylla skuldbindingar samkvæmt þessari tilskipun í tilteknu aðildarríki skal framleiðandi vera með staðfestu í því aðildarríki. Til að draga úr núverandi hindrunum gegn eðlilegri starfsemi innri markaðarins og stjórnsýsluálagi skulu aðildarríki, í undantekningartilvikum, leyfa framleiðendum sem eru ekki með staðfestu á yfirráðasvæði þeirra, en eru með staðfestu í öðru aðildarríki, að tilnefna viðurkenndan fulltrúa sem beri ábyrgð á að uppfylla skyldur framleiðandans samkvæmt þessari tilskipun. Að auki skal draga úr stjórnsýsluálagi með því að einfalda skráningu og skýrslugjöf og tryggja að ekki sé lagt á tvöfalt gjald fyrir skráningu innan einstakra aðildarríkja.

9) Þessi tilskipun nær yfir allan raf- og rafeindabúnað fyrir neytendur og raf- og rafeindabúnað sem er ætlaður til notkunar í atvinnuskyni. Þessi tilskipun gildir með fyrirvara um löggjöf Bandalagsins um öryggis- og heilbrigðiskröfur til verndar öllum þeim sem komast í snertingu við raf- og rafeindabúnaðarúrgang og einnig sérstaka löggjöf Sambandsins um meðferð úrgangs, einkum tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/66/EB frá 6. september 2006 um rafhlöður og rafgeyma og notaðar rafhlöður og rafgeyma ([9]) og löggjöf Sambandsins um vöruhönnun, einkum tilskipun 2009/125/EB. Undirbúningur endurnotkunar, endurnýting og endurvinnsla á kælibúnaðarúrgangi og efnum, blöndum eða íhlutum hans skal vera í samræmi við viðkomandi löggjöf Sambandsins, einkum reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1005/2009 frá 16. september 2009 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins ([10]) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006 frá 17. maí 2006 um tilteknar, flúraðar gróðurhúsalofttegundir ([11]). Hægt er að ná markmiðum þessarar tilskipunar án þess að fella stóran, fastan búnað, s.s. olíuborpalla, farangursflutningakerfi á flugvöllum eða lyftur undir gildissvið hennar. Hins vegar skal útbúnaður, sem er ekki sérstaklega hannaður og settur upp sem hluti af þessum búnaði og sem getur gegnt hlutverki sínu jafnvel þótt hann sé ekki hluti af búnaðinum, felldur undir gildissvið þessarar tilskipunar. Þetta á t.d. við um búnað á borð við ljósabúnað eða ljósspennuplötur.

10) Taka skal nokkrar skilgreiningar upp í þessa tilskipun til að skýra gildissvið hennar. Hins vegar skal, innan rammans um endurskoðun gildissviðsins, skýra betur skilgreininguna á raf- og rafeindabúnaði í því skyni að samhæfa betur viðeigandi landsráðstafanir aðildarríkja og núgildandi og viðteknar venjur.

11) Mæla skal fyrir um kröfur varðandi visthönnun, sem auðvelda endurnotkun, sundurhlutun og endurnýtingu raf- og rafeindabúnaðarúrgangs, innan ramma um framkvæmdarráðstafanir tilskipunar 2009/125/EB. Til að hámarka endurnotkun og endurnýtingu fyrir tilstilli vöruhönnunar skal taka tillit til alls endingartíma vörunnar.

12) Ábyrgð framleiðenda, sem komið er á með þessari tilskipun, er ein leið til að hvetja til þess að raf- og rafeindabúnaður sé hannaður og framleiddur á þann hátt að tekið sé fullt tillit til og stuðlað að viðgerðum, hugsanlegum endurbótum, endurnotkun, sundurhlutun og endurvinnslu.

13) Til að tryggja öryggi og heilbrigði starfsmanna dreifingaraðila sem vinna við endurviðtöku og meðhöndlun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs skulu aðildarríkin, í samræmi við landslög og löggjöf Sambandsins um öryggis- og heilbrigðiskröfur, ákvarða skilyrði fyrir því að dreifingaraðilar geti synjað um endurviðtöku.

14) Forsenda fyrir því að unnt sé að tryggja sérstaka meðhöndlun og endurvinnslu raf- og rafeindabúnaðarúrgangs er að honum sé safnað sérstaklega og er það nauðsynlegt til að ná því verndarstigi sem ákveðið hefur verið fyrir heilsu manna og umhverfið í Sambandinu. Til að slík söfnun geti tekist verða neytendur að leggja sitt af mörkum og skulu þeir hvattir til þess að skila raf- og rafeindabúnaðarúrgangi. Í því augnamiði er rétt að koma upp heppilegri aðstöðu

([9]) Stjtíð. ESB L 266, 26.9.2006, bls. 1.

([10]) Stjtíð. ESB L 286, 31.10.2009, bls. 1.

([11]) Stjtíð. ESB L 161, 14.6.2006, bls. 1.

fyrir skil á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi, þ.m.t. almennum söfnunarstöðvum þar sem hægt er að skila úrgangi frá heimilum a.m.k. án þess að greiða fyrir það. Dreifingaraðilar gegna mikilvægu hlutverki í árangursríkri söfnun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs. Af þeim sökum skulu söfnunarstöðvar við smásöluverslanir fyrir mjög lítinn raf- og rafeindabúnaðarúrgang ekki vera bundnar kröfum tilskipunar 2008/98/EB um skráningu eða leyfi.

15) Til að unnt sé að ná því verndarstigi sem ákveðið hefur verið, svo og samhæfðum umhverfismarkmiðum Sambandsins, skulu aðildarríkin samþykkja viðeigandi ráðstafanir til að halda því í lágmarki að raf- og rafeindabúnaðarúrgangi sé fargað með óflokkuðu sorpi og ná því fram að miklum hluta slíks búnaðar sé safnað sérstaklega. Til að tryggja að aðildarríkin leitist við að koma upp skilvirkum söfnunarkerfum skal þeim gert að safna sem mestu af raf- og rafeindabúnaðarúrgangi, einkum kæli- og frystibúnaði sem inniheldur ósoneyðandi efni og flúraðar gróðurhúsalofttegundir vegna mikilla umhverfisáhrifa þeirra og með hliðsjón af skuldbindingum í reglugerð (EB) nr. 842/2006 og reglugerð (EB) nr. 2005/2009. Gögn í matinu á áhrifum sem framkvæmdastjórnin gerði 2008 sýna að 65% af þeim raf- og rafeindabúnaði sem settur var á markað hafi þá þegar verið safnað sérstaklega, en meira en helmingurinn af honum hafi hugsanlega fengið ranga meðhöndlun og verið fluttur út ólöglega og það hafi ekki verið tilkynnt, jafnvel þegar meðhöndlunin hafi verið rétt. Þetta verður til þess að verðmæt, notuð hráefni tapast, veldur hnignun umhverfisins og framsetningu ósamræmdra gagna. Til að forðast það er nauðsynlegt að setja stórhuga söfnunarmarkmið og tryggja að raf- og rafeindabúnaðarúrgangur sem safnað er sé meðhöndlaður á umhverfisvænan hátt og rétt tilkynntur. Rétt er að mæla fyrir um lágmarkskröfur varðandi flutning á notuðum raf- og rafeindabúnaði sem grunur leikur á um að sé raf- og rafeindabúnaðarúrgangur, en við beitingu þeirra mega aðildarríkin hafa til hliðsjónar viðeigandi viðmiðunarreglur fyrir fulltrúa, sem útfærðar eru í tengslum við framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 frá 14. júní 2006 um tilflutning úrgangs ([12]). Slíkar lágmarkskröfur skulu í öllu falli hafa það markmið að koma í veg fyrir óæskilegan flutning á óvirkum raf- og rafeindabúnaði til þróunarlanda.

16) Stórhuga söfnunarmarkmið ætti að byggja á magni raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem fellur til, að teknu tilhlýðilegu tilliti til mismunandi endingartíma vara í aðildarríkjunum, markaða sem eru ekki mettaðir og raf- og rafeindabúnaðar með langan endingartíma. Því skal í náinni framtíð þróa aðferðir til að reikna út söfnunarhlutfall sem byggir á magni raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem fellur til. Samkvæmt núgildandi mati er 85% söfnunarhlutfall raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem fellur til í meginatriðum jafngilt 65% söfnunarhlutfalls meðalþyngdar raf- og rafeindabúnaðar sem settur er á markað á næstliðnum þremur árum.

17) Óhjákvæmilegt er að raf- og rafeindabúnaðarúrgangur fái sérstaka meðhöndlun til að komast hjá því að mengunarefni berist í endurunna efnið eða úrganginn. Slík meðhöndlun er skilvirkasta aðferðin við að tryggja að virt sé það verndarstig fyrir umhverfið innan Sambandsins sem ákveðið hefur verið. Allar starfsstöðvar eða fyrirtæki, sem annast söfnun, endurvinnslu og meðhöndlun, skulu uppfylla lágmarksstaðla til að koma í veg fyrir að meðhöndlun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs hafi neikvæð áhrif á umhverfið. Nota skal fullkomnustu tækni sem völ er á við meðhöndlun, endurnýtingu og endurvinnslu, að því tilskildu að unnt sé að tryggja heilsu manna og öfluga umhverfisvernd. Skilgreina má frekar bestu, fáanlegu tækni við meðhöndlun, endurnýtingu og endurvinnslu í samræmi við málsmeðferðarreglur tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/1/EB frá 15. janúar 2008 um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun ([13]).

18) Vísindanefndin um nýgreinda og vaxandi heilbrigðisáhættu lýsti því í álitsgerð sinni „Áhættumat á vörum byggðum á nanótækni“ frá 19. janúar 2009 að nanóefni, sem eru fastur hluti af stærri hlutum, t.d. rafrásum, geti valdið váhrifum við meðferð úrgangs og í endurvinnslu. Til að verjast hugsanlegri áhættu fyrir heilbrigði manna og fyrir umhverfið vegna meðferðar á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi sem inniheldur nanóefni þykir rétt að framkvæmdastjórnin meti hvort þörf sé á sérstakri meðhöndlun.

19) Söfnun, geymslu, flutning og endurvinnslu á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi ásamt undirbúningi fyrir endurnotkun skal nálgast þannig að umhverfið og heilbrigði manna sé verndað og hráefni varðveitt og skal miða að því að verðmætar auðlindir sem felast í raf- og rafeindabúnaði séu endurunnar með það markmið að tryggja betra framboð á vörum innan Sambandsins.

20) Ef við á skal undirbúningur endurnotkunar á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi, íhlutum hans, undireiningum og rekstrarvörum hafa forgang. Ef það er ekki æskilegt skal senda allan raf- og rafeindabúnaðarúrgang, sem hefur verið safnað sérstaklega, til endurnýtingar með það að markmiði að ná sem mestri endurvinnslu og endurnýtingu. Auk þess skal hvetja framleiðendur til að nota endurunnið efni í nýjan búnað.

21) Endurnýting, undirbúningur fyrir endurnotkun og endurvinnsla raf- og rafeindabúnaðarúrgangs skal aðeins teljast vera hluti af því að uppfylla markmiðin sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun ef þessi endurnýting, undirbúningur fyrir endurnotkun og endurvinnsla stangast ekki á við aðra löggjöf Sambandsins eða landslöggjöf sem gildir um búnaðinn. Mikilvægt er að tryggja réttan undirbúning fyrir endurnotkun, endurvinnslu og endurnýtingu raf- og rafeindabúnaðarúrgangs með tilliti til traustrar meðhöndlunar auðlinda og það hámarkar framboð á tilföngum.

([12]) Stjtíð. ESB L 190, 12.7.2006, bls. 1.

([13]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2008, bls. 8.

22) Setja verður grundvallarreglur á vettvangi Sambandsins um fjármögnun á meðferð raf- og rafeindabúnaðarúrgangs og þurfa fjárhagsáætlanir að stuðla að söfnun í miklum mæli og einnig að framkvæmd meginreglunnar um ábyrgð framleiðanda.

23) Notendur raf- og rafeindabúnaðar á heimilum skulu eiga möguleika á því að skila raf- og rafeindabúnaðarúrgangi, a.m.k. án þess að greiða fyrir það. Framleiðendur skulu að lágmarki fjármagna söfnun frá söfnunarstöðvum og meðhöndlun, endurnýtingu og förgun á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi. Aðildarríkin skulu hvetja framleiðendur til að taka fulla ábyrgð á söfnun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs, einkum með fjármögnun á söfnun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs í öllu ferlinu, þ.m.t. frá heimilum, til að forðast að raf- og rafeindabúnaðarúrgangur sem safnað er sérstaklega fái ófullnægjandi meðhöndlun og sé fluttur út ólöglega, skapa jöfn samkeppnisskilyrði með samræmingu á fjármögnun framleiðenda um allt Sambandið og færa greiðslu fyrir söfnun þessa úrgangs úr höndum almennra skattgreiðenda til neytenda raf- og rafeindabúnaðar, í samræmi við „mengunarbótaregluna“. Til að hugmyndin um ábyrgð framleiðanda beri sem mestan árangur skal hver framleiðandi bera ábyrgð á því að fjármagna meðferð úrgangs frá eigin framleiðslu. Framleiðandinn getur valið um það hvort hann uppfyllir þessa skyldu einn eða með því að taka þátt í sameiginlegu kerfi. Hver framleiðandi skal, þegar hann setur vöru á markaðinn, leggja fram fjárhagslega tryggingu til að koma í veg fyrir að kostnaður við meðferð raf- og rafeindabúnaðarúrgangs frá vöru, sem er ekki lengur framleidd, falli á samfélagið eða aðra framleiðendur. Rétt er að ábyrgðin af að fjármagna meðferð eldri úrgangs skiptist á milli allra starfandi framleiðenda í gegnum sameiginlegt fjármögnunarkerfi sem allir framleiðendur, sem starfa á markaðnum þegar kostnaðurinn verður til, leggja fjármagn til í réttu hlutfalli. Sameiginleg fjármögnunarkerfi skulu ekki hafa þau áhrif að útiloka þá sem framleiða fyrir markaðskima og í litlu magni, innflytjendur eða nýja aðila á markaðnum. Sameiginleg kerfi gætu kveðið á um mismunandi gjöld á grundvelli þess hversu auðvelt er að endurvinna vörur og verðmæt, notuð hráefni sem þau innihalda. Ef um er að ræða vörur sem hafa langan endingartíma og sem nú falla undir þessa tilskipun, eins og t.d. ljósspennuplötur, skal nýta sem best fyrirliggjandi söfnunar- og endurnýtingarkerfi, að því tilskildu að þau uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

24) Framleiðendum gæti verið í sjálfsvald sett hvort þeir vekja athygli kaupenda á kostnaðinum við umhverfisvæna söfnun, meðhöndlun og förgun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs við sölu nýrrar vöru. Þetta er í samræmi við orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um aðgerðaáætlun varðandi sjálfbæra neyslu og framleiðslu og sjálfbæra stefnu í iðnaðarmálum, einkum að því er varðar snjallari neyslu og umhverfisvæn opinber innkaup.

25) Til að söfnun á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi verði árangursrík er óhjákvæmilegt að veita notendum upplýsingar um þá kröfu að slíkum búnaði sé ekki fargað sem óflokkuðu sorpi heldur safnað sérstaklega og um söfnunarkerfin og hlutverk þeirra sjálfra í meðferð raf- og rafeindabúnaðarúrgangs. Slíkar upplýsingar kalla á að raf- og rafeindabúnaður, sem gæti hugsanlega endað í sorptunnum eða áþekkum ílátum fyrir sorphirðu, sé merktur á viðeigandi hátt.

26) Til að auðvelda meðferð raf- og rafeindabúnaðarúrgangs, einkum meðhöndlun hans og endurnýtingu eða endurvinnslu, er mikilvægt að framleiðendur veiti upplýsingar um það hvað auðkennir íhluti og efnivið hans.

27) Aðildarríkin skulu tryggja að skoðunar- og vöktunarkerfi geri kleift að sannreyna rétta framkvæmd þessarar tilskipunar, m.a. að teknu tilliti til tilmæla Evrópuþingsins og ráðsins 2001/331/EB frá 4. apríl 2001, þar sem kveðið er á um lágmarksviðmiðanir um umhverfiseftirlit í aðildarríkjunum ([14]).

28) Aðildarríkin skulu kveða á um viðurlög, sem eru skilvirk, hófleg og letjandi, sem leggja skal á einstaklinga og lögaðila sem bera ábyrgð á stjórnun úrgangs, í tilvikum þar sem þeir brjóta gegn ákvæðum þessarar tilskipunar. Aðildarríkin ættu einnig að geta gripið til aðgerða til að endurheimta kostnað vegna brota gegn ákvæðum og ráðstöfunum til úrbóta, með fyrirvara um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/35/EB frá 21. apríl 2004 um umhverfisábyrgð í tengslum við varnir gegn umhverfisspjöllum og úrbætur vegna þeirra ([15]).

29) Til að fylgjast með því hvort markmið þessarar tilskipunar hafi náðst er nauðsynlegt að hafa upplýsingar um þyngd raf- eða rafeindabúnaðar, sem settur er á markað í Sambandinu, og um hlutfall söfnunar, undirbúnings fyrir endurnotkun, þ.m.t., eins og unnt er, undirbúning fyrir endurnotkun heilla tækja, endurnýtingu eða endurvinnslu og útflutningi á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi sem hefur verið safnað í samræmi við þessa tilskipun. Til að hægt sé að reikna út söfnunarhlutfallið skal þróa sameiginlega aðferðafræði fyrir útreikning á þyngd raf- og rafeindabúnaðar til að komast að raun um, m.a., hvort hugtakið feli í sér raunverulega þyngd alls búnaðarins eins og hann er markaðssettur, þ.m.t. alla hluti, undireiningar, fylgihluti og rekstrarvörur, en að undanskildum umbúðum, rafhlöðum, notkunarleiðbeiningum og handbókum.

([14]) Stjtíð. EB L 118, 27.4.2001, bls. 41.
([15]) Stjtíð. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 56.

30) Rétt þykir að aðildarríkin geti kosið að láta tiltekin ákvæði þessarar tilskipunar koma til framkvæmda með samningum milli lögbærra yfirvalda og þeirrar atvinnugreinar sem um er að ræða, að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

31) Til að takast á við þann vanda sem aðildarríki standa frammi fyrir við að ná söfnunarhlutföllunum, til að taka til greina framfarir í tækni og vísindum og til að bæta við ákvæðunum um uppfyllingu markmiða um endurnýtingu skal framkvæmdastjórnin hafa umboð til að samþykkja gerðir, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að því er varðar umbreytingaraðlaganir fyrir tiltekin aðildarríki, aðlögun að framförum í tækni og vísindum og samþykkt ítarlegra reglna um að raf- og rafeindabúnaðarúrgangur sem fluttur er út frá Sambandinu teljist sem hluti af því að uppfylla markmið um endurnýtingu. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða skal framkvæmdastjórnin tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

32) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar tilskipunar skal framkvæmdastjórninni falið framkvæmdarvald. Þessum völdum skal beitt í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með beitingu framkvæmdastjórnarinnar á framkvæmdarvaldi ([16]).

33) Sú skylda að taka þessa tilskipun upp í landslög takmarkast við þau ákvæði sem fela í sér verulega breytingu í samanburði við fyrri tilskipanir. Skyldan að lögleiða óbreyttu ákvæðin er fyrir hendi í fyrri tilskipununum.

34) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl([17]) hafa aðildarríki skuldbundið sig, í rökstuddum tilvikum, til að láta tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar fylgja eitt eða fleiri skjöl sem skýra út sambandið milli innihalds tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingagerninga. Að því er varðar þessa tilskipun telur löggjafinn að sending slíkra gagna sé rökstudd.

35) Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á skyldur aðildarríkjanna að því er varðar fresti, sem eru tilgreindir í B-hluta XI. viðauka, til að taka upp í landslög og beita tilskipununum.

36) Þar eð aðildarríkin geta ekki með fullnægjandi hætti náð markmiði þessarar tilskipunar og þeim verður því betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna þess hve aðgerðirnar eru umfangsmiklar, getur Sambandið samþykkt ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná því markmiði.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Viðfangsefni

Í þessari tilskipun er mælt fyrir um ráðstafanir til að vernda umhverfið og heilbrigði manna með því að koma í veg fyrir eða draga úr neikvæðum áhrifum vegna myndunar úrgangs frá raf- og rafeindabúnaði (raf- og rafeindabúnaðarúrgangur) og úrgangsstjórnunar og með því að draga úr heildaráhrifum vegna nýtingar auðlinda og auka skilvirkni við nýtinguna, í samræmi við 1. og 4. gr. tilskipunar 2008/98/EB, og stuðla þannig að sjálfbærri þróun.

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi tilskipun gildir um raf- og rafeindabúnað sem hér segir:

a) frá 13. ágúst 2012 til 14. ágúst 2018 (umbreytingartímabil), með fyrirvara um 3. mgr., um raf- og rafeindabúnað í þeim flokkum sem settir eru fram í I. viðauka. Í II. viðauka er viðmiðunarskrá yfir raf- og rafeindabúnað sem er í þeim flokkum sem settir eru fram í I. viðauka,

b) frá 15. ágúst 2018, með fyrirvara um 3. og 4. mgr., um allan raf- og rafeindabúnað. Flokka skal allan raf- og rafeindabúnað í þá flokka sem settir eru fram í III. viðauka. Í IV. viðauka er viðmiðunarskrá, sem er ekki tæmandi, yfir raf- og rafeindabúnað sem er í þeim flokkum sem settir eru fram í III. viðauka (opið gildissvið).

2. Þessi tilskipun gildir með fyrirvara um kröfur í löggjöf Sambandsins um öryggi og heilbrigði, um íðefni, einkum reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), og um stofnun Efnastofnunar Evrópu ([18]), ásamt sértækri löggjöf Sambandsins um meðhöndlun úrgangs eða vöruhönnun.

3. Eftirtalinn raf- og rafeindabúnaður skal undanþeginn ákvæðum þessarar tilskipunar:

a) búnaður sem er nauðsynlegur fyrir vernd grundvallaröryggishagsmuna aðildarríkjanna, þ.m.t. vopn, skotfæri og hergögn sem eru sérstaklega til nota í hernaðarlegum tilgangi,

([16]) Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13.
([17]) Stjtíð. ESB C 369, 17.12.2011, bls. 14.
([18]) Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

b) búnaður sem er sérstaklega hannaður og settur upp sem hluti af annars konar búnaði, sem er undanskilinn eða fellur ekki undir gildissvið þessarar tilskipunar, sem gegnir aðeins hlutverki sínu ef hann er hluti af þeim búnaði,

c) glóþráðarperur.

4. Frá og með 15. ágúst 2018 skal eftirtalinn raf- og rafeindabúnaður undanþeginn ákvæðum þessarar tilskipunar, auk búnaðarins sem tilgreindur er í 3. mgr.:

a) búnaður sem er ætlaður til sendingar út í geim,

b) stór, föst iðnaðartæki,

c) stór, fastur búnaður, nema útbúnaður sem er ekki sérstaklega hannaður og settur upp sem hluti af þeim búnaði,

d) farartæki til farþega- eða vöruflutninga, að undanskildum rafknúnum ökutækjum á tveimur hjólum sem eru ekki gerðarviðurkennd,

e) færanlegur vélbúnaður til nota utan vega, sem eingöngu er fáanlegur til nota í atvinnuskyni,

f) búnaður sem er sérstaklega hannaður fyrir rannsóknir og þróunarstarfsemi eingöngu, sem er aðeins fáanlegur í viðskiptum á milli fyrirtækja,

g) lækningatæki og lækningabúnaður til sjúkdómsgreiningar í glasi, þegar gert er ráð fyrir að þau séu smitberar áður en þau eru úr sér gengin, og virk, ígræðanleg lækningatæki.

5. Eigi síðar en 14. ágúst 2015 skal framkvæmdastjórnin endurskoða gildissvið þessarar tilskipunar sem sett er fram í b-lið 1. mgr., þ.m.t. þá mæliþætti sem greina á milli minni og stærri búnaðar í III. viðauka og skal leggja skýrslu þar að lútandi fyrir Evrópuþingið og ráðið. Skýrslunni skal fylgja tillaga að nýrri löggjöf, ef við á.

3. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „raf- og rafeindabúnaður“: búnaður sem þarf rafstraum eða rafsegulsvið til að geta starfað á réttan hátt og búnaður til að framleiða, flytja og mæla slíkan rafstraum og rafsegulsvið og hannaður til notkunar við rafspennu sem fer ekki yfir 1000 volt þegar um er að ræða riðstraum og ekki yfir 1500 volt þegar um er að ræða jafnstraum,

b) „stór, föst iðnaðartæki“: stór samstæða véla, búnaðar og/eða hluta, sem vinna saman til ákveðinna nota, sem sett er upp varanlega og tekin niður af fagmönnum á tilteknum stað og sem er notuð og viðhaldið af fagmönnum í starfsstöð í framleiðsluiðnaði eða rannsóknum og þróunarstarfsemi,

c) „stór fastur búnaður“: stór samsetning margs konar tækja og, eftir atvikum, annars búnaðar sem:

i. er settur saman, settur upp og tekinn niður af fagmönnum,

ii. er ætlaður til varanlegrar notkunar, sem hluti byggingar eða mannvirkis, á fyrirfram ákveðnum og sérstökum stað og

iii. er aðeins hægt að skipta út með sama sérhannaða búnaði,

d) „færanlegur vélbúnaður til nota utan vega“: vélbúnaður með innbyggðan aflgjafa, sem útheimtir annað hvort hreyfanleika eða samfelldan, eða því sem næst samfelldan, flutning milli nokkurra fastra vinnustöðva við vinnslu,

e) „raf- og rafeindabúnaðarúrgangur“: raf- eða rafeindabúnaður sem telst til úrgangs í skilningi 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB, þ.m.t. allir íhlutir, undireiningar og rekstrarvörur sem eru hluti af vörunni þegar henni er fleygt,

f) „framleiðandi“: einstaklingur eða lögaðili sem, óháð sölutækni sem notuð er, þ.m.t. notkun fjarsamskiptamiðla í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB frá 20. maí 1997 um neytendavernd að því er varðar fjarsölusamninga ([19]):

i. er með staðfestu í aðildarríki og framleiðir raf- og rafeindabúnað undir eigin heiti eða vörumerki eða lætur hanna eða framleiða raf- og rafeindabúnað og markaðssetur hann undir eigin heiti eða vörumerki innan yfirráðasvæðis þess aðildarríkis,

ii. er með staðfestu í aðildarríki og endurselur innan yfirráðasvæðis þess aðildarríkis búnað, undir eigin heiti eða vörumerki, sem aðrir birgjar framleiða, en endursöluaðilinn telst þó ekki vera „framleiðandi“ ef vörumerki framleiðandans er á búnaðinum eins og kveðið er á um í i. lið,

([19]) Stjtíð. EB L 144, 4.6.1997, bls. 19.

iii. er með staðfestu í aðildarríki og setur á markað í því aðildarríki, í atvinnuskyni, raf- og rafeindabúnað frá þriðja landi eða öðru aðildarríki eða

iv. selur raf- eða rafeindabúnað með fjarsamskiptamiðlum beint til heimila eða notenda annarra en heimila í aðildarríki og er með staðfestu í öðru aðildarríki eða þriðja landi.

Sá sem eingöngu leggur til fjármagn samkvæmt einhvers konar samningi um fjármögnun skal ekki teljast „framleiðandi“ nema hann starfi einnig sem framleiðandi í skilningi i. til iv. liðar,

g) „dreifingaraðili“: einstaklingur eða lögaðili í aðfangakeðjunni sem býður raf- og rafeindabúnað fram á markaði. Þessi skilgreining kemur þó ekki í veg fyrir að dreifingaraðili geti samtímis verið framleiðandi í skilningi f-liðar,

h) „raf- og rafeindabúnaðarúrgangur frá heimilum“: raf- og rafeindabúnaðarúrgangur sem kemur frá heimilum og raf- og rafeindabúnaðarúrgangur sem kemur frá verslun, iðnaði, stofnunum og annars staðar frá og er að eðli og umfangi svipaður þeim sem kemur frá heimilum. Úrgangur frá raf- og rafeindabúnaði sem líklegt er að sé notaður á heimilum og annars staðar en á heimilum telst vera raf- og rafeindabúnaðarúrgangur frá heimilum,

i) „fjármögnunarsamningur“: samningur eða fyrirkomulag varðandi lán, eignarleigu, leigu eða sölu með afborgunum á hvers konar búnaði, hvort sem skilmálar þess samnings eða fyrirkomulags eða hvers konar viðbótarsamningur eða -fyrirkomulag gerir ráð fyrir því að eignarréttur á þeim búnaði hafi verið eða verði framseldur,

j) „að bjóða fram á markaði“: öll afhending vöru til dreifingar, neyslu eða notkunar á markaði aðildarríkis á meðan á viðskiptastarfsemi stendur, hvort sem það er gegn greiðslu eða án endurgjalds,

k) „setning á markað“: það að bjóða fram vöru í fyrsta sinn á markaði innan yfirráðasvæðis aðildarríkis í atvinnuskyni,

l) „brottnám“: handvirk, vélræn, efnafræðileg eða málmtæknileg meðhöndlun sem veldur því að hættuleg efni, blöndur eða efnisþættir eru í auðgreinanlegu flæði eða eru auðgreinanlegur hluti flæðis innan meðhöndlunarferlisins. Efni, blanda eða efnisþáttur er auðgreinanlegur ef hægt er að fylgjast með honum til að staðfesta umhverfisvæna meðhöndlun,

m) „lækningatæki“: lækningatæki eða aukabúnaður í skilningi, eftir því sem við á, a-liðar eða b-liðar 2. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 93/42/EBE frá 14. júní 1993 um lækningatæki ([20]) sem er raf- og rafeindabúnaður,

n) „lækningatæki til greiningar í glasi“: tæki til greiningar í glasi eða aukabúnaður í skilningi, eftir því sem við á, b-liðar eða c-liðar 2. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/79/EB frá 27. október 1998 um lækningabúnað til sjúkdómsgreiningar í glasi ([21]), sem er raf- og rafeindabúnaður,

o) „virkt, ígræðanlegt lækningatæki“: virkt, ígræðanlegt lækningatæki í skilningi c-liðar 2. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 90/385/EBE frá 20. júní 1990 um samræmingu laga aðildarríkjanna um virk, ígræðanleg lækningatæki ([22]), sem er raf- eða rafeindabúnaður.

2. Að auki er merking hugtakanna „hættulegur úrgangur“, „söfnun“, „sérstök söfnun“, „forvarnir“, „endurnotkun“, „meðhöndlun“, „endurnýting“, „undirbúningur fyrir endurnotkun“, „endurvinnsla“ og „förgun“ eins og mælt er fyrir um í tilskipun 2008/98/EB.

4. gr.

Vöruhönnun

Aðildarríkin skulu, með fyrirvara um kröfur í löggjöf Sambandsins varðandi eðlilega starfsemi innri markaðarins og vöruhönnun, þ.m.t. tilskipun 2009/125/EB, hvetja til samvinnu framleiðenda og endurvinnsluaðila, sem stuðlar að því að raf- og rafeindabúnaður sé hannaður og framleiddur á þann hátt sem auðveldar endurnotkun, sundurhlutun og endurnýtingu raf- og rafeindabúnaðarúrgangs, íhluta hans og efniviðar. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að kröfum varðandi visthönnun, sem auðvelda endurnotkun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs og sem komið var á innan ramma tilskipunar 2009/125/EB, sé beitt og að framleiðendur komi ekki í veg fyrir endurnotkun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs með sérstakri hönnun eða framleiðsluferli nema slík hönnun eða framleiðsluferli hafi í för með sér yfirgnæfandi kosti, t.d. með tilliti til umhverfisverndar og/eða öryggiskrafna.

5. gr.

Sérstök söfnun

1. Aðildarríkin skulu samþykkja viðeigandi ráðstafanir til að draga úr því að raf- og rafeindabúnaðarúrgangi sé fargað með óflokkuðu húsasorpi, til að tryggja rétta meðhöndlun á öllum raf- og rafeindabúnaðarúrgangi sem safnað er og ná því fram að verulegum hluta af slíkum búnaði sé safnað sérstaklega, einkum og sér í lagi varmaskiptabúnaði sem inniheldur ósoneyðandi efni og flúraðar gróðurhúsalofttegundir, flúrperum sem innihalda kvikasilfur, ljósspennuplötum og litlum búnaði, eins og um getur í flokkum 5 og 6 í III. viðauka.

([20]) Stjtíð. EB L 169, 12.7.1993, bls. 1.
([21]) Stjtíð. EB L 331, 7.12.1998, bls. 1.
([22]) Stjtíð. EB L 189, 20.7.1990, bls. 17.

2. Að því er varðar raf- og rafeindabúnaðarúrgang frá heimilum skulu aðildarríkin tryggja að:

a) komið sé upp kerfum sem gera síðustu eigendum og dreifingaraðilum kleift að skila slíkum úrgangi a.m.k. án þess að greiða fyrir það. Aðildarríkin skulu sjá til þess að nauðsynlegar söfnunarstöðvar séu tiltækar og aðgengilegar, einkum að teknu tilliti til þéttleika byggðar,

b) að dreifingaraðilar séu ábyrgir fyrir því, þegar þeir bjóða fram nýja vöru, að hægt sé að skila slíkum úrgangi til þeirra á skiptigrundvelli (einn fyrir einn) til dreifingaraðilans a.m.k. án þess að greiða fyrir það svo lengi sem búnaðurinn er af sambærilegri gerð og gegndi sama hlutverki og búnaðurinn sem er í boði. Aðildarríkin geta vikið frá þessu ákvæði, að því tilskildu að þau tryggi að með því sé síðasta eiganda ekki gert erfiðara að skila raf- og rafeindabúnaðarúrgangi og að það verði áfram án endurgjalds fyrir síðasta eiganda. Aðildarríki, sem nýta sér þessa undanþágu, skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um það,

c) að framleiðendur sjái um söfnun á mjög smáum raf- og rafeindabúnaðarúrgangi (með ekkert ytra mál yfir 25 cm) í smásöluverslunum með sölusvæði fyrir raf- og rafeindabúnað sem er a.m.k. 400 m^2 eða mjög nálægt þeim, án endurgjalds og án skuldbindingar um að kaupa búnað af samsvarandi gerð, nema mat leiði í ljós að líklegt sé að annað tiltækt fyrirliggjandi söfnunarkerfi sé að lágmarki jafn skilvirkt. Slíkt mat skal vera tiltækt almenningi. Raf- og rafeindabúnaðarúrgangur sem safnað er skal meðhöndlaður á tilhlýðilegan hátt í samræmi við 8. gr.

d) með fyrirvara um ákvæði a-, b- og c-liðar skal framleiðendum vera heimilt að setja upp og starfrækja, hver í sínu lagi og/eða sameiginlega, skilakerfi fyrir raf- og rafeindabúnaðarúrgang frá heimilum, að því tilskildu að þessi kerfi séu í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar,

e) með hliðsjón af heilbrigðis- og öryggiskröfum, landsbundnum og í Sambandinu, er hægt, samkvæmt a-, b- og c-lið, að synja um viðtöku á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi sem getur stofnað heilsu og öryggi starfsmanna í hættu vegna mengunar. Aðildarríkin skulu gera sérstakar ráðstafanir vegna slíks raf- og rafeindabúnaðarúrgangs.

Aðildarríkin geta gert sérstakar ráðstafanir vegna skila á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi samkvæmt a- og b-lið ef helstu íhluti vantar í búnaðinn eða ef hann inniheldur annan úrgang en raf- og rafeindabúnaðarúrgang.

3. Aðildarríki geta tilnefnt rekstraraðila sem heimilt er að safna raf- og rafeindabúnaðarúrgangi frá heimilum, eins og um getur í 2. mgr.

4. Aðildarríki geta krafist þess að raf- og rafeindabúnaðarúrgangi, sem skilað er á söfnunarstöðvar sem um getur í 2. og 3. mgr., sé afhentur framleiðendum, eða þriðju aðilum fyrir þeirra hönd, eða sé afhentur tilnefndum stöðvum eða fyrirtækjum, til undirbúnings á endurnotkun.

5. Þegar um er að ræða annan raf- og rafeindabúnaðarúrgang en frá heimilum, og með fyrirvara um 13. gr., skulu aðildarríkin sjá til þess að framleiðendur eða þriðju aðilar fyrir þeirra hönd sjái um að slíkum úrgangi sé safnað.

6. gr.

Förgun og flutningur á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi sem hefur verið safnað

1. Aðildarríki skulu banna að raf- og rafeindabúnaðarúrgangi, sem safnað er sérstaklega og sem hefur ekki fengið þá meðferð sem tilgreind er í 8. gr., sé fargað.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að söfnun og flutningur á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi, sem safnað er sérstaklega, fari fram með hætti sem stuðlar að hagkvæmustu skilyrðum fyrir undirbúning endurnotkunar, endurvinnslu og einangrun hættulegra efna.

Til að hámarka undirbúning fyrir endurnotkun skulu aðildarríkin hvetja til þess, áður en frekari flutningur á sér stað, að söfnunarkerfi eða -stöðvar geri það kleift, eftir því sem við á, að aðgreina á söfnunarstaðnum þann raf- og rafeindabúnaðarúrgang, sem undirbúa á fyrir endurnotkun, frá öðrum raf- og rafeindabúnaðarúrgangi sem er safnað sérstaklega, einkum með því að veita starfsfólki endurnotkunarmiðstöðva aðgang.

7. gr.

Söfnunarhlutfall

1. Með fyrirvara um 1. mgr. 5. gr. skal hvert aðildarríki tryggja að meginreglan um „ábyrgð framleiðanda“ komi til framkvæmdar og, á þeim grundvelli, að lágmarkssöfnunarhlutfalli sé náð árlega. Frá 2016 skal lágmarkssöfnunarhlutfallið vera 45%, reiknað á grundvelli heildarþyngdar raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem safnað er í samræmi við 5. og 6. gr. á tilteknu ári í viðkomandi aðildarríki, gefið upp sem hundraðshluti meðalþyngdar raf- og rafeindabúnaðar sem settur er á markað á næstliðnum þremur árum í því aðildarríki. Aðildarríkin skulu tryggja að magn raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem safnað er fari stigvaxandi á tímabilinu frá 2016 til 2019, nema söfnunarhlutfallinu sem mælt er fyrir um í 2. undirgr. hafi þegar verið náð.

Frá 2019 skal árlegt lágmarkssöfnunarhlutfall vera 65% af meðalþyngd raf- og rafeindabúnaðar sem settur er á markað á næstliðnum þremur árum í hlutaðeigandi aðildarríki eða að öðrum kosti 85% af raf- og rafeindabúnaðarúrgangi sem fellur til á yfirráðasvæði þess aðildarríkis.

Til 31. desember 2015 gildir áfram að hlutfall sérstakrar söfnunar á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi frá heimilum sé a.m.k. fjögur kíló að meðaltali á hvern íbúa á ári eða sé sama þyngd raf- og rafeindabúnaðarúrgangs og var safnað í því aðildarríki að meðaltali á næstliðnum þremur árum, hvort heldur er hærra.

Aðildarríkin geta sett metnaðarfyllri markmið fyrir raf- og rafeindabúnaðarúrgang, sem safnað er sérstaklega, og skal í þeim tilvikum tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

2. Til að staðfesta hvort lágmakssöfnunarhlutfalli hafi verið náð skulu aðildarríkin sjá til þess að upplýsingar varðandi raf- og rafeindabúnaðarúrgang sem safnað er sérstaklega í samræmi við 5. gr. séu sendar aðildarríkjunum án endurgjalds, þ.m.t. að lágmarki upplýsingar um raf- og rafeindabúnaðarúrgang:

a) sem söfnunar- og meðhöndlunarstöðvar hafa tekið við,

b) sem dreifingaraðilar hafa tekið við,

c) sem safnað hefur verið sérstaklega af framleiðendum eða þriðju aðilum fyrir þeirra hönd.

3. Þrátt fyrir 1. mgr. gætu Búlgaría, Tékkland, Lettland, Litháen, Ungverjaland, Malta, Pólland, Rúmenía, Slóvenía og Slóvakía, vegna þess að nauðsynlega innviði skortir, ákveðið að:

a) frá og með 14. ágúst 2016, ná söfnunarhlutfalli sem er minna en 45% en meira en 40% af meðaltali þyngdar raf- og rafeindabúnaðar sem settur er á markað á næstliðnum þremur árum og

b) fresta því að ná söfnunarhlutfallinu, sem um getur í 2. undirgr. 1. mgr., til dags að eigin vali, þó eigi síðar en 14. ágúst 2021.

4. Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til þess að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 20. gr. um nauðsynlegar umbreytingaraðlaganir til að takast á við vanda sem aðildarríki standa frammi fyrir við að uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr.

5. Til að tryggja samræmd skilyrði við framkvæmd þessarar greinar skal framkvæmdastjórnin fyrir 14. ágúst 2015 samþykkja framkvæmdargerðir sem kveða á um sameiginlega aðferðafræði fyrir útreikning á þyngd raf- og rafeindabúnaðar sem settur er á markað og sameiginlega aðferðafræði fyrir útreikning á magni raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem fellur til, miðað við þyngd, í hverju aðildarríki. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 21. gr.

6. Fyrir 14. ágúst 2015 skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu um endurskoðun tímamarka varðandi söfnunarhlutfallið sem um getur í 1. mgr. og um að setja sérstakt söfnunarhlutfall fyrir einn eða fleiri flokka sem settir eru fram í III. viðauka, einkum fyrir varmaskiptabúnað, ljósspennuplötur, lítinn búnað, lítinn upplýsingatækni- og fjarskiptabúnað og ljósaperur sem innihalda kvikasilfur. Tillaga að nýrri löggjöf skal fylgja skýrslunni, ef við á.

7. Telji framkvæmdastjórnin, á grundvelli áhrifagreiningar, að söfnunarhlutfallið, sem byggir á magni raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem fellur til, þarfnist endurskoðunar skal hún leggja tillögu að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið.

8. gr.

Rétt meðhöndlun

1. Aðildarríkin skulu tryggja að allur raf- og rafeindabúnaðarúrgangur sem safnað er sérstaklega fái rétta meðhöndlun.

2. Rétt meðhöndlun, önnur en undirbúningur endurnotkunar, og endurnýting eða endurvinnsla skal að lágmarki fela í sér að allir vökvar séu fjarlægðir og sérmeðhöndlun í samræmi við VII. viðauka.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að framleiðendur eða þriðju aðilar fyrir þeirra hönd setji upp kerfi til endurnýtingar á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi þar sem notuð er fullkomnasta tækni sem völ er á. Framleiðendur geta komið upp þessum kerfum hver í sínu lagi eða sameiginlega. Aðildarríkin skulu tryggja að allar starfsstöðvar eða fyrirtæki, sem sjá um söfnun eða meðhöndlun, geymi og meðhöndli raf- og rafeindabúnaðarúrgang í samræmi við tæknilegu kröfurnar sem eru settar fram í VIII. viðauka.

4. Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til þess að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 20. gr. varðandi breytingar á VII. viðauka, í því skyni taka upp annars konar meðhöndlunartækni sem tryggir að lágmarki sömu vernd fyrir heilbrigði manna og umhverfið.

Framkvæmdastjórnin skal hafa það sem forgangsmál að meta hvort breyta þurfi færslum varðandi prentplötur úr farsímum og vökvakristalsskjái. Framkvæmdastjórnin er hvött til þess að leggja mat á hvort nauðsynlegt sé að breyta VII. viðauka, til að takast á við nanóefni í raf- og rafeindabúnaði.

5. Aðildarríkin geta sett lágmarksgæðastaðla fyrir meðhöndlun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs, sem hefur verið safnað, til verndar umhverfinu.

Aðildarríki, sem kjósa að setja slíka gæðastaðla, skulu greina framkvæmdastjórninni frá því og skal hún birta staðlana.

Eigi síðar en 14. febrúar 2013 skal framkvæmdastjórnin óska eftir því að evrópskar staðlastofnanir þrói Evrópustaðla um meðhöndlunina, þ.m.t. endurnýtingu, endurvinnslu og undirbúning endurnotkunar raf- og rafeindabúnaðarúrgangs. Þessir staðlar skulu endurspegla nýjustu og fullkomnustu tækni.

Til að tryggja samræmd skilyrði við framkvæmd þessarar greinar getur framkvæmdastjórnin samþykkt framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um lágmarksgæðastaðla, sem einkum byggjast á stöðlum sem evrópskar staðlastofnanir hafa þróað. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 21. gr.

Birta skal tilvísun í staðlana sem framkvæmdastjórnin samþykkir.

6. Aðildarríkin skulu hvetja starfsstöðvar og fyrirtæki sem sjá um meðhöndlun til að koma á fót vottuðum umhverfisstjórnunarkerfum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 frá 25. nóvember 2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) ([23]).

9. gr.

Leyfi

1. Aðildarríkin skulu tryggja að allar starfsstöðvar eða fyrirtæki, sem sjá um meðhöndlun, fái leyfi lögbærra yfirvalda í samræmi við 23. gr. tilskipunar 2008/98/EB.

2. Undanþágur frá kröfum um leyfi, skilyrði fyrir undanþágum og skráning skulu vera í samræmi við 24., 25. og 26. gr. tilskipunar 2008/98/EB, eftir því sem við á.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að leyfið eða skráningin, sem um getur í 1. og 2. mgr., feli í sér öll nauðsynleg skilyrði fyrir því að kröfurnar í 2., 3. og 5. mgr. 8. gr. séu uppfylltar og að unnt sé að ná endurnýtingarmarkmiðunum sem eru sett fram í 11. gr.

10. gr.

Flutningur raf- og rafeindabúnaðarúrgangs

1. Meðhöndlunin getur einnig átt sér stað utan viðkomandi aðildarríkis eða utan Sambandsins, að því tilskildu að flutningur raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sé í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1013/2006 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1418/2007 frá 29. nóvember 2007 um útflutning á tilteknum tegundum úrgangs til endurnýtingar sem tilgreindar eru í III. viðauka eða III. viðauka A við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 til tiltekinna landa, sem falla ekki undir ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar um eftirlit með flutningi úrgangs yfir landamæri ([24]).

2. Raf- og rafeindabúnaðarúrgangur sem er fluttur út úr Sambandinu skal einungis teljast uppfylla skyldur og markmið, sem sett eru fram í 11. gr. þessarar tilskipunar, ef útflytjandinn getur sannað, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1013/2006 og reglugerð (EB) nr. 1418/2007, að meðhöndlunin hafi farið fram við aðstæður sem eru sambærilegar við það sem krafist er í þessari tilskipun.

3. Eigi síðar en 14. febrúar 2014 skal framkvæmdastjórnin samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 20. gr. þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um viðbætur við 2. mgr. þessarar greinar, einkum einstök atriði varðandi mat á jafngildum skilyrðum.

11. gr.

Endurnýtingarmarkmið

1. Að því er varðar raf- og rafeindabúnaðarúrgang sem safnað er í samræmi við 5. gr. og sendur er til meðhöndlunar í samræmi við 8., 9. og 10. gr. skulu aðildarríkin tryggja að framleiðendur nái lágmarksmarkmiðunum sem sett eru fram í V. viðauka.

2. Reikna skal hvort markmiðum hafi verið náð fyrir hvern flokk með því að deila þyngd raf- og rafeindabúnaðarúrgangs, sem kemur í starfsstöð fyrir endurnýtingu eða endurvinnslu/undirbúning fyrir endurnotkun eftir rétta meðhöndlun skv. 2. mgr. 8. gr., að því er varðar endurnýtingu eða endurvinnslu, með þyngd alls raf- og rafeindabúnaðarúrgangs, sem safnað er sérstaklega í hverjum flokki, sett fram sem hundraðshluti.

Forvinnsla, þ.m.t. flokkun og geymsla áður en endurnýting á sér stað, skal ekki teljast sem hluti af því að uppfylla þessi markmið.

3. Til að tryggja samræmd skilyrði við framkvæmd þessarar greinar má framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir sem kveða á um viðbótareglur um reikniaðferðir fyrir beitingu lágmarksmarkmiða. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 21. gr.

4. Aðildarríkin skulu sjá til þess, m.t.t. útreiknings á þessum markmiðum, að framleiðendur eða þriðju aðilar fyrir þeirra hönd haldi skýrslur yfir þyngd raf- og rafeindabúnaðarúrgangs, íhluta, efniviðar eða efna hans þegar hann fer (frálag) frá söfnunarstöð, hann kemur inn (ílag) eða fer út (frálag) úr meðhöndlunarstöðvum og þegar hann kemur (ílag) í endurnýtingar- eða endurvinnslustöðina/undirbúning fyrir endurnotkun.

Aðildarríkin skulu einnig tryggja, með tilliti til 6. mgr., að haldnar séu skrár yfir þyngd vara og efna þegar þau fara frá (frálag) endurnýtingar- eða endurvinnslustöðinni/undirbúningi fyrir endurnotkun.

5. Aðildarríkin skulu hvetja til þróunar nýrrar tækni við endurnýtingu, endurvinnslu og meðhöndlun.

([23]) Stjtíð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 1.
([24]) Stjtíð. ESB L 316, 4.12.2007, bls. 6.

6. Á grundvelli skýrslu frá framkvæmdastjórninni ásamt, ef við á, tillögu að nýrri löggjöf skal Evrópuþingið og ráðið fyrir 14. ágúst 2016 endurmeta endurnýtingarmarkmiðin sem um getur í 3. hluta V. viðauka, skoða möguleikann á að setja aðgreind markmið fyrir raf- og rafeindabúnaðarúrgang sem á að undirbúa fyrir endurnotkun og endurskoða reikniaðferðirnar sem um getur í 2. mgr., með það fyrir augum að greina hagkvæmni þess að setja markmið á grundvelli vara og efna (frálag) frá endurnýtingu, endurvinnslu og undirbúningi fyrir endurnotkun.

12. gr.

Fjármögnun á meðhöndlun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs frá heimilum

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að framleiðendur fjármagni a.m.k. söfnun, meðhöndlun, endurnýtingu og umhverfisvæna förgun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs frá heimilum sem hefur verið afhentur í söfnunarstöðvar, sem komið er á fót skv. 2. mgr. 5. gr.

2. Aðildarríkin geta, eftir því sem við á, hvatt framleiðendur til að fjármagna einnig kostnað vegna söfnunar á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi frá heimilum til söfnunarstöðva.

3. Þegar um er að ræða vörur sem settar eru á markað eftir 13. ágúst 2005 skal hver framleiðandi bera ábyrgð á því að fjármagna starfsemi sem um getur í 1. mgr. og tengist úrgangi frá hans eigin framleiðslu. Framleiðandinn getur valið um það hvort hann uppfyllir skyldur sínar einn eða með því að taka þátt í sameiginlegu kerfi.

Aðildarríkin skulu tryggja að hver framleiðandi leggi fram tryggingu, þegar hann setur vöru á markaðinn, fyrir því að meðferð alls raf- og rafeindabúnaðarúrgangs verði fjármögnuð og skulu tryggja að framleiðendur merki vörur sínar greinilega í samræmi við 2. mgr. 15. gr. Þessi trygging skal taka af allan vafa um að starfsemin, sem um getur í 1. mgr. varðandi þessa vöru, verði fjármögnuð. Tryggingin getur verið í formi þátttöku framleiðandans í viðeigandi fjármögnunarkerfum fyrir meðferð raf- og rafeindabúnaðarúrgangs, endurvinnslutryggingar eða lokaðs bankareiknings.

4. Ábyrgjast skal fjármögnun vegna kostnaðar við meðferð raf- og rafeindabúnaðarúrgangs vara, sem settar eru á markað 13. ágúst 2005 eða fyrr (gamall úrgangur), með einu eða fleiri kerfum sem allir framleiðendur, sem eru á markaðnum þegar viðkomandi kostnaður myndast, leggja fram fé til hlutfallslega, þ.e. í réttu hlutfalli við hlut þeirra í mörkuðum fyrir hinar ýmsu gerðir búnaðar.

5. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þróað sé viðeigandi fyrirkomulag eða tilhögun endurgreiðslu fyrir endurgreiðslu framlags til framleiðenda við flutning á raf- og rafeindabúnaði, til að setja á markað utan yfirráðasvæðis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framleiðendur, eða þriðju aðilar fyrir þeirra hönd, gætu þróað slíkt fyrirkomulag eða tilhögun.

6. Framkvæmdastjórnin er hvött til þess að gera fyrir 14. ágúst 2015 grein fyrir möguleikunum á því að þróa viðmiðanir fyrir upptöku raunverulegs úrvinnslukostnaðar í fjármögnun framleiðenda á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi og leggja tillögur að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið, ef við á.

13. gr.

Fjármögnun í tengslum við raf- og rafeindabúnaðarúrgang frá notendum, öðrum en á heimilum

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að framleiðendur annist fjármögnun við söfnun, meðhöndlun, endurnýtingu og umhverfisvæna förgun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs frá notendum, öðrum en á heimilum, að því er tekur til vara sem settar eru á markað eftir 13. ágúst 2005.

Ef nýjar, sambærilegar vörur, sem gegna sama hlutverki, koma í stað gamals úrgangs skulu framleiðendurnir annast fjármögnun vegna kostnaðarins þegar þeir afhenda þær. Að öðrum kosti geta aðildarríkin kveðið á um að notendur, aðrir en á heimilum, séu einnig, að hluta til eða að öllu leyti, ábyrgir fyrir þessari fjármögnun.

Þegar um er að ræða annan gamlan úrgang skulu notendur, aðrir en á heimilum, annast fjármögnun vegna kostnaðarins.

2. Framleiðendur og notendur, aðrir en á heimilum geta gert samninga þar sem aðrar fjármögnunaraðferðir eru ákveðnar, sbr. þó ákvæði þessarar tilskipunar.

14. gr.

Upplýsingar til notenda

1. Aðildarríki geta farið fram á að framleiðendur sýni kaupendum, við sölu á nýjum búnaði, kostnaðinn við söfnun, meðhöndlun og umhverfisvæna förgun. Tilgreindur kostnaður skal ekki vera meiri en besta mat á raunverulegum kostnaði.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að notendur raf- og rafeindabúnaðar á heimilum fái nauðsynlegar upplýsingar um:

a) þá kröfu að raf- og rafeindabúnaðarúrgangi sé ekki fargað sem óflokkuðu húsasorpi heldur sé honum safnað sérstaklega,

b) endurnýtingar- og söfnunarkerfi sem þeir hafa aðgang að og hvetja til samræmingar upplýsinga um tiltækar söfnunarstöðvar, án tillits til framleiðenda eða annarra rekstraraðila sem hafa sett þær upp,

c) hlutverk sitt varðandi endurnotkun, endurvinnslu og aðrar leiðir til endurnýtingar raf- og rafeindabúnaðarúrgangs,

d) hugsanleg áhrif hættulegra efna í raf- og rafeindabúnaði á umhverfið og heilsu manna,

e) merkingu táknsins sem sýnt er í IX. viðauka.

3. Aðildarríki skulu samþykkja viðeigandi ráðstafanir til að fá neytendur til að taka þátt í söfnun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs og hvetja þá til að auðvelda endurnotkunar-, meðhöndlunar- og endurnýtingarferlið.

4. Með það fyrir augum að halda því í lágmarki að raf- og rafeindabúnaðarúrgangi sé fargað sem óflokkuðu húsasorpi og til að auðvelda að honum sé safnað sérstaklega skulu aðildarríkin sjá til þess að framleiðendur merki raf- og rafeindabúnað sem settur er á markað á viðeigandi hátt með tákninu sem er sýnt í IX. viðauka, helst í samræmi við Evrópustaðalinn EN 50419 ([25]). Í undantekningartilvikum, þegar það er nauðsynlegt vegna stærðar eða virkni búnaðarins, skal táknið vera prentað á umbúðir, notkunarleiðbeiningar og ábyrgðarskírteini raf- og rafeindabúnaðarins.

5. Aðildarríkin geta krafist þess að framleiðendur og/eða dreifingaraðilar veiti sumar eða allar upplýsingarnar, sem um getur í 2., 3. og 4. mgr., t.d. í notkunarleiðbeiningum, á sölustað og með átaksverkefnum um vitundarvakningu.

15. gr.

Upplýsingar til meðhöndlunarstöðva

1. Til að auðvelda undirbúning fyrir endurnotkun og rétta og umhverfisvæna meðhöndlun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs, þ.m.t. viðhald, uppfærslu, endurnýjun, og endurvinnslu, skulu aðildarríkin gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að framleiðendur veiti upplýsingar án endurgjalds um undirbúning endurnotkunar og meðhöndlunar hverrar gerðar af nýjum raf- og rafeindabúnaði, sem er settur á markað í Sambandinu í fyrsta sinn, innan eins árs frá því að búnaðurinn er settur á markaðinn. Í upplýsingunum skal tilgreina, að svo miklu leyti sem miðstöðvum, sem undirbúa endurnotkun og meðhöndlun, og endurvinnslustöðvum er nauðsynlegt til að geta uppfyllt ákvæði þessarar tilskipunar, mismunandi íhluti og efnivið raf- og rafeindabúnaðar og einnig staðsetningu hættulegra efna og efnablandna í slíkum búnaði. Framleiðendur raf- og rafeindabúnaðar skulu hafa upplýsingarnar tiltækar fyrir miðstöðvar, sem undirbúa endurnotkun og meðhöndlun, og endurvinnslustöðvar í formi handbóka eða á rafrænum miðlum (t.d. geisladiskum eða með þjónustu á Netinu).

2. Til að ákvarða megi ótvírætt hvenær raf- og rafeindabúnaðurinn er settur á markað skulu aðildarríkin tryggja að það komi fram á merkingu á búnaðinum að hann hafi verið settur á markað eftir 13. ágúst 2005. Helst skal beita Evrópustaðlinum EN 50419 í þessum tilgangi.

([25]) Samþykktur af Rafstaðlasamtökum Evrópu í mars 2006.

16. gr.

Skráning, upplýsingar og skýrslugjöf

1. Aðildarríkin skulu í samræmi við 2. mgr. taka saman skrá yfir framleiðendur, þ.m.t. framleiðendur sem bjóða fram raf- eða rafeindabúnað með fjarsamskiptamiðlum. Þessa skrá skal nota til að hafa eftirlit með því að farið sé að kröfum þessarar tilskipunar.

Framleiðendur sem bjóða fram raf- eða rafeindabúnað með fjarsamskiptamiðlum, eins og skilgreint er í iv. lið f-liðar 1. mgr. 3. gr. skulu skráðir í þeim aðildarríkjum sem þeir selja til. Ef framleiðendur eru ekki skráðir í aðildarríkinu sem þeir selja til skulu þeir skráðir fyrir milligöngu viðurkennds fulltrúa eins og um getur í 2. mgr. 17. gr.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að:

a) hver framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi sem tilnefndur er skv. 17. gr. sé skráður eins og krafist er og hafi kost á að skrá á Netinu í landsbundna skrá allar viðkomandi upplýsingar sem endurspegla starfsemi framleiðandans í því aðildarríki,

b) við skráningu veiti hver framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi sem tilnefndur er skv. 17. gr. þær upplýsingar sem settar eru fram í A-hluta X. viðauka og skuldbindi sig til að uppfæra þær eins og við á,

c) hver framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi sem tilnefndur er skv. 17. gr. veiti þær upplýsingar sem settar eru fram í B-hluta X. viðauka,

d) landsbundnar skrár veiti tengingar við aðrar landsbundnar skrár á vefsetrum sínum til að greiða fyrir skráningu framleiðenda eða viðurkenndra fulltrúa sem tilnefndir eru skv. 17. gr. í öllum aðildarríkjum.

3. Til að tryggja samræmd skilyrði við framkvæmd þessarar greinar skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir sem kveða á um snið fyrir skráningu og skýrslugjöf og hversu oft skuli senda skránni skýrslur. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 21. gr.

4. Aðildarríkin skulu safna upplýsingum, ásamt rökstuddu mati, um magn og flokka raf- og rafeindabúnaðar sem settur er á markað þeirra, er safnað eftir öllum leiðum, undirbúinn fyrir endurnotkun, endurunninn og endurnýttur í aðildarríkjunum, og um raf- og rafeindabúnaðarúrgang sem safnað er sérstaklega og fluttur út, eftir vigt.

5. Aðildarríkin skulu á þriggja ára fresti senda framkvæmdastjórninni skýrslu um framkvæmd þessarar tilskipunar og um upplýsingarnar sem settar eru fram í 4. mgr. Framkvæmdaskýrslan skal samin á grundvelli spurningalista sem mælt er fyrir um í ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar 2004/249/EB ([26]) og 2005/369/EB ([27]). Skýrslan skal send framkvæmdastjórninni innan níu mánaða frá lokum þriggja ára tímabilsins sem hún tekur til.

Fyrsta skýrslan skal taka til tímabilsins frá 14. febrúar 2014 til 31. desember 2015.

Framkvæmdastjórnin skal gefa út skýrslu um framkvæmd þessarar tilskipunar innan níu mánaða frá því að skýrslur aðildarríkjanna hafa borist henni.

17. gr.

Viðurkenndur fulltrúi

1. Hvert aðildarríki skal tryggja að framleiðanda, eins og skilgreindur er í i. til iii. lið f-liðar 1. mgr. 3. gr., með staðfestu í öðru aðildarríki, sé heimilt, með undanþágu frá i. til iii. lið f-liðar 1. mgr. 3. gr., að tilnefna lögaðila eða einstakling með staðfestu á yfirráðasvæði þess sem viðurkenndan fulltrúa, sem ber ábyrgð á því að uppfylla skuldbindingar þess framleiðanda samkvæmt þessari tilskipun, á yfirráðasvæði þess.

2. Hvert aðildarríki skal tryggja að framleiðandi, eins og skilgreindur er í iv. lið f-liðar 1. mgr. 3. gr. og með staðfestu á yfirráðasvæði þess, sem selur raf- og rafeindabúnað til annars aðildarríkis þar sem hann er ekki með staðfestu, tilnefni viðurkenndan fulltrúa í því aðildarríki, sem sé ábyrgur fyrir því að uppfylla skyldur framleiðandans samkvæmt þessari tilskipun á yfirráðasvæði þess aðildarríkis.

3. Tilnefna skal viðurkenndan fulltrúa með skriflegu umboði.

18. gr.

Samvinna stjórnvalda og upplýsingaskipti

Aðildarríkin skulu sjá til þess að yfirvöld sem eru ábyrg fyrir framkvæmd þessarar tilskipunar vinni saman, einkum til að koma á fullnægjandi flæði upplýsinga til að tryggja að framleiðendur fari að ákvæðum þessarar tilskipunar og, eftir því sem við á, veiti hver öðrum og framkvæmdastjórninni upplýsingar í því skyni að auðvelda rétta framkvæmd þessarar tilskipunar. Samvinna stjórnvalda og upplýsingaskipti, einkum á milli landsbundinna skráa, skal ná til rafrænna samskiptamiðla.

Samvinna skal fela í sér m.a. að veittur sé aðgangur að viðeigandi skjölum og upplýsingum, þ.m.t. niðurstöðum úr hugsanlegum skoðunum, með fyrirvara um ákvæði laga um gagnavernd sem í gildi eru í aðildarríki yfirvaldsins sem óskað er eftir samvinnu við.

([26]) Stjtíð. ESB L 78, 16.3.2004, bls. 56.
([27]) Stjtíð. ESB L 119, 11.5.2005, bls. 13.

19. gr.

Aðlögun að framförum á sviði vísinda og tækni

Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til þess að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 20. gr. að því er varðar breytingar sem nauðsynlegar eru til að aðlaga 5. mgr. 16. gr. og IV., VII., VIII. og IX. viðauka að tæknilegum og vísindalegum framförum. Við breytingu á VII. viðauka skal taka tillit til undanþága sem veittar eru samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/EB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði ([28]).

Áður en viðaukunum er breytt skal framkvæmdastjórnin m.a. hafa samráð við framleiðendur raf- og rafeindabúnaðar, endurvinnsluaðila, meðhöndlunaraðila, umhverfissamtök og starfsmanna- og neytendasamtök.

20. gr.

Meðferð framsalsheimilda

1. Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 4. mgr. 7. gr., 4. mgr. 8. gr., 3. mgr. 10. gr. og 19. gr., í fimm ár á tímabili sem hefst 13. ágúst 2012. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu, að því er varðar framsal valds, eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valds skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 4. mgr. 7. gr., 4. mgr. 8. gr., 3. mgr. 10. gr. og 19. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á framsal þess valds sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 4. mgr. 7. gr., 4. mgr. 8. gr., 3. mgr. 10. gr. og 19. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið

([28]) Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

21. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar sem komið er á fót skv. 39. gr. tilskipunar 2008/98/EB. Sú nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

Skili nefndin ekki áliti skal framkvæmdastjórnin ekki samþykkja drögin að framkvæmdargerðinni og þriðja undirgrein 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 skal gilda.

22. gr.

Viðurlög

Aðildarríki skulu setja reglur um viðurlög vegna brota á ákvæðum landslaga sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að slíkum viðurlögum sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, hófleg og hafa letjandi áhrif. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði, eigi síðar en 14. febrúar 2014, og skulu tilkynna henni án tafar um síðari breytingar sem hafa áhrif á þau.

23. gr.

Skoðun og eftirlit

1. Aðildarríkin skulu framkvæma viðeigandi skoðanir og eftirlit til að sannprófa að þessi tilskipun sé framkvæmd á réttan hátt.

Þessar skoðanir skulu a.m.k. ná til eftirfarandi:

a) upplýsinga sem veittar eru innan rammans um framleiðendaskrár,

b) sendinga, einkum útflutnings á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi úr Sambandinu í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1013/2006 og reglugerð (EB) nr. 1418/2007 og

c) starfseminnar í meðhöndlunarstöðvum í samræmi við tilskipun 2008/98/EB og VII. viðauka þessarar tilskipunar.

2. Aðildarríki skulu tryggja að sendingar á notuðum raf- og rafeindabúnaði sem grunur leikur á að sé raf- og rafeindabúnaðarúrgangur fari fram í samræmi við lágmarkskröfurnar í VI. viðauka og skulu fylgjast með slíkum sendingum til samræmis við það.

3. Krefja má framleiðendur, þriðju aðila fyrir þeirra hönd eða aðra aðila, sem sjá um flutninga á notuðum raf- og rafeindabúnaði sem grunur leikur á að sé raf- og rafeindabúnaðarúrgangur, um kostnað vegna viðeigandi skoðana og eftirlits, þ.m.t. geymslukostnað, vegna raf- og rafeindabúnaðar sem grunur leikur á að sé úrgangur.

4. Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar greinar og VI. viðauka getur framkvæmdastjórnin samþykkt framkvæmdargerðir sem kveða á um frekari reglur um skoðanir og eftirlit og einkum samræmd skilyrði fyrir framkvæmd 2. liðar VI. viðauka. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 21. gr.

24. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 14. febrúar 2014. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Í þeim skal einnig vera yfirlýsing um að líta beri á tilvísanir í gildandi lögum og stjórnsýslufyrirmælum í tilskipanirnar sem eru felldar niður með þessari tilskipun sem tilvísanir í þessa tilskipun. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun og hvernig yfirlýsingin skal sett fram.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. Að því tilskildu að markmiðin, sem sett eru í þessari tilskipun, náist er aðildarríkjunum heimilt að taka upp ákvæðin sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 8. gr., 2. mgr. 14. gr. og 15. gr. með samningum milli lögbærra yfirvalda og þeirra atvinnuvega sem um er að ræða. Þessir samningar skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) samningar skulu vera framkvæmanlegir,

b) í samningum verður að tilgreina markmið ásamt samsvarandi tímamörkum,

c) samningar skulu birtir í stjórnartíðindum hvers ríkis eða opinberu skjali, sem almenningur hefur jafnt aðgengi að, og komið á framfæri við framkvæmdastjórnina,

d) reglulegt eftirlit skal vera með þeim árangri sem næst, gefa skal skýrslu um hann til lögbærra yfirvalda og framkvæmdastjórnarinnar og koma honum á framfæri við almenning samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru í samningnum,

e) lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að framfarir, sem nást samkvæmt samningnum, verði kannaðar,

f) ef ekki er staðið við samninginn skulu aðildarríkin beita viðeigandi ákvæðum þessarar tilskipunar með laga- eða stjórnsýslufyrirmælum.

25. gr.

Niðurfelling

Tilskipun 2002/96/EB, eins og henni var breytt með tilskipunum sem eru tilgreindar í A-hluta XI. viðauka, er felld úr gildi frá og með 15. febrúar 2014, með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar þá fresti til lögleiðingar og beitingar tilskipananna sem tilgreindar eru í B-hluta XI. viðauka.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipanirnar sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar í samræmi við samsvörunartöfluna í XII. viðauka.

26. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

27. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 4. júlí 2012.

Fyrir Evrópuþingið	*Fyrir hönd ráðsins*
M. SCHULZ	A. D. MAVROYIANNIS
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

Flokkar raf- og rafeindabúnaðar sem falla undir þessa tilskipun á umbreytingartímabilinu sem kveðið er á um í a-lið 1. mgr. 2. gr.

1. Stór heimilistæki
2. Lítil heimilistæki
3. Upplýsingatækni- og fjarskiptabúnaður
4. Neytendabúnaður og ljósspennuplötur
5. Ljósabúnaður
6. Raf- og rafeindatæki (að frátöldum stórum, föstum iðnaðartækjum)
7. Leikföng, tómstunda- og íþróttabúnaður
8. Lækningatæki (að frátöldum ígræðsluvörum og vörum sem bera smit)
9. Vöktunar- og eftirlitstæki
10. Sjálfsalar

_____

II. VIÐAUKI

Viðmiðunarskrá yfir raf- og rafeindabúnað sem fellur undir flokkana í I. viðauka

1. STÓR HEIMILISTÆKI

Stór kælitæki

Kæliskápar

Frystar

Önnur stór tæki notuð til kælingar, varðveislu og geymslu matvæla

Þvottavélar

Þurrkarar

Uppþvottavélar

Eldavélar

Rafmagnseldavélar

Rafmagnshitaplötur

Örbylgjuofnar

Önnur stór tæki notuð til eldunar og annarrar vinnslu matvæla

Rafmagnshitunartæki

Rafmagnsofnar

Önnur stór tæki til að hita upp herbergi, rúm eða sæti

Rafmagnsviftur

Loftjöfnunartæki

Annar viftu-, útblásturs- og loftjöfnunarbúnaður

2. LÍTIL HEIMILISTÆKI

Ryksugur

Teppahreinsarar

Önnur hreingerningatæki

Tæki sem eru notuð til að sauma, prjóna, vefa og til annarrar textílvinnslu

Straujárn og önnur tæki sem eru notuð til að strauja, rulla og hirða um fatnað á annan hátt

Brauðristir

Djúpsteikingarpottar

Kvarnir, kaffivélar og búnaður til að opna eða innsigla ílát eða umbúðir

Rafmagnshnífar

Hárskurðartæki, hárþurrkur, rafmagnstannburstar, rakvélar, nuddtæki og önnur tæki, notuð til snyrtingar

Klukkur, armbandsúr og búnaður til að mæla, gefa til kynna eða skrá tíma

Vogir

3. UPPLÝSINGATÆKNI- OG FJARSKIPTABÚNAÐUR

Miðlæg gagnavinnsla:

Stórtölvur

Smátölvur

Prenttæki

Einkatölvur:

Einkatölvur (miðverk, mús, skjár og lyklaborð meðtalið)

Fartölvur (miðverk, mús, skjár og lyklaborð meðtalið)

Fistölvur

Lófatölvur

Prentarar

Afritunarbúnaður

Rafmagns- og rafeindaritvélar

Vasa- og borðreiknivélar

og önnur tæki og búnaður til að safna, geyma, vinna úr, setja fram eða miðla upplýsingum með rafrænum hætti

Endabúnaður og -kerfi notanda

Bréfasími (fax),

Fjarriti

Símar

Símasjálfsalar

Þráðlausir símar

Hólfskiptir símar

Símsvarar

og önnur tæki eða búnaður til að flytja hljóð, myndir eða aðrar upplýsingar með fjarskiptatækni

4. NEYTENDABÚNAÐUR OG LJÓSSPENNUPLÖTUR

Útvarpstæki

Sjónvarpstæki

Myndbandsupptökuvélar

Myndbandsupptökutæki

Hi-fi-upptökutæki

Magnarar

Hljóðfæri

og önnur tæki eða búnaður sem er notaður til hljóð- eða myndupptöku eða -flutnings, þ.m.t. merki eða annars konar tækni við dreifingu hljóðs og myndar en með fjarskiptum

Ljósspennuplötur

5. LJÓSABÚNAÐUR

Lampar fyrir flúrperur að frátöldum þeim sem eru notaðir á heimilum

Beinar flúrperur

Sambyggðar flúrperur

Háþrýstar úrhleðsluperur, þ.m.t. háþrýstar natríumperur og málmhalógenperur

Lágþrýstar natríumperur

Annars konar ljós eða ljósabúnaður sem þjónar þeim tilgangi að dreifa ljósi eða takmarka ljós, að frátöldum glóþráðarperum

6. RAF- OG RAFEINDATÆKI (AÐ FRÁTÖLDUM STÓRUM, FÖSTUM IÐNAÐARTÆKJUM)

Borar

Sagir

Saumavélar

Búnaður til að renna, sverfa, slípa, fínpússa, saga, skera, klippa, bora, hola, gata, brjóta saman, beygja eða vinna timbur, málm eða önnur efni á svipaðan hátt

Verkfæri til að hnoða, negla eða skrúfa eða fjarlægja hnoð, nagla og skrúfur eða til svipaðra nota

Tæki til að logsjóða eða lóða eða til svipaðra nota

Búnaður til sprautunar, dreifingar, úðunar eða annarrar meðhöndlunar með vökva eða loftkenndum efnum

Sláttutæki eða önnur tæki til garðvinnu

7. LEIKFÖNG, TÓMSTUNDA- OG ÍÞRÓTTABÚNAÐUR

Rafmagnsjárnbrautir eða -bílabrautir

Lófaleikjatölvur

Skjáleikir

Tölvur til hjólreiða, köfunar, hlaupa, róðrar o.s.frv.

Íþróttabúnaður með raf- eða rafeindaíhlutum

Spilakassar

8. LÆKNINGATÆKI (AÐ FRÁTÖLDUM ÍGRÆÐSLUVÖRUM OG VÖRUM SEM BERA SMIT)

Búnaður til geislameðferðar

Hjartalækningatæki

Skiljunarbúnaður

Öndunartæki

Búnaður til geislalækninga

Búnaður á rannsóknarstofu til sjúkdómsgreiningar í glasi

Greiningartæki

Frystar

Búnaður til frjóvgunarprófana

Önnur tæki til að greina, fyrirbyggja, vakta, veita meðferð og ráða bót á sjúkdómum, meiðslum og fötlun

9. VÖKTUNAR- OG EFTIRLITSTÆKI

Reykskynjarar

Hitajafnarar

Hitastillar

Mælitæki, vogir- eða stillibúnaður fyrir heimili eða rannsóknarstofur

Önnur vöktunar- og eftirlitstæki sem notuð eru í iðjuverum (t.d. á stjórnborðum)

10. SJÁLFSALAR

Sjálfsalar fyrir heita drykki

Sjálfsalar fyrir heitar eða kaldar flöskur eða dósir

Sjálfsalar fyrir vörur í föstu formi

Sjálfsalar til að skipta peningum

Öll tæki sem afhenda sjálfvirkt hvers konar vörur

III. VIÐAUKI

FLOKKAR RAF- OG RAFEINDABÚNAÐAR SEM FALLA UNDIR ÞESSA TILSKIPUN

1. Varmaskiptabúnaður
2. Skjáir og búnaður með skjám með yfirborð sem er stærra en 100 cm^2
3. Lampar
4. Stór búnaður (með eitthvert ytra mál sem er yfir 50 cm), þ.m.t. en þó ekki eingöngu:

   Heimilistæki, upplýsingatækni- og fjarskiptabúnaður, neytendabúnaður, lampar, búnaður sem er notaður til hljóð- eða myndupptöku eða -flutnings, hljóðfæri, raf- og rafeindatæki, leikföng, frístunda- og íþróttabúnaður, lækningatæki, vöktunar- og eftirlitstæki, sjálfsalar, búnaður fyrir framleiðslu rafstraums. Til þessa flokks telst ekki búnaður sem er í flokkum 1 til 3.
5. Lítill búnaður (ekkert ytra mál er yfir 50 cm), þ.m.t. en þó ekki eingöngu:

   Heimilistæki, neytendabúnaður, lampar, búnaður sem er notaður til hljóð- eða myndupptöku eða -flutnings, hljóðfæri, raf- og rafeindatæki, leikföng, frístunda- og íþróttabúnaður, lækningatæki, vöktunar- og eftirlitstæki, sjálfsalar, búnaður fyrir framleiðslu rafstraums. Til þessa flokks telst ekki búnaður sem er í flokkum 1 til 3 og 6.
6. Lítill upplýsingatækni- og fjarskiptabúnaður (ekkert ytra mál er yfir 50 cm)

IV. VIÐAUKI

Skrá, sem er ekki tæmandi, yfir raf- og rafeindabúnað sem fellur undir flokkana í III. viðauka

1. Varmaskiptabúnaður

   Kæliskápar, frystar, búnaður sem afhendir sjálfvirkt kældar vörur, loftræstingarbúnaður, rakaeyðingartæki, varmadælur, hitagjafar sem innihalda olíu og varmaskiptar sem nota aðra vökva en vatn fyrir varmaskiptin.

2. Skjáir og búnaður með skjám með yfirborð sem er stærra en 100 cm^2

   Skjáir, sjónvörp, vökvakristalsmyndarammar, fartölvur, fistölvur.

3. Ljósaperur

   Beinar flúrperur, sambyggðar flúrperur, flúrperur, háþrýstar úrhleðsluperur, þ.m.t. háþrýstar natríumperur og málmhalógenperur, lágþrýstar natríumperur, ljósdíóður.

4. Stór búnaður

   Þvottavélar, fataþurrkarar, uppþvottavélar, eldavélar, rafmagnsofnar, rafmagnshitaplötur, lampar, búnaður sem er notaður til hljóð- eða myndflutnings, hljóðfæri (að undanskildum pípuorgelum sem sett eru upp í kirkjum), tæki sem eru notuð til að sauma og vefa, stórar stórtölvur, stórar prentvélar, afritunarbúnaður, stórir spilakassar, stór lækningatæki, stór vöktunar- og eftirlitstæki, stór tæki sem afhenda sjálfvirkt vörur og peninga, ljósspennuplötur.

5. Lítill búnaður

   Ryksugur, teppahreinsarar, tæki sem notuð eru til að sauma, lampar, örbylgjuofnar, loftræstingarbúnaður, straujárn, brauðristar, rafmagnshnífar, hraðsuðukatlar, klukkur og úr, rafmagnsrakvélar, vogir, tæki fyrir hár- og líkamssnyrtingu, reiknivélar, útvörp, myndbandsupptökuvélar, myndbandsupptökutæki, hljómflutningstæki, hljóðfæri, búnaður sem er notaður til hljóð- eða myndflutnings, rafmagns- og rafeindaleikföng, tölvur fyrir hjólreiðar, köfun, róður o.þ.h., reykskynjarar, hitastillar, lítil raf- og rafeindatæki, lítil lækningatæki, lítil vöktunar- og eftirlitstæki, lítil tæki sem afhenda sjálfvirkt vörur og peninga, lítill búnaður með innbyggðar ljósspennuplötur.

6. Lítill upplýsingatækni- og fjarskiptabúnaður (ekkert ytra mál er yfir 50 cm)

   Farsímar, GPS, vasareiknar, beinar, einkatölvur, prentarar, símar.

V. VIÐAUKI

LÁGMARKSENDURNÝTINGARMARKMIÐ SEM UM GETUR Í 11. GR.

1. hluti: Lágmarksmarkmið sem gilda fyrir hvern flokk frá 13. ágúst 2012 til 14. ágúst 2015 með tilvísun í flokkana sem taldir eru upp í I. viðauka:

a) fyrir raf- og rafeindabúnaðarúrgang í 1. eða 10. flokki í I. viðauka,

— endurnýta skal 80% og

— endurvinna skal 75%,

b) fyrir raf- og rafeindabúnaðarúrgang í 3. eða 4. flokki í I. viðauka,

— endurnýta skal 75% og

— endurvinna skal 65%,

c) að því er varðar raf- og rafeindabúnaðarúrgang í 2., 5., 6., 7., 8. eða 9. flokki í I. viðauka,

— endurnýta skal 70% og

— endurvinna skal 50%,

d) að því er varðar gasúrhleðsluperur skal endurvinna 80%.

2. hluti: Lágmarksmarkmið sem gilda fyrir hvern flokk frá 15. ágúst 2015 til 14. ágúst 2018 með tilvísun í flokkana sem taldir eru upp í I. viðauka:

a) fyrir raf- og rafeindabúnaðarúrgang í 1. eða 10. flokki í I. viðauka,

— endurnýta skal 85% og

— undirbúa skal 80% fyrir endurnotkun og endurvinna,

b) fyrir raf- og rafeindabúnaðarúrgang í 3. eða 4. flokki í I. viðauka,

— endurnýta skal 80% og

— undirbúa skal 70% fyrir endurnotkun og endurvinna,

c) að því er varðar raf- og rafeindabúnaðarúrgang í 2., 5., 6., 7., 8. eða 9. flokki í I. viðauka,

— endurnýta skal 75% og

— undirbúa skal 55% fyrir endurnotkun og endurvinna,

d) að því er varðar gasúrhleðsluperur skal endurvinna 80%.

3. hluti: Lágmarksmarkmið sem gilda fyrir hvern flokk frá 15. ágúst 2018 með tilvísun í flokkana sem taldir eru upp í III. viðauka:

a) fyrir raf- og rafeindabúnaðarúrgang í 1. eða 4. flokki í III. viðauka,

— endurnýta skal 85% og

— undirbúa skal 80% fyrir endurnotkun og endurvinna,

b) fyrir raf- og rafeindabúnaðarúrgang í 2. flokki í III. viðauka,

— endurnýta skal 80% og

— undirbúa skal 70% fyrir endurnotkun og endurvinna,

c) fyrir raf- og rafeindabúnaðarúrgang í 5. eða 6. flokki í III. viðauka,

— endurnýta skal 75% og

— undirbúa skal 55% fyrir endurnotkun og endurvinna,

d) fyrir raf- og rafeindabúnaðarúrgang í 3. flokki í III. viðauka skal endurvinna 80%.

VI. VIÐAUKI

LÁGMARKSKRÖFUR VARÐANDI SENDINGAR

1. Til að greina raf- og rafeindabúnað frá raf- og rafeindabúnaðarúrgangi þegar sá sem hefur hlutinn undir höndum lýsir því yfir að ætlunin sé að senda eða verið sé að senda notaðan raf- og rafeindabúnað en ekki raf- og rafeindabúnaðarúrgang, skulu aðildarríki krefjast þess að fyrrgreindur aðili sé með eftirfarandi því til sönnunar:

   a) afrit af reikningi og samningi varðandi sölu og/eða yfirfærslu eignarréttar á raf- og rafeindabúnaði þar sem kemur fram að búnaðurinn fari beint til endurnotkunar og sé fullkomlega starfhæfur,

   b) sönnun á mati eða prófun, þ.e. afrit af færslunum (prófunarvottorð, staðfesting á virkni), fyrir hvern lið vörusendingarinnar og bókun með öllum upplýsingum skýrslu skv. 3. lið,

   c) yfirlýsingu þess aðila sem sér um flutning raf- og rafeindabúnaðarins um að engin efni eða búnaður í vörusendingunni sé úrgangur í skilningi 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB og

   d) viðeigandi vörn gegn skemmdum við flutning, fermingu og affermingu, einkum með fullnægjandi umbúðum og viðeigandi stöflun farmsins.

2. Þrátt fyrir það gilda a- og b-liður 1. liðar og 3. liður ekki ef það er skjalfest með ótvíræðum sönnunum að sendingin eigi sér stað innan ramma samkomulags um flutninga vegna viðskipta á milli fyrirtækja og að:

   a) raf- og rafeindabúnaðurinn sé sendur aftur til framleiðandans, eða þriðja aðila fyrir hans hönd, sem gallaður til viðgerðar samkvæmt ábyrgð, í þeim tilgangi að hann verði notaður aftur eða

   b) notaður raf- og rafeindabúnaður, sem er til nota í atvinnuskyni, sé sendur til framleiðandans eða þriðja aðila fyrir hans hönd eða starfsstöðvar þriðja aðila í landi sem ákvörðun ráðs Efnahags- og framfarastofnunarinnar C(2001) 107/lokagerð um endurskoðun ákvörðunar C(92) 39/lokagerð um eftirlit með flutningi úrgangs sem ætlaður er til endurnýtingar gildir um, til endurnýtingar eða viðgerðar samkvæmt gildandi samningi, í þeim tilgangi að hann verði notaður aftur eða

   c) gallaður raf- og rafeindabúnaður, sem er til nota í atvinnuskyni, t.d. lækningatæki eða hlutar þeirra, sé sendur til framleiðandans eða þriðja aðila fyrir hans hönd vegna greiningar á frumorsök samkvæmt gildandi samningi, í tilvikum þar sem einungis framleiðandinn eða þriðji aðili fyrir hans hönd geta gert slíka greiningu.

3. Til að sýna fram á að hlutirnir sem verið er að flytja séu notaður raf- og rafeindabúnaður frekar en raf- og rafeindabúnaðarúrgangur skulu aðildarríki gera kröfu um eftirfarandi prófun og skráningu:

   Þrep 1: Prófun

   a) Prófa skal virkni og leggja mat á það hvort hættuleg efni séu til staðar. Prófanir sem gera skal ráðast af tegund raf- og rafeindabúnaðar. Að því er varðar flestan notaðan raf- og rafeindabúnað er nægilegt að prófa virkni lykilþátta.

   b) Skrásetja skal niðurstöðu mats og prófunar.

   Þrep 2: Skýrsla

   a) Skýrsluna skal festa tryggilega en þó ekki varanlega á annað hvort raf- og rafeindabúnaðinn sjálfan (ef hann er ekki í umbúðum) eða á umbúðirnar svo hægt sé að lesa hana án þess að taka umbúðirnar af búnaðinum.

   b) Í skýrslunni skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

      — heiti hlutar (heiti búnaðarins ef hann er skráður í II. eða IV. viðauka, eins og við á og flokkur, sem settur er fram í I. eða III. viðauka, eins og við á),

      — auðkennisnúmer hlutarins (tegundarnúmer) þar sem við á,

      — framleiðsluár (ef það liggur fyrir),

      — heiti og heimilisfang fyrirtækisins sem ber ábyrgð á sannprófun á virkni,

— niðurstöður prófunar eins og lýst er í 1. þrepi (þ.m.t. dagsetning prófunar á virkni),

— tegundir prófana sem gerðar eru.

4. Til viðbótar við þau skjöl sem krafist er skv. 1., 2. og 3. lið skal hverjum farmi af notuðum raf- og rafeindabúnaði (t.d. gámi, vöruflutningabifreið) fylgja:

a) viðeigandi flutningsskjal, t.d. CMR-farmbréf,

b) ábyrgðaryfirlýsing ábyrga aðilans.

5. Liggi ekki fyrir sönnun um að hlutur sé notaður raf- og rafeindabúnaður en ekki raf- og rafeindabúnaðarúrgangur, með viðeigandi skjölum sem gerð er krafa um í 1., 2., 3. og 4. lið, og um viðeigandi varnir gegn skemmdum við flutning, fermingu og affermingu, einkum með fullnægjandi umbúðum og viðeigandi stöflun farmsins, sem er skylda þess aðila sem sér um flutninginn, skulu yfirvöld aðildarríkis líta svo á að um raf- og rafeindabúnaðarúrgang sé að ræða og gera ráð fyrir að farmurinn sé ólögleg sending. Í þeim tilvikum verður farið með farminn í samræmi við 24. og 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 1013/2006.

VII. VIÐAUKI

Sérmeðhöndlun efniviðar og íhluta raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem um getur í 2. mgr. 8. gr.

1. Að lágmarki skal fjarlægja eftirfarandi efni, blöndur og íhluti úr öllum raf- og rafeindabúnaðarúrgangi sem safnað er sérstaklega:

— fjölklóruð bífenýl (PCB) sem innihalda þétta í samræmi við tilskipun ráðsins 96/59/EB frá 16. september 1996 um förgun fjölklóraðra bífenýla og fjölklóraðra terfenýla (PCB/PCT) ([29]),

— íhluti sem innihalda kvikasilfur, s.s. rofa eða perur til baklýsingar,

— rafhlöður,

— prentplötur, yfirleitt úr farsímum en einnig úr öðrum tækjum ef yfirborð prentplötunnar er stærra en 10 fersentimetrar,

— blekhylki, fljótandi eða krem, einnig litahylki,

— plast sem inniheldur brómað logavarnarefni,

— asbestúrgang og íhluti sem innihalda asbest,

— bakskautslampa,

— klórflúrkolefni (CFC), vetnisklórflúrkolefni (HCFC) eða vetnisflúrkolefni (HFC) og vetniskolefni (HC),

— gasúrhleðsluperur,

— vökvakristalskjái (ásamt umgerð ef við á) með stærra yfirborð en 100 fersentimetra og alla slíka skjái sem eru baklýstir með gasúrhleðsluperum,

— utanáliggjandi rafleiðslur,

— íhluti sem innihalda eldfastar keramíktrefjar eins og lýst er í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/69/EB frá 5. desember 1997 um tuttugustu og þriðju aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 67/548/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna ([30]),

— íhluti sem innihalda geislavirk efni, að frátöldum íhlutum sem eru undir undantekningarmörkunum sem eru sett í 3. gr. og I. viðauka tilskipunar ráðsins 96/29/KBE frá 13. maí 1996 um grundvallaröryggisstaðla um verndun heilbrigðis starfsmanna og almennings gegn hættu af völdum jónandi geislunar ([31]),

— rafvökvaþétta sem innihalda skaðleg efni (hæð > 25 mm, þvermál > 25 mm eða hlutfallslega svipað rúmmál).

Farga skal þessum efnum, blöndum og íhlutum eða endurnýta þau í samræmi við tilskipun ráðsins 2008/98/EB.

2. Eftirfarandi íhlutir raf- og rafeindabúnaðarúrgangs, sem er safnað sérstaklega, skulu meðhöndlaðir á eftirfarandi hátt:

— bakskautslampar: fjarlægja skal flúrhúðun,

([29]) Stjtíð. EB L 243, 24.9.1996, bls. 31.
([30]) Stjtíð. EB L 343, 13.12.1997, bls. 19.
([31]) Stjtíð. EB L 159, 29.6.1996, bls. 1.

— búnaður sem inniheldur lofttegundir sem eru ósoneyðandi eða hafa hitahækkunarmátt (GWP) sem fer yfir 15, t.d. í froðu og kælirásum: draga verður lofttegundirnar út og meðhöndla þær á réttan hátt. Meðhöndla skal ósoneyðandi lofttegundir í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1005/2009.

— gasúrhleðsluperur: fjarlægja skal kvikasilfur.

3. Að teknu tilliti til umhverfissjónarmiða og þess hve undirbúningur endurnotkunar og endurvinnsla er æskileg skal beita 1. og 2. lið á þann hátt að umhverfisvænn undirbúningur endurnotkunar og endurvinnsla íhluta eða heilla tækja sé ekki hindruð.

VIII. VIÐAUKI

TÆKNILEGAR KRÖFUR SEM UM GETUR Í 3. MGR. 8. GR.

1. Geymslustaðir (þ.m.t. bráðabirgðageymsla) raf- og rafeindabúnaðarúrgangs áður en meðhöndlun hefst (með fyrirvara um kröfurnar í tilskipun ráðsins 1999/31/EB frá 26. apríl 1999 um urðun úrgangs ([32])):

   — hentug svæði með ógagndræpu yfirborði þar sem fyrir hendi er aðstaða til lekasöfnunar og, ef við á, fellingar- og fituhreinsunarbúnaður,

   — heppileg svæði með vatnsheldu yfirborði.

2. Staðir fyrir meðhöndlun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs:

   — vogir til að vigta meðhöndlaðan úrgang,

   — hentug svæði með ógagndræpu yfirborði og vatnsþéttri yfirbyggingu þar sem fyrir hendi er aðstaða til lekasöfnunar og, ef við á, fellingar- og fituhreinsunarbúnaður,

   — heppileg geymsla fyrir varahluti úr búnaði sem tekinn hefur verið í sundur,

   — heppileg ílát til að geyma í rafhlöður, þétta sem innihalda PCB eða PCT og annan hættulegan úrgang, s.s. geislavirkan úrgang,

   — búnaður til að hreinsa vatn, í samræmi við heilbrigðis- og umhverfisreglugerðir.

([32]) Stjtíð. EB L 182, 16.7.1999, bls. 1.

IX. VIÐAUKI

TÁKN TIL MERKINGAR Á RAF- OG RAFEINDABÚNAÐI

Táknið, sem gefur til kynna að raf- og rafeindabúnaði sé safnað sérstaklega, er mynd af yfirstrikaðri sorptunnu á hjólum eins og sýnt er hér á eftir. Merkið skal prentað þannig að það sé sýnilegt, læsilegt og óafmáanlegt.



X. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR VEGNA SKRÁNINGAR OG SKÝRSLUGJAFAR SEM UM GETUR Í 16. GR.

A. **Upplýsingar sem skal leggja fram við skráningu:**

1. Nafn og heimilisfang framleiðandans eða viðurkennds fulltrúa, sem skipaður er skv. 17. gr. (póstnúmer og staður, götuheiti og húsnúmer, land, síma- og faxnúmer, tölvupóstfang og tengiliður). Ef um er að ræða viðurkenndan fulltrúa, eins og skilgreint er í 17. gr. skal einnig veita samskiptaupplýsingar varðandi framleiðandann sem fulltrúinn er í fyrirsvari fyrir.
2. Landsauðkenniskóði framleiðanda, þ.m.t. evrópskt skattnúmer eða skattnúmer framleiðanda í viðkomandi ríki.
3. Flokkur raf- eða rafeindabúnaðar eins og hann er settur fram í I. eða III. viðauka, eins og við á.
4. Tegund raf- eða rafeindabúnaðar (heimilisbúnaður eða annað en heimilisbúnaður).
5. Tegundarheiti raf- eða rafeindabúnaðar.
6. Upplýsingar um það hvernig framleiðandinn uppfyllir skyldur sínar: með einstaklingsbundu kerfi eða sameiginlegu kerfi, ásamt upplýsingum um fjárhagslega tryggingu.
7. Söluaðferð sem notuð er (t.d. fjarsala).
8. Yfirlýsing um að upplýsingar, sem veittar eru, séu réttar.

B. **Upplýsingar sem veita skal vegna skýrslugjafar:**

1. Landsauðkenniskóði framleiðandans.
2. Skýrslutímabil.
3. Flokkur raf- eða rafeindabúnaðar eins og hann er settur fram í I. eða III. viðauka, eins og við á.
4. Magn raf- og rafeindabúnaðar sem sett er á landsbundinn markað, miðað við þyngd.
5. Magn raf- og rafeindabúnaðar, miðað við þyngd, sem safnað er sérstaklega, endurunnið (þ.m.t. undirbúið fyrir endurnotkun), endurnýtt og fargað innan aðildarríkisins eða flutt innan eða út úr Sambandinu.

Ath.: upplýsingarnar sem settar eru fram í 4. og 5. lið verður að gefa samkvæmt flokkun.

XI. VIÐAUKI

A-hluti

Niðurfelld tilskipun með síðari breytingum

(sem um getur í 25. gr.)

Tilskipun 2002/96/EB um raf- og rafeindabúnaðarúrgang	(Stjtíð. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 24)
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/108/EB	(Stjtíð. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 106)
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/34/EB	(Stjtíð. ESB L 81, 20.3.2008, bls. 65)

B-hluti

Skrá yfir fresti til lögleiðingar í aðildarríkjunum

(sem um getur í 25. gr.)

Tilskipun	Lögleiðingarfrestur
2002/96/EB	13. ágúst 2004
2003/108/EB	13. ágúst 2004
2008/34/EB	—

XII. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

tilskipun 2002/96/EB	Þessi tilskipun
1. gr.	—
—	1. gr.
1. mgr. 2. gr.	1. mgr. 2. gr.
2. mgr. 2. gr.	2. mgr. 2. gr.
3. mgr. 2. gr.	a-liður 3. mgr. 2. gr.
1. mgr. 2. gr. (að hluta)	b-liður 3. mgr. 2. gr.
síðasti liður 5. liðar I. viðauka B	c-liður 3. mgr. 2. gr.
8. liður I. viðauka B	g-liður 4. mgr. 2. gr.
—	a- til f-liður 4. mgr. 2. gr. og 5. mgr. 2. gr.
a-liður 3. gr.	a-liður 1. mgr. 3. gr.
—	b- til d-liður 1. mgr. 3. gr.
b-liður 3. gr.	e-liður 1. mgr. 3. gr.
c- til h-liður 3. gr.	2. mgr. 3. gr.
i-liður 3. gr.	f-liður 1. mgr. 3. gr.
j-liður 3. gr.	g-liður 1. mgr. 3. gr.
k-liður 3. gr.	h-liður 1. mgr. 3. gr.
l-liður 3. gr.	—
m-liður 3. gr.	i-liður 1. mgr. 3. gr.
—	j- til o-liður 1. mgr. 3. gr.
4. gr.	4. gr.
1. til 2. mgr. 5. gr.	1. til 2. mgr. 5. gr.
—	3. til 4. mgr. 5. gr.
3. mgr. 5. gr.	5. mgr. 5. gr.
—	1. mgr. 6. gr.
4. mgr. 5. gr.	2. mgr. 6. gr.
5. mgr. 5. gr.	1. og 2. mgr. 7. gr.
—	1. mgr. 8. gr.
Fyrsta og önnur undirgrein 1. mgr. 6. gr. og 3. mgr.	2., 3. og 4. mgr. 8. gr.
4. liður II. viðauka	Fyrsti málsliður annarrar undirgreinar 4. mgr. 8. gr.
Þriðja undirgrein 1. mgr. 6. gr.	5. mgr. 8. gr.
6. mgr. 6. gr.	6. mgr. 8. gr.

tilskipun 2002/96/EB	Þessi tilskipun
2. mgr. 6. gr.	1. og 2. mgr. 9. gr.
4. mgr. 6. gr.	3. mgr. 9. gr.
5. mgr. 6. gr.	1. og 2. mgr. 10. gr.
—	3. mgr. 10. gr.
1. mgr. 7. gr.	—
2. mgr. 7. gr.	1 mgr. 11. gr. og V. viðauki
—	2. mgr. 11. gr.
—	3. mgr. 11. gr.
Fyrsta undirgrein 3. mgr. 7. gr.	4. mgr. 11. gr.
Önnur undirgrein 3. mgr. 7. gr.	—
4. mgr. 7. gr.	—
5. mgr. 7. gr.	5. mgr. 11. gr.
—	6. mgr. 11. gr.
1. mgr. 8. gr.	1. mgr. 12. gr.
—	2. mgr. 12. gr.
Fyrsta og önnur undirgrein 2. mgr. 8. gr.	3. mgr. 12. gr.
Þriðja undirgrein 2. mgr. 8. gr.	1. mgr. 14. gr. (að hluta)
Fyrsta undirgrein 3. mgr. 8. gr.	4. mgr. 12. gr.
—	5. mgr. 12. gr.
Önnur undirgrein 3. mgr. 8. gr.	1. mgr. 14. gr. (að hluta)
4. mgr. 8. gr.	—
Fyrsta undirgrein 1. mgr. 9. gr.	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 13. gr.
Önnur undirgrein 1. mgr. 9. gr.	—
Þriðja undirgrein 1. mgr. 9. gr.	Önnur undirgrein 1. mgr. 13. gr.
Fjórða undirgrein 1. mgr. 9. gr.	Þriðja undirgrein 1. mgr. 13. gr.
2. mgr. 9. gr.	2. mgr. 13. gr.
1. mgr. 10. gr.	2. mgr. 14. gr.
2. mgr. 10. gr.	3. mgr. 14. gr.
3. mgr. 10. gr.	4. mgr. 14. gr.
4. mgr. 10. gr.	5. mgr. 14. gr.
11. gr.	15. gr.
1. mgr. 12. gr. (að hluta)	1. til 3. mgr. 16. gr.
Fyrsta undirgrein 1. mgr. 12. gr. (að hluta)	4. mgr. 16. gr.
Önnur undirgrein 1. mgr. 12. gr.	1. og 2. mgr. 16. gr. og 2. og 3. mgr. 17. gr.

tilskipun 2002/96/EB	Þessi tilskipun
Þriðja undirgrein 1. mgr. 12. gr.	3. og 5. mgr. 16. gr.
—	1. mgr. 17. gr.
Fjórða undirgrein 1. mgr. 12. gr.	18. gr.
2. mgr. 12. gr.	5. mgr. 16. gr.
13. gr.	19. gr.
—	20. gr.
14. gr.	21. gr.
15. gr.	22. gr.
16. gr.	1. mgr. 23. gr.
—	2. til 4. mgr. 23. gr.
1. til 3. mgr. 17. gr.	1. til 3. mgr. 24. gr.
4. mgr. 17. gr.	3. mgr. 7. gr.
5. mgr. 17. gr.	4. til 7. mgr. 7. gr., 6. mgr. 11. gr. og 6. mgr. 12. gr.
—	25. gr.
18. gr.	26. gr.
19. gr.	27. gr.
I. viðauki A	I. viðauki
I. viðauki B	II. viðauki
—	III., IV. og VI. viðauki
II. til IV. viðauki	VII. til IX. viðauki
—	X. og XI. viðauki
—	XII. viðauki

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1708/2005 2015/EES/55/38

frá 19. október 2005

um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 að því er varðar sameiginlegt vísitölutímabil samræmdrar vísitölu neysluverðs og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2214/96 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 2494/95 frá 23. október 1995 um samræmdar vísitölur neysluverðs ([1]), einkum 3. lið 4. gr. og 3. mgr. 5. gr.,

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu ([2]) eins og krafist er skv. 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2494/95,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samræmdar vísitölur neysluverðs (HICP) eru samræmdar verðbólgutölur sem framkvæmdastjórnin og Seðlabanki Evrópu þurfa til að geta sinnt starfsskyldum sínum skv. 121. gr. EB-sáttmálans. Samræmdar vísitölur neysluverðs eru hannaðar til að auðvelda alþjóðlegan samanburð á neysluverðshækkun. Þær eru mikilvægir vísar við stjórnun peningamálastefnu.

2) Ráðstafanir I. áfanga, undir a-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2494/95, sem eru nauðsynlegar til að ná samanburðarhæfum vísitölum neysluverðs, fela í sér bráðabirgðagerð vísitöluraðar.

3) Samræmdar vísitölur neysluverðs í II. áfanga, undir b-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2494/95, hefjast með vísitölunni fyrir janúar 1997, og er árið 1996 þá sameiginlega vísitölutímabilið.

4) Reglugerð (EB) nr. 2494/95 kemur þó ekki í veg fyrir uppfærslu samræmdra vísitalna neysluverðs yfir í annað sameiginlegt vísitölutímabil.

5) Í kjölfar inngöngu tíu nýrra aðildarríkja árið 2004 vísa sumar undirvísitölur samræmdrar vísitölu neysluverðs, sem stjórnað er af kerfi flokkunar einkaneyslu eftir tilgangi og aðlagað er þörfum samræmdra vísitalna neysluverðs, eins og sett er fram í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1749/96 frá 9. september 1996 um fyrstu ráðstafanir til framkvæmdar reglugerð ráðsins (EB) nr. 2494/95 um samræmdar vísitölur neysluverðs ([3]), til mismunandi vísitölutímabila, þó ættu samræmdar vísitölur neysluverðs að vera unnar á grunni sameiginlegra vísitölutímabila til að tryggja samanburðarhæfi í samræmi við 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2494/95.

6) Uppfærsla á sameiginlega vísitölutímabilinu ætti að auka mikilvægi samræmdra vísitalna neysluverðs í samræmi við 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2494/95.

7) Það teljast góðar starfsvenjur að uppfæra vísitölutímabilið vegna verðvísitölu ef umtalsverðar endurskoðanir á vísitölunum eiga sér stað, hvort sem það varðar þætti, landfræðilegt umfang eða hvort tveggja.

8) Nauðsynlegt er að setja reglur fyrir sameiginleg vísitölutímabil fyrir undirvísitölur flokkunar vegna einkaneyslu eftir tilgangi, aðlöguðu í samræmi við útreikning á samræmdum vísitölum neysluverðs, sem eru felldar inn í samræmda vísitölu neysluverðs á mismunandi tímum, til að tryggja að samræmdar vísitölur neysluverðs uppfylli samanburðarhæfi og viðeigandi kröfur 4. gr. og 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2494/95.

9) Í þessu samhengi er nauðsynlegt að skýra og samræma hugtök til að stýra góðum starfsvenjum fyrir viðmiðunartímabil samræmdra vísitalna neysluverðs. Því er nauðsynlegt að breyta frekar reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2214/96 frá 20. nóvember 1996 um samræmdar vísitölur neysluverðs: afhending og dreifing á undirvísitölum í samræmdri vísitölu neysluverðs ([4])

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit hagskýrsluáætlunarnefndarinnar sem komið var á fót með tilskipun ráðsins 89/382/EBE, KBE ([5]) —

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 274, 20.10.2005, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2006 frá 2. júní 2006 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 7.9.2006, s. 35.

([1]) Stjtíð. EB L 257, 27.10.1995, bls. 1. Reglugerðin, eins og henni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

([2]) Áliti var skilað 4. október 2005 (Stjtíð. ESB C 254, 14.10.2005).

([3]) Stjtíð. EB L 229, 10. 9.1996, bls. 3. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1749/1999 (Stjtíð. EB L 214, 13.8.1999, bls. 1).

([4]) Stjtíð. EB L 296, 21.11.1996, bls. 8. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1920/2001 (Stjtíð. EB L 261, 29.9.2001, bls. 46).

([5]) Stjtíð. EB L 181, 28.6.1989, bls. 47.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Markmið

Markmið þessarar reglugerðar er að koma á sameiginlegum reglum til að ákvarða tiltekin vísitölutímabil til að tryggja að samræmdar vísitölur neysluverðs séu samanburðarhæfar og viðeigandi.

2. gr.

Skilgreiningar

Þrjú almenn tilvísana- eða grunntímabil, sem hægt er velja óháð hvert öðru, skal nota við gerð samræmdra vísitalna neysluverðs, nánar tiltekið:

a) ‚vægisviðmiðunartímabil‘: eins og það er skilgreint í 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 2454/97 ([6]).

b) ‚verðviðmiðunartímabil‘: tímabilið þegar mældar eru breytingar á gangverði og verðin eru notuð sem nefnari í útreikningum á vísitölu, það vísar til verða sem notuð eru í vægi í samræmdum vísitölum neysluverðs.

c) ‚vísitölutímabil‘: tímabilið þegar vísitalan er fastákveðin í 100 vísitölustigum.

3. gr.

Framkvæmdarráðstafanir

1. Sameiginlegt vísitölutímabil samræmdrar vísitölu neysluverðs skal vera fastákveðið í 2005 = 100.

2. Breyta skal heildar tímaröðum heildarvísitalna og undirvísitalna yfir á annað sameiginlegt vísitölutímabil ef það telst viðeigandi. Við uppfærslu skal breyta öllum heildar tímaröðum heildarvísitalna og undirvísitalna yfir á sameiginlegt vísitölutímabil. Breytingin yfir á nýtt vísitölutímabil skal taka gildi með vísitölunni fyrir janúar á næsta almanaksári.

3. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) getur uppfært vísitölutímabilið eftir samráð við hagskýrsluáætlunarnefndina sem komið var á fót með tilskipun 89/382/EBE, KBE.

4. Allar viðbótar undirvísitölur flokkunar einkaneyslu eftir tilgangi, sem aðlaga skal í samræmi við útreikning á samræmdum vísitölum neysluverðs, skal í desember tengd á þrepi 100 vísitölustiga og taka gildi með vísitölunni fyrir næstkomandi janúarmánuð.

4. gr.

Breyting

Í stað 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2214/96 komi eftirfarandi:

„4. gr.

Dreifing undirvísitalna

Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal dreifa undirvísitölum samræmdar vísitölu neysluverðs fyrir þá flokka sem tilgreindir eru í I. viðauka við þessa reglugerð á grundvelli sameiginlega vísitölutímabilsins.“

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. október 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Joaquín ALMUNIA

framkvæmdastjóri.

([6]) Stjtíð. EB L 340, 11.12.1997, bls. 24.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 698/2006 **2015/EES/55/39**

frá 5. maí 2006

um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 530/1999 að því er varðar gæðamat á hagskýrslum um uppbyggingu launa og launakostnaðar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 530/1999 frá 9. mars 1999 varðandi hagskýrslur um uppbyggingu launa og launakostnaðar ([1]), einkum iv. lið 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Reglugerð (EB) nr. 530/1999 var hrundið í framkvæmd með reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 452/2000 ([2]) og (EB) nr. 72/2002 ([3]) sem skilgreina efni og mat gæðaskýrslunnar sem á að framsenda til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna) eftir hvert viðmiðunartímabil.

2) Upplýsingarnar sem koma fram í gæðaskýrslunni verða að vísa í tilteknar breytur. Þessar breytur eru skilgreindar í reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1726/1999 ([4]) og (EB) nr. 1916/2000 ([5]).

3) Breytingar á ráðstöfunum vegna gæðamats hagskýrslna um uppbyggingu launa og launakostnaðar eru nauðsynlegar annars vegar vegna breytinga á reglugerðum (EB) nr. 1726/1999 og (EB) nr. 1916/2000 og hins vegar á reglugerðum (EB) nr. 1737/2005 og (EB) nr. 1738/2005. Fyrir skýrleika sakir og til að draga úr álaginu á hagstofur einstakra aðildarríkja er einnig nauðsynlegt að samræma gæðamat á hagskýrslum um uppbyggingu launa og launakostnaðar.

4) Reglugerð þessi ætti því að koma í stað reglugerða (EB) nr. 452/2000 og (EB) nr. 72/2002.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit hagskýrsluáætlunarnefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Mælt er fyrir um viðmiðanir fyrir mat og efni gæðaskýrslunnar, sem um getur í 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 530/1999, í viðaukanum við þessa reglugerð.

Breyturnar, sem tilgreindar eru í viðaukanum við þessa reglugerð, eru skilgreindar í I. og II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1726/1999 og I. og II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1916/2000.

2. Veita skal upplýsingarnar sem mælt er fyrir um í viðaukanum með fyrirvara um frávikin í löggjöf Bandalagsins að því er varðar grunnhagtölur um uppbyggingu launa og launakostnaðar, vinnumarkaðskönnunina, hagskýrslur um skipulag fyrirtækja og þjóðhagsreikninga.

2. gr.

Senda skal gæðaskýrslurnar til Hagstofu Evrópubandalaganna eigi síðar en 24 mánuðum frá lokum viðmiðunartímabilsins sem gögnin voru tekin saman fyrir, nema kveðið sé á um annað í viðaukanum.

3. gr.

Reglugerðir (EB) nr. 452/2000 og (EB) nr. 72/2002 eru felldar úr gildi.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 121, 6.5.2006, bls. 30. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 136/2006 frá 27. október 2006 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 64, 21.12.2006, s. 8.

([1]) Stjtíð. EB L 63, 12.3.1999, bls. 6. Reglugerðin, eins og henni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

([2]) Stjtíð. EB L 55, 29.2.2000, bls. 53.

([3]) Stjtíð. EB L 15, 17.1.2002, bls. 7.

([4]) Stjtíð. EB L 203, 3.8.1999, bls. 28. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1737/2005 (Stjtíð. ESB L 279, 22.10.2005, bls. 11).

([5]) Stjtíð. EB L 229, 9.9. 2000, bls. 3. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1738/2005 (Stjtíð. ESB L 279, 22.10.2005, bls. 32).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. maí 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Joaquín ALMUNIA

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Viðmiðanir fyrir mat og efni gæðaskýrslunnar fyrir grunnhagtölur um uppbyggingu launa og launakostnaðar

Gæðaskýrslur skulu innihalda upplýsingar um alla sex þætti gæðaskilgreiningar evrópska hagskýrslukerfisins, þ.e. mikilvægi, nákvæmni, tímanleika og stundvísi, aðgengileika og skýrleika, samanburðarhæfi og samræmi.

1. **Mikilvægi**

‚Mikilvægi' gefur til kynna að hve miklu leyti hagtöluupplýsingar uppfylla þarfir núverandi og hugsanlegra notenda. Það vísar til þess hvort allar nauðsynlegar hagtöluupplýsingar séu fyrir hendi og að hvaða marki hugtökin sem notuð eru (skilgreiningar, flokkanir, o.s.frv.) endurspegli þarfir notenda.

Gæðaskýrslurnar um grunnhagtölur um uppbyggingu launa annars vegar og hins vegar launakostnaðar, skulu ná yfir:

— samantekt um innlenda meginnotendur,

— lýsingu á helstu þörfum þeirra, þ.m.t. mat á ánægju þeirra með gögnin sem í boði eru,

— lýsingu á öllum eyðum (heilleika) eða hluta sem notendur telja ekki lengur viðeigandi (uppsögn). Lýsa skal þeim breytum og sundurliðunum sem vantar með skýrum hætti að því er heilleika varðar.

Upplýsingarnar um liðina sem vísa til innlendra meginnotenda og helstu þarfa þeirra, þ.m.t. tilhögun upplýsingamiðlunar um ánægju notenda, eru valkvæðar.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skal senda valkvæðar upplýsingar um ánægjustig með gögnunum sem í boði eru, ef þessar upplýsingar liggja fyrir, til Hagstofu Evrópubandalaganna eigi síðar en 36 mánuðum frá lokum viðmiðunartímabilsins.

2. **Nákvæmni**

‚Nákvæmni' í tölfræðilegum skilningi gefur til kynna hve nærri útreikningar eða mat fer að raungildi eða sanngildi á breytunum sem um ræðir.

2.1. *Úrtaksskekkjur*

Sem vísbending um nákvæmni skal fráviksstuðullinn ([6]) reiknaður út og sendur fyrir lykilbreytur beggja kannananna.

1) Ef um er að ræða hagskýrslur um atvinnumál skal reikna út og senda fráviksstuðul fyrir breyturnar

‚árlegur launakostnaður' ([7])

og

‚launakostnaður á klukkustund' ([8]).

Að undanskildum fráviksstuðlunum fyrir mannfjölda í heild skal einnig gera aðskilda fráviksstuðla aðgengilega fyrir báðar breytur í eftirfarandi sundurliðunum:

— Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins,

— flokkun hagskýrslusvæða, 1. stig (ef við á),

— stærðarflokkum (1–9 (ef við á), 10–49, 50–249, 250–499, 500–999, 1000+).

2) Ef um er að ræða grunnhagtölur um laun skal reikna út og senda fráviksstuðul fyrir breyturnar

‚Vergar tekjur í viðmiðunarmánuðinum' ([9])

og

([6]) Fráviksstuðull er hlutfall kvaðratrótar af dreifni metils og væntigildis hans. Það er metið sem hlutfall kvaðratrótarinnar af dreifni úrtaksins og áætlaðs meðaltals. Bæði deilistofn og deilistuðul af hlutfalli frávikstuðuls ætti að láta í té, ásamt frávikstuðlinum sem út kemur. Við mat á dreifni úrtaks þarf að taka mið af úrtakssniði.

([7]) Kóði D (heildarlaunakostnaður), summa gildis kóða D1, D2, D3 og D4 að frádregnum D5 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1726/1999.

([8]) Kóði D (heildarlaunakostnaður), summa gildis kóða D1, D2, D3 og D4 að frádregnum D5, deilt með gildi kóða B1, í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1726/1999.

([9]) Kóði 4.2 (vergar heildartekjur í viðmiðunarmánuðinum) í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1916/2000.

‚Vergar meðaltekjur á klukkustund í viðmiðunarmánuðinum' ([10]).

Að undanskildum frávikstuðlum fyrir mannfjölda í heild ætti einnig að gera aðskilda frávikstuðla aðgengilega fyrir báðar breytur í eftirfarandi sundurliðunum:

— Starfsmenn í fullu starfi (karlar og konur aðskilin) og hlutastarfi,

— atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins,

— starf (Alþjóðlegu starfsgreinaflokkunin frá 1988, samkvæmt eins stafs kerfi),

— aldur (undir 20, 20–29, 30–39, 40–49, 50–59, 60 og eldri),

— flokkun hagskýrslusvæða, 1. stig (ef við á),

— stig menntunar (0. – 6. flokkur alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar),

— stærðarflokkar fyrirtækja (1–9 (ef við á), 10–49, 50–249, 250–499, 500–999, 1000+).

Sundurliðun út frá stigi menntunar er valkvæð.

Aðildarríkin skulu að auki senda skrá yfir þá reiti í hinum margþættu töflum útgáfuætlunarinnar á evrópskum vettvangi, samkvæmt samkomulagi við aðildarríkin, sem teljast ekki nægilega áreiðanlegir.

Ef notuð er önnur úrtaka en líkindaúrtaka skal í staðinn leggja fram lýsingu á því sem hugsanlega veldur ónákvæmni vegna sýnatökuaðferða sem notaðar eru og áhrifum þeirra á matið, ef við á.

2.2. *Aðrar skekkjur en úrtaksskekkjur*

2.2.1. Þekjuskekkjur

Gæðaskýrslurnar um grunnhagtölur um uppbyggingu launa annars vegar og hins vegar launakostnaðar, skulu ná yfir eftirfarandi upplýsingar:

— lýsingu á hvers kyns muni á milli viðmiðunarþýðisins og þýðis rannsóknar,

— áætluð hlutföll van- eða ofþekju ([11]) fyrir viðmiðunarþýðið.

2.2.2. Mælinga- og úrvinnsluskekkjur

Gæðaskýrslur um grunnhagtölur um uppbyggingu launa annars vegar og launakostnaðar hins vegar, skulu innihalda eftirfarandi upplýsingar um mælinga- og úrvinnsluskekkjur ([12]):

— upplýsingar um breytur með mælingar- og úrvinnsluskekkjum sem eru ekki óverulegar,

— upplýsingar um meginupptök mælinga- og úrvinnsluskekkna (sem eru ekki óverulegar), áhrif þeirra á nákvæmni matsins og, ef þær liggja fyrir, aðferðir sem notaðar eru til leiðréttingar.

2.2.3. Brottfallsskekkjur

Gæðaskýrslurnar um grunnhagtölur, annars vegar um uppbyggingu launa og launakostnaðar hins vegar, skulu fela í sér eftirfarandi upplýsingar um brottfallsskekkjur:

— svarhlutfall einingar ([13]).

— hlutfall tilreiknings á liðum ([14]) og áhrif tilreiknings á nákvæmni matsins fyrir breyturnar ‚árlegur launakostnaður' annars vegar og ‚vergar tekjur í viðmiðunarmánuðinum' hins vegar, eins og skilgreint er í lið 2.1.,

— heildarhlutfall tilreiknings ([15]). Ef upplýsingarnar eru ekki tiltækar fyrir allar tilskildar breytur skal útreikningurinn byggður á þeim tilskildu breytum þar sem nauðsynlegar upplýsingar eru tiltækar.

([10]) Kóði 4.3 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1916/2000.
([11]) ‚Vanþekja' vísar til eininga sem ranglega falla ekki inn í rammann. ‚Ofþekja' felur annaðhvort í sér einingar sem eru utan gildissviðsins eða einingar sem ekki eru til í raun.
([12]) Mælingarskekkjur eru skekkjur sem verða til við gagnasöfnun. Um er að ræða margs konar mælingarskekkjur, t.d. könnunarverkfærið, svarandann, upplýsingakerfið, aðferðina sem beitt er við gagnasöfnun og spyrjandann. Úrvinnsluskekkjur eru skekkjur í eftirvinnslu gagna, svo sem gagnaskráningu, kóðun, ritstýringu, vægi og töflusetningu.
([13]) Svarhlutfall einingar er hlutfallið milli fjölda svara við spurningunni og heildarfjölda svarenda, gefið upp sem hundraðshluti.
([14]) Hlutfall tilreiknings á liðum gefur tilreiknuð gildi fyrir tiltekna breytu sem hundraðshluta af heildarfjölda gildanna fyrir þessa breytu.
([15]) Heildarhlutfall tilreiknings gefur tilreiknuð gildi fyrir allar breytur sem hundraðshluta af heildarfjölda gildanna fyrir þessar breytur.

2.2.4. Skekkjur í forsendum líkana

Ef reiknilíkön eru gerð skulu gæðaskýrslur um grunnhagtölur um annars vegar uppbyggingu launa og hins vegar launakostnaðar, innihalda lýsingu á reiknilíkönum sem notuð eru og vísbendingar um áhrif þeirra á matið (t.d. áætlaðan hlut af heildarbreytum), a.m.k. fyrir breyturnar ‚árlegur launakostnaður' annars vegar og ‚vergar tekjur í viðmiðunarmánuðinum' hins vegar, eins og skilgreint er í lið 2.1.

Leggja skal sérstaka áherslu á reiknilíkön vegna leiðréttinga á öðrum skekkjum en úrtaksskekkjum, s.s. þekju eininga af öllum umbeðnum stærðarflokkum eða atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, tilreiknings eða hækkunaraðferðar til leiðréttingar vegna brottfalls úrtakseiningar.

3. **Stundvísi og tímanleiki**

‚Stundvísi' vísar til tímabilsins milli birtingardags gagna og áætlaðs markdags þegar hefði átt að afhenda gögnin, t.d. með tilliti til dagsetninga sem miðað er við í opinberum útgáfuáætlunum, sem mælt fyrir um í reglugerðum eða sem aðilar hafa áður komið sér saman um.

‚Tímanleiki' upplýsinga vísar til tímalengdarinnar á milli aðgengileika og atburðarins eða fyrirbærisins sem hann lýsir.

3.1. *Stundvísi*

Til að skilja og koma í veg fyrir vandamál vegna stundvísi skal veita upplýsingar um ferli framkvæmdar könnunarinnar á landsvísu, með sérstakri áherslu á samsvörun á milli áætlaðra og raunverulegra dagsetninga:

— frestir fyrir svarendur til að svara, einnig vegna ítrekana og eftirfylgni,

— tímabil fyrir vettvangsvinnu,

— tímabil fyrir gagnavinnslu,

— dagsetningar vegna birtingar á fyrstu niðurstöðum.

3.2. *Tímanleiki*

Gæðaskýrslurnar um grunnhagtölur um annars vegar uppbyggingu launa og hins vegar launakostnaðar, skulu innihalda upplýsingar um tímalengdina á milli birtingar gagna og viðmiðunartímabil gagnanna á landsvísu.

4. **Aðgengileiki og skýrleiki**

‚Aðgengileiki' vísar til efnislegra skilyrða þegar notendur geta fengið gögn: hvert á að fara, hvernig á að fá aðgang, afhendingartíma, hentugrar markaðssetningar (höfundarréttur o.s.frv.), tiltækileika einstaklingsbundinna gagna eða þjóðhagsreikningagagna, mismunandi sniða og gagnabera (pappír, skrár, geisladiskar/stafrænir mynddiskar, Netið), o.s.frv.

‚Skýrleiki' vísar til stigs skiljanleika, þ.m.t. umhverfis gagnaupplýsinga, þ.e. hvort gögnum fylgi viðeigandi lýsigögn, myndlýsingar s.s. línurit og kort, hvort upplýsingarnar um gæði þeirra liggi fyrir (þ.m.t. takmarkanir á notkun) og að hvaða marki frekari aðstoð sé veitt.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skal senda upplýsingar um aðgengileika og skýrleika til Hagstofu Evrópubandalaganna eigi síðar en 36 mánuðum frá lokum viðmiðunartímabilsins.

4.1. *Aðgengileiki*

Gæðaskýrslurnar um grunnhagtölur um annars vegar uppbyggingu launa og hins vegar launakostnaðar skulu fela í sér eftirfarandi upplýsingar um brottfallsskekkjur:

— tilvísanir í útgáfu á helstu niðurstöðum, þ.m.t. þeim sem eru með athugasemdir í formi texta, línurita, korta, o.s.frv.,

— upplýsingar um niðurstöður sem sendar eru til eininga til skýrslugerðar, ef einhverjar eru.

4.2. *Skýrleiki*

Gæðaskýrslur um grunnhagtölur um annars vegar uppbyggingu launa og hins vegar launakostnaðar skulu innihalda eftirfarandi upplýsingar um mælinga- og úrvinnsluskekkjur:

— lýsingu á og tilvísanir til lýsigagna sem veitt eru,

— afrit af helstu aðferðafræðilegum skjölum í tengslum við hagtölur sem lagðar eru fram,

— lýsingu á helstu aðgerðum sem hagstofur einstakra aðildarríkja framkvæma til að upplýsa notendur um tengingu við gögnin.

5. **Samanburðarhæfi**

‚Samanburðarhæfi' miðar að mati á áhrifum af mismunandi beitingu hagtöluhugtaka, mælitækja og verklagsreglna, þegar bornar eru saman hagtölur mismunandi landsvæða, greinasviða eða tímabila,

5.1. *Landfræðilegur sambærileiki*

Gæðaskýrslurnar um grunnhagtölur um annars vegar uppbyggingu launa og hins vegar launakostnaðar skulu innihalda upplýsingar um muninn á innlendum og evrópskum hugtökum, einkum að því er varðar skilgreiningu á hagskýrslueiningum, mannfjölda, viðmiðunartíma, flokkunum, skilgreiningum á breytum, og áhrifum þeirra á matið.

5.2. *Sambærileiki mismunandi tímabila*

Gæðaskýrslurnar um grunnhagtölur um annars vegar uppbyggingu launa og hins vegar launakostnaðar skulu innihalda upplýsingar um breytingar á skilgreiningum, þekju og aðferðum í samanburði við fyrri kannanir, og áhrifum þeirra á matið. Þó er ekki krafist upplýsinga um breytingar á skilgreiningum, þekju og aðferðum þegar þessar breytingar stafa af breytingum á löggjöf Bandalagsins.

6. **Samræmi**

‚Samræmi' hagskýrslna er að hvaða marki unnt sé að setja gögnin margvíslega saman og í margvíslegum tilgangi, á áreiðanlegan hátt. Það er þó oftast auðveldara að auðkenna ósamræmi en að sýna fram á samræmi.

Heimildir, með svipaðar eða jafnvel sömu breytur um grunnhagtölur um uppbyggingu launa og launakostnaðar, eru vinnumarkaðskönnunin (LFS), hagskýrslur um skipulag fyrirtækja (SBS), vísitala launakostnaðar (LCI) og þjóðhagsreikningar (NA). Gæðaskýrslurnar um grunnhagtölur um uppbyggingu launa annars vegar og hins vegar launakostnaðar skulu innihalda samanburð á gögnum um eftirfarandi breytur frá þessum heimildum, sem heild og sundurliðaðar út frá atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, og tilgreina ástæðurnar ef verulegur munur er á gildunum.

1) Ef um er að ræða grunnhagtölur um uppbyggingu launa skal gera samanburð á milli:

— fjölda vinnustunda, sem eru raunverulega unnar á viðmiðunarári, á hvern starfsmann ([16]), og meðaltal af vinnustundum sem eru raunverulega unnar í aðalstarfi á ári í vinnumarkaðskönnun, einnig á hvern starfsmann.

— breytunnar ‚laun', á hvern starfsmann ([17]), og sömu breytu á hvern starfsmann í hagskýrslum um skipulag fyrirtækja,

— meðaltals árlegs vaxtahraða á breytunni ‚launakostnaður á klukkustund' ([18]) og meðaltals árlegs vaxtahraða á óleiðréttri vísitölu launakostnaðar. Vaxtarhraðinn skal vísa til viðmiðunarárs könnunarinnar, sem og fyrri könnunarinnar,

— breytunnar ‚laun og launatengd gjöld', á hvern starfsmann ([19]), og sömu breytunnar í þjóðhagsreikningi.

2) Ef um er að ræða grunnhagtölur um tekjur skal gera samanburð á milli:

— breytunnar ‚vergar árstekjur á viðmiðunarárinu', á hvern starfsmann ([20]), og breytunnar ‚laun', á hvern starfsmann í þjóðhagsreikningi.

———————

([16]) Kóði B1, deilt með gildi kóða A1, í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1726/1999.
([17]) Kóði D11, deilt með gildi kóða A1, í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1726/1999.
([18]) Í samræmi við skilgreininguna í lið 2.1.
([19]) Kóði D1, deilt með gildi kóða A1, í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1726/1999.
([20]) Kóði 4.1, deilt með fjölda starfsmanna, í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1916/2000.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2008/99/EB 2015/EES/55/40

frá 19. nóvember 2008

um vernd umhverfisins með refsiákvæðum

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 175. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 2. mgr. 174. gr. sáttmálans skal stefna Bandalagsins í umhverfismálum miða að víðtækri vernd.

2) Aukning á brotum gegn umhverfinu og afleiðingar þeirra, sem teygja sig í auknum mæli yfir landamæri þeirra ríkja þar sem brotin eru framin, eru áhyggjuefni í Bandalaginu. Slík brot eru ógnun við umhverfið og kalla þar af leiðandi á viðeigandi viðbrögð.

3) Reynslan sýnir að núverandi viðurlagakerfi duga ekki til að sjá til þess að lögum um verndun umhverfisins sé fylgt í einu og öllu. Slíka löghlýðni má og skal efla með tiltækum refsiviðurlögum sem sýna fram á félagslega vanþóknun sem er eigindlega séð annars eðlis en þegar um er að ræða stjórnsýsluviðurlög eða bótafyrirkomulag samkvæmt einkarétti.

4) Sameiginlegar reglur um refsiverð brot gefa kost á því að nota skilvirkar aðferðir við rannsóknir og aðstoð innan og á milli aðildarríkja.

5) Til að umhverfisvernd megi bera árangur er sérstaklega mikil þörf á meira letjandi viðurlögum við athöfnum sem eru skaðlegar fyrir umhverfið og hafa í för með sér, eða eru líklegar til að hafa í för með sér, umtalsverða skaðsemi fyrir andrúmsloftið, m.a. heiðhvolfið, vatn, dýr eða plöntur, þ.m.t. verndun tegunda.

6) Ef ekki er gripið til aðgerða, þrátt fyrir lagalega skyldu þar að lútandi, getur það haft sömu áhrif og þegar virkur gerandi á í hlut og þar af leiðandi skulu samsvarandi viðurlög einnig gilda um það.

7) Þar af leiðandi skal slíkt framferði teljast refsiverður verknaður í gervöllu Bandalaginu þegar það er drýgt af ásetningi eða af alvarlegu gáleysi.

8) Löggjöfin sem tilgreind er í viðaukunum við þessa tilskipun inniheldur ákvæði sem skulu heyra undir refsiréttarákvæði til að tryggt sé að reglurnar um umhverfisvernd séu fyllilega árangursríkar.

9) Skyldurnar sem um getur í þessari tilskipun varða einungis þau ákvæði löggjafarinnar, sem er skráð í viðaukunum við þessa tilskipun, sem fela í sér þá skyldu fyrir aðildarríkin að kveða á um bönn, þegar verið er að hrinda þeirri löggjöf í framkvæmd.

10) Þessi tilskipun skuldbindur aðildarríki til að kveða á um refsiviðurlög í landslöggjöfum sínum að því er varðar alvarleg brot á ákvæðum laga Bandalagsins um umhverfisvernd. Þessi tilskipun hefur ekki í för með sér skuldbindingar að því er varðar beitingu slíkra viðurlaga eða annarra, tiltækra löggæslukerfa, í hverju tilviki fyrir sig.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 328, 6.12.2008, bls. 28. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 191/2015 frá 10. júlí 2015 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 10, 15.1.2008, bls. 47.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 21. maí 2008 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 24. október 2008.

11) Þessi tilskipun er með fyrirvara um önnur bótaábyrgðarkerfi fyrir umhverfisspjöll samkvæmt lögum Bandalagsins eða landslögum.

12) Þar eð í þessari tilskipun er kveðið á um lágmarksreglur er aðildarríkjunum frjálst að samþykkja strangari ákvæði, eða viðhalda þeim, að því er varðar skilvirka umhverfisvernd með refsirétti. Slík ákvæði skulu vera í samræmi við sáttmálann.

13) Aðildarríki skulu láta framkvæmdastjórninni í té upplýsingar um framkvæmd þessarar tilskipunar til þess að gera henni kleift að meta áhrif hennar.

14) Aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. að tryggja öflugri vernd umhverfisins, og vegna umfangs hennar og áhrifa verður þeim betur náð á vettvangi Bandalagsins og af þeim sökum er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna sem kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessu markmiði.

15) Við samþykkt á allri síðari tíma löggjöf um umhverfismál skal þess getið í henni, þar sem við á, að þessi tilskipun gildi. Breyta skal 3. gr. ef nauðsyn krefur.

16) Í þessari tilskipun eru grundvallarréttindi virt og meginreglum fylgt, einkum þeim sem eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í þessari tilskipun eru fastsettar ráðstafanir varðandi refsirétt í því skyni að vernda umhverfið með árangursríkari hætti.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „ólögmætt“: brýtur í bága við eftirfarandi:

i. löggjöfina, sem samþykkt er samkvæmt EB-sáttmálanum og er tilgreind í viðauka A, eða

ii. löggjöfina, sem samþykkt er samkvæmt sáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu og er tilgreind í viðauka B, að því er varðar starfsemi sem fellur undir sáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu eða

iii. lög, stjórnsýslufyrirmæli aðildarríkis eða ákvörðun lögbærs yfirvalds aðildarríkis til framkvæmdar þeirri löggjöf Bandalagsins sem um getur í i. eða ii. lið,

b) „verndaðar tegundir villtra dýra og plantna“:

i. að því er varðar f-lið 3. gr. er átt við þær sem skráðar eru í:

– IV. viðauka við tilskipun ráðsins 92/43/EBE frá 21. maí 1992 um varðveislu vistgerða og villtra plantna og dýra([3]),

– I. viðauka við tilskipun ráðsins 79/409/EBE frá 2. apríl um varðveislu villtra fugla([4]) og sem um getur í 2. mgr. 4. gr. hennar,

ii. að því er varðar g-lið 3. gr. er átt við þær sem skráðar eru í viðauka A eða B við reglugerð ráðsins (EB) nr. 338/97 frá 9. desember 1996 um vernd villtra dýra og plantna með því að setja reglur um viðskipti með þau([5]),

c) „búsvæði á vernduðum stað“: hvers kyns búsvæði tegundar, þar sem svæði hefur verið flokkað sem sérstakt verndarsvæði skv. 1. eða 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 79/409/EBE, eða hvers kyns vistgerð eða búsvæði tegundar á stað sem hefur verið tilnefndur sem sérstakt varðveislusvæði skv. 4. mgr. 4. gr. tilskipunar 92/43/EBE,

d) „lögaðili“: sérhver aðili, sem hefur þá stöðu samkvæmt gildandi lögum, að undanteknum ríkjum eða opinberum aðilum sem fara með ríkisvald, ásamt opinberum alþjóðastofnunum.

3. gr.

Brot

Aðildarríki skulu sjá til þess að eftirfarandi framferði teljist refsiverður verknaður þegar það er ólögmætt og drýgt af ásetningi eða a.m.k. af alvarlegu gáleysi:

a) slepping eða losun tiltekins magns efna eða jónandi geislunar eða það að láta slíkt frá sér í andrúmsloft, jarðveg eða vatn, sem hefur í för með sér, eða er líklegt að hafi í för með sér dauðsföll eða alvarleg meiðsl fyrir einstaklinga eða umtalsverða skaðsemi fyrir gæði andrúmslofts, jarðvegar eða vatns, eða fyrir dýr eða plöntur,

([3]) Stjtíð. EB L 206, 22.7.1992, bls. 7.
([4]) Stjtíð. EB L 103, 25.4.1979, bls. 1.
([5]) Stjtíð. EB L 61, 3.3.1997, bls. 1.

b) söfnun, flutningur, endurnýting eða förgun úrgangs, þ.m.t. eftirlit með slíkri starfsemi og umsjón með förgunarstöðum eftir að þeim er lokað, þ.m.t. starfsemi seljenda eða miðlara (úrgangsstjórnun), sem hefur í för með sér, eða er líklegt að hafi í för með sér dauðsföll eða alvarleg meiðsl fyrir einstaklinga eða umtalsverða skaðsemi fyrir gæði andrúmslofts, jarðvegar eða vatns, eða fyrir dýr eða plöntur,

c) tilflutningur úrgangs, þegar sú aðgerð fellur undir gildissvið 35. mgr. 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 frá 14. júní 2006 um tilflutning úrgangs([6]) og þegar magn hans getur ekki talist óverulegt, hvort sem tilflutningurinn fer fram í einni sendingu eða mörgum sendingum sem virðast tengdar,

d) rekstur stöðvar þar sem hættuleg starfsemi fer fram eða þar sem hættuleg efni eða efnablöndur eru geymdar eða notaðar og sem hafa í för með sér, eða er líklegt að hafi í för með sér dauðsföll eða alvarleg meiðsl fyrir einstaklinga eða umtalsverða skaðsemi fyrir gæði andrúmslofts, jarðvegar eða vatns, eða fyrir dýr eða plöntur utan stöðvarinnar,

e) framleiðsla, vinnsla, meðhöndlun, notkun, varsla, geymsla, flutningur, innflutningur, útflutningur eða förgun á kjarnakleyfum efnum eða öðrum hættulegum geislavirkum efnum sem hafa í för með sér, eða er líklegt að hafi í för með sér dauðsföll eða alvarleg meiðsl fyrir einstaklinga eða umtalsverða skaðsemi fyrir gæði andrúmslofts, jarðvegar eða vatns, eða fyrir dýr eða plöntur,

f) aflífun, förgun, varsla eða brottnám lífvera af vernduðum tegundum villtra dýra og plantna, nema í þeim tilvikum þegar um er að ræða óverulegt magn af slíkum lífverum og ef það hefur óveruleg áhrif á varðveislustöðu viðkomandi tegunda,

g) viðskipti með lífverur af vernduðum tegundum villtra dýra og plantna, hluta þeirra eða afleiddar afurðir úr þeim, nema í þeim tilvikum þegar um er að ræða óverulegt magn af slíkum lífverum og ef það hefur óveruleg áhrif á varðveislustöðu viðkomandi tegunda,

h) hvers kyns framferði sem orsakar umtalsverða hnignun búsvæðis á vernduðum stað,

i) framleiðsla, innflutningur, útflutningur, notkun eða setning ósoneyðandi efna á markað.

([6]) Stjtíð. ESB L 190, 12.7.2006, bls. 1.

4. gr.

Áeggjan, aðstoð og hvatning

Aðildarríki skulu sjá til þess að áeggjan, aðstoð og hvatning við vísvitandi framferði, af því tagi sem um getur í 3. gr., sé refsiverð sem refsilagabrot.

5. gr.

Viðurlög

Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að við brotunum, sem um getur í 3. og 4. gr., séu skilvirk refsiviðurlög sem eru í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

6. gr.

Ábyrgð lögaðila

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að draga megi lögaðila til ábyrgðar vegna brota sem um getur í 3. og 4. gr. þegar hver sá einstaklingur, sem gegnir stjórnunarstöðu innan lögaðilans, hefur framið slík brot í hagnaðarskyni, annaðhvort einn eða sem starfsmaður stofnunar lögaðilans, á grundvelli:

a) heimildar til að koma fram fyrir hönd lögaðilans,

b) heimildar til að taka ákvarðanir fyrir hönd lögaðilans eða

c) valds til að fara með stjórn mála innan lögaðilans.

2. Aðildarríki skulu einnig tryggja að draga megi lögaðila til ábyrgðar ef skortur á eftirliti eða umsjón af hálfu einstaklings, sem um getur í 1. mgr., hefur gert einstaklingi á vegum lögaðilans kleift að fremja refsiverðan verknað, sem um getur í 3. og 4. gr. í þágu hans.

3. Ábyrgð lögaðila, skv. 1. og 2. mgr., skal ekki útiloka meðferð sakamáls á hendur einstaklingum sem fremja, eru hvatamenn að eða vitorðsmenn í einhverjum þeim brotum sem um getur í 3. og 4. gr.

7. gr.

Viðurlög sem lögaðilar sæta

Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að lögaðilar, sem dregnir eru til ábyrgðar skv. 6. gr. sæti viðurlögum sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

8. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 26. desember 2010.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum, sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til, og töflu sem sýnir samsvörun milli þeirra ákvæða og þessarar tilskipunar.

9. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

10. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 19. nóvember 2008.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
H.-G. PÖTTERING	J.-P. JOUYET
forseti.	*forseti.*

VIÐAUKI A

Skrá yfir lög Bandalagsins, sem hafa verið samþykkt samkvæmt stofnsáttmála Evrópubandalaganna, en brot á þeim telst vera ólögmætt athæfi skv. i. lið a-liðar 2. gr. þessarar tilskipunar

– Tilskipun ráðsins 70/220/EBE frá 20. mars 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi ráðstafanir gegn loftmengun frá vélknúnum ökutækjum ([7]).

– Tilskipun ráðsins 72/306/EBE frá 2. ágúst 1972 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi aðgerðir gegn mengandi efnum í útblæstri dísilhreyfla til notkunar í ökutækjum ([8]).

– Tilskipun 75/439/EBE frá 16. júní 1975 um förgun olíuúrgangs ([9]).

– Tilskipun ráðsins 76/160/EBE frá 8. desember 1975 um gæði vatna til baða([10]).

– Tilskipun ráðsins 76/769/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna([11]).

– Tilskipun ráðsins 77/537/EBE frá 28. júní 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi aðgerðir gegn mengandi efnum í útblæstri dísilhreyfla til nota í landbúnaðardráttarvélum á hjólum([12]).

– Tilskipun ráðsins 78/176/EBE frá 20. febrúar 1978 um úrgang frá títandíoxíðiðnaði([13]).

– Tilskipun ráðsins 79/117/EBE frá 21. desember 1978 um bann við sölu og notkun plöntuvarnarefna sem innihalda tiltekin virk efni([14]).

– Tilskipun ráðsins 79/409/EBE frá 2. apríl 1979 um varðveislu villtra fugla([15]).

– Tilskipun ráðsins 82/176/EBE frá 22. mars 1982 um viðmiðunarmörk og gæðamarkmið fyrir losun á kvikasilfri frá rafgreiningu alkalí-klóríða([16]).

– Tilskipun ráðsins 83/513/EBE frá 26. september 1983 um viðmiðunarmörk og gæðamarkmið fyrir losun á kadmíum([17]).

– Tilskipun ráðsins 84/156/EBE frá 8. mars 1984 um viðmiðunarmörk og gæðamarkmið fyrir losun á kvikasilfri frá annarri starfsemi en rafgreiningu alkalí-klóríða([18]).

– Tilskipun ráðsins 84/360/EBE frá 28. júní 1984 um baráttu gegn loftmengun frá iðjuverum([19]).

– Tilskipun ráðsins 84/491/EBE frá 9. október 1984 um viðmiðunarmörk og gæðamarkmið fyrir losun á hexaklórsýklóhexani([20]).

([7]) Stjtíð. EB L 76, 6.4.1970, bls. 1.
([8]) Stjtíð. EB L 190, 20.8.1972, bls. 1.
([9]) Stjtíð. EB L 194, 25.7.1975, bls. 23.
([10]) Stjtíð. EB L 31, 5.2.1976, bls. 1.
([11]) Stjtíð. EB L 262, 27.9.1976, bls. 201.
([12]) Stjtíð. EB L 220, 29.8.1977, bls. 38.
([13]) Stjtíð. EB L 54, 25.2.1978, bls. 19.
([14]) Stjtíð. EB L 33, 8.2.1979, bls. 36.
([15]) Stjtíð. EB L 103, 25.4.1979, bls. 1.
([16]) Stjtíð. EB L 81, 27.3.1982, bls. 29.
([17]) Stjtíð. EB L 291, 24.10.1983, bls. 1.
([18]) Stjtíð. EB L 74, 17.3.1984, bls. 49.
([19]) Stjtíð. EB L 188, 16.7.1984, bls. 20.
([20]) Stjtíð. EB L 274, 17.10.1984, bls. 11.

– Tilskipun ráðsins 85/203/EBE frá 7. mars 1985 um loftgæðastaðla fyrir köfnunarefnisdíoxíð([21]).

– Tilskipun ráðsins nr. 86/278/EBE frá 12. júní 1986 um verndun umhverfisins, einkum jarðvegs, þegar seyra frá skólphreinsistöðvum er notuð í landbúnaði([22]).

– Tilskipun ráðsins 86/280/EBE frá 12. júní 1986 um viðmiðunarmörk og gæðamarkmið fyrir losun hættulegra efna sem upp eru talin í lista I í viðauka við tilskipun 76/464/EBE ([23]).

– Tilskipun ráðsins 87/217/EBE frá 19. mars 1987 um að koma í veg fyrir og draga úr asbestmengun í umhverfinu ([24]).

– Tilskipun ráðsins 90/219/EBE frá 23. apríl 1990 um einangraða notkun erfðabreyttra örvera ([25]).

– Tilskipun ráðsins 91/271/EB frá 21. maí 1991 um hreinsun skólps frá þéttbýli([26]).

– Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna([27]).

– Tilskipun ráðsins 91/676/EBE frá 12. desember 1991 um verndun vatns gegn mengun af völdum nítrata úr landbúnaði([28]).

– Tilskipun ráðsins 91/689/EBE frá 12. desember 1991 um hættulegan úrgang([29]).

– Tilskipun ráðsins 92/43/EBE frá 21. maí 1992 um varðveislu vistgerða og villtra plantna og dýra([30]).

– Tilskipun ráðsins 92/112/EBE frá 15. desember 1992 um samræmingu áætlana um að draga úr og hugsanlega stöðva mengun af völdum úrgangs frá títandíoxíðiðnaði([31]).

– Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/25/EB frá 16. júní 1994 um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla aðildarríkjanna um skemmtibáta: ákvæðin sem var breytt með tilskipun 2003/44/EB([32]).

– Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB frá 20. desember 1994 um umbúðir og umbúðaúrgang ([33]),

– Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/63/EB frá 20. desember 1994 um varnir vegna losunar rokgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC) við geymslu á bensíni og dreifingu þess frá birgðastöðvum til bensínstöðva ([34]).

– Tilskipun ráðsins 96/49/EB frá 23. júlí 1996 um samræmingu laga aðildarríkjanna að því er varðar flutninga á hættulegum farmi með járnbrautum ([35]).

([21]) Stjtíð. EB L 87, 27.3.1985, bls. 1.
([22]) Stjtíð. EB L 181, 4.7.1986, bls. 6.
([23]) Stjtíð. EB L 181, 4.7.1986, bls. 16.
([24]) Stjtíð. EB L 85, 28.3.1987, bls. 40.
([25]) Stjtíð. EB L 117, 8.5.1990, bls. 1.
([26]) Stjtíð. EB L 135, 30.5.1991, bls. 40.
([27]) Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1.
([28]) Stjtíð. EB L 375, 31.12.1991, bls. 1.
([29]) Stjtíð. EB L 377, 31.12.1991, bls. 20.
([30]) Stjtíð. EB L 206, 22.7.1992, bls. 7.
([31]) Stjtíð. EB L 409, 31.12.1992, bls. 11.
([32]) Stjtíð. ESB L 214, 26.8.2003, bls. 18.
([33]) Stjtíð. EB L 365, 31.12.1994, bls. 10.
([34]) Stjtíð. EB L 365, 31.12.1994, bls. 24.
([35]) Stjtíð. EB L 235, 17.9.1996, bls. 25.

– Tilskipun ráðsins 96/59/EB frá 16. september 1996 um förgun fjölklóraðra bífenýla og fjölklóraðra terfenýla (PCB/PCT) ([36]).

– Tilskipun ráðsins 96/62/EB frá 27. september 1996 um mat og stjórn á gæðum andrúmslofts([37]).

– Tilskipun ráðsins 96/82/EB frá 9. desember 1996 um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna ([38]).

– Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/68/EB frá 16. desember 1997 um samræmingu laga aðildarríkjanna er varða ráðstafanir gegn losun mengandi lofttegunda og agna frá brunahreyflum færanlegra véla sem ekki eru notaðar á vegum ([39]).

– Reglugerð ráðsins (EB) nr. 338/97 frá 9. desember 1996 um vernd villtra dýra og plantna með því að setja reglur um viðskipti með þau([40]).

– Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna([41]).

– Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB frá 13. október 1998 um gæði bensíns og dísileldsneytis ([42]).

– Tilskipun ráðsins 98/83/EB frá 3. nóvember 1998 um gæði neysluvatns([43]).

– Tilskipun ráðsins 1999/13/EB frá 11. mars 1999 um takmörkun á losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda vegna notkunar lífrænna leysiefna við tiltekna starfsemi og í tilteknum starfsstöðvum([44]).

– Tilskipun ráðsins 1999/30/EB frá 22. apríl 1999 um viðmiðunargildi fyrir brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð og efnisagnir og blý í andrúmsloftinu ([45]).

– Tilskipun ráðsins 1999/31/EB frá 26. apríl 1999 um urðun úrgangs([46]).

– Tilskipun ráðsins 1999/32/EB frá 26. apríl 1999 um að draga úr magni brennisteins í tilteknum tegundum fljótandi eldsneytis ([47]).

– Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB frá 18. september 2000 um úr sér gengin ökutæki([48]).

– Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum([49]).

– Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/69/EB frá 16. nóvember 2000 um viðmiðunarmörk fyrir bensen og kolsýring í andrúmslofti ([50]).

([36]) Stjtíð. EB L 243, 24.9.1996, bls. 31.
([37]) Stjtíð. EB L 296, 21.11.1996, bls. 55.
([38]) Stjtíð. EB L 10, 14.1.1997, bls. 13.
([39]) Stjtíð. EB L 59, 27.2.1998, bls. 1.
([40]) Stjtíð. EB L 61, 3.3.1997, bls. 1.
([41]) Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1.
([42]) Stjtíð. EB L 350, 28.12.1998, bls. 58.
([43]) Stjtíð. EB L 330, 5.12.1998, bls. 32.
([44]) Stjtíð. EB L 85, 29.3.1999, bls. 1.
([45]) Stjtíð. EB L 163, 29.6.1999, bls. 41.
([46]) Stjtíð. EB L 182, 16.7.1999, bls. 1.
([47]) Stjtíð. EB L 121, 11.5.1999, bls. 13.
([48]) Stjtíð. EB L 269, 21.10.2000, bls. 34.
([49]) Stjtíð. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1.
([50]) Stjtíð. EB L 313, 13.12.2000, bls. 12.

– Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/76/EB frá 4. desember 2000 um brennslu úrgangs ([51]).

– Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2037/2000 frá 29. júní 2000 um efni sem eyða ósonlaginu([52]).

– Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB frá 12. mars 2001 um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið([53]).

– Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/80/EB frá 23. október 2001 um takmörkun á losun tiltekinna mengunarefna frá stórum brennsluverum út í andrúmsloftið([54]).

– Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/3/EB frá 12. febrúar 2002 um óson í andrúmslofti ([55]).

– Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB frá 27. janúar 2003 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði ([56]).

– Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/96/EB frá 27. janúar 2003 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang([57]).

– Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/107/EB frá 15. desember 2004 um arsen, kadmíum, kvikasilfur, nikkel og fjölhringa, arómatísk vetniskolefni í andrúmslofti ([58]).

– Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2004 frá 31. mars 2004 um þvotta- og hreinsiefni([59]).

– Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 frá 29. apríl 2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni([60]).

– Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/55/EB frá 28. september 2005 um samræmingu laga aðildarríkjanna um ráðstafanir sem ber að gera til að stemma stigu við losun mengandi lofttegunda og efnisagna frá þjöppukveikjuhreyflum til notkunar í ökutæki og losun mengandi lofttegunda frá rafkveikjuhreyflum, knúnum með jarðgasi eða fljótandi jarðolíugasi, sem eru ætlaðir til notkunar í ökutæki ([61]).

– Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/78/EB frá 14. nóvember 2005 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/55/EB um samræmingu laga aðildarríkjanna um ráðstafanir sem ber að gera til að stemma stigu við losun mengandi lofttegunda og efnisagna frá þjöppukveikjuhreyflum til notkunar í ökutæki og losun mengandi lofttegunda frá rafkveikjuhreyflum, knúnum með jarðgasi eða fljótandi jarðolíugasi, sem eru ætlaðir til notkunar í ökutæki og um breytingu á I., II., III., IV. og VI. viðauka við hana ([62]).

– Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/7/EB frá 15. febrúar 2006 um stjórnun gæða vatns til baða([63]).

– Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/11/EB frá 15. febrúar 2006 um mengun vegna losunar tiltekinna hættulegra efna í vatn í Bandalaginu([64]).

– Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/12/EB frá 5. apríl 2006 um úrgang([65]).

([51]) Stjtíð. EB L 332, 28.12.2000, bls. 91.
([52]) Stjtíð. EB L 244, 29.9.2000, bls. 1.
([53]) Stjtíð. EB L 106, 17.4.2001, bls. 1.
([54]) Stjtíð. EB L 309, 27.11.2001, bls. 1.
([55]) Stjtíð. EB L 67, 9.3.2002, bls. 14.
([56]) Stjtíð. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 19.
([57]) Stjtíð. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 24.
([58]) Stjtíð. ESB L 23, 26.1.2005, bls. 3.
([59]) Stjtíð. ESB L 104, 8.4.2004, bls. 1.
([60]) Stjtíð. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 7.
([61]) Stjtíð. ESB L 275, 20.10.2005, bls. 1.
([62]) Stjtíð. L 313, 29.11.2005, bls. 1.
([63]) Stjtíð. ESB L 64, 4.3.2006, bls. 37.
([64]) Stjtíð. ESB L 64, 4.3.2006, bls. 52.
([65]) Stjtíð. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 9.

– Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/21/EB frá 15. mars 2006 um meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði og um breytingu á tilskipun 2004/35/EB([66]).

– Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/40/EB frá 17. maí 2006 um losun frá loftræstikerfum í vélknúnum ökutækjum([67]).

– Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/44/EB frá 6. september 2006 um gæði ferskvatns sem þarf að vernda eða bæta til að fiskur geti þrifist þar([68]).

– Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/66/EB frá 6. september 2006 um rafhlöður og rafgeyma og notaðar rafhlöður og rafgeyma ([69]).

– Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/118/EB frá 12. desember 2006 um verndun grunnvatns gegn mengun og spillingu([70]).

– Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006 frá 17. maí 2006 um tilteknar, flúraðar gróðurhúsalofttegundir([71]).

– Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 frá 14. júní 2006 um tilflutning úrgangs([72]).

– Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 frá 20. júní 2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja ([73]).

– Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1418/2007 frá 29. nóvember 2007 um útflutning á tilteknum tegundum úrgangs til endurnýtingar sem tilgreindar eru í III. viðauka eða III. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 1013/2006 til tiltekinna landa, sem falla ekki undir ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar um eftirlit með flutningi úrgangs yfir landamæri([74]).

– Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/1/EB frá 15. janúar 2008 um samþættar ráðstafanir til að fyrirbyggja og takmarka mengun ([75]).

———

([66]) Stjtíð. ESB L 102, 11.4.2006, bls. 15.
([67]) Stjtíð. ESB L 161, 14.6.2006, bls. 12.
([68]) Stjtíð. ESB L 264, 25.9.2006, bls. 20.
([69]) Stjtíð. ESB L 266, 26.9.2006, bls. 1.
([70]) Stjtíð. ESB L 372, 27.12.2006, bls. 19.
([71]) Stjtíð. ESB L 161, 14.6.2006, bls. 1.
([72]) Stjtíð. ESB L 190, 12.7.2006, bls. 1.
([73]) Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2007, bls. 1.
([74]) Stjtíð. ESB L 316, 4.12.2007, bls. 6.
([75]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2008, bls. 8.

VIÐAUKI B

Skrá yfir lög Bandalagsins, sem hafa verið samþykkt samkvæmt sáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu, en brot á þeim telst vera ólögmætt athæfi skv. ii. lið a-liðar 2. gr. þessarar tilskipunar

– Tilskipun ráðsins 96/29/KBE frá 13. maí 1996 um grundvallaröryggisstaðla um verndun heilbrigðis starfsmanna og almennings gegn hættu af völdum jónandi geislunar([76]).

– Tilskipun ráðsins 2003/122/KBE frá 22. desember 2003 um eftirlit með hávirkum, lokuðum geislalindum og munaðarlausum geislalindum([77]).

– Tilskipun ráðsins 2006/117/KBE frá 20. nóvember 2006 um umsjón og eftirlit með flutningi geislavirks úrgangs og notaðs eldsneytis([78]).

([76]) Stjtíð. EB L 159, 29.6.1996, bls. 1.
([77]) Stjtíð. ESB L 346, 31.12.2003, bls. 57.
([78]) Stjtíð. ESB L 337, 5.12.2006, bls. 21.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2009/123/EB **2015/EES/55/41**

frá 21. október 2009

um breytingu á tilskipun 2005/35/EB um mengun sem á upptök sín um borð í skipum og innleiðingu viðurlaga við brotum (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilgangurinn með tilskipun 2005/35/EB ([3]) og þessari tilskipun er að samræma skilgreiningu á brotum einstaklinga eða lögaðila að því er varðar mengun sem á upptök sín um borð í skipum, umfang ábyrgðar þeirra og tegund refsiviðurlaga sem beita má að því er varðar refsiverð brot einstaklinga.

2) Hinn 23. október 2007 ógilti Evrópudómstóllinn ([4]) rammaákvörðun ráðsins 2005/667/DIM frá 12. júlí 2005 um að herða lagarammann á sviði refsilaga til að framfylgja lögum gegn mengun sem á upptök sín í skipum ([5]), og þar með hefur ráðstöfunum á sviði refsiréttar verið bætt við tilskipun 2005/35/EB. Þessi tilskipun á að fylla upp í glufur í löggjöfinni í kjölfar dóms.

3) Refsiviðurlög, sem sýna fram á annars konar félagsleg vanþóknun en stjórnsýsluviðurlög, styrkja að farið sé að gildandi ákvæðum löggjafar um mengun sem á upptök sín um borð í skipum og skulu þessi ákvæði vera nægilega ströng til að letja alla þá sem hyggjast valda mengun að brjóta í bága við þessi ákvæði.

4) Samræmdar löggjafarráðstafanir hafa þegar verið samþykktar á vettvangi Evrópusambandsins til að efla öryggi á hafinu og aðstoða við að koma í veg fyrir mengun sem á upptök sín um borð í skipum. Löggjöfin, sem um er að ræða, er beint til fánaríkja, eigenda og leigutaka skipa, flokkunarfélaga, hafnarríkja og strandríkja. Nauðsynlegt er að styrkja núverandi kerfi viðurlaga við ólöglegri losun mengandi efna, sem er viðbót við þá löggjöf, með því að innleiða refsiviðurlög.

5) Samkvæmt sameiginlegum reglum um refsiviðurlög er mögulegt að nota skilvirkari rannsóknaraðferðir og koma á skilvirkari samvinnu innan aðildarríkja og á milli þeirra.

6) Aðildarríkin skulu einnig beita viðurlögum sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi fyrir lögaðila í gervöllu Bandalaginu sökum tíðra brota í tengslum við mengun sem á upptök sín um borð í skipum og sem eru framin í þágu lögaðila eða í tengslum við hagsmuni þeirra.

7) Ekki skulu vera aðrar undanþágur frá gildissviði tilskipunar 2005/35/EB nema þær sem settar eru fram í þessari tilskipun. Því skulu tilteknir hópar einstaklinga og lögaðila, s.s. eigendur farms eða flokkunarfélög, falla undir gildissvið þeirrar tilskipunar.

8) Þessi tilskipun skyldar aðildarríki til að kveða í löggjöf sinni á um refsiviðurlög að því er varðar losun mengandi efna sem þessi tilskipun gildir um. Þessi tilskipun skal ekki hafa í för með sér skuldbindingar að því er varðar beitingu slíkra viðurlaga eða annarra, tiltækra löggæslukerfa, í hverju tilviki fyrir sig.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 280, 27.10.2009, bls. 52. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 188/2015 frá 10. júlí 2015 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 77, 31.3.2009, bls. 69.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 5. maí 2009 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 14. september 2009.

([3]) Stjtíð. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 11.

([4]) Mál C-440/05 framkvæmdastjórnin gegn ráðinu, dómasafn EB (2007), I-9097.

([5]) Stjtíð. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 164.

9) Samkvæmt þessari tilskipun, skal litið svo á að ólögleg losun mengandi efna sem eiga upptök sín um borð í skipum, sé refsiverður verknaður þegar losunin er framkvæmd af ásetningi, gáleysi eða vegna alvarlegrar vanrækslu eða þegar hún hefur í för með sér að gæði vatnsins spillast. Ekki er nauðsynlegt að líta á tilvik ólöglegrar losunar mengandi efna sem eiga upptök sín um borð í skipum, sem eru ekki mjög alvarleg og spilla ekki gæðum vatnsins, sem refsiverðan verknað. Samkvæmt þessari tilskipun telst slík losun til minniháttar tilvika.

10) Í ljósi nauðsynjar þess að tryggja hátt öryggisstig og verndun umhverfisins á sviði sjóflutninga ásamt þeirri nauðsyn að tryggja skilvirkni meginreglunnar um að sá aðili sem veldur mengun greiði fyrir umhverfistjónið, skal litið svo á að endurtekin, minniháttar tilvik, þar sem hvert tilvik spillir ekki gæðum vatnsins heldur samsafn tilvika, teljist refsiverður verknaður.

11) Þessi tilskipun er með fyrirvara um önnur bótaábyrgðarkerfi fyrir tjón, sem verður sökum mengunar sem á upptök sín um borð í skipum, samkvæmt löggjöf Bandalagsins, landslögum eða alþjóðalögum.

12) Lögsaga, að því er varðar refsiverðan verknað, skal ákveðin í samræmi við lög aðildarríkja og í samræmi við skuldbindingar þeirra samkvæmt alþjóðalögum.

13) Aðildarríki skulu láta framkvæmdastjórninni í té upplýsingar um framkvæmd þessarar tilskipunar til þess að gera framkvæmdastjórninni kleift að meta áhrif hennar.

14) Þar eð aðildarríkin ein og sér geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar og þeim verður betur náð á vettvangi Bandalagsins, vegna tjóns sem viðkomandi atferli getur haft í för með sér yfir landamæri og vegna umfangs og áhrifa aðgerðarinnar, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessum markmiðum.

15) Með þessari tilskipun eru grundvallarréttindi virt og farið að meginreglunum sem eru viðurkenndar í 6. gr. sáttmálans um Evrópusambandið og endurspeglast í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi.

16) Í samræmi við 34. mgr. samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu ([1]) eru aðildarríkin hvött til þess, bæði í eigin þágu og í þágu Bandalagsins, að taka saman og birta sínar eigin töflur sem sýna, eftir því sem kostur er, samsvörun milli þessarar tilskipunar og lögleiðingarráðstafana þeirra.

17) Því ber að breyta tilskipun 2005/35/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 2005/35/EB

Tilskipun 2005/35/EB er breytt sem hér segir:

1. í stað titilsins komi eftirfarandi:

„Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um mengun sem á upptök sín um borð í skipum og innleiðingu viðurlaga, þ.m.t. refsiviðurlaga sökum mengunarbrota“.

2. Í stað 1. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi:

„1. Tilgangurinn með þessari tilskipun er að taka upp í lög Bandalagsins alþjóðlegar viðmiðanir varðandi mengun sem á upptök sín í skipum og tryggja að einstaklingar, sem bera ábyrgð á losun mengandi efna, sæti hæfilegum viðurlögum, þ.m.t. refsiviðurlögum, til að bæta siglingaöryggi og auka vernd sjávarumhverfis gegn mengun af völdum skipa.“

3. Eftirfarandi liður bætist við 2. gr.

„5. „lögaðili“: sérhver lögaðili sem hefur þá stöðu samkvæmt gildandi landslögum, að undanteknum ríkjum eða öðrum opinberum aðilum sem fara með ríkisvald eða opinberum alþjóðastofnunum.“

4. Í stað 4. og 5. gr. komi eftirfarandi:

„4. gr.

Brot

1. Aðildarríki skulu tryggja að litið sé á losun mengandi efna sem eiga upptök sín í skipum, þ.m.t. minniháttar tilvik slíkrar losunar, á hvers konar svæðum, sem um getur í 1. mgr. 3. gr., sem brot ef þau eru framin af ásetningi, gáleysi eða vegna alvarlegrar vanrækslu.

2. Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að draga megi hvern einstakling eða lögaðila, sem hefur framið brot í skilningi 1. mgr., til ábyrgðar.

([1]) Stjtíð. ESB C 321, 31.12.2003, bls. 1.

5. gr.

Undantekningar

1. Ekki skal litið á losun mengandi efna á hvers konar svæðum, sem um getur í 1. mgr. 3. gr., sem brot ef hún uppfyllir skilyrðin sem eru sett fram í reglu 15, 34, 4.1 eða 4.3 í I. viðauka eða reglu 13, 3.1.1 eða 3.1.3 í II. viðauka við MARPOL-samninginn frá ´73/´78.

2. Ekki skal litið á losun mengandi efna á svæðum, sem um getur í c-, d- og e-lið 1. mgr. 3. gr., sem brot af hálfu eiganda, skipstjóra eða áhafnar ef hún uppfyllir skilyrðin, sem eru sett fram í reglu 4.2 í I. viðauka eða í reglu 3.1.2 í II. viðauka við MARPOL-samninginn frá ´73/´78.“

5. Eftirfarandi greinar bætist við á eftir 5. gr.:

„5. gr. a

Refsiverður verknaður

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að litið sé á brot, í skilningi 4. og 5. gr., sem refsiverðan verknað.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um minniháttar tilvik þegar verknaður sem er framinn spillir ekki gæðum vatnsins.

3. Endurtekin minniháttar tilvik, þar sem hvert tilvik spillir ekki gæðum vatnsins heldur samsafn tilvika, teljast refsiverður verknaður, ef þau eru framin af ásetningi, gáleysi eða vegna alvarlegrar vanrækslu.

5. gr. b

Áeggjan, aðstoð og hvatning

Aðildarríki skulu tryggja að áeggjan, aðstoð og hvatning við brot, sem framið er af ásetningi og sem um getur í 1. og 3. mgr. 5. gr. a, sé refsivert hegningarlagabrot.“

6. Í stað 8. gr. komi eftirfarandi:

„8. gr.

Viðurlög

Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að við brotum, í skilningi 4. og 5. gr., séu refsiviðurlög sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.“

7. Eftirfarandi greinar bætist við á eftir 8. gr.:

„8. gr. a

Viðurlög gagnvart einstaklingum

Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að við brotum, sem um getur í 1. og 3. mgr. 5. gr. a og 5. gr. b, séu refsiviðurlög sem eru skilvirk, hlutfallsleg og letjandi.

8. gr. b

Ábyrgð lögaðila

1. Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að draga megi lögaðila til ábyrgðar fyrir refsiverðan verknað, sem um getur í 1. og 3. mgr. 5. gr. a og 5. gr. b og sem einstaklingur fremur í þágu lögaðilans, annaðhvort einn eða sem starfsmaður stofnunar lögaðilans þar sem hann gegnir stjórnunarstöðu á grundvelli:

a) heimildar til að koma fram fyrir hönd lögaðilans,

b) heimildar til að taka ákvarðanir fyrir hönd lögaðilans eða

c) valds til að fara með stjórn mála innan lögaðilans.

2. Hvert aðildarríki skal einnig tryggja að draga megi lögaðila til ábyrgðar ef skortur á eftirliti eða umsjón af hálfu einstaklings, sem um getur í 1. mgr., hefur gert einstaklingi á vegum lögaðilans kleift að fremja refsiverðan verknað, sem um getur í 1. og 3. mgr. 5. gr. a og 5. gr. b, í þágu hans.

3. Ábyrgð lögaðilans, skv. 1. og 2. mgr., skal ekki útiloka meðferð sakamála gagnvart einstaklingum sem hlut eiga sem brotamenn, hvatamenn eða vitorðsmenn í refsiverðum brotum sem um getur í 1. og 3. mgr. 5. gr. a og 5. gr. b.

8. gr. c

Viðurlög gagnvart lögaðilum

Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að lögaðilar, sem dregnir eru til ábyrgðar, skv. 8. gr. b, sæti viðurlögum sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.“

2. gr.

Lögleiðing

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 16. nóvember 2010. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ráðstafana.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

4. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 21. október 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
J. BUZEK	C. MALMSTRÖM
forseti.	*forseti.*

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2015/EES/55/42

frá 12. nóvember 2013

um vöktun og skýrslugjöf varðandi þol gegn sýkingalyfjum hjá bakteríum, sem valda sjúkdómi sem berst milli manna og dýra, og hjá gistilífsbakteríum

(tilkynnt með númeri C(2013) 7145)

(2013/652/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/99/EB frá 17. nóvember 2003 um vöktun mannsmitanlegra dýrasjúkdóma og smitvalda þeirra, breytingu á ákvörðun ráðsins 90/424/EBE og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/117/EBE ([1]), einkum 3. mgr 7. gr. og fjórðu undirgrein 1. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2003/99/EB er kveðið á um að aðildarríkin skuli sjá til þess að með vöktun verði til samanburðarhæf gögn um tilvik þols gegn sýkingalyfjum hjá smitvöldum sjúkdóma sem berast milli manna og dýra og hjá öðrum sjúkdómsvöldum, að svo miklu leyti sem þeir eru ógn við lýðheilsu.

2) Í tilskipun 2003/99/EB er einnig kveðið á um að aðildarríkin skuli meta leitni og upptök þols gegn sýkingalyfjum á yfirráðasvæði sínu og senda framkvæmdastjórninni skýrslu á hverju ári með gögnum sem safnað er í samræmi við þá tilskipun.

3) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins 15. nóvember 2011, „Action Plan against the rising threats from Antimicrobial Resistance“ (aðgerðaáætlun gegn vaxandi ógn af völdum þols gegn sýkingalyfjum) ([2]), leggur hún til að komið verði á fót fimm ára aðgerðaáætlun til að berjast gegn þoli gegn sýkingalyfjum, byggðri á 12 lykilaðgerðum, þ.m.t. styrkari eftirlitskerfum með þoli gegn sýkingalyfjum.

4) Í niðurstöðum ráðsins frá 22. júní 2012 um áhrifin af þoli gegn sýkingalyfjum í heilbrigðisgeiranum og í geiranum sem varðar heilbrigði dýra og dýraafurða, „One Health Perspective“ (eitt heilbrigðissjónarmið) ([3]), hvetur stofnunin framkvæmdastjórnina til að fylgja eftir orðsendingu sinni frá 15. nóvember 2011 með áþreifanlegum framtaksverkefnum til að hrinda í framkvæmd aðgerðunum 12 sem settar eru fram í þeirri orðsendingu og til að starfa náið með Sóttvarnastofnun Evrópu, Matvælaöryggisstofnun Evrópu og Lyfjastofnun Evrópu við að styrkja mat á tilvikum þols gegn sýkingalyfjum hjá mönnum og dýrum og í matvælum í Sambandinu.

5) Þingið samþykkti á allsherjarfundi sínum 11. desember 2012 skýrslu um örveruáskorunina, „Rising threats from Antimicrobial Resistance“ (vaxandi ógn af völdum þols gegn sýkingalyfjum) ([4]). Í skýrslunni fagnar þingið fimm ára aðgerðaáætlun framkvæmdastjórnarinnar um að takast á við þol gegn sýkingalyfjum og telur að hrinda þurfi ráðstöfununum, sem mælt er með í skýrslunni, í framkvæmd eins fljótt og auðið er. Þingið hvetur einkum framkvæmdastjórnina og aðildarríkin til að leita eftir meira samstarfi og samræmingu varðandi málsmeðferðarreglur um snemmbúna greiningu, viðvörun og samræmd viðbrögð að því er varðar þol sjúkdómsvaldandi baktería í mönnum, dýrum, fiski og matvælum gegn sýkingalyfjum til að vakta stöðugt umfang og aukningu þols gegn sýkingalyfjum.

6) Alþjóðamatvælaskrárráðið samþykkti, samkvæmt sameiginlegri áætlun Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um matvælastaðla, á 34. fundi sínum í Genf, „Guidelines for the Risk Analysis of Foodborne Anti-

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 303, 14.11.2013, bls. 26. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 166/2014 frá 25. september 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 43, 30.7.2015, s. 1.

([1]) Stjtíð. ESB L 325, 12.12.2003, bls. 31.

([2]) COM(2011) 748, lokagerð.

([3]) Stjtíð. ESB C 211, 18.7.2012, bls. 2.

([4]) Stjtíð. ESB C 77 E, 15.3.2013, bls. 20.

microbial Resistance“ (leiðbeiningar vegna áhættugreiningar á matarbornu þoli gegn sýkingalyfjum) ([5]) þar sem lögð er áhersla á að þol gegn sýkingalyfjum sé stórfellt hnattrænt áhyggjuefni fyrir lýðheilsu og matvælaöryggismál. Notkun sýkingalyfja í dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis og á nytjaplöntur getur verið mikilvægur áhættuþáttur að því er varðar val og dreifingu á sýkingalyfjaþolnum örverum og þolvöldum úr dýrum og ræktunarafurðum í menn sem verður vegna neyslu á matvælum.

7) Í þessum leiðbeiningum Alþjóðamatvælaskrárráðsins er m.a. komist að þeirri niðurstöðu að eftirlitsáætlanir varðandi algengi matarborins þols gegn sýkingalyfjum veiti upplýsingar sem eru nytsamlegar í öllum hlutum áhættugreiningarferlisins vegna þols gegn sýkingalyfjum. Samræma ætti aðferðafræði eftirlitsáætlana á alþjóðavettvangi eins og kostur er. Notkun á stöðluðum og fullgiltum aðferðum til að prófa næmi fyrir sýkingalyfjum ásamt samræmdum viðmiðunum um túlkun er nauðsynleg til að tryggja að gögn séu samanburðarhæf.

8) Í kafla 6.7, „Harmonisation of National AMR Surveillance and Monitoring programmes“ í heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um landdýr ([6]), er lögð áhersla á nauðsyn þess að hafa eftirlit með og vakta þol gegn sýkingalyfjum í því skyni að meta og ákvarða leitni og upptök þols gegn sýkingalyfjum hjá bakteríum, greina uppkomu nýrra ferla að því er varðar þol gegn sýkingalyfjum, útvega þau gögn sem eru nauðsynleg til að framkvæma áhættugreiningar sem eiga við um heilbrigði dýra og manna, veita grundvöll fyrir ráðleggingar um stefnu að því er varðar heilbrigði dýra og manna og til að veita upplýsingar til að meta venjur við ávísanir á sýkingalyf og til að gefa varfærnar ráðleggingar um notkun.

9) Hinn 9. júlí 2008 samþykkti Matvælaöryggisstofnun Evrópu vísindalegt álit: „Foodborne antimicrobial resistance as a biological hazard“ (matarborið þol gegn sýkingalyfjum sem líffræðileg hætta) ([7]). Hinn 28. október 2009 birtu Sóttvarnastofnun Evrópu, Matvælaöryggisstofnun Evrópu, Lyfjastofnun Evrópu og vísindanefnd framkvæmdastjórnarinnar um nýgreinda og vaxandi heilbrigðisáhættu (SCENIHR) sameiginlegt vísindalegt álit um þol gegn sýkingalyfjum sem beindist að sýkingum sem berast til manna frá dýrum og matvælum (sjúkdómur sem berst milli manna og dýra) ([8]). Hinn 5. mars 2009 samþykkti Matvælaöryggisstofnun Evrópu vísindalegt álit um mat á þýðingu meþisillínþolinna *Staphylococcus aureus* (MRSA) fyrir lýðheilsu ([9]). Hinn 7. júlí 2011 samþykkti Matvælaöryggisstofnun Evrópu vísindalegt álit um áhættu fyrir lýðheilsu af völdum bakteríustofna sem mynda breiðvirkan β-laktamasa (e. *extended-spectrum β-lactamase*) (ESBL) og/eða AmpC β-laktamasa (e. *AmpC β-lactamase*) í matvælum og dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis ([10]). Hinn 3. október 2011 samþykkti Matvælaöryggisstofnun Evrópu tæknilega skýrslu um nálgun Matvælaöryggisstofnunarinnar að áhættumati á sviði þols gegn sýkingalyfjum með áherslu á gistilífsörverur (e. *commensal microorganism*) ([11]). Meginniðurstaða allra þessara álita og skýrslna er sú að í ljósi þess að þol gegn sýkingalyfjum er vaxandi áhyggjuefni fyrir lýðheilsu er notkun á samræmdum aðferðum og faraldsfræðilegum þröskuldsgildum nauðsynleg til að tryggja samanburðarhæfi gagna með tímanum á vettvangi aðildarríkjanna og einnig til að greiða fyrir samanburði á tilvikum þols gegn sýkingalyfjum milli aðildarríkja.

10) Hinn 14. júní 2012 birti Matvælaöryggisstofnun Evrópu vísindaskýrslu um tækniforskriftir varðandi samhæfða vöktun og skýrslugjöf um þol gegn sýkingalyfjum hjá *Salmonella*, *Campylobacter* og vísbendandi gistilífverunum *Escherichia coli* og *Enterococcus* spp. sem berast með matvælum ([12]). Hinn 5. október 2012 birti Matvælaöryggisstofnun Evrópu vísindaskýrslu um tækniforskriftir varðandi samhæfða vöktun og skýrslugjöf um þol gegn sýkingalyfjum hjá meþisillínþolnum *Staphylococcus aureus* (MRSA) í dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis og matvælum ([13]). Í þessum vísindaskýrslum eru lagðar til nákvæmar reglur um samhæfða vöktun og skýrslugjöf um algengi þolinna örvera í dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis og í matvælum, einkum að því er varðar örverur sem á að taka með, uppruna einangra örveranna, fjölda einangra sem á að prófa, prófanir á næmi fyrir sýkingalyfjum sem á að nota, sértæka vöktun á meþisillínþolnum *Staphylococcus aureus* og bakteríum sem mynda breiðvirkan β-laktamasa eða AmpC β-laktamasa og söfnun gagnanna og skýrslugjöf um þau. Þátttaka Sóttvarnastofnunar Evrópu í þessu starfi mun tryggja samanburð milli gagna um dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis og matvælageirann og gagna heilbrigðisgeirans.

11) Í samræmi við niðurstöður í þessum skýrslum og álitum er mikilvægt, við skilgreiningu á samsetningum bakteríutegunda, tegundum dýra sem gefa af sér afurðir til manneldis og matvælaafurðum sem á að taka með í samhæfðri vöktun og skýrslugjöf um þol gegn sýkingalyfjum,

([5]) CAC/GL 77-2011.
([6]) http://www.oie.int
([7]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2008) 765, 1–87.
([8]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2009 7(11), 1372.
([9]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2009) 993, 1–73.
([10]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(8), 2322.
([11]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(10), 196.
([12]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(6), 2742.
([13]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(10), 2897.

að forgangsraða því sem mestu máli skiptir með tilliti til lýðheilsu. Til að lágmarka álagið ætti vöktunin að byggjast eins og frekast er unnt á líffræðilegum sýnum eða einöngrum sem er safnað innan ramma landsbundinna varnaráætlana sem þegar hefur verið komið á fót.

12) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 ([14]) er kveðið á um að aðildarríkin skuli koma á fót landsbundnum varnaráætlunum sem eigi að taka til sýnatöku vegna prófana með tilliti til *Salmonella* spp. á mismunandi stigum í matvælaferlinu. Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005 ([15]) er mælt fyrir um örverufræðilegar viðmiðanir fyrir tilteknar örverur og reglur sem stjórnendur matvælafyrirtækja verða að hlíta. Einkum á lögbært yfirvald að tryggja að stjórnendur matvælafyrirtækja fari að þeim reglum og viðmiðunum sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 ([16]). Vöktun á þoli gegn sýkingalyfjum hjá *Salmonella* spp. ætti að beinast að einöngrum sem fást úr landsbundnum varnaráætlunum og úr prófunum og staðfestingu á samræmi við kröfur sem lögbært yfirvald setur upp í samræmi við 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 2073/2005.

13) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/407/EB ([17]) er mælt fyrir um nákvæmar reglur um vöktun á þoli gegn sýkingalyfjum sem aðildarríkin eiga að annast á tímabilinu frá 2007 til 2012 og nær til *Salmonella* spp. í alifuglum, kalkúnum og slátursvínum. Halda ætti slíkri samhæfðri vöktun áfram til að fylgjast með þróun leitni og víkka vöktunina út þannig að hún nái til þols gegn sýkingalyfjum hjá öðrum sýklum og gistilífverum í samræmi við vaxandi áhyggjuefni fyrir lýðheilsu að því er varðar hlutverk þessara örvera í heildaráhættu af völdum þols gegn sýkingalyfjum sem um getur í vísindalegum álitum. Vöktun og skýrslugjöf, í samræmi við 7. og 9. gr. tilskipunar 2003/99/EB, ætti því að vera í samræmi við ákvæði og tæknilegar kröfur um samhæfða vöktun og skýrslugjöf um þol gegn sýkingalyfjum þar sem tekið er tillit til ráðlegginganna sem settar eru fram í skýrslum Matvælaöryggisstofnunar Evrópu.

14) Til glöggvunar á löggjöf Sambandsins ætti að fella ákvörðun 2007/407/EB úr gildi.

15) Til að gera aðildarríkjunum kleift að skipuleggja sig og til að greiða fyrir skipulagningu vöktunar og skýrslugjafar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun ætti hún að gilda frá 1. janúar 2014.

16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari ákvörðun er mælt fyrir um ítarlegar reglur um samhæfða vöktun og skýrslugjöf um þol gegn sýkingalyfjum sem aðildarríkin skulu annast í samræmi við 3. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 2003/99/EB og B-hluta II. viðauka og IV. viðauka við tilskipunina.

Sú vöktun og skýrslugjöf skal taka til eftirtalinna baktería sem fást úr sýnum úr tilteknum stofnum dýra sem gefa af sér afurðir til manneldis og tilteknum matvælum:

a) *Salmonella* spp.,

b) *Campylobacter jejuni* og *Campylobacter coli* (*C. jejuni* og *C. coli*),

c) vísbendandi gistilífverunnar *Escherichia coli* (*E. coli*),

d) vísbendandi gistilífveranna *Enterococcus faecalis* og *Enterococcus faecium* (*E. faecalis* og *E. faecium*).

([14]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 frá 17. nóvember 2003 um varnir gegn salmonellu og öðrum tilteknum smitvöldum mann-smitanlegra dýrasjúkdóma sem berast með matvælum (Stjtíð. ESB L 325, 12.12.2003, bls. 1).

([15]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005 frá 15. nóvember 2005 um örverufræðilegar viðmiðanir fyrir matvæli (Stjtíð. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 1).

([16]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt (Stjtíð. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1).

([17]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/407/EB frá 12. júní 2007 um samhæfða vöktun á þoli salmonellu gegn sýkingalyfjum í alifuglum og svínum (Stjtíð. ESB L 153, 14.6.2007, bls. 26).

2. Í þessari ákvörðun er mælt fyrir um sértækar kröfur um samhæfða vöktun og skýrslugjöf varðandi *Salmonella* spp., og *E. coli* sem mynda eftirtalin ensím í tilteknum stofnum dýra sem gefa af sér afurðir til manneldis og í tilteknum matvælum:

a) breiðvirka β-laktamasa (ESBL),

b) AmpC β-laktamasa (AmpC),

c) karbapenemasa.

2. gr.

Sýnatökurammi og söfnun aðildarríkjanna á einangrum

1. Aðildarríkin skulu tryggja að sýnataka vegna vöktunar á þoli gegn sýkingalyfjum sé í samræmi við tæknilegu kröfurnar sem settar eru fram í A-hluta viðaukans.

2. Aðildarríkin skulu safna dæmigerðum einöngrum eftirfarandi baktería í samræmi við tæknilegu kröfurnar sem settar eru fram í A-hluta viðaukans:

a) *Salmonella* spp.,

b) *C. jejuni*,

c) vísbendandi gistilífveru *E. coli* og

d) *Salmonella* spp. og *E. coli* sem mynda breiðvirkan β-laktamasa (ESBL) eða AmpC-laktamasa eða karbapenemasa.

3. Aðildarríkjunum er heimilt að safna dæmigerðum einöngrum eftirfarandi baktería að því tilskildu að þau geri það í samræmi við tæknilegu kröfurnar sem settar eru fram í A-hluta viðaukans:

a) *C. coli*,

b) vísbendandi gistilífveranna *E. faecalis* og *E. faecium.*

3. gr.

Einangur *Salmonella* spp. sem stjórnendur matvælafyrirtækja útvega

Ef lágmarksfjöldi einangra *Salmonella* spp., sem lögbært yfirvald safnar meðan á opinberu eftirliti stendur í samræmi við a-lið 1. liðar A-hluta viðaukans, nægir ekki, vegna lítils algengis baktería eða fárra faraldsfræðilegra eininga í aðildarríki, til að ná tilskildum lágmarksfjölda einangra sem á að prófa með tilliti til næmis fyrir sýkingalyfjum er lögbæru yfirvaldi heimilt að nota einangur sem stjórnendur matvælafyrirtækja útvega að því tilskildu að stjórnendurnir hafi útvegað þessi einangur í samræmi við eftirfarandi skilyrði:

a) landsbundna varnaráætlun sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2160/2003,

b) viðmiðanir varðandi hollustuhætti í framleiðsluferlinu sem settar eru fram í liðum 2.1.3, 2.1.4 og 2.1.5 í 2. kafla I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2073/2005.

4. gr.

Greiningar landsbundinna tilvísunarrannsóknarstofa

1. Landsbundnar tilvísunarrannsóknarstofur fyrir þol gegn sýkingalyfjum skulu framkvæma eftirtaldar greiningar:

a) prófanir á næmi einangra fyrir sýkingalyfjum sem settar eru fram í 2. og 3. lið A-hluta viðaukans,

b) sértæka vöktun á *Salmonella* spp. og *E. coli*, sem mynda breiðvirkan β-laktamasa (ESBL) eða AmpC-laktamasa eða karbapenemasa, sem sett er fram í 4. lið A-hluta viðaukans.

2. Lögbæru yfirvaldi er heimilt að tilnefna rannsóknarstofur fyrir þol gegn sýkingalyfjum, aðrar en landsbundna tilvísunarrannsóknarstofu, í samræmi við 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004 til að framkvæma greininguna sem kveðið er á um í 1. mgr.

5. gr.

Mat og skýrslugjöf

Aðildarríkin skulu meta niðurstöður vöktunar á þoli gegn sýkingalyfjum, sem kveðið er á um í 2. og 3. gr., og láta matið fylgja með í skýrslu um leitni og upptök sjúkdóma sem berast milli manna og dýra, smitvalda sjúkdóma sem berast milli manna og dýra og þols gegn sýkingalyfjum sem kveðið er á um í 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 2003/99/EB.

6. gr.

Útgáfa gagna og trúnaður um þau

Matvælaöryggisstofnun Evrópu skal birta, í samræmi við 2. mgr. 9. gr. tilskipunar 2003/99/EB, landsbundin megindleg gögn, byggð á einangrum, um þol gegn sýkingalyfjum og niðurstöður úr greiningunum sem skýrsla er gefin um í samræmi við 4. gr.

7. gr.

Niðurfelling

Ákvörðun 2007/407/EB er hér með felld úr gildi.

8. gr.

Beiting

Ákvörðun þessi gildir frá 1. janúar 2014.

9. gr.

Viðtakendur

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 12. nóvember 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Tonio BORG

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

TÆKNILEGAR KRÖFUR

A-HLUTI

SÝNATÖKURAMMI OG GREINING

1. **Uppruni einangra**

Aðildarríkin skulu safna dæmigerðum einangrum til að vakta þol gegn sýkingalyfjum úr a.m.k. sérhverjum eftirtöldum stofni dýra og matvælaflokkum:

a) Einangur *Salmonella* spp. úr:

i. hverjum stofni varphæna, holdakjúklinga og eldiskalkúna sem sýni eru tekin úr innan ramma landsbundinna varnaráætlana sem er komið á í samræmi við 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2160/2003,

ii. skrokkum holdakjúklinga og eldiskalkúna sem sýni eru tekin úr til prófunar og staðfestingar á samræmi við kröfur í samræmi við lið 2.1.5 í 2. kafla I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2073/2005,

iii. skrokkum eldissvína sem sýni eru tekin úr til prófunar og staðfestingar á samræmi við kröfur í samræmi við lið 2.1.4 í 2. kafla I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2073/2005,

iv. skrokkum nautgripa, yngri en eins árs, ef framleiðsla á kjöti af þessum nautgripum sem er slátrað í aðildarríkinu er meiri en 10 000 tonn á ári, sem sýni eru tekin úr til prófunar og staðfestingar á samræmi við kröfur í samræmi við lið 2.1.3 í 2. kafla I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2073/2005.

b) Einangur *C. jejuni* úr sýnum úr botnristli sem safnað er úr holdakjúklingum og eldiskalkúnum við slátrun ef framleiðsla á kjöti af kalkúnum sem er slátrað í aðildarríkinu er meiri en 10 000 tonn á ári.

c) Einangur vísbendandi gistilífveru *E. coli* úr:

i. sýnum úr botnristli sem safnað er úr holdakjúklingum og eldiskalkúnum við slátrun ef framleiðsla á kjöti af kalkúnum sem er slátrað í aðildarríkinu er meiri en 10 000 tonn á ári,

ii. sýnum úr botnristli sem safnað er úr eldissvínum og nautgripum, yngri en eins árs, við slátrun ef framleiðsla á kjöti af þessum nautgripum sem er slátrað í aðildarríkinu er meiri en 10 000 tonn á ári.

d) *E. coli* sem myndar breiðvirkan β-laktamasa (ESBL) eða AmpC-laktamasa eða karbapenemasa úr:

i. sýnum úr botnristli sem safnað er úr holdakjúklingum og eldiskalkúnum við slátrun ef framleiðsla á kjöti af kalkúnum sem er slátrað í aðildarríkinu er meiri en 10 000 tonn á ári,

ii. sýnum úr botnristli sem safnað er úr eldissvínum og nautgripum, yngri en eins árs, við slátrun ef framleiðsla á kjöti af þessum nautgripum sem er slátrað í aðildarríkinu er meiri en 10 000 tonn á ári,

iii. sýnum úr nýju kjöti af holdakjúklingum, svínakjöti og nautgripakjöti sem safnað er á smásölustigi.

e) Ef aðildarríki ákveður að gera prófanir með tilliti til *C. coli* í samræmi við a-lið 3. mgr. 2. gr.: einangur úr:

i. sýnum úr botnristli sem er safnað úr holdakjúklingum við slátrun,

ii. sýnum úr botnristli sem er safnað úr eldissvínum við slátrun.

f) Ef aðildarríki ákveður að gera prófanir með tilliti til E. *faecalis* og *E. faecium* í samræmi við b-lið 3. mgr. 2. gr.: einangur úr:

i. sýnum úr botnristli sem safnað er úr holdakjúklingum og eldiskalkúnum við slátrun ef framleiðsla á kjöti af kalkúnum sem er slátrað í aðildarríkinu er meiri en 10 000 tonn á ári,

ii. sýnum úr botnristli sem safnað er úr eldissvínum og nautgripum, yngri en eins árs, við slátrun ef framleiðsla á kjöti af þessum nautgripum sem er slátrað í aðildarríkinu er meiri en 10 000 tonn á ári.

Lögbæru yfirvaldi er heimilt, að eigin frumkvæði, að prófa einangur, sem aðildarríkin útvega annars staðar frá en um getur í a- til f-lið, með tilliti til þols gegn sýkingalyfjum og gefa aðskilda skýrslu um þau við skýrslugjöf í samræmi við 2. lið B-hluta viðaukans. Þegar slík prófun með tilliti til þols gegn sýkingalyfjum er gerð skulu þó sértæku tæknilegu kröfurnar í 3., 4. og 5. lið gilda.

2. **Tíðni sýnatöku, umfang og hönnun**

2.1. *Tíðni sýnatöku*

Aðildarríkin skulu, á tveggja ára fresti, annast sýnatöku, söfnun og prófanir á næmi fyrir sýkingalyfjum, sem kveðið er á um í 2. til 4. gr., á hverri samsetningu bakteríutegunda og gerð af sýni úr stofnum dýra eða matvælaflokkum, sem eru skráðir í 1. lið þessa hluta, og sértæka vöktun á *Salmonella* spp. og *E. coli,* sem mynda breiðvirkan β-laktamasa (ESBL) eða AmpC-laktamasa eða karbapenemasa, í samræmi við 4. lið þessa hluta samkvæmt eftirfarandi skiptikerfi:

a) Á árunum 2014, 2016, 2018 og 2020: varphænur, holdakjúklingar og nýtt kjöt af þeim og eldiskalkúnar. Þó skal sértæk vöktun, í samræmi við lið 4.1, á vísbendandi gistilífverunni *E. coli*, sem myndar breiðvirkan β-laktamasa (ESBL) eða AmpC-laktamasa eða karbapenemasa, ekki vera skyldubundin á árinu 2014.

b) Á árunum 2015, 2017 og 2019: svín, nautgripir yngri en eins árs, svínakjöt og nautgripakjöt.

2.2. *Fjöldi sýna*

Aðildarríkin skulu prófa 170 einangur með tilliti til næmis fyrir sýkingalyfjum að því er varðar hverja samsetningu bakteríutegunda og gerð af sýni úr stofni dýra eða matvælaflokki sem er skráður í a-, b-, c-, e- og f-lið 1. liðar. Í aðildarríkjum þar sem framleiðslan er undir 100 000 tonnum af kjöti af alifuglum sem er slátrað á hverju ári og undir 100 000 tonnum af kjöti af svínum sem er slátrað á hverju ári ([18]) skal þó prófa 85 einangur í stað 170 einangra að því er varðar hverja samsvarandi, sértæka samsetningu.

Í þeim aðildarríkjum þar sem fleiri einangur eru til ráðstöfunar á tilteknu ári, að því er varðar sumar af þeim samsetningum bakteríutegunda og gerða af sýnum úr stofnum dýra eða matvælaflokki sem er tilgreindur í a-, b-, c-, e- og f-lið 1. liðar, skal taka öll einangur eða dæmigert slembiúrtak, sem er jafnstórt eða stærra en fjöldi einangra sem krafist er í samræmi við fyrsta lið, með í prófun á næmi fyrir sýkingalyfjum.

Í aðildarríkjum þar sem ekki er hægt að ná þeim fjölda einangra sem krafist er í samræmi við fyrstu málsgrein, vegna lítils algengis baktería eða fárra faraldsfræðilegra eininga á tilteknu ári, að því er varðar sumar af þeim samsetningum bakteríutegunda og gerða af sýnum úr stofnum dýra eða matvælaflokki sem er tilgreindur í a-, b-, c-, e- og f-lið 1. liðar, skal taka öll einangur, sem eru til ráðstöfunar í lok vöktunartímans, með í prófun á næmi fyrir sýkingalyfjum.

Að því er varðar sértæka vöktun á vísbendandi gistilífverunni *E. coli*, sem myndar breiðvirkan β-laktamasa (ESBL) eða AmpC-laktamasa eða karbapenemasa, sem sett er fram í lið 4.1, skulu aðildarríkin greina 300 sýni úr hverjum dýrastofni og matvælaflokki sem eru tilgreindir í d-lið 1. liðar. Í aðildarríkjum þar sem framleiðslan er undir 100 000 tonnum af kjöti af alifuglum sem er slátrað á hverju ári, undir 100 000 tonnum af kjöti af svínum sem er slátrað á hverju ári og undir 50 000 tonnum af kjöti af nautgripum sem er slátrað á hverju ári ([19]) skulu þau þó greina 150 sýni í stað 300 sýna að því er varðar hverja samsvarandi, sértæka samsetningu.

([18]) Samkvæmt nýjustu gögnum sem eru fáanleg hjá Hagstofu Evrópusambandsins (http://epp.eurostat.ec.europa.eu).
([19]) Sjá neðanmálsgrein 1.

2.3. *Úrtakssnið*

Einangur sem eru prófuð með tilliti til næmis fyrir sýkingalyfjum, eins og kveðið er á um í 2. gr., skulu fengin úr vöktunaráætlunum á grundvelli handahófskennds úrtakssniðs. Bakteríueinangrin, sem um getur í 2. gr., verða að eiga uppruna sinn í faraldsfræðilegum einingum, sem eru valdar af handahófi, eða vera valin af handahófi í sláturhúsunum. Þegar tekin eru sýni úr veikum dýrum skal halda niðurstöðum úr prófun á næmi fyrir sýkingalyfjum aðskildum við skýrslugjöf í samræmi við 2. lið B-hluta.

Lögbært yfirvald skal tryggja slembiröðun í sýnatökuáætluninni og rétta framkvæmd hennar.

Ef um er að ræða sýnatöku í sláturhúsum, eins og kveðið er á um í 1. lið A-hluta, skal sýnatakan fara fram í sláturhúsum sem vinna a.m.k. 60% af sértækum húsdýrastofnum í aðildarríkinu og byrja skal á sláturhúsum þar sem gegnumstreymið er mest.

Vöktunin, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, skal ekki ná yfir fleiri en eitt einangur úr hverri bakteríutegund úr sömu faraldsfræðilegu einingunni á ári. Faraldsfræðileg eining fyrir varphænur, holdakjúklinga og eldiskalkúna skal vera hópurinn. Að því er varðar eldissvín og nautgripi yngri en eins árs skal búið vera faraldsfræðileg eining.

2.3.1. Dæmigert úrtak úr sýnum við slátrun

Slembisýnatökuáætluninni skal lagskipt eftir sláturhúsi með því að úthluta fjölda sýna úr dýrum í landsframleiðslu, sem safnað er í hverju sláturhúsi, hlutfallslega eftir árlegu gegnumstreymi sláturhússins.

Sýnum, sem er safnað við slátrun, skal dreift jafnt á alla mánuði ársins til að unnt sé að ná yfir mismunandi árstíðir.

Einungis skal taka eitt dæmigert sýni úr innihaldi botnristils á hverja faraldsfræðilega einingu, sem er annaðhvort tekið úr stökum skrokki eða úr nokkrum skrokkum, til að taka tillit til klasamyndunar. Að öðru leyti skal sýnatakan byggjast á slembiúrtaki að því er varðar sýnatökudaga í hverjum mánuði og úr hvaða framleiðslulotu á að taka sýni á tilteknum sýnatökudegi.

Ákvarða skal fjölda líffræðilega sýna, sem á að safna í samræmi við a-, b-, c-, e- og f-lið 1. liðar A-hluta, til að ná tilskildum fjölda einangra með því að taka tillit til algengis bakteríutegundanna sem eru vaktaðar.

2.3.2. Söfnun á dæmigerðum einangrum *Salmonella* spp., sem er safnað innan ramma landsbundinna varnaráætlana vegna *Salmonella* spp., í viðkomandi stofnum dýra og innan ramma reglugerðar (EB) nr. 2073/2005

Prófun á næmi fyrir sýkingalyfjum skal gerð á að hámarki einu einangri sermigerðar salmonellu úr sömu faraldsfræðilegu einingunni á hverju ári.

Ef fjöldi einangra salmonellu, sem eru tiltæk á hverju ári eftir dýrastofni í aðildarríki, er meiri en sá fjöldi einangra sem krafist er í samræmi við lið 2.2. skal taka slembiúrtak, sem nemur a.m.k. 170 eða 85 einangrum úr safni þeirra einangra sem eru tiltæk á hverju ári í aðildarríkinu, þannig að tryggt sé að þau séu landfræðilega dæmigerð og að dreifing sýnatökudaga yfir árið sé jöfn. Ef um er að ræða lágt algengi skal hins vegar prófa öll tiltæk einangur salmonellu með tilliti til næmis.

2.3.3. Sýnataka á smásölustigi

Aðildarríkin skulu safna slembisýnum á smásölustigi úr nýju kjöti af holdakjúklingum, svínakjöti og nautgripakjöti án þess að forvelja sýni á grundvelli uppruna matvælanna.

3. **Sýkingalyf til prófunar á næmi, faraldsfræðileg þröskuldsgildi og styrkbil sem skal nota við prófanir á næmi einangranna fyrir sýkingalyfjum**

Aðildarríkin skulu prófa sýkingalyfin og túlka niðurstöðurnar með því að nota faraldsfræðileg þröskuldsgildi og styrkbil, sem sett eru fram í töflum 1, 2 og 3, til að ákvarða næmi *Salmonella* spp., *C. coli, C. jejuni* og vísbendandi gistilífveranna *E. coli, E. faecalis* og *E. faecium.*

Nota skal þynningaraðferðir samkvæmt þeim aðferðum sem Evrópunefnd um prófanir á næmi gegn sýkingalyfjum (e. European Committee on Antimicrobial Susceptibility Testing) (EUCAST) og Stofnun um klíníska staðla og rannsóknarstofustaðla (e. Clinical and Laboratory Standards Institute) (CLSI) hefur lýst og eru samþykktar sem alþjóðlegar tilvísunaraðferðir (ISO-staðall 20776-1:2006).

Tafla 1

Flokkur sýkingalyfjaefna sem eiga að falla undir vöktun á þoli gegn sýkingalyfjum, þröskuldsgildi Evrópunefndarinnar um prófanir á næmi gegn sýkingalyfjum að því er varðar þol og styrkbil sem á að prófa hjá *Salmonella* spp. og vísbendandi gistilífverunni E. coli (Fyrsti flokkur)

Sýkingalyf	Tegund	Túlkunarþröskuldsgildi þols gegn sýkingalyfjum (mg/L)		Styrkbil (mg/L). (Fjöldi uppspretta í sviga)
		Faraldsfræðileg þröskuldsgildi ([a])	Klínískur brotpunktur ([b])	
Ampisillín	*Salmonella*	> 8	> 8	1-64 (7)
	E. coli	> 8	> 8	
Sefótaxím	*Salmonella*	> 0,5	> 2	0,25-4 (5)
	E. coli	> 0,25	> 2	
Seftasídím	*Salmonella*	> 2	> 4	0,5-8 (5)
	E. coli	> 0,5	> 4	
Merópenem	*Salmonella*	> 0,125	> 8	0,03-16 (10)
	E. coli	> 0,125	> 8	
Nalidixínsýra	*Salmonella*	> 16	EFH	4-128 (6)
	E. coli	> 16	EFH	
Síprófloxasín	*Salmonella*	> 0,064	> 1	0,015-8 (10)
	E. coli	> 0,064	> 1	
Tetrasýklín	*Salmonella*	> 8	EFH	2-64 (6)
	E. coli	> 8	EFH	
Kólistín	*Salmonella*	> 2	> 2	1-16 (5)
	E. coli	> 2	> 2	
Gentamísín	*Salmonella*	> 2	> 4	0,5-32 (7)
	E. coli	> 2	> 4	
Trímetóprím	*Salmonella*	> 2	> 4	0,25-32 (8)
	E. coli	> 2	> 4	
Súlfametoxasól	*Salmonella*	EFH	EFH	8-1024 (8)
	E. coli	> 64	EFH	
Klóramfenikól	*Salmonella*	> 16	> 8	8-128 (5)
	E. coli	> 16	> 8	
Asitrómýsín	*Salmonella*	EFH	EFH	2-64 (6)
	E. coli	EFH	EFH	
Tígesýklín	*Salmonella*	> 1(*)	> 2(*)	0,25-8 (6)
	E. coli	> 1	> 2	

([a]) Faraldsfræðileg þröskuldsgildi Evrópunefndarinnar um prófanir á næmi gegn sýkingalyfjum.
([b]) Klínískir brotpunktar þols frá Evrópunefndinni um prófanir á næmi gegn sýkingalyfjum
(*) Gögn frá Evrópunefndinni um prófanir á næmi gegn sýkingalyfjum sem eru fáanleg varðandi *Salmonella* Enteriditis, Typhimurium, Typhi og Paratyphi.
EFH: ekki fyrir hendi.

Tafla 2

Flokkur sýkingalyfjaefna sem eiga að falla undir vöktun á þoli gegn sýkingalyfjum, túlkunarþröskuldsgildi Evrópunefndarinnar um prófanir á næmi gegn sýkingalyfjum að því er varðar þol og styrkbil sem á að prófa hjá *C. jejuni* og *C. coli*

Sýkingalyf	Tegund	Túlkunarþröskuldsgildi þols gegn sýkingalyfjum (mg/L)		Styrkbil (mg/L). (Fjöldi uppspretta í sviga)
		Faraldsfræðileg þröskuldsgildi [a]	Klínískur brotpunktur [b]	
Erýtrómýsín	*C. jejuni*	> 4	> 4	1-128 (8)
	C. coli	> 8	> 8	
Síprófloxasín	*C. jejuni*	> 0,5	> 0,5	0,12-16 (8)
	C. coli	> 0,5	> 0,5	
Tetrasýklín	*C. jejuni*	> 1	> 2	0,5-64 (8)
	C. coli	> 2	> 2	
Gentamísín	*C. jejuni*	> 2	EFH	0,12-16 (8)
	C. coli	> 2	EFH	
Nalidixínsýra	*C. jejuni*	> 16	EFH	1-64 (7)
	C. coli	> 16	EFH	
Streptómýsín [c]	*C. jejuni*	> 4	EFH	0,25-16 (7)
	C. coli	> 4	EFH	

[a] Faraldsfræðileg þröskuldsgildi Evrópunefndarinnar um prófanir á næmi gegn sýkingalyfjum.
[b] Klínískir brotpunktar þols frá Evrópunefndinni um prófanir á næmi gegn sýkingalyfjum
[c] Valfrjálst.
EFH: ekki fyrir hendi.

Tafla 3

Flokkur sýkingalyfjaefna sem eiga að falla undir vöktun á þoli gegn sýkingalyfjum, þröskuldsgildi Evrópunefndarinnar um prófanir á næmi gegn sýkingalyfjum að því er varðar þol og styrkbil sem á að prófa hjá *E. faecalis* og *E. faecium*

Sýkingalyf	Tegund	Túlkunarþröskuldsgildi þols gegn sýkingalyfjum (mg/L)		Styrkbil (mg/L). (Fjöldi uppspretta í sviga)
		Faraldsfræðileg þröskuldsgildi [a]	Klínískur brotpunktur [b]	
Gentamísín	*E. faecalis*	> 32	EFH	8-1024 (8)
	E. faecium	> 32	EFH	
Klóramfenikól	*E. faecalis*	> 32	EFH	4-128 (6)
	E. faecium	> 32	EFH	
Ampisillín	*E. faecalis*	> 4	> 8	0,5-64 (8)
	E. faecium	> 4	> 8	
Vankómýsín	*E. faecalis*	> 4	> 4	1-128 (8)
	E. faecium	> 4	> 4	
Teikóplanín	*E. faecalis*	> 2	> 2	0,5-64 (8)
	E. faecium	> 2	> 2	

Sýkingalyf	Tegund	Túlkunarþröskuldsgildi þols gegn sýkingalyfjum (mg/L)		Styrkbil (mg/L). (Fjöldi uppspretta í sviga)
		Faraldsfræðileg þröskuldsgildi [a]	Klínískur brotpunktur [b]	
Erýtrómýsín	*E. faecalis*	> 4	EFH	1-128 (8)
	E. faecium	> 4	EFH	
Kínúpristín/ dalfópristín	*E. faecalis*	EFH	EFH	0,5-64 (8)
	E. faecium	> 1	> 4	
Tetrasýklín	*E. faecalis*	> 4	EFH	1-128 (8)
	E. faecium	> 4	EFH	
Tígesýklín	*E. faecalis*	> 0,25	> 0,5	0,03-4 (8)
	E. faecium	> 0,25	> 0,5	
Línesólíð	*E. faecalis*	> 4	> 4	0,5-64 (8)
	E. faecium	> 4	> 4	
Daptómýsín	*E. faecalis*	> 4	EFH	0,25-32 (8)
	E. faecium	> 4	EFH	
Síprófloxasín	*E. faecalis*	> 4	EFH	0,12-16 (8)
	E. faecium	> 4	EFH	

[a] Faraldsfræðileg þröskuldsgildi Evrópunefndarinnar um prófanir á næmi gegn sýkingalyfjum.
[b] Klínískir brotpunktar þols frá Evrópunefndinni um prófanir á næmi gegn sýkingalyfjum
EFH: ekki fyrir hendi.

4. **Sértæk vöktun á *Salmonella* spp. og *E. coli* sem mynda breiðvirkan β-laktamasa (ESBL) eða AmpC-laktamasa eða karbapenemasa**

4.1. *Aðferð til greiningar á E. coli sem myndar breiðvirkan β-laktamasa (ESBL) eða AmpC-laktamasa eða karbapenemasa í holdakjúklingum, eldiskalkúnum, eldissvínum, nautgripum yngri en eins árs og nýju kjöti af holdakjúklingum, svínakjöti og nautgripakjöti*

Til að meta hlutfall sýna, sem innihalda *E. coli* sem myndar breiðvirkan β-laktamasa (ESBL) eða AmpC-laktamasa eða karbapenemasa, í sýnum úr botnristli sem er safnað úr holdakjúklingum, eldiskalkúnum, eldissvínum, nautgripum yngri en eins árs, nýju kjöti af holdakjúklingum, svínakjöti og nautgripakjöti í samræmi við d-lið 1. liðar þessa hluta skal eftirfarandi aðferð gilda.

Til greiningar á *E. coli*, sem myndar breiðvirkan β-laktamasa (ESBL) eða AmpC-laktamasa, skal aðferðin hefjast með forauðgunarþrepi og síðan sáningu á McConkey-agaræti sem inniheldur sefalósporín af þriðju kynslóð af völdum styrkleika samkvæmt nýjustu útgáfu nákvæmrar aðferðarlýsingar tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir þol gegn sýkingalyfjum vegna stöðlunar ([20]). Örverutegundin *E. coli* skal sanngreind með viðeigandi aðferð.

Aðildarríkinu er heimilt að ákveða, á grundvelli faraldsfræðilegra aðstæðna, að gera samhliða frekari prófanir á valvísum bakka, sem hamlar vexti *E. coli* sem myndar AmpC-laktamasa, til að auðvelda sértæka greiningu á *E. coli* sem myndar breiðvirkan β-laktamasa. Þegar þessi möguleiki er notaður skal halda niðurstöðum úr valvísa viðbótarbakkanum, sem hamlar vexti *E. coli* sem myndar AmpC-laktamasa, aðskildum við skýrslugjöf í samræmi við 2. lið B-hluta.

Aðildarríkin geta ákveðið að framkvæma greiningu til að finna örverur, sem mynda karbapenemasa, með því að nota valkvæða forauðgun og síðan valvísa sáningu í miðil, sem inniheldur karbapenemasa, samkvæmt nýjustu útgáfu nákvæmrar aðferðarlýsingar tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir þol gegn sýkingalyfjum vegna stöðlunar ([21]).

Eitt einangur, sem líklegt er að innihaldi *E. coli* sem myndar breiðvirkan β-laktamasa (ESBL) eða AmpC-laktamasa eða karbapenemasa, sem tekið er úr hverju jákvæðu sýni úr botnristli og kjötsýni, skal prófað samkvæmt fyrsta flokki sýkingalyfja í samræmi við töflu 1 og sett í frekari prófanir á næmi, eins og sett er fram í lið 4.2, ef það er þolið gegn sefótaxími eða seftasídími eða meróþenemi á grundvelli túlkunarviðmiðananna (faraldsfræðileg þröskuldsgildi) sem eru tilgreind í töflu 1.

([20]) www.crl-ar.eu
([21]) Sjá neðanmálsgrein 3.

4.2. *Aðferð til frekari greiningar á eiginleikum og flokkunar á einangrum Salmonella* spp. *og E. coli sem sýna þol gegn sefalósporínum eða merópenemum af þriðju kynslóð*

Öll einangur, sem líklegt er að innihaldi *E. coli* sem myndar breiðvirkan β-laktamasa (ESBL) eða AmpC-laktamasa eða karbapenemasa, sem voru sanngreind með valvísri sáningu sem lýst er í lið 4.1, sem og öll einangur *Salmonella* spp. og *E. coli* sem eru valin af handahófi og eru, eftir prófun samkvæmt fyrsta flokki sýkingalyfja í samræmi við töflu 1, þolin gegn sefótaxími eða seftasídími eða merópenemi, skulu prófuð nánar samkvæmt öðrum flokki sýkingalyfjaefna í samræmi við töflu 4. Þessi flokkur inniheldur sefoxitín, sefepím og samverkunarprófun með tilliti til klavúlanata í samsetningu með sefótaxími og seftasídími til greiningar á myndun breiðvirks β-laktamasa (ESBL) eða AmpC-laktamasa. Annar flokkur inniheldur að auki imípenem, merópenem og ertapenem til að svipfarssannreyna einangur sem eru líkleg til að mynda karbapenemasa.

Tafla 4

Flokkur sýkingalyfjaefna, faraldsfræðileg þröskuldsgildi Evrópunefndarinnar um prófanir á næmi gegn sýkingalyfjum og klínískir brotpunktar fyrir þol og styrkbil sem á að nota til að prófa einungis *Salmonella* spp. og einangur vísbendandi gistilífverunnar *E. coli* sem eru þolin gegn sefótaxími eða seftasídími eða merópenemi — (Annar flokkur)

Sýkingalyf	Tegund	Túlkunarþröskuldsgildi þols gegn sýkingalyfjum (mg/L)		Styrkbil (mg/L). (Fjöldi uppspretta í sviga)
		Faraldsfræðileg þröskuldsgildi ([a])	Klínískur brotpunktur ([b])	
Sefoxitín	*Salmonella*	> 8	EFH	0,5-64 (8)
	E. coli	> 8	EFH	
Sefepím	*Salmonella*	EFH	EFH	0,06-32 (10)
	E. coli	> 0,125	> 4	
Sefótaxím + klavúlansýra ([*])	*Salmonella*	EFH([**])	EFH([**])	0,06-64 (11)
	E. coli	EFH([**])	EFH([**])	
Seftasídím + klavúlansýra ([*])	*Salmonella*	EFH([**])	EFH([**])	0,125-128 (11)
	E. coli	EFH([**])	EFH([**])	
Merópenem	*Salmonella*	> 0,125	> 8	0,03-16 (10)
	E. coli	> 0,125	> 8	
Temósillín	*Salmonella*	EFH	EFH	0,5-64 (8)
	E. coli	EFH	EFH	
Imípenem	*Salmonella*	> 1	> 8	0,12-16 (8)
	E. coli	> 0,5	> 8	
Ertapenem	*Salmonella*	> 0,06	> 1	0,015-2 (8)
	E. coli	> 0,06	> 1	
Sefótaxím	*Salmonella*	> 0,5	> 2	0,25-64 (9)
	E. coli	> 0,25	> 2	
Seftasídím	*Salmonella*	> 2	> 4	0,25-128 (10)
	E. coli	> 0,5	> 4	

([a]) Faraldsfræðileg þröskuldsgildi Evrópunefndarinnar um prófanir á næmi gegn sýkingalyfjum.
([b]) Klínískir brotpunktar þols frá Evrópunefndinni um prófanir á næmi gegn sýkingalyfjum
EFH: ekki fyrir hendi.
([*]) 4 mg/L klavúlansýra.
([**]) Bera skal þessi gildi saman við gildi sefótaxíms og seftasídíms og túlka þau samkvæmt leiðbeiningum stofnunarinnar um klíníska staðla og rannsóknarstofustaðla (CLSI) eða Evrópunefndarinnar um prófanir á næmi gegn sýkingalyfjum (EUCAST) að því er varðar prófun á samverkun.

4.3. *Megindleg aðferð til að meta hlutfall E. coli sem myndar breiðvirkan β-laktamasa (ESBL) eða AmpC-laktamasa*

Aðildarríkjunum, einkum aðildarríkjum þar sem hátt algengi *E. coli,* sem myndar breiðvirkan β-laktamasa (ESBL) eða AmpC-laktamasa, hefur greinst með greiningaraðferðinni sem sett er fram í lið 4.1, er heimilt að lýsa eiginleikum hlutfalls *E. coli,* sem myndar breiðvirkan β-laktamasa (ESBL) eða AmpC-laktamasa, innan alls *E. coli*-stofnsins.

Þetta skal gert með því að ákvarða heildarfjölda *E. coli* sem myndar breiðvirkan β-laktamasa (ESBL) eða AmpC-laktamasa og *E. coli* í heildina, sem er til staðar í sýni, með því að nota þynningaraðferðir og síðan sáningu í valkvæðan miðil og óvalkvæðan miðil, samkvæmt nýjustu útgáfu nákvæmrar aðferðarlýsingar tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir þol gegn sýkingalyfjum ([22]).

5. **Gæðaeftirlit og geymsla einangra**

Rannsóknarstofurnar, sem lögbært yfirvald tilnefnir til að framkvæma prófanir á næmi einangranna fyrir sýkingalyfjum, sem eru hluti af samhæfðu vöktunaráætluninni, skulu taka þátt í gæðatryggingarkerfi, þ.m.t. frammistöðuprófun sem sett er upp annaðhvort á landsbundnum vettvangi eða á vettvangi Sambandsins, með tilliti til sanngreiningar, tegundargreiningar og prófunar á næmi bakteríanna sem samræmd vöktun á þoli gegn sýkingalyfjum beinist að.

Landsbundnar tilvísunarrannsóknarstofur fyrir þol gegn sýkingalyfjum skulu geyma einangur við – 80 °C í a.m.k. fimm ár. Að öðrum kosti má einnig nota aðrar geymsluaðferðir að því tilskildu að með þeim sé lífvænleiki stofna tryggður og að ekki verði breytingar á þeim.

B-HLUTI

SKÝRSLUGJÖF

1. **Almenn ákvæði varðandi skýrslugjöf um gögn**

Ef lögbært yfirvald annast vöktun á þoli gegn sýkingalyfjum úr einangrum, sem lögbæra yfirvaldið útvegar frá öðrum stigum fæðukeðjunnar en þeim sem um getur í 1. lið A-hluta en í samræmi við tækniforskriftirnar sem um getur í 3., 4. og 5. lið A-hluta, skal gefa skýrslur um niðurstöður þessarar vöktunar á þoli gegn sýkingalyfjum skv. 2. lið þessa hluta en gefa aðskildar skýrslur um þær og þetta skal ekki breyta þeim fjölda einangra sem ber að prófa skv. 2. lið A-hluta.

2. **Upplýsingar sem eiga að koma fram fyrir hvert einstakt sýni**

Skýrslurnar skulu innihalda upplýsingarnar, sem um getur í lið 2.1 til 2.6, fyrir hvert einstakt einangur og þar skulu koma fram aðskildar upplýsingar um hverja samsetningu bakteríutegunda og dýrastofna og samsetningu bakteríutegunda og matvæla sem um getur í 1. lið A-hluta.

Aðildarríkin skulu leggja niðurstöður samhæfðrar vöktunar á þoli gegn sýkingalyfjum, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, fram sem óunnin gögn byggð á einangrum með því að nota gagnalýsingasafnið og rafrænu söfnunareyðublöðin sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu leggur fram ([23]).

2.1. *Heildstæð lýsing á framkvæmd vöktunar á þoli gegn sýkingalyfjum*

— Lýsing á úrtakssniðum, lagskiptingu og aðferðum við slembiröðun eftir dýrastofnum og matvælaflokkum.

2.2. *Almennar upplýsingar*

— Auðkenni eða kóði einangursins

— Bakteríutegund

— Sermigerð (vegna *Salmonella* spp.)

— Fögugerð *Salmonella* Enteriditis og *Salmonella* Typhimurium (valkvætt)

2.3. *Sértækar upplýsingar að því er varðar sýnatöku*

— Stofn dýra sem gefa af sér afurðir til manneldis eða matvælaflokkur

— Stig sýnatöku

— Tegund sýnis

— Sýnatökuaðili

— Sýnatökuáætlun

([22]) Sjá neðanmálsgrein 3.
([23]) www.efsa.europa.eu

— Dagsetning sýnatöku

— Dagsetning einangrunar

2.4. *Sértækar upplýsingar að því er varðar prófun á þoli gegn sýkingalyfjum*

— Auðkenni eða kóði einangursins frá rannsóknarstofunni sem framkvæmir prófunina á næmi einangursins gegn sýkingalyfjum

— Dagsetning prófunar á næmi

— Sýkingalyfjaefni

2.5. *Sértækar upplýsingar að því er varðar niðurstöður úr þynningaraðferð*

— Gildi lágmarkshindrunarstyrks (í mg/L)

2.6. *Niðurstöður úr prófun á samverkun*

— Samverkunarprófun með klavúlansýru og seftasídími

— Samverkunarprófun með klavúlansýru og sefótaxími

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2015/EES/55/43

frá 14. nóvember 2012

um sameiginlegt snið fyrir framlagningu upplýsinga samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/63/ESB um vernd dýra sem eru notuð í vísindaskyni

(tilkynnt með númeri C(2012) 8064)

(2012/707/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/63/ESB frá 22. september 2010 um vernd dýra sem eru notuð í vísindaskyni ([1]), einkum 4. mgr. 54. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2010/63/ESB er kveðið á um samræmingu ákvæða landslaga sem nauðsynleg eru til að bæta velferð dýra sem notuð eru í vísindaskyni og miða að staðgöngu, fækkun og mildun við notkun á dýrum í þeim tilgangi.

2) Í ákvæðum 1. mgr. 54. gr. tilskipunar 2010/63/ESB er þess krafist að aðildarríkin sendi upplýsingar um framkvæmd þeirrar tilskipunar til framkvæmdastjórnarinnar eigi síðar en 10. nóvember 2018 og á fimm ára fresti eftir það.

3) Í ákvæðum 2. mgr. 54. gr. tilskipunar 2010/63/ESB er þess krafist að aðildarríki safni árlega saman tölfræðilegum upplýsingum um notkun á dýrum í tilraunum og geri þær aðgengilegar öllum. Aðildarríkin eiga að leggja þessar tölfræðilegu upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 10. nóvember 2015 og árlega eftir það.

4) Í samræmi við 3. mgr. 54. gr. tilskipunar 2010/63/ESB eiga aðildarríkin að leggja árlega fyrir framkvæmdastjórnina nákvæmar upplýsingar um undanþágur sem veittar hafa verið samkvæmt a-lið 4. mgr. 6. gr. þeirrar tilskipunar.

5) Koma ætti á sameiginlegu sniði til að leggja fram upplýsingarnar sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. 54. gr. tilskipunar 2010/63/ESB til þess að tryggja samræmi við framkvæmd tilskipunarinnar.

6) Í því skyni að fá sambærilegar upplýsingar um framkvæmd tilskipunar 2010/63/ESB, og til að gera framkvæmdastjórninni kleift að meta skilvirkni framkvæmdar þeirrar tilskipunar á vettvangi Sambandsins, ættu framlögð gögn frá aðildarríkjum um framkvæmdina, árlegar tölfræðilegar upplýsingar um notkun á dýrum í tilraunum og undanþágur sem veittar hafa verið samkvæmt a-lið 4. mgr. 6. gr., að vera nákvæm og samræmd og því ætti að samræma kröfurnar um skýrslugjöf í öllum aðildarríkjum með því að koma á sameiginlegu sniði fyrir framlagningu þessara upplýsinga.

7) Á grundvelli tölfræðilegu upplýsinganna sem aðildarríkin leggja fram, skv. 2. mgr. 54. gr. tilskipunar 2010/63/ESB, ber framkvæmdastjórninni, í samræmi við 2. mgr. 57. gr. þeirrar tilskipunar, að senda Evrópuþinginu og ráðinu yfirlitsskýrslu um þessar upplýsingar. Til að gögnin teljist marktæk, nákvæm og sambærileg er nauðsynlegt að hafa sameiginlegt snið til að tryggja samræmda skýrslugjöf frá öllum aðildarríkjum.

8) Til að skráin yfir aðferðir við aflífun dýra í IV. viðauka við tilskipun 2010/63/ESB sé í takt við nýjustu þróun á sviði vísinda er nauðsynlegt að fá ítarlegar upplýsingar um aðferðir sem eru leyfðar í sérstökum undantekningartilvikum samkvæmt a-lið 4. mgr. 6. gr. þeirrar tilskipunar.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 3. mgr. 56. gr. tilskipunar 2010/63/ESB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Aðildarríki skulu nota sameiginlega skýrslusniðið sem er sett fram í I. viðauka við þessa ákvörðun við framlagningu upplýsinganna sem um getur í 1. mgr. 54. gr. tilskipunar 2010/63/ESB.

2. gr.

Aðildarríki skulu nota sameiginlega skýrslusniðið og ítarlegu leiðbeiningarnar sem eru settar fram í II. viðauka við þessa ákvörðun við framlagningu tölfræðilegu upplýsinganna sem um getur í 2. mgr. 54. gr. tilskipunar 2010/63/ESB.

3. gr.

Aðildarríki skulu nota sameiginlega skýrslusniðið sem er sett fram í III. viðauka við þessa ákvörðun við framlagningu upplýsinganna um undanþágurnar sem veittar hafa verið samkvæmt a-lið 4. mgr. 6. gr. tilskipunar 2010/63/ESB sem um getur í 3. mgr. 54. gr. þeirrar tilskipunar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 320, 17.11.2012, bls. 33. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 264/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 276, 20.10.2010, bls. 33.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 14. nóvember 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Janez POTOČNIK

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

SKÝRSLUSNIÐ FYRIR FRAMLAGNINGU UPPLÝSINGANNA SEM UM GETUR Í 1. MGR. 54. GR. TILSKIPUNAR 2010/63/ESB

Upplýsingum um sértæk atvik (s.s. fjölda) skal safnað annað hvort sem skyndimyndum (e. *snapshot*) úr síðasta ári fimm ára tímabilsins eða, í sérstökum undantekningartilvikum, fyrir allt fimm ára tímabilið, sundurliðað eftir árum.

A. **ALMENNAR UPPLÝSINGAR**

Breytingar á landsráðstöfunum varðandi framkvæmd tilskipunar 2010/63/ESB frá síðustu skýrslu.

B. **UPPBYGGING OG RAMMI**

1. Lögbær yfirvöld (59. gr. tilskipunar 2010/63/ESB)

   upplýsingar um ramma fyrir lögbær yfirvöld, þ.m.t. fjöldi og tegund yfirvalda.

2. Landsbundin nefnd (49. gr. tilskipunar 2010/63/ESB)

   upplýsingar um uppbyggingu og starfrækslu landsbundnu nefndarinnar.

3. Menntun og þjálfun starfsfólks (23. gr. tilskipunar 2010/63/ESB)

   upplýsingar um lágmarkskröfurnar sem um getur í 3. mgr. 23. gr. tilskipunar 2010/63/ESB, þ.m.t. frekari menntunar- og þjálfunarkröfur sem eru gerðar til starfsfólks sem kemur frá öðru aðildarríki.

4. Mat á verkefnum og leyfi fyrir verkefni (38. og 40. gr. tilskipunar 2010/63/ESB)

   lýsing á ferlinu við mat á verkefnum og leyfi fyrir verkefni og hvernig kröfurnar í 38. og 40. gr. tilskipunar 2010/63/ESB eru uppfylltar.

C. **FRAMKVÆMD**

1. Verkefni

   i. veiting leyfis fyrir verkefni (40. og 41. gr. tilskipunar 2010/63/ESB)

      upplýsingar um fjölda verkefna sem veitt er leyfi fyrir árlega og um fjölda og gerð verkefna sem hljóta leyfi sem „mörg almenn verkefni“,

      upplýsingar um aðstæður og hlutfall heildarfjölda leyfa með 40 daga tímamörkunum framlengdum, eins og heimilt er skv. 2. mgr. 41. gr. tilskipunar 2010/63/ESB.

   ii. afturvirkt mat, samantektir, sem ekki eru á tæknimáli, um verkefni (38., 39. og 43. gr. tilskipunar 2010/63/ESB)

      upplýsingar um framkvæmd samantekta, sem ekki eru á tæknimáli, um verkefni; hvernig tryggt er að kröfurnar skv. 43. gr. (1. mgr.) tilskipunar 2010/63/ESB séu uppfylltar og hvort verkefni sem eigi að fara í afturvirkt mat séu tilgreind í samantektunum, sem ekki eru á tæknimáli, um verkefni (43. gr. (2. mgr.) tilskipunar 2010/63/ESB),

      upplýsingar um hlutfall og gerð verkefna sem eru lögð fram til afturvirks mats, samkvæmt f-lið 2. mgr. 38. gr. tilskipunar 2010/63/ESB, til viðbótar þeim sem eru skyldubundin skv. 2. mgr. 39. gr. þeirrar tilskipunar.

2. Dýr sem eru ræktuð til að nota í tilraunum (10., 28. og 30. gr. tilskipunar 2010/63/ESB)

   i. dýr sem eru ræktuð, aflífuð og ekki notuð í tilraunum, þ.m.t. erfðabreytt dýr sem eru ekki tekin með í árlegu tölfræðilegu upplýsingunum fyrir almanaksárið á undan því ári þegar 5 ára skýrslan er lögð fram; í heildarfjöldanum skal greina á milli dýra sem eru notuð til að búa til erfðabreytt dýr og til að viðhalda viðurkenndum erfðabreyttum línum (þ.m.t. afkvæmi af villigerð),

   ii. uppruni prímata sem ekki eru af ættkvísl manna og hvernig kröfurnar í 10. og 28. gr. tilskipunar 2010/63/ESB eru uppfylltar.

3. Undanþágur

   upplýsingar um aðstæður þar sem undanþágur voru veittar í samræmi við 10. gr. (3. mgr.), 12. gr. (1. mgr.) og 33. gr. (3. mgr.) tilskipunar 2010/63/ESB og einkum undantekningartilvikin sem um getur í 16. gr. (2. mgr.) þeirrar tilskipunar um að leyfa endurnotkun á dýri eftir tilraun sem olli raunþjáningu sem var metin sem mikil á skýrslutímabilinu.

4. Dýravelferðarnefnd (26. og 27. gr. tilskipunar 2010/63/ESB)

   upplýsingar um uppbyggingu og starfsemi dýravelferðarnefndanna.

D. **MEGINREGLUR UM STAÐGÖNGU, FÆKKUN OG MILDUN**

1. Meginregla um staðgöngu, fækkun og mildun (4. og 13. gr. og VI. viðauki við tilskipun 2010/63/ESB)

   almennar ráðstafanir til að tryggja að meginreglunni um staðgöngu, fækkun og mildun sé fylgt með fullnægjandi hætti í verkefnum sem hafa fengið leyfi sem og við hýsingu og umhirðu og einnig í ræktunar- og birgðastöðvum.

2. Að forðast endurtekningar (46. gr. tilskipunar 2010/63/ESB)

   almenn lýsing á ráðstöfunum til að koma í veg fyrir endurtekningu á tilraunum.

3. Vefjasýnataka úr erfðabreyttum dýrum (4., 30. og 38. gr. tilskipunar 2010/63/ESB)

   dæmigerðar upplýsingar, fyrir almanaksárið á undan því ári þegar 5 ára skýrslan er lögð fram, um áætlaðan fjölda dýra, tegundir þeirra, tegundir aðferða sem eru notaðar til vefjasýnatöku í þeim tilgangi að lýsa erfðafræðilegum eiginleikum, með og án verkefnaleyfis, og hve alvarlegar þær eru og um viðleitnina til að endurbæta þessar aðferðir.

E. **FRAMFYLGD**

1. Starfsleyfi fyrir ræktendur, birgja og notendur (20. og 21. gr. tilskipunar 2010/63/ESB)

   fjöldi virkra ræktenda, birgja og notenda sem hafa starfsleyfi; upplýsingar um tímabundnar niðurfellingar eða afturkallanir starfsleyfa ræktenda, birgja og notenda ásamt rökstuðningi fyrir því.

2. Skoðanir (34. gr. tilskipunar 2010/63/ESB)

   megindlegar og eigindlegar upplýsingar um framkvæmd skoðana, þar á meðal viðmiðanir sem beitt er skv. 2. mgr. 34. gr. tilskipunar 2010/63/ESB og hlutfall fyrirvaralausra skoðana, sundurliðað eftir árum.

3. Afturköllun á leyfi fyrir verkefni (44. gr. tilskipunar 2010/63/ESB)

   upplýsingar um og ástæður fyrir afturköllun á leyfi fyrir verkefni á skýrslutímabilinu.

4. Viðurlög (60. gr. tilskipunar 2010/63/ESB)

   upplýsingar um eðli brota og málaferli og stjórnsýslulegra aðgerða sem þessi brot hafa í för með sér á skýrslutímabilinu.


II. VIÐAUKI

Dýrategund
Húsamús (*Mus musculus*)
Brúnrotta (*Rattus norvegicus*)
Naggrís (*Cavia porcellus*)
Gullhamstur (*Mesocricetus auratus*)
Kínahamstur (*Cricetulus griseus*)
Mongóliuflökkurotta (*Meriones unguiculatus*)
Önnur nagdýr (önnur dýr af ættbálkinum Rodentia)
Evrópukanína (*Oryctolagus cuniculus*)
Húsköttur (*Felis catus*)
Hundur (taminn) (*Canis familiaris*)
Fretta (*Mustela putorius furo*)
Önnur rándýr (önnur dýr af ættbálkinum Carnivora)
Hestar, asnar og kynblendingar (Equidae)
Alisvín (*Sus scrofa domesticus*)
Geit (*Capra aegagrus hircus*)
Sauðkind (*Ovis aries*)
Nautgripur (*Bos primigenius*)
Hálfapar (*Prosimia*)
Silkiapar og skeggapar (t.d. silkiapi *(Callithrix jacchus)*)
Krabbaloðapi (*Macaca fascicularis*)
Resusapi (*Macaca mulatta*)
Grænmarkettir (*Chlorocebus* spp., yfirleitt annaðhvort *C. pygerythrus* eða *C. sabaeus*)
Bavíanar (*Papio* spp.)
Íkornapar (t.d. íkornapi, *Saimiri sciureus*)
Aðrar tegundir prímata, sem ekki eru af ættkvísl manna (aðrar tegundir af Ceboidea og Cercopithecoidea)
Mannapar (*Hominoidea*)
Önnur spendýr (önnur dýr af flokknum Mammalia)
Alihænsn (*Gallus gallus domesticus*)
Aðrir fuglar (önnur dýr af flokknum Aves)
Skriðdýr (Reptilia)
Rana spp. (*R. temporaria* og *R. pipiens*)
Xenopus spp. (*X. laevis* og *X. tropicalis*)
Önnur froskdýr (önnur dýr af flokknum Amphibia)
Sebradanni (*Danio rerio*)
Aðrir fiskar (aðrir fiskar úr flokknum Pisces)
Smokkar (*Cephalopoda*)

Grunnrannsóknir
Æxlafræði
Hjarta- og æðakerfi, blóð- og vessakerfi
Taugakerfi
Öndunarfæri
Meltingarkerfi, þ.m.t. lifur
Vöðva- og beinakerfi
Ónæmiskerfi
Þvag- og æxlunarfæri
Skynfæri (húð, augu og eyru)
Innkirtlakerfi/efnaskipti
Fjölkerfa
Atferlisfræði/atferli dýra/dýralífræði
Annað
LOK

Yfirfærðar og hagnýtar rannsóknir
Krabbamein í mönnum
Smitandi kvillar í mönnum
Hjarta- og æðakvillar í mönnum
Tauga- og geðraskanir í mönnum
Öndunarfærakvillar í mönnum
Kvillar í meltingarkerfi, þ.m.t. lifur, í mönnum
Kvillar í vöðva- og beinakerfi í mönnum
Raskanir í ónæmiskerfi í mönnum
Þvag- og kynfæra-/æxlunartruflanir í mönnum
Kvillar í skynfærum manna (húð, augu og eyru)
Kvillar í innkirtlakerfi/efnaskiptum í mönnum
Aðrir kvillar í mönnum
Sjúkdómar og kvillar í dýrum
Velferð dýra
Greining sjúkdóma
Plöntusjúkdómar
Eiturefnafræði og visteiturefnafræði sem er ekki reglufest
LOK

Visteiturhrif
Bráð eiturhrif
Langvinn eiturhrif
Eiturhrif á æxlun
Starfsemi innkirtla
Uppsöfnun í lífverum
Annað
LOK


Endurnotkun
Endurnotkun
Fæðingarstaður
Dýr fædd í Evrópusambandinu hjá skráðum ræktanda
Dýr fædd í Evrópusambandinu en ekki hjá skráðum ræktanda
Dýr fædd annars staðar í Evrópu
Dýr fædd annars staðar í heiminum
Prímatar, sem ekki eru af ættkvísl manna (að undanskildum mannöpum)?
JÁ
NEI
Prímati sem ekki er af ættkvísl manna – uppruni
Dýr fædd hjá skráðum ræktanda innan Evrópusambandsins
Dýr fædd annars staðar í Evrópu
Dýr fædd í Asíu
Dýr fædd í Ameríku
Dýr fædd í Afríku
Dýr fædd annars staðar
Prímati sem ekki er af ættkvísl manna - kynslóð
F0
F1
F2 eða síðari
Sjálfbært sambú
Erfðafræðileg staða
Ekki erfðabreytt
Erfðabreytt án skaðvænlegs svipfars
Erfðabreytt með skaðvænlegu svipfari
Nýr erfðabreytt lína búin til
Dýr notuð til að búa til nýja, erfðabreytta línu/stofn
Alvarleiki
Banvæn
Vægar (allt að og að meðtöldum)
Í meðallagi
Alvarleg
Tilgangur
Grunnrannsóknir
Yfirfærðar og hagnýtar rannsóknir
Reglufest notkun og venjubundin framleiðsla
Verndun náttúrulegs umhverfis til hagsmuna fyrir heilbrigði eða velferð manna eða dýra
LOK
Varðveisla tegunda
LOK
Æðri menntun eða þjálfun vegna öflunar, viðhalds eða umbóta á starfsfærni
LOK
Réttarrannsóknir
LOK
Viðhald sambúa viðurkenndra erfðabreyttra dýra sem eru ekki notuð í aðrar tilraunir
LOK
Reglufest notkun og venjubundin framleiðsla eftir tegund
Gæðaeftirlit (þ.m.t. öryggis- og styrkleikaprófun á lotum)
Önnur prófun á verkun og vikmörkum
LOK
Eiturhrifaprófanir og aðrar öryggisprófanir, þ.m.t. í líflyfjafræði
Venjubundin framleiðsla
Eiturhrifaprófanir og aðrar öryggisprófanir sem krafist er samkvæmt löggjöf
Löggjöf um mannalyf
Löggjöf um dýralyf og efnaleifar þeirra
Löggjöf um lækningatæki
Löggjöf um iðefni til iðnaðarnota
Löggjöf um plöntuverndarvörur
Löggjöf um sæfiefni
Löggjöf um matvæli, þ.m.t. efnivið sem kemst í snertingu við matvæli
Löggjöf um fóður, þ.m.t. löggjöf um öryggi fyrir markdýr, starfsmenn og umhverfi
Löggjöf um snyrtivörur
Annað
Notkun á dýrum í reglufesta framleiðslu eftir vörutegund
Vörur sem eru að stofni til úr blóði
Einstofna mótefni
Annað
LOK
Gæðaeftirlit (þ.m.t. öryggis- og styrkleikaprófun á lotum)
Öryggisprófun á lotu
Prófun á sótthitavöldum
Styrkleikaprófun á lotu
Annað gæðaeftirlit
LOK
Lagalegar kröfur
Löggjöf sem uppfyllir kröfur ESB
Löggjöf sem uppfyllir eingöngu landsbundnar kröfur (innan ESB)
Löggjöf sem uppfyllir eingöngu kröfur utan ESB
Eiturhrifaprófanir og aðrar öryggisprófanir eftir tegund prófunar
Aðferðir við prófun á bráðum eiturhrifum (af stökum skammti) (þ.m.t. markprófun)
Húðerting/húðæting
LOK
Húðnæming
LOK
Augnerting/augnæting
LOK
Eiturhrif við endurtekna skammta
Krabbameinsvaldandi áhrif
LOK
Erfðaeiturhrif
LOK
Eiturhrif á æxlun
LOK
Eiturhrif á þroskun
LOK
Taugaeiturhrif
LOK
Hvarfafræði (lyfjahvarfafræði, eiturhvarfafræði, brotthvarf leifa)
LOK
Lyfhrif (þ.m.t. öryggislíflyfjafræði)
LOK
Ljóseiturhrif
LOK
Visteiturhrif
Öryggisprófanir á svæðum fyrir matvæli og fóður
LOK
Öryggi markdýra
LOK
Annað
LOK
Aðferðir við prófun á bráðum og meðalbráðum eiturhrifum
LD50, LC50
Aðrar banvænar aðferðir
Aðferðir sem eru ekki banvænar
LOK
Eiturhrif við endurtekna skammta
Allt að 28 dagar
29–90 dagar
> 90 dagar
LOK

SKÝRSLUSNIÐ FYRIR FRAMLAGNINGU UPPLÝSINGANNA SEM UM GETUR Í 2. MGR. 54. GR. TILSKIPUNAR 2010/63/ESB

1. Gögnin skulu færð inn við hverja notkun á dýri.

2. Þegar gögn um dýr eru færð inn þá er aðeins hægt að velja einn kost *innan* flokks.

3. Dýr sem aflífuð eru vegna líffæra eða vefja og vísbendidýr falla ekki undir ákvæðin um tölfræðileg gögn nema aflífunin sé framkvæmd samkvæmt leyfi fyrir verkefni með aðferð sem er ekki skráð í IV. viðauka eða ef inngrip hefur átt sér stað hjá dýrinu, fyrir aflífun, sem var yfir viðmiðunarmörkunum fyrir lágmarkssársauka, þjáningu, hræðslu og varanlegan skaða.

4. Umframdýr, sem eru aflífuð, eru ekki talin með í tölfræðilegu gögnunum að undanskildum erfðabreyttum dýrum sem hafa skaðvænlegt svipfar sem er tilætlað og sýnilegt.

5. Lirfur skulu teljast með þegar þær eru farnar að nærast sjálfar.

6. Fóstur og fósturvísar af spendýrategundum teljast ekki með; aðeins dýr sem fæðast, þ.m.t. með keisaraskurði, og lifa af skulu teljast með.

7. Þegar farið er fram yfir flokkunina „alvarlegar“, hvort sem fyrir því var leyfi eða ekki, skal greina á venjulegan hátt frá þessum dýrum og notkun þeirra, eins og hverri annarri notkun, og samkvæmt flokknum „alvarlegar“. Í hlutanum fyrir lýsingar aðildarríkisins skal setja athugasemdir sem taka til tegundanna, fjöldans, hvort fyrri undanþága var leyfð, upplýsinganna um notkunina og ástæðunnar fyrir því af hverju farið var fram yfir flokkunina „alvarlegar“.

8. Greina skal frá gögnunum fyrir það ár sem tilrauninni lýkur. Ef um er að ræða rannsóknir sem ná yfir tvö almanaksár er heimilt að gera grein fyrir öllum dýrunum á árinu sem síðustu tilrauninni lýkur *ef lögbært yfirvald hefur veitt leyfi fyrir undanþágunni frá árlegri skýrslugjöf*. Ef tilraunir vara lengur en í tvö almanaksár skal greina frá dýrunum það ár sem þau eru aflífuð eða drepast.

9. Ef flokkurinn „annað“ er notaður er skyldubundið að veita nánari upplýsingar í hlutanum fyrir lýsingar.

A. **ERFÐABREYTT DÝR**

1. Að því er varðar skýrslugjöf um tölfræði skal „erfðabreytt dýr“ ná yfir erfðabreytt dýr (genskeytt, gensvipt og með annars konar erfðafræðilegar breytingar) og dýr með náttúruleg eða framkölluð stökkbrigði.

2. Greint er frá erfðabreyttum dýrum þegar

a) þau eru notuð til að búa til nýja línu,

b) þau eru notuð til að viðhalda viðurkenndri línu með tilætluðu *og* sýnilegu skaðvænlegu svipfari eða

c) þau eru notuð í öðrum (vísindalegum) tilraunum (þ.e. ekki búin til eða til að viðhalda línu).

3. Greina skal frá öllum dýrum *sem bera í sér erfðafræðilegu breytinguna* á meðan verið er að búa til nýja línu. Að auki skal einnig greina frá þeim dýrum sem notuð eru til að losa aukinn fjölda eggja (e. *superovulation*), til sáðrásarúrnáms eða hreiðrunar fósturvísis (hvort sem þau eru sjálf erfðabreytt eða ekki). Ekki skal greina frá erfðafræðilega eðlilegum dýrum (afkvæmi af villigerð) sem eru afrakstur þess að ný erfðabreytt lína var búinn til.

4. Í flokknum „Tilgangur“ skal greina frá dýrunum sem notuð eru til að *búa til* nýja erfðabreytta línu undir „grunnrannsóknir“ eða „yfirfærðar og hagnýtar rannsóknir“ í *þeim tiltekna flokki sem línan er búin til fyrir*.

5. **Nýr stofn eða lína erfðabreyttra dýra telst „viðurkennd“** þegar yfirfærsla erfðafræðilegu breytinganna er orðin stöðug, sem er að lágmarki tvær kynslóðir, og þegar mati á velferð er lokið.

6. Með matinu á velferð er ákvarðað hvort vænta megi að ný lína sem hefur verið búin til hafi *tilætlað skaðvænlegt svipfar* og ef svo er skal greina frá dýrunum frá þeim tímapunkti undir flokknum „Viðhald sambúa viðurkenndra erfðabreyttra dýra sem eru ekki notuð í aðrar tilraunir“, eða undir öðrum tilraunum sem þau eru notuð í, ef við á. Ef niðurstaðan í matinu á velferð er sú að *ekki* megi vænta þess að línan fái skaðvænlegt svipfar fellur *ræktun* hennar utan gildissviðs tilraunar og því ekki lengur þörf að greina frá því.

7. **„Viðhald sambúa viðurkenndra erfðabreyttra dýra sem eru ekki notuð í aðrar tilraunir“** nær yfir dýrin sem þarf til að *viðhalda* sambúum viðurkenndra erfðabreyttra dýra af línum *með tilætluðu skaðvænlegu svipfari* og *sem hafa sýnt* merki um sársauka, þjáningu, hræðslu eða varanlegan skaða vegna skaðvænlegu arfgerðarinnar. Ekki þarf að greina frá fyrirhuguðum tilgangi þess að viðhalda línunni.

8. Greina skal frá **öllum erfðabreyttum dýrum sem eru notuð í aðrar tilraunir** (ekki þegar erfðabreytt lína er búin til eða henni viðhaldið) samkvæmt viðkomandi tilgangi þeirra (á sama hátt og hjá dýrum sem eru ekki erfðabreytt). Þessi dýr geta sýnt skaðvænlegt svipfar eða ekki.

9. Greina skal frá erfðabreyttum dýrum sem sýna skaðvænlegt svipfar og eru aflífuð vegna líffæra þeirra og vefja samkvæmt viðkomandi megintilgangi með notkuninni á líffærunum/vefjunum.

B. **GAGNAFLOKKAR**

Hlutarnir hér fyrir neðan fylgja röð flokkanna og tilheyrandi fyrirsögnum í flæðiritinu.

1. **Dýrategund**

i. Greina skal frá öllum tegundum smokka undir fyrirsögninni „smokkar“ frá því stigi þegar dýrið er farið að nærast sjálft, þ.e. strax eftir klak fyrir kraka og tígulsmokk og um sjö dögum eftir klak fyrir blekfisk.

ii. Fiskur skal talinn frá því stigi þegar hann er farinn að nærast sjálfur. Sebrafiskur sem haldið er við kjörræktunarskilyrði (u.þ.b. + 28 °C) skal talinn 5 dögum eftir frjóvgun.

iii. Vegna smæðar sumra fisk- og smokkategunda er hægt að byggja talningu á grundvelli mats.

2. **Endurnotkun**

i. Greina skal frá hverri notkun á dýrinu í lok hverrar tilraunar.

ii. Í tölfræðilegu upplýsingunum kemur fram ***fjöldi þeirra dýra sem hafa ekki verið notuð áður*** (e. *naïve animals*) **og þá aðeins í tengslum við tegund þeirra og fæðingarstað**. Því er ekki greint frá „fæðingarstað“ dýra sem eru endurnotuð.

iii. Allir **síðari flokkar** munu sýna **hversu oft dýr eru notuð í tilraunum**. Því er ekki hægt að nota millivísun milli þessa fjölda og heildarfjölda dýranna sem hafa ekki verið notuð áður.

iv. Ekki er hægt að leiða fjölda dýra sem eru endurnotuð af gögnunum þar sem sum dýr geta verið endurnotuð oftar en einu sinni.

v. Greina skal frá raunþjáningum dýrsins meðan á tilrauninni stendur. Í sumum tilvikum getur fyrri notkun haft áhrif á þetta. Alvarleikinn eykst þó ekki alltaf við síðari notkun og minnkar jafnvel í sumum tilvikum (aðlögun). Því ætti að forðast að leggja sjálfvirkt saman alvarleikann úr fyrri notkun. Þetta skal alltaf meta í hverju tilviki fyrir sig.

Endurnotkun eða áframhaldandi notkun

„Tilraun“ þýðir notkun á einu dýri í stöku vísinda-/tilrauna-/menntunar-/þjálfunarskyni. Stök notkun nær frá þeim tíma þegar fyrsta aðferðin er notuð á dýrið þar til gagnasöfnun er lokið, athuganir hafa verið gerðar eða menntunartilgangi er náð. Þetta er yfirleitt stök tilraun, stök prófun eða þjálfun í aðferð.

Stök tilraun getur náð yfir mörg þrep (aðferðir) sem eru öll nauðsynleg til að ná einni niðurstöðu og þar sem þörf er á að nota sama dýrið.

Endanlegur notandi skal greina frá **allri tilrauninni** þ.m.t. öllum undirbúningi (óháð því hvar þetta á sér stað) og taka tillit til alvarleikans í tengslum við undirbúninginn.

Undirbúningur getur til dæmis verið með skurðaðgerðum (s.s. uppsetningu holnálar, ígræðslu vegna fjarmælingar, eggjastokkanáms, vönunar, dingulnáms o.s.frv.) og án skurðaðgerða (s.s. fóðrunar með breyttri fæðu, örvunar sykursýki o.s.frv.). Það sama gildir um ræktun á erfðabreyttum dýrum, þ.e. þegar dýrið er notað í þeirri tilraun sem það er ætlað fyrir skal endanlegi notandinn greina frá allri tilrauninni með tilliti til alvarleikans í tengslum við svipfarið. Sjá nánar í hlutanum um erfðabreytt dýr.

Ef dýr sem búið er að undirbúa er ekki notað í vísindaskyni af sérstökum ástæðum skal starfsstöðin sem undirbjó dýrið greina frá upplýsingunum um undirbúninginn sem sjálfstæðri tilraun í tölfræðilegu upplýsingunum, í samræmi við fyrirhugaðan tilgang, að því tilskildu að undirbúningur dýrsins hafi farið yfir viðmiðunarmörkin fyrir lágmarkssársauka, þjáningu, hræðslu og varanlegan skaða.

3. **Fæðingarstaður**

Dýr fædd í Evrópusambandinu hjá skráðum ræktanda
Dýr fædd í Evrópusambandinu en ekki hjá skráðum ræktanda
Dýr fædd annars staðar í Evrópu
Dýr fædd annars staðar í heiminum

i. Uppruni byggir á fæðingarstað, þ.e. „fædd í“ en ekki á staðnum þar sem dýrin eru afhent.

ii. „Dýr fædd í Evrópusambandinu hjá skráðum ræktanda“ nær yfir dýr sem eru fædd hjá ræktendum sem hafa starfsleyfi og eru skráðir skv. 20. gr. tilskipunar 2010/63/ESB.

iii. „Dýr fædd í Evrópusambandinu en ekki hjá skráðum ræktanda“ nær yfir dýr sem eru ekki fædd hjá skráðum ræktanda, s.s. villt dýr, húsdýr (nema ræktandinn hafi starfsleyfi og sé skráður) og dýr sem falla undir undanþágur sem veittar eru skv. 3. mgr. 10. gr. tilskipunar 2010/63/ESB.

iv. „Dýr fædd annars staðar í Evrópu“ og „dýr fædd annars staðar í heiminum“ nær yfir öll dýr, hvort sem þau eru ræktuð hjá skráðum ræktunarstöðvum eða öðrum starfsstöðvum og nær yfir dýr sem hafa verið fönguð úti í náttúrunni.

4. **Prímati sem ekki er af ættkvísl manna – uppruni**

Dýr fædd hjá skráðum ræktanda innan Evrópusambandsins
Dýr fædd annars staðar í Evrópu
Dýr fædd í Asíu
Dýr fædd í Ameríku
Dýr fædd í Afríku
Dýr fædd annars staðar

Í þessari skýrslugjöf merkir:

i. „Dýr fædd annars staðar í Evrópu“ nær yfir dýr sem eru fædd í Tyrklandi, Rússlandi og Ísrael.

ii. „Dýr fædd í Asíu“ nær yfir dýr sem eru fædd í Kína.

iii. „Dýr fædd í Ameríku“ nær yfir dýr sem eru fædd í Norður-, Mið- og Suður-Ameríku.

iv. „Dýr fædd í Afríku“ nær yfir dýr sem eru fædd á Máritíus.

v. „Dýr fædd annars“ staðar nær yfir dýr sem eru fædd í Ástralasíu.

Veita skal lögbæra yfirvaldinu upplýsingar um uppruna dýranna sem skráð eru undir „dýr fædd annars staðar“ við framlagningu gagnanna.

5. **Prímati sem ekki er af ættkvísl manna - kynslóð**

F0
F1
F2 eða síðari
Sjálfbært sambú

i. Svo fremi að sambúið sé ekki sjálfbært skal greina frá dýrum sem eru fædd í því sambúi undir F0, F1, F2 eða síðari samkvæmt kynslóð þeirra í móðurlínu.

ii. Þegar allt sambúið er orðið sjálfbært skal greina frá dýrum sem eru fædd í því sambúi undir „sjálfbært sambú“, óháð kynslóð þeirra í móðurlínu.

6. **Erfðafræðileg staða**

Ekki erfðabreytt
Erfðabreytt án skaðvænlegs svipfars
Erfðabreytt með skaðvænlegu svipfari

i. „Ekki erfðabreytt“ nær yfir öll dýr sem hefur ekki verið erfðabreytt, þ.m.t. erfðafræðilega eðlileg undaneldisdýr sem notuð eru til að búa til nýja erfðabreytta dýralínu/-stofn.

ii. „Erfðabreytt án skaðvænlegs svipfars“ nær yfir dýr sem notuð eru til að *búa til nýja línu*, sem bera í sér erfðafræðilegu breytinguna en sýna ekki skaðvænlegt svipfar og erfðabreytt dýr sem *notuð* eru í aðrar tilraunir (ekki búin til eða til viðhalds) en sýna ekki skaðvænlegt svipfar.

iii. Erfðabreytt með skaðvænlegu svipfari felur í sér:

a) dýr notuð til að **búa til nýja erfðabreytta línu** og sýna skaðvænlegt svipfar,

b) dýr notuð til að **viðhalda viðurkenndri línu** með tilætluðu skaðvænlegu svipfari og sýna skaðvænlegt svipfar og

c) erfðabreytt dýr sem eru **notuð** í aðrar tilraunir (ekki búin til eða til viðhalds) og sýna skaðvænlegt svipfar.

7. **Nýr erfðabreytt lína búin til**

Dýr notuð til að búa til nýja, erfðabreytta línu/stofn

„Dýr notuð til að búa til nýja erfðabreytta línu/stofn“ skilgreinir dýr sem eru *notuð til að búa til* nýja erfðabreytta línu/stofn sem aðskilur þau frá öðrum dýrum sem notuð eru í „grunnrannsóknir“ eða „yfirfærðar og hagnýtar rannsóknir“.

8. **Alvarleiki**

i. **Banvænar** – Dýr sem hafa gengist undir tilraun sem er að öllu leyti gerð með svæfingu sem dýrið nær ekki meðvitund eftir, skulu flokkuð undir „banvænar“.

ii. **Vægar (allt að og að meðtöldu)** - Greina skal frá dýrum í „vægar“ ef þau hafa gengist undir tilraun sem líklegt er að valdi þeim allt að, og að meðtöldu, vægum sársauka, þjáningu eða hræðslu í stuttan tíma, og einnig ef ekki hefur verið marktæk skerðing á vellíðan eða almennu ástandi dýranna. Ath. Þetta skal einnig ná yfir öll dýr sem notuð eru í leyfðum verkefnum en sem ekki hafa sýnt merki um sársauka, þjáningu, hræðslu eða varanlegan skaða sem jafngildir þeim er skapast af nálarstungu í samræmi við góðar starfsvenjur í dýralækningum, að undanskildum dýrum sem þarf til að *viðhalda* sambúum erfðabreyttra dýra af viðurkenndum línum með *tilætluðu skaðvænlegu svipfari* og *hafa ekki sýnt merki um* sársauka, þjáningu, hræðslu eða varanlegan skaða vegna skaðvænlegu arfgerðarinnar.

iii. **Í meðallagi -** Greina skal frá dýrum í „í meðallagi“ ef þau hafa gengist undir tilraunir sem valda þeim sársauka, þjáningu eða hræðslu í meðallagi og í stuttan tíma, eða langvarandi vægum sársauka, þjáningu eða hræðslu, sem og tilraunir sem höfðu í för með sér skerðingu í meðallagi á vellíðan eða almennu ástandi dýranna.

iv. **Alvarlegar -** Greina skal frá dýrum í „alvarlegar“ sem hafa gengist undir tilraunir sem valda þeim alvarlegum sársauka, þjáningu eða hræðslu eða sársauka, þjáningu eða hræðslu sem er í meðallagi og langvarandi, sem og tilraunir sem hafa í för með sér mikla skerðingu á vellíðan eða almennu ástandi dýranna.

v. Ef farið er fram yfir flokkunina „alvarlegar“, hvort sem fyrir því var leyfi eða ekki, skal greina frá þessum dýrum og notkun þeirra almennt í „alvarlegar“. Í hlutanum fyrir lýsingar aðildarríkisins skal setja athugasemdir sem taka til tegundanna, fjöldans, hvort fyrri undanþága var leyfð, upplýsinganna um notkunina og ástæðunnar fyrir því af hverju farið var fram yfir flokkunina „alvarlegar“.

9. **Tilgangur**

Grunnrannsóknir
Yfirfærðar og hagnýtar rannsóknir
Reglufest notkun og venjubundin framleiðsla
Verndun náttúrulegs umhverfis til hagsmuna fyrir heilbrigði eða velferð manna eða dýra
Varðveisla tegunda
Æðri menntun eða þjálfun vegna öflunar, viðhalds eða umbóta á starfsfærni
Réttarlæknisfræðilegar rannsóknir
Viðhald sambúa viðurkenndra erfðabreyttra dýra sem eru ekki notuð í aðrar tilraunir

i. Grunnrannsóknir

Grunnrannsóknir fela í sér grundvallarrannsóknir, þ.m.t. í lífeðlisfræði. Rannsóknir sem eru hannaðar til að afla þekkingar á eðlilegri og afbrigðilegri byggingu, virkni og atferli lífvera og umhverfis, þar með taldar grundvallarrannsóknir í eiturefnafræði. Rannsókn og greining þar sem lögð er áhersla á betri skilning á viðfangsefni, fyrirbæri eða grundvallarlögmálum náttúrunnar í stað tiltekinnar hagnýtrar notkunar á niðurstöðunum.

Greina skal frá dýrunum sem notuð eru til að búa til nýja erfðabreytta línu dýra (þ.m.t. með blöndun tveggja lína), *sem ætluð er til notkunar í* ***grunnrannsókn*** (t.d. þroskunarlíffræði, ónæmisfræði), *samkvæmt* þeim tilgangi sem hún er búin til fyrir. Að auki ætti að greina frá þeim í „ný erfðabreytt lína búin til – dýr notuð til að búa til nýja erfðabreytta línu/stofn“.

Greina skal frá öllum dýrum sem bera í sér erfðafræðilegu breytinguna þegar verið er að búa til nýja línu. Hér skal einnig greina frá dýrum sem notuð eru til að búa hana til, t.d. látin losa aukinn fjölda eggja, til sáðrásarúrnáms eða hreiðrunar fósturvísis. Ekki skal greina frá afkvæmum sem eru ekki erfðabreytt (villigerð).

Nýr stofn eða lína erfðabreyttra dýra telst „viðurkennd“ þegar yfirfærsla erfðafræðilegu breytinganna er orðin stöðug, sem er að lágmarki tvær kynslóðir, og þegar mati á velferð er lokið.

ii. Yfirfærðar og hagnýtar rannsóknir

Yfirfærðar og hagnýtar rannsóknir ná yfir dýr sem notuð eru í þeim tilgangi sem lýst er í b- og c-lið 5. gr. að undanskilinni allri reglufestri notkun á dýrum.

Þetta nær einnig yfir rannsóknir í eiturefnafræðum (e. *discovery toxicology*) og rannsóknir til undirbúnings reglufestri framlagningu og vegna aðferðaþróunar. Þetta nær ekki yfir rannsóknir sem krafist er í tengslum við reglufesta framlagningu.

Greina skal frá dýrunum sem notuð eru til að *búa til* nýja erfðabreytta línu (þ.m.t. blöndun tveggja lína), *sem ætluð er til notkunar í* ***yfirfærðum og hagnýtum rannsóknum*** (t.d. krabbameinsrannsóknum, þróun bóluefna), *samkvæmt þeim tilgangi* sem hún er búin til fyrir. Að auki ætti að greina frá þeim í „ný erfðabreytt lína búin til – dýr notuð til að búa til nýja erfðabreytta línu/stofn“.

Greina skal frá öllum dýrum sem bera í sér erfðafræðilegu breytinguna þegar verið er að búa til nýja línu. Hér skal einnig greina frá dýrum sem notuð eru til að búa hana til, t.d. látin losa aukinn fjölda eggja, til sáðrásarúrnáms eða hreiðrunar fósturvísis. Ekki skal greina frá afkvæmum sem eru ekki erfðabreytt (villigerð).

Nýr stofn eða lína erfðabreyttra dýra telst „viðurkennd“ þegar yfirfærsla erfðafræðilegu breytinganna er orðin stöðug, sem er að lágmarki tvær kynslóðir, og þegar mati á velferð er lokið.

iii. Reglufest notkun og venjubundin framleiðsla eftir tegund

Notkun á dýrum í tilraunum sem gerðar eru með það fyrir augum að uppfylla lagaskilyrði varðandi framleiðslu vara/efna, setningu þeirra á markað og viðhald þeirra þar, þ.m.t. öryggis- og áhættumat fyrir matvæli og fóður. Þetta nær yfir prófanir sem gerðar eru á vörum/efnum, sem á endanum hafa ekki verið lögð fram með reglufestum hætti, ef þessar prófanir hefðu verið hafðar með í reglubundnu framlagningunni ef reglubundin framlagning hefði átt sér stað (þ.e. prófanir á þessum vörum/efnum sem ná ekki til loka þróunarferlisins).

Þetta nær einnig yfir dýr sem notuð eru í framleiðsluferli vara ef það framleiðsluferli krefst stjórnsýslusamþykkis (t.d. ættu dýr sem notuð eru við framleiðslu á lyfjum, sem eru að stofni til úr sermi, að falla undir þennan flokk).

Prófunin á verkun, á meðan þróun nýrra lyfja stendur, fellur ekki hér undir og ætti að greina frá henni undir flokknum „yfirfærðar og hagnýtar rannsóknir“.

iv. Verndun náttúrulegs umhverfis til hagsmuna fyrir heilbrigði eða velferð manna eða dýra

Þetta nær yfir rannsóknir sem miða að rannsókn og skilningi á fyrirbærum, s.s. umhverfismengun og tapi líffræðilegrar fjölbreytni, auk faraldsfræðilegra rannsókna á villtum dýrum.

Þetta nær ekki yfir reglufesta notkun á dýrum í visteiturefnafræðilegum tilgangi.

v. Æðri menntun eða þjálfun vegna öflunar, viðhalds eða umbóta á starfsfærni

Þetta nær yfir þjálfun til að afla og viðhalda hagnýtri tæknilegri getu eins og krafist er skv. 2. mgr. 23. gr.

vi. Viðhald sambúa viðurkenndra erfðabreyttra dýra sem eru ekki notuð í aðrar tilraunir

Þetta felur í sér fjölda þeirra dýra sem þarf til að *viðhalda* sambúum erfðabreyttra dýra af viðurkenndum línum *með tilætluðu skaðvænlegu svipfari* og sem hafa sýnt merki um sársauka, þjáningu, hræðslu eða varanlegan skaða vegna skaðvænlegu arfgerðarinnar. Ekki þarf að greina frá fyrirhuguðum tilgangi þess að rækta línuna.

Þetta útilokar öll dýr sem þarf til að *búa til* nýja erfðabreytta línu og dýr sem eru notuð í *aðrar tilraunir* (aðrar en þeim sem tengjast því að búa til/rækta).

10. **Grunnrannsóknir**

Æxlafræði
Hjarta- og æðakerfi, blóð- og vessakerfi
Taugakerfi
Öndunarfæri
Meltingarkerfi, þ.m.t. lifur
Vöðva- og beinakerfi
Ónæmiskerfi
Þvag- og æxlunarfæri
Skynfæri (húð, augu og eyru)
Innkirtlakerfi/efnaskipti
Fjölkerfa
Atferlisfræði/atferli dýra/dýralíffræði
Annað

i. Æxlafræði

Hér skal greina frá öllum rannsóknum varðandi æxlafræði, óháð markkerfi.

ii. Taugakerfi

Þessi flokkur nær yfir taugavísindi, rannsóknir á mið- eða úttaugakerfi, sálfræði.

iii. Skynfæri (húð, augu og eyru)

Greina skal frá rannsóknum á nefi undir „öndunarfæri“ og þeim sem gerðar eru á tungu undir „meltingarkerfi, þ.m.t. lifur“.

iv. Fjölkerfa

Þetta ætti aðeins að ná yfir rannsóknir þar sem áhuginn beinist aðallega að fleiri en einu kerfi, t.d. rannsókn á tilteknum smitsjúkdómum, og nær ekki yfir æxlafræði.

v. Atferlisfræði/atferli dýra/dýralíffræði nær bæði yfir rannsóknir á dýrum úti í náttúrunni og í haldi með það að meginmarkmiði að fræðast meira um þessar tilteknu tegundir.

vi. Annað

Rannsóknir sem tengjast ekki líffæri/kerfi sem talið er upp hér á undan eða eru ekki líffæris-/kerfissértækar.

vii. Athugasemdir

Greina skal frá dýrum sem eru notuð vegna framleiðslu og viðhalds á sýklum, genaferjum og æxlum, dýrum sem eru notuð vegna annars líffræðilegs efnis og dýrum sem eru notuð vegna framleiðslu á fjölstofnamótefni í yfirfærðum og hagnýtum rannsóknum, en að undanskilinni framleiðslu einstofna mótefna í kviðarholsvökva (sem fellur undir flokkinn „reglufest notkun og venjubundin framleiðsla eftir tegund“), í viðeigandi reiti í flokkunum „grunnrannsóknir“ eða „yfirfærðar eða hagnýtar rannsóknir“. Tilgangur rannsóknanna þarf að vera vandlega ákvarðaður því allar færslur undir þessum tveimur flokkum gætu átt við og eingöngu skal greina frá megintilganginum.

11. **Yfirfærðar og hagnýtar rannsóknir**

Krabbamein í mönnum
Smitandi kvillar í mönnum
Hjarta- og æðakvillar í mönnum
Tauga- og geðraskanir í mönnum
Öndunarfærakvillar í mönnum

Kvillar í meltingarkerfi, þ.m.t. lifur, í mönnum
Kvillar í vöðva- og beinakerfi í mönnum
Raskanir í ónæmiskerfi í mönnum
Þvag- og kynfæra-/æxlunartruflanir í mönnum
Kvillar í skynfærum manna (húð, augu og eyru)
Kvillar í innkirtlakerfi/efnaskiptum í mönnum
Aðrir kvillar í mönnum
Sjúkdómar og kvillar í dýrum
Velferð dýra
Greining sjúkdóma
Plöntusjúkdómar
Eiturefnafræði og visteiturefnafræði sem er ekki reglufest

i. Greina skal frá hagnýtum rannsóknum á krabbameini í mönnum og smitandi kvillum í mönnum óháð markkerfinu.

ii. Ekki skal greina frá reglufestri notkun á dýrum, t.d. reglufestum rannsóknum á krabbameinsvaldandi áhrifum.

iii. Greina skal frá rannsóknum á kvillum í nefi undir „öndunarfærakvillar í mönnum“ og á þeim sem tilheyra tungunni undir „kvillar í meltingarkerfi, þ.m.t. lifur, í mönnum“.

iv. Greining sjúkdóma nær yfir dýr sem notuð eru í beinni greiningu sjúkdóma, s.s. hundaæði og bótulisma, en ekki þau sem falla undir reglufesta notkun.

v. Eiturefnafræði sem er ekki reglufest nær einnig yfir rannsóknir í eiturefnafræðum og rannsóknir til að undirbúa reglufesta framlagningu og aðferðaþróun. Þessi flokkur nær ekki yfir rannsóknir sem krafist er í tengslum við reglufesta framlagningu (forrannsóknir, hámarksþolsskammtur (MTD)).

vi. Velferð dýra skal ná yfir rannsóknir skv. iii.- lið b-liðar 5. gr. í tilskipun 2010/63/ESB.

vii. Athugasemdir

Greina skal frá dýrum sem eru notuð vegna framleiðslu og viðhalds á sýklum, genaferjum og æxlum, dýrum sem eru notuð vegna annars líffræðilegs efnis og dýrum sem eru notuð vegna framleiðslu á fjölstofnamótefni í yfirfærðum og hagnýtum rannsóknum, en að undanskilinni framleiðslu einstofna mótefna í kviðarholsvökva (sem fellur undir flokkinn „reglufest notkun og venjubundin framleiðsla eftir tegund“), í viðeigandi reiti í flokkunum „grunnrannsóknir“ eða „yfirfærðar eða hagnýtar rannsóknir“. Tilgangur rannsóknanna þarf að vera vandlega ákvarðaður því allar færslur undir þessum tveimur flokkum gætu átt við og eingöngu skal greina frá megintilganginum.

12. **Reglufest notkun og venjubundin framleiðsla**

i. Notkun á dýrum í tilraunum sem gerðar eru með það fyrir augum að uppfylla lagaskilyrði varðandi framleiðslu vara/efna, setningu þeirra á markað og viðhald þeirra þar, þ.m.t. öryggis- og áhættumat fyrir matvæli og fóður.

ii. Þetta nær yfir prófanir sem gerðar eru á vörum/efnum, sem hafa ekki verið lögð fram með reglufestum hætti (þ.e. prófanir á þessum vörum/efnum, sem gert var ráð fyrir reglufestri framlagningu á, sem þróunaraðilinn telur á endanum óhentug fyrir markaðinn og ná því ekki til loka þróunarferlisins).

iii. Þessi flokkur nær einnig yfir dýr sem notuð eru í framleiðsluferli vöru ef það framleiðsluferli krefst stjórnsýslusamþykkis (t.d. ættu dýr sem notuð eru við framleiðslu á lyfjum, sem eru að stofni til úr sermi, að falla undir þennan flokk).

13. **Reglufest notkun og venjubundin framleiðsla eftir tegund**

Gæðaeftirlit (þ.m.t. öryggis- og styrkleikaprófun á lotum)
Önnur prófun á verkun og vikmörkum
Eiturhrifaprófanir og aðrar öryggisprófanir, þ.m.t. í líflyfjafræði
Venjubundin framleiðsla

i. Prófun á verkun á meðan þróun nýrra lyfja stendur fellur ekki hér undir og ætti að greina frá henni undir flokknum „yfirfærðar og hagnýtar rannsóknir“.

ii. Gæðaeftirlit nær yfir dýr sem eru notuð til að prófa hreinleika, stöðugleika, verkun, styrk og aðra mæliþætti vegna gæðaeftirlits fyrir lokaafurðina og innihaldsefni hennar, og annað eftirlit vegna skráningar sem fram fer meðan á framleiðsluferlinu stendur, til að uppfylla aðrar landsbundnar eða alþjóðlegar kröfur eða til samræmis við þá stefnu sem gildir hjá framleiðandanum. Þetta nær yfir prófun á sótthitavöldum.

iii. Önnur prófun á verkun og vikmörkum. Prófun á verkun sæfiefna og varnarefna fellur undir þennan flokk ásamt prófun á vikmörkum aukefna í fóðri.

iv. Venjubundin framleiðsla nær yfir framleiðslu einstofna mótefna (í kviðarholsvökva) og blóðafurðir, þ.m.t. fjölstofna mótsermi, með viðurkenndum aðferðum. Þetta nær ekki yfir ónæmisaðgerðir á dýrum vegna framleiðslu frumublendinga sem skal skrá undir grunnrannsóknir eða hagnýtar rannsóknir undir viðeigandi flokki.

v. Eiturhrifaprófanir og aðrar öryggisprófanir (þ.m.t. öryggismat á vörum og búnaði til lækninga og tannlækninga fyrir menn og til dýralækninga) ná yfir rannsóknir sem gerðar eru á vörum eða efnum til að ákvarða möguleikann á hættulegum eða óæskilegum áhrifum af þeim á menn eða dýr vegna notkunar, tilætlaðrar eða óeðlilegrar, framleiðslu eða sem mögulegra eða raunverulegra aðskotaefna í umhverfinu.

14. **Gæðaeftirlit (þ.m.t. öryggis- og styrkleikaprófun á lotum)**

Öryggisprófun á lotu
Prófun á sótthitavöldum
Styrkleikaprófun á lotu
Annað gæðaeftirlit
Öryggisprófun á lotu nær ekki yfir prófun á sótthitavöldum. Greint er frá þeim undir sérstökum flokki, „prófun á sótthitavöldum“.

15. **Eiturhrifaprófanir og aðrar öryggisprófanir sem krafist er samkvæmt löggjöf**

Löggjöf um mannalyf
Löggjöf um dýralyf og efnaleifar þeirra
Löggjöf um lækningatæki
Löggjöf um íðefni til iðnaðarnota
Löggjöf um plöntuverndarvörur
Löggjöf um sæfiefni
Löggjöf um matvæli, þ.m.t. efnivið sem kemst í snertingu við matvæli
Löggjöf um fóður, þ.m.t. löggjöf um öryggi fyrir markdýr, starfsmenn og umhverfi
Löggjöf um snyrtivörur
Annað

i. Skrá skal lagalegu kröfurnar í samræmi við *fyrirhugaða megin*notkun.

ii. Vatnsgæði; ef þau varða t.d. kranavatn skal greina frá þeim samkvæmt löggjöf um matvæli.

16. **Lagalegar kröfur**

Löggjöf sem uppfyllir kröfur ESB
Löggjöf sem uppfyllir eingöngu landsbundnar kröfur (innan ESB)
Löggjöf sem uppfyllir eingöngu kröfur utan ESB

i. Í þessum flokki er hægt að skilgreina umfang samræmingarinnar milli mismunandi lagalegra krafna. Ákvörðunarþátturinn er ekki *hver* óskar eftir að prófunin verði framkvæmd, heldur að hvaða löggjöf er farið, og mesta umfang samræmingar hefur forgang.

ii. Þegar landslöggjöf leiðir af löggjöf ESB skal eingöngu velja „löggjöf sem uppfyllir kröfur ESB“.

iii. „Löggjöf sem uppfyllir kröfur ESB“ nær einnig yfir allar alþjóðlegar kröfur sem á sama tíma uppfylla kröfur ESB (s.s. prófanir í samræmi við viðmiðunarreglur alþjóðaráðstefnunnar um samhæfingu tæknilegra krafna varðandi skráningu mannalyfja (ICH), alþjóðasamvinnunnar um samhæfingu tæknilegra krafna varðandi skráningu dýralyfja (VICH) og Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) ásamt gæðalýsingu efna í Evrópsku lyfjaskránni).

iv. „Löggjöf sem uppfyllir eingöngu landsbundnar kröfur (innan ESB)“ skal aðeins velja þegar prófunin er framkvæmd til að uppfylla kröfur eins eða fleiri aðildarríkja en það þarf ekki endilega að vera það aðildarríki þar sem starfið fer fram. Jafngildar kröfur er þó ekki að finna í ESB.

v. „Löggjöf sem uppfyllir eingöngu kröfur utan ESB“ skal velja ef engar jafngildar kröfur er að finna um að framkvæma prófunina til að uppfylla kröfur ESB.

17. **Eiturhrifaprófanir og aðrar öryggisprófanir eftir tegund prófunar**

Aðferðir við prófun á bráðum eiturhrifum (af stökum skammti) (þ.m.t. markprófun)
Húðerting/húðæting
Húðnæming
Augnerting/augnæting
Eiturhrif við endurtekna skammta
Krabbameinsvaldandi áhrif
Erfðaeiturhrif
Eiturhrif á æxlun
Eituráhrif á þroskun
Taugaeiturhrif
Hvarfafræði (lyfjahvarfafræði, eiturhvarfafræði, brotthvarf leifa)
Lyfhrif (þ.m.t. öryggislíflyfjafræði)
Ljóseiturhrif
Visteiturhrif
Öryggisprófanir á svæðum fyrir matvæli og fóður
Öryggi markdýra
Annað

i. Rannsóknir á ónæmiseiturhrifum skulu falla undir „eiturhrif við endurtekna skammta“.

ii. Hvarfafræði (lyfjahvarfafræði, eiturefnahvarfafræði, brotthvarf leifa): ef eiturefnahvörf eru hluti af reglufestri rannsókn á eiturhrifum við endurtekna skammta skal greina frá þeim undir „eiturhrif við endurtekna skammta“.

iii. „Öryggisprófanir á svæðum fyrir matvæli og fóður“ ná yfir prófanir á drykkjarvatni (þ.m.t. öryggisprófun á markdýri).

iv. „Öryggi markdýra“ er prófun til að tryggja að hægt sé að nota vöru fyrir tiltekið dýr með öruggum hætti á þær tegundir (að undanskilinni öryggisprófun á lotu sem fellur undir gæðaeftirlit).

18. **Aðferðir við prófun á bráðum og meðalbráðum eiturhrifum**

LD50, LC50
Aðrar banvænar aðferðir
Aðferðir sem eru ekki banvænar

19. **Eiturhrif við endurtekna skammta**

Allt að 28 dagar
29–90 dagar
> 90 dagar

20. **Notkun á dýrum í reglubundna framleiðslu eftir vörutegund**

Vörur sem eru að stofni til úr blóði
Einstofna mótefni
Annað

21. **Visteiturhrif**

Bráð eiturhrif
Langvinn eiturhrif
Eiturhrif á æxlun
Starfsemi innkirtla
Uppsöfnun í lífverum
Annað

C. **LÝSING AÐILDARRÍKIS**

1. Almennar upplýsingar um allar breytingar á leitni sem er merkjanleg frá fyrra skýrslutímabili.

2. Upplýsingar um umtalsverða aukningu eða minnkun í notkun á dýrum á einu af tilteknu sviðunum og greining á ástæðunum fyrir því.

3. Upplýsingar um allar breytingar á leitni varðandi stig alvarleika í raun og greiningar á ástæðunum fyrir því.

4. Sérstök viðleitni til að stuðla að meginreglunum um staðgöngu, fækkun og mildun og hugsanleg áhrif hennar á tölfræðilegar upplýsingar.

5. Nánari sundurliðun varðandi notkun á flokkunum „annað“ ef greint er frá umtalsverðum hluta notkunar á dýrum undir þessum flokki.

6. Nákvæmar upplýsingar um tilvik þar sem farið er fram yfir flokkunina „alvarlegar“, hvort sem fyrir því var leyfi eða ekki, sem taka til tegundanna, fjöldans, hvort fyrri undanþága var heimiluð, upplýsinganna um notkunina og ástæðnanna fyrir því af hverju farið var fram yfir flokkunina „alvarlegar“.

III. VIÐAUKI

SKÝRSLUSNIÐ FYRIR FRAMLAGNINGU UPPLÝSINGANNA UM UNDANÞÁGURNAR SEM VEITTAR HAFA VERIÐ SAMKVÆMT a-LIÐ 4. MGR. 6. GR. TILSKIPUNAR 2010/63/ESB SEM UM GETUR Í 3. MGR. 54. GR. ÞEIRRAR TILSKIPUNAR

Aðferð	Tegund	Rökstuðningur

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2015/EES/55/44

frá 28. mars 2014

um breytingu á ákvörðun 98/536/EB að því er varðar skrána yfir landsbundnar tilvísunarrannsóknarstofur

(tilkynnt með númeri C(2014) 1920)

(2014/745/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 96/23/EB frá 29. apríl 1996 um ráðstafanir til eftirlits með tilteknum efnum og leifum þeirra í lifandi dýrum og dýraafurðum og um niðurfellingu á tilskipunum 85/358/EBE og 86/469/EBE og ákvörðunum 89/187/EBE og 91/664/EBE ([1]), einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 14. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 96/23/EB er mælt fyrir um ráðstafanir til að vakta þau efni og flokka efnaleifa sem eru á skrá í I. viðauka.

2) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. tilskipunar 96/23/EB þarf hvert aðildarríki að tilnefna a.m.k. eina landsbundna tilvísunarrannsóknarstofu sem ber ábyrgð á tilteknum verkefnum sem mælt er fyrir um í þeirri tilskipun. Í sömu grein er einnig kveðið á um að framkvæmdastjórnin taki saman skrá yfir slíkar tilnefndar rannsóknarstofur.

3) Skráin yfir landsbundnar tilvísunarrannsóknarstofur fyrir greiningu efnaleifa er sem stendur sett fram í viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/536/EB ([2]).

4) Tiltekin aðildarríki hafa tilnefnt landsbundnar tilvísunarrannsóknarstofur til viðbótar eða sett aðrar rannsóknarstofur í stað tilnefndu rannsóknarstofanna. Þar að auki hafa tengiliðaupplýsingar breyst, sem og þeir flokkar efnaleifa sem eru í vöktun hjá tilteknum rannsóknarstofum sem nú eru á skrá í viðauka við ákvörðun 98/536/EB. Til að tryggja samræmi og gagnsæi í löggjöf Sambandsins er því viðeigandi að uppfæra skrána yfir landsbundnar tilvísunarrannsóknarstofur sem sett er fram í viðaukanum við þá ákvörðun.

5) Því ætti að breyta ákvörðun 98/536/EB til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við ákvörðun 98/536/EB komi textinn í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 28. mars 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Tonio BORG

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 308, 29.10.2014, bls. 104. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 125, 23.5.1996, bls. 10.

([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/536/EB frá 3. september 1998 um skrá um innlendar tilvísunarrannsóknarstofur fyrir greiningu efnaleifa (Stjtíð. EB L 251, 11.9.1998, bls. 39).

VIÐAUKI

„VIÐAUKI

LANDSBUNDNAR TILVÍSUNARRANNSÓKNARSTOFUR

Aðildarríki	Tilvísunarrannsóknarstofur	Flokkar efnaleifa
Belgía	Association momentanée ILVO-CER ILVO (Eenheid Technologie en Voeding) — CER Groupe (Département Santé) ILVO (Eenheid Technologie en Voeding) Brusselsesteenweg 370 9090 MELLE CER (Département Santé) Rue du Point du Jour 8 6900 MARLOIE	A1, A2, A3, A4, A5, A6, B1, B2a, B2b, B2d, B2e, B2f og B3e
	Wetenschappelijk Instituut Volksgezondheid/Institut scientifique de la Santé Publique Rue J. Wytsman/J. Wytsmanstraat 14 1050 Brussel/Bruxelles	B2c, B3a (lífræn klórvarnarefni), B3b
	Centre of Analytical Research and Technology (CART), Université de Liège Allee de la Chimie 3, B6C (Sart-Tilman) 4000 Liège	B3a (NDL-PCB)
	Centre of Analytical Research and Technology (CART), Université de Liège Allee de la Chimie 3, B6C (Sart-Tilman) 4000 Liège Federaal Laboratorium voor de Veiligheid van de Voedselketen — FLVVT/ Laboratoire fédérale pour la Sécurité de la Chaîne alimentaire — FLVVT Leuvensesteenweg 17 3080 Tervuren	B3a (díoxín og DL-PCB-efni)
	Centrum voor Onderzoek in Diergeneeskunde en Agrochemie (CODA)/Centre d'Étude et de Recherches Vétérinaires et Agrochimiques (CERVA) Leuvensesteenweg 17 3080 Tervuren	B3c, B3d
Búlgaría	Централна лаборатория по ветеринарно-санитарна експертиза и екология ул. 'Искърско шосе' 5 1528 София Central Laboratory of Veterinary Control and Ecology, 5 Iskarsko shousse Str., 1528 Sofia)	A1, A2, A3, A4, A5, A6, B1, B2a, B2b, B2c, B2d, B2e, B3a, B3b, B3c, B3d, B3e, B3f

Aðildarríki	Tilvísunarrannsóknarstofur	Flokkar efnaleifa
Tékkland	Národní referenční laboratoř pro sledování reziduí veterinárních léčiv Ústav pro státní kontrolu veterinárních biopreparátů a léčiv Brno Hudcova 56 A CZ-621 00 Brno	A1, A2, A3, A4, A5, A6, B2d
	Národní referenční laboratoř pro rezidua pesticidů a PCB Státní veterinární ústav Praha Sídlištní 136/24 CZ-165 03 Praha	B3a, B3b
	Národní referenční laboratoř pro chemické prvky Státní veterinární ústav Olomouc, laboratoř Kroměříž Hulínská 2286 CZ-767 60 Kroměříž	B3c
	Národní referenční laboratoř pro mykotoxiny a další přírodní toxiny, barviva, antibakteriální (inhibiční) látky a rezidua veterinárních léčiv Státní veterinární ústav Jihlava Rantířovská 93 CZ-586 05 Jihlava	B1, B2 (nema B2d), B3d, B3e
Danmörk	National Food Institute DTU Food Mørkhøj Bygade 19 DK-2860 Søborg	Efnafræðilegar aðferðir fyrir flokkana A1, A2, A3, A4, A5, A6
	Danish Veterinary and Food Administration Division of Residues Søndervang 4 DK-4100 Ringsted	Efnafræðilegar aðferðir fyrir flokkana B1, B2a, B2b, B2c, B2d, B2e, B2f
	National Food Institute DTU Food Mørkhøj Bygade 19 DK-2860 Søborg	B3
Þýskaland	Bundesamt für Verbraucherschutz und Lebensmittelsicherheit Postfach 110260 10832 Berlin	Allir flokkar
Eistland	Veterinaar- ja Toidulaboratoorium Kreutzwaldi 30 Tartu 51006	A1, A2, A3, A4, A5, A6, B1, B2a, B2b, B2d, B2e, B2f, B3c, B3e

Aðildarríki	Tilvísunarrannsóknarstofur	Flokkar efnaleifa
	Terviseameti Tartu labor Põllu 1A Tartu 50303	B2c, B3a, B3b
	Põllumajandusuuringute Keskus Teaduse 4/6 Saku Harjumaa 75501	B3d
Írland	State Laboratory Young's Cross Celbridge Co Kildare	A1, A3, A4, A6 (nítrómídasól og klórprómasín), B2b (eingöngu nítrómídasól), B2d,B2e, B2f (barksterar), B3d
	Veterinary Public Health Regulatory Laboratory Young's Cross Celbridge Co Kildare	A2, A5, A6 (að undanskildum klórprómasíni, nítrófúrönum og nítrómídasólum), B1, B2f (eingöngu karbadox) B3c
	Teagasc Food Research Centre, Teagasc Ashtown Dublin 15	A6 (nítrófúrön), B2a (ormalyf að undanskildu emamektíni), B2b (hnislalyf), B2c
	Marine Institute Rinville, Oranmore Galway	B2a (emamektín), B2f (teflúbensúrón og díflúbensúrón), B3e (MG og LMG)
	Pesticide Control Laboratory Young's Cross Celbridge Co Kildare	B3a (lífræn klórvarnarefni og 7 PCB-efni), B3b, B3f
Grikkland	Κτηνιατρικό Εργαστήριο Σερρών Τέρμα Ομονοίας 621 10 Σέρρες (Veterinary Diagnostic Laboratory Serres, Terma Omonias, 621 10 Serres)	A1, A3, A4, A6 (dapsón), B2f (karbadox, ólakvíndox), B3a
	Ινστιτούτο Υγιεινής Τροφίμων Αθηνών Νεαπόλεως 25 153 10, Αγ. Παρασκευή Αθήνα (Institute of Food Hygiene of Athens, Neapoleos 25, 153 10, Aghia Paraskevi, Athens, Greece)	A2, A5, A6 (klórprómasín, nítrómídasól), B1 (að undanskildu hunangi), B2a, B2b, B2d, B2e, B3b, B3c, B3e
	Κτηνιατρικό Εργαστήριο Τρίπολης Πέλαγος Αρκαδίας 22100 Τρίπολη (Veterinary Laboratory of Tripolis, Pelagos Arkadias, 22100 Tripolis, Greece)	A6 (klóramfenikól og nítrófúrön), B2c

Aðildarríki	Tilvísunarrannsóknarstofur	Flokkar efnaleifa
	Κτηνιατρικό Εργαστήριο Χανίων Μ. Μπότσαρη 66 73100 Χανιά (Veterinary Laboratory of Chania, M. Botsari 66, 73100 Chania, Greece)	B1 í hunangi
	Ινστιτούτο Βιοχημείας, Τοξικολογίας και Διατροφής των Ζώων Νεαπόλεως 25 153 10, Αγ. Παρασκευή Αθήνα (Institute of Biochemistry, Toxicology and Feed of Athens, Neapoleos 25, 153 10, Aghia Paraskevi, Athens, Greece)	B3d
Spánn	Centro Nacional de Alimentación (Agencia Española de Consumo, Seguridad Alimentaria y Nutrición) Carretera Pozuelo-Majadahonda, km. 5,1 28220 Majadahonda (Madrid)	A1, A3, A4, A5, A6 (klóramfenikól, nítrófúrön og dapsón), B1, B2f (barksterar, karbadox, ólakvíndox), B3a, B3b, B3d, B3e, B3f
	Laboratorio Central de Sanidad Animal (Ministerio de Agricultura, Alimentación y Medio Ambiente) Camino del Jau s/n 18320 Santa Fe (Granada)	A2, A6 (nítrómídasól), B2a, B2b, B2c, B2d, B2e, B2f (að undanskildum barksterum, karbadoxi og ólakvíndoxi), B3f
	Laboratorio Arbitral Agroalimentario (Ministerio de Agricultura, Alimentación y Medio Ambiente) Carretera de La Coruña, km 10,700 28023 Madrid	B3c, B3f
Frakkland	LABERCA — ONIRIS Atlanpôle — Site de la Chantrerie — BP 50707 44307 NANTES Cedex 3	A1, A2, A3, A4, A5, B2f (sykursterar), B3a (PCB-efni), B3f
	ANSES — Laboratoire de Fougères La Haute Marche — Javené BP 90203 35302 Fougères	A6, B1, B2a, B2b, B2d, B2e, B2f (að undanskildum sykursterum), B3e
	ANSES — Laboratoire de sécurité des aliments de Maisons-Alfort 23, avenue du Général de Gaulle 94706 Maisons-Alfort Cedex	B2c, B3a (að undanskildum PCB-efnum), B3b, B3c, B3d
Króatía	Hrvatski veterinarski institut, Savska cesta 143, 10000 Zagreb, Republika Hrvatska Croatian veterinary institute, Savska cesta 143, 10000 Zagreb, Croatia	Allir flokkar
Ítalía	Istituto Superiore di Sanità Dipartimento di Sanità Pubblica Veterinaria e Sicurezza Alimentare Viale Regina Elena, 299 00161 Roma	A1, A2, A3, A4, A5, A6, B1, B2, B3a (að undanskildum díoxínum og PCB-efnum), B3b, B3c, B3d, B3e, B2f

Aðildarríki	Tilvísunarrannsóknarstofur	Flokkar efnaleifa
	Istituto Zooprofilattico Sperimentale dell'Abruzzo e del Molise "G. Caporale" Via Campo Boario 64100 TERAMO	B3a (PCB-efni, díoxín og DL-PCB-efni)
Kýpur	Γενικό Χημείο του Κράτους Υπουργείο Υγείας Οδός Κίμωνος 44, 1451, Λευκωσία, Κύπρος (General State Laboratory, Ministry of Health, Kimonos Street 44, 1451 Nicosia)	Allir flokkar
Lettland	Pārtikas drošības, dzīvnieku veselības un vides zinātniskais institūts "BIOR" Lejupes iela 3 LV-1076 Rīga (Institute of Food Safety, Animal Health and Environment "BIOR", Lejupes Street 3, LV-1076 Riga)	Allir flokkar (að undanskildum B3d lagareldi)
Litháen	Nacionalinis maisto ir veterinarijos rizikos vertinimo institutas J.Kairiūkščio 10, LT-08409 Vilnius	Allir flokkar
Lúxemborg	Association momentanée ILVO-CER ILVO (Eenheid Technologie en Voeding) — CER Groupe (Département Santé) ILVO (Eenheid Technologie en Voeding) Brusselsesteenweg 370 9090 MELLE CER (Département Santé) Rue du Point du Jour 8 6900 MARLOIE	A1, A2, A3, A4, A5, A6, B1, B2a, B2b, B2c, B2d, B2e, B2f, B3a, B3b, B3d, B3e, B3f
	Institut scientifique de la Santé publique Rue J. Wytsman 14 1050 Bruxelles	B3c
Ungverjaland	Nemzeti Élelmiszerlánc-biztonsági Hivatal Élelmiszer- és Takarmánybiztonsági Igazgatóság Élelmiszer Toxikológiai Nemzeti Referencia Laboratórium Mester u. 81. Ungverjaland H-1095 Budapest 94 POB 1740 H-1465 (National Food Chain Safety Office, Food and Feed Safety Directorate, Food Toxicological NRL, Mester u. 81., Hungary, H-1095, Budapest 94, POB 1740, H-1465)	A1, A2, A3, A4, A5, A6, B1, B2a B2b, B2d, B2e, B2f, B3a (eingöngu díoxín og PCB-efni), B3c, B3d, B3e, B3f

Aðildarríki	Tilvísunarrannsóknarstofur	Flokkar efnaleifa
	Nemzeti Élelmiszerlánc-biztonsági Hivatal, Növény-, Talaj- és Agrárkörnyezet-védelmi Igazgatóság Budaörsi út 141-145 Ungverjaland H-1118 Budapest (National Food Chain Safety Office, Directorate of Plant Protection and Soil Conservation, Budaörsi út 141-145, Hungary, H-1118, Budapest)	B2c, B3a (að undanskildum díoxínum og PCB-efnum), B3b
Malta	Laboratorju Veterinarju Nazzjonali. Direttorat ghar-regolazzjoni Veterinarja Ministeru ghall-Izvilupp Sostenibbli l-Ambjent u Tibdil fil-Klima Albertown, Marsa MRS1123 Malta National Veterinary Laboratory Veterinary Regulation Directorate Ministry for Sustainable Development the Environment and Climate change. Albertown, Marsa MRS1123 Malta	Allir flokkar, að undanskildum B3a (díoxín, fúrön og díoxínlík PCB-efni), B3c (frumefni) og B3d (sveppaeitur)
	Public Health Laboratory Evans Building Lower Merchants Street Valletta VLT1179 Malta Food and Environment Research Agency Sand Hutton York YO41 1LZ UK	B3a (díoxín, PCB-efni og díoxínlík PCB-efni), B3c (frumefni) og B3d (sveppaeitur)
Holland	Wageningen UR RIKILT Institute of food safety Akkermaalsbos 2 Wageningen 6708WB	Allir flokkar
Austurríki	Österreichische Agentur für Gesundheit und Ernährungssicherheit GmbH Institut für Lebensmittelsicherheit Wien Abteilung Tierarzneimittel, Hormone und Kontaminanten (THKS) Spargelfeldstraße 191 1220 Wien	A1, A2, A3, A4, A5, A6, B1, B2a, B2b, B2d, B2e, B2f (barksterar, karbadox og ólakvíndox)
	Österreichische Agentur für Gesundheit und Ernährungssicherheit GmbH Institut für Lebensmittelsicherheit Abteilung Pestizid- und Lebensmittelanalytik (PLMA) Technikerstraße 70 A-6020 Innsbruck	B2c, B2f (amítras), B3a (að undanskildum díoxínum og PCB-efnum), B3b, B3f (neónikótínóíð)

Aðildarríki	Tilvísunarrannsóknarstofur	Flokkar efnaleifa
	Umweltbundesamt GmbH Spittelauer Lände 5 1090 Wien	B3a (díoxín og PCB-efni)
	Österreichische Agentur für Gesundheit und Ernährungssicherheit GmbH Geschäftsfeld Ernährungssicherheit Institut für Tierernährung und Futtermittel Wieningerstraße 8 4020 Linz	B3c
	Österreichische Agentur für Gesundheit und Ernährungssicherheit GmbH Institut für Lebensmittelsicherheit Linz Abteilung Kontaminantenanalytik (KONA) Wieningerstraße 8 4020 Linz	B3d
	Lebensmitteluntersuchungsanstalt der Stadt Wien Henneberggasse 3 1030 Wien	B3e
Pólland	Państwowy Instytut Weterynaryjny-Państwowy Instytut Badawczy w Puławach Al. Partyzantów 57 24-100 Puławy	Allir flokkar
Portúgal	Instituto Nacional de Investigação Agrária e Veterinária, I.P. (INIAV) Quinta do Marquês, Av. da Republica 2780-157 Oeiras	Allir flokkar (að undanskildum B3a díoxínum og B3c lagareldi)
	Instituto Português do Mar e da Atmosfera (IPMA) Av. de Brasília, 6 1449-006 Lisboa	B3c (lagareldi)
	DRAL — Laboratório de Físico — Química (LFQ) Estrada do Paço do Lumiar, Campus do Lumiar, 22 Edifício F — 1.º andar 1649-038 Lisboa	B3a (díoxín)
Rúmenía	Institute for Hygiene and Veterinary Public Health Str. Campul Mosilor nr. 5, sect. 2, 021201 Bucuresti	A1, A4, A6 (nítrómídasól, nítrófúrön), B1 (sýklalyf), B2a, B2b, B2c, B2e, B2f, B3a (lífræn klórvarnarefni og ndl-PCB-efni), B3b, B3c, B3d, B3e
	Sanitary Veterinary Food Safety county Directorate Str. Surorile Martir Caceu nr. 4, 300858 Timisoara	A2, A5, B2d

Aðildarríki	Tilvísunarrannsóknarstofur	Flokkar efnaleifa
	Sanitary Veterinary Food Safety county Directorate Sos. Mangaliei nr. 78, 900111 Constanta	A3, A6 (klóramfenikól)
	Sanitary Veterinary Food Safety county Directorate Str. Piata Marasti nr. 1, 400609 Cluj-Napoca	A6 (dapsón), B1 (súlfónamíð)
	Sanitary Veterinary Food Safety county Directorate Str. Ilioarei nr 16E, sect. 3, 032125 Bucuresti	B3a (díoxín)
Slóvenía	Univerza v Ljubljani, Veterinarska fakulteta Nacionalni veterinarski inštitut Gerbičeva 60 1000 Ljubljana	A1, A3, A4, A5, A6 (að undanskildu klóramfenikóli í þvagi og klóróformi í þvagi), B1, B2a (avermektín), B2b, B2d, B2e, B2f, B3c (að undanskildu kvikasilfri í lagareldi), B3d, B3e
	Nacionalni laboratorij za zdravje, okolje in hrano Prvomajska 1 2000 Maribor	A2, A6 (klóramfenikól í þvagi og klóróform í þvagi), B2a (bensimídasól), B2c, B3a, B3b (nema í hunangi), B3c (kvikasilfur í lagareldi)
Slóvakía	Štátny veterinárny a potravinový ústav Bratislava Botanická 15 Bratislava 842 13	A1, A3, A4, A5, A6 (nítrómídasól), B2c, B2e, B3a, B3b
	Štátny veterinárny a potravinový ústav Košice Hlinkova 1B Košice 040 01	A2, B2a, B2b, B2d, B3c, B3d
	Štátny veterinárny a potravinový ústav Dolný Kubín Jánoskova 1611/58 Dolný Kubín 026 01	A6 (klóramfeníkól, nítrófúrön), B1, B2f, B3e
Finnland	Finnish Food Safety Authority Evira Mustialankatu 3 00790 Helsinki	Allir flokkar
Svíþjóð	Statens Livsmedelsverk Box 622 751 26 Uppsala	Allir flokkar
Bretland	Agri-Food & Biosciences Institute Veterinary Science Division Stoney Road Stormont Belfast BT4 3SD Norður-Írland	A1, A2, A3, A4, A5, A6 (nítrófúrön, nema í hunangi, nítrómídasól), B2b, (níkarbasín), B2f

Aðildarríki	Tilvísunarrannsóknarstofur	Flokkar efnaleifa
	Food and Environment Research Agency (FERA) Sand Hutton York YO41 1LZ	A6 (klóramfenikól, nítrófúrön í hunangi, dapsón). B1, B2a, B2b (jónaberar)
	LGC Ltd Queens Road Teddington Middlesex TW11 OLY	A6 (klórprómasín), B2c, B2d, B2e, B3a, B3b, B3c, B3d, B3e“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/416 **2015/EES/55/45**

frá 12. mars 2015

um að samþykkja dínótefúran sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum 2. mgr. 90 gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Bretlandi barst umsókn 29. mars 2012, í samræmi við 1. mgr. 11. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ([2]), um að færa virka efnið dínótefúran á skrá í I. viðauka við hana, til notkunar í vöruflokki 18, skordýraeitur, mítlasæfar og vörur til að verjast öðrum liðdýrum, eins og skilgreint er í V. viðauka við þá tilskipun.

2) Dínótefúran var ekki á markaði 14. maí 2000 sem virkt efni í sæfivöru.

3) Bretland lagði matsskýrslu, ásamt tilmælum, fyrir Efnastofnun Evrópu 15. október 2013 í samræmi við 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

4) Sæfivörunefndin setti álit Efnastofnunar Evrópu fram 17. júní 2014, með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra matsyfirvaldsins.

5) Samkvæmt því áliti má gera ráð fyrir að sæfivörur, sem eru notaðar í vöruflokki 18 og innihalda dínótefúran, uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, að því tilskildu að tilteknar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem varða notkun hans séu uppfyllt.

6) Álitið hefur einnig leitt í ljós að eiginleikar dínótefúrans gera það mjög þrávirkt (vP) og eitrað (T) í samræmi við viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í XIII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([3]). Því ætti dínótefúran að teljast efni sem ráðgert er að skipta út skv. d-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 að því er varðar leyfi fyrir vörum í samræmi við 23. gr. þeirrar reglugerðar.

7) Því er rétt að samþykkja dínótefúran til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18, með fyrirvara um samræmi við slíkar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði.

8) Þar eð mötin fjölluðu ekki um nanóefni ættu samþykkin ekki að ná yfir slík efni í samræmi við 4. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

9) Þar eð skilyrði fyrstu undirgreinar 2. mgr. 90. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 eru uppfyllt ættu ákvæði þeirrar reglugerðar að gilda. Samþykkja ætti dínótefúran að hámarki til 7 ára í samræmi við 4. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykkja skal dínótefúran sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 68, 13.3.2015, bls. 30. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2015 frá 11. júní 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. mars 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Véruflokkur	Sértæk skilyrði (2)
Dínótefúran	IUPAC-heiti: (RS)-1-metýl-2-nítró-3-(tetrahýdró-3-fúrýlmetýl) gúanidín EB-nr.: Ekki fyrir hendi CAS-nr.: 165252-70-0	991 g/kg	1. júní 2015	31. maí 2022	18	Dínótefúran telst efni sem ráðgert er að skipta út í samræmi við d-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: Innleiða skal öruggar verklagsreglur og viðeigandi skipulagsráðstafanir fyrir notendur í iðnaði eða þá sem nota efnið í atvinnuskyni. Við notkun á vörunum skal nota viðeigandi persónuhlífar ef ekki er unnt að draga úr váhrifum á annan hátt þannig að þau verði ekki meiri en svo að við megi una.

(1) Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var notað við matið í samræmi við 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

(2) Við framkvæmd sameiginlegu meginreglnanna í VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 skal vera unnt að nálgast efni og niðurstöður matsskýrslnanna á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar: http://ec.europa.eu/environment/chemicals/biocides/index_en.htm.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/417 **2015/EES/55/46**

frá 12. mars 2015

um að samþykkja *Bacillus sphaericus* 2362, sermigerð H5a5b, stofn ABTS1743, sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með framseldri reglugerð (ESB) nr. 1062/2014 ([2]) er komið á fót skrá yfir virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegs samþykkis fyrir þeim til notkunar í sæfivörur eða færslu þeirra á skrá í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012. *Bacillus sphaericus* er á þeirri skrá.

2) *Bacillus sphaericus* hefur verið metið í samræmi við 2. mgr. 90. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 fyrir notkun í sæfivörur í vöruflokki 18, skordýraeitur, mítlasæfar og vörur til að verjast öðrum liðdýrum, eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.

3) Einungis var hægt að draga ályktanir af gögnunum, sem voru lögð fram vegna matsins, að því er varðar tiltekið form *Bacillus sphaericus*, þ.e. *Bacillus sphaericus* 2362 sermigerð H5a5b, stofn ABTS1743. Matið gerði ekki kleift að draga ályktanir varðandi nein önnur efni sem falla undir skilgreininguna á *Bacillus sphaericus* í framangreindri skrá yfir virk efni í framseldri reglugerð (ESB) nr. 1062/2014. Því ætti einungis *Bacillus sphaericus* 2362 sermigerð H5a5b, stofn ABTS1743 að falla undir þetta samþykki.

4) Ítalía var tilnefnd sem lögbært matsyfirvald og lagði matsskýrslu, ásamt tilmælum, fyrir framkvæmdastjórnina 9. janúar 2009 í samræmi við 4. og 6. mgr. 14. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 ([3]).

5) Sæfivörunefndin setti álit Efnastofnunar Evrópu fram 19. júní 2014, með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra matsyfirvaldsins.

6) Samkvæmt því áliti má gera ráð fyrir að sæfivörur, sem eru notaðar í vöruflokki 18 og innihalda *Bacillus sphaericus* 2362 sermigerð H5a5b, stofn ABTS1743, uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 5. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ([4]) að því tilskildu að tilteknar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem varða notkun þess séu uppfyllt.

7) Því er rétt að samþykkja *Bacillus sphaericus* 2362 sermigerð H5a5b, stofn ABTS1743 til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18, með fyrirvara um samræmi við tilteknar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði.

8) Þar eð mötin fjölluðu ekki um nanóefni ætti samþykkið ekki að ná yfir slík efni í samræmi við 4. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

9) Áður en virkt efni er samþykkt ætti að veita hæfilegan frest svo að hagsmunaaðilar geti gert þær undirbúningsráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að uppfylla nýju kröfurnar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 68, 13.3.2015, bls. 33. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2015 frá 11. júní 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 frá 4. ágúst 2014 um vinnuáætlunina um kerfisbundna athugun á öllum fyrirliggjandi virkum efnum sem sæfivörur innihalda og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtíð. ESB L 294, 10.10.2014, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 frá 4. desember 2007 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð. ESB L 325, 11.12.2007, bls. 3).

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykkja skal *Bacillus sphaericus* 2362 sermigerð H5a5b, stofn ABTS1743 sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. mars 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sértæk skilyrði ([2])
Bacillus sphaericus 2362 sermigerð H5a5b, stofn ABTS1743	Á ekki við	Engin óhreinindi sem skipta máli	1. júlí 2016	30. júní 2026	18	Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1) Innleiða skal öruggar verklagsreglur og viðeigandi skipulagsráðstafanir fyrir þá sem nota efnið í atvinnuskyni. Við notkun á vörunum skal nota viðeigandi persónuhlífar ef ekki er unnt að draga úr váhrifum á annan hátt þannig að þau verði ekki meiri en svo að við megi una. 2) Ganga skal úr skugga um hvort þörf sé á að fastsetja ný hámarksgildi leifa eða breyta gildandi hámarksgildum leifa fyrir vörur, sem gætu leitt af sér leifar í matvælum eða fóðri, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 ([3]) eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 ([4]), og grípa til hvers kyns viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu til að tryggja að ekki sé farið yfir gildandi hámarksgildi leifa.

([1]) Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var notað við matið í samræmi við 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

([2]) Við framkvæmd sameiginlegu meginreglnanna í VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 skal vera unnt að nálgast efni og niðurstöður matsskýrslnanna á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar: http://ec.europa.eu/environment/chemicals/biocides/index_en.htm.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 (Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls.1).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/489 **2015/EES/55/47**

frá 23. mars 2015

um leyfi fyrir selenmeþíóníni, sem er framleitt með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R645, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir selenmeþíóníni, framleiddu með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R645. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu af selenmeþíóníni, sem er lífrænt efnasamband selens, í aukefnaflokknum „næringaraukefni“ sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 3. júlí 2014 ([2]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi selenmeþíónín, framleitt með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R645, ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að notkun þess geti talist áhrifaríkur gjafi selens fyrir allar dýrategundir. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á selenmeþíóníni, framleiddu með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R645, sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að takmörkun á viðbót lífræns selens, sem fastsett er fyrir önnur lífræn efnasambönd selens, ætti einnig að gilda um selenmeþíónín sem er framleitt með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R645. Í þeim tilvikum þegar mismunandi efnasamböndum selens er bætt í fóðrið ætti viðbót lífræns selens auk þess ekki að fara yfir 0,2 mg á hvert kg heilfóðurs.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 78, 24.3.2015, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 176/2015 frá 10. júlí 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(7), 3797.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnablandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „snefilefnasambönd“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. mars 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Selen í mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur næringaraukefna. Virkur hópur: snefilefnasambönd									
3b817	—	Selenmeþíónín framleitt með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R645 (Selenauðgað ger, óvirkjað)	*Lýsing á eiginleikum aukefnisins:* Efnablanda úr lífrænu seleni: Innihald selens: 2 000 til 2 400 mg Se/kg Lífrænt selen > 98% af heildarinnihaldi selens Selenmeþíónín > 70% af heildarinnihaldi selens *Lýsing á eiginleikum virka efnisins:* Selenmeþíónín framleitt með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R645 Efnaformúla: $C_5H_{11}NO_2Se$ *Greiningaraðferð* ([1]): Til að ákvarða selenmeþíónín í fóðuraukefninu: – háþrýstivökvaskiljun með óskautuðum stöðufasa með greiningu þar sem notast er við útfjólublátt ljós (RP-HPLC-UV) eða – háþrýstivökvaskiljun og rafgasmassagreining (HPLC-ICPMS) eftir þrefalda prótínsundrun. Til að ákvarða heildarinnihald selens í fóðuraukefninu: – rafgasgeislunargreining (ICP-AES) eða – rafgasmassagreining (ICPMS).	Allar tegundir	—		0,50 (samtals)	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Til að tryggja öryggi notenda skal við meðhöndlun nota öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska. 3. Það skal tryggt að rykmyndun tæknilegra aukefna eða fóðurefna, sem aukefnablandan inniheldur, sé < 0,2 mg selen/m^3 lofts. 4. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. 5. Hámarksviðbót lífræns selens: 0,20 mg Se/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald.	13. apríl 2025

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Selen í mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			Til að ákvarða heildarinnihald selens í forblöndum, fóðurblöndum og fóðurefni: hýdríðfrumeindagleypnimæling (HGAAS) eftir örbylgjusundrun (EN 16159:2012)						

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/authorisation/evaluation_reports/Pages/index.aspx

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/502 **2015/EES/55/48**

frá 24. mars 2015

um leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R404 sem fóðuraukefni fyrir mjólkurkýr (handhafi leyfis er Micro Bio-System Ltd) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R404. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R404 í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir mjólkurkýr.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 11. september 2014 ([2]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R404 ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Einnig var komist að þeirri niðurstöðu að aukefnið geti mögulega bætt mjólkurframleiðslu mjólkurkúa. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R404 sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „þarmaflórustöðgarar“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 79, 25.3.2015, bls. 57. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 176/2015 frá 10. júlí 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2014 12(9), 3830.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. mars 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingamyndandi eining (CFU)/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: þarmaflórustöðgarar									
4b1871	Micron Bio-Systems Ltd	*Saccharomyces cerevisiae* NCYC R404	*Samsetning aukefnis* Blanda með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R404 sem inniheldur að lágmarki: í föstu formi: 1×10^{10} CFU/g aukefnis *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R404 *Greiningaraðferð*(1) Sanngreining: Kjarnsýrumögnun (PCR) – Ákvörðun á heildarfjölda: Áhellingaraðferð þar sem notaður er agar með klóramfenikóldextrósa (CGYE) og útdrætti úr geri— EN 15789	Mjólkurkýr	—	$4{,}4 \times 10^8$	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og kögglafestu. 2. Ráðlagður skammtur aukefnis: 1×10^{10} CFU fyrir hvert dýr á dag. 3. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunar- og húðvörn.	14. apríl 2025

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir fóðuraukefni: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/518 **2015/EES/55/49**

frá 26. mars 2015

um leyfi fyrir blöndu með *Enterococcus faecium* NCIMB 10415 sem fóðuraukefni fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur, aukategundir alifugla til eldis og aukategundir alifugla sem eru aldar til varps og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 361/2011 að því er varðar samrýmanleika við hnislalyf (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi er DSM Nutritional products Sp. z o.o) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um nýja notkun á blöndu með *Enterococcus faecium* NCIMB 10415 og um breytingu á skilyrðum gildandi leyfis fyrir eldiskjúklinga sem veitt var með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 361/2011 ([2]). Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 ásamt viðeigandi gögnum til stuðnings beiðninni um breytingu.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir nýrri notkun blöndu með *Enterococcus faecium* NCIMB 10415, í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur, aukategundir alifugla til eldis og aukategundir alifugla sem eru aldar til varps, og breytingu á skilyrðum gildandi leyfis fyrir eldiskjúklinga, svo unnt sé að nota það samtímis og til viðbótar hnislalyfjunum lasalósíð-A-natríumi, madúramýsínammóníumi, narasíni, narasíni/níkarbasíni og natríumsalínómýsíni.

4) Notkun blöndunnar var leyfð í 10 ár fyrir eldiskjúklinga með framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 361/2011 og fyrir kálfa, kiðlinga, ketti og hunda með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1061/2013 ([3]).

5) Í samræmi við tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([4]) var blandan einnig leyfð án tímamarka fyrir gyltur með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1200/2005 ([5]), fyrir smágrísi með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 252/2006 ([6]), fyrir eldissvín með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 943/2005 ([7]).

6) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 30. október 2014 ([8]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með *Enterococcus faecium* NCIMB 10415 ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Þar eð sýnt hefur verið fram á mögulega skilvirkni aukefnisins í eldiskjúklingum geti sú niðurstaða átt við um kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur. Framreikna má þessar niðurstöður yfir á aukategundir alifugla til eldis og til varps. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið sé samrýmanlegt við lasalósíð-A-natríum, madúramýsínammóníum, narasín,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 82, 27.3.2015, bls. 75. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 176/2015 frá 10. júlí 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 361/2011 frá 13. apríl 2011 um leyfi fyrir *Enterococcus faecium* NCIMB 10415 sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi er DSM Nutritional products Sp. z o.o) og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 943/2005 (Stjtíð. ESB L 100, 14.4.2011, bls. 22).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1061/2013 frá 29. október 2013 um leyfi fyrir blöndu með *Enterococcus faecium* NCIMB 10415 sem fóðuraukefni fyrir kálfa, kiðlinga, ketti og hunda og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1288/2004 (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi er DSM Nutritional products Sp. Z o.o) (Stjtíð. ESB L 289, 31.10.2013, bls. 38)

([4]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1200/2005 frá 26. júlí 2005 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri og bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun aukefnis sem þegar er leyft að nota í fóður (Stjtíð. ESB L 195, 27.7.2005, bls. 6).

([6]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 252/2006 frá 14. febrúar 2006 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri og bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun tiltekinna aukefna sem þegar er leyft að nota í fóður (Stjtíð. ESB L 44, 15.2.2006, bls. 3).

([7]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 943/2005 frá 21. júní 2005 um varanlegt leyfi fyrir aukefnum í fóðri (Stjtíð. ESB L 159, 22.6.2005, bls. 6).

([8]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2014* 12(11), 3906.

narasín/níkarbasín og natríumsalínómýsín. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

7) Mat á blöndu með *Enterococcus faecium* NCIMB 10415 sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

8) Rétt þykir að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 361/2011 svo einnig sé unnt að nota hnislalyf sem eru samrýmanleg við blönduna með *Enterococcus faecium* NCIMB 10415 fyrir eldiskjúklinga.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „þarmaflórustöðgarar“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Í stað 2. liðar í níunda dálki, „Önnur ákvæði“, í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 361/2011 komi eftirfarandi:

“2. Má nota í fóður sem inniheldur hin leyfðu hnislalyf dekókínat, mónensínnatríum, róbenidínhýdróklóríð, díklasúríl, semdúramýsín, lasalósíð-A-natríum, madúramýsínammóníum, narasín, narasín/níkarbasín eða natríumsalínómýsín.“

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. mars 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingamyndandi eining (CFU)/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: þarmaflórustöðgarar									
4b1705	DSM Nutritional Products Ltd., fulltrúi er DSM Nutritional Products Sp. Z o.o	*Enterococcus faecium* NCIMB 10415	*Samsetning aukefnis* Blanda með *Enterococcus faecium* NCIMB 10415 sem inniheldur að lágmarki: hjúpað form (með skellakki): 2×10^{10} CFU/g aukefnis, annað örhylkjað form: 1×10^{10} CFU/g aukefnis, *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Lífvænlegar frumur *Enterococcus faecium* NCIMB 10415 *Greiningaraðferð* (1) Ákvörðun á heildarfjölda: dreifingaraðferð með galleskúlínasíðagar (EN 15788) Sanngreining: Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE)	Kjúklingar sem eru aldir til að verða varphænur	—	3×10^{8}	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og kögglafestu. 2. Heimilt að nota í fóður sem inniheldur hin leyfðu hnísalyf: mónensínnatríum, díklasúríl, lasalósíð-A-natríum eða natríumsalínómýsín.	16. apríl 2025
				Aukategundir alifugla til eldis og aukategundir alifugla sem eru aldar til varps		3×10^{8}		1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og kögglafestu. 2. Heimilt að nota í fóður sem inniheldur hin leyfðu hnísalyf díklasúríl eða lasalósíð-A-natríum.	

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir fóðuraukefni: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/553 **2015/EES/55/50**

frá 7. apríl 2015

um samþykki fyrir virka efninu serevísan, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 22. gr. í tengslum við 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 barst Frakklandi umsókn frá Agro-Levures et Dérivés SAS 5. mars 2012 um samþykki fyrir virka efninu serevísani. Í samræmi við 3. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar tilkynnti Frakkland framkvæmdastjórninni 14. maí 2012, sem skýrslugjafaraðildarríki, um lögmæti umsóknarinnar.

2) Hinn 22. febrúar 2013 lagði skýrslugjafaraðildarríkið drög að matsskýrslu fyrir framkvæmdastjórnina ásamt afriti fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu, hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin, þar sem metið er hvort búast megi við því að virka efnið uppfylli viðmiðanirnar fyrir samþykki sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

3) Matvælaöryggisstofnunin uppfyllti ákvæði 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Í samræmi við 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 fór hún fram á að umsækjandinn legði fram viðbótarupplýsingar til aðildarríkjanna, framkvæmdastjórnarinnar og Matvælaöryggisstofnunarinnar. Mat skýrslugjafaraðildarríkisins á viðbótarupplýsingunum var lagt fyrir Matvælaöryggisstofnunina sem uppfærð drög að matsskýrslu í janúar 2014.

4) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar, að því er varðar hvort búast megi við að virka efnið serevísan uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ([2]), fyrir umsækjandann, aðildarríkin og framkvæmdastjórnina 5. maí 2014. Matvælaöryggisstofnunin gerði niðurstöður sínar aðgengilegar almenningi.

5) Umsækjandanum var gefinn kostur á því að leggja fram athugasemdir við endurskoðunarskýrsluna.

6) Framkvæmdastjórnin lagði fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 11. desember 2014 endurskoðunarskýrsluna um serevísan og drög að reglugerð þar sem kveðið er á um að serevísan fái samþykki.

7) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið, og einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslunni, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar. Því teljast þessar viðmiðanir fyrir samþykki uppfylltar. Því er rétt að samþykkja serevísan.

8) Framkvæmdastjórnin telur enn fremur að serevísan sé áhættulítið virkt efni skv. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Serevísan er ekki efni sem gefur tilefni til áhyggna og uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í 5. lið II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009. Aðalinnihaldsefni í serevísan eru frumuveggir *Saccharomyces cerevisiae*, geri sem er útbreitt í náttúrunni og almennt notað í matvælaframleiðslu (í bakstur, áfenga drykki og fæðubótarefni) og sem er reglulega neytt án þess að nokkuð bendi til mögulegrar skaðsemi. Búist er við að aukin váhrif á fólk, dýr og umhverfið vegna notkunarinnar sem hlotið hefur samþykki samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 verði óveruleg í samanburði við váhrif sem gera má ráð fyrir við raunhæfar náttúrulegar aðstæður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 90, 8.4.2015, bls. 86. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 183/2015 frá 10. júlí 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2014 12(6), 3583.

9) Því er rétt að samþykkja serevísan sem áhættulítið efni. Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ber að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([3]) til samræmis við það.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir virku efni

Virka efnið serevísan, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er samþykkt með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. apríl 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Serevísan (ISO-heiti ekki samþykkt) CAS-nr. ekki úthlutað CIPAC-nr.: 980	Á ekki við	≥ 924 g/kg	23. apríl 2015	23. apríl 2030	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um serevísan, einkum í I. og II. viðbæti við hana.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Í D-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 bætist eftirfarandi færsla við:

Númer	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
“3	Serevísan (ISO-heiti ekki samþykkt) CAS-nr. ekki úthlutað CIPAC-nr.: 980	Á ekki við	≥ 924 g/kg	23. apríl 2015	23. apríl 2030	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um serevísan, einkum í I. og II. viðbæti við hana.”

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2014/108/ESB **2015/EES/55/51**

frá 12. desember 2014

um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB að því er varðar skrána yfir varnartengdar vörur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB frá 6. maí 2009 um að einfalda skilmála og skilyrði vegna tilflutnings varnartengdra vara innan Bandalagsins ([1]), einkum 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2009/43/EB er fjallað um allar varnartengdar vörur sem samsvara þeim sem skráðar eru í sameiginlegan hergagnalista Evrópusambandsins sem ráðið samþykkti 19. mars 2007.

2) Hinn 17. mars 2014 samþykkti ráðið sameiginlegan hergagnalista Evrópusambandsins í nýrri uppfærslu([2]).

3) Því ber að breyta tilskipun 2009/43/EB til samræmis við það.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um tilfærslu á varnartengdum vörum innan ESB.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við tilskipun 2009/43/EB komi textinn sem er settur fram í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 16. mars 2015. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 24. mars 2015.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 359, 16.12.2014, bls. 117. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 184/2015 frá 10. júlí 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 146, 10.6.2009, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB 107, 9.4.2014, bls. 1.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 12. desember 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Skrá yfir varnartengdar vörur

1. athugasemd: Hugtök innan „gæsalappa“ eru skilgreind hugtök. Vísað er til ‚Skilgreiningar hugtaka sem notuð eru í þessari skrá‘ í viðaukanum við þessa skrá.

2. athugasemd: Í sumum tilvikum eru íðefni skráð eftir heiti og CAS-númeri. *Skráin gildir um íðefni, sem hafa sömu byggingarformúlu (þ.m.t. hýdröt), án tillits til heitis eða CAS-númers. CAS-númer fylgja til að auðveldara sé að bera kennsl á tiltekið íðefni eða efnablöndu, án tillits til nafnakerfis. Ekki er unnt að nota CAS-númer sem sértákn vegna þess að nokkur form hinna skráðu íðefna hafa mismunandi CAS-númer og efnablöndur, sem innihalda skráð íðefni, geta einnig haft annað CAS-númer.*

ML1 **Vopn með óriffluðu hlaupi með minni hlaupvídd en 20 mm, önnur vopn og sjálfvirk vopn með hlaupvídd sem er 12,7 mm (hlaupvídd 0,50 tommur) eða minni, sem hér segir, og sérhannaðir íhlutir í þau:**

Athugasemd ML1 gildir ekki um:

a. skotvopn sem eru sérhönnuð sem gerviskotfæri og geta ekki sent frá sér skeyti,

b. skotvopn, sem eru sérhönnuð til að skjóta tjóðruðum skeytum án háhraðasprengihleðslu eða fjarskiptatengils, með drægni sem er 500 m eða minni,

c. vopn sem nota skothylki sem eru ekki með hvellhettuna í miðju (e. non-centre fire) og eru ekki alsjálfvirk.

a. Rifflar og samsettar byssur, skammbyssur, vélbyssur, léttar vélbyssur og hríðskotabyssur.

Athugasemd ML1.a. gildir ekki um eftirfarandi:

a. riffla og samsettar byssur sem eru framleidd fyrir 1938,

b. eftirlíkingar riffla og samsettra byssa eftir upprunalegri framleiðslu frá því fyrir 1890,

c. skammbyssur, hríðskotabyssur og vélbyssur, sem framleiddar eru fyrir 1890, og eftirlíkingar þeirra.

d. rifflar eða skammbyssur sem eru sérhannaðar til þess að skjóta tregu skoti með þrýstilofti eða koltvísýringi.

b. Vopn með óriffluðu hlaupi sem hér segir:

1. vopn með óriffluðu hlaupi, sérhönnuð til hernaðarnota,

2. önnur vopn með óriffluðu hlaupi sem hér segir:

a. alsjálfvirk vopn,

b. hálfsjálfvirk vopn eða vopn með pumpu.

Athugasemd ML1.b.2. gildir ekki um vopn sem eru sérhönnuð til að skjóta tregu skoti með þrýstilofti eða koltvísýringi.

Athugasemd ML1.b. gildir ekki um eftirfarandi:

a. vopn með óriffluðu hlaupi sem framleidd eru fyrir 1938,

b. eftirlíkingar vopna með óriffluðu hlaupi eftir upprunalegri framleiðslu frá því fyrir 1890,

c. vopn með óriffluðu hlaupi sem eru notuð til veiða eða í íþróttum. Þessi vopn skulu ekki vera sérhönnuð til hernaðarnota eða vera alsjálfvirk,

d. vopn með óriffluðu hlaupi sem eru sérhönnuð til eftirfarandi nota:

1. til að aflífa húsdýr,

2. til að deyfa dýr,

3. til skjálftaprófana,

4. til að skjóta skeytum í iðnaði eða

5. til að splundra heimatilbúnum sprengjubúnaði (IED).

Aths. Um búnað til splundrunar, sjá ML4 og færslu 1A006 í skrá ESB um vörur með tvíþætt notagildi.

c. Vopn fyrir skotfæri án skothylkja.

d. Laus skothylkjahólf, hljóðdeyfar eða -hemlar, sérgerðar byssuundirstöður, sjóntæknileg vopnamið og glampadeyfar fyrir vopn sem eru tilgreind í ML1.a., ML1.b. eða ML1.c.

Athugasemd ML1.d. gildir ekki um sjóntæknileg vopnamið án rafrænnar myndvinnslu með nífaldri stækkun eða minni, að því tilskildu að þau séu ekki sérhönnuð eða þeim hafi verið breytt til hernaðarnota eða þau hafi í sér sjónkvarða sérhannaðan til hernaðarnota.

ML2 Vopn með óriffluðu hlaupi með 20 mm hlaupvídd eða meiri, önnur vopn eða vopnabúnaður með meiri hlaupvídd en 12,7 mm (hlaupvídd 0,50 tommur), vörpur og fylgihlutir, sem hér segir, og sérhannaðir íhlutir í þau:

a. Byssur, howitzer-stórskotaliðsbyssur, fallbyssur, sprengjuvörpur, vopn gegn skriðdrekum, skotkerfi, hernaðareldvörpur, rifflar, skeytabyssur, vopn með óriffluðu hlaupi og tæki til að draga úr ummerkjum um þessi vopn.

Athugasemd 1 ML2.a. tekur til innspýtingartækja, teljara, geymslutanka og annarra sérhannaðra íhluta til nota með fljótandi drifhleðslum fyrir allan búnað sem tilgreindur er í ML2.a.

Athugasemd 2 ML2.a. gildir ekki um eftirfarandi vopn:

a. riffla, vopn með óriffluðu hlaupi og samsettar byssur sem eru framleidd fyrir 1938,

b. eftirlíkingar riffla, vopna með óriffluðu hlaupi og samsettra byssa eftir upprunalegri framleiðslu frá því fyrir 1890,

c. byssur, howitzer-stórskotaliðsbyssur, fallbyssur og sprengjuvörpur sem eru framleiddar fyrir 1890,

d. vopn með óriffluðu hlaupi sem eru notuð til veiða eða í íþróttum; Þessi vopn skulu ekki vera sérhönnuð til hernaðarnota eða vera alsjálfvirk,

e. vopn með óriffluðu hlaupi sérhönnuð til eftirfarandi nota:

1. til að aflífa húsdýr,

2. til að deyfa dýr,

3. til skjálftaprófana,

4. til að skjóta skeytum í iðnaði eða

5. til að splundra heimatilbúnum sprengjubúnaði (IED).

Aths. Um búnað til splundrunar, sjá ML4 og færslu 1A006 í skrá ESB um vörur með tvíþætt notagildi.

f. handskotkerfi, sem eru sérhönnuð til að skjóta tjóðruðum skeytum án háhraðasprengihleðslu eða fjarskiptatengils, með drægni sem er 500 m eða minni.

b. Vörpur eða búnaður til þess að framkalla reyk, gas og skotelda, sérhannaður eða umbreyttur til hernaðarnota.

Athugasemd ML2.b. gildir ekki um merkjabyssur.

c. Vopnamið og festingar fyrir vopnamið þar sem allt eftirfarandi á við:

1. sérhönnuð til hernaðarnota *og*

2. sérhönnuð fyrir vopn sem tilgreind eru í ML2.a.

d. Undirstöður og laus skothylkjahólf sem eru sérhönnuð fyrir þau vopn sem tilgreind eru í ML2.a.

ML3 **Skotfæri og kveikjustillingarbúnaður, sem hér segir, og sérhannaðir íhlutir í þann búnað:**

a. Skotfæri fyrir vopn sem tilgreind eru í ML1, ML2 eða ML12.

b. Kveikjustillingarbúnaður sem er sérhannaður fyrir þau skotfæri sem tilgreind eru í ML3.a.

Athugasemd 1 *Sérhannaðir íhlutir, sem tilgreindir eru í ML3, eru m.a.:*

a. málm- eða plastsamsetningar, s.s. hvellhettur, skothylkisbotnar, skothylkjatengi, vélbyssubelti og málmhlutir fyrir skotfæri,

b. öryggisbúnaður og búnaður til að virkja sprengihleðslur, kveikjur, skynjarar og kveikibúnaður,

c. aflgjafar með hárri einnotavirkni,

d. brennanleg hylki fyrir sprengihleðslur,

e. dreifisprengjur, þ.m.t. smásprengjur, litlar jarðsprengjur og tundurdufl og markstýrð skeyti.

Athugasemd 2 *ML3.a. gildir ekki um eftirfarandi:*

a. skotfæri án skeytis (blank star),

b. gerviskotfæri með götuðu púðurhólfi,

c. önnur skotfæri með púðri eða gerviskotfæri, sem ekki eru búin íhlutum, sem eru hannaðir fyrir hlaðin skotfæri, eða

d. íhluti, sérstaklega hannaðir fyrir skotfæri með púðri eða gerviskotfæri, sem eru tilgreindir í þessari athugasemd 2.a., b. eða c.

Athugasemd 3–*ML3.a. gildir ekki um skothylki sem eru sérhönnuð fyrir eitthvert eftirfarandi:*

a. merkjasendingar,

b. fuglafælingu eða

c. kveikingu gasloga á olíulindum.

ML4 **Sprengjur, tundurskeyti, eldflaugar, flugskeyti, annar sprengjubúnaður og hleðslur og tengdur búnaður og fylgihlutir, sem hér segir, og sérhannaðir íhlutir þeirra:**

Aths.1: *Um stýri- og leiðsögubúnað, sjá ML11.*

Aths.2: *Um varnarkerfi loftfara gegn flugskeytum (AMPS), sjá ML4.c.*

a. Sprengjur, tundurskeyti, handsprengjur, reyksprengjur, eldflaugar, jarðsprengjur og tundurdufl, flugskeyti, djúpsprengjur, sprengjur til eyðingar, eyðingarbúnaður, eyðingarsamstæður, búnaður fyrir „skotelda“, skothylki og hermar (þ.e. búnaður til að herma eftir eiginleikum þessara hluta), sérhönnuð til hernaðarnota.

Athugasemd Í ML4.a. eru m.a.:

a. reykhandsprengjur, eldsprengjur, íkveikjusprengjur og sprengibúnaður,

b. útblástursrör skotflauga og trjónur endurinnkomugeimfarartækja.

b. Búnaður þar sem allt eftirfarandi á við:

1. sérhannaður til hernaðarnota *og*

2. sérhannaður fyrir ‚starfsemi' í tengslum við eftirfarandi:

a. hlutir, sem tilgreindir eru í ML4.a., eða

b. heimatilbúinn sprengjubúnað (IED).

Tæknileg athugasemd

Að því er varðar ML4.b.2. felur ‚starfsemi' í sér meðhöndlun, skot, lagningu, stjórnun, afhleypingu, sprengingu, virkjun, straumgjöf með hárri einnotavirkni, ginningu, truflun, slæðingu, að bera kennsl á, splundrun eða förgun.

Athugasemd 1 Í ML4.b. er m.a.:

a. færanlegur gasþéttibúnaður sem getur framleitt 1 000 kg eða meira á dag af gasi í fljótandi formi,

b. flothæfur, rafleiðandi strengur til að slæða segulduf l.

Athugasemd 2 *ML4.b. gildir ekki um beranleg tæki sem hönnuð eru til þess að greina málmhluti en geta ekki greint á milli tundurdufla og annarra málmhluta.*

c. Varnarkerfi loftfara gegn flugskeytum (AMPS).

Athugasemd *ML4.c. gildir ekki um varnarkerfi loftfara gegn flugskeytum sem eru með allt eftirfarandi:*

a. einhvern af eftirfarandi viðvörunarskynjurum gegn flugskeytum:

1. óvirka skynjara með hámarkssvörun á bilinu 100-400 nm eða

2. *virka Doppler-púlsskynjara til varnar gegn flugskeytum,*

b. dreifingarkerfi fyrir gagnaðgerðir,

c. blys sem eru bæði með sýnilegum og innrauðum ummerkjum til að villa um fyrir flaugum, sem skotið er frá jörðu, og

d. uppsett í „almenningsloftförum" og með allt eftirfarandi:

1. *varnarkerfið (AMPS) er aðeins nothæft í tilteknum „almenningsloftförum" þar sem hið sértæka varnarkerfi er sett upp og vegna þess hefur annað af eftirfarandi verið gefið út:*

a. tegundarvottorð fyrir almenningsflug eða

b. jafngilt skjal sem Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) viðurkennir,

2. *varnarkerfið (AMPS) notar vörn til að koma í veg fyrir óheimilan aðgang að „hugbúnaði" og*

3. í varnarkerfinu (AMPS) er virkur búnaður sem gerir kerfið óstarfhæft þegar það er fjarlægt úr „almenningsloftfarinu" sem það var sett upp í.

ML5 **Skotstýringarbúnaður og tengdur viðbragðs- og viðvörunarbúnaður, ásamt tengdum kerfum, prófunar-, stilli- og gagnárásarbúnaður, sem hér segir, sérhannaður til hernaðarnota og sérhannaðir íhlutir og fylgihlutir:**

a. vopnamið, sprengjutölvur, uppsetningarbúnaður fyrir byssur og vopnastýringarkerfi,

b. markábendingar-, merkingar-, fjarlægðarmælingar-, aðgæslu- eða leitarkerfi; greiningar-, gagnasamruna-, kennsla- eða auðkenningarbúnaður og samþættingarbúnaður fyrir nema,

c. gagnaðgerðabúnaður fyrir hluti sem tilgreindir eru í ML5.a. eða ML5.b.

Athugasemd *Að því er varðar ML5.c. felur gagnaðgerðabúnaður í sér greiningarbúnað.*

d. Vettvangsprófunar- eða aðlögunarbúnaður, sérhannaður fyrir hluti sem tilgreindir eru í ML5.a., ML5.b. eða ML5.c.

ML6 **Landökutæki og íhlutir sem hér segir:**

Aths. *Um stýri- og leiðsögubúnað, sjá ML11.*

a. Landökutæki og íhlutir í þau, sérhönnuð eða breytt til hernaðarnota.

Tæknileg athugasemd:

Að því er varðar ML6.a. falla eftirvagnar undir hugtakið landökutæki.

b. Önnur landökutæki og íhlutir sem hér segir:

1. Ökutæki sem hafa allt eftirfarandi til að bera:

a. framleidd með eða búin skotheldri vörn eða íhlutum sem gera þau skotheld að III. stigi (NIJ 0108.01, september 1985, eða samkvæmt sambærilegum landsstöðlum) eða þar fyrir ofan,

b. aflskiptingu, sem gefur bæði fram- og afturhjólum drif samtímis, þ.m.t. þau ökutæki sem hafa aukahjólabúnað til þess að bera hlass, hvort sem hann hefur drif eða ekki,

c. málgildi heildarþyngdar ökutækis (GVWR) sem er yfir 4 500 kg *og*

d. eru hönnuð eða þeim umbreytt til notkunar utan vega.

2. Íhlutir sem hafa allt eftirfarandi til að bera:

a. sérhannaðir fyrir ökutæki, sem tilgreind eru í ML6.b.1., *og*

b. veita skothelda vörn að III. stigi (NIJ 0108.01, september 1985, eða samkvæmt sambærilegum landsstöðlum) eða þar fyrir ofan.

Aths. *Sjá einnig ML13.a.*

Athugasemd 1 Í ML6.a. eru m.a.:

a. skriðdrekar og önnur vopnuð herökutæki og herökutæki með undirstöðum fyrir vopn eða búnað til jarðsprengjalagningar eða til að skjóta hergögnum sem tilgreind eru í ML4,

b. brynvarin ökutæki,

c. farartæki fyrir láð og lög og djúpvaðsfarartæki (e. deep water fording vehicles),

d. björgunarökutæki og ökutæki til dráttar eða skotfæra- eða vopnakerfaflutninga ásamt viðeigandi farmfærslubúnaði.

Athugasemd 2 *Breytingar á landökutæki til hernaðarnota, sem tilgreindar eru í ML6.a. fela í sér breytingu á grunnbyggingu og raf- eða vélbúnaði sem tekur til eins eða fleiri íhluta sem eru sérhannaðir til hernaðarnota. Meðal þessara íhluta eru:*

a. sérhannaðar, skotheldar hjólbarðahlífar.

b. brynvörn fyrir mikilvægustu hlutana (t.d. eldsneytisgeymi eða stjórnklefa ökumanns),

c. sérstakar styrkingar eða festingar fyrir vopn,

d. myrkvunarljósker.

Athugasemd 3 *ML6 gildir ekki um borgaraleg ökutæki sem eru hönnuð eða þeim breytt til þess að flytja peninga eða verðmæti.*

Athugasemd 4 *ML6 gildir ekki um ökutæki sem allt eftirfarandi á við um:*

a. voru framleidd fyrir 1946,

b. eru ekki með hluti sem tilgreindir eru í sameiginlegum hergagnalista Evrópusambandsins og eru framleiddir eftir 1945, nema að því er varðar eftirlíkingar af upprunalegum íhlutum eða fylgihlutum fyrir ökutækið og

c. eru ekki búin vopnum, sem tilgreind eru í ML1, ML2 eða ML4, nema þau séu óvirk og ómögulegt sé að hleypa af skoti með þeim.

ML7 **Hvarfmiðlar eða líffræðileg eiturefni, „óeirðalöggæsluefni“, geislavirk efni, tengdur búnaður, íhlutir og efni sem hér segir:**

a. Líffræðilegir áhrifavaldar eða geislavirk efni, „aðlöguð að notkun í stríði“ til að fella og særa menn eða dýr, skemma búnað eða valda tjóni á uppskeru eða umhverfinu.

b. Efni til efnahernaðar (CW), m.a.:

1. taugaefni til efnahernaðar:

a. O-alkýl (jafnt og eða minna en C_{10}, þ.m.t. sýklóalkýl)-alkýl-(metýl, etýl, n-própýl eða ísóprópýl) -fosfón-flúoríðöt, s.s.:

Sarín (GB): O-ísóprópýlmetýlfosfónflúoríðat (CAS 107-44-8) *og*

Soman (GD): O-pínakólýlmetýlfosfónklóríðat (CAS 96-64-0),

b. O-alkýl (jafnt og eða minna en C_{10}, þ.m.t. sýklóalkýl) N,N-díalkýl-(metýl, etýl, n-própýl eða ísóprópýl) fosfóramídósýaníðöt, s.s.:

Tabún (GA): O-etýl-N,N-dímetýlfosfóramídósýanídat (CAS 77-81-6),

c. O-alkýl (H eða jafnt og eða minna en C_{10}, þ.m.t. sýklóalkýl) S-2-díalkýl (metýl, etýl, n-própýl eða ísóprópýl)-amínóetýlalkýl (metýl, etýl, n-própýl eða ísóprópýl) fosfónþíólöt og samsvarandi alkýleruð og róteinduð sölt, s.s.:

VX: O-etýl S-2-díísóprópýlamínóetýlmetýlfosfónþíólat (CAS 50782-69-9),

2. efni til efnahernaðar sem valda bruna og blöðrum:

a. brennisteinssinnep, s.s.:

1. 2-klóretýlklórmetýlsúlfið (CAS 2625-76-5),

2. bis(2-klóretýl)súlfið (CAS 505-60-2),

3. bis(2-klóretýlþió)metan (CAS 63869-13-6),

4. 1,2-bis(2-klóretýlþió)etan (CAS 3563-36-8),

5. 1,3-bis(2-klóretýlþió)-n-própan (CAS 63905-10-2),

6. 1,4-bis(2-klóretýlþió)-n-bútan (CAS 142868-93-7),

7. 1,5-bis(2-klóretýlþió)-n-pentan (CAS 142868-94-8),

8. bis(2-klóretýlþíómetýl)eter (CAS 63918-90-1),

9. bis(2-klóretýlþíóetýl)eter (CAS 63918-89-8),

b. eiturgös (e. Lewisites), s.s.:

1. 2-klórvínyldíklórarsín (CAS 541-25-3),

2. tris (2-klórvínyl)arsín (CAS 40334-70-1),

3. bis (2-klórvínyl)klórarsín (CAS 40334-69-8),

c. köfnunarefnissinnep, s.s.:

1. HN1: Bis(2-klóretýl)etýlamín (CAS 538-07-8),

2. HN2: Bis(2-klóretýl)metýlamín (CAS 51-75-2),

3. HN3: Tris(2-klóretýl)amín (CAS 555-77-1),

3. efni til efnahernaðar sem gera menn óstarfhæfa, s.s.:

a. 3-kínúklídínýlbensílat (BZ) (CAS 6581-06-2),

4. laufeyðingarefni til efnahernaðar, s.s.:

a. bútýl-2-klór-4-flúorfenoxýasetat (LNF),

b. 2,4,5-tríklórfenoxýediksýra (CAS 93-76-5) blönduð með 2,4-díklórfenoxýediksýru (CAS 94-75-7) (Agent Orange (CAS 39277-47-9)),

c. Tvígild forefni og lykilforefni til efnahernaðar, sem hér segir:

1. alkýl (metýl, etýl, n-própýl eða ísóprópýl)fosfónýldíflúoríð, s.s.:

DF (spillistuðull): metýlfosfónýldíflúoríð (CAS 676-99-3),

2. O-alkýl (H eða jafnt og eða minna en C_{10}, þ.m.t. sýklóalkýl) O-2-díalkýl (metýl, etýl, n-própýl eða ísóprópýl)-amínóetýlalkýl (metýl, etýl, n-própýl eða ísóprópýl) fosfónöt og samsvarandi alkýleruð og róteinduð sölt, s.s.:

QL: O-etýl O-2-díísóprópýlamínóetýlmetýlfosfónít (CAS 57856-11-8),

3. klórsarín: O-ísóprópýlmetýlfosfónklórídat (CAS 1445-76-7),

4. klórsóman: O-pínakólýlmetýlfosfónklórídat (CAS 7040-57-5),

d. „Óeirðalöggæsluefni“, virk íðefni og blöndur þeirra efna, m.a.:

1. α-brómbensenasetónítríl, (brómbensýlsýaníð) (CA) (CAS 5798-79-8),

2. [(2-klórfenýl)metýlen]própandínítríl, (o-klórbensýlídenmalónónítríl (CS) (CAS 2698-41-1),

3. 2-klór-1-fenýletanón, fenýlasýlklóríð (ω-klórasetófenón) (CN) (CAS 532-27-4),

4. díbens-(b,f)-1,4-oxasefín, (CR) (CAS 257-07-8),

5. 10-klór-5,10-díhýdrófenarsasín, (fenarsasínklóríð), (Adamsite), (DM) (CAS 578-94-9),

6. N-nónanóýlmorfólín, (MPA) (CAS 5299-64-9).

Athugasemd 1 *ML7.d. gildir ekki um „óeirðalöggæsluefni“ sem eru sérpökkuð til sjálfsvarnar fyrir einstaklinga.*

Athugasemd 2 *ML7.d. gildir ekki um virk íðefni og blöndur þeirra efna sem er pakkað til matvælaframleiðslu eða lækninga og auðkennd sem slík.*

e. Búnaður sem er sérhannaður eða breyttur til hernaðarnota, hannaður eða breyttur til dreifingar á einhverju af eftirfarandi og sérhannaðir íhlutir fyrir hann:

1. efni eða íðefni sem tilgreind eru í ML7.a., ML7.b. eða ML7.d. *eða*

2. efni til hernaðarnota úr forefnum sem tilgreind eru í ML7.c.

f. Hlífðar- og afmengunarbúnaður, sérhannaður eða breyttur til hernaðarnota, íhlutir og efnablöndur, sem hér segir:

1. búnaður sem er hannaður eða breyttur til varnar gegn efnum sem tilgreind eru í ML7.a., ML7.b. eða ML7.d. og sérhannaðir íhlutir í hann,

2. búnaður sem er hannaður eða breyttur til afmengunar hluta sem mengast hafa af efnum sem tilgreind eru í ML7.a. eða ML7.b. og sérhannaðir íhlutir í hann,

3. efnablöndur sem eru þróaðar sérstaklega eða settar saman til þess að afmenga hluti sem mengast hafa af efnum sem tilgreind eru í ML7.a. eða ML7.b.

Athugasemd Í ML7.f.1. eru m.a.:

a. loftræstieiningar, sérhannaðar eða breyttar til kjarna-, lífefna- eða íðefnasíunar,

b. hlífðarfatnaður.

Aths. *Um gasgrímur, hlífðar- eða afmengunarbúnað fyrir almenna borgara, sjá einnig færslu 1A004 í skrá ESB um vörur með tvíþætt notagildi.*

g. Búnaður, sem er sérhannaður eða breyttur til hernaðarnota, hannaður eða breyttur til að finna eða greina efni sem tilgreind eru í ML7.a., ML7.b. eða ML7.d. og sérhannaðir íhlutir í hann.

Athugasemd *ML7.g. gildir ekki um skammtamæla sem vakta geislun og ætlaðir eru einstaklingum.*

Aths. *Sjá einnig færslu 1A004 í skrá ESB um vörur með tvíþætt notagildi.*

h. „Líffjölliður“, sérhannaðar eða sérunnar til að finna eða greina efnavopn sem tilgreind eru í ML7.b. og sérstök frumuræktun sem notuð er til að framleiða þær.

i. „Lífhvatar“ til afmengunar eða niðurbrots efnavopna og lífræn kerfi til þess, sem hér segir:

1. „lífhvatar“, sérhannaðir til afmengunar eða niðurbrots efnavopna sem tilgreind eru í ML7.b., og sem framleiddir eru með markvissu vali í rannsóknarstofu eða erfðabreytingum á lífrænum kerfum,

2. lífræn kerfi sem innihalda sérstakar erfðaupplýsingar til framleiðslu þeirra „lífhvata“ sem tilgreindir eru í ML7.i.1., sem hér segir:

a. „tjáningarferjur“,

b. veirur,

c. frumuræktun.

Athugasemd 1 *ML7.b. og ML7.d. gilda ekki um eftirfarandi:*

a. sýanógenklóríð (MPA) (CAS 506-77-4), sjá færslu 1C450.a.5 í skrá ESB um vörur með tvíþætt notagildi,

b. blásýra (CAS 74-90-8),

c. klór (CAS 7782-50-5),

d. karbónýlklóríð (fosgen) (CAS 75-44-5), sjá færslu 1C450.a.4. í skrá ESB um vörur með tvíþætt notagildi,

e. dífosgen(tríklórmetýlklórformat) (CAS 503-38-8),

f. ekki notað síðan 2004,

g. xýlýlbrómíð, ortó: (CAS 89-92-9), meta: (CAS 620-13-3), para: (CAS 104-81-4),

h. bensýlbrómíð (CAS 100-39-0),

i. bensýljoðíð (CAS 620-05-3),

j. brómaseton (CAS 598-31-2),

k. sýanógenbrómíð (CAS 506-68-3),

l. brómmetýletýlketón (CAS 816-40-0),

m. klóraseton (CAS 78-95-5),

n. etýljoðasetat (CAS 623-48-3),

o. joðaseton (CAS 3019-04-3),

p. klórpíkrín (CAS 76-06-2). Sjá færslu 1C450.a.7 í skrá ESB um vörur með tvíþætt notagildi.

Athugasemd 2 *Frumuræktun og lífræn kerfi, sem tilgreind eru í ML7.h. og ML7.i.2., eru einangruð fyrirbæri og þessir undirliðir gilda ekki um frumur eða lífræn kerfi til almennra nota, s.s. í landbúnaði, lyfjaframleiðslu, lækningum, dýralækningum, umhverfismálum, úrgangsstjórnun eða matvælaiðnaði.*

ML8 **„Orkuefni“ og skyld efni, sem hér segir:**

Aths.1. *Sjá einnig færslu 1C011 í skrá ESB um vörur með tvíþætt notagildi.*

Aths.2. *Um sprengjuhleðslur og -búnað, sjá ML4 og færslu 1A008 í skrá ESB um vörur með tvíþætt notagildi.*

Tæknilegar athugasemdir

1. *Að því er varðar ML8 merkir blanda samsetningu tveggja eða fleiri efna með a.m.k. einu efni sem er skráð í undirliðum ML8.*

2. *Sérhvert efni, sem skráð er í undirliðum ML8, fellur undir þessa skrá, jafnvel þegar það er notað í öðrum tilgangi en þeim sem tilgreindur er. (Til dæmis er TAGN oftast notað sem sprengiefni en getur einnig nýst annaðhvort sem eldsneyti eða sem oxari.)*

3. *Að því er varðar ML18 er agnastærð meðalþvermál agnar miðað við þyngd eða rúmmál. Alþjóðlegir staðlar eða jafngildir landsstaðlar verða notaðir við sýnatöku og ákvörðun agnastærðar.*

a. „Sprengiefni“, sem hér segir, og blöndur þeirra:

1. ADNBF (amínódínítróbensófúroxan eða 7-amínó-4,6-dínítróbensófúrasan-1-oxíð) (CAS 97096-78-1),

2. BNCP (cis-bis(5-nítrótetrasólató)tetraamínkóbalt(III)perklórat) (CAS 117412-28-9),

3. CL-14 (díamínódínítróbensófúroxan eða 5,7-díamínó-4,6-dínítróbensófúrasan-1-oxíð) (CAS 117907-74-1),

4. CL-20 (HNIW eða hexanítróhexaasaísóvúrtsítan) (CAS 135285-90-4); klatröt af CL-20 (sjá einnig ML8.g.3. og g.4. um „forefni“ þess),

5. CP (2-(5-sýanótetrasólató) pentaamínkóbalt(III)perklórat) (CAS 70247-32-4),

6. DADE (1,1-díamínó-2,2-dínítróetýlen, FOX7) (CAS 145250-81-3),

7. DATB (díamínótrínítróbensen) (CAS 1630-08-6),

8. DDFP (1,4-dínítródífúrasanópíperasín),

9. DDPO (2,6-díamínó-3,5-dínítrópýrasín-1-oxíð, PZO) (CAS 194486-77-6),

10. DIPAM (3,3′-díamínó-2,2′,4,4′,6,6′-hexanítróbífenýl eða dípíkramíð) (CAS 17215-44-0),

11. DNGU (DINGU eða dínítróglýkólúríl) (CAS 55510-04-8),

12. fúrasön, sem hér segir:

a. DAAOF (DAAF, DAAFox, eða díamínóasófúrasan),

b. DAAzF (díamínóasófúrasan) (CAS 78644-90-3),

13. HMX og afleiður (sjá einnig ML8.g.5. að því er varðar „forefni“), sem hér segir:

a. HMX (sýklótetrametýlentetranítramín, oktahýdró-1,3,5,7-tetranítró-1,3,5,7-tetrasín, 1,3,5,7-tetranítró-1,3,5,7-tetrasa-sýklóoktan, októgen) (CAS 2691-41-0),

b. díflúoramineraðar hliðstæður HMX,

c. K-55 (2,4,6,8-tetranítró-2,4,6,8-tetraasabísýkló-[3,3,0]-oktanón-3, tetranítrósemíglýkóúríl eða ketó-bísýklískt HMX) (CAS 130256-72-3),

14. HNAD (hexanítróadamantan) (CAS 143850-71-9),

15. HNS (hexanítróstílben) (CAS 20062-22-0),

16. ímídasól sem hér segir:

    a. BNNII (oktahýdró-2,5-bis(nítróímínó)imídasó [4,5-d]ímídasól),

    b. DNI (2,4-dínítróimídasól) (CAS 5213-49-0),

    c. FDIA (1-flúor-2,4-dínítróimídasól),

    d. NTDNIA (N-(2-nítrótríasóló)-2,4-dínítróimídasól),

    e. PTIA (1-píkrýl-2,4,5-trínítróimídasól),

17. NTNMH (1-(2-nítrótríasóló)-2-dínítrómetýlenhýdrasín),

18. ADNBF (ONTA eða 3-nítró-1,2,4-tríasól-5-ón) (CAS 932-64-9),

19. fjölnítrókúbön með fleiri en fjóra nítróhópa,

20. PYX (2,6-bis(píkrýlamínó)-3,5-dínítrópýrídín) (CAS 38082-89-2),

21. RDX og afleiður, sem hér segir:

    a. RDX (sýklótrímetýlentrínítramín, sýklónít, T4, hexahýdró-1,3,5-trínítró-1,3,5-tríasín, 1,3,5-trínítró-1,3,5-tríasa-sýklóhexan, hexógen) (CAS 121-82-4),

    b. Ketó-RDX (K-6 eða 2,4,6-trínítró-2,4,6-tríasasýklóhexanón) (CAS 115029-35-1),

22. TAGN (tríamínógúanídínenítrat) (CAS 4000-16-2).

23. TATB (tríamínótrínítróbensen) (CAS 3058-38-6) (sjá einnig ML8.g.7 að því er varðar „forefni“),

24. TEDDZ (3,3,7,7-tetrabis(díflúoramín)oktahýdró-1,5-dínítró-1,5-díasósín),

25. tetrasól, sem hér segir:

    a. NTAT (nítrótríasólamínótetrasól),

    b. NTNT (1-N-(2-nítrótríasóló)-4-nítrótetrasól),

26. Tetrýl (trínítrófenýlmetýlnítramín) (CAS 479-45-8),

27. TNAD (1,4,5,8-tetranítró-1,4,5,8-tetraasadekalín) (CAS 135877-16-6) (sjá einnig ML8.g.6. að því er varðar „forefni“),

28. TNAZ (1,3,3-trínít róasetídín) (CAS 97645-24-4) (sjá einnig ML8.g.2. að því er varðar „forefni“),

29. TNGU (SORGUYL eða tetranítróglýkólúríl) (CAS 55510-03-7),

30. TNP (1,4,5,8-tetranítró-pýrídasínó[4,5-d]pýrídasín) (CAS 229176-04-9),

31. tríasín, sem hér segir:

    a. DNAM (2-oxý-4,6-dínítróamínó-s-tríasín) (CAS 19899-80-0),

    b. NNHT (2-nítróímínó-5-nítró-hexahýdró-1,3,5-tríasín) (CAS 130400-13-4),

32. tríasól, sem hér segir:

    a. 5-asídó-2-nítrótríasól,

    b. ADHTDN (4-amínó-3,5-díhýdrasínó-1,2,4-tríasóldínítramíð) (CAS 1614-08-0),

    c. ADNT (1-amínó-3,5-dínítró-1,2,4-tríasól),

    d. BDNTA ([bis-dínítrótríasól]amín),

    e. DBT (3,3′-dínítró-5,5-bí-1,2,4-tríasól) (CAS 30003-46-4),

f. DNBT (dínítróbístríasól) (CAS 70890-46-9),

g. ekki notað síðan 2010,

h. NTNT (1-N-(2-nítrótríasóló)3,5-dínítrótríasól),

i. PDNT (1-píkrýl-3,5-dínítrótríasól),

j. TACOT (tetranítróbensótríasólóbensótríasól) (CAS 25243-36-1).

33. Sprengiefni sem ekki eru skráð annars staðar í ML8.a. og hafa einhvern eftirfarandi eiginleika:

a. meiri sprengihraða en 8 700 m/s við hámarksþéttleika *eða*

b. meiri sprengiþrýsting en 34 GPa (340 kbar),

34. ekki notað eftir 2013,

35. DNAN (2,4-dínítróanísól) (CAS 119-27-7),

36. TEX (4,10-Dínítró-2,6,8,12-tetraoxa-4,10-díasaísóvúrtsítan),

37. GUDN (Gúanýlúrea dínítramíð) FOX-12 (CAS 217464-38-5),

38. tetrasín, sem hér segir:

a. BTAT (Bis(2,2,2-trínítróetýl)-3,6-díamínótetrasín),

b. LAX-112 (3,6-díamínó-1,2,4,5-tetrasín-1,4-díoxíð),

39. jónuð orkuefni sem bráðna við hitann á bilinu 343 K (70 °C) til 373 K (100 °C) og eru með meiri sprengihraða en 6 800 m/s eða meiri sprengiþrýsting en 18 GPa (180 kbar).

b. „Drifefni“, sem hér segir:

1. hvers kyns föst „drifefni“ með tiltekinni fræðilegri höggspennu (við staðalaðstæður) lengur en:

a. 240 sekúndur fyrir „drifefni“ sem ekki eru málmgerð, halógengerð,

b. 250 sekúndur fyrir „drifefni“ sem ekki eru málmgerð, halógengerð *eða*

c. 260 sekúndur fyrir „drifefni“ sem eru málmgerð,

2. ekki notað eftir 2013,

3. „drifefni“ með aflfasta yfir 1 200 kJ/kg,

4. „drifefni“ sem geta þolað stöðugan línulegan brunahraða sem er yfir 38 mm/s við staðalaðstæður (mælt með lötum einþráðungi) við 6,89 MPa (68,9 bar) þrýstingi og 294 K (21 °C),

5. teygjuefnisbreytt, steypt, tvíbotna (EMCDB) „drifefni“ með hámarksteygjanleika sem er yfir 5% við 233 K (– 40 °C) við hámarksálag,

6. „drifefni“ sem innihalda efni sem tilgreind eru í ML8.a.,

7. „drifefni“ sem ekki eru skilgreind annars staðar í hergagnalista ESB, sérhönnuð til hernaðarnota.

c. „Skoteldaefni“, eldsneyti og skyld efni, sem hér segir, og blöndur þeirra:

1. loftfarseldsneyti sem er sérstaklega samsett til hernaðarnota,

Athugasemd *Loftfarseldsneyti, sem tilgreint er í ML8.c.1., á við um fullunnar vörur, ekki innihaldsefni þeirra.*

2. alan (álhýdríð) (CAS 7784-21-6),

3. karbórön, dekabóran (CAS 17702-41-9), pentabórön (CAS 19624-22-7 og 18433-84-6) og afleiður þeirra,

4. hýdrasín og afleiður, sem hér segir (sjá einnig ML8.d.8. og d.9. um oxandi hýdrasínafleiður):

   a. hýdrasín (CAS 302-01-2), 70% að styrk eða þar yfir,

   b. mónómetýlhýdrasín (CAS 60-34-4),

   c. samhverft dímetýlhýdrasín (CAS 540-73-8),

   d. ósamhverft dímetýlhýdrasín (CAS 57-14-7),

   Athugasemd *ML8.c.4.a. gildir ekki um ‚hýdrasínblöndur' sem eru sérstaklega samsettar til að vinna gegn tæringu.*

5. málmeldsneyti, eldsneytisblöndur eða blöndur fyrir „skotelda" í eindaformi, hvort sem það er kúlulaga, ýrað, sporvölulaga, í flögum eða malað, framleitt úr efni sem hefur 99% eða þar yfir af eftirfarandi:

   a. málmum, sem hér segir, og blöndum þeirra:

      1. beryllíum (CAS 7440-41-7) með eindastærð undir 60 μm,

      2. járndufti (CAS 7439-89-6) með eindastærð 3 μm eða minni, framleitt með afoxun járnoxíðs með vetni,

   b. efnablöndum, sem innihalda eitthvað af eftirfarandi:

      1. sirkon (CAS 7440-67-7), magnesíum (CAS 7439-95-4) eða málmblendi af þeim í eindastærð undir 60 μm eða

      2. eldsneyti úr bór (CAS 7440-42-8) eða bórkarbíði (CAS 12069-32-8), 85% hreint eða þar yfir og með eindastærð undir 60 μm,

   Athugasemd 1 *ML8.c.5. gildir um sprengiefni og eldsneyti, hvort sem málmarnir eða málmblöndurnar eru hjúpaðar áli, magnesíum, sirkoni eða beryllíum.*

   Athugasemd 2 *ML8.c.5.b. gildir einungis um málmeldsneyti í eindaformi þegar það er blandað öðrum efnum, til að mynda efnablöndu sem er sérstaklega til hernaðarnota, s.s. fljótandi drifefnishrærur, föst drifefni eða skoteldablöndur.*

   Athugasemd 3 *ML8.c.5.b.2. gildir ekki um bór og bórkarbíð sem er auðgað með bór-10 (20% eða meira af heildarinnihaldi bór-10).*

6. efni til hernaðar, sem innihalda þykkingarefni fyrir eldsneyti úr vetniskolefni, sérstaklega blandað til að nota í eldvörpur eða íkveikjuskotfæri, s.s. málmsteröt (t.d. oktal (CAS 637-12-7)) eða orpalmítöt,

7. perklóröt, klóröt og krómöt í samsetningum með málmdufti eða öðrum íblöndunarefnum háorkueldsneytis,

8. kúlulaga eða sporvölulaga álduft (CAS 7429-90-5) með 60 μm eða minni eindastærð og framleitt úr efni sem inniheldur 99% eða þar yfir af áli,

9. títanundirhýdríð (TiH_n) með efnahlutfalli að jafngildi n = 0,65–1,68,

10. fljótandi eldsneyti með mikið orkuinnihald sem ekki er tilgreint í ML8.c.1., sem hér segir:

   a. blandað eldsneyti sem í er bæði fast og fljótandi eldsneyti (t.d. grugglausn úr bór) og með orkuinnihald byggt á massa sem er 40 MJ/kg eða meira,

   b. annað eldsneyti og íblöndunarefni í eldsneyti með miklu orkuinnihaldi (t.d. kúban, jónískar lausnir, JP-7, JP-10), sem er með orkuinnihald byggt á rúmmáli, sem nemur 37,5 GJ á hvern rúmmetra eða meira, mælt við 293 K (20 °C), og þrýsting sem nemur einni loftþyngd (101,325 kPa),

   Athugasemd *ML8.c.10.b. gildir ekki um JP-4, JP-8, hreinsað jarðefnaeldsneyti eða eldsneyti fyrir hreyfla sem er vottað til nota í almenningsflugi.*

11. „skoteldaefni“ og loftkveikjandi efni sem hér segir:

    a. „skoteldaefni“ eða loftkveikjandi efni sem sérstaklega eru samsett til þess að auka eða stjórna framleiðslu á geislaðri orku hvar sem er á innrauða rófinu,

    b. blöndur af magnesíum, pólýtetraflúóróetýlen (PTFE) og vínylíden díflúoríð-hexaflúorpropýlen samfjölliða (t.d. MTV),

12. eldsneytisblöndur, blöndur „skoteldaefna“ eða „orkuefni“ sem ekki eru skilgreind annars staðar í ML8, með allt eftirfarandi:

    a. inniheldur meira en 0,5% af eindum af eftirfarandi:

        1. áli,

        2. beryllíum,

        3. bóri,

        4. sirkoni,

        5. magnesíum eða

        6. títani,

    b. eindir tilgreindar í ML8.c.12.a., sem eru minni en 200 nm á hvaða veg sem er, *og*

    c. eindir, sem eru tilgreindar í ML8.c.12.a., með málminnihald jafnt og 60% eða meira.

d. Oxarar, sem hér segir, og í blöndum með þeim:

    1. ADN (ammóníumdínítramíð eða SR 12) (CAS 140456-78-6),

    2. AP (ammóníumperklórat) (CAS 7790-98-9),

    3. flúorefnasambönd með einhverju af eftirfarandi:

        a. öðrum halógenum,

        b. súrefni *eða*

        c. köfnunarefni,

        Athugasemd 1 *ML8.d.3. gildir ekki um klórtríflúoríð (CAS 7790-91-2).*

        Athugasemd 2 *ML8.d.3 gildir ekki um köfnunarefnistríflúoríð (CAS 7783-54-2) í loftkenndu formi þess.*

    4. DNAD (1,3-dínítró-1,3-díasetidín) (CAS 78246-06-7),

    5. HAN (hýdroxýlammóníumnítrat) (CAS 13465-08-2),

    6. HAN (hýdroxýlammóníumperklórat) (CAS 15588-62-2),

    7. HNF (hýdrasínnítróformat) (CAS 20773-28-8),

    8. Hýdrasínnítrat (CAS 37836-27-4),

    9. Hýdrasínperklórat (CAS 27978-54-7),

    10. Fljótandi oxarar sem eru úr eða innihalda letjandi, rauða, rjúkandi saltpéturssýru (IRFNA) (CAS 8007-58-7).

        Athugasemd *ML8.d.10 gildir ekki um rjúkandi saltpéturssýru sem er ekki letjandi.*

e. Bindiefni, mýkiefni, einliður og fjölliður, sem hér segir:

    1. AMMO (asídómetýlmetýloxetan og fjölliður þess) (CAS 90683-29-7) (sjá einnig ML8.g.1. að því er varðar „forefni“ þess),

    2. BAMO (bísasídómetýloxetan og fjölliður þess) (CAS 17607-20-4) (sjá einnig ML8.g.1. að því er varðar „forefni“ þess),

3. BDNPA (bis(2,2-dínítrópropýl)asetal (CAS 5108-69-0),

4. BDNPF (bis(2,2-dínítrópropýl)formal (CAS 5917-61-3),

5. BTTN (bútanetríóltrínítrat) (CAS 6659-60-5) (sjá einnig ML8.g.8. að því er varðar „forefni“ þess),

6. orkuríkar einliður, mýkiefni eða fjölliður sem eru sérstaklega samsettar til hernaðarnota og innihalda eitthvað af eftirfarandi:

   a. nítrósamstæður,

   b. asíðsamstæður,

   c. nítratsamstæður,

   d. nítratasasamstæður *eða*

   e. díflúoramínósamstæður,

7. FAMAO (3-díflúoramínómetýl-3-asídómetýloxetan) og fjölliður þess,

8. FEFO (bis-(2-flúor-2,2-dínítróetýl)formal (CAS 17003-79-1),

9. FPF-1 (pólý-2,2,3,3,4,4-hexaflúorpentan-1,5-díólformal) (CAS 376-90-9),

10. FPF-3 (pólý-2,4,4,5,5,6,6-heptaflúor-2-trí-flúormetýl-3-oxaheptan-1,7-díólformal),

11. GAP (glýsídýlasíðfjölliða) (CAS 143178-24-9) og afleiður hennar,

12. HTPB (pólýbútadíen með hýdroxýlhópi á hvorum enda) með hýdroxýlvirkni sem er jöfn eða stærri en 2,2 og minni en eða jöfn 2,4, hýdroxýlgildi sem er undir 0,77 meq/g og seigju við 30 °C minni en 47 poise (CAS 69102-90-5),

13. Alkóhólvirkt pólý(epíklórhýdrín) með mólþyngd minni en 10 000, sem hér segir:

   a. pólý(epíklórhýdríndíól),

   b. pólý(epíklórhýdríntríól),

14. NENA (nítratetýlnítramínefnasambönd) (CAS 17096-47-8, 85068-73-1, 82486-83-7, 82486-82-6 og 85954-06-9),

15. PGN (pólý-GLYN, pólýglýsídýlnítrat eða pólý(nítratmetýloxíran)) (CAS 27814-48-8),

16. pólý-NIMMO (pólýnítratmetýlmetýloxetan), pólý-NMMO eða (pólý(3-nítratmetýl-3-metýloxetan) (CAS 84051-81-0),

17. Pólýnítróortókarbonöt,

18. TVOPA (1,2,3-tris[1,2-bis(díflúoramínó)etoxý]própan eða samsett vínoxýprópan) (CAS 53159-39-0),

19. 4,5 díasíðmetýl-2-metýl-1,2,3-tríasól (ísó- DAMTR),

20. PNO (Pólý(3-nítrató oxetan)).

f. „Aukefni“, sem hér segir:

   1. basískt koparsalisýlat (CAS-nr. 62320-94-9),

   2. BHEGA (bis-(2-hýdroxýetýl)glýkólamíð) (CAS 17409-41-5),

   3. BNO (bútadíenenítríloxíð),

4. afleiður ferrósens sem hér segir:

   a. bútasen (CAS 125856-62-4),

   b. katósen (2,2-bis-etýlferrósenýlprópan) (CAS 37206-42-1),

   c. ferrósenkarboxýlsýrur og ferrósenkarboxýlsýruesterar,

   d. n-bútýl-ferrósen (CAS 31904-29-7),

   e. aðrar samsettar, fjölliða ferrósenafleiður sem ekki eru tilgreindar annars staðar í ML8.f.4.,

   f. etýlferrósen (CAS 1273-89-8),

   g. própýlferrósen,

   h. pentýlferrósen (CAS 1274-00-6),

   i. dísýklópentýlferrósen,

   j. dísýklóhexýlferrósen,

   k. díetýlferrósen (CAS 1273-97-8),

   l. díprópýlferrósen,

   m. díbútýlferrósen (CAS 1274-08-4),

   n. díhexýlferrósen (CAS 93894-59-8),

   o. asetýlferrósen (CAS 1271-55-2)/1,1′-díasetýlferrósen (CAS 1273-94-5),

5. blý-beta-resorsýlat (CAS 20936-32-7),

6. blýsítrat (CAS 14450-60-3),

7. blý-koparklósamband af beta-resorsýlati eða salisýlötum (CAS 68411-07-4),

8. blýmaleat (CAS 19136-34-6),

9. blýsalisýlat (CAS 15748-73-9),

10. blýstannat (CAS 12036-31-6),

11. MAPO (tris-1-(2-metýl)asírídínýlfosfínoxíð) (CAS 57-39-6); BOBBA 8 (bis(2-metýlasírídínýl)2-(2-hýdroxýprópanoxý)própýlamínófosfínoxíð) og aðrar MAPO-afleiður,

12. metýl BAPO (bis(2-metýlasírídínýl)metýlamínófosfínoxíð) (CAS 85068-72-0),

13. N-metýl-p-nítróanilín (CAS 100-15-2),

14. 3-nítrasa-1,5-pentandíísósýanat (CAS 7406-61-9),

15. málmlífræn bindiefni, sem hér segir:

   a. neópentýl[díallýl]oxý, trí[díoktýl]fostat-títanat (CAS 103850-22-2); einnig þekkt sem títan IV, 2,2[bis-2-própenólatmetýl, bútanólat, tris (díoktýl)fosfat] (CAS 110438-25-0) eða LICA 12 (CAS 103850-22-2),

   b. títan IV, [(2-própenólat-1)metýl, n-própanólatmetýl] bútanólat-1, tris[díoktýl] pýrófosfat eða KR3538,

   c. títan IV, [(2-própenólat-1)metýl, n-própanólatmetýl] bútanólat-1, tris(díoktýl)fosfat,

16. pólýsýandíflúoramínóetýlenoxíð,

17. bindiefni sem hér segir:

    a. 1,1R,1S-trímesóýl-tris(2-etýlasírídín) (HX-868, BITA) (CAS 7722-73-8),

    b. pólý-virk asírídínamíð með ísóþalískri, trímesískri, ísósýanúrískri eða trímetýladípískri grunnbyggingu og einnig með 2-metýl- eða 2-etýl asírídín-hring,

        Athugasemd Í lið M L.8.f.17.b. eru m.a.:

            a. 1,1H-Ísóþalóýl-bis(2-metýlasírídín)(HX-752) (CAS 7652-64-4),

            b. 2,4,6-tris(2-etýl-1-asírídínýl)-1,3,5-tríasín (HX-874) (CAS 18924-91-9),

            c. 1,1'-trímetýladípóýl-bis(2-etýlasírídín)(HX-877)(CAS 71463-62-2),

18. própýlenímín (2-metýlasírídín) (CAS 75-55-8),

19. mjög fíngert járnoxíð (Fe_2O_3) (CAS 1317-60-8) með sérstökum yfirborðsfleti sem er yfir 250 m^2/g og meðaleindastærð er 3,0 nm eða minni,

20. TEPAN (tetraetýlenpentaamínakrýlnítríl) (CAS 68412-45-3); sýanetýleruð pólýamín og sölt þeirra,

21. TEPANOL (tetraetýlenpentaamínakrýlnítrílglýsídól) (CAS 68412-46-4); sýanóetýleruð pólýamín í samsetningum með glýsídóli og söltum þeirra,

22. TPB (trífenýlbismút) (CAS 603-33-8),

23. TEPB (Tris (etoxýfenýl) bismút) (CAS 90591-48-3),

g. „forefni“ sem hér segir:

    Aths. Í ML8.g. er getið um sérstök „orkuefni“ sem framleidd eru úr þessum efnum.

    1. BCMO (bisklórmetýloxetan) (CAS 142173-26-0) (sjá einnig ML8.e.1. og e.2.),

    2. dínítróasetídín-t-bútýlsalt (CAS 125735-38-8) (sjá einnig ML8.a.28.),

    3. hexaasaísóvúrtsítan-afleiður, þ.m.t. HBIW (hexabensýlhexaasaísóvúrtsítan) (CAS 124782-15-6) (sjá einnig ML8.a.4.) og TAIW (tetraasetýldíbensýlhexaasaísóvúrtsítan) (CAS 182763-60-6) (sjá einnig ML8.a.4.),

    4. ekki notað síðan 2013,

    5. TAT (1,3,5,7 tetraasetýl-1,3,5,7-tetraasasýklóoktan) (CAS 41378-98-7) (sjá einnig ML8.a.13),

    6. 1,4,5,8-tetraasadekalín (CAS 5409-42-7) (sjá einnig ML8.a.27.),

    7. 1,3,5-tríklórbensen (CAS 108-70-3) (sjá einnig ML8.a.23.),

    8. 1,2,4-tríhýdroxýbútan (1,2,4-bútantríól) (CAS 3068-00-6) (sjá einnig ML8.e.5.),

    9. DADN (1,5-díasetýl-3,7-dínítró-1, 3, 5, 7-tetraasa-sýklóoktan) (sjá einnig ML8.a.13.),

Athugasemd 1 *ML8 gildir ekki um eftirfarandi efni nema þau séu efnasambönd eða blönduð þeim „orkuefnum“ sem tilgreind eru í ML8.a. eða málmduft sem tilgreint er í ML8.c.:*

a. ammóníumpíkrat (CAS 131-74-8),

b. svart púður,

c. hexanítródífenýlamín (CAS 131-73-7),

d. díflúoramín(CAS 10405-27-3),

e. nítrósterkja (CAS 9056-38-6),

f. kalíumnítrat (CAS 7757-79-1),

g. tetranítrónaftalen,

h. trínítróanísól,

i. trínítrónaftalen,

j. trínítroxýlen,

k. n-pýrrólídínón; 1-metýl-2-pýrrólídínón (CAS 872-50-4),

l. díoktýlmaleat (CAS 142-16-5),

m. etýlhexýlakrýlat (CAS 103-11-7),

n. tríetýlál (TEA) (CAS 97-93-8), trímetýlál (TMA) (CAS 75-24-1) og önnur loftkveikjandi málmalkýl og arýl af litíum, natríum, magnesíum, sinki eða bóri,

o. nítrósellulósi (CAS 9004-70-0),

p. nítróglýserín (eða glýseróltrínítarat, trínítróglýserín) (NG) (CAS 55-63-0),

q. 2,4,6-trínítrótólúen (TNT) (CAS 118-96-7),

r. etýlendíamíndínítrat (EDDN) (CAS 20829-66-7),

s. pentaerýtrítóltetranítrat (PETN) (CAS 78-11-5),

t. blýasíð (CAS 13424-46-9), venjulegt blýstýfnat (CAS 15245-44-0) og basískt blýstýfnat (CAS 12403-82-6) og eingreind sprengiefni eða kveikjuhleðslublöndur sem innihalda asíð eða asíðflóka,

u. tríetýlenglýkóldínítrat (TEGDN)(CAS 111-22-8),

v. 2,4,6-trínítróresorsínól (stypnínsýra) (CAS 82-71-3),

w. díetýldífenýlúrea (CAS 85-98-3), dímetýldífenýlúrea (CAS 611-92-7), metýletýldífenýlúrea [Centralites],

x. N,N-dífenýlúrea (ósamhverf dífenýlúrea) (CAS 603-54-3),

y. metýl-N,N-dífenýlúrea (metýl-ósamhverf dífenýlúrea)(CAS 13114-72-2),

z. etýl-N,N-dífenýlúrea (ósamhverf etýldífenýlúrea) (CAS 64544-71-4),

aa. 2-nítródífenýlamín (2-NDPA) (CAS 119-75-5),

bb. 4-nítródífenýlamín (4-NDPA) (CAS 836-30-6),

cc. 2,2-dínítróprópanól (CAS 918-52-5),

dd. nítrógúanídín (CAS 556-88-7) (sjá færslu 1C011.d í skrá ESB um vörur með tvíþætt notagildi),

Athugasemd 2 *ML8 gildir ekki um ammóníum perklórat (ML8.d.2.), NTO (ML8.a.18.) eða katósen (ML8.f.4.b.) og sem uppfylla allt eftirfarandi:*

a. eru að lögun og samsetningu sérstaklega ætluð fyrir gasframleiðslutæki til almennra nota,

b. innihalda efnasambönd eða -blöndur með óvirkum hitaherðandi bindiefnum eða mýkingarefnum og hafa massa undir 250 g,

c. hafa að hámarki 80% ammóníumperklórat (ML8.d.2.) í massa virka efnisins,

d. hafa minna en eða jafngildi 4 g af NTO (ML8.a.18.) og

e. hafa minna en eða jafngildi 1 g af katósen (ML8.f.4.b.).

ML9 **Skip til hernaðar (sem sigla ofan- eða neðansjávar), sérstakur búnaður fyrir skip, fylgihlutir, íhlutir og önnur ofansjávarskip, sem hér segir:**

Aths. *Um stýri- og leiðsögubúnað, sjá ML11.*

a. Skip og íhlutir, sem hér segir:

1. Skip (sem sigla ofan- eða neðansjávar), sem eru sérstaklega hönnuð eða þeim breytt til hernaðarnota, án tillits til núverandi stöðu viðhalds eða rekstrarástands og þess hvort þau eru með skotbúnað eða brynvörn eða ekki, og skipsskrokkar eða skrokkhlutar slíkra skipa ásamt íhlutum í þá, sem eru sérstaklega hannaðir til hernaðarnota.

2. Ofansjávarskip, af öðru tagi en þau sem tilgreind eru í ML9.a.1., með einhverju af eftirfarandi, áföstu eða innbyggðu í farið:

a. sjálfvirk vopn með 12,7 mm hlaupvídd eða meiri, sem tilgreind eru í ML1, vopn, sem tilgreind eru í ML2, ML4, ML12 eða ML19, eða ‚undirstaða' eða styrktir festipunktar (e. *hard points*) fyrir þess háttar vopn,

Tæknileg athugasemd

‚Undirstaða' vísar til vopnastæðis eða burðarstyrkingar sem gerð er í þeim tilgangi að setja upp vopn.

b. skotstýringarkerfi, sem tilgreind eru í ML5,

c. sem hafa allt eftirfarandi:

1. ‚vörn gegn íðefnum og lífrænum efnum ásamt geislunarmengun og geislavirkni (CBRN)' og

2. ‚forbleyti- eða spúlkerfi' til afmengunar eða

Tæknilegar athugasemdir

1. ‚Vörn gegn CBRN' er afmarkað innra rými með búnaði, t. d. til að mynda yfirþrýsting, einangra loftræstikerfi, takmarka loftræstiop með CBRN-síum og takmarka aðkomuleiðir fyrir starfsfólk sem hafa innfelldar slúsur.

2. ‚Forbleyti- eða spúlkerfi' er sjóúðunarkerfi sem getur bleytt yfirbyggingu og þilför skips samtímis.

d. virk gagnaðgerðavopnakerfi sem tilgreind eru í ML4.b., ML5.c. eða ML11.a. og hafa eitthvert af eftirfarandi:

1. ‚Vörn gegn CBRN',

2. skrokk og yfirbyggingu, sérhönnuð til að draga úr ratsjárþversniði,

3. búnað til að draga úr ummerkjum um hitauppgufun (t.d. kælikerfi fyrir útblástur), þó ekki þann sem er sérhannaður til að auka heildarskilvirkni aðalvélar eða til að draga úr umhverfisáhrifum eða

4. afseglunarkerfi sem hannað er til að draga úr segulummerkjum alls skipsins.

b. Véla- og knúningskerfi, sem hér segir, sérhönnuð til hernaðarnota og íhlutir í þau, sérhannaðir til hernaðarnota:

1. Dísilvélar, sérhannaðar fyrir kafbáta með allt eftirfarandi:

a. vélaraflsafköst, sem eru 1,12 MW (1 500 hp) eða þar yfir, og

b. snúningshraða sem er 700 rpm eða meiri.

2. Rafvélar, sérhannaðar fyrir kafbáta með allt eftirfarandi:

a. vélaraflsafköst yfir 0,75 MW (1 000 hp),

b. snögga stefnuskiptingu fram og aftur,

c. vökvakælingu og

d. eru alveg lokaðar.

3. Óseglanlegar dísilvélar með allt eftirfarandi:

a. vélaraflsafköst sem eru 37,3 kW (50 hp) eða þar yfir og

b. eru óseglanleg í hlutfallinu yfir 75% af heildarmassa.

4. Kerfi með ‚knúningsafl óháð lofti' (AIP), sérhönnuð fyrir kafbáta.

Tæknileg athugasemd

‚Knúningsafl óháð lofti' (AIP) gerir kafbáti neðansjávar kleift að starfrækja knúningskerfi sitt án aðgangs að súrefni andrúmsloftsins lengur en annars hefði verið unnt með rafhlöðum bátsins. Að því er varðar ML9.b.4. er AIP óháð kjarnorku.

c. Leitartæki undir yfirborði vatns/sjávar, sérhönnuð til hernaðarnota, stjórntæki fyrir þau og íhlutir í þau, sérhönnuð til hernaðarnota.

d. Varnarnet gegn kafbátum og tundurskeytum, sérhönnuð til hernaðarnota.

e. Ekki notað síðan 2003.

f. Gegnumtök á bol og tengibúnaður, sérhönnuð til hernaðarnota, sem gera kleift að tengjast búnaði utan skips, ásamt íhlutum í þau, sérhönnuð til hernaðarnota.

Athugasemd *ML9.f. tekur m.a. til tengibúnaðar fyrir skip með einleiðara, fjölleiðara, samásaleiðara eða ölduleiðara og gegnumtök á bol fyrir skip, en hvort tveggja er með rakaþétt ytra byrði og viðheldur nauðsynlegum eiginleikum á dýpi yfir 100 m og með ljósleiðaratengi og ljóstæknileg gegnumtök á bol, sérhönnuð fyrir „leysi"-geislasendingar, án tillits til dýptar. ML9.f. gildir ekki um venjuleg drifsköft og vökvastýrðan stýripinna í gegnumtökum á bol.*

g. Hljóðlausar legur með eitthvað af eftirfarandi, íhlutir fyrir þær og búnaður með þeim legum, sérhannaðar til hernaðarnota:

1. gas- eða segulhöggdeyfingu og -fjöðrun,

2. virka ummerkjastjórn *eða*

3. titringsbælingarstjórn.

ML10 **„Loftför", „farartæki léttari en andrúmsloftið", ómönnuð loftfarartæki (UAV), flughreyflar og búnaður fyrir „loftför", tengdur búnaður og íhlutir, sem hér segir, sérhönnuð eða þeim breytt til hernaðarnota:**

Aths. *Um stýri- og leiðsögubúnað, sjá ML11.*

a. Mönnuð „loftför" og „farartæki léttari en andrúmsloftið" og sérhannaðir íhlutir í þau.

b. Ekki notað síðan 2011.

c. Ómönnuð loftför og tengdur búnaður, sem hér segir, og sérhannaðir íhlutir í þau:

1. „ómönnuð loftfarartæki" (UAV), fjarstýrð loftfarartæki (RPV), sjálfstýrð, forritanleg farartæki og ómönnuð „farartæki léttari en andrúmslofið",

2. skotbúnaður, endurheimtubúnaður og stuðningsbúnaður á jörðu,

3. búnaður sem hannaður er til skipana eða stjórnunar.

d. Flughreyflar og sérhannaðir íhlutir í þá.

e. Búnaður til eldsneytistöku á flugi, sérhannaður eða honum breytt sérstaklega fyrir eitthvað af eftirfarandi, ásamt sérhönnuðum íhlutum í hann:

1. „loftför“ tilgreind í ML10.a. *eða*

2. ómönnuð loftför tilgreind í ML10.c.

f. ‚Búnaður á jörðu niðri‘, sérhannaður fyrir loftför, sem eru tilgreind í ML10.a., eða flughreyflar tilgreindir í ML10.d.

Tæknileg athugasemd

‚Búnaður á jörðu niðri‘ tekur til þrýstingseldsneytistökubúnaðar og búnaðar sem er hannaður til að auðvelda aðgerðir í lokuðum rýmum.

g. Búnaður til stuðnings lífi flugáhafna, öryggisbúnaður flugáhafna og önnur tæki til undankomu í neyð, sem ekki eru tilgreind í ML10.a., hönnuð fyrir „loftför“ tilgreind í ML10.a.

Athugasemd Í ML10.g. eru ekki settar reglur um hjálma flugáhafna sem hafa ekki til að bera eða hafa ekki festingar eða fylgihluti fyrir búnað sem er tilgreindur í sameiginlegum hergagnalista Evrópusambandsins.

Aths. *Viðvíkjandi hjálmum, sjá einnig ML13.c.*

h. Fallhlífar, svifvængir og skyldur búnaður, sem hér segir, og sérhannaðir íhlutir þeirra:

1. fallhlífar sem ekki eru tilgreindar annars staðar á sameiginlegum hergagnalista ESB,

2. svifvængir,

3. búnaður, sérhannaður fyrir fallhlífastökkvara í háloftunum (t.d. samfestingar, sérstakir hjálmar, öndunarkerfi, leiðsögutæki).

i. Stýrður opnunarbúnaður eða sjálfvirk leiðsögukerfi sem eru hönnuð fyrir farm sem varpað er niður í fallhlíf.

Athugasemd 1 *ML10.a. gildir ekki um „loftför“ og „farartæki léttari en andrúmsloftið“ sem sérhönnuð eru til hernaðarnota og allt eftirfarandi á við um:*

a. eru ekki orrustuflugvélar,

b. eru ekki miðuð við hernaðarnot og ekki búin tækjum eða aukabúnaði, sem er sérhannaður eða breyttur til hernaðarnota, og

c. eru vottuð til almenningsnota af flugmálayfirvöldum á sviði almenningsflugs í aðildarríki ESB eða í ríki sem tekur þátt í Wassenaar-fyrirkomulaginu.

Athugasemd 2 *ML10.d. gildir ekki um:*

a. flughreyfla, sem eru hannaðir eða breyttir til hernaðarnota, sem flugmálayfirvöld í aðildarríki ESB eða í ríki, sem tekur þátt í Wassenaar-fyrirkomulaginu, hafa vottað til nota í „almenningsloftfari“, eða sérhannaða íhluti í þá,

b. strokkhreyfla eða sérhannaða íhluti í þá, nema þá sem eru sérhannaðir í „ómönnuð loftfarartæki“.

Athugasemd 3 *Að því er varðar ML10.a. og ML10.d. eiga sérhannaðir íhlutir og tengdur búnaður fyrir almenn „loftför“ eða flughreyfla, sem breyttir eru til hernaðarnota, aðeins við um þá íhluti til hernaðarnota og hertengdan búnað sem nauðsynlegur er fyrir breytingar til hernaðarnota.*

Athugasemd 4 *Að því er varðar ML10.a. taka hernaðarnot m.a. til: bardaga, könnunar í hernaðarlegum tilgangi, árása, herþjálfunar, stuðnings við birgðaflutninga og flutninga ásamt því að láta fallhlífahermenn eða hergögn falla til jarðar.*

Athugasemd 5 *ML10.a. gildir ekki um „loftför“ sem allt eftirfarandi á við um:*

a. voru fyrst framleidd fyrir 1946,

b. eru ekki búin hlutum, sem tilgreindir eru í sameiginlegum hergagnalista Evrópusambandsins, að undanskildum þeim hlutum sem er krafist til að uppfylla öryggis- eða lofthæfisstaðla aðildarríkis ESB eða ríkis sem er aðili að Wassenaar-fyrirkomulaginu og

c. eru ekki búin vopnum, sem tilgreind eru í sameiginlegum hergagnalista ESB, nema þau séu óvirk og ógerlegt sé að gera þau starfhæf að nýju.

ML11 **Rafeindabúnaður, „geimför“ og íhlutir, sem ekki eru tilgreind annars staðar í sameiginlegum hergagnalista ESB, sem hér segir:**

a. Rafeindabúnaður, sérhannaður til hernaðarnota, ásamt sérhönnuðum íhlutum hans.

Athugasemd *ML11.a. gildir m.a. um:*

a. gagnaðgerða- og gagn-gagnaðgerðarafeindabúnað (þ.e. tæki sem hönnuð eru til að framkalla framandi eða villandi merki í ratsjám eða þráðlausum fjarskiptatækjum eða til að hindra á annan hátt viðtöku, starfrækslu eða virkni rafeindaviðtökubúnaðar andstæðinga, þ.m.t. gagnaðgerðabúnaðar þeirra), þ.m.t. búnað til truflunarsendinga og gagntruflunarsendinga,

b. tíðnisnarpa myndlampa (e. frequency agile tubes),

c. rafeindakerfi eða -búnað sem er annaðhvort hannaður til eftirlits og vöktunar á rafeindasegulsviðinu til að afla hernaðarlegra upplýsinga eða í öryggisskyni eða til að sporna gegn þess háttar eftirliti eða vöktun,

d. gagnaðgerðir undir yfirborði vatns/sjávar, m.a. blekkingaraðgerðir með hljóð- og segultruflunum, og búnað til að kalla fram framandi og röng merki í hljóðsjám,

e. öryggisbúnað fyrir gagnavinnslu, gagnaöryggisbúnað og öryggisbúnað á útsendingar- og merkjalínu, þar sem dulkóðun er notuð,

f. kennsla-, staðfestingar- og lykilhleðslubúnað (e. keyloader equipment) og lykilstjórnun (e. key management), framleiðslu- og dreifibúnað,

g. leiðsögu- og siglingabúnað,

h. stafrænan búnað fyrir fjarskipti með tvístrun rafsegulbylgna í veðrahvolfinu,

i. stafræna afmótara, sérhannaða fyrir leynilegar merkjasendingar,

j. „sjálfvirk skipana- og stjórnkerfi“.

Aths. *Um „hugbúnað“, sem tengist „hugbúnaðar“-skilgreindu útvarpi og viðtöku“ (SDR), sjá ML21.*

b. Truflunarbúnaður fyrir hnattræn gervihnattaleiðsögukerfi (GNSS) og sérhannaðir íhlutir hans.

c. „Geimför“, sérhönnuð eða breytt til hernaðarnota, ásamt sérhönnuðum íhlutum í „geimför“ sem eru sérhannaðir til hernaðarnota.

ML12 **Háhraðavopnakerfi og tengdur búnaður, sem hér segir, og sérhannaðir íhlutir þeirra:**

a. Hreyfiorkuvopnakerfi, sérhönnuð til eyða skotmarki eða bægja frá árás frá því.

b. Sérhannaður prófunar- og matsbúnaður og prófunarlíkön, þ.m.t. greiningartæki og skotmörk, fyrir virka prófun á hreyfiorkuskeytum og -kerfum.

Aths. *Um vopnakerfi, sem nota undirhlaupviddarskotfæri eða nýta einvörðungu kemískt knúningsafl, og skotfæri fyrir þau, sjá ML1–ML4.*

Athugasemd 1 *ML12 tekur m.a. til eftirfarandi þegar það er sérhannað fyrir hreyfiorkuvopnakerfi:*

a. skotknúningskerfa með meiri massahröðun en 0,1 g að hraða umfram 1,6 km/s, í einvirkum eða hraðvirkum skotham,

b. aðalorkuframleiðslu, rafbrynja, orkugeymslu (t.d. þétta með geymslurými fyrir háorku), hitastýringar, formeðhöndlunar, umskiptingar eða meðferðar eldsneytis og rafrænna skilflata milli aflgjafa og rafdrifinna hlutverka að því er varðar hreyfingu fallbyssna eða byssustæða.

Aths. *Sjá einnig 3A001.e.2. í skrá ESB um vörur með tvíþætt notagildi um þétta með geymslurými fyrir háorku.*

c. markábendinga, markfylgni, skotstýringar eða tjónamatskerfa,

d. kerfa með sjálfstýrðri skotmarksleit eða stýranlegu eða stefnubreytanlegu (hliðarhröðun) knúningsafli fyrir skeyti.

Athugasemd 2 *ML12 gildir um vopnakerfi sem nota einhverjar eftirtalinna knúningsaðferða:*

a. eru rafsegulknúin,

b. eru rafhitaknúin,

c. eru rafgasknúin,

d. eru léttgasknúin eða

e. eru knúin íðefnum (þegar þau eru notuð í samsetningu með einhverju af framangreindu).

ML13 **Brynvarinn búnaður eða hlífðarbúnaður, smíðahlutir og íhlutir sem hér segir:**

a. Brynvarnarplata sem eitthvert af eftirtöldu á við um:

1. er framleidd samkvæmt herstaðli eða -tækniforskrift *eða*

2. hentar til hernaðarnota.

Aths. *Um plötur í brynklæði, sjá ML13.d.2.*

b. Smíðahlutir úr málmi eða málmlausu efni eða samsetningar þeirra sérhannaðar til að veita hernaðarkerfum skothelda vörn, ásamt sérhönnuðum íhlutum þeirra.

c. Hjálmar, sem framleiddir eru samkvæmt herstöðlum eða -tækniforskriftum, eða sambærilegum landsstöðlum, og sérhannaðir íhlutir þeirra (þ.e. hjálmskel, fóður og stuðningspúðar).

d. Brynklæði eða hlífðarfatnaður og viðeigandi íhlutir sem hér segir:

1. Mjúk brynklæði og hlífðarfatnaður, framleidd samkvæmt herstöðlum eða -tækniforskriftum eða jafngildi þeirra og sérhannaðir íhlutir þeirra.

Athugasemd *Að því er varðar ML13.d.1. fela herstaðlar eða -tækniforskriftir í sér, hið minnsta, tækniforskriftir um vörn gegn sprengibrotum.*

2. Harðar plötur í brynklæði, sem veita skothelda vörn og samsvara III. stigi eða þar fyrir ofan (NIJ 0101.06 í júlí 2008), eða landsbundið jafngildi hennar.

Athugasemd 1 Í ML13.b. er efni sem er sérhannað til að mynda sprengjuviðnámsvörn eða til að byggja herskýli.

Athugasemd 2 *ML13.c. gildir ekki um venjulega stálhjálma sem hvorki eru hannaðir eða breyttir til að taka við einhvers konar viðbótarbúnaði né hafa þannig búnað.*

Athugasemd 3 *ML13.c. og d. gilda ekki um hjálma, brynklæði eða hlífðarfatnað þegar notandi hefur hann með sér til persónulegrar varnar fyrir sjálfan sig.*

Athugasemd 4 *Einu hjálmarnir, sem eru sérhannaðir fyrir þá sem eyða sprengjum og tilgreindir eru í ML13, eru þeir sem eru sérhannaðir til hernaðarnota.*

Aths. 1 *Sjá einnig færslu 1A005 í skrá ESB um vörur með tvíþætt notagildi.*

Aths. 2 *Um „trefja- eða þráðefni“, sem notað er í framleiðslu brynklæða og hjálma, sjá færslu 1C010 í skrá ESB um vörur með tvíþætt notagildi.*

ML14 **‚Sérhæfður búnaður til herþjálfunar‘ eða fyrir hernaðarlegar hermisviðsmyndir, hermar sérhannaðir til þjálfunar í notkun skotvopna eða vopn tilgreind í ML1 eða ML2 og sérhannaðir íhlutir og aukabúnaður þeirra.**

Tæknileg athugasemd

Hugtakið ‚sérhæfður búnaður til herþjálfunar‘ tekur til herárásarþjálfa, aðgerðaflugsþjálfa, ratsjárskotmarksþjálfa, tækja til skotmarkagerðar fyrir ratsjá, skotvopnaþjálfunarbúnaðar, herþjálfa gegn kafbátum, flugherma (þ.m.t. miðflóttaaflsbóma til þjálfunar flugmanna/geimfara), ratsjárþjálfa, blindflugsþjálfa, leiðsögutækjaþjálfa, flaugaskotþjálfa, miðunarbúnaðar, dróna-„loftfara“, vígbúnaðarþjálfa, þjálfa fyrir flugmannslaus „loftför“, færanlegra þjálfunareininga og þjálfunarbúnaðar fyrir hernaðaraðgerðir á landi.

Athugasemd 1 *Í ML14 eru myndgerðarkerfi og gagnvirk umhverfiskerfi fyrir herma ef þau eru sérhönnuð eða þeim breytt til hernaðarnota.*

Athugasemd 2 *ML14 gildir ekki um búnað sem er sérhannaður til þjálfunar í notkun veiðivopna eða vopna sem notuð eru í íþróttum.*

ML15 **Mynd- eða gagnaðgerðabúnaður, sem hér segir, sérhannaður til hernaðarnota, ásamt sérhönnuðum íhlutum í hann:**

a. Upptöku- og myndvinnslubúnaður.

b. Myndavélar, ljósmyndabúnaður og filmuvinnslubúnaður.

c. Búnaður til myndskerpingar.

d. Innrauður búnaður eða hitabúnaður til myndgerðar.

e. Ratsjárnemar með myndbúnaði.

f. Gagnaðgerða- eða gagn-gagnaðgerðatæki fyrir þann búnað sem tilgreindur er í ML15.a.–ML15.e.

Athugasemd *Í ML15.f. er m.a. fjallað um tæki sem hönnuð eru til að hamla starfsemi eða virkni hernaðarlegra myndkerfa eða draga sem mest úr þess háttar hömlunaráhrifum.*

Athugasemd 1 *Í ML15 tekur hugtakið „sérhannaðir íhlutir“ til eftirfarandi þegar þeir eru sérhannaðir til hernaðarnota:*

a. innrauðra myndbreytilampa,

b. myndskerpingarlampa (þó ekki af fyrstu kynslóð),

c. örrásaplatna,

d. sjónvarpsmyndavélalampa fyrir litla lýsingu,

e. skynjarakerfa (þ.m.t. rafeindatæknilegra samtengingar- eða aflestrarkerfa),

f. fúrrafeindasjónvarpsmyndavélalampa (e. pyroelectric television camera tubes),

g. kælikerfa fyrir myndkerfi,

h. rafstýrðra loka af gerðum sem byggjast á birtustigi (e. photochromic) eða rafsegulsviði (e. electro-optical) með lokunarhraða sem er undir 100 μs, nema um sé að ræða loka sem eru nauðsynlegur hluti háhraðamyndavélar,

i. myndsnúningstækja með ljósleiðurum,

j. samsettra hálfleiðaraljósskauta.

Athugasemd 2 *ML15 gildir ekki um „myndskerpingarlampa af fyrstu kynslóð“ eða búnað sem er sérhannaður fyrir „myndskerpingarlampa af fyrstu kynslóð“.*

Aths. *Um flokkun vopnamiða með „myndskerpingarlampa af fyrstu kynslóð“, sjá ML1, ML2 og ML5.a.*

Aths. *Sjá einnig 6A002.a.2 og 6A002.b á skrá ESB yfir vörur með tvíþætt notagildi.*

ML16 **Smíðaðar, steyptar og aðrar ófullunnar vörur, sérhannaðar fyrir hluti sem tilgreindir eru í ML1–ML4, ML6, ML9, ML10, ML12 eða ML19.**

Athugasemd *ML16 gildir um ófullunnar vörur þegar þær eru auðkennanlegar af efnissamsetningu, útliti eða hlutverki.*

ML17 **Ýmis búnaður, efni og ‚gagnasöfn‘, sem hér segir, og sérhannaðir íhlutir þeirra:**

a. Tækjabúnaður til sjálfstæðrar köfunar og sunds undir yfirborði vatns eða neðansjávar sem hér segir:

1. búnaður með lokaðri eða hálflokaðri hringrás (enduröndun), sérhannaður til hernaðarnota (þ.e. sérhönnuð, ósegluð gerð),

2. sérhannaðir íhlutir til nota við breytingu á tækjum með opinni hringrás til hernaðarnota,

3. vörur sem eru einvörðungu hannaðar til hernaðarnota fyrir búnað til sjálfstæðrar köfunar og sunds undir yfirborði vatns eða neðansjávar.

Aths. *Sjá einnig 8A002.q. í skrá ESB um vörur með tvíþætt notagildi.*

b. Vinnuvélar og -tæki, sérhönnuð til hernaðarnota.

c. Tengihlutir, þekjuefni og meðhöndlun til ummerkjaleyndar, sérhönnuð til hernaðarnota.

d. Tækjabúnaður mannvirkjadeildar hers á vettvangi, sérhannaður til nota þar sem bardagar eru háðir.

e. „Þjarkar“, „þjarka“-stjórnbúnaður og „þjarka“-„snertlar“ sem hafa einhverja eftirfarandi eiginleika:

1. sérhannaðir til hernaðarnota,

2. hafa búnað til að verja vökvaleiðslur gegn utanaðkomandi götunarskemmdum af völdum skotbrota (t.d. með sjálfvirkri þéttingu á leiðslunum) og hannaðir fyrir vökvakerfisvökva með blossamarki yfir 839 K (566 °C) *eða*

3. sérhannaðir eða flokkaðir til að virka í umhverfi með rafsegulhöggum (EMP).

Tæknileg athugasemd

Með „rafsegulhöggi“ er ekki átt við óvísvitandi truflun af völdum rafsegulgeislunar frá nærliggjandi tækjabúnaði (t.d. vélum, tækjum eða rafeindabúnaði) eða eldingum.

f. ‚Gagnasöfn‘ (stikaðir tæknigagnagrunnar), sérhönnuð til hernaðarnota með hliðsjón af þeim búnaði sem tilgreindur er í sameiginlegum hergagnalista ESB.

g. Búnaður til kjarnorkuframleiðslu eða knúningsbúnaður, þ.m.t. „kjarnakljúfar“, sérhannaður til hernaðarnota og íhlutir hans, sérhannaðir eða ‚breyttir‘ til hernaðarnota.

h. Búnaður og efni, húðuð eða meðhöndluð til ummerkjaleyndar, sérhönnuð til hernaðarnota, þó ekki þau sem eru tilgreind annars staðar í sameiginlegum hergagnalista ESB.

i. Hermar, sérhannaðir fyrir „kjarnakljúfa“ til hernaðarnota.

j. Færanleg viðgerðarverkstæði, sérhönnuð eða ‚breytt‘ til að viðhalda herbúnaði.

k. Rafalar til nota á vettvangi, sérhannaðir eða ‚breyttir' til hernaðarnota.

l. Gámar, sérhannaðir eða ‚breyttir' til hernaðarnota.

m. Ferjur, sem ekki eru skilgreindar annars staðar í hergagnalista ESB, brýr og dýpkunarprammar, sérhönnuð til hernaðarnota.

n. Prófunarlíkön, sérhönnuð til „þróunar" hluta sem tilgreindir eru í ML4, ML6, ML9 eða ML10.

o. Leysivarnarbúnaður (t.d. augn- og skynjarahlífar), sérhannaður til hernaðarnota.

p. „Efnarafalar", sem ekki eru skilgreindir annars staðar í hergagnalista ESB, sérhannaðir eða ‚breyttir' til hernaðarnota.

Tæknilegar athugasemdir

1. *Að því er varðar ML17 merkir hugtakið ‚gagnasafn' (stikaður tæknigagnagrunnur) safn tækniupplýsinga hernaðarlegs eðlis, en hagnýting þess getur aukið afköst herbúnaðar eða hernaðarkerfa.*

2. *Að því er varðar ML17 merkir ‚breyttur' hvers kyns byggingarfræðilegar, raffræðilegar og vélfræðilegar breytingar eða aðrar breytingar sem gera hlut, sem er ekki til notkunar í hernaði, að hlut sem er sérhannaður til hernaðarnota.*

ML18 **Búnaður til framleiðslu og íhlutir sem hér segir:**

a. Sérhannaður eða breyttur ‚framleiðslu'-búnaður til ‚framleiðslu' vara, sem tilgreindar eru í sameiginlegum hergagnalista ESB, ásamt sérhönnuðum íhlutum hans.

b. Sérhönnuð aðstaða til umhverfisprófunar og sérhannaður búnaður hennar vegna vottunar, hæfismats eða prófunar vara sem tilgreindar eru í sameiginlegum hergagnalista ESB.

Tæknileg athugasemd

Að því er varðar ML18 felur hugtakið ‚framleiðsla' í sér hönnun, athugun, framleiðslu, prófun og eftirlit.

Athugasemd *ML18.a. og ML18.b. ná m.a. yfir eftirfarandi búnað:*

a. sívirk tæki til kröfnunarefnissýringar,

b. skilvinduprófunartæki eða -búnað með einhvern eftirfarandi eiginleika:

1. *knúinn vél eða vélum með metinn heildarhestaflafjölda yfir 298 kW (400 hp),*

2. *með getu til að bera farmþunga sem er 113 kg eða þar yfir eða*

3. *með getu til 8 g skilvinduhröðunar, eða þar yfir, með 91 kg farmþunga eða þar yfir,*

c. vatnssneyðingarpressur,

d. skrúfuútþrýstingspressur, sérhannaðar eða breyttar fyrir sprengiútþrýsting til hernaðarnota,

e. skurðarvélar til að flokka útþrýstingsdrifefni eftir stærð,

f. sælgætistunnur (tromlur) sem eru 1,85 m í þvermál eða þar yfir og með 227 kg innihaldsrými,

g. sívirka blandara fyrir föst drifefni,

h. kvarnir, knúnar fljótandi eldsneyti, til að mylja eða mala innihaldsefni í sprengiefni til hernaðarnota,

i. búnað til að fá fram bæði kúlulögun og jafna eindastærð í málmpúðri sem skráð er í ML8.c.8.,

j. varmaburðastraumbreyta fyrir breytingu efna sem skráð eru í ML8.c.3.

ML19 **Vopnakerfi sem nota stefnuvirka orku (DEW), tengdur búnaður eða gagnaðgerðabúnaður og prófunarlíkön, sem hér segir, og sérhannaðir íhlutir þeirra:**

a. „Leysi"-kerfi, sérhönnuð til að eyða skotmarki eða bægja frá árás frá því.

b. Eindageislakerfi sem geta eytt skotmarki eða bægt frá árás frá því.

c. Háorkuútvarpstíðnikerfi (RF) sem geta eytt skotmarki eða bægt frá árás frá því.

d. Búnaður sem er sérhannaður til að finna eða bera kennsl á eða til varnar gegn kerfum sem tilgreind eru í ML19.a.–ML19.c.

e. Hlutkennd prófunarlíkön fyrir þau kerfi, þann búnað og þá íhluti sem tilgreind eru í ML19.

f. „Leysi“-kerfi, sérhönnuð til að valda varanlegri blindu á óvörðum augum, þ.e. berum augum eða augum með leiðréttandi sjóntækjum.

Athugasemd 1 *Í DEW-kerfum, sem tilgreind eru í ML19, eru kerfi sem byggja getu sína á stýrðri notkun:*

a. *„leysa“ sem hafa nægilegt afl til að valda sambærilegri eyðingu og hefðbundin skotfæri,*

b. *eindahraðla sem skjóta hlöðnum eða óhlöðnum eindageislum sem hafa eyðingarmátt,*

c. *hátíðnisenda með öflugum eða meðalöflugum útsendingargeisla sem myndar orkusvið sem eru nægilega öflug til að gera rafeindabúnað í fjarlægu skotmarki óvirkan.*

Athugasemd 2 *Í ML19 er m.a. fjallað um eftirfarandi þegar það er sérhannað fyrir DEW-kerfi:*

a. *búnað til aðalaflsframleiðslu, orkugeymslu, umskiptingar, orkumeðferðar eða meðhöndlunar eldsneytis,*

b. *markábendingar- eða markfylgnikerfi,*

c. *kerfi sem unnt er að nota til að meta tjón á skotmarki, eyðingu þess eða hvort árás frá því hafi verið bægt frá,*

d. *búnað til að stýra, útbreiða eða beina geislum,*

e. *búnað með hraðvirkum geislasnúningi fyrir hraðvirkar aðgerðir gegn mörgum skotmörkum,*

f. *aðlögunarhæf ljóstæknileg kerfi og fasasameiningartæki,*

g. *strauminnspýta fyrir neikvæða vetnisjónageisla,*

h. *„geimhæfa“ hröðunaríhluti,*

i. útstreymisbúnað fyrir neikvæða jónageisla,

j. *búnað til að stjórna og snúa háorkujónageisla,*

k. *„geimhæfar“ þynnur til að afhlaða neikvæða vetnissamsætugeisla.*

ML20 **Lághitabúnaður og „ofurleiðandi“ búnaður, sem hér segir, ásamt sérhönnuðum íhlutum og fylgihlutum þeirra:**

a. Sérhannaður eða samstilltur búnaður til uppsetningar í farartæki til hernaðarnota á landi, á eða í sjó, í lofti eða í geimnum, sem getur starfað á hreyfingu og framleitt eða viðhaldið hitastigi undir 103 K (– 170 °C).

Athugasemd *Í ML20.a. er m.a. fjallað um farkerfi sem eru búin eða nýta fylgihluti eða íhluti, sem framleiddir eru úr efnum sem eru ekki úr málmi eða leiða ekki rafmagn, s.s. plasti eða efnum sem eru gegndreypt epoxý.*

b. „Ofurleiðandi“ rafbúnaður (snúningsvélar og spennar), sérhannaður eða samstilltur til uppsetningar í farartæki til hernaðarnota á landi, á eða í sjó, í lofti eða í geimnum og getur starfað á hreyfingu.

Athugasemd *ML20.b. gildir ekki um einpóla jafnstraumsrafala af blendingsgerð, sem eru með einpóla snúða úr venjulegum málmi, sem snúast í segulsviði sem ofurleiðaraspólur framleiða, að því tilskildu að þessar spólur séu einu ofurleiðaraíhlutirnir í rafalnum.*

ML21 **„Hugbúnaður“ sem hér segir:**

a. „Hugbúnaður“ sem er sérhannaður eða breyttur fyrir „þróun“, „framleiðslu“ eða „notkun“ tækjabúnaðar, efna eða „hugbúnaðar“ sem tilgreindur er í sameiginlegum hergagnalista ESB.

b. Sérstakur „hugbúnaður“, annar en sá sem er tilgreindur í ML21.a., sem hér segir:

1. „hugbúnaður“, sérhannaður til hernaðarnota og sérhannaður til líkanagerðar, hermunar eða mats á hervopnakerfum,

2. „hugbúnaður“, sérhannaður til hernaðarnota og sérhannaður til líkanagerðar eða hermunar á sviðsmyndum hernaðaraðgerða,

3. „hugbúnaður“ til að ákvarða áhrif hefðbundinna vopna, kjarna-, efna- eða líffræðilegra vopna,

4. „hugbúnaður“, sérhannaður til hernaðarnota og sérhannaður fyrir yfirstjórn, fjarskipti, stjórnun og greiningarstarfsemi (C^3I) eða yfirstjórn, fjarskipti, stjórn, tölvumeðferð og greiningarstarfsemi (C^4I).

c. „Hugbúnaður“, ekki tilgreindur í ML21.a. eða b., sérhannaður eða breyttur til að unnt sé að nota búnað, sem ekki er tilgreindur í sameiginlegum hergagnalista ESB, til að gegna hernaðarlegu hlutverki tækjabúnaðar sem er tilgreindur í sameiginlegum hergagnalista ESB.

ML22 **„Tækni“, sem hér segir:**

a. „Tækni“, önnur en sú sem er tilgreind í ML22.b., sem er „nauðsynleg“ vegna „þróunar“, „framleiðslu“, reksturs, uppsetningar, viðhalds (athugana), viðgerðar, allsherjarviðgerðar eða endurnýjunar hluta sem tilgreindir eru í sameiginlegum hergagnalista ESB.

b. „Tækni“, sem hér segir:

1. „tækni“ sem er „nauðsynleg“ fyrir hönnun, öflun íhluta í og rekstur, viðhald og viðgerðir heilla framleiðslukerfa til að framleiða hluti, sem eru tilgreindir í sameiginlegum hergagnalista ESB, jafnvel þótt íhlutir í þess háttar framleiðslukerfi séu ekki tilgreindir,

2. „tækni“ sem er „nauðsynleg“ til „þróunar“ og „framleiðslu“ handvopna, jafnvel þótt hún sé notuð til að framleiða eftirlíkingar af fornum handvopnum,

3. ekki notað eftir 2013.

Aths. *Sjá ML22.a. um “tækni” sem áður var tilgreind í ML22.b.3.*

4. Ekki notað eftir 2013.

Aths. *Sjá ML22.a. um “tækni” sem áður var tilgreind í ML22.b.4.*

5. „tækni“ sem einungis er „nauðsynleg“ til ísetningar „lífefnahvata“, sem tilgreindir eru í ML7.i.1., í burðarefni eða efni til hernaðar.

Athugasemd 1 *„Tækni“, sem er „nauðsynleg“ til „þróunar“, „framleiðslu“, reksturs, uppsetningar, viðhalds (athugana), viðgerðar, allsherjarviðgerðar eða endurnýjunar hluta, sem tilgreindir eru í sameiginlegum hergagnalista ESB, er áfram undir eftirliti, jafnvel þegar hún á við um hvers kyns hluti sem ekki eru tilgreindir í sameiginlegum hergagnalista ESB.*

Athugasemd 2 *ML22 gildir ekki um:*

a. *„tækni“, sem er hvað síst nauðsynleg vegna uppsetningar, reksturs, viðhalds (athugana) eða viðgerðar þeirra hluta sem eru ekki undir eftirliti eða hefur verið heimilað að flytja út,*

b. *„tækni“ sem er „almenningseign“, notuð í þágu „vísindalegra grunnrannsókna“ eða er hvað síst nauðsynleg sem upplýsingar vegna einkaleyfisumsókna,*

c. *„tækni“ til að nýta segulspan fyrir samfelldan knúning almenningsfarartækja.*

SKILGREININGAR HUGTAKA SEM NOTUÐ ERU Í ÞESSARI SKRÁ

Eftirfarandi eru skilgreiningar hugtaka sem notuð eru í þessari skrá í stafrófsröð.

Athugasemd 1 *Skilgreiningarnar gilda í allri skránni. Tilvísanirnar eru aðeins til leiðbeiningar og hafa engin áhrif á almenna notkun skilgreindra hugtaka í allri skránni.*

Athugasemd 2 *Orð og hugtök í þessari skilgreiningaskrá hafa aðeins skilgreinda merkingu þegar þau eru tilgreind innan „tvöfaldra gæsalappa“. Skilgreiningar hugtaka, sem eru innan ‚einfaldra gæsalappa‘ , koma fram í tæknilegri athugasemd um viðkomandi hlut. Að öðru leyti hafa orð og hugtök almennt viðurkennda merkingu (orðabókarmerkingu).*

ML7 „Aðlagað að notkun í stríði“

Allar breytingar eða val (s.s. breyting á hreinleika, geymsluþoli, meinvirkni, dreifingareinkennum eða viðnámsþoli gegn útfjólublá ljósi) sem er ætlað að auka afköst með tilliti til þess að fella og særa menn eða dýr, skemma búnað eða valda tjóni á uppskeru eða umhverfinu.

ML8 „Aukefni“

Efni sem notuð eru í sprengiefnaformúlur til að bæta eiginleika þeirra.

ML8, 10, 14 „Loftfar“

Loftfarartæki með föstum vængjum, snúanlegum vængjum, þyrilvængjum (þyrla), hallanlegum þyrli eða hallanlegum vængjum.

ML11 „Sjálfvirk skipana- og stjórnkerfi“

Rafræn kerfi sem eru notuð til að færa inn, vinna úr og senda upplýsingar sem eru nauðsynlegar fyrir virkar aðgerðir viðkomandi hóps, stórrar fylkingar, fylkingar á vettvangi átaka, einingar, skips, undireiningar eða vopna sem stjórnað er. Þetta er gert með notkun tölva og annars sérhæfðs vélbúnaðar sem hannaður er til að styðja við starfsemi skipana- og stjórnkerfis herja. Meginhlutverk sjálfvirks skipana- og stjórnkerfis eru: skilvirk, sjálfvirk öflun, uppsöfnun, geymsla og úrvinnsla upplýsinga; að sýna þá stöðu og þær aðstæður sem hafa áhrif á og stýra undirbúningi og stjórnun aðgerða í bardaga; útreikningar vegna aðgerða og úrræða í tengslum við úthlutun tilfanga meðal hersveita eða grunnþátta aðgerðaáætlunar orrustu eða útfærslu orrustunnar samkvæmt viðkomandi verkefni eða stöðu aðgerða; gerð gagna svo að unnt sé að meta stöðuna og taka ákvörðun hvenær sem er meðan aðgerð eða orrusta stendur yfir; tölvuhermun aðgerða.

ML22 „Vísindalegar grunnrannsóknir“

Tilraunastarfsemi eða fræðileg vinna sem aðallega er unnin til að afla nýrrar þekkingar á grundvallarlögmálum fyrirbæra eða kannanlegra staðreynda og beinist ekki fyrst og fremst að sérstökum, hagnýtum tilgangi eða markmiði.

ML7, 22 „Lífefnahvatar“

Efnahvatar fyrir sérstök efnafræðileg eða lífefnafræðileg efnahvörf eða önnur lífefnafræðileg efnasambönd sem bindast og hraða niðurbroti efna í efnahernaði.

Tæknileg athugasemd

„Ensím“ merkir „líhvata“ fyrir sérstök efnafræðileg eða lífefnafræðileg efnahvörf.

ML7, 22 „Líffjölliður“

Lífrænar stórsameindir, sem hér segir:

a. ensím fyrir sérstök efnafræðileg eða lífefnafræðileg efnahvörf,

b. mótefni, einklóna eða fjölklóna, eða and-kjarngerðarmótefni (e. *anti-idiotypic*),

c. sérhannaðir eða sérunnir viðtakar.

Tæknilegar athugasemdir

1. *„And-kjarngerðarmótefni“: mótefni sem bindast sérstökum bindisætum ónæmisvaka annarra mótefna.*

2. *„Einklónamótefni“: prótín sem bindast einu sæti ónæmisvaka og eru framleidd af einu frumuklóni.*

3. *„Fjölklónamótefni“: blanda prótína sem bindast sérstökum ónæmisvaka og eru framleidd af fleiri en einu frumuklóni.*

4. *„Viðtakar“: lífrænar stórsameindabyggingar sem geta bundið bindla sem hefur áhrif á lífeðlisfræðilega starfsemi.*

ML4, 10 „Almenningsloftför“

Þau „loftför“ sem skráð eru eftir gerð í lofthæfivottunarskrám, sem flugmálayfirvöld á sviði almenningsflugs gefa út, til almenningsflugs á flugleiðum innan lands og utan eða til lögmæts, almenns flugs, einkaflugs eða flugs í viðskiptaskyni.

ML21, 22 „Þróun“

Tengist öllum stigum fjöldaframleiðslu, s.s.: hönnun, hönnunarrannsóknum, hönnunargreiningu, hönnunarhugtökum, samsetningu og prófun frumgerða, reynsluframleiðsluáætlunum, hönnunargögnum, umbreytingarferlinu frá hönnunargögnum til framleiðsluvöru, formhönnun, samþættingarhönnun, uppdráttum.

ML17 „Snertlar“

Griplur, virkar verkfæraeiningar og hvers kyns önnur verkfæri sem fest eru á grunnplötuna á enda hreyfiarms „þjarka“.

Tæknileg athugasemd

‚Virkar verkfæraeiningar‘ eru tæki til að beita hreyfiafli, virkja orku eða beita skynjara á hlut í vinnslu.

ML 8 „Orkuefni“

Efni eða blöndur sem við efnahvörf losa þá orku sem er nauðsynleg til þess að þau eða þær geti gegnt því hlutverki sem þeim er ætlað. „Sprengiefni“, „skoteldaefni“ og „drifefni“ eru undirflokkar orkuefna.

ML8, 18 „Sprengiefni“

Föst, fljótandi eða loftkennd efni eða efnablöndur sem þurfa að springa til þess að þau eða þær komi að notum sem forhleðslur, forsprengjur eða aðalhleðslur í sprengjuoddum, til niðurrifs og annarra nota.

ML7 „Tjáningarferjur“

Burðarefni (t.d. plasmíð eða veira), notuð til að koma erfðaefni inn í hýsilfrumur.

ML13 „Trefja- eða þráðefni“

M.a.:

a.óslitnir einþáttungar,

b.óslitið garn og óslitnir vafningar,

c.borðar, vefnaður, mottur með ýmsum vefnaði og fléttuð bönd,

d.klipptir þræðir og skornir og samhangandi þráðateppi,

e.steinefnaþræðir (e. *whiskers*), annaðhvort einkristalla eða fjölkristalla, í hvaða lengd sem er,

f.arómatískt pólýamíðmauk.

ML15 „Myndskerpingarlampar af fyrstu kynslóð“

Myndlampar með elektróstatískri skerpustillingu sem nýta ljósleiðara í inntaki og úttaki eða glerskjá, fjölbasa ljósbakskaut (S-20 eða S-25) en ekki örrásamagnara.

ML 17 „Efnarafall“

Rafefnafræðilegt tæki sem breytir efnaorku beint í jafnstraumsrafmagn (DC) með því að eyða utanaðkomandi eldsneyti.

ML22 „Almenningseign“

Það merkir að „tækni“ eða „hugbúnaður“ hafi verið gerður aðgengilegur án takmarkana á frekari dreifingu.

Athugasemd *Takmarkanir vegna höfundaréttar geta ekki breytt því að „tækni“ eða „hugbúnaður“ sé „almenningseign“.*

ML9, 19 „Leysir“

Samstæða íhluta sem gefa frá sér, bæði í rúmi og tíma, samfellt ljós sem magnað er upp með örvaðri geislun.

ML10 „Farartæki léttari en andrúmsloftið“

Loftbelgir og loftskip sem nýta heitt loft eða lofttegundir, sem eru léttari en andrúmsloftið, s.s. helíum eða vetni, sem lyftikraft.

ML17 „Kjarnakljúfur“

Tekur til þeirra hluta sem eru í kjarnakljúfstanki eða festir á hann, þess búnaðar sem stýrir orkustigi í kjarnanum og þeirra íhluta sem venjulega innihalda eða komast í beina snertingu við eða stjórna aðalkælimiðli ofnkjarnans.

ML8 „Forefni“

Sérstök íðefni sem notuð eru í framleiðslu sprengiefna.

ML18, 21, 22 „Framleiðsla“

Merkir öll framleiðslustig, s.s.: framleiðsluundirbúning, framleiðslu, samþættingu, samsetningu (uppsetningu), eftirlit, prófun, gæðavottun.

ML8 „Drifefni“

Efni eða blöndur sem hvarfast efnafræðilega og mynda mikið magn heitra gastegunda með stýrðum hraða til þess að þau eða þær geti unnið vélrænt starf.

ML4, 8 „Skoteldaefni“

Blöndur fasts eða fljótandi eldsneytis og oxara, sem verða fyrir kröftugum, stýrðum efnahvörfum, þegar þær eru glæddar, í þeim tilgangi að mynda í tilteknum mæli seinkun, hita, hávaða, reyk, sýnilegt ljós eða innrauða geislun. Loftkveikjandi vörur eru undirflokkur skoteldaefna, án oxara en glæðast sjálfkrafa við snertingu við loft.

ML22 „Nauðsynleg“

Í tengslum við „tækni“ er orðið aðeins notað um þann hluta „tækninnar“ sem tryggir sérstaklega að ná eða fara fram úr afkastastigi, eiginleikum eða virkni sem stýrt er. Þess háttar „nauðsynleg“ „tækni“ getur átt við um mismunandi vörur.

ML7 „Óeirðalöggæsluefni“

Efni, sem við ætluð notkunarskilyrði til óeirðalöggæslu, hafa fljótt ertandi áhrif á skynfæri manna eða valda líkamlegri vanhæfni sem hverfur á skömmum tíma eftir að hætt hefur verið að beita efnunum. (Táragastegundir teljast til „óeirðastjórnunarefna“.)

ML17 „Þjarki“

Hreyfitæknilegur vélbúnaður, sem getur ýmist ferðast eftir samfelldri braut (e. *continuous path*) eða skotist frá einum stað til annars (e. *point-to-point*), getur notað skynjara og hefur alla eftirfarandi eiginleika:

a. er fjölnota,

b. getur staðsett eða stillt af efni, hluta, verkfæri eða sérstök tæki með breytilegum hreyfingum í þrívídd,

c. felur í sér þrjú eða fleiri sjálfstýritæki (e. *servo-device)*, í opnu eða lokuðu ferli (e. *loop*), sem geta verið með stigdrifnar vélar (e. *stepping motor*) og

d. er „forritanlegur fyrir notanda“ með aðferð til að kenna og endurtaka (e. *teach/playback*) eða með tölvu sem getur verið iðntölva (e. *programmable logic controller*), þ.e. án vélræns millilíðar.

Athugasemd *Framangreind skilgreining tekur ekki til eftirfarandi búnaðar:*

1. *hreyfitæknilegs vélbúnaðar sem aðeins er unnt að stjórna handvirkt eða með fjarstýribúnaði,*

2. *hreyfitæknilegs vélbúnaðar í fastri runuvinnslu með sjálfvirkum, hreyfanlegum tækjum og vinnur í vélrænt fastákveðnum, forrituðum hreyfingum. Forritið er takmarkað vélrænt með föstum stoppurum, s.s. stiftum eða knastásum; röð hreyfinga og val vinnsluleiða eða -afstöðu eru ekki breytileg eða breytanleg á vél-, rafeinda- eða rafmagnstæknilegan máta,*

3. *vélstýrðs, hreyfitæknilegs vélbúnaðar í breytilegri runuvinnslu með sjálfvirkum, hreyfanlegum tækjum sem vinna með vélrænt fastákveðnum, forrituðum hreyfingum. Forritið er takmarkað vélrænt með föstum en stillanlegum stoppurum, s.s. stiftum eða knastásum. Röð hreyfinga og val vinnsluleiða eða -afstöðu eru breytileg innan fasts forritsmynsturs; frávik frá eða breytingar á forritunarmynstri (t.d. breytingar á stiftum eða skipti á knastásum) eins eða fleiri hreyfiása er aðeins unnt að fá fram með vélrænum aðgerðum,*

4. *hreyfitæknilegs vélbúnaðar, án sjálfstýringar, í breytilegri runuvinnslu með sjálfvirkum, hreyfanlegum tækjum sem vinna með vélrænt fastákveðnum, forrituðum hreyfingum; forritið er breytilegt en runan heldur því aðeins áfram að tvíundamerki komi frá vélrænt föstum, rafrænum tvíundatækjum eða stillanlegum stoppurum,*

5. *stöflunarkrana, sem skilgreindir eru sem hreyfikerfi sem byggjast á kartesíusarhnitum, framleiddir sem óaðskiljanlegur hluti lóðréttra geymsluhólfastæða og hannaðir fyrir aðgang að innihaldi hólfanna til að setja hluti í eða taka úr geymslu.*

ML21 „Hugbúnaður“

Safn með einu eða fleiri „forritum“ eða „örforritum“ sem eru vistuð í hvers kyns áþreifanlegum tjáningarmiðlum.

ML 11 „Geimför“

Virkir og óvirkir gervihnettir og geimkannar

ML19 „Geimhæfur“

Hannaður, framleiddur eða fullgiltur með árangursríkum prófunum fyrir starfrækslu í meira en 100 km hæð yfir yfirborði jarðar.

Athugasemd Ákvörðun þess efnis að tiltekinn hlutur sé „geimhæfur“ að afloknum prófunum þýðir ekki að aðrir hlutir í sömu framleiðslulotu eða tegundaröð séu „geimhæfir“ séu þeir ekki prófaðir hver og einn.

ML20 „Ofurleiðandi“

Vísar til efna (þ.e. málma, málmblandna eða efnasambanda) sem geta misst alla rafmótstöðu (þ.e. sem geta náð óendanlegri rafleiðni og leitt afar sterkan rafstraum án Joul-hitunar).

„Markhiti“ (stundum vísað til sem hitastigs við fasahvarf (e. *transition temperature*)) tiltekins „ofurleiðni“-efnis er það hitastig þegar efnið missir allt viðnám gegn streymi jafnstraums.

Tæknileg athugasemd

„Ofurleiðandi“-ástand efnis einkennist í hverju tilviki af „markhita“, „marksegulsviði“, sem er fall af hita og markstraumi sem er þó fall af hvoru tveggja, segulsviði og hita.

ML22 „Tækni“

Sérstakar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna „þróunar“, „framleiðslu“ eða „notkunar“ vöru. Þessar upplýsingar eru á formi „tæknigagna“ eða „tækniaðstoðar“.

Tæknilegar athugasemdir

1. *‚Tæknigögn‘ geta verið í ýmsum myndum, s.s. verkteikningar, áætlanir, skýringarmyndir, líkön, formúlur, töflur, verkfræðihönnun og -forskriftir, handbækur og leiðbeiningar, skrifaðar eða skráðar í aðra miðla eða tæki, s.s. diska, segulband eða lesminni.*

2. *‚Tækniaðstoð‘ getur verið fyrirmæli, fagkunnátta, þjálfun, verkkunnátta, ráðgjafarþjónusta. ‚Tækniþjónusta‘ getur falið í sér yfirfærslu ‚tæknigagna‘ .*

ML10 „Ómannað loftfarartæki“ („UAV“)

Hvers kyns „loftfar“ sem getur hafið flug og stýrt flugi og notað flugleiðsögu án þess að maður sé um borð.

ML21, 22 „Notkun“

Rekstur, uppsetning (þ.m.t. uppsetning á staðnum), viðhald (athuganir), viðgerð, allsherjarviðgerð og endurnýjun.